Hæstaréttardómar 1952

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 37, 134, og 292-294 á prenteintaki.
Minniháttar galli á bls. 301, og 462-463 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Efnisskrá til bráðabirgða um Hæstaréttardóma 1952.

Bls.

Ábúð 322, 378
Ábyrgð 25, 276, 577
Aðgerðarleysisverkanir 114, 185
Áfengislagabrot 171, 283, 348, 423, 498, 532, 625
Áfrýjun 25, 132, 162, 479, 518
Ákæra 132, 190, 311, 348, 498, 604
Almannahætta 311
Alþingi 190
Atvinnuréttindi 32, 128, 283, 348, 427, 462, 532, 559, 625, 652
Bifreiðamál:
1) Opinber mál 29,
32, 37, 99, 128, 279, 306, 348, 361, 425, 427, 462, 532, 559, 625, 648, 652
2) Einkamál 11, 276, 339
Björgun 370
Botnvörpuveiðabrot. Sjá fiskveiðabrot.
Embættisbrot 132
Eignaupptaka 303, 388
Endurupptaka máls 1, 486
Farmsamningar. Sjá samningar.
Félög. Sjá enn fremur hlutafélög 564
Fiskveiðabrot 303, 317, 490, 537, 586, 590
Fjárfesting 8
Fjárnám 16, 357
Flug 604
Forkaupsréttur 114
Frávísun:
1) Frá Hæstarétti 162, 398, 411, 518, 628
2) Frá héraðsdómi 21,
71, 122, 175, 177, 301, 359, 385, 399, 405, 553, 555, 557, 639, 664
Fundið fé 348
Gjafsókn. Gjafvörn 103, 577
Greiðsla 80
Gæzluvarðhald 103
Heilbrigðismál 52
Hjón 41, 629
Hlutafélög 416, 434

Bls.
Höfundarlaun 457, 683
Húsaleiga 95
Innsetning 95
Kaup og sala 80, 114, 185, 328, 503, 527, 629 664
Kaupmáli hjóna 41
Kærumál:
Dómarar 408, 520
Endurupptaka máls 1, 486
Framlagning skjals 61
Frávísun .. 21, 122, 156, 175, 301, 385, 388, 398, 399, 405, 411, 479, 518, 639
Frestir 120, 299, 394, 477, 584, 595, 641
Málflutningur 122, 399, 405
Málskostnaður 166, 479
Ómerking 122, 399
Uppboð 394
Vitni 77, 510, 518, 643, 645
Landamerkjadómur 156
Líkamsáverkar 190, 425, 427, 462, 559, 604, 648
Lögbann 167, 185, 375
Lögræði 64
Lögtak 391, 508, 634, 679
Manndráp 32, 99, 128, 279, 306, 361, 462, 652
Meinyrði 270, 512
Mjólkurlöggjöf 52
Námssamningar. Sjá vinnusamningar.
Ómerking:
1) Opinber mál 523
2) Einkamál 45, 64, 122, 177, 181, 359, 399, 493, 508, 553, 555, 557, 664
Orlof 71
Rangar skýrslur 498
Rán 348
Reki 87
Réttarfarssektir og vítur 16, 128, 156, 488, 518, 520, 584, 639, 641, 643
Sameign 162
Samningar 1, 25, 80, 87, 167, 185, 368, 527, 664, 683, 686
Sáttir 181
Sératkvæði 11, 103, 128, 132, 162, 344, 412, 434, 648
Séreign 41
Siglingadómur 311
Sjó -og verzlunardómur 25, 181, 359, 370, 412, 467, 470, 553, 555, 557, 686
Sjóveð 16, 370, 467, 470
Skaðabætur 11, 87, 103, 276, 339, 348, 412, 452, 467, 470, 503, 545, 577, 596, 686
Skattar og gjöld 416, 434, 572, 634
Skilorðsbundnir dómar 190
Skip 16, 311, 412, 467

Bls.
Skipti 41, 394, 661
Skírlífisbrot 344
Skuldamál 5, 71, 158, 357, 368, 683, 686
Stefna 25, 359, 553, 555, 557
Stóreignaskattur 434
Söluskattur 572, 634
Umboð 301
Umferðarréttur 375
Uppboð 162, 394
Upphlaup 190
Upptaka eigna. Sjá eignaupptaka.
Útburðargerðir 322
Útsvör 391, 508
Valdstjórn 190
Vegir 375
Veitingahús 283, 328, 348, 527
Verðlagsbrot 545
Vinnusamningar 71, 368, 470, 596, 622
Vitni 77, 510, 518, 645
Víxlar. Víxilmál 158, 357, 488
Þjófnaður 171, 273, 348, 420, 452
Ærumeiðingar. Sjá meinyrði
Ökuleyfi. Sjá atvinnuréttindi.
Ölvun. Sjá áfengislagabrot.
Örorka 339
Öryggisráðstafanir 171

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI

HÆSTIRÉTTUR

XXIII. BINDI

1952

REYKJAVÍK

PRENTSMIÐJA AUSTURLANDS H/F

MCMLII

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1952.

Jón Ásbjörnsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Jónatan Hallvarðsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Árni Tryggvason.
Gizur Bergsteinsson.
Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur.	Bls.
1.	Aðalbjörg, Herdís og Jakobína Jakobsdætur gegn Hreini Sigtryggssyni. Kærumál. Hrundið kröfu um endurupptöku máls.	15/1	1
2.	Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gegn Fiskimálasjóði. Skuldamál.	18/1	5
3.	Ákæruvaldið gegn Þórði Finnbogasyni. Brot gegn réttarreglum um fjárfestingu.	21/1	8
4.	Guðmundur R. Oddsson gegn Jóhannesi Guðmundssyni. Skaðabótamál. Sératkvæði.	23/1	11
5.	H/f Njáll, h/f Hængur og Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga gegn Guðjóni Sigurðssyni. Sjóveðréttur. Fjárnám.	28/1	16
6.	Hans A. H. Jónsson og Hermann Kjartansson gegn Braga Dýrfjörð. Kærumál. Kröfu um frávísun hrundið.	28/1	21
7.	Kristján Kristmundsson og Bóas Hannibalsson gegn Aðalsteini Richter. Útivistardómur.	30/1	24
8.	Kristján Andrésson og Kristján Símonarson gegn Þorleifi Guðmundssyni og Sigurlínu Jóhannesdóttur. Útivistardómur.	30/1	24
9.	Fiskiðjuver ríkisins gegn Eimskipafélagi Íslands h/f. Ágreiningur um greiðslu farmgjalds.	6/2	25
10.	Ákæruvaldið gegn Eggert Kristjáni Lúðvík Eggertssyni Fjeldsted. Brot á umferðarreglum.	7/2	29
11.	Ákæruvaldið gegn Jakobi Sigurði Sigurjónssyni. Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.	7/2	32
12.	Ákæruvaldið gegn Jakobi Sigurði Sigurjónssyni. Árekstur bifreiða.	7/2	37
13.	Gísli Halldórsson gegn Sigríði Einarsdóttur. Búskipti hjóna. Ágreiningur um séreign.	11/2	41
14.	Filadelfíusöfnuðurinn á Sauðárkróki gegn Árna Danielssyni. Ómerking vettvangsdóms. Heimvísun.	14/2	45
15.	Ákæruvaldið gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni. Ákæra um brot gegn lögum um eftirlit með matvælum o. fl.	15/2	52

		Dómur.	Bls.
16.	Ögn Guðmundsdóttir Randrup gegn Magnúsi Randrup. Kærumál. Framlagning skjals.	18½	61
17.	Guðmundur Benjamínsson f. h. Guðmundar Bærings Guðmundssonar gegn Guðbrandi Magnússyni. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Frávísun.	18½	64
18.	Vélsmiðjan Þór h/f gegn Ólafi Ásgeirssyni. Námssamningur. Kaup og orlof iðnnema.	20½	71
19.	Rafmagnseftirlit ríkisins gegn Kirkjusandi h/f. Kærumál. Synjun vitnaleiðslu.	20½	77
20.	Oddur Kristjánsson gegn Þorkeli Sigurðssyni og gagnsök. Forsamningur um kaup á fasteign.	22½	80
21.	Oddur Jónsson gegn Kristni Indriðasyni og gagnsök. Rekaítak. Skaðabætur.	25½	87
22.	Gunnar Thorarensen gegn Marinó Ólafssyni. Húsnæðismál.	29½	95
23.	Júlíus Björnsson gegn Skipanaust h/f. Útivistardómur. Ómaksbætur.	29½	98
24.	Ákæruvaldið gegn Jörgen Óskari Jörgenssyni. Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.	⅔	99
25.	Jón Magnússon gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Valdimar Stefánssyni sakadómara og Þórði Björnssyni fulltrúa. Sýknað af kröfu um bætur fyrir gæzluvarðhald. Sératkvæði um málskostnað.	⅓	103
26.	Kaupfélag Ísfirðinga gegn Sigrúnu Edwald og Rögnvaldi Jónssyni. Deilt um forkaupsrétt að fasteign.	⅔	114
27.	Kópavogshreppur gegn Orku h/f. Kærumál. Synjað um frest.	10⅔	120
28.	Guðlaugur Ásgeirsson gegn Gústaf Ólafssyni, Hannesi Ágústssyni og Sigurði Berndsen. Kærumál. Ómerking og vísun máls frá héraðsdómi.	13⅔	122
29.	Ákæruvaldið gegn Þórnýju Þuríði Tómasdóttur og Jóni Kjartanssyni. Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi. Sératkvæði	17⅓	128
30.	Ákæruvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni. Brot í opinberu starfi. Sératkvæði.	24⅓	132
31.	Magnús Jósefsson gegn Finni Þorsteinssyni. Kærumál. Hrundið kröfu um vísun máls frá landamerkjadómi.	26⅔	156
32.	Helgi Guðmundsson gegn Ragnari Jakobssyni og gagnsök. Víxilmál	26⅔	158
33.	Ingólfur Ketilsson gegn Guðfinnu Pétursdóttur. Mál til slita á sameign. Frávísun. Skýring á 2. mgr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Sératkvæði.	28⅔	162
34.	Helgi Ásgeirsson gegn Gunnari A. Pálssyni. Kærumál. Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.	31⅓	166

		Dómur.	Bls.
35.	Björn R. Einarsson gegn verzluninni Drangey. Mál til staðfestingar lögbanni.	31/3	167
36.	Steindór Jónsson gegn Lúðvík Eggertssyni. Útivistardómur.	31/3	171
37.	Ákæruvaldið gegn Magnúsi Steinari Gíslasyni. Þjófnaður og áfengislagabrot.	2/4	171
38.	X gegn Y og Z. Mál til vefengingar faðerni. Frávísunardómur kærður.	2/4	175
39.	X gegn Y. Faðernismál. Héraðsdómur ómerktur og kröfum vísað frá héraðsdómi.	4/4	177
40.	Tryggvi Jónsson gegn Laxnesbúinu h/f. Héraðsdómur og málsmeðferð í héraði ómerkt. Heimvísun.	4/4	181
41.	Ísafoldarprentsmiðja h/f gegn Sjálfstæðisflokknum. Mál til staðfestingar lögbanni. Krafa um bann gegn byggingu og um brottnám byggingar.	4/4	185
42.	Ákæruvaldið gegn Alfons Guðmundssyni, Árna Pálssyni, Friðrik Anton Högnasyni, Garðari Óla Halldórssyni, Gísla Rafni Ísleifssyni, Guðmundi Helgasyni, Guðmundi Jónssyni, Guðmundi Björgvini Vigfússyni, Hálfdáni Bjarnasyni, Hreggviði Stefánssyni, Jóhanni Péturssyni, Jóni Múla Árnasyni, Jóni Kristni Steinssyni, Kristjáni Guðmundssyni, Kristófer Sturlusyni, Magnúsi Hákonarsyni, Magnúsi Jóel Jóhannssyni, Ólafi Jenssyni, Páli Theódórssyni, Sigurði Jónssyni, Stefáni Oddi Magnússyni, Stefáni Sigurgeirssyni, Stefáni Ögmundssyni og Stefni Ólafssyni. Upphlaup. Brot gegn 100. og 107. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 106. gr. sömu laga og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.	1⅖	190
43.	Ákæruvaldið gegn Einari Baldvin Olgeirssyni. Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.	1⅖	270
44.	Ákæruvaldið gegn Ólafi Byron Guðmundssyni. Þjófnaður.	1⅘	273
45.	Sigurður Marinósson gegn Ársæli Sveinssyni. Skaðabótamál.	1⅘	276
46.	Ákæruvaldið gegn Einari Einarssyni. Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.	1⅘	279
47.	Ákæruvaldið gegn Francis Pichering Daugaard. Lögbrot í rekstri veitingahúss.	2⅗	283
48.	Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar gegn Vagni Jónssyni. Kærumál. Synjun frests.	2⅘	299
49.	Gestur Fanndal gegn Jóhannesi Magnússyni. Kærumál. Málflutningsumboð. Kröfu um frávísun hrundið.	2⅘	301
50.	Ákæruvaldið gegn Osmond Johanson. Botnvörpuveiðabrot.	2⅘	303
51.	Ákæruvaldið gegn Þorfinni Jóhannssyni. Sýknað af		

		Dómur.	Bls.
	ákæru um manndráp af gáleysi.	26/5	306
52.	Ákæruvaldið gegn Halldóri Ágústi Þorlákssyni. Sýknað af ákæru um brot gegn XVIII. kafla laga nr. 19/1940 og lögum nr. 41/1930.	26/5	311
53.	Ákæruvaldið gegn Hans Broders. Sýknað af ákæru um botnvörpuveiðabrot.	28/5	317
54.	Sveinn Sveinsson gegn Sigurði Sigurðssyni sýslumanni, umboðsmanni þjóðjarða í Skagafjarðarsýslu, og gagnsök. Útburður af jörð.	30/5	322
55.	Sigurður Gíslason gegn Guðmundi Kr. Guðmundssyni. Skaðabótamál.	30/5	328
56.	Gunnlaugur B. Melsted gegn Kjartani Jóhannssyni. Útivistardómur.	30/5	337
57.	Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson vegna útgerðar m/b Guðrúnar V.E. 163 gegn bæjarsjóði Vestmannaeyja. Útivistardómur.	30/5	337
58.	Óskar Magnússon f. h. Árnasonar, Pálssonar & Co. gegn Matthilde Kristjánsson. Útivistardómur.	30/5	338
59.	Sigurður Berndsen gegn Herði Ólafssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	30/5	338
60.	Olíufélagið h/f gegn Gustav Haakonsen f. h. Håkons Håkonsens og gagnsök. Bifreiðarslys. Skaðabætur.	6/6	339
61.	Ákæruvaldið gegn Ólafi Magnússyni Waage. Brot gegn 200. gr. laga nr. 19/1940. Sératkvæði.	6/6	344
62.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Fífil Þórðarsyni og Þórði Guðjóni Þórarinssyni. Brot gegn 244., 246. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.	6/6	348
63.	Anna Friðriksson gegn Halldóri Björnssyni. Áfrýjanda veittur frestur gegn andmælum stefnda.	6/6	356
64.	Hörður Ólafsson gegn Málmiðjunni h/f, Magnúsi Helgasyni og Sigurði Berndsen. Víxilmál.	11/6	357
65.	Helgi Benediktsson gegn Magnúsi Þórðarsyni f. h. dánarbús Óskars Magnússonar. Héraðsdómur og meðferð máls í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi vegna annmarka á stefnubirtingu.	13/6	359
66.	Ákæruvaldið gegn Ármanni Óskari Guðmundssyni. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi, en dæmt brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.	16/6	361
67.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg gegn Pálma Arasyni. Námssamningur. Starfskjör iðnnema.	18/6	368
68.	Skipaútgerð ríkisins gegn eigendum b/v Goðaness N.K. 105 og gagnsök. Bjarglaun.	18/6	370
69.	Páll Vídalín Jónsson gegn Gunnari Sveinbjörnssyni.		

		Dómur.	Bls.
	Ágreiningur um umráð og notkun vegar. Lögbann.	2⅝	375
70.	Guðmundur Þ. Magnússon, Kristján Steingrímsson og Helgi Þórðarson gegn Legatssjóði Flensborgarskólans. Riftað leigumála um jörð.	2⅜	378
71.	Árnason, Pálsson & Co h/f gegn h/f Rafmagni. Útivistardómur.	2⅜	385
72.	Þorkell Björnsson gegn bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs. Kærumál. Frávísun.	2⅜	385
73.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Jóni Dúasyni. Kærumál. Frávísun.	2⅜	388
74.	Tivoli h/f gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál.	2⅜	391
75.	Þórdís Davíðsdóttir gegn Skapta Davíðssyni. Kærumál. Búskipti. Sala fasteignar.	2⅓	394
76.	Guðmundur H. Þórðarson f. h. Sælgætisgerðarinnar Caro gegn Guðlaugi Einarssyni. Kærumál. Frávísun. ..	2⅓	398
77.	Kristinn P. Friðriksson gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Óla M. Ísakssyni f. h. Stefnis h/f. Kærumál. Ómerking málsmeðferðar í héraði og frávísun frá héraðsdómi vegna galla á málatilbúnaði og málflutningi. ..	2⅓	399
78.	Geir og Hákon Herbertssynir og Gerða og Hrefna Herbertsdætur gegn Ólafíu Árnadóttur og Hauki Herbertssyni f. h. dánarbús Herberts Sigmundssonar og gagnsök. Kærumál. Kröfu vísað frá skiptarétti vegna vanreifunar.	2⅓	405
79.	Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir, Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson gegn Jóni Kjartanssyni sýslumanni, Andrési Á. Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni. Kærumál. Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.	2⅓	408
80.	Jóna Guðmundsdóttir gegn Sveinbirni Enokssyni. Kærumáli vísað frá Hæstarétti, þar sem heimild brast til að kæra úrskurð héraðsdómara um öflun sakargagna.	2⅓	411
81.	Eigendur v/s Svindlands I gegn Skipaútgerð ríkisins. Árekstur skipa. Skaðabótamál. Sératkvæði.	2⅔	412
82.	Djúpavík h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skattamál.	3/10	416
83.	Ákæruvaldið gegn Ólafi Byron Guðmundssyni. Þjófnaður.	6/10	420
84.	Ákæruvaldið gegn Helga Óskari Einarssyni. Ákæra um brot gegn áfengislögum.	6/10	423
85.	Ákæruvaldið gegn Árna Brynjólfssyni. Bifreiðarslys. Líkamsáverkar.	7/10	425
86.	Ákæruvaldið gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer og Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni. Bifreiðarslys. Brot gegn		

		Dómur.	Bls.
	219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og reglugerð um gerð og notkun bifreiða.	8/10	427
87.	Guðmundur Guðmundsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 22/1950. Sératkvæði.	15/10	434
88.	Ákæruvaldið gegn Jónasi Þórði Guðjónssyni. Þjófnaður.	17/10	452
89.	Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) f. h. The Performing Right Society Ltd., London, vegna Cedric Thorpe Davie's gegn Hafliða Halldórssyni, Önnu Pálsdóttur, Hilmari Garðars og Gamla Bíó h/f og gagnsök. Tónskáldi dæmd þóknun vegna flutnings tónverka þess með kvikmynd.	20/10	457
90.	Ákæruvaldið gegn Guðlaugi Bjarna Guðmundssyni. Bifreiðaslys. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar.	20/10	462
91.	Einar Þorgilsson & Co. h/f gegn eigendum v/b Vöggs G.K. 204 og gagnsök. Skaðabótamál.	22/10	467
92.	Jupiter h/f gegn Vigfúsi Þórðarsyni og gagnsök. Skipstjóra dæmdar bætur vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi.	23/10	470
93.	Daníel Sigurðsson gegn Sigurði Jóhannessyni. Kærumál. Frestbeiðni synjað.	23/10	477
94.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Norðmann Júlíussyni og Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur. Kæru ákvæðis héraðsdóms um málsvarnarlaun vísað frá Hæstarétti, sbr. 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951.	23/10	479
95.	Jakob Snorrason & Co. gegn Erni Péturssyni. Kærður úrskurður um endurupptöku máls fyrir héraðsdómi.	23/10	486
96.	Ársæll Jónasson gegn Páli Einarssyni og gagnsök. Víxilmál.	23/10	488
97.	Ákæruvaldið gegn Robertus Verbiest. Botnvörpuveiðabrot.	24/10	490
98.	K gegn M. Barnsfaðernismál. Ómerking héraðsdóms og heimvísun máls.	27/10	493
99.	Ákæruvaldið gegn Kristjáni Guðmundssyni. Brot gegn 142. gr. laga nr. 19/1940 og áfengislögum.	28/10	498
100.	Umboðs- og heildverzlunin Dugandi gegn Ágústi Fjeldsted f. h. firmans Gento. Skaðabótamál og endurgreiðslu.	28/10	503
101.	Jens Kaj Ólafsson gegn Akureyrarkaupstað. Ómerking lögtaksgerðar til heimtu útsvars.	29/10	508
102.	Arngrímur Jónsson sem fyrirsvarsmaður kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla gegn Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Selalækjar, Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni. Kærumál. Staðfestingar vættis synjað, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr.		

		Dómur.	Bls.
	85/1936.	2⁹/₁₀	510
103.	Ákæruvaldið gegn Agnari Bogasyni. Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.	31/10	512
104.	Theódór Nóason og Tage Ammendrup gegn Guðjóni Sigurðssyni. Útivistardómur.	31/10	516
105.	H/f Miðnes gegn Guðlaugi Oddssyni. Útivistardómur.	31/10	517
106.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Magnúsi Kristjánssyni. Útivistardómur.	31/10	517
107.	Sigurjón Sigurðsson gegn Ólafi H. Stefánssyni. Frávísun.	31/10	518
108.	Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins gegn Borgarfelli h/f og Jóni G. Maríassyni. Kærumál. Frávísun.	31/10	518
109.	Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, Vestmannaeyjum, gegn Vestmannaeyjakaupstað og Jóni Hjaltasyni. Kærumál. Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.	31/10	520
110.	Ákæruvaldið gegn Björgvini Árnasyni og Þorgrími Starra Björgvinssyni. Ómerking og heimvísun.	3/11	523
111.	Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason gegn Kristjáni Gíslasyni og Elíasi Steinssyni. Kaup og sala.	4/11	527
112.	Ákæruvaldið gegn Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi Blomsterberg. Ölvun við akstur bifreiðar.	5/11	532
113.	Ákæruvaldið gegn Victor Allen Buschini. Ákæra um botnvörpuveiðabrot.	5/11	537
114.	Ákæruvaldið gegn Ingjaldi Kjartanssyni og Guðmundi Jónssyni. Verðlagsmál.	7/11	545
115.	Helgi Benediktsson gegn Önnu Jónsdóttur f. h. dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar. Gallar á birtingu héraðsstefnu. Meðferð máls og dómur í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.	7/11	553
116.	Helgi Benediktsson gegn Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h. dánarbús Hálfdánar B. Brynjólfssonar. Gallar á birtingu héraðsstefnu. Meðferð máls og dómur í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.	7/11	555
117.	Helgi Benediktsson gegn Huldu Hallgrímsdóttur f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar. Gallar á birtingu héraðsstefnu. Meðferð máls og dómur í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi.	7/11	557
118.	Ákæruvaldið gegn Guðna Ragnari Þorgrímssyni og Júlíusi Magga Magnús. Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.	10/11	559
119.	Kirkjusandur h/f gegn Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Miðlun vaxta- og geymslukostnaðar hraðfrysts fisks í		

		Dómur.	Bls.
	frystihúsum innan félagssamtaka Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.	13/11	564
120.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Lárusi Jóhannessyni. Söluskattur samkvæmt lögum nr. 100/1948.	14/11	572
121.	Þrotabú Byggingafélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson gegn Guðrúnu Þorgrímsdóttur og Tómasi Tómassyni og Guðrún Þorgrímsdóttir og Tómas Tómasson gegn þrotabúi Byggingafélagsins Smiðs h/f, Kristjáni Erlendssyni og Kaupvangi h/f. Skaðabótamál.	17/11	577
122.	Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson gegn Byggingasamvinnufélaginu Garði. Kærumál. Synjun frests.	17/11	584
123.	Ákæruvaldið gegn Herbert Spencer. Ákæra um botnvörpuveiðabrot. Ólöglegur umbúnaður veiðarfæra.	19/11	586
124.	Ákæruvaldið gegn Henry Pyson. Ákæra um botnvörpuveiðabrot.	19/11	590
125.	Daníel Þorsteinsson & Co. h/f gegn Slysavarnafélagi Íslands. Kærumáli út af ákvæði héraðsdóms um málskostnað frestað, þar sem aðalmálinu var áfrýjað, eftir að kært hafði verið.	19/11	595
126.	Jón Kristjánsson gegn Helga Benediktssyni og gagnsök. Krafa um skaðabætur vegna vanefnda á námssamningi. Úrskurði gerðardóms hrundið.	21/11	596
127.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Sívertsen, Árna Magnúsi Guðmundssyni og Arnóri Kristjáni Hjálmarssyni. Flugslys. Brot gegn 4. mgr. 42. gr. laga nr. 32/1929 og 219. gr. laga nr. 19/1940.	24/11	604
128.	Ákæruvaldið gegn Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder. Ákæra um brot gegn 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.	26/11	622
129.	Ákæruvaldið gegn Pétri Rúðrik Rósant Valentý Kárasyni. Ölvun við akstur bifreiðar.	26/11	625
130.	Skarphéðinn Kristbergsson gegn Ara Arasyni, Birni Jónssyni og Einari B. Ingvarssyni. Útivistardómur.	28/11	627
131.	Hörður Guðmundsson gegn Sigríði og Gunnari Egilsson. Útivistardómur. Ómaksbætur.	28/11	627
132.	Þorsteinn Löve gegn Einari Bjarnasyni. Frávísun.	28/11	628
133.	Anna Jónsdóttir gegn Sigríði Pétursdóttur. Fjármál hjóna. Konu dæmt heimilt að rifta sölu fasteignar, sem eiginmaður hennar hafði selt án samþykkis hennar, enda þótt þau hjónin byggju á eigninni, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1923.	28/11	629
134.	Forlagið Hlaðbúð gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Söluskattur samkvæmt lögum nr. 100/1948.	2/12	634

		Dómur.	Bls.
135.	Kristinn Gíslason gegn Gústaf A. Ágústssyni. Kærumál. Kröfu um frávísun hrundið.	2/12	639
136.	Borgarfell h/f gegn Sölunefnd innflutningsréttinda báta-útvegsins. Kærumál. Synjun frests.	2/12	641
137.	Tunnuverksmiðjur ríkisins gegn Birni Magnússyni og Ágústi Ásgrímssyni. Kærumál. Staðfestingar vættis synjað.	2/12	643
138.	Ágúst Jónsson gegn Vilhjálmi Pálssyni og Unnsteini Beck. Kærumál. Staðfesting vættis.	3/12	645
139.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Óskari Jónssyni. Sýknað af ákæru um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940 og bifreiðalögum. Sératkvæði.	5/12	648
140.	Ákæruvaldið gegn Þorgrími Viðari Jóhannessyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn 215. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og umferðarlögum.	8/12	652
141.	Rafveita Akureyrar gegn Antoni Ólasyni og þrotabúi Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f. Krafa um endurgjald fyrir rafmagn nýtur ekki forgangs í þrotabúi samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878.	8/12	661
142.	Kjartan Jónsson og þrotabú Magnúsar Thorbergs gegn Guðmundi Þórðarsyni og Sigurjóni Þórðarsyni og gagnsök. Kaup og sala.	12/12	664
143.	Guðmar Ingiber Guðmundsson gegn Annelise Guðmundsson. Lögtaksmál til heimtu meðlags.	12/12	679
144.	Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar gegn Sigurgeiri Einarssyni. Höfundarlaun.	15/12	683
145.	Hrímfaxi h/f og Sviði h/f gegn Síldarverksmiðjum ríkisins. Skuldamál.	19/12	686
146.	Brandur Brynjólfsson gegn Stefáni Valgeirssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur.	19/12	693

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXIII. 1952.

Þriðjudaginn 15. janúar 1952.

Kærumálið nr. 29/1951.

Aðalbjörg, Herdís og Jakobína Jakobsdætur
gegn
Hreini Sigtryggssyni.

Krafa um endurupptöku máls.

Dómur Hæstaréttar.

Ari Kristinsson, settur sýslumaður í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 24. nóvember f. á., sem hingað barst 6. f. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði aukaréttar Þingeyjarsýslu, upp kveðnum 19. nóvember f. á, þar sem sóknaraðiljum var neitað um endurupptöku máls varnaraðilja á hendur þeim ásamt gagnsök þeirra í því máli. Hér fyrir dómi krefjast sóknaraðiljar þess, að gagnasöfnun verði endurupptekin í málinu og varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðiljum kærumálskostnað samkvæmt mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Svo sem segir í úrskurði héraðsdóms, hefur umboðsmaður sóknaraðilja ekki reist kröfu sína um endurupptöku málsins á þeim rökum, að nokkrar þær nauðsynjar, sem taldar eru í 9. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. mgr. 118. gr. sömu laga, hafi hindrað, að hann sækti eða léti sækja dómþing í málinu hinn 26. október f. á. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja kr. 250.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Aðalbjörg, Herdís og Jakobína Jakobsdætur, greiði in solidum varnaraðilja, Hreini Sigtryggssyni, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukaréttar Þingeyjarsýslu 19. nóvember 1951.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Hreinn Sigtryggsson, Brettingsstöðum, Reykdælahreppi, höfðað fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu með stefnu, útgefinni 12. september 1950, gegn eigendum jarðarinnar Brettingsstaða í Reykdælahreppi, þeim Jakobínu Jakobsdóttur, Þórsgötu 17, Reykjavík, og Herdísi og Aðalbjörgu Jakobsdætrum, Skúlagötu 58, Reykjavík. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að eigendur Brettingsstaða verði dæmdir til að vera bundnir við byggingu jarðarinnar Brettingsstaða, eins og Hjálmar Jónsson byggði stefnanda jörðina f. h. þeirra á sínum tíma og sem farið hefur verið eftir þann tíma, sem stefnandi hefur haft ábúð á jörðinni, að eigendur bjóði stefnanda jörðina til kaups í samræmi við 18. gr. ábúðarlaga 19. júní 1933 og stefndu gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar. Stefndu hafa og gagnstefnt Hreini Sigtryggssyni með stefnu, útgefinni 6. september s.l., og krafizt þess, að hann verði með dómi skyldaður til að verða burt af jörðinni Brettingsstöðum nú þegar og honum dæmt að greiða málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu með stefnu, útgefinni 12. september 1950, og þingfest að þingstaðnum að Breiðumýri 3. október 1950. Mættu þá bæði umboðsmaður stefnanda og umboðsmaður stefndu svo og stefnandi sjálfur. Varð það þá að samkomulagi málsaðilja að reka málið fyrir bæjarþingi Akureyrar. Var málið þó aldrei tekið fyrir þar, þar sem aðiljar höfðu gert með sér nýtt samkomulag um, að málið skyldi flutt fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu. Var þá samkvæmt samkomulagi aðilja ákveðið að taka málið fyrir að Breiðumýri 28. júlí s.l., en aðiljar urðu þá forfallaðir. Var málið næst tekið fyrir í Húsavík 6. september s.l., og voru þá mættir bæði umboðsmaður stefnanda og umboðsmaður stefndu svo og stefnandi sjálfur. Lagði umboðsmaður stefndu þá fram greinargerð og tvö réttarskjöl svo og gagnstefnu ásamt greinargerð og útbyggingarbréf. Var þá aðalsækjanda veittur frestur til 5. október s.l. með samþykki umboðsmanns aðalstefndu. Við fyrirtekt málsins 5.

október s.l. lagði umboðsmaður aðalsækjanda fram greinargerð gagnstefnda í gagnsök svo og nokkur réttarskjöl. Fyrir aðalstefndu og sækjanda í gagnsök var og þá mættur umboðsmaður, og fékk hann frest í málinu til 26. október s.l. með samþykki umboðsmanns aðalstefnanda. Við fyrirtekt málsins hinn 26. október s.l. mætti umboðsmaður aðalstefnanda, en enginn af hálfu aðalstefndu. Var málið því þá tekið til dóms samkvæmt kröfu aðalstefnanda.

Með bréfi, dags. 2. nóvember s.l., krafðist umboðsmaður aðalstefndu þess, að mál þetta yrði tekið upp af nýju til gagnaöflunar, og heldur hann því fram, að það hafi verið munnlegt samkomulag milli sín og umboðsmanns stefnanda, síðast er umboðsmaður aðalstefndu mætti í málinu 6. september s.l., að áður en lengra yrði haldið í vitnaleiðslum, yrði gerð alvarleg tilraun til sátta í málinu með aðstoð dómarans, sýslumanns Júlíusar Havsteens, og kveðst þá hafa tekið fram, að hann myndi koma norður ásamt Jakobi Gíslasyni raforkumálastjóra, sem sé fyrirsvarsmaður aðalstefndu í öllu því, er lúti að jörðinni Brettingsstöðum, til þess að freista þess að ná samkomulagi við stefnanda. Kveðst hann þá ekki hafa getað ákveðið, hvenær hægt yrði að stefna til sáttaumleitana vegna anna Jakobs Gíslasonar. Umboðsmaður stefndu segist enn fremur ekki hafa getað ákveðið fyrirtektardag, og hafi hann því beðið dómarann (Júl. Havsteen) að láta mæta fyrir sig til að taka frest, ef málið kæmi fyrir, áður en sáttaumleitanir færu fram. Hafi dómarinn tekið þessu vel, enda hafi ekki verið hægt að greina annað en stefnandi hafi verið fús á að kanna til hlítar samkomulagsmöguleika. Í því þinghaldi (þ. e. 6. september s.l.) hafi verið ákveðinn tiltekinn fyrirtektardagur og bókaður, þótt hitt væri munnlega fram tekið, að alvarleg samkomulagstilraun yrði gerð, áður en stofnað yrði til dýrrar vitnaleiðslu, hvað sem liði bókun um frest. Svo slysalega hafi þó tekizt til, að sýslumaðurinn (Júl. Havsteen) hafi ekki verið staddur á Húsavík 26. október s.l., en fulltrúi hans (Ari Kristinsson) hafi ekki fylgzt það með máli þessu, að hann vissi um sáttaumleitan þá, sem ákveðin hafði verið, og heldur ekki vitað um það, að dómarinn hafi ætlað að láta mæta fyrir sig til að taka frest. Hafi því það, að ákveðinn fyrirtektardagur hafi verið skráður, gefið talsmanni stefnanda ástæðu til að nota sér það, að dómarinn (Júl. Havsteen) hafi ekki sjálfur verið viðstaddur, og beita sig (þ. e. talsmann stefndu) þeim bellibrögðum að láta leggja málið í dóm.

Umboðsmaður aðalstefnanda hefur algerlega mótmælt rökum umboðsmanns aðalstefndu fyrir endurupptökubeiðninni og krafizt þess, að beiðninni verði synjað. Hann hefur og tjáð dómaranum, að þótt mætt hefði verið af hálfu aðalstefndu 26. október s.l., hefði hann neitað aðalstefndu um allan frest.

Dómarinn lætur þess getið, að sýslumaður Júl. Havsteen hafi tjáð sér yfir símann, að í þinghaldinu 6. september s.l. hafi það orðið að samkomulagi aðilja, að reynt yrði að stofna til sáttaumleitana með aðstoð sinni og Jakobs Gíslasonar raforkumálastjóra, og hafi hann (Júl. Havsteen)

lofað umboðsmanni aðalstefndu að láta mæta fyrir hann, ef málið kæmi fyrir, áður en sáttaumleitanir færu fram.

Þetta hefur og sýslumaður Júl. Havsteen gert, því í þinghaldinu 5. október s.l. lætur hann mann mæta fyrir umboðsmann aðalstefndu.

Er málið var tekið fyrir hinn 6. september, var mætt af beggja hálfu. Fékk aðalsækjandi þá frest til andsvara til 5. október s.l. Við fyrirtekt málsins hinn 5. október s.l. hefur dómarinn (Júlíus Havsteen) fengið mann til að mæta fyrir stefndu, eins og dómarinn samkvæmt bréfi umboðsmanns stefndu 2. nóvember s.l. hefur lofað honum. Í því réttarhaldi fá stefndu frest til 26. október s.l., en þegar málið er þá tekið fyrir, mætir enginn af þeirra hálfu. Það verður að líta svo á, að aðalstefndu hafi haft nægan tíma til sáttaumleitana, þar sem meira en ár er liðið frá útgáfudegi stefnunnar.

Umboðsmaður aðalstefndu hefur ekki haldið því fram, að hann hafi verið bundinn nokkrum þeim nauðsynjum, er í 9. gr. sbr. 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 greinir. Endurupptaka verður því ekki byggð á ákvæðum 118. gr. sömu laga. Endurupptaka til hagsbóta aðalverjanda verður í þessu máli ekki heldur byggð á því, að það sé ekki nægilega skýrt, með því að hann sótti ekki þing, og nauðsynjar eru hvorki sannaðar eða sennilegar gerðar.

Endurupptaka á þeim grundvelli, að málið væri eigi nægilega skýrt til hagsmuna aðalsækjanda, hefur ef til vill verið heimil samkvæmt 120. gr. téðra laga, en hún veitir aðalverjanda engan rétt til hluttöku í meðferð málsins gegn mótmælum aðalsækjanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður að synja um endurupptöku málsins.

Því úrskurðast:

Framangreint mál skal ekki endurupptekið.

Föstudaginn 18. janúar 1952.

Nr. 15/1951. **Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Fiskimálasjóði (Kristján Guðlaugsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1951, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi lýsti því í bréfi sínu til áfrýjanda, dags. 24. september 1948, að h/f Ísborg hafi í bréfi 20. sept. 1948 beiðzt þess, að stefndi greiddi áfrýjanda kr. 25.000.00, þegar lánsfjárhæð sú, kr. 50.000.00, sem stefndi hafði hinn 26. apríl 1948 samþykkt að veita h/f Ísborgu, kæmi til útborgunar. Segir síðan í nefndu bréfi stefnda: „Skuldbindur sjóðstjórnin sig til samkvæmt ofanrituðu að greiða nefnda upphæð til yðar.“ Með yfirlýsingu þessari tókst stefndi á hendur skuldbinding að greiða áfrýjanda nefnda fjárhæð. Hafði stefndi heimild til þessa að lögum, þar sem hér var einungis um að tefla form á lánveitingu stefnda til handa h/f Ísborgu. Getur það ekki valdið ógildi þessarar skuldbindingar, þótt h/f Ísborg kæmist síðar í fjárþröng.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1949 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskimálasjóður, greiði áfrýjanda, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1949 til greiðsludags og samtals kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. nóvember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu útgefinni 28. október 1949 gegn stjórn Fiskimálasjóðs f. h. sjóðsins til greiðslu kröfu að fjárhæð kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 24. marz 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi vaxta frá 1. maí 1949.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Málavextir eru þessir:

Á fundi stjórnar Fiskimálasjóðs 26. apríl 1948 var samþykkt að veita h/f Ísborgu í Kaldrananesi 50 þúsund króna lán til íshússbyggingar til viðbótar öðru láni, sem áður hafði verið ákveðið að veita félaginu. Lánið átti að greiðast af tekjum Fiskimálasjóðs árið 1949, en nánari tímatakmörk voru ekki sett um útborgun þess. Samþykkti sjávarútvegsmálaráðuneytið lánveitingu þessa. Með bréfi, dags. 28. apríl 1948, tilkynnti stefndi h/f Ísborgu lánveitinguna. Hinn 20. september 1948 óskaði stjórnarformaður h/f Ísborgar, að stefndi greiddi kr. 25.000.00 af láni því, sem félagið átti í vændum frá honum, til stefnanda, þar eð félagið hefði fengið hjá honum loforð um lánveitingu, sem næmi þeirri fjárhæð gegn „veði" í hinu væntanlega láni frá stefnda. Samkvæmt beiðni þessari fékk skrifstofustjóri stefnda umboðsmanni h/f Ísborgar í hendur svolátandi bréf til stefnanda, dags. 24. september 1948:

„Á fundi stjórnar Fiskimálasjóðs þann 26. apríl s.l. var samþykkt að veita h/f Ísborgu, Kaldrananesi, kr. 50.000.00 viðbótarlán, er kæmi til útborgunar af tekjum sjóðsins fyrir árið 1949.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 5. maí s.l., fallizt á þessa lánveitingu.

Samkvæmt beiðni h/f Ísborgar með bréfi, dags. 20. september 1948, um að greiða yður kr. 25.000,00, þegar lánsupphæðin verður útborguð, skuldbindur sjóðsstjórnin sig til samkvæmt ofanrituðu að greiða nefnda upphæð til yðar."

Við móttöku bréfsins veitti stefnandi h/f Ísborgu lán það, sem lofað hafði verið, gegn víxli, samþykktum af h/f Ísborgu og með gjalddaga 24. marz 1949. Kveðst einn af fyrirsvarsmönnum stefnanda hafa snúið sér til stefnda skömmu eftir gjalddaga víxilsins og óskað greiðslu á honum,

en fengið þau svör, að víxilskuldin yrði greidd, þegar lánveiting stefnda til Ísborgar h/f færi fram. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að þessi greiðslukrafa hafi komið fram af hálfu stefnanda. Í apríl 1949 tilkynnti stefndi framkvæmdarstjóra h/f Ísborgar, að hann væri tilbúinn að veita margnefnt lán, og bað framkvæmdarstjórann að gera þær ráðstafanir, sem þurfti til að hægt væri að greiða það af hendi. Framkvæmdarstjórinn tilkynnti þá, að búið væri að samþykkja að gefa h/f Ísborgu upp til gjaldþrotaskipta, og vildi hann að svo búnu ekki veita láninu viðtöku. Mun þá fyrirsvarsmaður stefnda hafa lýst yfir því, að fyrst svo væri komið, þá fullnægði félagið ekki skilyrðum til að fá lán það, sem lofað hafði verið. Lánið var því aldrei veitt, enda var h/f Ísborg gefið upp til gjaldþrotaskipta 4. maí 1949, og næsta dag gekk úrskurður skiptaráðanda um, að gjaldþrotaskiptabeiðnin skyldi tekin til greina. Í lok maímánaðar 1949 telur skrifstofustjóri stefnda, að honum hafi orðið kunnugt um þetta. Með bréfi, dags. 1. júní s. á., tilkynnti hann stefnanda, að eins og komið væri, gæti ekki orðið af því, að h/f Ísborg fengi lán það, sem því hafði verið lofað, og þess vegna gæti ekki orðið um neina greiðslu að ræða frá stefnda til stefnanda af láni þessu.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi sé samkvæmt yfirlýsingu sinni, dags. 24. september 1949, skuldbundinn til að greiða lán það, sem h/f Ísborg fékk hjá stefnanda þann dag, án tillits til gjaldþrots h/f Ísborgar eða þess, hvort það félag uppfylli að öðru leyti skilyrði til að fá lán það frá stefnda, sem því hafði verið lofað. Stefndi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi ekki tekið ábyrgð á greiðslu láns stefnda til h/f Ísborgar, heldur aðeins lofað að greiða hluta af því láni, sem h/f Ísborg átti í vændum hjá honum, til stefnanda, án allrar ábyrgðar, ef svo færi, að lán þetta kæmi eigi til útborgunar.

Eftir að samþykkt hafði verið, að h/f Ísborg gæfi bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, verður að telja, að félagið hafi ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem þurfti til þess að stefndi væri bundinn við loforð sitt um lánveitingu til handa félaginu. Ekki verður talið, að yfirlýsing stefnda frá 24. september 1948 feli í sér aðra skuldbindingu fyrir hann en þá að greiða hluta af láni því, sem h/f Ísborg átti í vændum frá honum, til stefnanda, er lánið kæmi til útborgunar. Þessi skylda stefnda er nú niður fallin, þar eð sýnt er, að nefnt lán verður eigi veitt. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda, enda er eigi sýnt fram á, að stefndi hafi tekið á sig aðrar skuldbindingar gagnvart honum varðandi margnefnda skuld h/f Ísborgar en felast í fyrrgreindri yfirlýsingu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Fiskimálasjóðs f. h. Fiskimálasjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. janúar 1952.

Nr. 132/1951. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Þórði Finnbogasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn lagareglum um fjárfestingu.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu ákærða var skúr sá, er í málinu getur, byggður eftir bílskúrsteikningu, samþykktri af byggingarnefnd. Með byggingu skúrsins, þrátt fyrir synjun Fjárhagsráðs, hefur ákærði því brotið gegn þeim réttarákvæðum, sem í héraðsdómi greinir. Eftir atvikum málsins þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Finnbogason, greiði kr. 1800.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. nóvember 1950.

Ár 1950, laugardaginn 4. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4113/1950: Ákæruvaldið gegn Þórði Finnbogasyni, sem tekið var til dóms þann 3. sama mánaðar.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn kærða, Þórði Finnbogasyni rafvirkjameistara, Egilsgötu 30 hér í bæ, fyrir brot á lögum nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð o. fl. sbr. reglugerð nr. 82/1947 um sama efni og auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. júní 1906 í Skarfanesi í Landsveit, og hefur hann, svo vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1949 18/3 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1950 17/3 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Með bréfi, dags. 22. nóv. 1949, kærði fjárhagsráð til sakadómara, að hlaðinn hefði verið upp bílskúr við húsið nr. 30 við Egilsgötu hér í bæ, án þess að leyfi fjárhagsráðs væri fyrir hendi, og beiddist ráðið þess, að athugað yrði, hvort eigandi skúrsins, sem reyndist vera kærði, hefði ekki með þessu gerzt sekur við auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947 um bann við byggingu bílskúra og fleiri mannvirkja.

Þegar eftir að kæra fjárhagsráðs á hendur kærða barst, var Magnúsi Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni falið að athuga umræddan skúr og kynna sér að öðru leyti málavexti. Segir rannsóknarlögreglumaðurinn í skýrslu sinni um þetta, sem dagsett er þann 25. nóvember 1949, að þá hafi verið búið að steypa grunn skúrsins og hlaða veggi hans úr vikurholsteini. Ummál skúrsins reyndist vera 4×10 metrar. Ekkert þak var þá komið á hann. Annan langvegg umræddrs skúrs myndar hlið bílskúrs, sem stendur á lóðinni nr. 28 við Egilsgötu og mun standa út við lóðarmörk hússins nr. 30 við sömu götu, en það hús á kærði. Í grunn skúrs síns, sem hér ræðir um, segir kærði hafa farið 4½ m^3 af steinsteypu, sem hann fékk hjá Steypustöðinni hér í bæ í skiptum fyrir 1½ smálest af sementi, en fyrir sementi þessu kveðst hann hafa fengið innkaupaleyfi hjá fjárhagsráði vorið 1949 á þeim forsendum, að hann hygðist steypa tröppur og lítinn skúr við hús sitt. Til þess að byggja þessi síðasttöldu mannvirki kveðst kærði hins vegar hafa notað sement, sem hann hafi verið búinn að eiga í 2—3 ár.

Í veggi skúrsins, sem hér er rætt um, segir kærði hafa farið 300 vikurholsteina, sem hann hafi keypt af vikurholsteinagerð Jóns Loftssonar, Vikurfélaginu hér í bæ, rétt áður en fjárhagsráð tók til starfa árið 1947, eða nánar tiltekið vorið 1947. Steina þessa kveðst kærði hafa keypt alla í einu og staðgreitt þá. Ekki hefur tekizt að afla nákvæmra upplýsinga um, hvenær kærði hafi keypt holsteinana, en Vikurfélagið hefur vottað,

að þann 15. apríl 1947 hafi einhver maður keypt af því 300 holsteina og staðgreitt þá.

Byggingu umræddS bílskúrs mun nú vera lokið, en ekki er vitað, úr hvaða efni þak hans er.

Kærði vakti athygli á því þegar í upphafi rannsóknar þessa máls, að þótt skúrinn, sem hér ræðir um, hafi að vísu verið byggður samkvæmt teikningu af bílskúr, sem kærði kveðst fyrir löngu hafa verið búinn að fá leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur fyrir, og þótt skúrinn standi á stað, sem ætlazt er til að bílskúr standi á, hafi það aldrei verið ætlun sín að nota skúr þenna sem bifreiðargeymslu, heldur sem efnisgeymslu og vinnustofu. Er kærði rafvirki að atvinnu, og segir hann árlega hafa skemmzt mikið af efni, sem hann þarf að eiga og nota við iðn sína, vegna þess að hann hefur skort geymslu fyrir það. Kveðst kærði oftar en einu sinni hafa sótt um leyfi fjárhagsráðs fyrir byggingu skúrs þessa og í umsóknum sínum til þessarar stofnunar tekið fram, að ekki væri ætlun sín að nota skúrinn fyrir bifreiðargeymslu, þótt hann yrði byggður samkvæmt teikningu af bílskúr, heldur sem efnisgeymslu og vinnustofu, en jafnan hafi fjárhagsráð synjað honum um leyfi fyrir byggingunni. Eftir ítrekaðar synjanir af hálfu fjárhagsráðs réðst kærði síðan í að byggja skúrinn leyfislaust vorið eða sumarið 1949.

Kærði hefur við rannsókn málsins bent á, að margnefndur skúr sé ónothæfur sem bifreiðargeymsla, að óbreyttum aðstæðum, þar eð hár veggur standi fyrir dyrum hans, svo að ekki komist bifreiðar inn í hann, nema veggurinn sé brotinn niður, en það kveðst hann ekki hafa í hyggju. Gengið hefur verið úr skugga um, að þessi framburður kærða um vegginn fyrir utan dyr bílskúrsins sé réttur. Þar stendur um 1 metra hár steinveggur. Kærði kveðst hafa vitað gjörla um bann fjárhagsráðs við byggingu bílskúra o. fl., er hann hóf byggingu skúrsins.

Skúr sá, sem hér ræðir um og fjárhagsráð kærði kærða fyrir að byggja í óleyfi þess, er byggður samkvæmt teikningu af bílskúr og stendur á stað, sem af bygginganefnd mun vera ætlaður fyrir bílskúrastæði. Virðist því liggja beint við að telja skúrinn vera bílskúr, án tillits til þeirra nota, sem af honum eru höfð.

En jafnvel þótt ekki sé tekin afstaða til þess hér, hvort skúrinn teljist vera bílskúr í þeirri merkingu, sem venjulega er lögð í það orð, virðist samt augljóst, að kærði hafi gerzt sekur við þau ákvæði laga, reglugerðar og auglýsingar, sem mál þetta er höfðað fyrir brot á, þar eð fjárhagsráð hafði skilyrðislaust synjað honum um leyfi til að byggja margnefndan skúr, þótt því samkvæmt umsókn hans væri kunnugt um, að nota ætti skúrinn til annarra þarfa en að geyma í honum bifreið. Af sömu ástæðum telst heldur ekki skipta máli hér, hvort skúrinn hafi kostað kærða meira eða minna en kr. 10.000.00, þar eð skilyrðislaus synjun fjárhagsráðs lá fyrir um leyfi þess til að byggja skúrinn, en samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 145 6. okt. 1948 um breyting á reglugerð nr. 82/1947 um fjárhagsráð o. fl. virðist fjárhagsráð hafa frjálsar hendur um að banna

byggingu mannvirkja, jafnvel þótt verð efnis og vinnu í þau nemi ekki kr. 10.000.00, en slíkt bann ráðsins lá einmitt fyrir í tilviki því, sem hér ræðir um.

Samkvæmt framansögðu telst ákærði því hafa brotið 5. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð o. fl., sbr. 7. og 11. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um sama efni, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 145 6. október 1948 um breytingu á fyrrnefndri reglugerð, sbr. auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947.

Refsing kærða þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947, sbr. 39. gr. reglug. nr. 82/1947, hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 150.00.

Sá dráttur, sem á því varð, að mál þetta væri tekið til réttarrannsóknar, stafaði af önnum við embættið og veikindum rannsóknardómarans.

Dómsorð:

Kærði, Þórður Finnbogason, greiði 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. janúar 1952.

Nr. 4/1951. **Guðmundur R. Oddsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóhannesi Guðmundssyni (Theódór B. Líndal).

Árekstur bifreiða. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1951, krefst þess *aðallega*, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostn-

aður fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar, málskostnaður í héraði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur verið ákveðið í samræmi við 2.—4. málsgrein 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, að Túngata skuli teljast aðalbraut, og verður að telja, að áfrýjanda hafi borið að staðnæmast á umræddum gatnamótum gagnvart umferð á þeirri götu. Hvorki Holtsgata, sem liggur í beinu framhaldi af Túngötu, né Bræðraborgarstígur, sem sker götur þessar, hafa hins vegar verið gerðar að aðalbrautum samkvæmt umferðarlögum. Stefndi, sem ók austur Holtsgötu, átti því samkvæmt 1. málsgrein 7. gr. umferðarlaganna að víkja fyrir umferð, er kom Bræðraborgarstíg frá vinstri, svo sem var um áfrýjanda. Þetta gerði stefndi eigi, og verður því að telja, að hann, sem eigi gætti heldur að öðru leyti fullrar varúðar í akstri sínum, eigi meginsök á umræddum árekstri. Á hinn bóginn þykir áfrýjandi eigi hafa gætt fyllstu varúðar í akstri sínum með því að aka áfram suður gatnamótin, þótt staðhættir séu þannig, að hann gat séð til ferða stefnda vestan Holtsgötu og út á gatnamótin. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að stefndi beri ¾ hluta tjóns þess, er af árekstrinum hlauzt, en áfrýjandi ¼ hluta þess. Samkomulag er um, að tjón stefnda sé talið nema þeirri fjárhæð, sem ákveðin hefur verið í héraðsdómi, kr. 1824.33. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 456.08 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um viðurkenningu á lögveðrétti í bifreið áfrýjanda.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 456.08 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðréttur í bifreiðinni R. 106 til tryggingar dómkröfunum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

Sératkvæði Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.

Í auglýsingu lögreglustjóra Reykjavíkur 2. febrúar 1943 er að vísu ekki kveðið á um það, að gatnamót Túngötu og Holtsgötu skuli ásamt Túngötu teljast til aðalbrautar, en eins og lýst er í héraðsdómi, lét lögreglustjóri setja upp aðalbrautarmerki sunnan og norðan þeirra gatnamóta. Samkvæmt umferðarmerkjum þessum, er þeim, sem aka að gatnamótunum um Bræðraborgarstíg, skylt að vægja vegna umferðar um gatnamótin frá Túngötu og Holtsgötu, ef því er að skipta, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930. Áfrýjanda bar því að nema staðar og bíða, meðan bifreið stefnda færi um gatnamótin. Þetta gerði áfrýjandi ekki. Hins vegar er í ljós leitt, að stefndi gætti eigi nægilegs hófs og varkárni í akstri sínum. Eiga aðiljar því báðir sök á árekstrinum, og þykir eftir atvikum rétt, að hvor þeirra beri helming þess tjóns, sem af slysinu hlauzt. Héraðsdómari hefur metið tjón stefnda kr. 1824.33. Með hliðsjón af málflutningi aðilja hér fyrir dómi ber að leggja þá fjárhæð til grundvallar úrlausn málsins. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða stefnda kr. 912.16 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Eftir málavöxtum þykir málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eiga að falla niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um lögveðrétt stefnda í bifreið áfrýjanda til tryggingar framangreindri fjárhæð.

Eg tel því, með skírskotun til framanritaðs, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Áfrýjandi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 912.16 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags.

Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, fellur niður.

Stefndi á lögveðrétt í bifreiðinni R. 106 til tryggingar framangreindri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Jóhannes Guðmundsson, Barónsstíg 11 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. apríl s.l., gegn Guðmundi R. Oddssyni framkvæmdarstjóra, Laugavegi 61 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1974.33 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni R. 106 til tryggingar hinum umstefndu fjárhæðum.

Vátryggingarfélaginu Trolle & Rothe h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en bifreiðin R. 106 var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 2. febrúar s.l. um kl. 12 ók stefnandi bifreið sinni R. 3708 austur Holtsgötu hér í bænum. Er hann kom að mótum Holtsgötu og Bræðraborgarstígs, kveðst hann hafa ekið rakleitt áfram, enda talið sig vera á aðalbraut, en hafa ætlað áfram austur Túngötu. Er hann hafi verið rétt kominn út á gatnamótin, hafi hann séð til ferða bifreiðarinnar R. 106, sem hafi verið ekið frekar hægt suður Bræðraborgarstíg og inn á gatnamótin. Hafi hann þá hemlað og sveigt til hægri, en um leið hafi hægri framaurhlíf og hægra framvarahorn á R. 106 rekizt á vinstri framaurhlíf og framhjól á R. 3708. Við árekstur urðu nokkrar skemmdir á R. 3708.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi, sem var eigandi bifreiðarinnar R. 106 og ók henni í umrætt sinn, eigi einn alla sök á árekstri þessum. Túngata, sem sé aðalbraut, sé í beinu áframhaldi af Holtsgötu, en götunöfnin breytist við gatnamót Bræðraborgarstígs. Gatnamótin sjálf hljóti að njóta réttar sem aðalbraut, enda séu þar sett aðalbrautarmerki á eystri gangstéttarbrún Bræðraborgarstígs norðan Túngötu og á vestri gagnstéttarbrún Bræðraborgarstígs sunnan Holtsgötu. Stefnda hafi borið skilyrðislaus skylda til að stöðva bifreið sína, áður en hann ók inn á gatnamótin. Þessa hafi hann ekki gætt og eigi því sök á, hvernig fór.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið suður Bræðraborgarstíg á mjög hægri ferð. Er hann kom að mótum Túngötu og Bræðraborgarstígs, hafi hann litið til vinstri inn á Túngötuna, en enga umferð séð úr þeirri átt. Hafi hann þá látið bifreiðina renna áfram og

lítið eitt til hægri. Hafi hann þá séð til ferða R. 3708, sem hafi verið komin mjög nálægt. Kveðst stefndi þá hafa snögghemlað og bifreiðin stöðvazt um leið. Er bifreiðin var stöðvuð, hafi vinstri framaurhlíf R. 3708 lent á hægri framaurhlíf R. 106. Við árekstur urðu nokkrar skemmdir á R. 106.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann eigi enga sök á árekstri þessum. Stefnandi hafi komið austur Holtsgötu, en sú gata sé ekki aðalbraut. Umferð um gatnamót Túngötu og Holtsgötu njóti ekki aðalbrautarréttar, þótt Túngatan sé aðalbraut. Þar hljóti að gilda almennar ökureglur, en samkvæmt þeim hafi stefnandi átt að víkja, þar sem hann hafi haft bifreið stefnda sér á vinstri hönd.

Með auglýsingu, dags. 2. febrúar 1943, ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík, að Túngata skyldi teljast aðalbraut samkvæmt ákvæðum 7. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Ekkert er tekið fram í auglýsingu þessari um umferðarrétt um margnefnd gatnamót Túngötu, Holtsgötu og Bræðraborgarstígs, en Holtsgata er í beinu áframhaldi af Túngötu til vesturs og skiptir um götunöfn við nefnd gatnamót. Aðalbrautarmerki hafa verið sett á norðausturhorn Bræðraborgarstígs og Túngötu og á suðvesturhorn Holtsgötu og Bræðraborgarstígs. Í lögum eru engin ákvæði, er segi til um, hvernig umferðarrétti sé háttað, þar sem staðhættir eru slíkir sem hér. Þegar allar aðstæður eru virtar, þykir eðlilegt, að umferð, sem fer um gatnamót þessi milli Túngötu og Holtsgötu, njóti aðalbrautarréttar á gatnamótum. Með vísan til þessa og þar sem stefndi mátti sjá aðalbrautarmerki það, er blasti við honum, áður en hann ók inn á gatnamótin, þá verður að telja, að hann hefði átt að stöðva bifreið sína og hleypa framhjá ökutækjum þeim, er óku gatnamótin milli Túngötu og Holtsgötu. Þetta gerði stefndi ekki og hefur viðurkennt, að hann hafi ekki gætt umferðar frá Holtsgötu. Þykir hann því eiga alla sök á árekstri þessum, enda verður ekki séð, að stefnandi hafi ekið ógætilega, eins og á stóð.

Fjárhæð stefnukröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Matsgerð	kr.	100.00
2. Efni	—	303.00
3. Vinna	—	1421.33
4. Afnotamissir í 10 daga	—	150.00
	Kr.	1974.33

Um 1. Stefnandi fékk bifvélavirkja til að meta, hvað kosta myndi að gera við skemmdir þær, sem á bifreiðinni urðu, en viðgerðina mun stefnandi hafa framkvæmt að miklu leyti sjálfur.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem sér óviðkomandi.

Þessi liður verður tekinn til meðferðar við ákvörðun málskostnaðar samkvæmt 175. gr. einkamálalaganna.

Um 2 og 3. Kröfuliðir þessir hafa ekki sætt sérstökum andmælum og

þar sem ekki verður séð, að þeir séu óeðlilega háir, verða þeir teknir til greina að öllu leyti.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Bifreiðin R. 3708 var af svonefndri „Durant"-gerð, smíðuð árið 1931, og notaði stefnandi hana til eigin þarfa.

Þegar þetta er virt, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1824.33 (303.00 + 1421.33 + 100.00) með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950, en þá virðist krafa fyrst hafa komið fram.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni R 106 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnanda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 1824.33 með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R. 106 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. janúar 1952.

Nr. 104/1951. **H.f. Njáll, h/f Hængur og Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Guðjóni Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Fjárnám. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. ágúst 1951, gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um fjárnám það, sem krafizt er. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Ketill sá, sem um ræðir í 1. tölulið hins áfrýjaða úrskurðar, var í l/v Hugin sumarið 1948, er sjóveðréttur stefnda stofnaðist. Ketillinn var einn hluti skipsins, og þótt búið væri að taka hann úr því og selja hann, þegar fjárnáms var krafizt, hélzt sjóveðrétturinn óhaggaður, sbr. 239. gr. laga nr. 56/1914. Ber því að heimila fjárnám í katli þessum.

Munir þeir, sem taldir eru í 2., 3. og 5. tölulið úrskurðarins, voru einnig í skipinu, er sjóveðréttur stefnda stofnaðist. Er hér um að ræða ljósavél, dýptarmæli og þilfarsvindu, sem í úrskurðinum er ranglega nefnd togvinda. Nær sjóveðrétturinn einnig til þessara muna, þótt þeir væru eign annars aðilja en skipseiganda, sbr. meginreglu 243. gr. fyrrgreindra laga, og ber því að heimila fjárnám í þeim. Af legufærum þeim, sem um ræðir í 4. lið úrskurðarins, voru eitt akkeri og 9 liðir af keðju í l/v Hugin sumarið 1948, og nær sjóveðrétturinn því einnig til þessa. Önnur þau legufæri, sem getið er í þessum lið, falla ekki undir sjóveðrétt stefnda, enda voru þau hvorki í skipinu né eign skipseiganda, h/f Njáls, sumarið 1948. Ber því að heimila fjárnám í fyrrgreindu akkeri og 9 liðum af keðju.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1800.00.

Það athugast, að munnlegur málflutningur í héraði fór fram 10. júlí 1951, en úrskurður var ekki kveðinn upp fyrr en 10. ágúst s. á. Verður að víta þenna drátt.

Dómsorð:

Fjárnám skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda í

framangreindum skipskatli, ljósavél, dýptarmæli, akkeri, 9 liðum af keðju og þilfarsvindu.

Áfrýjendur, h/f Njáll, h/f Hængur og Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, greiði in solidum stefnda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 1800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 10. ágúst 1951.

Í máli þessu eru gerðar þær réttarkröfur af hálfu gerðarbeiðanda, Guðjóns Sigurðssonar, sjómanns hér í bæ, að fram fari framhaldsfjárnám í ýmsum munum, sem áður voru í línuveiðaranum Hugin RE. 83 fyrir fjárnámskröfunum, kr. 903.57, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1949 til greiðsludags, kr. 300.00 í málskostnað í héraði, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, svo og fyrir öllum kostnaði við fjárnám og uppboð, ef til kemur. — Þá er þess og krafizt, að gerðarþolum, Fiskveiðahlutafélaginu „Njáli", Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga og hlutafélaginu „Hængi" verði gert in solidum að greiða gerðarbeiðanda sérstakan málskostnað í máli þessu.

Af hálfu gerðarþolanna er framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar mótmælt og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var lagt undir úrskurð fógetaréttarins hinn 10. fyrra mánaðar.

Með dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 25. febrúar 1950, var Jóni Guðmundssyni, útgerðarmanni í Keflavík, leigutaka l/v Hugins á sumrinu 1948, gert að greiða gerðarbeiðanda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 903.57 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Þá var í dómi þessum kveðið svo á, að gerðarbeiðandi skyldi hafa sjóveðrétt í l/v Hugin fyrir kröfum þessum. — Sjá hér rskj. 3 í máli þessu.

Þáverandi eigendur l/v Hugins, Sigríður Sighvatsdóttir vegna dánarbús Tómasar Jónssonar og Gísli Jónsson, áfrýja sjóveðréttarákvæði héraðsdómsins til Hæstaréttar hinn 2. nóvember 1950, en dómurinn hafði verið birtur þeim hinn 6. júní sama ár. — Með dómi Hæstaréttar, sem uppkveðinn var hinn 20. desember 1950, var sjóveðréttarákvæði héraðsdómsins staðfest og gerðarbeiðanda tildæmdar kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og skyldi sú upphæð njóta sjóveðréttar í l/v Hugin. — Sjá rskj. 2 í máli þessu.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 4. janúar 1951, krefst gerðarbeiðandi fjárnáms í sjóveðinu, l/v Hugin, fyrir hinum tildæmdu kröfum í héraði svo og fyrir málskostnaði samkvæmt hæstaréttardómnum á rskj. 2 auk kostnaðar við fjárnám og uppboð. — Hinn 8. janúar 1951 var svo gert fjárnám í skipinu, þar sem það var í skipasmíðastöðinni „Bátanaust" við Elliðaárvog hér í bænum.

Hinn 11. apríl fer svo fram nauðungaruppboð á skipinu, og nam hæsta boð kr. 2000.00. Hinn 13. sama mánaðar var uppboðsafsal gefið hæstbjóðanda, h/f Keili hér í bæ. Hinn 25. sama mánaðar er þess krafizt af hálfu gerðarbeiðanda, að fram fari framhaldsfjárnám í munum, sem tilheyrt hafi skipinu, þá er sjóveðréttur stofnaðist, en síðar verið úr því teknir. Þessir munir eru sérstaklega tilgreindir þannig:

1. Ketill, nú í vörzlu Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, Köllunarkletti, og talinn eign þess.
2. Generator til rafmagnsframleiðslu í Baldursstöð við Sörlaskjól, talinn eign h/f Hængs.
3. Dýptarmælir hjá Ólafi Jónssyni útvarpsvirkja, talinn eign h/f Hængs.
4. Legufæri, sem liggja við bauju inni á Sundum, talin að hluta eign h/f Hængs.
5. Spil, sem liggur á lóð Gísla Jónssonar við Nýlendugötu hér í bæ.
6. Aðrir munir allir, er numdir hafa verið úr skipinu, eftir að sjóveðréttur gerðarbeiðanda stofnaðist.

Auk h/f Njáls er fjárnámsgerðinni beint gegn Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga og h/f Hængi. — Því er haldið fram, að sjóveðréttur nái til ofangreindra muna, sem séu nauðsynlegir til þess að skipið geti talizt gufuskip til fiskveiða. Þó hlutir þessir séu nú á hendi þriðja manns, séu þeir engu að síður undirorpnir sjóveðréttinum, jafnvel þó þriðji aðili hafi verið grandlaus í því efni.

Af hálfu gerðarþolanna er framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar mótmælt. Er svo frá skýrt, að vorið 1950 hafi eigendum skipsins hugkvæmzt að láta breyta skipinu í vélknúið olíuskip, og hafi verið stofnað til samninga við h/f Keili um nauðsynlegar viðgerðir og breytingar á skipinu í því skyni. H/f Keilir hafi gert skipseigendum það tilboð, dags. 25. apríl 1950, að taka vél og ketil úr skipinu ásamt öllu þessu tilheyrandi og smíða jafnframt undirstöður undir nýja vél. Tilboð þetta hafi numið kr. 20.000.00, en að auki hafi verið tilskilið, að ketillinn og ýmislegt annað úr skipinu yrði eign h/f Keilis. Nú hafi skipseigendur samdægurs gengið að þessu tilboði, og ketillinn hafi því orðið eign h/f Keilis þann sama dag. Þó hafi síðar samizt svo, að h/f Keilir hafi selt eigendum skipsins ketilinn fyrir kr. 8.500.00, og hafi um leið orðið hækkun á hinni upphaflegu tilboðsupphæð, sem því svaraði. Hinn 8. maí 1950 hafi svo Gísli Jónsson vegna eigenda skipsins selt Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga ketilinn, og hafi það verið eigandi hans síðan.

Þá er þess getið, að dómurinn á rskj. 3 hafi fyrst verið birtur eigendum skipsins hinn 6. júní 1950, en þá hafi katlinum samkvæmt framansögðu þegar verið ráðstafað með löglegum hætti, en eigendum skipsins verið ókunnugt um tilvist dóms þessa fyrr en við birtingu hans. Reyndar hafi skipseigendur heldur ekki mátt vita um tilvist sjóveðréttar, fyrr en þá er dómur Hæstaréttar um sjóveðrétt féll hinn 22. desember 1950.

Er nú framgangi fjárnámsins mótmælt á þeim grundvelli, að engin breyting hafi orðið á sjóveðinu, hvorki til verðaukningar né verðrýrnunar,

frá því sjóveðréttur gerðarbeiðanda í skipinu stofnaðist, og þar til fjárnám var í því gert hinn 8. janúar s.l. eða eftir að fjárnám þetta fór fram. Gerðarbeiðanda eða umboðsmanni hans hafi verið kunnugt eða átt að vera kunnugt um ástand skipsins, er fjárnámið fór fram, en enginn áskilnaður hafi verið uppi hafður vegna þess eða um síðara framhaldsfjárnám. Með þessu aðgerðarleysi hafi gerðarbeiðandi glatað þeim rétti, sem hann ella kynni að hafa haft í þessu sambandi. Veðgildi sjóveðsins hljóti að miðast við söluverð þess á nauðungaruppboði. Beri sjóveðhafi þannig áhættuna viðvíkjandi verðrýrnun sjóveðsins frá stofnun sjóveðréttar, hverju svo sem rýrnun þessi sé að kenna, og sé einstökum munum skipsbúnaðar fargað eftir að sjóveðréttur stofnaðist, en áður en aðför fer fram, falli sjóveðréttur í þeim niður. — Af þessu leiði, að ekki verði á neinn hátt unnt að gera fjárnám í katli skipsins, sem samkvæmt framansögðu sé eign Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga. Þá er og mótmælt fjárnámi í generator og dýptarmæli, sem alla tíð hafi verið eign h/f Hængs. — Til vara er því mótmælt, að fjárnám verði gert í öðrum verðmætum en trollspili, sem liggur á Baldursstöð við Skerjafjörð, og einu akkeri og 9 liðum af keðju, en hinn hluti legufæra hafi aldrei verið eign skipseigenda.

Sjóveðréttur gerðarbeiðanda verður talinn hafa stofnazt um leið og kaupkrafa hans varð til. Undir sjóveðréttinn fellur skipsbúnaður sá, er greinir í 1.—5. lið á rskj. 4, þar sem munir þessir hafa ómótmælt verið í skipinu, þá er sjóveðrétturinn stofnaðist, og þeir verða eftir atvikum að teljast nauðsynlegur skipsbúnaður.

Ekki hefur verið upplýst, hvaða munir það eru, sem minnzt er á undir 6. lið á rskj. 4, og er því ekki unnt að leyfa fjárnám í þeim. En hins vegar verður leyfður framgangur fjárnáms í skipskatli, generator, dýptarmæli, legufærum og trollspili, sem eru í l/v Hugin, þá er sjóveðréttur gerðarbeiðanda stofnaðist, en síðar hafa verið teknir úr skipinu. Auk dómkrafnanna, sbr. rskj. 2 og 3, nái fjárnámið til kostnaðar við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, en ekki þykir ástæða til að úrskurða sérstök málflutningslaun til handa umboðsmönnum aðilja í sambandi við ágreining þann, sem hér er til úrskurðar.

Því úrskurðast:

Fjárnám skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda í skipskatli, generator, dýptarmæli, legufærum og trollspili, sem voru í l/v Hugin RE. 83, þá er sjóveðréttur gerðarbeiðanda stofnaðist.

Kröfur umboðsmanna aðilja um málflutningslaun verða ekki teknar til greina.

Mánudaginn 28. janúar 1952.

Kærumálið nr. 1/1952.

Hans A. H. Jónsson og Hermann Kjartansson
gegn
Braga Dýrfjörð.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 10. desember 1951, er hingað barst 11. þ. m., kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 4. desember 1951, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu um vísun máls varnaraðilja gegn sóknaraðiljum frá bæjarþinginu. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verða sóknaraðiljar dæmdir til að greiða varnaraðilja in solidum kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00, enda var málskot þetta algerlega ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Hans A. H. Jónsson og Hermann Kjartansson, greiði in solidum varnaraðilja, Braga Dýrfjörð, kr. 400.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1951.

Mál þetta, er tekið var til dóms eða úrskurðar 26. f. m., hefur Bragi Dýrfjörð bifreiðarstjóri, Seyðisfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. apríl s.l., gegn Hans A. H. Jónssyni, Smiðjustíg 9, og Hermanni Kjartanssyni, Þórsgötu 19, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að

fjárhæð kr. 13.542.90 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að staðfest verði löghald, er hann þann 23. apríl s. l. lét leggja á eignarhluta stefnda Hans í húsinu nr. 9 við Smiðjustíg hér í bænum til tryggingar kröfum þessum.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en *til vara* hafa þeir krafizt sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum hafa þeir krafizt málskostnaðar.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna þann 26. f. m., og krafðist stefnandi þess, að henni yrði hrundið og stefndu dæmdir til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi var eigandi bifreiðarinnar F. 159. Vorið 1950 kom faðir stefnanda bifreiðinni til viðgerðar á bifreiðaverkstæði Vilhjálms Sveinssonar í Hafnarfirði. Í júnímánuði s. á. brutust stefndu inn í verkstæði þetta og stálu þá tveimur hjólbörðum ásamt hjólhringum undan bifreiðinni og rafmagnsgeymi hennar. Vilhjálmur Sveinsson tilkynnti stuld þenna lögreglunni í Hafnarfirði þann 23. júní s. á. Ekki tókst þá þegar að hafa upp á, hverjir valdir væru að verknaði þessum. Virðist stefnandi hafa tekið bifreiðina af verkstæðinu nokkru síðar og ekki hafa haft samband við nefndan Vilhjálm síðan. Í októbermánuði s. á. komst upp, að stefndu höfðu framið þjófnað þenna. Var mál þeirra rannsakað af sakadómaranum í Reykjavík. Þann 13. október kom nefndur Vilhjálmur fyrir lögreglurétt Reykjavíkur. Staðfesti hann skýrslu sína um þjófnaðinn, er hann hafði gefið lögreglunni í Hafnarfirði, og gerði kröfu til, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 1500.00 í skaðabætur fyrir hina stolnu muni, sem stefndu höfðu sumpart eyðilagt og sumpart fleygt. Ekki var Vilhjálmur inntur eftir eignarheimildum að bifreiðinni F. 159 né hinum stolnu munum. Af ákæruvaldsins hálfu var höfðað mál gegn stefndu vegna þjófnaðar þessa og fleira, og var þeim refsað fyrir verknað þenna með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 10. nóv. 1950. Stefndi Hans samþykkti skaðabótakröfu þá, sem að framan greinir, en stefndi Hermann mótmælti henni. Voru þeir dæmdir til að greiða margnefndum Vilhjálmi in solidum kröfu hans vegna þessa, kr. 1500.00. Þann 12. marz 1951 greiddi stefndi Hermann kr. 675.00 af dómkröfu þessari til Vilhjálms gegn fullnaðarkvittun af hans hendi. Þann 23. maí s.l. greiddi stefndi Hans sömu fjárhæð til Vilhjálms gegn fullnaðarkvittun.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndu á því, að þegar hafi verið dæmt um bótaskyldu og bætur þeirra vegna þjófnaðar þessa. Verði því eigi höfðað nýtt mál um þetta efni, og beri því að vísa máli þessu frá dómi samkvæmt ákvæðum 195. gr. sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Kröfur sínar í þessum hluta málsins byggir stefnandi á því, að ekki hafi verið dæmt um kröfur hans á hendur stefndu, og sé því bæjarþingið bært að dæma um þær. Skaðabótakrafa Vilhjálms Sveinssonar, sem dæmd hafi

verið í aukarétti Reykjavíkur, sé honum með öllu óviðkomandi, enda hafi Vilhjálmur þessi ekki haft neina heimild til að gera skaðabótakröfu fyrir hann.

Margnefndur Vilhjálmur Sveinsson hefur skýrt svo frá, að er stefnandi tók bifreiðina af verkstæðinu, hafi hann sagt honum, að hann þyrfti ekki að greiða viðgerðarkostnaðinn í bili. Kveðst hann hafa ætlað að sjá til, hvort ekki hefðist upp á hjólbörðunum eða andvirði þeirra yrði greitt. Þá kveðst Vilhjálmur hafa rætt um mál þetta við Kristján Dýrfjörð, föður stefnanda, og skýrt honum frá, að hann ætlaði að gera skaðabótakröfu á hendur stefndu vegna töku hjólbarðanna og hafi Kristján á það fallizt. Síðan kveðst Vilhjálmur hafa gert skaðabótakröfu að fjárhæð kr. 1500.00. Hafi hann tekið við bótunum. Viðgerðarkostnaðurinn á bifreiðinni hafi numið rúmum kr. 1500.00 og hafi hann tekið skaðabæturnar sem fulla greiðslu, en gefið stefnanda eftir það, sem fram yfir var þá fjárhæð. Hins vegar kveðst Vilhjálmur aldrei hafa rætt við stefnanda, eftir að hann tók bifreiðina af verkstæðinu.

Kristján Dýrfjörð, faðir stefnanda, kveðst hafa komið bifreiðinni til viðgerðar hjá nefndum Vilhjálmi. Hafi hann tekið ábyrgð á greiðslu viðgerðarkostnaðarins og samið um gjaldfrest á honum. Þá hefur Kristján skýrt svo frá, að Vilhjálmur hafi símað til hans og sagt honum frá því, að hann hafi verið boðaður á fund sakadómara vegna þjófnaðar á munum, er stolið hafi verið frá bifreiðinni. Hins vegar hafi Vilhjálmur ekki nefnt neitt um skaðabótakröfur vegna þjófnaðarins, og kveðst Kristján heldur ekki hafa haft neina heimild til að taka ákvarðanir um það atriði.

Svo sem að framan er rakið, hafa stefndu verið dæmdir í refsimáli til greiðslu skaðabóta vegna töku muna þeirra, er bæjarþingsmál þetta fjallar um. Hins vegar er bótakrefjandi í refsimálinu og stefnandi þessa máls ekki sami aðili. Hefur því krafa sú, sem uppi er höfð af stefnanda í bæjarþingsmálinu, ekki verið dæmd af hlíðsettum dómstól. Koma því ákvæði 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85 frá 1936 ekki hér til greina, og þar sem ekki verður séð, að málinu beri að frávísa af öðrum ástæðum, verður frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 30. janúar 1952.

Nr. 37/1948. **Kristján Kristmundsson og Bóas Hannibalsson** gegn **Aðalsteini Richter.**

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristján Kristmundsson og Bóas Hannibalsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. janúar 1952.

Nr. 97/1951. **Kristján Andrésson og Kristján Símonarson** gegn **Þorleifi Guðmundssyni og Sigurlínu Jóhannesdóttur.**

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kristján Andrésson og Kristján Símonarson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1952.

Nr. 172/1950. **Fiskiðjuver ríkisins** (Theódór B. Líndal)

gegn

Eimskipafélagi Íslands h/f
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Farmgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1950 að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 19. s. m. Gerir hann eftirtaldar kröfur:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar af nýju.

1. varakrafa: Að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda.

2. varakrafa: Að kveðið verði á um það, að honum beri einungis að greiða farmgjald eftir vegalengd.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki flutt fram haldbær rök fyrir ómerkingarkröfu sinni, og verður hún ekki tekin til greina.

Í áfrýjunarstefnu er einungis krafizt ómerkingar dómsins. Kveður áfrýjandi þetta hafa orðið af mistökum. Tilætlunin hafi verið að áfrýja dóminum til breytingar, ef ómerkingarkrafan yrði ekki tekin til greina. Umboðsmaður stefnda segir, að sér og umbjóðanda sínum hafi verið ljóst, að áfrýjandi vildi áfrýja einnig til breytingar dóminum, ef til þess kæmi. Að svo vöxnu máli þykir mega dæma málið að efni til í Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi stutt varakröfur sínar með því, að skipstjórnarmenn á e/s Brúarfossi hafi átt sök á

strandi skipsins á Húnaflóa hinn 11. apríl 1948. En úrlausn þessa atriðis skiptir ekki máli, með því að stefndi hefur í farmskírteini undanþegið sig ábyrgð á mistökum skipstjórnarmanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskiðjuver ríkisins, greiði stefnda, Eimskipafélagi Íslands h/f, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. nóvember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur h/f Eimskipafélag Íslands höfðað gegn stjórn Fiskiðjuvers ríkisins með stefnu, útgefinni 14. október 1948, til greiðslu á farmgjaldi að upphæð £ 677-17-9 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins. Undir rekstri málsins hefur stefnandi gert þá varakröfu með sam komulagi við stefnda, að dómurinn skeri úr því sérstaklega, hvort stefnda beri skylda til þess að greiða vegalengdarfarmgjald samkvæmt 165. gr. siglingalaganna. Samþykkti dómurinn eftir atvikum þá skiptingu sakarefnis, er fram kemur í varakröfu stefnanda, sbr. 71. gr., 5. mgr., laga nr. 85 23. júní 1936.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest 16. október 1948. Með úrskurði, uppkveðnum 19. október 1949, vék hinn reglulegi formaður dómsins, Einar Arnalds borgardómari, sæti í málinu. Var Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri skipaður í hans stað sem setudómari í málinu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. apríl s.l. Hefur hann síðan farið með og dæmt í máli þessu ásamt meðdómendum, þeim Hafsteini Bergþórssyni og Jóhanni Ólafssyni, forstjórum.

Málsatvik eru í höfuðatriðum þau, að í aprílmánuði 1948 tók stefnandi, h/f Eimskipafélag Íslands, að sér að flytja út fisk fyrir ýmsa fiskútflytjendur, þ. á m. fryst þorskflök fyrir stefnda, Fiskiðjuver ríkisins. Fór skip stefnanda e/s Brúarfoss til Súgandafjarðar og veitti þar viðtöku þann 10. apríl 1948 2283 kössum af þorskflökum, sem voru eign stefnda. Fisk þenna

skyldi flytja til Boulogne í Frakklandi. Eftir að fermingu var lokið í Súgandafirði, hélt e/s Brúarfoss áfram ferð sinni norður og austur fyrir Vestfirði, en hinn 11. apríl strandaði skipið á Húnaflóa. Var því siglt frá strandstaðnum til Djúpavíkur, en þar fór fram á því bráðabirgðaviðgerð. E/s Brúarfoss reyndist eftir strand þetta ekki fært til þess að halda áfram hinni fyrirhuguðu ferð til Frakklands.

Hinn 14. apríl s. á. mættu umboðsmenn farmeigenda, þ. á m. stefnda, og vátryggjenda hjá h/f Eimskipafélagi Íslands og undirrituðu beiðni til félagsins um, að það útvegaði annað skip, er tæki farminn úr Brúarfossi og flytti hann á ákvörðunarstað. Varð félagið við þeirri beiðni og lét skip sitt m/s Goðafoss taka farminn úr e/s Brúarfossi og flytja hann til útlanda.

Stefnandi telur nú, að stefnda beri að greiða fullt flutningsgjald af farmi þeim, er e/s Brúarfoss tók til flutnings fyrir stefnda, eins og ef skipið hefði lokið við flutning farmsins til ákvörðunarstaðar. Nemur farmgjaldið, ef það væri greitt að fullu, hinni umstefndu upphæð, £ 677-17-9.

Til stuðnings kröfum sínum á hendur stefnda bendir stefnandi á, að í farmskírteini, sem gefið var út fyrir farminum, að vísu nokkrum dögum eftir strandið, eða 14. apríl 1948, sé m. a. að finna svohljóðandi ákvæði: „All freights are payable, ship lost or not lost." Telur stefnandi, að ákvæði þetta verði ekki skilið á annan veg en þann, að farmeiganda beri skilyrðislaus skylda til þess að greiða farmgjald af þeirri vöru, sem komin er um borð í skip, enda þótt ytri aðstæður, svo sem strand skipsins, valdi því, að ekki reynist unnt að koma farminum til ákvörðunarstaðar. Þá sé einnig á það að líta, að hér sé um viðtekna venju að ræða í viðskiptum milli málsaðilja, bæði um útgáfutíma farmskírteinis og efni þess, enda hafi stefnandi í 5 skipti áður tekið við fiski til flutnings fyrir stefnda.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi ekki látið þá þjónustu í té, sem um var samið, þvert á móti hafi farmurinn verið enn fjær ákvörðunarstað, er e/s Brúarfoss strandaði, heldur en hann var, þegar skipið veitti honum viðtöku. Skipið hafi ekki getað lokið flutningi farmsins á þann stað, er um var samið, og stefnandi hafi því orðið að rifta samningnum. Hér sé því um að ræða atvik, er samkvæmt siglingalögunum leiði til þess eins, að farmgjald beri að greiða eftir vegalengd, ef nokkurt farmgjald beri að greiða. Stefndi bendir og á, að farmskírteini hafi eigi verið útgefið fyrr en eftir að e/s Brúarfoss strandaði, eða nánar tiltekið 14. apríl. Hafi stefndi því eigi átt þess kost að sjá skilmála þá, er greinir í farmskírteininu. Þar að auki sé ákvæði það í farmskírteininu, er stefnandi byggir kröfu sína á „all freights are payable ship lost or not lost", ritað á ensku, smáprentað og lítt læsilegt aftan á farmskírteininu, samið af stefnanda sjálfum, án þess að það hafi á nokkurn hátt verið sérstaklega kunngert stefnda eða eftirtekt hans á því vakin. Orðalagið sé og annaðhvort óljóst eða samningurinn, sem í því á að felast, ekki í samræmi við grundvallarreglur íslenzks réttar. Telur stefndi því eðlilegast að beita hér reglum siglingalaganna.

Dómurinn lítur svo á, að eigi sé unnt að telja sérstaka hættu hafa stafað af för e/s Brúarfoss til Djúpavíkur, enda var farmsendara og kunnugt um að taka átti farm á mörgum höfnum, áður en haldið væri til hins endanlega ákvörðunarstaðar. Eigi verður heldur reiknað með því, að forstöðumanni stórfyrirtækis, er hefur með höndum umfangsmikil útflutningsviðskipti, sé ókunnugt um svo algengt ákvæði í farmskírteinum, sem ákvæðið „all freights are payable ship lost or not lost" er, eða kynni sér eigi þá skilmála, er farmflytjandi setur og undanþiggi sig þeim ákvæðum, sem hann vill eigi una við. Dómurinn telur enn fremur, að dráttur sá, er varð á útgáfu farmskírteinis fyrir farmi þeim, sem veitt var viðtaka í e/s Brúarfoss á Súgandafirði, skipti heldur ekki máli, þegar það er virt, að stefndi hafði áður samtals 5 sinnum á tímabilinu frá 6. júní 1947 til 12. marz 1948 haft samskonar viðskipti við stefnanda, en í þeim viðskiptum voru farmskírteini ekki gefin út, fyrr en allir farmar voru komnir um borð í skip. Stefndi hafði því eigi ástæðu til að ætla, að breytt yrði um fyrri venju í þessum efnum, nema sérstaklega væri um það samið.

Með hliðsjón af framangreindu lítur dómurinn svo á, að samningur sá, er gerður var milli stefnanda og stefnda um fiskflutning með e/s Brúarfossi til Frakklands í aprílmánuði 1948 hafi að efni til verið samhljóða farmskírteini, útgefnu 14. apríl s. á., og beri stefnda því að greiða stefnanda £ 677-17-9 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. október 1948 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Af þeim ástæðum, sem nú hefur verið lýst, kemur varakrafa eigi til álita.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskiðjuver ríkisins, greiði stefnanda, h/f Eimskipafélagi Íslands, £ 677-17-9 með 6% ársvöxtum frá 14. október 1948 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 160/1951. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Eggert Kristjáni Lúðvík Eggertsssyni Fjeldsted (Sigurður Ólason).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Umferðarreglur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að greiðslufrestur sektarinnar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Eggert Kristján Lúðvík Eggertsson Fjeldsted, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 9. maí 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 9. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Einari Péturssyni, fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2750/1951: Ákæruvaldið gegn Eggerti Kristjáni Lúðvík Eggertssyni Fjeldsted, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað af hálfu ákæruvaldsins gegn kærða, Eggerti Kristjáni

Lúðvík Eggertssyni Fjeldsted kaupmanni, til heimilis að Hverfisgötu 32 hér í bæ, fyrir brot gegn umferðarlögum nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1914 á Flateyri. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1932 15/11. Dómur aukaréttar Ísafjarðarsýslu, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928 og 240. gr. sbr. 38. gr. og 63. gr. hegningarlaganna.

1940 27/2. Undir rannsókn í Reykjavík út af meintri sviksemd samkvæmt kæru Brands Vilhjálmssonar, Hverfisgötu 32. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 12/12 1940.

1941 25/6. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 50 kr. sekt fyrir brot gegn húsaleigulögum.

1942 3/9. Sátt í Reykjavík, 100 kr. sekt fyrir brot á reglum um matvælaskömmtun.

1945 24/8. Sátt í Reykjavík, 100 kr. sekt fyrir brot gegn iðnlögunum.

1947 14/6. Sátt í Reykjavík, 50 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.

— 30/6. Sátt í Reykjavík. Áminning fyrir samskonar brot.

— 29/9. Sátt í Reykjavík. Áminning fyrir samskonar brot.

1949 22/1. Rvík. Dómur lögregluréttar, 600 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 67/1947 og reglugerð nr. 190/1947.

1950 2/1. Rvík. Dómur, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 20. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Lögreglumaðurinn Björn Jónsson kærði hinn 15. júní 1950, að bifreið kærða, R. 4544, hefði staðið mannlaus og óhreyfð við húsið nr. 11 við Austurstræti þann dag kl. 15.10 til kl. 15.35.

Kærði neitar kærunni. Hann kveðst að vísu hafa skilið bifreið sína eftir við Austurstræti 11 á því tímabili, sem í kærunni greinir. Hann kveðst hins vegar í mesta lagi hafa lagt bifreiðinni á nefndan stað í 5 mínútur, en ekið síðan vestur í bæ og lagt henni síðan aftur í á að gizka 5 mínútur, nánast á sama stað.

Vitnið Björn Jónsson lögregluþjónn kveðst öruggt um, að bifreið kærða stóð við Austurstræti 11 þann tíma, sem greinir í skýrslu þess, og kveðst öruggt um, að bifreiðin var ekki hreyfð á þeim tíma.

Önnur vitni voru ekki að atvikinu, og eru nægilegar sönnur ekki færðar á, að kærði hafi þarna gerzt brotlegur. Verður því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Þriðjudaginn 14. marz 1950, kl. 15.42, var Guðmundur Kristinn Helgason á verði á Lækjartorgi og sá bifreið kærða ekið suður Lækjartorg að gatnamótum Bankastrætis og Austurstrætis og beygt vestur Austurstræti. Þegar bifreiðin fór yfir nefnd gatnamót, bannaði rautt ljós umferð yfir þau, en bifreiðinni var ekið hiklaust áfram.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið á ferð á þeim stað og tíma, sem

í skýrslunni greinir. Hann kveður hins vegar grænt ljós hafa verið á götuvitanum á horni Lækjargötu og Bankastrætis, þegar hann nálgaðist hann. En er hann var kominn móts við götuvitann, kom gult ljós, og kveðst kærði því ekki hafa séð ástæðu til að nema staðar. Hann hélt því áfram og kveðst hafa verið kominn inn í Austurstræti, er rautt ljósmerki kom.

Vitnið Guðmundur Kristinn Helgason lögregluþjónn skýrir svo frá, að það hafi orðið vart við mann á gangstéttinni við stjórnarráðsblettinn, er beið þess, að umferðarljós heimiluðu honum ferð yfir götuna á Lækjartorg. Sá vitnið manninn ganga út á götuna, en í því hafi bifreiðinni R-4544 verið ekið greitt suður Lækjartorg og í veg fyrir manninn, sem varð að hrökklast á gangstéttina aftur. Sá vitnið þá, að rautt ljósmerki bannaði umferð yfir gatnamótin þarna. En bifreiðinni var samt beygt inn í Austurstræti í krappri beygju.

Vitnið Heimir Sigurðsson iðnaðarmaður, Miklubraut 16, kveðst í umrætt skipti hafa verið statt á gangstéttinni við stjórnarráðsblettinn á horni því, þar sem Lækjargata, Bankastræti og Austurstræti mætast. Beið vitnið þess þar, að umferðarljósin heimiluðu því ferð yfir Lækjargötu. Þegar rautt ljósmerki kom, sem bannaði umferð bifreiða úr Lækjargötu, sté vitnið út á götuna. En þá var bifreiðinni R-4544 ekið norðan Lækjargötu á mikilli ferð og ekið hiklaust gegn rauðu ljósmerkinu inn í Austurstræti. Vitnið varð að hrökklast upp á gangstéttina aftur.

Bæði ofangreind vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Með eiðfestum vitnisburði þessara tveggja vitna verður að telja sannað þrátt fyrir neitun kærða, að hann hafi ekið úr Lækjargötu yfir gatnamót hennar og Austurstrætis inn í Austurstræti, þótt rautt ljósmerki bannaði honum umferð yfir gatnamótin.

Varðar það brot kærða við 1. mgr. 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 5. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, er afplánist 4 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði og allan kostnað sakarinnar.

Dráttur hefur orðið á máli þessu, og stafar hann af því, að málsskjölin mislögðust, meðan á vélritun réttarprófanna stóð.

Dómsorð:

Kærði, Eggert Kristján Lúðvík Eggertsson Fjeldsted, greiði 200 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 19/1951. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Jakobi Sigurði Sigurjónssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð í málinu.

Ákærði fór frá bifreið sinni á Hilmisgötu, án þess að gera fullnægjandi ráðstafanir því til varnar, að bifreiðin færi af stað af sjálfsdáðum eða að aðvífandi menn gætu komið henni af stað. Með þessu gáleysi sínu hefur hann valdið slysi því, er í málinu greinir, og gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, sbr. og 2. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 72/1937. Þar sem fallast má á úrlausn héraðsdóms um refsingu, ökuleyfissviptingu og sakarkostnað, ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 1100 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti,

hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 19. desember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. þ. m., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Jakobi Sigurði Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, Boðaslóð 1, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga, bifreiðalögum nr. 23/1941 og umferðarlögum nr. 24/1941 til refsingar, sviptingar ökuréttinda og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, er fæddur 23. júní 1928 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum, öllum í Vestmannaeyjum:

1947 10/6. Sátt, 60 kr. sekt fyrir ólöglegan ökuhraða.

1948 31/1. Dómur, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga og 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.

Ákærði er bifreiðarstjóri að atvinnu og starfar á Bifreiðastöð Vestmannaeyja. Ekur hann sinni eigin bifreið, V-95, sem er 3ja tonna Fordbifreið, model 1947. Klukkan 9 að morgni þess 2. okt. s.l. var hringt á stöðina frá Hraðfrystihúsinu H-30 og beðið um bifreið til þess að kalla fólk í vinnu. Ákærði var látinn fara þessa ferð, og ók hann niður að Hraðfrystistöðinni og tók þar mann með sér til þess að fara í húsin og kalla á fólkið, og var það Þórir Jóhannsson frá Höfðahúsi. Þeir fóru fyrst upp á Hásteinsveg og kölluðu þar eina konu. Þaðan fóru þeir niður á Vesturveg og kölluðu þar fólk og síðan inn á Vestmannabrautina að Sandgerði og Gunnarshólma og þar næst inn á Hilmisgötuna. Námu þeir þar staðar við innganginn milli garðanna fyrir framan hús Engilberts Gíslasonar, Hilmisgötu 3, og hússins Hilmisgötu 1. Fór Þórir þar út úr bifreiðinni og ætlaði að bakdyrum hússins Hilmisgötu 5, til þess að kalla á konu, sem þar bjó. Svo hagar til þarna, að húsin Hilmisgata 1, Hilmisgata 3 og Hilmisgata 5 eru öll sambyggð, og er yfirbyggt port á milli húsanna Hilmisgötu 1 og Hilmisgötu 3. Lá leiðin eftir stíg milli garðanna fyrir framan húsin, ca. 15 metra löngum, síðan gegnum portið og upp með húsinu Hilmisgötu 3 að austanverðu. Öll var leiðin frá bifreiðinni að bakdyrum Hilmisgötu 5 34 metrar. Er Þórir var kominn út úr bifreiðinni, kallaði hann til ákærða og kvaðst ekki vita, hvar ganga ætti inn í húsið. Ákærði ákvað þá að fylgja honum. Slökkti hann á bifreiðinni og kveðst hafa sett handbremsuna á, en hélt hins vegar, að hann hefði ekki sett bifreiðina í „gír". Kveðst Þórir hafa veitt því athygli, að ákærði beygði sig áfram og kippti í, og hafi sér því verið ljóst, að hann hafi bremsað bifreiðina. Hlupu þeir síðan við fót upp stiginn milli garðanna, og er þeir komu í portið, kveðst ákærði hafa litið augnablik aftur og séð, að bifreiðin var kyrr á götunni. Héldu þeir svo áfram og að bakdyrum hússins Hilmisgötu 5. Börðu þeir þar á dyr, og kom konan, sem þeir ætluðu að hitta, svo að segja strax til dyra. Skil-

uðu þeir erindinu og áttu stutt samtal við konuna og hröðuðu sér síðan til baka. Er þeir komu í portið, var bifreiðin horfin af götunni. Hafði þá liðið stuttur tími, frá því þeir skildu við hana, en nákvæmlega kváðust þeir ekki geta tilgreint tímann, en ljóst er, að hann hefur hlotið að vera skammur. Héldu þeir í fyrstunni, að einhver hefði tekið bifreiðina og ekið henni í burtu, en er þeir komu út á götuna, sáu þeir, hvar bifreiðin stóð á ská á gangstéttinni fyrir framan Baðhúsið, rúmum 50 metrum neðar við götuna. Hafði bifreiðin numið staðar við steyptan vegg fyrir framan Baðhúsið, og sáu þeir strax, að kona var níst milli veggsins og bifreiðarinnar. Hlupu þeir strax niður að bifreiðinni, og um sama leyti bar þarna ýmsa menn að. Er að var komið, var afturendi bifreiðarinnar vinstra megin uppi á garðinum, og náði vinstra afturhornið allt að því hálfan metra inn yfir garðinn. Vinstra afturhjól var á lofti, en hægra afturhjól var á gangstéttarbrúninni, en hægra framhjólið úti á götunni. Stóð bifreiðin þannig á ská á gangstéttinni, og var konan klemmd inni í kverkinni milli bifreiðar og veggjar, og hafði vinstra hornið á grindinni undir troginu rekizt inn í brjóst konunnar. Konan var örend, er að var komið, og hafði slysið gerzt svo hljóðlega, að maður, sem staddur var á gangstéttinni nokkrum metrum neðar, hafði ekki orðið þess var. Einn þeirra, sem að kom, Alfons Björgvinsson, stökk þegar inn í bifreiðina, setti hana í gang og ætlaði að aka áfram. En hann hvarf frá því, því bæði var, að útlit var til, að konan myndi þá dragast með bifreiðinni, og svo var annað afturhjólið á lofti, svo að ekki var unnt að aka bifreiðinni áfram. Þeir, sem komnir voru á staðinn, röðuðu sér þá á bifreiðina og lyftu henni upp að aftan og fjarlægðu hana frá veggnum, og gekk það greiðlega. Féll konan þá niður á götuna. Var hún síðan tekin upp og flutt upp á sjúkrahús. Þetta var Guðný Ólafsdóttir, húsfreyja á Kirkjuvegi 70, Vestmannaeyjum, kona Snæbjörns Bjarnasonar trésmíðameistara. Hún var fædd 9. marz 1895 og var því 55 ára að aldri. Hún virtist hafa látizt strax, er hún varð fyrir bifreiðinni. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 3. okt. s.l., var lík hennar með skrámum og mari hægra megin á andliti og hálsi. Hægra viðbein var mölbrotið, og um mitt viðbeinið var sár inn í lungu eins og eftir stungu, og var mar í kringum sárið. Aðrir áverkar voru ekki sjáanlegir.

Tvö vitni höfðu veitt konunni athygli, rétt áður en slysið varð, og annað þeirra var eina vitnið, sem sá bifreiðina koma niður götuna, en þó ekki nema nokkuð af leiðinni. Helga Jónsdóttir, Vestmannabraut 30, kvaðst hafa verið stödd í eldhúsinu í íbúð sinni að morgni þess 2. okt. s.l. og hafa verið að hella upp á könnuna. Varð henni þá litið út um gluggann á eldhúsinu og sá þá Guðnýju Ólafsdóttur koma gangandi upp gangstéttina austan megin við Bárustíginn. Var hún með mjólkurbrúsa og innkaupatösku í hendinni. Leit vitnið þá á armbandsúr sitt, og var þá klukkan 20 mínútur gengin í tíu. Síðan hélt vitnið áfram að hella upp á könnuna án þess að hreyfa sig frá glugganum og leit svo eftir augnablik út á götuna. Sá hún þá, að konan hafði orðið fyrir bíl og var klemmd milli steinveggsins fyrir framan Baðhúsið og bifreiðarinnar, milli aftasta og næst aftasta bitans undir bifreiðinni, og virtist aftasti bitinn vera búinn að fara yfir

hana. Hreyfðist höfuð hennar, og var því ljóst, að konan var alveg nýorðin fyrir bifreiðinni, er vitnið leit til hennar. Alfons Björgvinsson kvaðst hafa verið á gangi á Strandveginum á tíunda tímanum umræddan morgun. Gekk hann þaðan inn á Bárustíginn og fór eftir gangstéttinni austanmegin. Er hann var kominn móts við húsið Drífanda (Bárustíg 2), sá hann bifreið koma afturábak niður veginn móts við húsið Viðey (Vestmannabraut 30). Síðan sá hann, að bifreiðin fór upp á gangstéttina fyrir neðan Viðey, og hélt vitnið fyrst, að verið væri að bakka bifreiðinni inn í krikann, sem er norðan og neðan við húsið. Alveg í þessum svifum sá hann konu á gangstéttinni fyrir framan Baðhúsið, og virtist hún á uppleið, því hún sneri baki að vitninu. Stutt bil var milli konunnar og bifreiðarinnar, og sá vitnið, að fum kom á konuna, og beygði hún snöggvast til hægri, en hörfaði svo til vinstri upp að steinveggnum fyrir framan Baðhúsið. Bifreiðin rann áfram og á steinvegginn, og varð konan á milli. Allt gerðist þetta í skjótri svipan, og var vitnið komið móts við Miðstræti, er slysið átti sér stað. Vitnið tók þegar til fótanna og hljóp upp Bárustíginn og að slysstaðnum. Bifreiðin var mannlaus og vélin ekki í gangi, og stökk vitnið inn í bifreiðina og setti hana í gang og ætlaði að aka henni áfram, eins og fyrr getur. Var vitnið fyrsti maðurinn, sem kom inn í bifreiðina, eftir að slysið hafði viljað til. Fullyrti vitnið, að bifreiðin hefði ekki verið í gír, og gerði ráð fyrir, að engar bremsur hefðu verið á, en annars hefði það ekki veitt því sérstaka athygli.

Sverrir Bjarnason, Landagötu 25, Vestmannaeyjum, var eina vitnið, sem hafði veitt bifreiðinni athygli á Hilmisgötunni. Kvaðst hann hafa verið við vinnu í Hraðfrystistöðinni við Hilmisgötu, gegnt Hilmisgötu 3, og hafi hann farið niður á Barinn á Bárustíg 11 rétt fyrir kaffihléið að morgni þess 2. okt. s.l., til þess að kaupa sér sígarettur. Er hann kom út úr húsinu, sá hann bifreið ákærða standa á veginum fyrir framan hraðfrystihúsið, en hinum megin á veginum. Engan mann sá hann hjá bifreiðinni, en hvort hún var mannlaus, kvaðst hann ekkert geta sagt um, því hann aðgætti hana svo lítið. Hélt hann síðan áfram niður á Barinn og keypti þar sígarettupakka, opnaði hann og fékk sér sígarettu. Alveg í því heyrði hann, að Alfons Björgvinsson kallaði út á götuna: „Komið þið, komið þið." Hafði þá liðið örstuttur tími, frá því hann kom inn í búðina. Um leið og hann heyrði Alfons Björgvinsson kalla, sá hann eiganda búðarinnar, Björn Guðmundsson, taka viðbragð og hlaupa upp gangstéttina, en hann hafði verið að sópa gangstéttina fyrir framan búðina. Vitnið fór þá strax út úr búðinni og sá þegar, að alvarlegt slys hafði átt sér stað af völdum bifreiðar ákærða nokkrum metrum ofar við götuna.

Ákærði kveðst halda, að hann hafi séð einhvern mann fyrir utan hraðfrystihúsið um það leyti, sem hann var að fara út úr bifreiðinni, en hins vegar hafi hann ekki veitt því athygli, hver það var. Er líklegt, að það hafi verið Sverrir Bjarnason, er hann var að leggja af stað niður á Barinn, og eftir tímanum virðist það vel geta staðið heima.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn í Vestmannaeyjum athugaði bifreið ákærða strax eftir slysið. Reyndist bifreiðin í fullkomnu lagi, bæði stýri, bremsur

og gírar og yfirleitt hvað eina. Lét hann bifreiðina nema staðar í brattri brekku og setti handbremsuna á, og hélt hún fullkomlega. Eins keyrði hann á handbremsunni, og hélt hún alveg. Kveðst hann álíta, að algerlega væri útilokað, að bifreiðin hefði farið af stað af sjálfsdáðum, ef handbremsan hefði verið sett á. Eins myndi bifreiðin ekki hafa runnið af stað, ef hún hefði verið sett í gír.

Fjarlægðin frá staðnum, þar sem ákærði skildi við bifreiðina fyrir slysið, og að slysstaðnum er 54⁷/₁₀ metrar. Á fyrstu 32 metrunum er hæðarmunurinn 60 sentimetrar, en þaðan að slysstaðnum er hæðarmunurinn 65 sentimetrar. Á allri leiðinni er því hæðarmunurinn 125 sentimetrar. Hallinn er samkvæmt þessu ekki mikill, og er hann varla sjáanlegur á staðnum, þar sem ákærði skildi við bifreiðina. Þó reyndist svo við athugun, sem gerð var eftir slysið, að bifreiðin seig þar strax af stað, er handbremsan var tekin af. Rann hún mjög hægt í fyrstunni, en fyrirsjáanlegt, að hraðinn myndi aukast, áður en næði slysstaðnum. Vegurinn er þarna malarborinn og harður, en bifreiðin var þung og hjólin harðpumpuð.

Ákærði hefur talið, að hann kunni að hafa skilið við bifreiðina óhemlaða, þrátt fyrir það, að hann tók í handbremsustöngina, áður en hann yfirgaf hana á Hilmisgötunni. Hins vegar þykir honum undarlegt, að hann sá enga hreyfingu á bifreiðinni, er hann leit til baka í portinu milli Hilmisgötu 1 og Hilmisgötu 3. Hefur hann því getið þess til, að einhver óviðkomandi hafi farið að eiga við bifreiðina og tekið handbremsuna af, er þeir Þórir voru komnir í hvarf. Aftur á móti sáu þeir hvorki börn né fullorðna á götunni eða í grennd við bifreiðina, er þeir yfirgáfu hana, að því undanskildu, að ákærði hélt, að hann hefði séð mann við hraðfrystistöðina, eins og fyrr er getið. Er þeir aftur vitjuðu bifreiðarinnar, var gatan mannlaus, og sáu þeir engan í námunda við staðinn, þar sem þeir skildu við bifreiðina. Sverrir Bjarnason, er fyrr getur, sá engin börn á leið sinni frá Hraðfrystihúsinu niður á Barinn, og Alfons Björgvinsson kvaðst ekki hafa tekið eftir neinum börnum á Hilmisgötunni eða Vestmannabrautinni, er hann sá bifreiðina koma niður hjá Viðey, en er hann kom á slysstaðinn, sá hann börn í tröppunum í Viðey norðanmegin. Önnur vitni komu ekki á þessar slóðir, fyrr en eftir að slysið hafði átt sér stað, og gátu þar af leiðandi ekkert borið, sem þýðingu hafði varðandi þetta atriði.

Samkvæmt því, sem þegar er fram tekið, virðist mega telja upplýst, að ákærði hafi ekki sett bifreiðina í gír, er hann skildi við hana á Hilmisgötunni. Er þar með upplýst, að ákærði hafi skilið við bifreiðina á ótilhlýðilegan hátt. Þá hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins, sem benti til þess, að börn eða aðrir óviðkomandi hafi farið að eiga við bifreiðina og sett hana af stað, og er því sennilegast, að ákærði hafi skilið við bifreiðina óhemlaða, þótt hins vegar megi telja upplýst, að hann hafi tekið í handhemilsstöngina. Hefur ákærði með þessum mistökum brotið gegn 27. gr., 1. mgr., og 31. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og orðið valdur að dauða konunnar fyrir vítavert gáleysi. Hefur hann því einnig brotið gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þeirri grein og 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga og

með tilliti til þess, að ákærði hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn bifreiða- og umferðarlögunum og 219. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða og þar á meðal kr. 450.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Axels Ó. Ólafssonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, greiði kr. 3000.00 í sekt í ríkissjóð innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Hann er sviptur ökuréttindum í eitt ár frá deginum í dag að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, áfallandi og áfallinn, og þar á meðal kr. 450.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Axels Ó. Ólafssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 7. febrúar 1952.

Nr. 125/1951. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Jakobi Sigurði Sigurjónssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Árekstur bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Ólafur Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Út af sakarefni því, er mál þetta fjallar um, var höfðað mál gegn ákærða og Kristjáni Georgssyni. Í héraði var Kristjáni Georgssyni dæmd sektarrefsing svo og að greiða ¾ hluta sakarkostnaðar. Ákærða Jakob Sigurði, sem talinn var brot-

legur við tiltekin ákvæði bifreiðalaga og umferðarlaga, var hins vegar eigi dæmd sérstök refsing í málinu, en gert að greiða ¼ hluta af kostnaði sakarinnar, þar með taldar kr. 250.00 til skipaðs talsmanns hans í héraði. Dómi þessum hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar ákærða Jakob Sigurð.

Ákærði ók bifreið sinni í umrætt skipti með hóflegum hraða og var kominn yfir mitt torgið, þar sem Vestmannabraut og Kirkjuvegur skerast, er bifreiðin V 104, sem kom með miklum hraða frá hægri hlið, rakst á bifreið hans. Að svo vöxnu máli, þykir ákærða eigi verða talið það til sakar, að honum tókst ekki að forða árekstri. Þykir því bera að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð sakarkostnað þann, er ákærða var dæmt að greiða í héraði, svo og allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Sigurður Sigurjónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Framangreindur sakarkostnaður í héraði svo og allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 400 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 31. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn þeim Jakobi Sigurði Sigurjónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Boðaslóð 1 hér í bæ, svo og Kristjáni Georgssyni stúdent, Vestmannabraut 25 hér í bæ, fyrir meint brot á bifreiðalögunum nr. 23/1941, umferðarlögunum nr. 24/1941 svo og lögreglusamþykkt Vestmannaeyja.

Kærði Kristján Georgsson er fæddur 13. nóvember 1928 í Vestmannaeyjum, og hefur hann ekki sætt kærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Kærði Jakob Sigurður Sigurjónsson er fæddur 23. júní 1928 og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum, öllum í Vestmannaeyjum:

1947 10/6. 60 kr. sekt fyrir ólöglegan ökuhraða (bifreiðalagabrot).

1948 3/1. 500 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna, 27. gr. bifreiðalaga og 29. gr. umferðarlaga.

1950 19/12. 3000 kr. sekt og ökuleyfissvipting í eitt ár fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga, 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru, sem hér segir:

Hinn 2. des. s.l. rétt fyrir kl. 12 á hádegi ók kærði Jakob Sigurjónsson bifreið sinni, sem er Ford-vörubifreið af gerðinni 1947, vestur Vestmannabraut. Er kærði kemur á gatnamótin, þar sem Kirkjuvegur og Vestmannabraut skerast, sér hann, hvar bifreið er ekið upp Kirkjuveginn og í áttina til hans. Honum virtist bifreið þessari, sem reyndist vera bifreiðin V-104, vera ekið talsvert hratt. En bifreið þessi er fjögurra manna fólksbifreið af gerðinni Vauxhall. Skipti engum togum, að bifreiðin V-104 skall á hægra afturhjól bifreiðarinnar V-95 með þeim afleiðingum, að bifreiðin V-95 kastaðist sem næst upp að gangstéttinni rétt fyrir framan Samkomuhús Vestmannaeyja.

Bifreiðarstjóri sá, er ók bifreiðinni V-104, reyndist vera Kristján Georgsson, til heimilis að Vestmannabraut 25 hér. Hann skýrir svo frá, að hann hafi umræddan 2. des. s.l. sótt mann nokkurn á bifreiðinni V-104, og ætlaði hann að aka honum út á flugvöll. Ók hann upp Kirkjuveginn og ætlaði að sveigja inn á Vestmannabrautina og aka til vesturs, en þegar hann sveigði til vesturs, fékk hann sólina beint í augun. Við það blindaðist hann algerlega. Skyndilega sá hann bifreið rétt fyrir framan bifreið sína í ca 3ja metra fjarlægð. Tókst honum ekki að hemla nógu rækilega, og skall framendi bifreiðarinnar V-104 á hægra afturhjól bifreiðarinnar V-95 með þeim afleiðingum, að bifreiðin V-95 kastaðist til á götunni upp að gangstéttinni fyrir framan Samkomuhús Vestmannaeyja.

Eitt vitni, Loftur Þórðarson, til heimilis að Uppsölum hér í bæ, hefur gefið skýrslu í máli þessu, en vitni þetta sat í stýrishúsi bifreiðarinnar V-95, er umræddur árekstur skeði. Vitnið skýrir svo frá, að þeir Jakob Sigurjónsson hafi komið akandi vestur Vestmannabrautina, og hafi vitnið, er þeir voru á gatnamótum Vestmannabrautar og Kirkjuvegar, séð bifreiðina V-104 koma akandi upp Kirkjuveginn. Hann telur, að bifreiðinni V-104 hafi verið ekið hratt eða samkvæmt ágizkun hans á ca 40—50 km. hraða, miðað við klukkustund. Hafi bifreiðinni verið ekið meira á hægri vegarhelmingi. Hann telur, að bifreiðin V-104 hafi haldið stefnu sinni óbreyttri, unz hún rakst á hægra afturhjól bifreiðarinnar V-95. Hann kveður áreksturinn hafa verið mjög harðan, þannig að bifreiðin V-95 hafi kastazt til á götunni, enda þótt bifreiðin V-95 hafi verið á snjókeðjum og sé auk þess þung vörubifreið. Hann tekur einnig fram, að hann hafi ekki getað séð, að bifreiðin V-104 hafi neitt hægt á ferð sinni, frá því að vitnið sá hana fyrst, og þar til er áreksturinn varð.

Vitni þetta hefur unnið eið að framburði sínum.

Kærði Kristján Georgsson hefur viðurkennt að hafa sveigt yfir á hægra götuhorn Kirkjuvegs, en það hafi hann gert vegna barna, sem voru að leik á sleðum þarna á götunni. En það, að börn hafi verið að leik þarna, af-

sakar ekki framferði kærða Kristjáns, þar sem hann hefði átt að nema staðar eða að minnsta kosti að hægja mjög á ferðinni og gefa hljóðmerki í samræmi við 28. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 svo og 49. og 51. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja. Þá hefur Kristján einnig brotið 7. gr. umferðarlaga, þar sem honum bar skylda til að víkja, þar sem hann hafði bifreiðina V-95 á vinstri hönd sér, sbr. 2., 6. og 7. gr. laga nr. 24/1941, en kærði Kristján virðist alls ekki hafa veitt bifreiðinni V-95 neina athygli fyrr en á síðustu stundu, þannig að hann hafði ekki svigrúm til að hemla. Samkvæmt framanskráðu þykir rétt sýnt, að kærði Kristján Georgsson hafi sýnt af sér vítavert gáleysi við akstur bifreiðar í umrætt skipti, og virðist kærði Kristján hafa getað afstýrt slysi, hefði hann sýnt meiri gætni og ekið hægar. Samkvæmt framanskráðu hefur kærði Kristján brotið 2., 6. og 7. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 svo og 27. og 28. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 svo og 49. og 51. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja.

Í samræmi við refsiákvæði nefndra lagaákvæða þykir refsing kærða Kristjáns Georgssonar hæfilega ákveðin kr. 500.00 sekt í ríkissjóð, svo og greiði hann ¾ hluta af kostnaði sakarinnar, áföllnum og áfallandi.

Kærði Jakob S. Sigurjónsson hefur skýrt frá því, að hann hafi séð bifreiðina V-104 talsverðan spöl frá bifreið sinni, og vitnið Loftur Þórðarson hefur einnig skýrt frá því, að það hafi séð bifreiðina V-104, strax og bifreiðin V-95 kom á gatnamót Vestmannabrautar og Kirkjuvegar og þá talsverðan spöl frá bifreiðinni V-95. Kærði Jakob hefur skýrt frá því, að hann hafi strax gert ráð fyrir, að árekstur kynni að verða, en hann heldur samt ferðinni áfram með óbreyttum hraða og án þess að gefa hljóðmerki.

Samkvæmt framanskráðu virðist sýnt, að kærði Jakob hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við stjórn bifreiðarinnar V-95 í umrætt skipti, og hefur hann brotið 2. gr. laga nr. 24/1941 svo og 27. og 28. gr. laga nr. 23/1941.

Brot þetta framdi Jakob S. Sigurjónsson 2. des. s.l., en dómur í fyrra máli hans, er dómtekið var 13. des. s.l., var upp kveðinn hinn 19. s. m., sbr. hegningarvottorð kærða hér að framan.

Í báðum þessum málum hefði mátt dæma samtímis, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, og dæma ákærða aðeins hegningarauka í samræmi við 78. gr. sömu laga, en þar sem broti þessu er þannig varið, að ef dæmt hefði verið um málin í einu lagi, þá hefði refsing kærða ekki orðið þyngri en hún varð með dóminum frá 19. des. s.l., svo að rétt þykir, að kærða verði eigi gerð sérstök refsing í máli þessu. Kærða ber hins vegar að greiða ¼ hluta af kostnaði sakarinnar, þar af 250 krónur til skipaðs talsmanns síns, Axels Ó. Ólafssonar.

Því dæmist rétt vera:

Kærða Jakob S. Sigurjónssyni verður eigi gerð sérstök refsing í máli þessu.

Kærði greiði ¼ hluta af kostnaði sakarinnar, þar af kr. 250.00 til skipaðs talsmanns síns, Axels Ó. Ólafssonar.

Kærði Kristján Georgsson greiði kr. 500.00 í sekt til ríkissjóðs

innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Hann greiði ¾ hluta sakarkostnaðar, áfallins og áfallandi, þar af kr. 250.00 til skipaðs talsmanns síns, Fr. G. Johnsens hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúar 1952.

Nr. 119/1951. **Gísli Halldórsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Sigríði Einarsdóttur (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Búskipti hjóna. Ágreiningur um séreign.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1951. Gerir hann þær kröfur, að fasteignin nr. 6 við Flókagötu í Reykjavík og skuldabréf það, sem í úrskurði skiptaráðanda greinir, að eftirstöðvum kr. 58.600.00, verði dæmd eign félagsbús aðilja, svo og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurði skiptaráðanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Á dómþingi 15. júní 1951 viðurkenndi áfrýjandi, að stefndi hefði lagt fram kr. 10.000.00 til kaupa á Flókagötu 6, og kvaðst áfrýjandi ekki muna, hvort hann hefði sjálfur lagt fram fé til þeirra kaupa. Þá hefur áfrýjandi í skattframtölum og annars, er tilefni gafst, talið fasteignina nr. 6 við Flókagötu séreign stefnda. Með tilvísun til þessara atriða og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gísli Halldórsson, greiði stefnda, Sigríði Einarsdóttur, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. júlí 1951.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 12. þ. m., hefur sóknaraðili, Sigríður Einarsdóttir, Bólstaðarhlíð 3, Reykjavík, krafizt þess, að húseignin nr. 6 við Flókagötu, Reykjavík, og veðskuldabréf, útgefið 10. febr. 1949 af Gísla Halldórssyni til handhafa, upphaflega að fjárhæð kr. 83.600.00, nú að eftirstöðvum kr. 58.600.00, tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í efri hæð og rishæð húseignarinnar nr. 3 við Bólstaðarhlíð, Reykjavík, verði talin séreign sín og að varnaraðilja, Gísla Halldórssyni vélaverkfræðingi, Klapparstíg 26, Reykjavík, verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili, Gísli Halldórsson, hefur mótmælt öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu, *enda* verði:

a) húseignin nr. 6 við Flókagötu í Reykjavík með öllu múr- og naglföstu og tilheyrandi leigulóð og mannvirkjum og öllu, sem téðri eign fylgir og fylgja ber, dregin undir skiptin á félagsbúi aðilja,

b) skuldabréf, útgefið af Gísla Halldórssyni til handhafa 10. febrúar 1949, upphaflega að upphæð kr. 83.600.00, en nú að eftirstöðvum kr. 58.600.00, tryggt með 3. veðrétti í Bólstaðarhlíð 3, Reykjavík, afhent skiptaráðanda, kvittað og aflýst og afmáð úr veðmálabókum,

c) afborgun og vextir, sem hann greiddi sóknaraðilja af umræddu bréfi með fyrirvara um endurgreiðslu 12. maí 1950, að upphæð kr. 30.016.00, fært inn í búið og dregið undir skiptin.

Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðilja.

Aðiljar þessa máls, Gísli Halldórsson og Sigríður Einarsdóttir, gengu í hjónaband á árinu 1935, og gerðu þau þá jafnframt með sér svofelldan kaupmála:

„Innstæða í viðskiptabók nr. 13696 við Landsbankann, að upphæð kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur —, skal vera séreign mín Sigríðar Einarsdóttur svo og arður, er til kemur að falla af peningaupphæð þessari, og ennfremur munir, er ég kann að kaupa fyrir peningana."

Þann 29. febrúar 1940 afsalar Kristmann nokkur Jónsson sjómaður sóknaraðilja húseigninni nr. 6 við Flókagötu, Reykjavík, fyrir kr. 50.000.00, og skyldi kaupverðið greiðast þannig:

1) Kaupandi lofar að taka að sér skuld við Veðdeild Lands-

banka Íslands, er á eigninni hvílir með 1. veðrétti samkvæmt verðbréfi, dags. 6/5 1938, upphaflega kr. 14.000.00, en nú að upphæð ..... kr. 13.602.83

2) Kaupandi gefur út skuldabréf tryggt með 2. veðrétti í hinni seldu eign ..... — 21.400.00

3) Kaupandi greiðir nú í peningum ..... — 14.009.67

4) Seljandi tekur leigutekjur af eigninni fyrir tímabilið frá 1. marz n. k. til 14. maí n. k. sem gilda greiðslu og innheimtir þær sjálfur ..... — 987.50

Kr. 50.000.00

Sérstakur kaupmáli var ekki gerður um húseign þessa eða arð af henni. Þegar aðiljar slitu hjúskap, varð ekki samkomulag um skiptingu eigna þeirra, og var búið afhent skiptaréttinum til meðferðar. Þegar við uppskrift á búinu, sem hófst þann 9. október f. á., kom fram ágreiningur milli aðilja um eign þessa, og hefur sá ágreiningur, eins og fyrr getur, verið lagður undir úrskurð skiptaréttarins.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að hún hafi keypt húseignina Flókagötu 6 fyrir fé það, er hún eignaðist sem séreign með kaupmála þeim, er aðiljar gerðu með sér þann 21. maí 1935, og fyrir arð af því fé, og auk þess hafi bræður sínir lánað sér kr. 5.000.00 í fyrstu útborgun í húsinu. Fyrir þessu telur hún vera fullnægjandi sannanir færðar í málinu með framburði vitnanna bræðra sinna Gústafs og Kristins, seljanda húseignarinnar, Kristmanns Jónssonar, gjaldkera h/f Völundar, Andreasar Bergmanns, svo og stjúpu sinnar, Guðrúnar Oddsdóttur, og auk þess séu ýms fleiri gögn fram komin, sem styðji sitt mál. Þá telur hún, að arður af húseigninni sé einnig séreign sín, og felist það í kaupmálanum, en þenna arð hafi hún meðal annars notað til kaupa á fyrrgreindu veðskuldabréfi, og sé það því séreign sín.

Varnaraðili hefur aftur á móti haldið því fram, að til þess að húseignin Flókagata 6 væri séreign sóknaraðilja, hefði um það orðið að gera kaupmála, en þar sem slíkur kaupmáli hafi ekki verið gerður, hljóti húseignin að vera sameign aðiljanna, enda hafi hann (varnaraðili) lagt fram fé til að standa undir ýmsum greiðslum af húseigninni. Þá telur hann og, að enginn kaupmáli hafi verið gerður um arð af húseigninni, og sé hann því sameign aðiljanna og þar með talið veðskuldabréf það, sem hér um ræðir, svo og greiðslur þær, er inntar hafa verið af hendi af því. Beri því að draga þessar eignir undir búskiptin. Þær kr. 10.000.00, sem sóknaraðili lagði fram til stuðnings húsakaupunum, sé vaxtalaust lán til félagsbúsins, sem beri að endurgreiða sóknaraðilja af fé búsins óskiptu.

Í kaupmála þeim, sem fram er lagður í máli þessu í staðfestu eftirriti og gerður er 21. maí 1935, um það leyti, er aðiljar gengu í hjónaband, varð sparisjóðsbók við Landsbanka Íslands nr. 13696 með innstæðu kr. 10.000.00 séreign sóknaraðilja ásamt arði af peningafjárhæðinni og ennfremur munir, ef keyptir yrðu fyrir þessa fjárhæð. Þá er ágreiningslaust, að fé þetta var notað, að svo miklu leyti, sem það náði, til þess að kaupa

húseignina Flókagötu 6. Það eru engar líkur færðar fyrir því, að varnaraðili hafi nokkurt fé lagt til þessara kaupa, samanber sérstaklega réttarskjal nr. 69, en hins vegar verður að telja sannað með vitnaframburði, að sóknaraðili hafi sjálf útvegað það fé, sem á vantaði til að kaupa eign þessa, án þess að fram hafi komið, að það hafi verið endurgreitt eða krafið af sameignarbúi aðilja. Verður því að álykta, að sóknaraðili hafi keypt húseignina Flókagötu 6 fyrir það fé, sem í kaupmála var greint sem séreign hennar auk persónulegra skuldbindinga hennar á láni, er hún fékk til kaupanna, og áhvílandi skuldum. Þykir því verða að líta svo á, að eignin hafi orðið séreign hennar við kaupin, þótt ekki væri gerður um það sérstakur framhaldskaupmáli. — Varnaraðili hefur haldið því fram, að hann hafi innt af hendi ýmsar greiðslur vegna húseignarinnar, eftir að kaupin fóru fram, en það atriði, þótt sannað væri, getur ekki skipt máli hér, þar sem það yrði aðeins að álítast skuld sóknaraðilja við sameignarbúið, enda hefur í öllum framtölum varnaraðilja til tekju- og eignarskatts húseign þessi verið talin séreign sóknaraðilja.

Í áminnztum kaupmála er svo ákveðið, að arður af þeirri fjárhæð, sem þar greinir, skuli vera séreign sóknaraðilja. Rétturinn telur, að eigi beri að skýra orðalag þetta svo þröngt, að það nái aðeins til arðs af þeirri fjárhæð, sem þar er nefnd. Heldur beri að skýra það þannig, að arður af þeim eignum, sem á annað borð verða taldar séreign aðiljans, skuli og vera séreign hans. Af þessu leiðir, að eftirstöðvar umrædds veðskuldabréfs, sem allar eru tilkomnar við fyrirfram greidda húsaleigu af Flókagötu 6, verður einnig að telja séreign sóknaraðilja.

Samkvæmt þessu verða kröfur sóknaraðilja teknar til greina að öllu leyti, og þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja upp í málskostnað kr. 2.500.00.

Því úrskurðast:

Húseignin nr. 6 við Flókagötu, Reykjavík, og veðskuldabréf, útgefið 10. febrúar 1949 af Gísla Halldórssyni, nú að eftirstöðvum kr. 58.600.00, tryggt með þriðja veðrétti og uppfærslurétti í efri hæð og rishæð húseignarinnar nr. 3 við Bólstaðarhlíð, skal teljast séreign sóknaraðilja, Sigríðar Einarsdóttur.

Þá greiði varnaraðili, Gísli Halldórsson, sóknaraðilja kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. febrúar 1952.

Nr. 136/1950. **Fíladelfíusöfnuðurinn á Sauðárkróki** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Árna Daníelssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. nóvember 1950.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919 fyrir vettvangsdómi Sauðárkróks með stefnu 12. október 1949. Málið var þingfest hinn 22. s. m. Hinn reglulegi bæjarfógeti Sigurður Sigurðsson fór í upphafi með málið, leitaði sætta með aðiljum á dómþingi sama dag, nefndi samdómendur, sbr. 16. gr. laga nr. 41/1919, og spurði vitni á dómþingi 3. desember s. á.

Hinn 9. júní 1950 vék bæjarfógeti Sigurður Sigurðsson sæti í málinu, þar sem hann og kona stefnda eru systkinabörn.

Dómsmálaráðuneytið skipaði síðan hinn 23. s. m. Sigurgeir Jónsson fulltrúa til að fara með og dæma málið. Hélt hann áfram dómsmeðferð málsins á þeim grundvelli, sem bæjarfógeti Sigurður Sigurðsson hafði lagt, og dæmdi málið ásamt samdómsmönnunum Guðjóni Ingimundarsyni og Kristni Briem, sem Sigurður bæjarfógeti hafði nefnt.

Sigurði bæjarfógeta Sigurðssyni bar samkvæmt 36. gr. laga nr. 85/1936 að víkja sæti, áður en samdómendur voru nefndir og vitnaleiðsla fór fram. Var því dómsmeðferð hans og samdómenda þeirra, er hann hafði nefnt, ólögleg svo og síðari dómsmeðferð setudómara og samdómenda, en sú meðferð var framhald meðferðar hins reglulega bæjarfógeta.

Enn er sá galli á meðferð málsins, að héraðsdómari hefur ekki leiðbeint fyrirsvarsmanni áfrýjanda, sem er ólögfróður, um kröfugerð, sem var ófullkomin og óljós af hans hendi, sbr.

114. gr. laga nr. 85/1936.

Vegna allra þeirra galla, sem að framan hafa verið raktir, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir vettvangsdómi frá þingfestingu og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt að þessu sinni fyrir Hæstarétti, og fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir vettvangsdómi frá þingfestingu eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur vettvangsdóms Sauðárkróks 12. ágúst 1950.

Mál þetta er höfðað fyrir lóðamerkjadómi Sauðárkrókskaupstaðar með stefnu, útgefinni 12. okt. 1949.

Stefnandi í máli þessu, Konráð Þorsteinsson, forstöðumaður Fíladelfíusafnaðarins, til heimilis að Hofi (Aðalgötu 12) á Sauðárkróki, f. h. Fíladelfíusafnaðarins á Sauðárkróki hefur uppi þær réttarkröfur, að lóð sú, er Fíladelfíusöfnuðurinn á Sauðárkróki keypti með húseigninni Hofi á Sauðárkróki með kaupsamningi, dags. 8. febr. 1942, að stærð 14×35 álnir, verði ákvörðuð þannig, að suðurtakmörk lóðarinnar verði lína, sem dregin sé frá austri til vesturs um suðausturhorn hússins Hofs þvert á götulínu Aðalgötu, og ákvarðast lóðin síðan 35 álnir frá götu eftir þessari línu og 14 álnir með götu frá suðurtakmarkalínunni, *að* viðurkenndur verði réttur stefnanda til að hafa beinan aðgang frá götu að forstofudyrum hússins Hofs, samkvæmt ákvæði framangreinds kaupsamnings um óhindraðan aðgang að dyrum, og að stefndi verði skyldaður til að fjarlægja hindrun, sem hann hefur sett á aðgang að forstofudyrum Hofs með viðbótarbyggingu við húseign sína, eða að stefndi greiði kostnað við að breyta inngangi í húsið Hof þannig, að stefnandi geti vel við unað.

Stefndi, Árni Daníelsson, kaupmaður að Sjávarborg í Skarðshreppi í Skagafjarðarsýslu, eigandi hússins nr. 14 við Aðalgötu á Sauðárkróki, gerir þær réttarkröfur, *að* lóðamerki milli verzlunarlóðar hans og lóðar Fíladelfíusafnaðarins á Sauðárkróki verði ákvörðuð þannig, að suðurtakmörk verzlunarlóðar hans verði lína, sem dregin sé frá vestri til austurs um norðvesturhorn Hofs þvert í götulínu Aðalgötu, og *að* hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og *að* aðdróttanir stefnanda verði dæmdar dauðar og ómerkar og hann sektaður fyrir ósæmilegan ritháttt.

Hvor aðili um sig hefur krafizt málskostnaðar eftir reikningi eða eftir mati dómsins.

Sáttatilraunir reyndust árangurslausar.

Málavextir:

Hinn 8. febrúar 1942 seldi stefndi, Árni Daníelsson, stefnanda, Fíladelfíusöfnuðinum á Sauðárkróki, húseignina Hof á Sauðárkróki ásamt tilheyrandi lóð.

Ákvæði kaupsamningsins um sölu þessa eru svohljóðandi:

„Það, sem selt er, er húseignin Hof á Sauðárkróki (íbúðarhúsið) ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, sem er 490 — fjögur hundruð og níutíu — ferálnir að stærð. Lóðin er 14 álnir meðfram götu og 35 álnir frá vestri til austurs, en miðað er við beina stefnu frá vesturkanti verzlunarbúðar Árna Daníelssonar í vesturkantinn á verzlunarhúsi Pálma Péturssonar. Forstofan norðan við Hof er á verzlunarlóð Árna Daníelssonar, en skúrarnir Hofsbúðir ganga norður á lóð kaupanda austan við suðausturhornið á Hofi, og hafa eigendur beggja húseignanna jafnan rétt til að láta húsin standa, eins og þau eru nú, þar til eigendum þóknast að rífa þau eða flytja. Báðir aðiljar hafa óhindraðan aðgang að dyrum sínum."

Verzlunarhús stefnda er við Aðalgötu, og er vesturhlið þess á mörkum lóðar og götu. Húsið Hof, sem er 8.34 metrar, mælt við kjallara, en 8.25 metrar, mælt ofan kjallara, á lengd eða rúmlega 13 álna langt, stendur um 9 metra frá Aðalgötu og snýr vesturhlið þess að götunni, en er ekki algerlega hliðstæð við götu. Norðvesturhorn forstofu Hofs, sem er útbygging norður úr húsinu, 2.15 metra breið, er fast upp að suðurvegg verzlunarhúss stefnda.

Skúrarnir Hofsbúðir, sem eru eign stefnda, eru við suðurgafl Hofs og ná nokkuð austur fyrir húsið Hof og 78 cm norður með austurhlið hússins.

Verzlunarhús stefnda er úr steinsteypu, en Hof, forstofa Hofs og Hofsbúðir eru úr timbri, en steyptur kjallari er undir Hofi.

Stefndi hefur nú byggt viðbyggingu úr steinsteypu sunnan við verzlunarhús sitt við götu, 2.03 metra í suður frá húsinu og 5.87 metra langt frá vestri til austurs. Er því ekki lengur beinn gangur frá Aðalgötu að forstofudyrum Hofs, því nýbygging stefnda er beint vestur af forstofu Hofs og því milli dyranna, sem eru vestan á forstofunni, og götu. Þar sem nýja viðbyggingin nær aðeins 5.87 metra frá götu, en húsið Hof stendur um 9 metra frá götu, er rúmlega 3 metra bil milli suðausturhorns viðbyggingarinnar og norðvesturhorns Hofs, og er því hægt að komast um það bil að forstofu Hofs. Lína sú, sem miðað er við í kaupsamningi, milli verzlunarbúðar Árna Daníelssonar og verzlunarhúss Pálma Péturssonar fellur saman við götulínu Aðalgötu.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því:

a) að bæði kaupandi og seljandi álitu, er kaupin voru gerð, að húsið Hof væri 14 álna langt, þ. e. jafnlangt og lóðin væri breið (meðfram götu) og af því leiði, að augljóst sé, að bæði kaupandi og seljandi hafi gert samninginn með það fyrir augum, að suðurtakmörk lóðarinnar væru, þar sem suðausturhorn Hofs er, enda segir í samningnum, að skúrarnir

Hofsbúðir gangi norður á lóð kaupanda austan við suðausturhornið á Hofi. Nú gangi hluti af skúrbyggingunni Hofsbúðum norður með austurhlið Hofs, og sé greinilegt, að við það útskot sé átt í samningnum, er sagt sé, að skúrarnir gangi norður á lóð kaupanda. Sé því augljóst, að miða eigi suðurtakmörk lóðar Hofs við línu, sem dregin sé um suðausturhorn Hofs þvert á aðalgötu.

b) með samningsákvæðinu um óhindraðan aðgang að dyrum hafi stefndi tekið á sig kvöð um að leggja til lóð undir nefndan aðgang án þess að skerða þurfi þá lóð, sem stefnanda tilheyrir samkvæmt nefndum samningi, enda augljóst, að ef stefnandi byggi fyrir framan hús sitt, þá verði hann að nota alla lóðarbreidd sína og geti því ekki tekið af breidd lóðarinnar undir aðgang að nefndum forstofudyrum.

Stefndi rökstyður kröfur sínar með því:

a) að þar sem upplýst sé, að við kaupsamningsgerðina hafi bæði kaupandi og seljandi álitið húsið Hof 14 álna langt, en nú sé upplýst, að húsið sé styttra, eigi lóðin að reiknast jafnlangt suður fyrir húsið Hof, eins og muni á breidd lóðarinnar (meðfram götu) og lengd hússins, vegna þess að kaupsamningurinn segi berum orðum, að forstofa norðan við Hof standi á verzlunarlóð sinni (stefnda). Þar sem báðir aðiljar hafa álitið lengd hússins hina sömu og breidd lóðarinnar (meðfram götu) leiði það af sjálfu sér, að hvorugur aðili hafi vitað, að skúrinn sunnan við húsið Hof gangi norður á lóð kaupanda (stefnanda).

b) að kaupsamningurinn um Hof beri það með sér, að stefnandi eigi aðeins rétt á frjálsum aðgangi að forstofudyrum Hofs, en ekki beinum aðgangi frá götu, enda hafi slíkt aldrei komið til tals og sér hafi aldrei komið slíkt til hugar.

Aðiljar eru sammála um, að til orða hafi komið skipti á lóðarræmu stefnda sunnan við verzlunarhús hans og jafnbreiðri lóðarspildu sunnan af lóð stefnanda, en eru hins vegar ósammála um, hversu langt þeim samningaumleitunum hafi verið komið.

Fram hefur verið lagt í málinu (rskj. 6) byggingarleyfi stefnda til að reisa umdeilda viðbyggingu við verzlunarhús sitt.

Fram hefur verið lagt í málinu (rskj. 7) yfirlýsing frá Kristjáni Reykdal Kristjánssyni, sem var einn af þeim, sem undirrituðu kaupsamninginn um Hof f. h. Filadelfíusafnaðarins. Í yfirlýsingunni lýsir Kristján því yfir, að hann hafi alltaf litið svo á, að kaupendur Hofs ættu að hafa beinan aðgang frá dyrum að götu og að seljandi hefði með ákvæðinu um óhindraðan aðgang tekið á sig þá kvöð að leggja kaupanda til afnot af lóðarræmu þeirri, sem hann nú gerir kröfu til. Enn fremur, að kaupandi hafi með kaupsamningnum eignazt rétt til að byggja hús 14 álnir með götu. Þá lýsir hann því yfir, að aldrei hafi komið til tals við söfnuðinn, að skipt yrði á lóðaræmum.

Tvö vitni hafa verið leidd í málinu.

Vitnið Jónas Jakobsson, fyrrv. formaður Filadelfíusafnaðarins á Sauðárkróki, kveðst hafa haldið, er kaupin á Hofi voru gerð, að húsið væri 14 álna langt. Þá telur sama vitni sig hafa talað um það við stefnda, að

þeir skiptu á lóðarræmum, til þess að tryggt væri, að ekki yrði byggt á lóðarræmu stefnda og til þess að stefndi fengi breiðari lóð sunnan Hofs. Kveður vitnið báða aðilja hafa verið sammála um skiptin, en dregizt hafi af beggja hálfu að ganga formlega frá því, enda aldrei lagt undir úrskurð safnaðarins. Vitnið kveðst aldrei hafa skilið kaupsamninginn þannig, að aðgangur að forstofudyrum Hofs þyrfti að vera beinn frá götu.

Stefnandi hefur mótmælt framburði vitnisins Jónasar Jakobssonar efnislega, þar sem hann sé a. m. k. í einu atriði rangur, þ. e. að það hafi verið vegna dráttar af beggja hálfu, að eigi var gengið formlega frá samningi um lóðarræmuskipti, því villandi sé að tala um að ganga frá samningi, sem aldrei hafi verið gerður.

Vitnið Svavar Sigpétur Guðmundsson kveðst ekki hafa vitað annað, er Hof var keypt, en að það væri 14 álna langt. Vitnið kveður sig ásamt Jónasi Jakobssyni, fyrrv. forstöðumanni Fíladelfíusafnaðarins, hafa rætt um það við Árna Daníelsson, að skipt yrði á lóðaspildum þannig, að söfnuðurinn fengi lóðarspildu Árna að sunnan við verzlunarhús hans, en Árni jafnbreiða spildu sunnan af lóð safnaðarins. Vitninu er ekki ljóst, í hvaða tilgangi lóðaskiptin skyldu gerast, en telur vel geta verið, að það hafi verið til að tryggja, að Árni Daníelsson byggði ekki á lóðarræmu sinni. Vitnið segir Jónas Jakobsson hafa rætt málið við sig, en það hafi aldrei verið borið undir söfnuðinn. Vitnið kveðst ekki muna, að talað hefði verið um, að Hof ætti að hafa beinan aðgang að götu, en kveðst alltaf hafa talið það sjálfsagt.

Aðiljar lýstu því yfir, að þeir tækju framburð vitna og yfirlýsingu gild sem staðfest væru.

Dómurinn gerði áreið á staðinn, eftir að hinn nýi uppdráttur á rskj. 11 hafði verið lagður fram í stað uppdráttar á rskj. 5, sem dómurinn taldi ófullnægjandi, og gengið var úr skugga um, að uppdrátturinn væri réttur og gerður samkvæmt fyrirmælum dómsins.

Telja verður sannað með framburði vitna og aðilja, að er kaupsamningurinn um Hof var gerður 8. febr. 1942, hafi báðir aðiljar álitið, að húsið Hof væri 14 álna langt eða jafnlangt og lóðin, sem því fylgdi, var breið meðfram götu.

Vitnisburðir í málinu og yfirlýsingin á rskj. 7 geta ekki talizt veita neinar frekari upplýsingar en kaupsamningurinn sjálfur um, hver skuli vera mörk lóðar stefnanda að sunnan og norðan. Um ákvæðið í kaupsamningi um óhindraðan aðgang að dyrum geta framangreindir vitnisburðir eða yfirlýsing heldur eigi talizt veita neinar upplýsingar um fram kaupsamninginn, því þar koma aðeins fram mismunandi skoðanir á því, hvernig vitni og yfirlýsingargefandi hafi skilið samningsákvæðið.

Sannað verður að telja, að stefndi og forystumenn Fíladelfíusafnaðarins hafi rætt um skipti á lóðarræmu stefnda sunnan verzlunarhúss hans og jafnbreiðri ræmu af lóð stefnanda, en þær umleitanir virðast aldrei hafa náð svo langt, að leitað væri samþykkis safnaðarins né neinn bindandi samningur gerður um það.

Ekki verður séð, að samningaumleitanir þessar hafi neina þýðingu fyrir úrslit máls þessa.

Að því er ákvörðun lóðar Hofs viðvíkur, er deilt um, hvort reikna skuli breidd lóðarinnar með götu 14 álnir suður frá norðurgafli eða 14 álnir norður frá suðurgafli hússins Hofs. Báðir aðiljar eru sammála um, að rétt sé að miða suður og norðurtakmörk lóðarinnar við línur, sem myndi 90° horn við götulínu Aðalgötu.

Sé krafa stefnanda tekin til greina, reiknist því suðurtakmörk lóðar Hofs lína, sem liggi um suðausturhorn Hofs þvert á Aðalgötu, en sé krafa stefnda tekin til greina, þá séu norðurtakmörk lóðarinnar lína, sem liggi um norðvesturhorn Hofs þvert á Aðalgötu.

Eins og áður er fram tekið, töldu báðir aðiljar við kaupsamningsgerðina húsið Hof 14 álna langt (8.79 m.) eða jafnlangt lóðinni, en það er 8.34 metra langt við jörð, en 8.25 metra langt ofan kjallara. Má telja deiluna um takmörk lóðarinnar sprottna af þeim misskilningi. Skekkja hússins Hofs, miðað við götulínu, er svo lítil, að lóð sú, sem þarf undir húsið, miðað við línur frá suðausturhorni og norðvesturhorni þvert á götu, verður ekki fullra 14 álna löng.

Með því að ákvæðið í kaupsamningi um lóð undir forstofu Hofs verður að teljast ótvíræðara en samsvarandi ákvæði um lóð undir Hofsbúðum, verður að fallast á þá skoðun stefnda, að reikna beri breidd lóðarinnar 14 álnir í suður frá línu, sem dregin sé um norðvesturhorn Hofs þvert á götu.

Við áreið komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að lína þessi félli nokkurn veginn saman við suðurvegg nýbyggingar stefnda, þ. e. að sé miðað við húsið Hof ofan kjallara, þá falli framlenging á suðurvegg nýbyggingarinnar rétt utan við norðvesturhorn Hofs, en sé miðað við grunn Hofs, sem stendur nokkra sentimetra út fyrir húsgaflinn, þá falli framlenging suðurveggsins rétt (2 cm) innan við norðvesturhorn Hofs.

Þar sem telja verður samkvæmt framansögðu línu þá, sem dómurinn telur bera að miða norðurtakmörk lóðar Hofs við, falla raunverulega saman við suðurvegg nýbyggingar Árna Daníelssonar, en hún er úr steinsteypu, þykir rétt að miða lóðarmörk Hofs að norðan við suðurvegg nýbyggingarinnar.

Afmarkast því lóð Filadelfíusafnaðarins þannig:

Með Aðalgötu 14 álnir í suður frá suðvesturhorni verzlunarhúss Árna Daníelssonar, eins og það nú er, að viðbyggingunni meðtalinni. Frá götu í austur séu mörkin 35 álna línur, sem dregnar eru hornrétt í götulínu við suðurgafl nýbyggingar Árna Daníelssonar (að norðan) og 14 álnum sunnar (að sunnan). Milli austurendamarka þessara tveggja lína dregst lína sú, sem takmarkar lóðina að austan.

Krafa stefnanda um, að viðurkenndur verði réttur hans til að hafa beinan aðgang frá götu að forstofudyrum Hofs, verður eigi tekin til greina, þar sem engar sannanir hafa verið færðar fram fyrir því, að um það hafi verið samið, að gangur skyldi beinn, og orðalag kaupsamningsins verður eigi talið gefa annað til kynna en að stefnda sé óheimilt að

byggja þannig á lóð sinni, að stefnandi geti eigi notað forstofudyr Hofs frjálst og óhindrað.

Þegar af framangreindum ástæðum kemur krafa stefnanda um fjarlægingu hindrunar, eða að stefndi beri kostnað af breytingum á Hofi eigi til álita.

Stefndi hefur í málflutningi krafizt ómerkingar aðdróttana og refsingar á hendur stefnanda fyrir ósæmilegan rithátt, en hvorki tilgreint ummæli þau, er hann óskar ómerkt, né rökstutt kröfu sína að öðru leyti, og verður krafa hans í því efni eigi tekin til greina.

Eftir álitum þykir rétt, að stefnandi greiði kostnað við lóðamerkjadóminn kr. 1000.00, þ. e. 500 króna þóknun til hvors meðdómanda. Málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dómsorð:

Lóð hússins Hofs á Sauðárkróki ákvarðast þannig:

Að norðan: Suðurhlið nýbyggingar Árna Daníelssonar og framlenging hennar í austur, samtals 35 álnir frá Aðalgötu. Að vestan: 14 álnir í suður með Aðalgötu frá suðvesturhorni nýbyggingar Árna Daníelssonar. Að sunnan: Lína, sem dregin sé hornrétt á götulínu Aðalgötu við suðurenda vesturtakmarkalínu, 35 álnir í austur. Að austan: Lína, sem dregin sé milli austur endapunkta norður- og suðurtakmarkalínu og myndi 90° horn við þær.

Stefndi, Árni Daníelsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Konráðs Þorsteinssonar f. h. Filadelfíusafnaðarins á Sauðárkróki, um rétt til beins gangs frá Aðalgötu að forstofudyrum Hofs og þar af leiðandi kröfu um fjarlægingu nýbyggingar sinnar.

Stefnandi greiði kostnað við lóðamerkjadóminn, kr. 1000.00.

Málskostnaður falli að öðru leyti niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1952.

Nr. 144/1951. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Pétri Magnúsi Sigurðssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um brot gegn lögum um eftirlit með matvælum o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. janúar 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 3. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 43/1951: Ákæruvaldið gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 13. fyrra mánaðar.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn kærða, Pétri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra, Laugavegi 162, fyrir brot gegn lögum nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum o. fl., sbr. reglugerð nr. 136 19. okt. 1946 um mjólk og mjólkurvörur.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1907 á Siglufirði, og hefur, svo vitað sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1938 14/7 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901.

1939 13/12 Sátt: 5 kr. sekt fyrir samskonar brot.

1947 27/5 Dómur: 1000 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 1/1935 og reglugerð nr. 22/1935.
1948 7/4 Dómur Hæstaréttar í sama máli: Undirréttardómur ómerktur og málinu vísað til dóms á ný.
1948 21/7 Dómur lögregluréttar í sama máli og með sömu dómsniðurstöðu og áður (27/5 1947).
1949 29/4 Dómur Hæstaréttar í sama máli: Ákærði sýknaður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þann 24. febrúar s.l. skrifaði borgarlæknirinn í Reykjavík Mjólkursamsölunni í Reykjavík bréf, þar sem hann tjáði henni, að sér hefði borizt til eyrna, að mjólk, sem Mjólkursamsalan tæki á móti, væri að einhverju leyti upphituð, áður en Mjólkursamsalan tæki við henni. Spurðist borgarlæknir síðan fyrir um það í bréfi þessu, hvort og að hve miklu leyti þetta hefði við rök að styðjast.

Þann 6. marz s.l. svaraði Mjólkursamsalan bréfi borgarlæknis, og var það m. a. tekið fram í bréfi þessu, að sá háttur hefði verið á hafður í Mjólkursamlagi Borgfirðinga öðru hvoru á síðustu árum og þó einkum sumarið og haustið 1949 að hita nokkuð mjólkina, sem send var til Reykjavíkur, áður en hún var send þangað. Þá segir og í bréfi þessu, að Mjólkurbú Flóamanna hafi einnig reynt aðferð þessa, en lítið notað hana. Enn fremur segir þar, að eftir að Mjólkursamsölunni í Reykjavík varð kunnugt um, að slíkri hitun væri að einhverju leyti beitt í fyrrnefndum mjólkurbúum, hafi hún eindregið aðvarað þau um að fara varlega með þessa aðferð, þ. e. að hita mjólkina sem minnst og hita hana ekki, nema þannig standi á, að miklar líkur bendi til, að hitunin verði til verulegra bóta.

Þá segir loks í bréfi þessu, að slík hitun mjólkur, sem hér ræðir um, hafi verið tekin upp í Noregi á styrjaldartímanum til að auka geymsluþol hennar. Sé mjólkin ekki hituð svo mikið, að um gerilsneyðingu sé að ræða, heldur sé tilgangurinn með hituninni sá að fækka gerlum hennar, svo að gagn sé að, án þess að skaða hana, og sé mjólkin að sjálfsögðu kæld, þegar eftir hitunina.

Þetta svarbréf Mjólkursamsölunnar sendi borgarlæknir til umsagnar Sigurði Péturssyni gerlafræðingi og Edward Friðrikssyni mjólkureftirlitsmanni ríkisins þann 8. marz s.l. og óskaði sérstaklega álits þessara manna um, hvort þeir teldu slíka hitun á mjólk, áður en hún er gerilsneydd, hafa skaðleg áhrif á mjólkina. Einnig spurðist borgarlæknir í bréfi sínu til mjólkureftirlitsmannsins sérstaklega fyrir um það, hvort hann hefði gert nokkrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka upphitun á mjólk, sem send væri til gerilsneyðingar í Reykjavík.

Svör þeirra Sigurðar Péturssonar gerlafræðings og Edwards Friðrikssonar mjólkureftirlitsmanns ríkisins við fyrirspurn borgarlæknis um þetta mál verða rakin nokkuð í sambandi við framburði þessara tveggja manna fyrir rétti við rannsókn máls þessa. Þó skal þess þegar getið, að gerlafræðingurinn taldi slíka hitun á mjólk, áður en hún er gerilsneydd, skaðlega fyrir mjólkina og vörusvik af hálfu þess, sem hitunina framkvæmir,

og af svarbréfi mjólkureftirlitsmannsins má ráða, að hann telji slíka hitun mjólkur ekki heppilega, eins og hún var framkvæmd.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. apríl s.l., beiddist lögreglustjórinn í Reykjavík þess, að ráðuneytið tæki mál þetta til meðferðar, en áður hafði heilbrigðisnefndin í Reykjavík falið honum það sem formanni nefndarinnar á fundi, sem nefnd þessi hélt þann 14. apríl s.l. Á fundi þessum hafði borgarlæknir annars skýrt frá því, að hann hefði orðið þess áskynja, að Mjólkursamsalan í Reykjavík hefði um nokkurt skeið tekið við til gerilsneyðingar mjólk, sem áður hefði verið upphituð, og samþykkti nefndin í tilefni af þessum upplýsingum álytkun þess efnis, að hún teldi slíka hitun á mjólk, áður en hún væri gerilsneydd, brot á reglugerð frá 19. okt. 1946 um mjólk og mjólkurvörur og lagði um leið bann við því, að Mjólkursamsalan tæki við upphitaðri mjólk til gerilsneyðingar og sölu í bænum.

Með bréfi, dags. 31. maí s.l., lagði síðan dómsmálaráðuneytið fyrir sakadómarann í Reykjavík að taka mál þetta til réttarrannsóknar og höfða að rannsókn lokinni mál á hendur kærða fyrir brot á fyrrnefndum lögum og reglugerð.

Þessi atvik lágu annars til þess, að tekið var að hita mjólk, sem senda átti á markað í Reykjavík, áður en hún var send þangað, í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, samkvæmt framburðum fyrirsvarsmanna þessara stofnana við rannsókn þessa máls.

Sigurður Guðbrandsson, mjólkurbússtjóri í Borgarnesi, hefur skýrt svo frá, að frá því sumarið 1947, nánar tiltekið á tímabilinu frá miðjum júní til miðs október, hafi hann látið hita mjólk þá, sem Mjólkursamlag Borgfirðinga sendi til Reykjavíkur, og hafi mjólkin verið hituð flesta daga á þessu tímabili, þó ekki, ef sérstaklega var kalt í veðri. Sigurður kveðst hafa gefið undirmönnum sínum fyrirmæli um að hita mjólkina upp í 58° á Celsius og viti hann ekki til, að út af því hafi verið brugðið, enda hafi hann oft sjálfur athugað, hvort þessum fyrirmælum hafi verið hlýtt. Að lokinni þessari hitun hafi svo mjólkin verið kæld niður í 6° á Celsius.

Sigurður Guðbrandsson hefur látið þess getið, að einhvern tíma á sumrinu 1949 hafi kærði átt tal við sig og haft orð á, að mjólk frá Borgarnesi væri óeðlilega gerlalítil. Kveðst Sigurður þá hafa svarað því til, að mjólkin væri hituð og vel kæld. En ekki segir hann kærða hafa lagt bann við þessari mjólkurhitun. Loks í aprílmánuði síðastliðnum hafi kærði tilkynnt sér, að hann mætti ekki taka á móti hitaðri mjólk. Aldrei kveðst Sigurður hafa tilkynnt Mjólkursamsölunni neitt um það, er hann lét hita mjólkina, hvorki almennt né í sérstökum tilfellum.

Ástæðuna fyrir því, að Sigurður Guðbrandsson lét hita mjólk, sem senda átti á Reykjavíkurmarkað, segir hann hafa verið þá, að hann hafi viljað koma mjólkinni frá Borgarnesi óskemmdri til Reykjavíkur eða í eins góðu ástandi og unnt var. Við slíka hitun mjólkurinnar kveðst Sigurður hafa haft hliðsjón af reynslu fræðimanna á sviði mjólkurmála á hinum Norðurlöndunum, sem sjálfir höfðu reynt þessa aðferð undir svipuðum kringumstæðum.

Hann segir sér jafnan hafa verið ljóst, að tvígerilsneyðing á mjólk væri bönnuð á Íslandi, en kveðst hins vegar ekki líta svo á, að slík hitun mjólkur, sem hann lét framkvæma, væri gerilsneyðing, og væri hún því heimil. Sigurður hefur lýst yfir, að hann telji hitunaraðferð þá, sem hann hefur notað, á engan hátt mjólkinni til skemmdar, heldur gerða til að hindra óeðlilegan gerlavöxt í henni, meðan á flutningi stendur.

Sigurður Ingi Sigurðsson, fulltrúi stjórnar Mjólkurbús Flóamanna, hefur skýrt svo frá, að undanfarin 2—3 sumur hafi stundum nokkuð af mjólk verið hitað upp í Mjólkurbúi Flóamanna, áður en hún var send á markaðinn í Reykjavík. Segir hann þenna hátt hafa verið hafðan á við mjólk, sem send var fyrst á morgnana til Reykjavíkur, venjulega 2—3 bílfarma, vegna þess að mjólk þessi hafi verið í mjólkurbúinu frá því kvöldið áður og því elzta mjólkin og hættast við skemmdum. Um tildrögin til þessarar mjólkurhitunar segir Sigurður, að hann og Helgi Mogensen, verkstjóri í Mjólkurbúi Flóamanna, hafi kynnzt henni hjá Sigurði Guðbrandssyni, mjólkurbússtjóra í Borgarnesi, og hafi þeim Sigurði Inga og Helga Mogensen síðan komið saman um að reyna slíka mjólkurhitun um sumartímann við þá mjólk, sem geymd var yfir nóttina í Mjólkurbúi Flóamanna. Sigurður Ingi segir mjólkina hafa verið snögghitaða upp í 50—55° Celsius, en aldrei meira og síðan kælda aftur. Hafi þetta verið gert strax, þegar tekið var við mjólkinni síðari hluta dagsins.

Aldrei segir Sigurður Ingi hafa verið gerða neina athugasemd við þessa meðferð á mjólkinni, og hafi þó mjólkureftirlitsmanni ríkisins verið kunnugt um hana og sennilega flestum, sem að sölu og eftirliti mjólkur störfuðu, því að þetta hafi ekki verið neitt launungarmál. Ekki segir Sigurður Ingi sér hafa dottið í hug, að neitt væri athugavert við þessa meðferð á mjólkinni, þar eð hann taldi ekki vera um neina gerilsneyðingu að ræða, heldur aðeins aðferð til að gera mjólkina geymsluhæfari. Hann segir Mjólkursamsölunni í Reykjavík ekki hafa verið tilkynnt í hvert einstakt skipti, sem hituð mjólk var send til hennar, en hins vegar hafi forráðamönnum hennar verið kunnugt um, að hitunin átti sér stað á því magni og á þeim tíma, sem áður greinir. Sigurður Ingi kveðst minnast þess, að Stefán Björnsson, ráðunautur Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, hafi oft rætt um hitun mjólkurinnar við hann og Helga Mogensen og varað þá við að misnota hana, hvorki að hita mjólkina of mikið né hita hana, nema þess væri talin brýn þörf, og telur Sigurður Ingi, að þessa hafi verið gætt í Mjólkurbúi Flóamanna.

Framburður Helga Mogensen, verkstjóra í Mjólkurbúi Flóamanna, um mál þetta er í samræmi við framburð Sigurðar Inga hér að framan um öll þau atriði, sem máli skipta. Þeim Helga og Sigurði Inga ber saman um, að ekki hafi slík hitun mjólkur, sem hér ræðir um, verið viðhöfð í Mjólkurbúi Flóamanna á síðastliðnu sumri, enda var heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þá búin að banna Mjólkursamsölunni að taka við og selja áður upphitaða mjólk. Kvaddur hefur verið sem vitni í máli þessu Árni Benediktsson, framkvæmdarstjóri Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Segir vitnið sig minna, að það hafi verið sumarið 1948, sem kærði lét þess getið

við það, að hann hefði grun um, að slík hitun mjólkur, sem hér ræðir um, ætti sér stað í Mjólkursamlagi Borgfirðinga, en ekki kveðst það hafa komizt að því, hvað hér væri um mikla hitun að ræða, fyrr en Sigurður Guðbrandsson, mjólkurbússtjóri í Borgarnesi, upplýsti það í blaðagrein á síðastliðnum vetri. Hins vegar kveðst vitnið ekki hafa fengið grun um, að slík mjólkurhitun, en þó í smærri stíl, að því er það telur, hafi átt sér stað í Mjólkurbúi Flóamanna, fyrr en Stefán Björnsson, ráðunautur Mjólkursamsölunnar, lét þess getið við vitnið í fyrravetur, að svo væri. Vitnið kveðst hafa rætt það við Stefán Björnsson, að hann aðvaraði hin tvö fyrrnefndu mjólkurbú um hitun á mjólkinni, áður en hún væri send Mjólkursamsölunni, og segist það þá hafa haft orð á því við Stefán, að sér fyndist hæpið, hvort slík mjólkurhitun væri ekki brot á reglugerð um meðferð mjólkur nr. 136/1946. Aldrei kveðst vitnið hafa lagt bann við því, að Mjólkursamsalan í Reykjavík tæki á móti mjólk, sem þannig væri hituð, áður en hún væri send af stað, enda segir hann ekki vera neina leið að staðreyna í hvert einstakt skipti, hvort mjólk sé hituð, er hún berst Mjólkursamsölunni.

Kvaddur hefur einnig verið sem vitni í málinu Stefán Björnsson mjólkurfræðikandidat, sem fyrr er nefndur. Segir þetta vitni það ekki hafa verið fyrr en sumarið 1949, sem það fékk öruggan grun um, að mjólk væri hituð í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, áður en hún væri send Mjólkursamsölunni. Bæði áður og eftir að vitnið komst að þessari mjólkurhitun, kveðst það hafa hvatt mjólkurbússtjórana í fyrrnefndum mjólkurbúum til varkárni, bæði hvað það snerti, hvað hita skyldi mjólkina mikið, og eins að beita ekki þessari aðferð, nema fyrirsjáanlegt væri, að ekki væri hægt að koma mjólkinni til Mjólkursamsölunnar í sæmilegu ástandi með öðru móti en því að hita hana nokkuð, áður en hún væri send þangað. Þegar vitnið þóttist orðið nokkurn veginn visst um, að slík mjólkurhitun væri framkvæmd í fyrrnefndum mjólkurbúum, kveðst það sérstaklega hafa hvatt mjólkurbússtjórana í þeim til að láta ekki hita mjólkina upp í nema í mesta lagi 58°, áður en hún væri send Mjólkursamsölunni. Vitnið kveðst ekki hafa lagt bann við þessari mjólkurhitun við mjólkurbússtjórana, enda segir það sér hafa verið kunnugt um, að heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi vitað um hana jafnsnemma og það.

Þá hefur vitnið tekið fram, að það minni eindregið, að Edward Friðriksson, mjólkureftirlitsmaður ríkisins, hafi einhvern tíma látið í ljós andúð sína við vitnið á slíkri mjólkurhitun, sem hér ræðir um, en hins vegar segir það ekki hafa borizt formlega kvörtun frá heilbrigðiseftirlitinu til mjólkursamsölunnar út af þessu máli. Aldrei segir vitnið kærða hafa verið sagt, að hann mætti ekki veita viðtöku mjólk, sem áður hefði verið hituð, enda segir það ekki vera hægt að staðreyna í hvert einstakt skipti, hvort mjólkin hafi sætt slíkri hitun, sem hér ræðir um, eða ekki.

Eins og fyrr er getið hafa þeir Edward Friðriksson, mjólkureftirlitsmaður ríkisins, og Sigurður Helgi Pétursson gerlafræðingur sent borgarlækni skriflega álitsgerð um mjólkurhitun, slíka sem hér ræðir um, og einnig hafa þeir báðir verið kvaddir sem vitni við rannsókn málsins.

Verður nú áliti þeirra á mjólkurhituninni lýst, svo og framburðir þeirra fyrir rétti um málið raktir nokkuð.

Edward Friðriksson, mjólkureftirlitsmaður ríkisins, hefur skýrt svo frá, að snemma á sumrinu 1948 hafi honum orðið kunnugt um, að Mjólkursamlag Borgfirðinga og Mjólkurbú Flóamanna létu hita mjólk, sem þau sendu til Reykjavíkur. Segir eftirlitsmaðurinn þá Sigurð Guðbrandsson, mjólkurbússtjóra í Borgarnesi, og Helga Mogensen, verkstjóra í Mjólkurbúi Flóamanna, hafa sagt sér frá þessari mjólkurhitun, en ekki kveðst hann minnast þess, að kærði gerði sér aðvart um hana, en segist hins vegar vita, að kærða hafi verið kunnugt um mjólkurhitunina frá því í júnímánuði fyrrnefnt ár. Eftir að eftirlitsmanninum varð kunnugt um þessa mjólkurhitun í mjólkurbúunum, sneri hann sér til landlæknis og tilkynnti honum sem yfirmanni sínum vitneskju sína um mjólkurhitunina, en landlæknir lagði fyrir hann að skýra málið fyrir ráðamönnum Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Næst sneri eftirlitsmaðurinn sér til þeirra Árna Benediktssonar, framkvæmdarstjóra Mjólkursamsölunnar, og Stefáns Björnssonar, ráðunauts hennar, og ræddi mál þetta við þá. Var þá a. m. k. ráðunautnum ekki kunnugt um, að slík hitun mjólkur ætti sér stað í hinum tveimur umræddu mjólkurbúum. Síðari hluta júnímánaðar 1948 segir mjólkureftirlitsmaðurinn þá Kára Guðmundsson, sem þá var fulltrúi héraðslæknisins í Reykjavík, hafa orðið vara við óvenjulega háan gerlafjölda í mjólkursýnishornum, sem tekin voru úr gerilsneyðingartækjum Mjólkursamsölunnar í Reykjavík.

Hafi þetta varað í um það bil viku, en síðan horfið í samt lag aftur. Segir mjólkureftirlitsmaðurinn mjólkurhituninni í mjólkurbúunum tveimur hafa verið kennt um hinn óeðlilega háa gerlafjölda í mjólkinni þenna tíma, og hafi ekki orðið vart við mjólkurhitunina í alllangan tíma á eftir, enda segir hann bæði ráðunaut Mjólkursamsölunnar og kærða hafa verið mótfallna hituninni, eins og hún var framkvæmd í mjólkurbúunum.

Vorið eða sumarið 1949 segir mjólkureftirlitsmaðurinn þá landlækni hafa komið sér saman um, að athuganir skyldu gerðar á því, hvort og á hvern hátt umrædd hitun mjólkur spillti gæðum mjólkurinnar, en ef í ljós kæmi, að hún spillti ekki mjólkinni, þá yrði athugað, við hvaða hitastig fengist beztur árangur. Úr slíkum athugunum mun þó ekki hafa orðið m. a. vegna þess, að samkomulag mun ekki hafa náðst um þessar athuganir milli mjólkureftirlitsmannsins og forráðamanna Mjólkursamsölunnar.

Í álitsgerð sinni um hitun mjólkur, áður en hún er gerilsneydd, segir mjólkureftirlitsmaðurinn, að slík hitun sé bönnuð í mörgum enskumælandi löndum, en þar sé þeim, sem taka við mjólkinni, áður en hún er gerilsneydd, skylt að kæla hana, og lítur eftirlitsmaðurinn svo á, að þeirri aðferð ætti einnig að beita hér á landi, þ. e. að kæla mjólkina, áður en hún er gerilsneydd, en ekki hita hana. Enn fremur segir í álitsgerð mjólkureftirlitsmannsins til borgarlæknis, að þegar mjólk sé hituð á þann hátt, sem hér ræðir um, sé drepinn í henni nokkur hluti af gerlum, sem í henni eru, en þeir gerlar, sem eftir verði, geti myndað hitamótstöðu

og því þolað gerilsneyðingarhita síðar og jafnvel margfaldast í gerilsneyðingartækjunum.

Mjólkureftirlitsmaðurinn hefur tekið fram, að hann teldi ekki slíka hitun mjólkur, sem hér ræðir um, vera gerilsneyðingu í þeirri merkingu, sem venjulega er lögð í það orð, því að með gerilsneyðingu telur hann vera átt við útlenda orðið „pasteurisering", sem sé sérstök meðferð á mjólk, bundin við ákveðna hitun á mjólkinni. Það er hins vegar álit Sigurðar Péturssonar gerlafræðings, að mjólkurhitun, slík sem framkvæmd hefur verið í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, áður en mjólkin er send Mjólkursamsölunni, sé nokkur gerilsneyðing, þótt hitunin sé ekki framkvæmd samkvæmt gildandi reglugerðarákvæðum og nái því ekki þeim tilgangi, sem lögin ætlast til, eins og gerlafræðingurinn kemst að orði í álitsgerð sinni til borgarlæknis. Þetta álit sitt byggir gerlafræðingurinn á því, að við margnefnda hitun, eins og hún er framkvæmd, sé mjólkin sneydd einhverju af gerlum til að reyna að auka geymsluþol hennar. Þá hefur hann og tekið fram, að samkvæmt sínu áliti sé ekki aðeins átt við pasteurhitun á mjólk, þar sem talað er um gerilsneyðingu á mjólk í reglugerð nr. 136/1946, 14. gr., enda sé pasteurhitun aðeins ein aðferð til að gerilsneyða mjólk með.

Í áliti gerlafræðingsins segir enn fremur, að með slíkri hitun, sem hér ræðir um og hann telur ófullkomna gerilsneyðingu, séu lífsskilyrði vissra gerlategunda í mjólkinni bætt, og þoli þessar sömu gerlategundir því betur hitunina, þegar mjólkin er gerilsneydd samkvæmt viðurkenndum aðferðum og verði því áhrif hinnar fullkomnu gerilsneyðingar minni en ella. Samkvæmt því, sem að framan er sagt, telur gerlafræðingurinn ljóst, að framangreind tvíhitun sé skaðleg, og auk þess bendir hann á í álitsgerð sinni til borgarlæknis, að með slíkri hitun mjólkur, áður en hún er send á markaðinn, opnist framleiðendum mjólkurinnar leið til að koma henni í betri flokk hjá viðtakanda hennar en efni standa raunverulega til og hylja með hituninni leynda galla mjólkurinnar. — Að öllu athuguðu telur gerlafræðingurinn augljóst mál, að stranglega beri að banna slíka mjólkurhitun, sem hér er rætt um.

Hins vegar segir gerlafræðingurinn ekki vera unnt fyrir viðtakanda mjólkurinnar hér í bænum að sjá, hvort mjólkin, sem hann tekur við, sé hituð á þann hátt, sem hér ræðir um, eða ekki, a. m. k. ekki í fljótu bragði eða svo öruggt sé. Segir hann rannsóknir á því, hvort um slíka hitun sé að ræða, vera allflóknar og taka nokkuð langan tíma.

Við rannsókn málsins hefur kærði skýrt svo frá, að a. m. k. 2—3 ár séu síðan honum barst til eyrna, að mjólk frá Mjólkurbúi Flóamanna og Mjólkursamlagi Borgfirðinga væri hituð, áður en hún kom til mjólkurstöðvarinnar hér, án þess þó, að um venjulega gerilsneyðingu væri að ræða. Þegar er hann heyrði þetta, kveðst hann hafa gert Mjólkureftirliti ríkisins aðvart um þetta, og kveðst hann eftir það hafa talið málið út af þessu vera komið úr sínum höndum, þar eð hann hafi talið sig bresta heimild til að banna slíka meðferð mjólkurinnar, áður en hún barst Mjólkursamsölunni. Þótt kærði segist undir vissum kringumstæðum telja

heppilegt að hita mjólk nokkuð, þegar heitast er í veðri, án þess að um fullkomna gerilsneyðingu sé þó að ræða, kveðst hann þrátt fyrir þessa skoðun sína oftar en einu sinni hafa latt forráðamenn Mjólkursamlags Borgfirðinga þess að hafa þessa aðferð, og kveðst hann beinlínis hafa kvartað undan þessari meðferð á mjólkinni. Hins vegar segir kærði sér ekki hafa verið kunnugt um annað en að svo lítil brögð væru að þessari hitun í Mjólkurbúi Flóamanna, að hann hafi talið ástæðulaust að kvarta undan því.

Kærði segir mjólkureftirlitsmann ríkisins aldrei hafa bannað sér að veita viðtöku mjólk, sem áður hefði verið hituð eitthvað, án þess að um fullkomna gerilsneyðingu væri að ræða, og segir hann eftirlitsmanninn ekki hafa minnzt á þetta einu orði, svo kærði viti. Ekki kveðst kærði heldur hafa fengið nein fyrirmæli um það frá yfirboðurum sínum við Mjólkursamsöluna að taka ekki við mjólk, sem áður var hituð, enda ekki hægt í hverju einstöku tilfelli að staðreyna, hvort mjólkin var hituð eða ekki, nema ef til vill af því, að hin hitaða mjólk flokkaðist betur, þ. e. í henni væri minna af gerlum.

Aldrei segir kærði heldur forráðamenn Mjólkursamlags Borgfirðinga og Mjólkurbús Flóamanna hafa gert sér aðvart um, hvenær hituð mjólk var send frá þessum mjólkurbúum til Mjólkursamsölunnar. Þvert á móti segir hann forráðamenn þessara mjólkurbúa hafa gert lítið úr þessari mjólkurhitun við sig.

Eins og fram hefur komið í málavaxtalýsingunni hér að framan, ber þeim kærða og Edward Friðrikssyni mjólkureftirlitsmanni ekki saman um það, hvort kærði hafi gert mjólkureftirlitsmanninum þegar aðvart, er hann (kærði) fékk vitneskju um, að mjólk, sem Mjólkursamsölunni barst frá Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, væri stundum hituð, áður en hún var send samsölunni, en þetta ber kærði, en mjólkureftirlitsmaðurinn kannast hins vegar ekki við, að kærði hafi aðvarað hann um þetta eða minnist þess ekki. Hefur ekki náðst samræmi milli þeirra kærða og eftirlitsmannsins um þenna ágreining við samprófun við rannsókn málsins. Ekki sker heldur framburður Kára Guðmundssonar, eftirlitsmanns hjá borgarlækninum í Reykjavík, úr um þetta atriði, en kærði segir hann hafa hlýtt á samtal þeirra Edwards Friðrikssonar og kærða, þegar sá síðarnefndi kveðst hafa gert hinum fyrrnefnda aðvart um mjólkurhitun þá, sem hér skiptir máli, sumarið 1948.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 1 7. janúar 1935 er svo mælt fyrir, að öll mjólk, sem seld er frá sölumiðstöð, skuli gerilsneydd af viðurkenndum mjólkurbúum, og í 6. tölul. 14. gr. reglugerðar nr. 136 19. okt. 1946 um mjólk og mjólkurvörur segir, að mjólk, sem ætluð sé til sölu, megi aðeins gerilsneyða einu sinni.

Jafnvel þótt talið yrði, að mjólkurhitun sú, sem framkvæmd var á sumrum í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna, áður en hún var send Mjólkursamsölunni, hafi verið einhver gerilsneyðing mjólkurinnar, eins og Sigurður Pétursson gerlafræðingur telur vera, verður hér ekki talið, að gera beri kærða ábyrgan fyrir því, að hann

lét gerilsneyða þessa sömu mjólk, sem áður hafði verið hituð, er hún barst Mjólkursamsölunni, og þá með viðurkenndum og löglegum aðferðum, sbr. 2. tölul. A í 1. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, þar eð sannað telst með framburðum mjólkurbússtjóranna í Mjólkursamlagi Borgfirðinga og Mjólkurbúi Flóamanna svo og með framburði kærða o. fl., að kærða hafi ekki verið gert aðvart um í hvert einstakt skipti né yfirleitt, hvenær slík hitun mjólkurinnar hefði átt sér stað í fyrrnefndum mjólkurbúum, og kærði virðist heldur ekki hafa getað gengið úr skugga um sjálfur, hvenær mjólkin úr nefndum mjólkurbúum var hituð og hvenær óhituð, a. m. k. ekki nema með flóknum og nokkuð vandasömum aðferðum. Fram hefur það einnig komið við rannsókn þessa máls, að hvorki yfirmenn kærða né aðrir hafi bannað honum að taka við og gerilsneyða þannig áður hitaða mjólk, jafnvel þótt hann hefði í hvert einstakt skipti vitað, hvenær um slíka hitun hefði verið að ræða, sem alls ekki virðist þó hafa verið. Ekki verður heldur talið, að kærði hafi gerzt sekur við lög nr. 24 1. febr. 1936 með því að setja á markaðinn mjólk, sem hann vissi eða mátti vita, að skorti eðlilega hollustu eða væri skaðleg heilbrigði manna, sbr. 3. tölul. 4. gr. fyrrnefndra laga, bæði vegna þess, að á þeim tíma, er kærði vissi, að Mjólkursamsölunni var öðru hvoru send mjólk frá hinum tveimur umræddu mjólkurbúum, sem hituð hafði verið, áður en hún var send samsölunni, virðist alls ekki hafa verið búið að skera úr um það, hvort slík hitun spillti mjólkinni, svo og vegna þess, samkvæmt því, sem áður er tekið fram, að kærði vissi ekki og hafði ekki aðstöðu til að vita, hvenær samsölunni var send áður hituð mjólk frá þessum tveimur mjólkurbúum og hvenær svo væri ekki.

Að öllu þessu athuguðu þykir bera að sýkna kærða af kæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 350.00, greiðist úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Pétur Magnús Sigurðsson, á að vera sýkn af kæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 350.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 18. febrúar 1952.

Kærumálið nr. 4/1952.

Ögn Guðmundsdóttir Randrup
gegn
Magnúsi Randrup.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Framlagning skjals.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. f. m., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 16. jan. s.l. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Emil Randrup. Með úrskurði þessum var heimiluð framlagning skjals af hendi lögmanns varnaraðilja, eftir að nefnt mál hafði verið tekið til munnlegs málflutnings. Þá var og kveðið á um frestun málsins í tvær vikur frá uppsögu úrskurðarins. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Skjal það, sem lögmaður varnaraðilja vildi leggja fram, var greinargerð hans í kærumáli, er þegar hefur verið dæmt í Hæstarétti, svo sem lýst er í úrskurði héraðsdómara. Engin rök virðast hafa legið til framlagningar skjals þessa, eins og á stóð, enda var lögmanninum í lófa lagið að flytja munnlega fram á dómþingi það af efni skjalsins, sem máli kunni að skipta. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, bæði að því er varðar framlagningu skjals þessa og frestun bæjarþingsmálsins.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250,00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, bæði að því er varðar framlagningu skjals þess, er að framan greinir, og frestun bæjarþingsmálsins.

Varnaraðili, Magnús Randrup, greiði sóknaraðilja, Ögn Guðmundsdóttur Randrup, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 16. janúar 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 16. janúar, kl. 14, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar, er haldið var í skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa bæjarfógeta, Birni Ingvarssyni, upp kveðinn úrskurður í framangreindu máli, er tekið var til úrskurðar 10. þ. m.

Á bæjarþingi Hafnarfjarðar 10. þ. m., er munnlegur málflutningur skyldi fara fram í máli þessu, lagði lögmaður stefnanda fram greinargerð sína í kærumálinu nr. 5/1951.

Lögmaður meðstefndu frú Agnar Randrup krafðist þess, að lögmanni stefnanda yrði synjað um framlagningu greinargerðarinnar sem dómskjals, þar sem lýst hefði verið að gagnasöfnun væri lokið, en ef ekki yrði fallizt á kröfu hans, krafðist hann að fá viku frest í málinu, m. a. til athugunar á því, hvort hann legði fram sína greinargerð í framangreindu kærumáli.

Lögmaður meðstefndu benti á, að kærumálið hefði verið flutt skriflega, og ef ætti að taka við framangreindri greinargerð sem dómskjali, væri málið bæði flutt munnlega og skriflega, en slíkt væri lögleysa.

Lögmaður meðstefnda Emils Randrup mótmælti ekki, að framangreind greinargerð væri lögð fram sem dómskjal, en krafðist þess þá að fá 3 vikna frest, þar sem hann hefði ekki fengið greinargerð stefnanda í kærumálinu fyrr en nú og ekki tekið þátt í kærumálinu til Hæstaréttar.

Lögmaður stefnanda kvað framlagningu greinargerðarinnar sem dómskjals vera orðinn hlut, þar sem dómarinn hefði móttekið það og áritað sem slíkt, og þyrfti því ekki úrskurðar um það atriði. Hann mótmælti, að nokkur frestur yrði veittur lögmanni stefndu í máli þessu og kvað lögmann meðstefndu hafa haft framlagða greinargerð síðan í apríl s.l., en hins vegar kvað hann svo á, að sér virtist hafa láðst að senda lögmanni meðstefnda margnefnda greinargerð og talið, að hrl. Magnús Thorlacius væri þá orðinn umboðsmaður beggja hinna stefndu.

Ágreiningsatriðin voru nú lögð í úrskurð dómarans.

Málsatvik í þessu máli eru í meginatriðum þau, er hér greinir.

Með stefnu 1. okt. 1950 höfðaði stefnandi, Magnús Randrup málari, Vitastíg 7, Hafnarfirði, mál þetta á hendur foreldrum sínum, Emil Randrup málarameistara, Öldugötu 3 A, Hafnarfirði, og konu hans, Ögn Guðmundsdóttur Randrup.

Réttarkröfur stefnanda eru: a) að viðurkenndur verði með dómi bæjarþingsins eignarréttur hans á hálfri húseigninni Öldugötu 3 A hér í bæ, b) að hin stefndu verði dæmd til þess að fá sér í hendur vörzlu umræddrar húseignar sinnar og c) að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér að skaðlausu allan málskostnað.

Stefndu hafa bæði krafizt sýknu og að stefnandi greiði þeim málskostnað. Í fyrstu hafði stefnandi höfðað fógetaréttarmál á hendur meðstefndu, en síðar var það mál hafið.

Ár 1945 hóf meðstefndi Emil Randrup að reisa húsið Öldugötu 3 A hér í bæ. Við smíði hússins vann stefnandi, er þá jafnframt var málarasveinn hjá föður sínum. Deila hefur síðan risið um, hvort stefnandi hafi verið eigandi að helmingi hússins frá upphafi eða eigi eða átt að verða það, að uppfylltum vissum skilyrðum. Er þetta allt nákvæmlega rakið í úrskurði dómsins frá 20. febrúar s.l., er kærður var til Hæstaréttar, kærumál nr. 5/1951, og leyfi ég mér að vísa til hans, sem er dómskjal 13, en hér er 3. úrskurðurinn í þessu máli.

Svo sem frá hefur verið greint áður, hefur lögmaður meðstefndu frú Agnar Randrup krafizt þess, að margnefnd greinargerð í kærumálinu nr. 5/1951 yrði ekki tekin sem dómskjal í máli þessu, og fært fyrir því rök þau, er lýst hefur verið.

Á skoðun lögmanns meðstefndu getur dómarinn ekki fallizt, þar sem það verður að teljast meginatriði, að lögmenn málsaðilja afli þeirra málsskjala, er horfi til skýringar á máli hverju, og að hér er um skjal að ræða, er lögmanni meðstefndu var fyrir löngu kunnugt um, enda má það nú orðið telja fasta reglu, að lögmenn málsaðilja leggi fram ný skjöl, er til munnlegs málflutnings kemur, hafi þeir áður skipzt á skjölunum, svo sem var í þessu tilfelli.

Á það, að málflutningur í máli þessu verði bæði skriflegur og munnlegur við framlagningu framangreindrar greinargerðar, en í máli því, er hún var lögð fram í, kærumálinu nr. 5/1951, fór fram skriflegur málflutningur, verður ekki fallizt. Oftlega kemur það fyrir sem nú, að lögð hafa verið fram í munnlega fluttum málum skjöl úr málum, er á sínum tíma voru flutt skriflega, en skjöl þessi eru alveg sjálfstæð í hinu munnlega flutta máli, og verður því ekki á neinn hátt lögleysa úr því, er brjóti í bága við 105., 106. og 109. grein laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Hinu umdeilda skjali, greinargerð Gústafs A. Sveinssonar hrl. í kærumálinu nr. 5/1951, er því veitt móttaka sem dómskjali.

Lögmaður meðstefndu svo og lögmaður meðstefnda, Bergur Jónsson hdl., krafðist að fá frest í 3 vikur, þar sem hann hefði ekki fengið dómskjal 15 fyrr til athugunar.

Þar sem svo hefur verið, enda ómótmælt af lögmanni stefnanda, verður að teljast eðlilegt, að lögmaður meðstefnda Emils Randrup fái frest í máli þessu, og þykir fresturinn hæfilegur 2 vikur frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Því úrskurðast:

Greinargerð hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar í kærumálinu nr. 5/1951 skal veitt viðtaka sem dómskjali 15 í máli þessu.

Lögmaður meðstefnda, hdl. Bergur Jónsson, skal fá 2 vikna frest til málsathugunar frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Mánudaginn 18. febrúar 1952.

Nr. 109/1950. **Guðmundur Benjamínsson f. h. Guðmundar Bærings Guðmundssonar** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Guðbrandi Magnússyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað með áfrýjunarstefnu 31. ágúst 1950.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að Guðmundur Bæring Guðmundsson sé enn lögráða, og málflutningsmenn aðilja hér fyrir dómi hafa lýst því, að hann hafi aldrei verið sviptur fjárræði. Hins vegar hefur fyrrverandi sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skipað Guðmund Benjamínsson fjárhaldsmann Guðmundar Bærings hinn 25. september 1947, og hefur Guðmundur Benjamínsson höfðað mál þetta og rekið fyrir dómstólum sem skipaður lögráðamaður Guðmundar Bærings, svo sem væri hann ófjárráða.

Stefndi, Guðbrandur Magnússon, hefur í málflutningi sínum í héraði staðið í þeirri trú, að Guðmundur Bæring hafi verið sviptur fjárræði árið 1947, svo sem sjá má af varnarskjali hans, dags. 22. maí 1950.

Í vottorði Árna Árnasonar héraðslæknis, dags. 24. júní 1949, segir, að Guðmund Bæring skorti andlega hæfileika, almenna greind, og geti hann ekki unnið þau störf, þar sem út-

sjón þarf til eða kunnáttu. Af ýmsum öðrum gögnum málsins má og sjá, að Guðmundi Bæringi sé andlega áfátt. Eins og málum var háttað, átti héraðsdómari, þegar er stefna kom fram, að taka til athugunar, hvort Guðmundur Bæring mundi vera hæfur til að ráðstafa sakarefninu, og ef svo var ekki, að hlutast til um, að skorið yrði úr því í lögræðissviptingarmáli, hvort svipta skyldi hann fjárræði, sbr. lög nr. 95/1947, og skipa honum fjárhaldsmann. Þar sem dómarinn lét þetta undir höfuð leggjast, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki leiðbeint þeim Guðmundi Benjamínssyni og Guðbrandi Magnússyni, sem báðir eru ólöglærðir, um málflutning, og veitt móttöku úr hendi þeirra fleiri sóknarskjölum og varnar en heimilt er samkvæmt 109. og 110. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 5. júní 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 1. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af Guðmundi Benjamínssyni, bónda að Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir hönd Guðmundar Bærings Guðmundssonar, Vogatungu, Leirársveit, með stefnu, útgefinni þann 17. júlí 1948, á hendur Guðbrandi Magnússyni, bónda að Tröð í Kolbeinsstaðahreppi, og er stefnukrafan sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda vegna Guðmundar B. Guðmundssonar kr. 3900.00 með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Stefndi hefur hins vegar krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda vegna Guðmundar B. Guðmundssonar.

Stefnandi lýsir málvöxtum þannig, að Guðmundur Bæring hafi verið hjá stefnda sem vistráðið hjú frá því í júlímánuði 1933 þangað til 14. maí 1945, en aldrei fengið greitt annað kaup en húsnæði, fæði, klæðnað og tóbak til eigin neyzlu. Hann kveður nefndan Guðmund Bæring oft hafa unnið fyrir kaupi utan heimilis stefnda og að stefndi hafi tekið við því

og notfært sér það sem sína eigin eign. Þá kveður hann nefndan Guðmund Bæring hafa verið andlega vanþroska frá blautu barnsbeini, þótt hann hafi getað unnið líkamlega vinnu, og því hafi hann ekki sjálfur, áður en honum var skipaður lögráðamaður, gert kröfur til kaupgreiðslu úr hendi stefnda, en með því að taka á móti vinnu Guðmundar Bærings og hagnýta sér kaup það, sem hann hafi unnið fyrir hjá öðrum, án þess að greiða sjálfur Guðmundi Bæring hæfilegt kaup, hafi stefndi notfært sér vanvizku hans á þann hátt, að ekki verði talið, að Guðmundur hafi, svo gilt sé, samið um að vinna hjá stefnda án annars endurgjalds en uppihalds öll þessi ár, né heldur hafi hann misst af kröfu sinni sökum vangeymslu.

Stefnandi telur, að stefnda beri að greiða Guðmundi Bæring kaup samsvarandi vinnugetu hans fyrir þau ár, sem hann vann hjá honum sem hjú, eða frá því í júlí 1933 þar til 14. maí 1945. Vangoldið kaup fyrir þetta tímabil telur stefnandi rétt reiknað kr. 3900.00, þ. e. kr. 300.00 á ári auk fæðis, húsnæðis, klæða og tóbaks. Stefnandi telur, að Guðmundur Bæring sé talinn sæmilegur verkmaður til líkamlegrar vinnu, þótt andlegur þroski hans sé þannig, að hverjum manni sé ljóst, að hann geti ekki gætt hagsmuna sinna, og því hafi hann ekki verið samningshæfur.

Stefndi lýsir málavöxtum hins vegar þannig, að í júlímánuði 1933 hafi komið til hans nefndur Guðmundur Bæring og verið þá á vegum bróður síns, Hafliða Guðmundssonar, Hellissandi, sem kom honum fyrir yfir sumarið, samdi um kaup fyrir hann og tók á móti því um haustið. Kaup þetta kveður hann, að hafi verið mjög lágt, samanborið við það, sem fullorðnir menn fengu, eða sem svaraði fatasliti og tóbaksneyzlu, en um það hvort tveggja sá Hafliði bróðir hans fyrir hann. Um haustið 1933 hafi Guðmundur Bæring síðan farið vestur á Hellissand til Hafliða.

Þá tekur stefndi fram, að enda þótt kaupið hafi verið lágt, sem upp var sett, hafi hann ekki ætlað sér að taka Guðmund Bæring aftur, vegna þess að hann var gagnslaus við heyskap, en krakkar voru til snúninga, svo að það var mjög lítið, sem hægt var að láta hann gera. Auk þess segir hann, að Guðmundur Bæring hafi verið öllum á heimilinu til stórleiðinda og ama sökum skapbresta og einfeldni, og enn fremur hafi ekki verið hættulaust að hafa hann með börnum, ef hann reiddist.

Næsta vor, segir stefndi, að Hafliði Guðmundsson hafi símað til hans og lagt að honum að taka Guðmund Bæring, og varð það úr, að stefndi lofaði að taka hann um einhvern tíma. Um haustið 1934 fékkst Guðmundur Bæring ekki til þess að fara, og segist stefndi hafa látið það kyrrt liggja, enda vildi hann ekki láta hann fara nauðugan.

Þá segir stefndi, að það, sem miklu hafi ráðið um dvöl Guðmundar Bærings hjá honum, hafi verið bréf, sem Guðmundur Bæring fékk frá móður sinni fyrsta veturinn, er hann var að Tröð, en í bréfi þessu hafi hún látið í ljós þakklæti sitt fyrir meðferðina á Guðmundi Bæring og vonað, að hann yrði það lánsamur að fá að vera sem lengst hjá stefnda. Stefndi tekur og fram, að hann hafi viljað lofa Guðmundi Bæring að vera, svo lengi sem hann sæi sér það fært, enda þótt hann teldi hann ekki vinna fyrir því, sem hann fékk, hvað þá meiru. Enn fremur fullyrðir hann, að

hefði einhver fyrir hönd Guðmundar Bærings gert kröfu um hærra kaupgjald, að þá hefði hann samstundis látið hann fara, en það kaup, sem hann segist hafa greitt honum, hafi verið fæði, húsnæði, klæði, tóbak, fé til opinberra gjalda og vasapeningar.

Guðmundur Bæring Guðmundsson, sem er enn vitanlega fullráða, mætti fyrir réttinum þann 24. apríl s.l., og þá staðhæfði hann, að vorið 1933 hefði hann komið að Tröð með Hafliða Guðmundssyni bróður sínum og Sigríði konu hans og að það vor hafi Hafliði ráðið hann til stefnda. Enn fremur upplýsir Guðmundur Bæring, að hann hafi ekki að Tröð komið, frá því að hann fór vestur á Hellissand haustið 1933 og þar til vorið 1934. Hann segir, að Hafliði Guðmundsson hafi einnig þá ráðið hann, en ekki kveður hann sig vita, fyrir hvaða kjör. Aldrei segist hann hafa spurt stefnda að því, hvaða kaup hann ætti að fá, og ekki kveðst hann vita, hvað stefndi hafi hingað til goldið honum. Enn fremur lýsti Guðmundur Bæring yfir því, að hann vissi ekki, hvort hann ætti peninga hjá stefnda.

Um kjör sín hjá Hafliða upplýsir Guðmundur Bæring, að þau hafi verið kr. 100.00 í árskaup, auk fæðis, klæða, húsnæðis og tóbaks, en hann segist þó ekki muna, hvort hann hafi fengið þessa fjárhæð greidda eða hvort hann átti að nota nefndar kr. 100.00 fyrir tóbak og þá ekki að hafa frítt tóbak.

Þann 22. sept. 1949 mætti Hafliði Guðmundsson fyrir réttinum og staðfesti, að efni réttarskj. nr. 17 væri satt og rétt, en í skjali þessu kveður hann Guðmund Bæring hafa verið sinn vinnumann árið 1933 og að um vorið það ár hafi hann ráðið Guðmund Bæring til stefnda í kaupavinnu um sumarið fyrir hálft kvenmannskaup, sem hann fékk greitt með þremur lömbum. Nánar skýrir Hafliði Guðmundsson þetta þannig, að Guðmundur Bæring hafi verið vinnumaður hans frá því um haustið 1932 til haustsins 1933 og að þá hafi hann skaffað honum ytri og innri fatnað, tóbak og kr. 200.00 í peningum, en lömb þau, er hann fékk hjá stefnda, segist hann hafa hirt. Hins vegar neitar vitnið því, að það muni til þess, að það hafi ráðið Guðmund Bæring að Tröð vorið 1934. Þá upplýsir vitni þetta, að hin systkini Guðmundar Bærings hafi engin afskipti af honum haft. Spurningu um, hvers vegna vitnið hefði ráðið Guðmund Bæring fyrir hálft kvenmannskaup, svarar það þannig, að það hafi gert það af sanngirni sinni og af því, að það hafi ekki þekkt til vinnuafkasta hans, en samtímis tók vitnið fram, að það hafi heldur viljað hafa Guðmund Bæring ráðinn fyrir þetta kaup, heldur en að láta hann vera heima, og bætir vitnið því við, að móðir þeirra hafi beðið það fyrir Guðmund Bæring, og þess vegna hafi það tekið hann með sér. Þá segist vitnið enn fremur halda, að Guðmundur Bæring geti ekki séð fyrir sér einn, nema með umsjón, og kveður það aðallega liggja í því, að Guðmundur Bæring geri sér ekki grein fyrir því, hvaða fé hann taki við eða hvernig hann verji því, en ekki kveðst það skilja annað en að eitthvað mætti greiða honum í kaup, og með því segist það eiga við, að á þessum tímum mætti borga honum meira en fæði, klæði og húsnæði. Einnig upplýsir vitni þetta, að Guðmundur Bæring hafi verið

háseti á báti þess frá 15. jan. 1933 til miðs einmánaðar sama ár og þá haft heilan hlut. Vitni þetta staðfesti framburð sinn með eiði.

Í þessu sama réttarhaldi mætti sem vitni kona Hafliða Guðmundssonar, Sigríður Andrésdóttir. Vitni þetta segist muna eftir því, að Guðmundur Bæring fór með þeim hjónunum í Kolbeinsstaðahrepp vorið 1933. Nefnd Sigríður lýsti því yfir, að henni sé kunnugt um, að Hafliði hafi ekki ráðið Guðmund Bæring að Tröð, en ekki kveðst hún vita, hvaða kaup hann átti að fá. Þá kveðst hún muna, að maður hennar Hafliði Guðmundsson fékk þrjú lömb haustið 1933 af kaupi Guðmundar Bærings. Lömbin heldur hún, að þau hafi tekið, af því að þau gerðu ráð fyrir því, að Guðmundur Bæring yrði hjá þeim næsta vetur. Lunderni Guðmundar Bærings segir hún að hafi verið ágætt, meðan hann var hjá þeim, og að þau hjónin hafi tekið hann með sér í Kolbeinsstaðahrepp, sökum þess að þau gátu ekki komið honum fyrir. Guðmund Bæring kveður hún hafa verið þægan, en afkastalítinn og þurft mann með sér. Framburður þessa vitnis var tekinn gildur sem eiðfestur.

Ýmis önnur vitni hafa borið í máli þessu, og skulu nú framburðir þeirra raktir:

1. Sveinbjörn Jónsson, fyrrverandi oddviti Kolbeinsstaðahrepps, ber það, að hann minnist þess, að Guðmundur Bæring hafi verið í sýsluvegavinnu, þá er hann var oddviti, og muni hann þá tíðast hafa verið með hest og vagn, og að þá hafi það verið venja, að það jafngilti einu dagsverki. Þenna framburð hefur stefndi viðurkennt sem réttan.
2. Albert Guðmundsson, Heggstöðum, kveður sig hafa átt tal við stefnda vorið 1941 eða 1942 um Guðmund Bæring, og upplýsti stefndi þá, að Hafliði Guðmundsson hefði ráðið Guðmund Bæring að Tröð, en ekki kveður hann stefnda hafa látið í ljós vilja sinn til þess að losna við Guðmund Bæring, þó tækifæri hefði borizt.
3. Gísli Þórðarson, Mýrdal, kveðst hafa tekið Guðmund Bæring fullgildan í fjallleitir og bætir því við, að hann hafi aldrei vísað neinum frá, sem komið hafi í leitir, og að allir hafi verið teknir fullgildir og það þótt unglingar væru (10—15 ára drengir). Hann segir enn fremur, að fyrir 4—5 árum (þ. e. 1943—1944) hafi hreppsnefnd samþykkt, að þeir, sem ekki inntu fjallskil af höndum, skyldu greiða fyrir dagsverkið eftir ákvörðun hreppsnefndar. Fyrst muni það hafa verið 30—40 krónur, en kr. 60.00 á tveimur s.l. árum.
4. Gestur L. Fjeldsteð, Haukatungu, kveðst hafa fylgzt afarlítið með vinnubrögðum Guðmundar Bærings í Tröð, en honum virtist hann eyða nokkuð miklum tíma í að ferðast á milli bæja.
5. Þórður Árnason, Stóra-Hrauni, segist hafa verið samtíma Guðmundi Bæring sumarið 1947 að Stóra-Hrauni, og að þar hafi Guðmundur Bæring hér um bil alltaf farið með mjólkina upp á veg (7—8 km. veg), mokað fjós og önnur hús, ef þurfti, sótt vatn og borið ofan af, en við heyskap heldur hann, að hann hafi ekki séð hann vinna annað. Þá segir hann sig halda, eftir því sem aðrir vilji fá í kaup, þá eigi Guðmundur Bæring eitthvert kaup skilið.

6. Björn Kristjánsson, Kolbeinsstöðum, kveður Guðmund Bæring hafa verið látinn bera á tún í Tröð, keyra eldivið, fara með mjólk og starfa lítils háttar við heyskap, ekki þó að slætti. Enn fremur segir hann, að Guðmundur Bæring hafi verið látinn vinna lítið eitt í vegavinnu, og hann vissi til þess, að hann var látinn fara í leitir. Þá staðfestir Björn Kristjánsson réttarskjal nr. 31, en í því segir hann, að þótt hann hafi séð Guðmund Bæring vinna að tröð, þá telji hann þau vinnubrögð það illa af hendi leyst, að hann myndi ekki geta notazt við þau. Enn fremur lýsir hann því yfir, að hann hefði tæplega viljað taka Guðmund Bæring á sitt heimili, þótt um lítið eða ekkert kaup hefði verið að ræða.
7. Séra Þorsteinn L. Jónsson, Söðulsholti, staðfestir efni réttarskjals nr. 12, en þar segist hann hafa verið í nágrenni við Guðmund Bæring, þegar hann var í Tröð, og hafa kynnzt honum nokkuð. Kveður hann hafa verið velgerning að lofa honum að vera þar öll þessi ár án meðlags, svo ófullkominn sem hann reyndist til allrar vinnu. Telur hann sig geta vel um þetta borið, þar sem Guðmundur Bæring vann hjá honum í nokkra daga, án þess að nokkuð væri upp á það sett. Þá tekur hann og fram, að Guðmund Bæring mundi hann ekki vilja ráða til sín, en að þess hafi hann átt kost oftar en einu sinni.
8. Kristín Halldórsdóttir staðfestir réttarskjal nr. 19, en í því segist hún hafa verið einn vetur samtíða Guðmundi Bæring að Tröð og kynnzt honum allnokkuð, og skýrir hún svo frá, að þegar hann hafi átt t. d. að gefa kúm, að þá hafi mátt ganga út frá því sem vísu, að það væri ógert, og söm hefði raunin verið, hafi hann átt að vatna gripum eða láta þá inn, og að hann hafi alls ekki getað smalað fé í hús.
9. Magnús Kristjánsson, Stóra-Hrauni, staðfestir réttarskjal nr. 9, og í því kveður hann sig hafa haft Guðmund Bæring frá því um miðjan febrúar 1947 til miðs október sama ár og greitt honum kr. 1050.00 í kaup, en hann kveðst halda, að hann vilji ekki taka hann aftur á heimili sitt gegn endurgjaldi. Þá segir vitni þetta, að Guðmundur Bæring hafi flutt mjólk fyrir það um 8 km veg, sem var frekar ógreiðfær, og að það hafi gengið fremur vel. Auk þess hafi Guðmundur Bæring fengizt við að moka fjós og að hann hafi gert allt, sem honum var sagt, en ekki ávallt framkvæmt það, eins og vitnið hefði helzt óskað.
10. Guðmundur S. Sigurgeirsson, Kirkjuteig 18, Keflavík, staðfestir rskj. nr. 14 þess efnis, að hann hafi verið með Guðmundi Bæring að Tröð sumarið 1938, og telur hann Guðmund Bæring helzt ekki til neins nýtan, og t. d. sé verksvit ekki til hjá honum. Um það nefnir hann dæmi. — Hann kveður sig einu sinni hafa haft orð á því við stefnda, hvers vegna hann hefði Guðmund Bæring á heimili sínu, þar eð enginn gæti haft nema skaða af því að hafa hann, en að þá hafi stefndi svarað: „Ég kann ekki við að hrekja karlangann burtu, meðan að hann vill vera, fyrst ég var svo óheppinn að taka hann inn á heimilið." — Enn fremur segir vitni þetta, að það hafi einu sinni átt að segja Guðmundi Bæring fyrir verkum í líklega um mánaðartíma í fjarveru

húsbænda, en að þá hafi Guðmundur Bæring oft farið frá störfum til næstu bæja, ef hann gat því við komið.

Í réttarhaldi þann 14. jan. 1949 lýstu aðiljar því yfir, að þeir tækju framburði allra þessara vitna jafngilda sem eiðfesta. Þá hefur héraðslæknir Árni Árnason skoðað Guðmund Bæring Guðmundsson og lýst yfir í réttarskj. nr. 40, að hann virðist vera líkamlega heilbrigður, útlit eftir aldri, ekkert sérstakt að finna að hjarta eða lungum og yfirleitt ekki að finna nein örorkumerki við venjulega skoðun. Hins vegar skorti hann andlega hæfileika, almenna greind, og geti ekki unnið þau störf, sem krefjast útsjónar eða kunnáttu. Hann muni geta unnið algenga erfiðisvinnu undir stjórn og eftir fyrirsögn, enda hafi hann verið að slíkum störfum, þegar skoðun fór fram.

Sem gögn í máli þessu hafa enn fremur komið fram nokkrar óstaðfestar yfirlýsingar, sem hefur verið mótmælt, og vottorð, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér nánar.

Með hliðsjón til framburðar Hafliða Guðmundssonar, staðhæfingar Guðmundar Bærings og málsútlistunar stefnda verður að telja upplýst, að Hafliði Guðmundsson hafi ráðið Guðmund Bæring í kaupavinnu að Tröð vorið 1933 og að þá hafi nefndur Guðmundur Bæring verið vinnumaður Hafliða og að Hafliði hafi tekið við því kaupi, er stefnda bar að greiða fyrir það sumar, enda hefur stefnandi ekki mótmælt því, að það væri réttilega af hendi greitt, sem og með tilliti til þess framburðar Guðmundar Bærings, að hann hafi farið frá Tröð haustið 1933, þykir leiða, að ekki sé hægt að taka kröfu stefnanda um kaup til handa Guðmundi Bæring árið 1933 til greina.

Þá hefur Guðmundur Bæring haldið því fram, að hann hafi verið ráðinn af nefndum Hafliða Guðmundssyni til stefnda vorið 1934, og því hinu sama hefur stefndi haldið fram í máli þessu, og verður að telja, að svo hafi verið, þar sem bæði kröfuhafa og stefnda kemur saman um þetta atriði, enda þótt Hafliði Guðmundsson muni ekki til þess og þrátt fyrir aðra málsútlistun stefnanda, sem engin sérstök rök hafa verið færð að, en um kjörin er allt óljósara, því Guðmundur Bæring hefur lýst því yfir, að hann viti ekki, hver þau voru, og enn fremur því, að hann viti ekki, hvað hann hafi fengið greitt úr hendi stefnda eða hvort hann eigi nokkra kröfu honum á hendur. Hins vegar telur stefnandi sanngjarnt og rétt, að skjólstæðingi hans verði greiddar kr. 300.00 á ári auk þess, sem stefndi hefur þegar í té látið, en þ. e. húsnæði, fæði, klæði, tóbak o. fl. Þessu hefur stefndi eindregið mótmælt, en bæði stefnandi og stefndi eru á einu máli um það, að Guðmundi Bæring sé það áfátt, að hann geti ekki talizt fullgildur maður, og er allur framburður vitna og læknisvottorð í máli þessu í þá hina sömu átt. Af þessu þykir leiða, að ekki er hægt að beita ákvæðum hjúalaganna nr. 22 frá 7. maí 1928, 30. gr. sbr. 8. gr., um, að ef upphæð kaups hefur eigi verið ákveðin, skuli hjúið hafa svo mikið kaup sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á þess reki.

Rétturinn verður því af framanskráðum ástæðum að líta svo til, að sönnunarbyrðin um réttmæti stefnukröfunnar hljóti að hvíla á stefnanda

máls þessa og að stefnandi hafi ekki undir rekstri málsins fært nægjanleg rök að kröfu sinni, sérstaklega þegar þess er gætt, að Guðmundur Bæring hefur staðfest, að kaup hans hafi, áður en hann kom að Tröð, verið svipað því, sem hann fékk greitt hjá stefnda, sem og hins, að stefnandi hefur sjálfur lagt fram vottorð á réttarskjali nr. 6, sem sýnir, að skjólstæðingur hans hefur árum saman haft svipað kaup, eftir það að hann fór frá stefnda, og hann hafði hjá honum.

Eftir þessu þykir bera að sýkna stefnda Guðbrand Magnússon, bónda að Tröð, af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Benjamínssonar, Grund, í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Hinrik Jónsson sýslumaður kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Magnússon, bóndi að Tröð í Kolbeinsstaðahreppi, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Benjamínssonar, bónda að Grund, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1952.

Vélsmiðjan Þór h/f (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ólafi Ásgeirssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Námssamningur. Kaup iðnnema og orlof.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1950. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum stefnda, en *til vara*, að dómkrafa hans verði lækkuð í kr. 324.01. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfur stefnda á hendur áfrýjanda sundurliðast þannig:

1. Vangoldið kaup fyrir tímabilið 10. desember 1947 til 31. ágúst 1949 ..... kr. 1188.48
2. Vangoldið kaup fyrir einn orlofsdag sumarið 1948 ..... — 29.52
3. Vangoldið orlofsfé af kaupi fyrir helgidagavinnu og eftirvinnu árið 1948 til 31. ágúst 1949 ..... — 62.17

Um 1. Hinn 14. desember 1946 gerðu aðiljar máls þessa með sér samning um vélvirkjanám stefnda hjá áfrýjanda, og var þar m. a. kveðið á um kaup stefnda, meðan á námstíma stæði. Námssamningur þessi var staðfestur af iðnaðarfulltrúum 30. desember 1946 og áritaður af lögreglustjóra 3. febrúar 1947, eins og ráð er fyrir gert í 1. gr. laga nr. 100/1938.

Í júlímánuði 1945 varð að samkomulagi með áfrýjanda og nemendum þeim, er þá stunduðu nám hjá honum, að kaup þeirra skyldi ákveðið með sama hætti og hjá járniðnaðarnemendum í Reykjavík. Gilti samkomulag þetta til ársloka 1946. Þetta tímabundna samkomulag, sem fól í sér svipuð kaupkjör og stefnda voru áskilin í fyrrnefndum námssamningi, getur ekki talizt veita kröfu stefnda rökstuðning, og sama máli gegnir um kjaraákvæði þau, er iðnaðarfulltrúarnir auglýstu í Lögbirtingablaði 31. ágúst 1945 og á þeim tíma voru svipuð ákvæðum þeim, sem greindi í námssamningnum. Námssamningur þessi var hins vegar gerður af aðiljum og samþykktur af iðnaðarfulltrúum, eins og fyrr getur, og verður eigi séð, að iðnaðarfulltrúarnir hafi brotið lög með því samþykki sínu. Verður því að telja stefnda við þann samning bundinn og sýkna áfrýjanda af kröfu hans um frekari kaupgreiðslu. Af þessu leiðir, að sú krafa áfrýjanda um endurgreiðslu, sem í héraðsdómi getur, kemur eigi til greina.

Um 2. Samkvæmt 2. gr. námssamnings aðiljanna, sbr. 2. málsgr. 9. gr. laga nr. 100/1938, átti stefndi rétt til leyfis, 12 virka daga á ári, með fullu kaupi, en hann hefur aðeins fengið greitt fyrir 11 daga árið 1948. Áfrýjandi hefur ekki, gegn andmælum stefnda, fært sönnur á, að skerða beri þenna rétt hans, og ber því að taka þessa kröfu stefnda til greina.

Um 3. Gegn andmælum verður áfrýjandi eigi dæmdur til greiðslu orlofsfjár af kaupi fyrir eftirvinnu og helgidagavinnu, sbr. a-lið 1. gr. laga nr. 16/1943 og 2. málsgr. 9. gr. laga nr. 100/1938, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu stefnda.

Úrslit málsins verða því þau, að áfrýjanda verður dæmt að greiða stefnda kr. 29.52 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki tekið framkomna frávísunarkröfu sérstaklega til úrlausnar, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vélsmiðjan Þór h/f, greiði stefnda, Ólafi Ásgeirssyni, kr. 29.52 með 5% ársvöxtum frá 17. september 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 20. janúar 1950.

Ár 1950, föstudaginn 20. janúar, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 9. jan. s.l.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. des. s.l., en endurupptekið 30. des. s.l. sökum ófullnægjandi kröfugerðar, hefur Ásberg Sigurðsson, lögfræðingur á Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. sept. 1949, f. h. Ólafs Ásgeirssonar vélvirkjanema, Fjarðarstræti 24, Ísafirði, gegn Ólafi Guðmundssyni framkvæmdarstjóra f. h. Vélsmiðjunnar Þórs h/f, Ísafirði, til greiðslu á vangoldnu kaupi Ólafs Ásgeirssonar á tímabilinu 10. des. 1947 til 1. sept. 1949, kr. 1280.17, ásamt 5% ársvöxtum frá 17. sept. 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefnandi sundurliðaði kröfur sínar þannig:

Kaup fyrir tímabilið 10. des. 1947 til 12. nóv. 1948	kr.	86.40
— — — 12. nóv. 1948 til 31/8 1949	—	1102.08
— — orlofsfrídag	—	29.52
Orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu árið 1948—31/8 1949	—	62.17
Samtals kr.		1280.17

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að námssamningur Vélsmiðjunnar Þórs h/f við Ólaf Ásgeirsson verði dæmdur gildur. Þá krefst stefndi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Til vara krefst stefndi þess, ef kröfur stefnanda verði teknar til greina, að skuldajafnað verði við kröfur hans kr. 540.51, sem stefndi kveðst hafa ofgreitt stefnanda til 1/3 1948, og kr. 415.65 fyrir tímabilið 12/11 1946 til 12/4 1948 eða samtals kr. 956.16.

Þá hefur stefndi mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu fyrir orlofsfrídag og orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu.

Málavextir eru þessir:

Ólafur Ásgeirsson vélvirkjanemi hóf iðnaðarnám 12. nóv. 1946 hjá Vélsmiðjunni Þór. Námssamningurinn er dagsettur 14. des. 1946 og staðfestur af iðnaðarfulltrúunum í Reykjavík 30. des. s. á., en áritaður af lögreglustjóranum á Ísafirði 3. febr. 1947. Í námssamningnum var grunnkaup nemandans ákveðið kr. 0.88 á klukkustund fyrsta árið, kr. 1.05 annað árið, kr. 1.23 þriðja árið og kr. 1.40 fjórða árið. Kaupgreiðsla skyldi fara fram vikulega eftir á. Árlega átti nemandinn að fá 12 daga frí með fullu kaupi. Á kaupið skyldi greiðast verðlagsuppbót.

Á öðru námsári, 10. des. 1947, varð kaupgjaldsbreyting hjá sveinum í Reykjavík. Grunnkaup sveina var þá ákveðið 170 krónur á viku. Við þá breytingu varð kaup umbjóðanda stefnanda lægra en það hefði orðið, ef farið hefði verið eftir reglum, sem iðnaðarfulltrúarnir höfðu auglýst 31. ágúst 1945 um kjör iðnnema.

Stefnandi hefur haldið því fram, að stefnda hafi verið kunnugt um auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, er námssamningurinn var gerður við Ólaf Ásgeirsson, og vitnar hann því til sönnunar til bréfs iðnnema hjá Vélsmiðjunni Þór, dags. 28. des. 1945, þar sem vitnað er til þessarar auglýsingar. Hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi ekki verið í góðri trú, er samningurinn var gerður. Þá hefur hann haldið því fram, að iðnaðarfulltrúarnir muni hafa ritað samþykki sitt á námssamninginn, enda þótt hann bryti í bága við auglýsingu þeirra, sökum þess að svo var frá samningnum gengið, að tímakaup það, er stefndi greiddi, hafi verið hærra en sá hundraðshluti af sveinakaupi, sem ákveðinn var í auglýsingunni. Á þessu varð ekki breyting fyrr en hækkun varð á sveinakaupi í Reykjavík í árslok 1947.

Stefnandi heldur því fram, að lágmarkskaup samkvæmt ákvæðum tilkynningar iðnaðarfulltrúanna hafi tvímælalaust verið bindandi fyrir stefnda. Þá hefur hann haldið því fram, að að því leyti, sem stefndi hafi greitt umbjóðanda stefnanda hærra kaup eftir námssamningnum en ákveðið var í auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, sé hann bundinn eftir almennum samningsreglum og eigi því ekki endurkröfurétt á þeirri greiðslu.

Stefndi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að auglýsing iðnaðarfulltrúanna frá 31. ágúst 1945 eigi hér ekki við, sökum þess að aðaltilgangurinn með henni sé sá, að leiðrétta kjör nemenda í þeim iðngreinum, þar sem kaupið er lægst.

Í því sambandi lét stefndi þess getið, að kaup umbjóðanda stefnanda

hafi numið árið 1947 kr. 9349.98 og árið 1948 kr. 8533.42, og hefur hann haldið því fram, að það verði að teljast sómasamlegt kaup nemanda á 1. og 2. námsári.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, er námssamningurinn var gerður. Námssamningurinn hafi því verið gerður með sömu kjörum og áður hafi tíðkazt hjá fyrirtækinu. Þá benti stefndi á það, að námssamningurinn hefði verið samþykktur athugasemdalaust af iðnaðarfulltrúunum í Reykjavík og af lögreglustjóra. Af þessum ástæðum hafi nemandanum verið greitt eftir námssamningnum til þessa, og hafi hann engum mótmælum hreyft fyrr en 20. okt. 1948. Þá fór hann þess á leit við verkstjóra vélsmiðjunnar, að kjörunum yrði breytt til samræmis við auglýsingu iðnaðarfulltrúanna. Verkstjórinn kom síðan tilmælum nemandans á framfæri við framkvæmdarstjóra félagsins, en þau voru ekki tekin til greina.

Stefndi hefur upplýst, að eftir árslok 1948 hafi þeim 4 iðnnemum, sem teknir voru til náms, verið greitt kaup eftir auglýsingu iðnaðarfulltrúanna.

Í 1. grein laga um iðnaðarnám nr. 43/1940 er svo ákveðið, að iðnaðarnámssamningur sé því aðeins löglegur, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem iðnaðarfulltrúarnir hafi komið sér saman um að setja um slíka samninga. Samkvæmt þessari lagaheimild birtu iðnaðarfulltrúarnir tilkynningu þá í Lögbirtingablaðinu 31. ágúst 1945, sem áður hefur verið getið. Þar segir svo meðal annars:

„Að undanförnu hafa kjör iðnnema í ýmsum iðngreinum verið svo léleg, að þeir hafa hvergi nærri borið úr býtum, sem svarar framfærslukostnaði yfir námstímann, sem þó mun samkvæmt iðnnámslögum mega telja lágmarkskröfu, þar sem jöfnum höndum er gert ráð fyrir þeim möguleika, að nemandinn hafi framfæri á vegum meistara eða fái greitt kaup.

Með tilvísun í ofannefnda lagaheimild og til leiðréttingar á kjörum nemenda í þeim iðngreinum, þar sem kaup hefur verið lægst, hafa iðnaðarfulltrúarnir í samráði við iðnaðarmálaráðherra ákveðið að setja eftirfarandi skilyrði um kaup og kjör fyrir áritun iðnnámssamninga:

1. Kaup iðnnema sé viku- eða mánaðarkaup (ekki tímakaup).
2. *Lágmarkskaup* verði sem hér segir:
   Á 1. námsári 25% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.
   Á 2. námsári 30% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.
   Á 3. námsári 40% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað.
   Á 4. námsári 45% af samningsbundnu kaupi sveina í sömu iðn á hverjum stað."

Þessi fyrirmæli iðnaðarfulltrúanna verða naumast skilin á annan veg en að óheimilt sé að greiða nemendum lægra kaup. Þegar staðfesting fór fram á námssamningi umbjóðanda stefnanda, voru launakjör hans nokkru hærri en ákveðið hafði verið í auglýsingu iðnaðarfulltrúanna, en

með tilliti til þess, sem á undan var gengið, verður að líta svo á, að sú staðfesting hafi verið bundin því skilyrði, að kaup nemandans færi ekki niður úr því lágmarki, sem iðnaðarfulltrúarnir höfðu komið sér saman um að setja.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf stjórnarformanns Vélsmiðjunnar Þórs h/f til járniðnaðarnema fyrirtækisins, dags. 5. júlí 1945, þar sem frá því er skýrt, að samkomulag hafi orðið milli nemenda fyrirtækisins og stjórnarinnar um það, ef breytingar yrðu á kjörum járniðnaðarnema í Reykjavík á næsta ári, þ. e. 1946, þá skyldu kjör nemenda hjá Þór h/f breytast í samræmi við það.

Stefndi hefur haldið því fram, að samkomulag þetta ætti aðeins við þá nemendur, sem að samningsgerðinni stóðu, en ekki þá, er síðar komu.

Á það verður þó ekki fallizt, því ráða má það af orðalagi rskj. nr. 12, að ætlunin hefur verið, að nemendur í þjónustu stefnda nytu sömu kjara og nemendur í hliðstæðum atvinnugreinum í Reykjavík.

Dómarinn lætur þess getið, að kaup það, sem umbjóðandi stefnanda hefur fengið greitt, t. d. árið 1948, geti engan veginn talizt sómasamlegt, eins og stefndi hefur haldið fram, þegar þess er gætt, hversu verðlag á öllum nauðsynjum hefur hækkað. Verður ljóst, við hver kjör nemandinn hefur búið, þegar kunnugt er, að af þeim kr. 8533.42, sem hann fékk greiddar, voru kr. 1044.09 fyrir eftirvinnu og næturvinnu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður dómarinn að líta svo á, að stefndi hafi verið bundinn við þau lágmarkskjör, sem ákveðin voru í auglýsingu iðnaðarfulltrúanna.

Ber stefnda því að greiða stefnanda umstefnda upphæð.

Stefndi hefur gert þá varakröfu, að skuldajafnað verði við kröfu stefnanda kr. 956.16, sem stefndi kveðst hafa ofgreitt umbjóðanda stefnanda, miðað við kjör samkvæmt auglýsingu iðnaðarfulltrúanna.

Dómaranum þykir eigi ástæða til skuldajafnaðar, sökum þess að upphæð sú, sem um ræðir, er greidd eftir námssamningnum, enda átti umbjóðandi stefnanda ekki sök á, að hann var ekki í samræmi við reglur iðnaðarfulltrúanna.

Stefndi hefur ekki fært fullnægjandi rök að því, að skerða beri rétt umbjóðanda stefnanda til orlofsfrís um einn dag.

Dómarinn getur ekki fallizt á þá skoðun stefnda, að undir úrskurð félagsdóms heyri kröfur stefnanda um orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu 1948—1949. Frávísunarkrafa stefnda verður því ekki tekin til greina. Krafa stefnanda um orlofsfé af eftir- og helgidagavinnu þykir vera réttmæt, og ber því að dæma stefnda til að greiða þá upphæð. Þá ber að taka vaxtakröfu stefnanda til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber til greina kröfu stefnanda að öðru leyti en því, að eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Þór h/f, Ísafirði, greiði stefnanda, Ásberg Sig-

urðssyni f. h. Ólafs Ásgeirssonar, kr. 1280.17, ásamt 5% ársvöxtum frá 17. september 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1952.

Kærumálið nr. 3/1952.

Rafmagnseftirlit ríkisins
gegn
Kirkjusandi h/f.

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Synjun vitnaleiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 29. janúar 1952, sem Hæstarétti barst 6. febrúar s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. janúar 1952 í hæstaréttarmálinu Kirkjusandur h/f gegn Rafmagnseftirliti ríkisins. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Á öndverðu ári 1946 framkvæmdi sóknaraðili jarðborun eftir köldu vatni á Kirkjusandi í Reykjavík handa frystihúsi varnaraðilja þar. Að verki loknu sendi sóknaraðili honum reikning fyrir það, er nam kr. 17.012.43, en frá þeirri fjárhæð dróst kr. 4.000.00, er varnaraðili hafði greitt, meðan á verkinu stóð. Varnaraðili neitaði að greiða meira en hann hafði þegar gert. Höfðaði sóknaraðili þá mál á hendur varnaraðilja

með stefnu, útgefinni 19. september 1946, til greiðslu eftirstöðvanna, kr. 13.012.43, ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags. Af hendi varnaraðilja var dómþing ekki sótt í héraði, og var hann dæmdur til að greiða stefnukröfurnar svo og kr. 1100.00 málskostnað. Þessum dómi áfrýjaði varnaraðili með stefnu 11. nóvember 1947 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hinn 17. nóvember 1947 sneri umboðsmaður varnaraðilja sér til borgardómara í Reykjavík og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu tveir menn til þess að skoða nefndar borunarframkvæmdir og meta a) hvort borun hefði komið að gagni b) ef svo er ekki, hverjar séu þá orsakir þess og c) hvað verkið hefði kostað Rafmagnseftirlit ríkisins, sóknaraðilja máls þessa. Hinn 9. nóvember 1947 voru þeir Helgi Sigurðsson hitaveitustjóri og Valgard Thoroddsen bæjarverkfræðingur dómkvaddir til að framkvæma mat þetta. Matsgerð þeirra er dagsett hinn 28. nóvember 1949. Rekja þeir orsakir þær, er þeir telja vera til þess, að jarðborunin bar ekki árangur. Í lok matsgerðar sinnar segja þeir, að sóknaraðilja hafi borið skylda til að hafa bortækin í því ástandi, að þau skiluðu viðunandi afköstum, og sé miðað við meðal borhraða Hitaveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar í tilteknum 7 borholum, hefði reikningur sóknaraðilja átt að vera kr. 4980.00. Með bréfi, dags. 27. janúar 1950, æskti umboðsmaður sóknaraðilja þess, að borgardómarinn í Reykjavík dómkveddi þrjá yfirmatsmenn til þess að meta til fjár verk það og aðrar kröfur, er greinir á reikningi sóknaraðilja til varnaraðilja, þeim er áður greinir. Þá óskar sóknaraðili þess og í bréfinu, að yfirmatsmönnum verði falið að taka til meðferðar undirmatsgerðina. Hinn 1. febrúar 1950 dómkvaddi borgardómari til þessa starfa þá Árna Snævarr verkfræðing, Ólaf Tryggvason verkfræðing og Sigurð Þórarinsson jarðfræðing. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 13. nóvember 1950. Yfirmatsmenn gerðu rækilega athugun á framkvæmd jarðborunar þeirrar, er málið er af risið, og gagnrýndu reikning sóknaraðilja vegna verksins. Niðurstaða yfirmatsmanna er þessi: „Samkvæmt þessu teljum vér kostnað verksins hæfilegan 17.012.43 ÷ 2900.30 = 14.112.13." Eftir forsendum matsgerðarinnar verð-

ur að skilja þessi ummæli svo, að yfirmatsmenn telji hæfilegt endurgjald fyrir jarðborunina kr. 14.112.13.

Í bréfi til borgardómara, dags. 31. marz 1951, fór umboðsmaður varnaraðilja þess á leit, að dómkvaddir yrðu tveir menn „til að skoða borunarframkvæmdir þær, sem gerðar voru, og meta, hvað sé hæfilegt endurgjald fyrir téðar boranir", en með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 2. maí 1951, var þeirri kröfu hrundið með þeim rökum, að bæði undirmat og yfirmat hefðu farið fram um það efni, sem varnaraðili vildi láta dómkveðja menn af nýju til að meta, þ. e. hvert endurgjald sé hæfilegt fyrir jarðborun þá, sem um var að tefla, og var því ekki talið rétt að tefja rekstur málsins gegn mótmælum sóknaraðilja með frekari matsgerðum um sama efni.

Á bæjarþingi 23. janúar 1952 var tekin til meðferðar beiðni umboðsmanns varnaraðilja um, að tekin yrði vitnaskýrsla af undirmatsmönnunum Helga Sigurðssyni hitaveitustjóra og Valgard Thoroddsen verkfræðingi til afnota í framangreindu hæstaréttarmáli. Umboðsmaður sóknaraðilja mótmælti vitnaleiðslu þessari, en héraðsdómari leyfði framgang hennar með hinum kærða úrskurði. Með því að sóknaraðili hefur haft ærinn tíma til að láta vitnaleiðslu þá, sem hann nú beiðist, fara fram á fyrri stigum málsins, þykir nú ekki rétt gegn mótmælum varnaraðilja að heimila hana. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kr. 250.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og skal vitnaleiðsla sú, sem krafizt er, ekki fram fara.

Varnaraðili, Kirkjusandur h/f, greiði sóknaraðilja, Rafmagnseftirliti ríkisins, kr. 250.00 kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1952.

Vitnamál þetta, sem þingfest var í dag, er tekið fyrir að beiðni hlutafélagsins Kirkjusands hér í bæ gegn Rafmagnseftirliti ríkisins, einnig hér

í bæ, til öflunar gagna í hæstaréttarmálinu nr. 121/1947: Kirkjusandur h/f gegn Rafmagnseftirliti ríkisins. Þar sem telja verður, að það sé lagt á vald Hæstaréttar, en ekki bæjarþings Reykjavíkur, hvort gögn þau, sem ætlað er að afla í vitnamáli þessu, hafi þýðingu í hæstaréttarmálinu eða ekki svo og hvort þeim verði þar að komið, þykir rétt, að umrædd vitnaleiðsla í vitnamáli þessu fari fram, enda verður ekki séð, að þinghald það, sem fyrirhugað er nú í þessu skyni, fái tafið afgreiðslu umræddsmæstaréttarmáls.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Umbeðin vitnaleiðsla í vitnamáli þessu skal fram fara.

Föstudaginn 22. febrúar 1952.

Nr. 46/1950. **Oddur Kristjánsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Þorkeli Sigurðssyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari Ármann Snævarr prófessor í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Forsamningur um kaup á fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1950, krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. maí 1950. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati Hæstaréttar.

Um páskana 1948 auglýsti aðaláfrýjandi hús, er hann átti í Grafarnesi, til sölu. Síðast í maí s. á. sneri gagnáfrýjandi sér til hans og falaði af honum húsið. Urðu þeir ásáttir um,

að gagnáfrýjandi keypti húsið á kr. 110.000.00, og hinn 2. júní s. á., kl. 11 f. h., fóru þeir saman til Guðlaugs Þorlákssonar í Reykjavík og báðu hann að rita kaupsamning um húsið, þar sem greindir væru skilmálar kaupsins. Ritaði Guðlaugur þegar samdægurs kaupsamninginn samkvæmt beiðni aðilja, enda máttu aðiljar vitja hans kl. 3 þann dag. Greiðsluskilmálar voru í stuttu máli þeir, að gagnáfrýjandi skyldi taka að sér lán, er hvíldi með 1. veðrétti á eigninni, að fjárhæð kr. 6800.00, greiða kr. 5000.00 af áðurnefndu kaupverði við undirritun samnings, kr. 5000.00 og kr. 20.000.00 á tilteknum gjalddögum 1948 og kr. 15.000.00 hinn 1. ágúst 1949. Þenna síðastnefnda dag skyldi aðaláfrýjandi, að fullnægðum greiðslum af hendi gagnáfrýjanda, gefa út afsal til handa gagnáfrýjanda fyrir eigninni. Gagnáfrýjandi skyldi gefa aðaláfrýjanda út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, kr. 58.200.00, er tryggðar skyldu með 2. veðrétti í húsinu.

Aðaláfrýjandi kveðst hafa tjáð gagnáfrýjanda, er þeir komu sér saman um skilmála kaupsins, að hann vildi ganga frá kaupsamningi strax eða í síðasta lagi fyrir 4. júní, en þann dag að morgni ætlaði aðaláfrýjandi vestur á land, og segir hann, að samningsritun hafi verið hraðað svo af þeim sökum. Svo virðist af skýrslum aðilja sem aðaláfrýjandi hafi viljað þegar undirrita samninginn 2. júní kl. 3, en gagnáfrýjandi taldi sér ekki unnt að greiða fyrstu samningsgreiðslu, kr. 5000.00, þá, þar sem hann þyrfti að útvega þá fjárhæð. Kl. um 5 þenna dag hringdi gagnáfrýjandi til aðaláfrýjanda og kvaðst enn ekki vera búinn að afla nefndrar fjárhæðar. Aðiljar hittust síðan að kvöldi sama dags, og lánaði aðaláfrýjandi þá gagnáfrýjanda samningsuppkastið, er gagnáfrýjandi vildi hafa til sýnis við útvegun lánsfjár. Aðaláfrýjandi kveðst hafa látið í ljós óánægju yfir því, að ekki var gengið þegar frá samningum, þar sem næsti dagur væri síðasti dvalardagur sinn í Reykjavík að því sinni, en segist þó hafa gefið gagnáfrýjanda frest til næsta dags, 3. júní, kl. 3. Á þeim tilsetta tíma hringdi gagnáfrýjandi, og urðu aðiljar þá ásáttir um að hittast í tilgreindu húsi þá um kvöldið til að ganga frá fullnaðarsamningi um kaupin. Er fundum þeirra bar saman í húsi þessu, vildi gagnáfrýjandi inna hina fyrstu greiðslu sína

af hendi með ávísun á sparisjóðsreikning sinn í Útvegsbanka Íslands h/f. Aðaláfrýjandi kveður gagnáfrýjanda hafa ætlað að greiða alla fjárhæðina þannig, en gagnáfrýjandi segist hafa viljað greiða kr. 1000.00 í peningum, en kr. 4000.00 með ávísun. Gagnáfrýjandi viðurkennir, að innstæða þessarar fjárhæðar hafi þá ekki verið í reikningi hans, en segir, að nafngreindur bankastjóri Útvegsbankans hafi verið búinn að lofa honum láni til greiðslunnar og að lánsfjárhæðin skyldi greidd inn á sparisjóðsreikning hans í bankanum. Aðaláfrýjandi taldi þetta alls kostar ófullnægjandi greiðslutilboð og kveðst hafa tilkynnt gagnáfrýjanda, að ekki yrði „meira úr undirskrift" samningsins. Hið sama kvöld, eftir kl. 11, kom gagnáfrýjandi í húsið nr. 35 við Holtsgötu, þar sem aðaláfrýjandi hafði herbergi, og beið hans þar alllengi, enda kveður hann aðaláfrýjanda hafa lofað að hitta sig þar, er þeir skildu fyrr sama kvöld, en fór áður en aðaláfrýjandi kæmi heim. Kveðst gagnáfrýjandi þá hafa haft fyrstu samningsgreiðsluna með sér. Aðaláfrýjandi mótmælir því, að hann hafi lofað að vera viðstaddur í herbergi sínu að Holtsgötu um kvöldið, enda segist hann hafa verið önnum kafinn að ljúka ýmsum störfum, áður en hann lagði af stað vestur, en upp í þá för lagði hann með e/s Laxfossi að morgni þess 4. júní. Hinn 5. júní gerði aðaláfrýjandi síðan samning við tvo nafngreinda menn um sölu húss síns í Grafarnesi og neitaði síðan að eiga kaup um húsið við gagnáfrýjanda.

Tilætlun aðilja var sú, er þeir sömdu um kaupin, að gagnáfrýjandi greiddi kr. 5000.00 við samningsundirritun. Atvik málsins styðja þá staðhæfingu aðaláfrýjanda, að hann hafi viljað ráða kaupunum til lykta fyrir 4. júní. Aðaláfrýjanda var alls ekki skylt að veita viðtöku hinni innstæðulausu ávísun, sem gagnáfrýjandi vildi greiða honum að kvöldi hins 3. júní, og ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi lofað að bíða gagnáfrýjanda í húsinu nr. 35 við Holtsgötu þetta kvöld. Gagnáfrýjandi hafði því ekki innt af hendi sinn þátt í forsamningi aðilja, áður en aðaláfrýjandi lagði upp í för sína hinn 4. júní. Þá er og á það að líta, að erfiðleikar gagnáfrýjanda um öflun fjár og sérstaklega framboð hans á innstæðulausri ávísun máttu vekja aðaláfrýjanda ugg um það, hvernig af reiddi

um síðari greiðslur úr hendi gagnáfrýjanda, ef til kæmi. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, tókust ekki fullnaðarsamningar með aðiljum um kaup nefnds húss, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Oddur Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Þorkels Sigurðssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f. m., hefur Þorkell Sigurðsson framkvæmdarstjóri, til heimilis að Grafarnesi í Grundarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. júní 1948, og sakaukastefnu, útgefinni 18. okt. s. á., gegn Oddi Kristjánssyni framkvæmdarstjóra, Grafarnesi, og Sigurjóni Halldórssyni skipstjóra, Norður-Bár, báðum í Grundarfirði, og Hermanni Sigurjónssyni, Bár í Eyrarsveit.

Málavextir eru þeir, að um páskana 1948 auglýsti stefndi Oddur íbúðarhús sitt í Grafarnesi til sölu og óskaði tilboðs í það eða viðtals við sig af þeim, sem hefðu í hyggju að kaupa húsið. Varð þetta til þess, að stefnandi sneri sér til hans viðvíkjandi kaupum á húsinu, og samdist svo um með þeim, að stefnandi keypti húsið fyrir kr. 110.000.00 með skilmálum, sem vikið verður að síðar. Það varð að samkomulagi milli þeirra stefnanda og Odds, að fela nafngreindum manni, Guðlaugi Þorlákssyni, að gera fyrir þá kaupsamning um eignina. Komu þeir á skrifstofu Guðlaugs um kl. 11 f. h. hinn 2. júní 1948. Gerði hann þá þegar uppkast að kaupsamningnum og lofaði að hafa hann tilbúinn til undirskriftar um kl. 3 sama dag. Er þeir stefnandi og Oddur fóru út af skrifstofunni tjáði stefnandi Oddi, að hann gæti ekki haft peninga þá, sem greiðast áttu við undirskrift samningsins, tilbúna á þeim tíma. Fór Oddur því einn til Guðlaugs kl. 3 og tók hjá honum kaupsamninginn tilbúinn til undirskriftar. Liggur kaupsamningurinn fyrir í málinu í eftirriti, og er ekki ágreiningur um það, að hann hafi verið í fullu samræmi við áðurgreint samkomulag greindra aðilja. Er meginefni samningsins það, að Oddur lofar að selja og stefnandi lofar að kaupa íbúðarhús Odds í Grundarfirði

með lóðarréttindum og öðru tilheyrandi fyrir kr. 110.000.00. Skyldi kaupverðið greiðast þannig, að stefnandi tæki að sér að greiða skuld, kr. 6800.00, er á eigninni hvíldi með 1. veðrétti, greiða í peningum við undirskrift samningsins kr. 5000.00, hinn 1. ágúst 1948 kr. 5000.00, hinn 1. nóvember s. á. kr. 20.000.00 og hinn 1. ágúst 1949 kr. 15.000.00. Fyrir eftirstöðvunum kr. 58.200.00 skyldi stefnandi gefa út skuldabréf, tryggt með öðrum veðrétti í eigninni. Seljandi Oddur skuldbatt sig til þess að rýma efri hæð hússins þegar í stað, og átti kaupandi að njóta arðs af eigninni frá undirskriftardegi kaupsamningsins, en greiða af henni frá sama tíma alla skatta og skyldur.

Um kl. 8—9 að kvöldi hins 3. júní hittust þeir stefnandi og Oddur heima hjá bróður stefnanda á Reynimel 45. Bauð stefnandi þá fram greiðslu á þeim kr. 5000.00, er greiðast áttu við undirskrift samningsins. Var greiðslan, að því er stefnandi heldur fram, boðin fram með 4000.00 króna tékkávísun á Útvegsbankann og kr. 1000.00 í peningum. Stefndi Oddur staðhæfir hins vegar, að öll greiðslan hafi verið boðin fram með tékkávísun. Innstæða var ekki á bankareikningi stefnanda fyrir ávísun þeirri, sem hann bauð fram sem greiðslu, en stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið búinn að fá loforð fyrir láni í Útvegsbankanum, er hafi átt að afgreiðast þegar morguninn eftir, og lánsfjárhæðin að leggjast inn á reikning hans, og tjáði stefnandi Oddi þetta. Oddur hafnaði ávísuninni sem greiðslu og kveðst hafa tekið samningsuppkastið, sagt stefnanda, að ekki yrði úr undirskriftum, og síðan farið. Áður en stefnandi og Oddur skildu í umrætt skipti, kveðst stefnandi hafa spurt Odd að því, hvenær myndi verða hægt að hitta hann heima seinna þetta sama kvöld, og hafi Oddur svarað því til, að hann byggist við að vera kominn heim upp úr kl. 11. Hefur Oddur ekki neitað því, að þessi orðaskipti hafi átt sér stað. Kl. rúmlega 11 um kvöldið fór stefnandi heim til Odds, og heldur hann því fram ómótmælt, að hann hafi þá haft með sér kr. 5000.00 í peningum. Beið hann eftir Oddi þar til klukkan að ganga tvö um nóttina, en Oddur var þá enn ekki kominn. Hinn 4. júní fór Oddur heim til sín að Grafarnesi, og hafði stefnanda áður verið kunnugt um þá fyrirætlun hans. Daginn eftir fór og stefnandi heim til sín vestur. Hinn 5. júní varð það að samkomulagi milli Odds og stefndu Sigurjóns og Hermanns, að hann seldi þeim umrædda húseign, og var samningur þess efnis undirritaður milli þeirra 6. júní og móttekinn athugasemdalaust til þinglestrar 16. september.

Hinn 6. júní kom stefnandi heim til Odds í Grafarnesi, bauð fram greiðslu á kr. 5000.00 og krafðist, að gengið væri frá kaupsamningnum milli þeirra, en Oddur hafnaði því og taldi, að samningurinn væri niður fallinn vegna vanefnda stefnanda. Ekki mun Oddur þá hafa skýrt stefnanda frá því, að hann væri þegar búinn að selja öðrum húsið eða búinn að fá tilboð í það, sem hann ætlaði að taka.

Að tilhlutun stefnanda skoraði notarius publicus í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á Odd að undirrita samningsuppkast það, sem áður er getið um, og bauð jafnframt fram kr. 5000.00 sem fyrstu greiðslu sam-

kvæmt samningnum. Neitaði Oddur að undirrita samningsuppkastið og hafnaði jafnframt hinni framboðnu greiðslu.

Stefnandi telur, að með hinu munnlega samkomulagi hans og stefnda Odds og hinu óundirskrifaða en samþykkta samningsuppkasti frá 2. júní hafi komizt á bindandi kaupsamningur milli þeirra um, að stefndi Oddur seldi honum umræddá húseign með þeim kjörum, sem í samningsuppkastinu greinir. Þá telur hann, að Oddi hafi verið algerlega óheimilt, eins og á stóð, að selja öðrum húseignina, og sé því sala hans á henni til stefndu Sigurjóns og Hermanns ógild. Á þessum rökum reisir stefnandi eftirgreindar dómkröfur sínar:

1. *að* því verði slegið föstu með dómi bæjarþingsins, að með samkomulaginu frá 2. júní 1948 hafi komizt á bindandi kaupsamningur milli hans og stefnda Odds um húseign Odds í Grundarfirði,
2. *að* stefnda Oddi skuli dæmt skylt að undirrita kaupsamning um eignina samhljóða samningsuppkasti því, er Guðlaugur Þorlákssón gerði með aðiljum 2. júní 1948, allt að viðlögðum dagsektum eigi undir kr. 200.00 fyrir hvern dag, er líður að loknum aðfararfresti án þess að stefndi Oddur fullnægi þessari skyldu sinni, en gegn greiðslu á þeim afborgunum á kaupverðinu, sem þá verða fallnar í gjalddaga samkvæmt samningi aðilja,
3. *að* ógild verði dæmd sala stefnda Odds til stefndu Sigurjóns og Hermanns á hinni umræddu fasteign í júnímánuði 1948,
4. *að* hinir stefndu, Oddur, Sigurjón og Hermann, verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu. Þá hefur stefnandi geymt sér rétt til að krefja stefnda Odd greiðslu á fullum bótum fyrir allt það tjón, er hann hefur beðið eða kann að bíða vegna samskipta þeirra.

Allir hinir stefndu hafa krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi Oddur reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að ákveðinn samningur um kaup á umræddri húseign hafi ekki verið kominn á, enda þótt samningsuppkastið hafi verið gert, þar sem ekki hafi verið undir það skrifað. Þá telur hann, að þó svo yrði litið á, að samningur hafi komizt á um kaupin, þá hafi honum verið heimilt að rifta samningnum. Stefnandi hafi ekki getað innt fyrstu greiðsluna af hendi, svo sem um hafi verið samið. Kveður hann sig þrisvar sinnum hafa veitt stefnanda frest til þess að inna þá greiðslu af höndum, áður en þeir aðiljarnir hittust að kvöldi þess 3. júní. Þeir frestir hafi ekki borið árangur, og greiðsla sú, sem stefnandi hafi boðið fram umrætt kvöld, hafi verið ólögmæt. Þar sem svo óglæsilega hafi gengið að fá fyrstu greiðsluna hjá stefnanda, en hann hafi átt eftir að greiða miklu hærri fjárhæðir síðar, telur stefndi Oddur, að hann hafi haft fulla ástæðu til að hætta við að selja stefnanda eignina, og sé því enginn grundvöllur fyrir kröfu stefnanda í málinu.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum sýknuástæðum stefnda Odds.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan um samskipti stefnanda og stefnda Odds, verður að fallast á það hjá stefnanda, að bindandi samn-

ingur hafi komizt á með honum og Oddi um kaup á umræddri húseign með þeim kjörum, sem í margnefndu uppkasti greinir. Hefur því fyrri sýknuástæða Odds ekki við rök að styðjast. Ekki verður séð, að þegar samkomulagið um kaupin varð, hafi verið um það samið, að undirskrift kaupsamningsins skyldi fara fram innan tiltekins tíma. Þá er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að stefndi Oddur hafi sett stefnanda ákveðinn frest til þess að inna fyrstu 5000 króna greiðsluna af höndum, að því viðlögðu, að samkomulagið um kaupin væri fallið niður, ef stefnandi greiddi ekki innan lokafrestsins.

Að þessu athuguðu og þar sem fram er komið í málinu, að stefnandi bauð fram í peningum greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem greiðast átti við undirskrift samningsins, innan fárra daga, eftir að samkomulagið um kaupin komst á, þykir stefndi Oddur ekki hafa átt rétt á að rifta samningnum um kaupin, enda hefur hann ekki sýnt fram á, að efnahag stefnanda hafi verið svo háttað, að ástæða væri til að óttast, að vanskil myndu verða á greiðslum hjá stefnanda samkvæmt kaupsamningnum í framtíðinni. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda undir fyrsta lið til greina.

Stefndu Sigurjón og Hermann reisa sýknukröfu sína á því, að er þeir sömdu um kaup á umræddri húseign við stefnda Odd, hafi þeir ekki vitað annað en að Oddur væri eigandi eignarinnar. Kaupsamningi þeirra um eignina hafi verið þinglýst athugasemdalaust, enda hafi það ekki verið véfengt af stefnanda, að stefndi Oddur hafi verið skráður eigandi hennar. Þeir kveðast ekkert hafa vitað um skipti stefnanda og stefnda Odds varðandi eignina, fyrr en eftir að þeir höfðu undirskrifað samning um kaup á henni. Hafi þeir því verið algerlega grandlausir og í góðri trú, er sala Odds til þeirra fór fram, og hafi það enga stoð í lögum, að salan verði dæmd ógild.

Gegn mótmælum stefndu hefur stefnandi ekki sannað, að stefndu Sigurjóni og Hermanni hafi verið kunnugt um samninginn milli stefnda Odds og stefnanda um eign þá, er í málinu greinir, þegar þeir gerðu kaupin við Odd um eignina. Var kaupsamningi þeirra þinglýst athugasemdalaust. Verður því sala stefnda Odds á eigninni til þeirra ekki dæmd ógild, en af því leiðir, að eigi er unnt að taka til greina annan lið dómkröfu stefnanda á hendur Oddi, og ber því einnig að sýkna af honum. Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður, bæði í aðalsök og sakaukamálinu, falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Með samkomulagi því, er í málinu greinir, frá 2. júní 1948 komst á bindandi kaupsamningur milli stefnanda, Þorkels Sigurðssonar, og stefnda Odds Kristjánssonar um kaup á húseign stefnda Odds í Grundarfirði.

Stefndu Sigurjón Halldórsson og Hermann Sigurjónsson skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í málinu.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. febrúar 1952.

Nr. 84/1948. **Oddur Jónsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Kristni Indriðasyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Rekaítak. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. júní 1948. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 28. október 1948 og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 1. nóvember s. á. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 5000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1942 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja hér fyrir dómi voru samsaga um það, að Þorp eigi reka frá landamerkjum Smáhamra að Hellnanesi, en gagnáfrýjandi eigi reka þaðan að Grind. Enn fremur var því lýst, að í þessu máli sé við það miðað, að reki á fjöru Þorpa teljist ⅓ og reki á fjöru gagnáfrýjanda ⅔ hlutar af öllum reka á nefndu svæði. Þá var það og viðurkennt, að aðaláfrýjandi væri einn ábyrgur og í fyrirsvari, að því er varðar skaðabótakröfu þá, er gagnáfrýjandi hefur haft uppi í máli

þessu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Oddur Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Kristni Indriðasyni, kr. 1800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Strandasýslu 21. maí 1948.

Ár 1948, föstudaginn 21. maí, var á aukadómþingi Strandasýslu kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1946: Kristinn Indriðason gegn Oddi Jónssyni.

Mál þetta, sem flutt hefur verið skriflega samkvæmt samkomulagi aðilja, dómtekið 7. febr. s.l., endurupptekið og dómtekið á ný 20. marz s.l., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 9. júlí 1946, af Kristni Indriðasyni, bónda og sýslunefndarmanni á Skarði á Skarðsströnd, Dalasýslu, gegn Oddi Jónssyni, bónda í Þorpum í Kirkjubólshreppi hér í sýslunni, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 5000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. des. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu eftir mati dómsins. Til vara er það krafa stefnda, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til stórra muna og vextir verði felldir niður eða lækkaðir og þá reiknaðir frá öðrum tíma en útgáfudegi stefnu. Komi til þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, krefst hann, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Kröfur sínar reisir stefnandi á því, að Skarðskirkja, sem er eign hans, eigi rekaítak á Gálmaströnd í landi Þorpa í Kirkjubólshreppi. Telur hann kirkjuna eiga allan rekann. Kveður hann stefnda hafa verið beðinn að hirða rekann, og fyrir það hafi hann átt að fá helming af rekaviðnum auk svokallaðs morviðar (væntanlega álnarlöng kefli og smærri). Telur stefnandi, að stefndi hafi eigi farið að þessu, heldur hirt til sín árum saman óskiptan allan endasagaðan við, þar sem stefndi kalli slíkan við eigi reka, heldur vogrek. Þó telur stefnandi stefnda eigi alltaf hafa gert þetta. Af þessu ætlar stefnandi tjón sitt nema kr. 5000.00, sem er stefnukrafa hans.

Umboðsmaður stefnda mótmælti upphaflega í greinargerð sinni (dskj. nr. 4), að Skarðskirkja ætti nokkurt rekaítak fyrir landi Þorpa, og til vara, að hafi það einhvern tíma verið til, sé það fyrir löngu orðið eign stefnda fyrir hefð. Þá hélt hann því fram, að þótt Skarðskirkja kynni að hafa átt reka á Gálmaströnd, þá muni það hafa verið á litlu svæði, sem

eigi verði staðsett lengur. Var krafan um sýknu fyrst og fremst reist á þessu. Loks hefur umboðsmaður stefnda síðar undir rekstri málsins krafizt sýknu á þeim grundvelli, að rekaítak það, sem stefndi sjálfur hefur viðurkennt, að Skarðskirkja eigi fyrir landi Þorpa, feli ekki í sér rétt til svonefnds mannvirkjaviðar, þ. e. þess rekaviðar, sem mannaverk sjást á.

Skulu nú málsatvik rakin og athuguð.

Hvað snertir rekasvæði það fyrir landi Þorpa, sem talið er, að ítak Skarðskirkju nái yfir, hefur þetta komið fram:

Á dómþingi 7. júní s.l. hefur stefndi sjálfur viðurkennt, að „Skarðskirkja hefur átt og á rekaítak á Gálmaströnd frá svonefndu Hellnanesi út að Grind, þar sem landamerki eru milli Þorpa og Hvalsár, og er Grind klettabelti fram í sjóinn." Þá hafa nokkur vitni, sem kunnug eru byggðarlaginu og flest hafa átt þar lengi heima, borið um þetta atriði, og er vætti þeirra samhljóða því, sem stefndi hefur haldið fram, að rekaítak Skarðskirkju sé á svæðinu, sem takmarkast af Hellnanesi og Grind. Umboðsmaður stefnanda hefur og lagt fram endurrit nokkurra gamalla máldaga og annarra skjala, þar sem ræðir um rekaítak Skarðskirkju fyrir landi Þorpa.

Í skjölum þessum er Skarðskirkja talin eiga „þrjá hluti í viðreka fyrir Þorpum", að fráskildum þeim viðreka, sem Fellskirkja og Tungukirkja eiga, og þeim viðreka, sem bænhúsið á af Bænhúsvík í Þorpum. Eru það sex álna tré og þaðan af minni. En staðurinn í Skálholti er talinn eiga þriðjung eða fjórðung „viðreka í greindu takmarki jafnt við Skarðskirkju."

Eigi hefur það orðið upplýst, hve víðtækur rekaréttur Fellskirkju, Tungukirkju og Skálholtskirkju hefur verið, né heldur bænhússins, sem verið hefur í Þorpum, og ekki mun lengur vera vitað, hvar Bænhúsvík hefur verið. Er helzt að sjá, sem ítaki þessara kirkna og bænhússins hafi ekki verið beitt sérstaklega, svo að núlifandi menn muni. Stefndi heldur því fram, að þessi rekaréttindi hafi fallið til Þorpa, en hefur eigi fært á það sönnur.

Stefnandi heldur því fram, að til Skarðskirkju hafi verið keypt rekaítak það, sem Skálholtsstaður átti fyrir landi Þorpa, en hefur eigi gegn mótmælum stefnda fært sönnur á þetta.

Umboðsmaður stefnda hefur til vefengingar á tilvist rekaítaks Skarðskirkju bent á, að ítakið sé ekki talið í fasteignamati 1942, og enn fremur, að ábúendur Þorpa hafi greitt af því fasteignaskatt undanfarið. Þótt hér muni vera rétt frá greint, getur hvorugt þessara atriða haft áhrif, svo að máli geti skipt í þessu sambandi.

Hins vegar má af framangreindu telja það í ljós leitt, að rekaítak Skarðskirkju er eina rekaítakið í landi Þorpa, sem nú er beitt og hefur verið beitt, svo lengi sem núlifandi menn muna.

Um svæði það, er ítak þetta nær yfir, verður nú að styðjast við það, sem fram hefur komið af aðiljaskýrslu stefnda og vitnaframburðum þeim, er að framan greinir.

Samkvæmt þessu tekur rekaítak Skarðskirkju fyrir landi Þorpa yfir svæðið frá Hellnanesi að Grind.

Er svæði þetta samkvæmt vætti þeirra Karls bónda Aðalsteinssonar á Smáhömrum og Guðmundar Guðbrandssonar á Heydalsá talið ná yfir um ⅔ hluta alls reka fyrir landi Þorpa að vegalengd og rekamagni. Þessi hlutföll verður að telja stefnda hafa viðurkennt, sbr. dskj. nr. 32 og 40.

Þá verður og að telja, að stefnandi hafi fallið frá kröfu sinni til alls rekasvæðisins fyrir landi Þorpa og takmarkað kröfur sínar út af rekanum við svæðið frá Hellnanesi að Grind, sbr. dskj. nr. 37.

Um innihald þessa rekaítaks er ágreiningur.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi átt að fá fyrir að hirða rekann og bjarga honum helming alls þess viðar, sem á rekann bæri, og að auki allan svonefndan morvið, sem er álnarlöng kefli og smærri.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að honum beri allur sá viður óskiptur, sem mannaverk sjást á og á rekasvæði Skarðskirkju ber, svonefndur mannvirkjaviður.

Stefnandi telur, að um slíkan við skuli fara sem um annan rekavið almennt, og neitar að hafa gert nokkra tilslökun í samningum við stefnda um þetta.

Stefndi kveðst hafa hirt reka Skarðskirkju fyrir stefnanda síðan árið 1929, án þess að hafa gert um það skriflegan samning, en þar áður hafi hirt þenna reka faðir stefnda, er bjó í Þorpum á undan honum. Fyrir að hirða rekann kveðst stefndi hafa fengið öll álnarlöng kefli og smærri, svonefndan morvið, og hafi honum borið þetta sem ábúanda Þorpa. Fyrir að bjarga rekaviðnum kveðst stefndi hafa fengið helming stærri rekaviðar, en allan þann við, sem mannaverk hafa sézt á (mannvirkjavið), kveðst stefndi jafnan hafa hirt til sín óskiptan, óátalið af stefnanda þangað til árið 1942, er stefnandi hafi gert kröfu til þess, að um þann við færi sem annan almennan rekavið. — Því hefur og verið haldið fram af hálfu stefnda, að faðir hans hafi á undan stefnda notið sömu kjara og stefndi fyrir að hirða reka Skarðskirkju og bjarga honum undan sjó.

Heldur stefndi því fram, að vegna langvinnrar framkvæmdar hans sjálfs og þar áður föður hans á hirðingu og björgun rekans á þá lund, er að framan greinir, sé nú unnin hefð handa stefnda á svonefndum mannvirkjaviði, og eigi stefnandi ekkert tilkall til slíks viðar lengur og geti því engar kröfur út af honum gert.

Hins vegar hefur stefndi viðurkennt, að svonefndan mannvirkjavið hafi aðallega rekið á Gálmaströnd í landi Þorpa árin 1934 og 1935 og eftir það, „þótt þar áður hafi fyrir hitzt spýta og spýta, sem mannaverk hafa sézt á".

Stefnandi kveðst hafa mótmælt við stefnda, þegar er hann fékk um það vitneskju, að stefndi hirti til sín allan þann við, er mannaverk sáust á.

Annars hefur stefnandi skýrt svo frá um viðskipti sín við stefnda og föður hans út af viðarreka Skarðskirkju fyrir landi Þorpa, að þannig hafi verið samið við föður stefnda, að hann fengi helming rekaviðarins fyrir að saga viðinn, svo að hann yrði baggatækur, auk þess sem hann hafi fengið álnarlöng kefli og smærri fyrir að bjarga rekaviðnum. Kveður

stefnandi stefnda hafa notið sömu kjara, þótt hann hafi engan við sagað, án þess að sérstaklega hafi verið við hann samið.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að svo hafi verið samið við föður hans, að hann hafi átt að fá helming rekaviðarins fyrir að saga viðinn, svo að hann yrði baggatækur, en hins vegar hefur stefndi á dómþingi 7. júní s.l. talið sennilegt og ekki viljað mótmæla, að faðir hans hafi sagað allar stærri spýtur, svo að þær yrðu baggatækar.

Út af kröfu stefnda til þess rekaviðar, sem mannaverk hafa sézt á og á téð rekasvæði hefur borið, og út af þeirri staðhæfingu hans, að faðir stefnda og síðar hann sjálfur hafi, óátalið af rekaeiganda, hirt sem sína eign allan slíkan við óskiptan, og sé því unnin hefð handa stefnda eða á annan hátt réttur handa honum á slíkum viði, hefur komið fram í málinu það, er nú skal greint.

Stefndi hefur haldið því fram, að umboðsmaður stefnanda vegna rekans á Gálmaströnd hafi árið 1936 sýnt stefnda bréf frá stefnanda, þar sem lýst sé yfir því, að stefnandi geri eigi kröfu til þess mannvirkjaviðar, er þá var á rekanum. Stefnandi hefur mótmælt, að efni bréfs þessa hafi verið með þeim hætti, er stefndi greinir, en kveðst hafa glatað eftirriti bréfs þessa og ekki muna efni þess nánar.

Í aðiljaskýrslu stefnda 7. júní s.l. hefur hann viðurkennt, að rétt sé frá greint í bréfi stefnanda, dags. 3. febr. 1947, þar sem sagt er, að stefndi hafi fyrir um 6 árum afhent stefnanda allan þann við, er „á ströndinni var", og að megnið af þessum viði hafi verið endasagað. Stefndi kveðst reyndar hafa afhent við þenna með þeim fyrirvara, að afhendingin skyldi ekki ráða úrslitum í væntanlegu máli þeirra stefnanda út af endasöguðum viði, og hafi stefnandi boðið fram þessa skilmála. Stefnandi hefur ekki kannazt við, að stefndi hafi gert neinn fyrirvara um afhending þessa viðar, en hins vegar hafi þeim komið saman um að leita hvor í sínu lagi álits sérfróðra manna, til að fyrirbyggja misskilning milli þeirra út af endasöguðum viði.

Lögð hafa verið fram af hálfu stefnda vottorð 8 manna, sem lengi hafa átt heima í Kirkjubólshreppi og eru þar kunnugir, og hafa 6 þessara manna staðfest vottorð sín fyrir dómi og borið vætti í málinu.

Vitnin eru þessi: Ormur Samúelsson hreppstjóri, fæddur 1888 í Kirkjubólshreppi og alinn þar upp, átti á árunum 1905—1929 heima á Smáhömrum, Heydalsá og Hvalsá, sem eru næstu bæir við Þorp, þremenningur að skyldleika við stefnda; Jónatan Benediktsson kaupfélagsstjóri, fæddur 1895 að Smáhömrum og átti þar heima samfleytt til 1925 og aftur 1927—1929, skyldur stefnda að öðrum og þriðja lið; Þorvaldur Jónsson skósmiður, fluttist að Þorpum 1917 og átti þar heima samfleytt til 1944, bóndi þar 1927—1945, mágur stefnda; séra Jón Brandsson prófastur, prestur á Broddanesi frá 1904 og á Kollafjarðarnesi frá 1908, svili stefnda; Benedikt Grímsson hreppstjóri, fæddur að Kirkjubóli í Kirkjubólshreppi 1898 og hefur alltaf átt þar heima síðan, þeir stefndi eru systkinabörn, og Kristján Árnason, átti heima í Þorpum 1911—1938, bóndi þar 1915—1938, mágur stefnda.

Öll þessi vitni telja sér vera kunnugt um, að skipti á reka Skarðskirkju

hafi jafnan farið þannig fram, að kirkjan hafi fengið í sinn hlut helming þess viðar yfir alin, sem engin mannaverk sáust á, en allan þann við, sem mannaverk sáust á, hafi ábúendur Þorpa fengið ásamt öllum álnarlöngum viði og smærri. Í sömu átt hníga vottorð þeirra Páls Gíslasonar, bónda á Víðidalsá, og Júlíusar Árnasonar, Hólmavík, en þeim hefur eigi verið mótmælt sem óstaðfestum. Fjögur vitnanna hafa ekki verið sjálf viðstödd skipti á reka þessum, og er vætti þeirra reist á frásögn annarra. En tvö vitni, þeir Kristján Árnason og Þorvaldur Jónsson, hafa sjálf verið stödd við rekaskiptin. Ekkert vitnanna, þeirra sem um það hafa borið, segjast vita til þess, að faðir stefnda hafi sagað rekaviðinn, svo að hann yrði baggatækur, en tvö vitnanna, þeir Kristján Árnason og Jónatan Benediktsson, telja sér kunnugt um, að faðir stefnda hafi álitið sér heimilt að saga handa sér af rót rekaviðar upp undir alin frá rótarhnyðju. Það kemur fram af vætti allra vitnanna, að óverulega virðist hafa að því kveðið, að á umræddan reka hafi borið rekavið, sem mannaverk hafi sézt á, fyrr en hin síðari ár, og þau vitnanna, sem borið hafa um þau ummæli stefnda í aðiljaskýrslu hans, „að mannvirkjavið hafi aðallega rekið á Gálmaströnd árin 1934 og 1935 og eftir það, þótt þar áður hafi fyrir hitzt spýta og spýta, sem mannaverk hafa sézt á", eru samdóma um, að þetta sé rétt hjá stefnda eða sennilegt.

Eigi verður á það fallizt, með hliðsjón af öðrum framkomnum atriðum, að af framangreindu vætti liggi fyrir nægilega rík sönnun til þess, að svo verði litið á, að hefð sé unnin handa stefnda á öllum þeim rekaviði, sem mannaverk sjást á og á téð rekasvæði ber, né heldur verður talið, að stefnandi hafi glatað rétti til slíks viðar fyrir vangæzlu eða aðgerðaleysi, þegar til þess er litið, sem telja má fram komið í málinu, að mjög óverulega hefur rekið af þeim viði, sem mannaverk hafa sézt á, fyrr en hin síðari ár, aðallega árin 1934 og 1935 og þar á eftir. Stefnandi getur því eigi álitizt bundinn af þeirri framkvæmd stefnda og þar áður föður hans, þótt þeir hafi hirt til sín allt það af rekaviði, sem mannaverk hafa sézt á og rekið hefur á reka stefnanda í Þorpum.

Ber því að líta svo á, að um slíkan rekavið skuli fara eftir almennum reglum.

Um rétt rekaeiganda, er hann á reka af landi annars manns, og rétt landeiganda, er svo stendur á, gildir sú regla í 2. kap. rekabálks Jónsbókar frá 1281, að landeigandi á af þeirri fjöru „álnarlöng kefli öll ok smærri, en rekamaðr á þar við allan útelgdan, er þar rekr upp", nema öðruvísi hafi verið um samið. Í Landsleigubálki 71 eru „viðir telgdir" taldir til vogreka, en í landsyfirréttardómi 22. jan. 1894 kemur fram sá skilningur, að telgdur viður yrði því aðeins talinn til vogreka, að hann mætti rekja til ákveðins skipstapa. Með hliðsjón af þessu ber að skilja 22. gr. laga nr. 42/1926, þar sem um vogrek ræðir, sbr. enn fremur hina ýtarlegu álitsgerð um þetta á dskj. nr. 3 og 9. Nú verður að telja, að sá rekaviður, sem um er deilt í máli þessu, sé samkvæmt því, sem fram hefur komið, mestmegnis endasagaður viður og annar unninn viður, án þess að séð verði, að hann

hafi verið rakinn til einstakra skipstapa. Verður því að telja, að um þenna við verði að fara sem um annan rekavið.

Svo verður að líta á, eftir því sem fram er komið, að sá samningur hafi verið í gildi milli stefnanda og stefnda, að hinn síðarnefndi skyldi fá helming rekaviðar yfir alin fyrir að hirða við af reka stefnanda og bjarga honum undan sjó. En stefndi hefur kastað eign sinni á þann rekavið óskiptan, sem mannaverk hafa sézt á, án þess að talið verði gegn eindregnum mótmælum stefnanda, að hann hafi fallizt á þetta, né heldur verði séð, að rekaréttur stefnanda sé takmarkaður að þessu leyti. Samkvæmt þessu ber að líta svo á, að stefndi skuli bæta stefnanda það fjártjón, er hann hefur af því hlotið, að stefndi hefur hirt til sín af reka stefnanda allan þann við óskiptan, er mannaverk hafa sézt á.

Kemur þá til álita, hve mikilli fjárhæð bæturnar skuli nema.

Stefndi kveðst hafa selt rekavið, sem mannaverk hafa sézt á, af öllum reka fyrir landi Þorpa fyrir um 6000 krónur alls, síðan hann tók við rekanum árið 1929.

Dómkvöddum mönnum, þeim Karli bónda Aðalsteinssyni á Smáhömrum og Guðmundi Guðbrandssyni á Heydalsá, var 22. sept. s.l. falið að meta magn og verð þess rekaviðar, sem mannaverk hafa fundizt á og rekið hefur á land Þorpa frá 1934 til 9. júlí 1946, sem er útgáfudagur stefnu, og jafnframt að láta í ljós álit sitt um bótaupphæð þá, sem krafizt er í máli þessu.

Mat þetta framkvæmdu hinir dómkvöddu menn 8. okt. s.l. og komust að þeirri niðurstöðu, að á hinu tiltekna tímabili hefði rekið svonefndan mannvirkjaviður á Þorpa-reka fyrir samtals kr. 11725,00. Magn viðarins er ekki tiltekið í matinu. En matsmennirnir taka fram, að þar sem þeir hafi eigi áður orðið þess varir, að stefnandi hafi gert tilkall til rekaviðar fyrir innan Hellnanes, þ. e. þaðan og að landi Smáhamra, þá telja þeir kröfu þá, sem gerð hefur verið á hendur stefnda, of háa um ca. 1000 krónur.

Mat sitt staðfestu matsmennirnir fyrir dómi 10. jan. s.l. Annar þeirra, Karl Aðalsteinsson, lækkaði þá áður gert heildarmat um 1000 krónur og færði fyrir þau rök, er greinir í vætti hans og ekki álízt þörf að rekja hér. Að gerðri þeirri breytingu, taldi hann bótakröfuna eiga að vera kr. 3575,00.

Hinn matsmaðurinn, Guðmundur Guðbrandsson, staðfesti matið óbreytt.

20. marz s.l. voru matsmennirnir enn kvaddir fyrir dóm og spurðir ýtarlegar út í mat þeirra og samprófaðir um það, sem þeim hafði áður borið á milli. En hvor þeirra um sig hélt fast við fyrri framburð, og breyttu þeir í engu verulegu því, er þeir áður höfðu borið fyrir dómi.

Mat hinna dómkvöddu manna er að ýmsu leyti ónákvæmt, einkum hvað snertir magn þess viðar, er þeir skyldu meta, enda tæpast unnt fyrir þá að tilfæra tölur um stærð og fjölda þeirra viða, er þegar höfðu flestir ýmist verið seldir eða ráðstafað á annan hátt.

Fjárhæðir þær, er þeir greina í matinu, eru og að miklu leyti lauslegt mat og áætlaðar eftir kunnugleika, en þeir matsmennirnir eiga heima á næstu bæjum við Þorp.

Þá er þess að geta, að matsmennirnir hafa í matsgerð sinni talið verð

þess viðar, sem nú liggur óseldur á rekanum og virðist ekki hafa verið ráðstafað. Er þetta rekaviður frá árinu 1945 og eftir það. Hafa þeir metið þenna við, frá 1945 til 9. júlí 1946, 1525 króna virði. Þar sem viður þessi ætti að koma til skipta milli aðiljanna samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður ekki álitið, að stefnda beri að svara til skaðabóta fyrir hann. Ætti matsverð þessa viðar því að koma til frádráttar þeirri fjárhæð, sem matsmennirnir eru sammála um, sem er kr. 3575,00, eftir þeim reglum, sem þeir hafa viðhaft. Kæmi þá þriðjungur af kr. 1525,00 til frádráttar kr. 3575.00. En reglur þær, sem matsmennirnir hafa beitt til þess að finna hluta stefnanda af rekanum, eru þannig, að þeir hafa talið stefnanda helminginn af ⅔ hlutum alls viðarreka Þorpa, með því að þeir telja reka stefnanda vera um ⅔ hluta alls reka jarðarinnar að vegalengd og rekamagni, en stefndi skyldi fá helming rekaviðar ofan við alin fyrir að hirða þenna reka, og er þessi háttur í samræmi við það, sem fram er komið í málinu.

Þótt ekki þyki ástæða til að ætla, að matsmennirnir, sem eru trúverðugir menn, eftir því sem bezt er vitað, hafi viljað gera mat sitt hærra en þeir töldu réttmætt, þykir þó eigi unnt vegna þess, hve það er ónákvæmt, og gegn andmælum stefnda að telja matið veita næga sönnun til þess, að ákveðin verði eftir því einu fjárhæð skaðabótanna.

Skal nú athugað, hvaða upplýsingar skýrsla stefnda gefur til ákvörðunar á fjárhæð bóta.

Eins og áður greinir, kveðst stefndi hafa selt rekavið, sem mannaverk hafa sézt á, af öllum reka Þorpa fyrir um 6000 krónur alls, síðan hann tók við rekanum árið 1929.

Um einstakar sölur hefur stefndi upplýst, að árið 1936 hafi hann selt rekavið til bryggjugerðar í Hólmavík fyrir um 1000 krónur, og til Guðmundar Arasonar á Illugastöðum á Vatnsnesi hefur stefndi viðurkennt að hafa selt unninn við fyrir 1200 krónur árið 1943 og fyrir 2500 krónur árið 1945.

Skýrsla stefnda um sölu rekaviðar ber með sér, að hún er ekki nákvæm, og getur tæpast talizt tæmandi, þegar til þess er litið, að Þorp eru almennt hér í héraðinu viðurkennd allmikil rekajörð. Auk þess greinir skýrsla stefnda ekki frá þeim viði, er gera má ráð fyrir, að hann muni hafa notað í eigin þarfir.

Samkvæmt þessu þykir rétt að ákveða bótaupphæðina með hliðsjón af skýrslu stefnda og mati hinna dómkvöddu manna í senn.

Af hálfu stefnda hefur verið mótmælt sem fyrndum kröfum um greiðslu út af umræddum reka fyrir árið 1936 og eldri. Verður eigi hjá komizt að taka kröfu þessa til greina, með því að skaðabótakrafa þessi þykir hlíta 10 ára fyrningu samkvæmt 3. tl. 4. gr. sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 14/1905, þannig að dæmdar bætur verði miðaðar við næstu 10 ár á undan útgáfudegi stefnu.

Með skírskotun til framanritaðs og með hliðsjón af því, að hinn svonefnda mannvirkjavið hefur aðallega rekið hin síðari ár, þykja bæturnar eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar kr. 2000,00, og verður stefndi því

dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu 9. júlí 1946 til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hve rekstur máls þessa hefur staðið lengi, stafar aðallega af því, að málflutningsmenn í Reykjavík hafa farið með málið af hálfu aðiljanna, og hefur þess vegna ekki þótt verða komizt hjá að veita ríflegri fresti en ella.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppsögu dóms í málinu, stafar af annríki dómarans við önnur embættisstörf og lasleika um skeið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Oddur Jónsson, greiði stefnanda, Kristni Indriðasyni, kr. 2000,00 með 6% ársvöxtum frá 9. júlí 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. febrúar 1952.

Nr. 36/1951. **Gunnar Thorarensen** (Magnús Thorlacius)
gegn
Marinó Ólafssyni (Einar Ásmundsson).

Húsnæðismál. Uppgjöf leiguréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1951. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma gerð þá, sem krafizt er, svo og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að stefndi hafði þann 9. febrúar 1950 sagt áfrýjanda upp leigumála um húsnæði hans að Reynimel 37 frá og með

14. maí s. á., lýsti umboðsmaður áfrýjanda því í bréfi til stefnda, dags. 22. febrúar s. á., jafnframt því, að hann kvaðst ekki geta tekið uppsögn þessa til greina, að umbjóðandi hans mundi „áreiðanlega flytjast brott, jafnskjótt og hann fær annað húsnæði". Hinn 20. október s. á. fluttist áfrýjandi ásamt fjölskyldu sinni í íbúð þá að Hraunteig 24, sem hann hafði tekið á leigu, og tók með sér alla hina veigamestu búsmuni. Það var að vísu löglaust af stefnda að flytja án aðstoðar dómstóla burtu muni þá, er áfrýjandi skildi eftir í íbúðinni að Reynimel 37, en framangreindur flutningur áfrýjanda úr íbúðinni í sambandi við nefnda yfirlýsingu af hans hálfu þykir hins vegar ekki verða skilinn á annan veg en þann, að hann hafi þá gefið upp leigurétt sinn að íbúðinni. Ber því þegar af þessum sökum að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um synjun innsetningargerðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Thorarensen, greiði stefnda, Marinó Ólafssyni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 9. febrúar 1951.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 2. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Gunnar Thorarensen, Hraunteig 24 hér í bænum, krafizt þess, að honum verði með beinni fógetagerð veittur aðgangur að útidyrum hússins nr. 37 við Reynimel hér í bænum.

Gerðarþoli, Marinó Ólafsson, Reynimel 37, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi hefur undanfarin ár haft á leigu íbúð á neðri hæð hússins nr. 37 við Reynimel, og bjó hann þar ásamt fjölskyldu sinni þar til 20. október s.l., að hann flutti í íbúð, er hann hafði þá tekið á leigu í húsinu nr. 24 við Hraunteig. Ekki afhenti hann gerðarþola þó íbúðina og skildi eftir í henni ýmiskonar dót, þ. á m. teppi og eitthvað af ílátum, enn fremur þvott og þvottavél, er var í þvottaherbergi hússins.

Í bréfi, dags. 3. nóvember s.l., krefst gerðarþoli þess, að gerðarbeiðandi afhendi honum lykla að umræddri íbúð í síðasta lagi 8. s. m. og skýrir honum jafnframt frá því, að hann hafi orðið að skipta um lás að útidyrum

hússins, og verði gerðarbeiðandi því að gera vart við sig með hringingu á efri hæðina til að komast inn í húsið. Þessum kostum vildi gerðarbeiðandi ekki una og sneri sér til fógetaréttarins og beiddist aðstoðar til að fá aðgang að útidyrum hússins. Beiðni hans var tekin til meðferðar 13. nóv. s.l., en málið ónýttist vegna útivistar hans 11. desember s.l. Gerðarbeiðandi sneri sér síðan til fógetaréttarins af nýju með beiðni, dags. 12. des., er að efni til var samhljóða hinni fyrri, en þá hafði gerðarþoli hinn 24. nóv. s.l. farið inn í íbúð gerðarbeiðanda án heimildar hans og látið taka dót hans og flytja úr henni.

Ástæður fyrir kröfu sinni telur gerðarbeiðandi vera þær, að honum sé meinaður aðgangur að íbúð sinni, með því að skipt hafði verið um lás að útidyrum hússins og honum neitað um afhendingu á lykli, er að lás þessum gengi. Hann kveðst eiga ýmsa muni eftir í íbúðinni, hafi ekki gert hana hreina og geti ekki haft með henni nauðsynlegt eftirlit, enn fremur telur hann, að hann hafi íbúðina á leigu um óákveðinn tíma og ætli að flytja aftur í hana. Dvöl sín á Hraunteig 24 sé aðeins til bráðabirgða. Í greinargerð sagðist gerðarbeiðandi hafa margnefnda íbúð á leigu til 14. maí n. k., en við munnlegan flutning taldi málflutningsmaður hans þetta vera missögn sína eða fulltrúa síns, eins og sæist á skýrslu gerðarbeiðanda sjálfs á rskj. nr. 20.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að gerðarbeiðandi hafi raunverulega flutt úr umræddri íbúð 20. okt. s.l., enda þótt hann hafi ekki tekið með sér ýmiskonar fánýtt skran, er honum tilheyrði. Hann hafi skilið íbúðina eftir umhirðulausa og aldrei komið þangað, eftir að hann flutti, hvorki áður né eftir að skipt var um læsingu fyrir útidyrum hússins. Umrætt dót kveðst hann nú hafa flutt heim til gerðarbeiðanda og tekið íbúðina í sínar vörzlur, og hafi gerðarbeiðandi því ekkert erindi þangað framar, enda hafi hann leyst hann undan þeirri skyldu að gera íbúðina hreina. Hann telur og, að gerðarbeiðanda hafi verið skylt að afhenda sér íbúðina, vegna þess að umboðsmaður hans hafi í bréfi, dags. 22. febr. 1950, gefið bindandi yfirlýsingu um, að hann myndi flytjast úr henni, jafnskjótt og hann fengi annað húsnæði, sem hann hafi nú fengið. Enn fremur hafi hann með því að yfirgefa íbúðina valdið verulegri hættu á því, að húsaleigunefnd tæki hana til ráðstöfunar, sér til mikils tjóns. Af þessum sökum sé leiguréttur gerðarbeiðanda að íbúðinni niður fallinn og raunar einnig vegna verulegra vanskila hans á leigugreiðslum eftir hana, síðan hann flutti.

Við munnlegan flutning málsins var upplýst, að leigugreiðslur eftir umrædda íbúð hafa á undanförnum árum jafnan farið fram í fyrstu viku hvers mánaðar. Af skjölum málsins sést, að gerðarbeiðandi bauð fram leigu fyrir nóvember 7. dag þess mánaðar og greiddi hana sem geymslufé inn í Landsbankann sama dag, er gerðarþoli hafði neitað að veita henni viðtöku. Um verulegan drátt á þessari greiðslu er því ekki að ræða.

Dráttur sá, sem varð á því, að gerðarbeiðandi sendi gerðarþola geymslukvittun bankans fyrir nóvemberleigunni á ný og kvittanir fyrir desember- og janúarleigunni, verður heldur ekki talinn, eins og á stóð, svo verulegur,

að gerðarbeiðandi hafi af þeim sökum fyrirgert leigurétti sínum.

Með vitnisburði Gísla Finnssonar og Hermanns Hermannssonar verður að telja sannað, að gerðarbeiðandi eigi enga muni í íbúðinni á Reynimel 37, eftir að gerðarþoli lét af sjálfsdáðum rýma hana, og leiðir af því, að honum er ekki þeirra vegna þörf á aðgangi að útidyrum hússins. Enn fremur hefur gerðarþoli í bréfinu á rskj. 7 leyst hann undan því að gera íbúðina hreina og einnig, að því er virðist, nauðsynlegu eftirliti með henni, og verður þörf gerðarbeiðanda því ekki af þessum ástæðum leidd.

Eins og áður segir, kveðst gerðarbeiðandi hafa flutt í íbúðina á Hraunteig 24 aðeins til bráðabirgða og segist ætla að flytja aftur í umrædda íbúð á Reynimel 37. Hins vegar hefur hann ekki gert neina grein fyrir ástæðum þeim, er leiddu til þessara bráðabirgða-bústaðaskipta, né heldur skýrt frá því, hversu lengi hann hygðist að dvelja á Hraunteig 24.

Rétturinn lítur svo á, að gerðarþola sé óskylt að hlíta því, að íbúð gerðarbeiðanda standi mannlaus og lítt notuð um óákveðinn tíma vegna þeirrar áhættu, er leiðir af 5. gr. laga nr. 39/1943, enda þykir gerðarbeiðandi, eins og á stendur, hafa gert ófullnægjandi grein fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að hann ætli að flytja í íbúðina aftur, og verður því að telja, að réttur gerðarbeiðanda til hennar sé niður fallinn.

Ber því þegar af þessari ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. febrúar 1952.

Nr. 162/1950. **Júlíus Björnsson**
gegn
Skipanaust h/f

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Júlíus Björnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Skipanaust h/f, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. marz 1952.

Nr. 1/1952. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jörgen Óskari Jörgenssyni (Jón N. Sigurðsson).

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði stöðvaði bifreið sína á götu í þéttbýlu íbúðarhverfi. Mátti hann búast við, að börn væru þar gæzlulaus að leik, enda sá hann börn á lóðinni við húsið nr. 11 við Hólsveg, sem hann stöðvaði bifreið sína á móts við. Að svo vöxnu máli og þar sem ákærði hafði um stund misst sjónar á umhverfi bifreiðar sinnar, meðan hann fór í nefnt hús, hefði hann, áður en hann fór inn í bifreiðina og ók af stað aftur, átt að aðgæta, hvort börn væru svo nálægt bifreiðinni, að hætta gæti stafað af. Þetta gerði ákærði ekki, og þykir hann vegna þeirrar vangæzlu hafa orðið samvaldur að slysinu, sem verður hins vegar að miklu leyti rakið til atvika, sem hann á ekki sök á. Þetta brot ákærða varðar við 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þá var það óvarkárni af ákærða að nema ekki staðar og fara út úr bifreiðinni í aðgæzluskyni, er hann varð þess var, að eitthvað varð fyrir hjóli bifreiðarinnar á slysstaðnum. Varðar sá aðgæzluskortur ákærða við 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, kr. 600.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jörgen Óskar Jörgensson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar-

innar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Péturs héraðsdómslögmanns Þorsteinssonar, kr. 600.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 6. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3810/1951: Ákæruvaldið gegn Jörgen Óskari Jörgenssyni, sem tekið var til dóms 17. ágúst.

Í máli þessu er Jörgen Óskar Jörgensson bifreiðarstjóri, Skipasundi 20 hér í bæ, ákærður til refsingar, ökuleyfismissis og greiðslu bóta og málskostnaðar fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 9. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 með því að hafa hinn 10. júní s.l. ekið bifreið af stað á Hólsvegi, án þess að gæta um ferðir barna í námunda við hana, með þeim afleiðingum, að drengur varð fyrir bifreiðinni og beið bana, svo og með því að aka burt af staðnum, án þess að athuga nánar, er hann hafði orðið þess var, að afturhjól bifreiðarinnar höfðu farið yfir eitthvað óvenjulegt.

Ákærði, sem fæddur er 5. apríl 1911 hér í bæ, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1930 27/9 Sátt: Sekt, 20 kr., fyrir brot á bifreiðalögum.
1931 31/1 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1931 23/7 Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.
1931 23/9 Undirgekkst skaðabótagreiðslu út af bifreiðaárekstri. Féll málið þar með niður.
1942 4/6 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum, sinnti ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.
1947 13/6 Dómur: 12 daga varðhald og sviptur ökuskirteini í 4 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1948 11/3 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Að morgni sunnudagsins 10. júní s.l. ók ákærði bifreið sinni R. 1902 að húsinu nr. 11 við Hólsveg, en nefnd bifreið er vörubifreið af gerðinni Ford, árg. 1942, með stýri vinstra megin, stýrishúsi og tvöföldum afturhjólum. Með ákærða var 3 ára gamall sonur hans og sat í stýrishúsi hjá honum. Ákærði fór að áðurnefndu húsi og spurði eftir Þórði Halldóri Guðlaugs-

syni, sem þar býr. Kona Þórðar Halldórs, Kristrún Guðmundsdóttir, kom til dyra og kvað mann sinn ekki vera heima, en sagði ákærða, að hann væri að vinna í Laugarásnum þar skammt frá. Fór ákærði þá aftur út í bifreið sína og ók af stað. Rétt í því er bifreiðin fór af stað, kveðst hann hafa fundið, að hægra afturhjól bifreiðarinnar lyftist örlítið, eins og það færi yfir einhverja ójöfnu. Hann kveðst þá hafa litið út um afturrúðuna og ekkert athugavert séð. Ók ákærði því næst að þeim stað, þar sem Þórður Halldór var að vinna, og átti ákærði þar stutt viðtal við Þórð Halldór og mann, sem var að vinna með honum. Að því búnu ók ákærði af stað aftur. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi farið að fá eftirþanka af því að hafa ekið burt frá Hólsvegi 11, án þess að ganga úr skugga um, hvað verið hefði fyrir afturhjóli bifreiðarinnar. Ók hann því aftur að Hólsvegi 11, enda sá hann til ferða sjúkrabifreiðar, sem var að fara þangað. Þegar ákærði kom á staðinn, var verið að láta barn inn í sjúkrabifreiðina, og hafði það orðið fyrir bifreið ákærða, í því er hann ók af stað. Barnið hét Aron Magnússon, 1½ árs að aldri (fæddur 19. jan. 1950), og átti heima í húsinu nr. 10 við Hólsveg. Var hann fluttur á Landsspítalann og reyndist vera örendur, er þangað kom. Um dánarorsök hans segir svo í skýrslu prófessors Níelsar Dungals um réttarkrufningu á líki drengsins: „Við krufninguna fannst hrufl hægra megin á andliti. Allmikil brot voru á kúpubotni vinstra megin, og mænan rifin þversum rétt neðan við heilann. Þessi áverki hefur valdið bana samstundis."

Vitnið Kristrún Guðmundsdóttir kveðst hafa talað við ákærða í húsdyrunum, er hann spurði eftir Þórði Halldóri, og hafi hann ekki staldrað við nema andartak. Kristrún kveðst að því loknu hafa farið snöggvast inn til sín, en komið rétt strax aftur út á tröppurnar. Kveðst hún þá hafa séð bifreið ákærða, sem verið hafi nýfarin af stað og komin austur undir gatnamót Hólsvegar og Hjallavegar, sem eru litlum spöl austar á götunni, og kveður hún bifreiðina hafa verið á litlum hraða. Í sömu svifum kveðst hún hafa tekið eftir barni, sem lá á götunni framan við húsið. Móðir drengsins kom því næst út úr íbúð sinni, sem er hinum megin götunnar, og rétt á eftir faðir drengsins, Magnús Guðmundsson lögregluþjónn, og annar maður, og tóku þeir barnið upp og færðu það af götunni.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ekið Hólsveg til austurs, er hann ók að Hólsvegi 11, og stöðvað bifreið sína utan við nefnt hús, sem er norðan við götuna. Hann kveðst hafa séð eitthvað af börnum við húsið nr. 11, en þau hafi verið ofar á lóðinni og því nokkuð frá götunni. Engra mannaferða kveðst hann hafa orðið var hægra megin á götunni (utan við Hólsveg 10). Ákærði kveðst hafa litið eftir umferð með venjulegum hætti, áður en hann ók af stað aftur, en þó hafi hann ekki gengið í kringum bifreiðina. Hann kveðst hafa ekið fremur hægt af stað með vélina tengda í annað ganghraðastig. Hann kveðst ekkert hljóð hafa heyrt og ekki orðið neins óvenjulegs var, nema þess að afturhjólið fór yfir ójöfnu, svo sem áður getur. Ákærði neitar eindregið, að sér hafi verið það ljóst, er hann ók af staðnum, að slys hefði orðið. Ákærði kveðst hafa verið vel fyrirkallaður við aksturinn, og hann kveðst þaulvanur að aka nefndri bifreið.

Vitnið Þórður Halldór Guðlaugsson segir, að ákærði hafi ekkert á það minnzt, er hann átti tal við vitnið og félaga þess, að neitt óvenjulegt hefði komið fyrir sig, og ekki hafi hann verið óvenjulegur í framkomu að neinu leyti.

Ekki er vitað um neina sjónarvotta að slysi þessu, nema litla telpu, Birnu Pálsdóttur, Hjallavegi 50, en ekki var fært að taka af henni skýrslu, enda er hún ekki nema 5 ára gömul og henni hafði auk þess orðið allmikið um að sjá slysið. En hún hafði sagt móður sinni, að Aron litli hefði staðið við hægra afturhjól bifreiðarinnar og verið að pikka í það með annarri hendinni, en haldið á lítilli skóflu í hinni. Vitnið Páll Jónsson verkamaður var á gangi vestur Hólsveg og sá af hendingu, hvar barnið lá á götunni, og kveður það hafa legið þversum á götunni, þannig að fæturnir hafi vitað til norðurs. En áður en Páll kom alla leið til barnsins, var fleira fólk komið á staðinn. Vitnið Magnús Guðmundsson lýsir því á sama hátt og Páll, hvernig barnið hafi legið.

Bifreiðin R. 1902 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmönnum eftir slysið og reyndist í góðu lagi.

Lögreglumenn komu á slysstaðinn, og var gerður uppdráttur af honum. Gatan er þarna á slysstaðnum malborin, slétt og hörð, og gangstéttir engar lagðar. Götunni hallar örlítið til austurs. Greina mátti hjólför eftir R. 1902, og blóðpollur sást á götunni, þar sem barnið hafði legið eftir slysið. Eftir því sem ákærði hefur lýst því, hvernig bifreið hans stóð, meðan hann fór inn í húsið nr. 11, þykir alveg augljóst, að drengurinn hafi orðið fyrir hægra afturhjóli bifreiðarinnar, í því er henni var ekið af stað. Bifreiðin stóð þá dálítið austanvert við dyrnar á Hólsvegi 11, og var því afstaðan sú, séð frá ákærða, er hann gekk frá dyrunum að bifreiðinni, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar skyggði á nokkurn flöt fyrir framan hægra afturhjólið. Er því líklegast, að það hafi skyggt á barnið, séð frá ákærða, þannig að hann hefði orðið að ganga kringum bifreiðina eða gæta sérstaklega undir hana til að sjá það. Verður það ekki talin vangá af hálfu ákærða, þótt hann léti það undir höfuð leggjast, þar sem ekki er upplýst, að aðstæður hafi verið slíkar, að ákærða hafi borið að sýna aðgæzlu umfram hið venjulega. Þykir því ákærða ekki verða gefið að sök brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga né 215. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og áður segir, fann ákærði, að afturhjól bifreiðar hans fór yfir eitthvað, er hann fór af stað, og kveðst hann helzt hafa haldið, að það hefði farið yfir steinvölu eða eitthvað slíkt. Ekki er sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi séð barnið, er hann leit út um afturrúðuna, enda telur hann, að hann hafi litið svo fljótt aftur, að pallurinn hafi þá skyggt á barnið. Eftir að ákærði fór að hugsa nánar um, að eitthvað kynni að hafa komið fyrir, fór hann af sjálfsdáðum á slysstaðinn. Þykir því viðurhlutamikið að telja ákærða hafa brotið 29. gr. bifreiðalaga eða 9. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af öllum ákærum í máli þessu. Með tilvísun til 3. mgr. 146. gr. laga nr. 27/1951 ber því að vísa frá dómi skaðabótakröfu þeirri, er foreldrar Arons heitins, Björg Ólafsdóttir og

Magnús Guðmundsson, hafa gert á hendur ákærða í málinu. Þá ber að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun verjanda ákærða, Péturs Þorsteinssonar hdl., er ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jörgen Óskar Jörgensson, skal vera sýkn af ákærum í máli þessu.

Skaðabótakröfu Bjargar Ólafsdóttur og Magnúsar Guðmundssonar vísast frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kr. 600.00 í þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Péturs Þorsteinssonar hdl.

Þriðjudaginn 4. marz 1952.

Nr. 106/1950. **Jón Magnússon** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason)
Valdimar Stefánssyni sakadómara og Þórði Björnssyni fulltrúa (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Krafa um bætur fyrir gæzluvarðhald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1950. Krefst hann þess, að stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða honum kr. 78.816.60 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá hefur stefnandi og stefnt sakadómaranum í Reykjavík og fulltrúa hans Þórði Björnssyni til réttargæzlu í málinu fyrir Hæstarétti, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst *aðallega*

staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að fjárkrafa áfrýjanda verði lækkuð til muna og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu stefndu sakadómarans í Reykjavík og Þórðar Björnssonar hefur verið krafizt ómaksbóta fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þó að ekki sé að treysta út af fyrir sig vætti Guðmundar Magnúsar Kristinssonar, þá þykja aðrar ástæður, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi, leiða til þess að sýkna stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum áfrýjanda í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum og með hliðsjón af 3. tölulið 154. gr. laga nr. 27/1951 þykir mega ákveða, að ríkissjóður beri kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal kostnað af fjölritun ágrips, kr. 3132.00, og málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, er ákveðast kr. 3500.00. Ekki þykir ástæða til að dæma stefndu sakadómaranum í Reykjavík, Valdimar Stefánssyni, og Þórði Björnssyni fulltrúa málskostnað úr hendi áfrýjanda, þar sem þeim var aðeins stefnt til réttargæzlu, án þess að kröfur væru gerðar á hendur þeim.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal áfrýjanda, Jóni Magnússyni, kr. 3132.00, og skipuðum málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 3500.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sératkvæði
Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara
og prófessors Ármanns Snævarr.

Áfrýjandi hefur stefnt Valdimar Stefánssyni sakadómara og Þórði Björnssyni fulltrúa til réttargæzlu í máli þessu. Eins og málinu er háttað, verður að telja eðlilegt, að þeir

hafa látið sækja þing. Þykir því rétt, að áfrýjandi greiði þeim málskostnað í Hæstarétti, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00 til hvors þeirra.

Að öðru leyti erum við samþykkir forsendum og niðurstöðum hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Jón Magnússon stýrimaður, til heimilis að skála E 19 í Knox-skálahverfi hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 19. nóv. f. á., samkvæmt heimild í 1. gr. og 3. gr. laga nr. 28 frá 1893, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85 frá 1936, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, að fjárhæð kr. 48.816.60 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en honum hefur samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. þ. m., verið veitt gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

Stefnandi hefur og stefnt sakadómaranum í Reykjavík, Valdimar Stefánssyni, og fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur hefur hann gert á hendur þeim.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi skaðabótakröfu sína með samþykki stefndu um kr. 30.000.00 eða upp í kr. 78.816.60.

Aðalstefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að skaðabótakrafan verði lækkuð eftir mati dómsins. Hins vegar lýsti umboðsmaður hans því yfir við munnlegan flutning málsins, að hann krefðist ekki málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Réttargæzlustefndu hafa krafizt ómakslauna sér til handa úr hendi stefnanda.

Málavextir eru, eftir því sem fram hefur komið, þessir:

Í lok októbermánaðar 1948 fór strandferðaskipið m/s Herðubreið héðan úr Reykjavík austur og norður um land til Siglufjarðar og til baka aftur. Á heimleiðinni kom skipið við á Akureyri og hélt þar kyrru fyrir frá kl. 16.40 fimmtudaginn 28. október 1948 til kl. 16.30 næsta dag. Bryti á skipinu var Ólafur Tryggvason, til heimilis að Öldugötu 2 í Hafnarfirði. Var herbergi hans á bakborða niðri í skipinu, og hafði hann herbergið einn og lykil að því. Tveir aðrir lyklar gengu að herberginu, annar lykillinn var áfastur við lykil, sem gekk að tauskáp, sem var í sama gangi og herbergi Ólafs, og var sá lykill geymdur annaðhvort í læsingu tauskápsins eða fyrir ofan herbergisdyr Ólafs. Hinn lykillinn var sá sami og gekk að borðsal yfirmanna stjórnborðsmegin á sömu hæð í skipinu, og var þessi lykill geymdur í ólæstri skúffu í borðsalnum. Það var vitað meðal skipverja, að margir lyklar skipsins gengu að fleiri en einni læsingu þar, en ekki er

upp komið, að þeim hafi verið kunnugt um, að áðurnefndir tveir lyklar gengju að herbergisdyrum Ólafs, að undanteknum einum skipverjanna, Magngeiri Val Jónssyni.

Um kl. 14.00 29. október fór Ólafur bryti í land á Akureyri og læsti herbergi sínu með lykli sínum og stakk honum í vasa sinn. Voru þá kr. 1800.00 í þremur fimm hundruð króna seðlum og þremur hundrað króna seðlum í peningakassa í skrifborði, sem var í herberginu. Peningarnir voru eign Skipaútgerðar ríkisins og höfðu komið inn fyrir fæði farþega, sölu vindlinga, öls o. fl. Var kassinn í efstu skúffu skrifborðsins, og var hún læst, en lykillinn stóð í skránni. Kassinn var lítill úr blikki og læstur, og bar Ólafur lykilinn að honum á sér, en læsingin var ekki sterk, svo að auðvelt var að sprengja kassann upp, jafnvel með höndunum. Í kassanum var laust efra hólf fyrir smápeninga, og voru ef til vill nokkrir aurar í því. Í neðra hólfinu voru, auk áðurgreindra kr. 1800.00, viðurkenningar fyrir peningalánum, sem Ólafur hafði fyrr um daginn veitt 4 skipverjum, þeim Guðmundi Magnúsi Kristinssyni, Magngeiri Val Jónssyni, Ingva Kjærvik og Boga Guðmundssyni. Þá geymdi Ólafur í loki peningakassans nokkrar viðurkenningar frá stefnanda fyrir lánum, sem Ólafur hafði áður veitt honum, samtals að fjárhæð kr. 300.00. Ekki verður séð, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að viðurkenningar hans væru geymdar þarna. Allir framangreindir menn höfðu vitjað Ólafs í herbergi hans til þess að fá lánin. Voru þeir oft búnir að sjá áðurnefndan peningakassa í skrifborðsskúffunni og vissu, að Ólafur geymdi þar peninga vegna starfs hans á skipinu.

Ólafur kom aftur um borð í skipið um kl. 16.00 og virðist þá ekki hafa séð neitt athugavert í herbergi sínu. Milli kl. 19.00 og 20.00 þurfti hann að fara í peningakassann, en hann var þá horfinn, og sáust ekki nein merki, er af yrði ráðið um hvarf hans. Tilkynnti Ólafur skipstjóranum hvarf kassans daginn eftir. Skipið kom til Reykjavíkur 3. nóvember 1948, og tilkynnti Ólafur 4. s. m. rannsóknarlögreglunni í Reykjavík kassahvarfið.

Grunur féll á bátsmanninn á Herðubreið, áðurnefndan Guðmund Magnús, um, að hann væri valdur að hvarfi kassans, og eftir hádegi 5. nóvember yfirheyrði rannsóknarlögreglan í Reykjavík hann og tók af honum tvær skýrslur. Neitaði hann í fyrstu að hafa tekið kassann eða verðmæti úr honum og kvaðst engar upplýsingar geta gefið um það, hver mundi hafa gert það. Í síðari skýrslu sinni breytti hann framburði sínum og kvaðst nú vilja segja sannleikann í málinu. Sagðist hann hafa tekið peninga frá Ólafi bryta, rétt áður en skipið fór frá Akureyri. Hann hafi verið búinn að eyða nokkru af peningum, sem Hreggviður Ágústsson, kafari á Þórshöfn, hafði afhent honum á norðurleið til áfengiskaupa fyrir hann í ferðinni, og því hafi hann ætlað að hitta Ólaf til að fá peninga hjá honum. Kvaðst Guðmundur Magnús hafa farið inn í ólæst og mannlaust herbergi Ólafs. Hann hafi vitað, hvar Ólafur geymdi peninga skipsins, og hafi honum þá flogið í hug að taka eitthvað af þeim. Peningakassinn hafi verið geymdur í ólæstri skúffu í skrifborði í herberginu, verið ólæstur og í honum kr. 1500.00. Þá peninga kveðst Guðmundur Magnús hafa tekið

og haft á burt með sér. Hann hafi verið einn um verknaðinn og enginn í vitorði með honum. Guðmundur Magnús fór síðan 5. nóvember með skipinu aðra ferð austur og norður um land til Akureyrar, og kom skipið aftur til Reykjavíkur 17. s. m. Daginn eftir fór hann af sjálfsdáðum til rannsóknarlögreglunnar og tjáði henni, að í þetta sinn vildi hann segja satt og rétt frá þjófnaðinum í skipinu, og var þá frásögn hans á þessa leið: Hann hafi síðari hluta dags þess, sem peningarnir hafi horfið, farið niður í herbergi sitt, og hafi þá stefnandi og Bogi Guðmundsson verið staddir þar og verið að drekka úr brennivínsflösku, sem hann hafi átt. Bogi hafi farið rétt strax í burtu, en stefnandi hafi beðið hann að loka herbergisdyrunum. Kveðst Guðmundur Magnús hafa gert það. Hafi stefnandi þá dregið peningakassa úr „koju" hans og skipað honum að fara út með hann og koma honum í sjóinn. Ætlaði Guðmundur Magnús þá að spyrja stefnanda eitthvað um kassann, en stefnandi hafi þá verið illur og skipað honum að koma kassanum út. Kveðst Guðmundur Magnús ekki hafa athugað kassann frekar, en stungið honum inn á sig, hlaupið með hann upp á þilfar og kastað honum í sjóinn. Hafi hann síðan farið niður í herbergi sitt og hafi stefnandi þá fengið honum fimm hundruð króna seðil, sem hann hafi tekið við. Síðar, þegar hann frétti um þjófnaðinn frá Ólafi bryta, telur Guðmundur Magnús sig hafa vitað, hvernig í öllu hafi legið, og hann hefði kastað peningakassa Ólafs í sjóinn.

Sama dag yfirheyrði rannsóknarlögreglan stefnanda um málið, og neitaði hann þá seinni framburði Guðmundar Magnúsar og kvað hann tilbúning einan. Daginn eftir eða 19. nóvember 1948 voru Guðmundur Magnús og stefnandi leiddir fyrir lögreglurétt Reykjavíkur, og héldu þeir þá fast við framburði sína fyrir rannsóknarlögreglunni daginn áður. Kvaðst Guðmundur Magnús ekki hafa vitað um það, fyrr en hann hafi tekið þátt í eyðslu peninganna, að þeir væru fengnir á refsiverðan hátt. Voru stefnandi og Guðmundur Magnús báðir úrskurðaðir í gæzluvarðhald vegna kassahvarfsins þenna dag. Hinn 24. s. m. var Bogi Guðmundsson og úrskurðaður í gæzluvarðhald og Magngeir Valur Jónsson hinn 26. s. m., báðir af sama tilefni.

Rannsókn málsins beindist síðan bæði að því að fá fram, hver af framburðum Guðmundar Magnúsar væri réttastur, svo og hinu, ef seinasti framburður hans var réttur, að upplýsa, hver eða hverjir hefðu tekið peningakassann eða verðmætin í honum frá Ólafi bryta eða verið þar í vitorði. Reyndist rannsóknin nokkuð tafsöm og ógreið. Var Bogi Guðmundsson látinn laus úr gæzluvarðhaldi 17. desember 1948, Magngeir Valur Jónsson 18. s. m. og stefnandi og Guðmundur Magnús 24. s. m.

Verður nú rakið það, sem fram kom í réttarrannsókninni og talið verður að hér skipti máli. Var framburður Guðmundar Magnúsar í stórum dráttum þessi: Hann kveðst hafa verið bátsmaður á m/s Herðubreið frá því í ágústmánuði 1948. Í þeirri ferð skipsins til Austur- og Norðurlands, er hófst í lok októbermánaðar, fékk Hreggviður Ágústsson, kafari á Þórshöfn, honum kr. 1000.00, svo sem áður er drepið á, til þess að kaupa fyrir hann áfengi. Hann kveðst sjálfur hafa átt kr. 500.00, en þegar skipið kom

til Siglufjarðar, hafi hann keypt áfengi fyrir mestallt fé sitt, en þó átt eftir um kr. 100.00, þegar komið var til Akureyrar á bakaleiðinni. Kvöldið, sem skipið kom þangað, neytti hann áfengis og eyddi öllum sínum peningum og auk þess um kr. 250.00 af peningum Hreggviðs. Morguninn eftir kveðst hann hafa farið til stefnanda í því skyni að fá lánaða peninga hjá honum til að geta keypt allt það áfengi, er hann hafði lofað að kaupa fyrir Hreggvið. Hitti hann stefnanda í herbergi hans, og voru báðir undir áhrifum áfengis. Bað hann þá stefnanda að lána sér peninga, en stefnandi hafi sagt, að hann hefði enga peninga, en þó rétt honum 30—40 krónur, og fór hann við svo búið í burt. Síðar þenna sama dag eða laust eftir kl. 15 hafi hann komið í herbergi sitt í skipinu, og hafi þá stefnandi og Bogi verið staddir þar. Er framburður hans fyrir lögregluréttinum um það, hvað gerðist í herberginu, samhljóða seinni framburði hans fyrir rannsóknarlögreglunni, en sá framburður hefur verið rakinn hér að framan.

Er hann hafði tekið við 500 króna seðlinum hjá stefnanda, hélt hann í áfengisverzlunina á Akureyri og keypti áfengi fyrir peningana handa Hreggviði.

Hann kveðst hafa fengið grun um, að stefnandi hafi fengið peningakassann með óheiðarlegum hætti, þegar stefnandi bað hann að fleygja kassanum í sjóinn. Þessi grunur hafi styrkzt, þegar stefnandi fékk honum fimm hundruð króna seðilinn, eftir að hann hafði kastað kassanum, og þegar hann svo frétti daginn eftir, að Ólafur bryti saknaði peningakassa, þá hafi honum strax orðið ljóst, að kassi sá, sem stefnandi hafði fengið honum, var einmitt þessi kassi Ólafs.

Næstu nótt kveðst hann hafa farið til stefnanda, þar sem hann var í kortaklefa skipsins, og skýrt honum frá því, að nú vissi hann, hvernig í öllu lægi með peningakassann, og spurt um það, hvað hann ætlaði að gera í málinu. Hafi stefnandi svarað því til, að honum kæmi það alls ekki neitt við, hann skyldi þegja, þetta væri algerlega sinn „business". Voru hann og stefnandi báðir undir áfengisáhrifum í þetta skipti. Seinna í ferðinni, og telur hann, að skipið hafi þá verið statt fyrir sunnan land, hafi hann aftur talað við stefnanda um töku peninganna og kassans, og voru þeir þá báðir ódrukknir. Sagði stefnandi þá við hann, að hann skyldi engar áhyggjur hafa af málinu, því að það kæmist aldrei upp, hver hefði tekið kassann, en yrði eitthvað gert í því, skyldi hann bjarga málinu.

Guðmundur Magnús segir, að þegar hann var kvaddur til rannsóknarlögreglunnar 5. nóvember 1948, hafi stefnandi vitað um það og beðið hann að tala við sig í næsta herbergi við skrifstofuna í skipinu. Kveðst hann hafa orðið við því, og hafi stefnandi sagt við hann, að ef það væri kassinn, sem hann ætti að mæta út af, skyldi hann játa á sig töku hans í bili, ef í hart færi. Hafi stefnandi sagzt ekki þurfa annað en að tala við ákveðinn mann til að kippa þessu öllu í lag. Kveðst hann hafa lofað stefnanda þessu, að hann telur í einu fljótræði. Í umrætt skipti hafi stefnandi einnig beðið hann að ná í smekklás fyrir sig á „lagernum" í landi og skila bókum til Bæjarbókasafnsins og ná í aðrar. Við yfirheyrsluna hjá rannsóknar-

lögreglunni neitaði hann í fyrstu að vita nokkuð um töku kassans og hvarf peninga úr honum, eins og áður er sagt. Kveðst hann hafa búizt við því, að stefnandi væri að vinna að því að bjarga málinu, en klukkutímar hafi liðið, án þess að nokkuð hafi heyrzt frá honum. Hafi hann því játað á sig töku kassans og peninganna laust eftir kl. 16.00, enda hafi hann þá verið orðinn smeykur um, að hann yrði úrskurðaður í gæzluvarðhald og myndi missa af skipinu, en það átti að fara á hafnir úti á landi þá um kvöldið.

Er hann hafði játað á sig brotið, fór hann heim til stefnanda, hitti hann þar um kl. 18.30 og talaði við hann einslega. Sagði hann stefnanda frá því, að hann hefði játað allt fyrir lögreglunni. Hafi stefnandi þá spurt, hvort hann væri orðinn vitlaus. Sagði hann stefnanda þá frá öllu því, er gerzt hafði við yfirheyrsluna, og að hann hefði tekið allt á sig, en ekkert minnzt á stefnanda. Hafi stefnandi þá sagzt mundu geta útvegað honum 10.000.00 króna tryggingu, ef hann þyrfti á henni að halda, en hann kvað svo ekki vera. Síðan hafi stefnandi sagt, að hann myndi kippa þessu öllu í lag, svo og að hann yrði að koma með næstu ferð skipsins, svo að engan grunaði neitt. Kveðst hann síðan hafa beðið stefnanda að segja Ólafi bryta frá því, að hann hefði játað á sig þjófnaðinn, en Ólafur ætti að halda þessu leyndu. Hafi stefnandi lofað að gera þetta. Þá kveðst hann hafa margbeðið stefnanda að tala ekki við foreldra sína um málið, og hafi stefnandi einnig lofað því.

Þeir stefnandi og hann hafi svo orðið samferða heiman frá stefnanda niður að skipi. Hafi þá foreldrar hans verið þar komnir til þess að kveðja hann. Kveðst hann hafa farið um borð með föt sín, en þegar hann að vörmu spori hafi komið aftur upp á þilfar, hafi þeir (foreldrarnir) og stefnandi ekki sézt, en áður hafði stefnandi talað um, að hann ætlaði að tala við þá og kveðja þá. Faðir hans, Kristinn Hróbjartsson, hafi svo aftur komið um borð í skipið ásamt stefnanda, rétt áður en það átti að leggja frá landi. Kallaði stefnandi síðan á hann inn í herbergi sitt og fór hann þangað inn, en faðir hans var þar þá fyrir. Þóttist hann sjá, að stefnandi hefði sagt föður sínum, að hann hefði tekið peningakassann, enda spurði faðir hans um það, hvort hann hefði tekið peningakassann, og viðurkenndi hann, að svo hefði verið. Spurði faðir hans þá um það, hvað hann hefði gert við alla peningana, og nefndi í því sambandi 3000 krónur. Kveðst hann hafa svarað því til, að svo miklir peningar hafi ekki verið í kassanum, enda hafi hann þá minnzt þess, að Magngeir Valur Jónsson hafði áður sagt honum, að í kassanum hefðu verið kringum kr. 1500.00. Hafi stefnandi í tilefni þessa sagt, að enn fremur hefðu nótur verið í kassanum, og beðið Kristinn um að leiðrétta það við konu sína, móður Guðmundar Magnúsar, að ekki hefðu verið eins miklir peningar í kassanum og hann hefði haldið. Síðan kveður hann, að faðir sinn hafi spurt sig: „Varstu einn", og hafi hann nú talið rétt, þegar hann þóttist sjá, að stefnandi ætlaði að koma þjófnaðinum yfir á hann, að neita því ekki fyrir föður sínum, að hann hefði tekið peningana, og hefði því svarað: „Nei, en ég var einn af þeim", og hafi hann ekki gert sér neitt far um

það, að stefnandi heyrði ekki svarið. Stefnandi hafi þá sagt við sig: „Þú ætlar þó ekki að fara að blanda mér inn í málið?" Kristinn hafi síðan sagt, að allt mundi verða gert fyrir hann í málinu, sem hægt væri, en hann yrði að lofa því, að bragða ekki vín framar, og hafi þá samtali þarna í herberginu verið lokið.

Framburður stefnanda er á þessa leið: Hann kveðst hafa verið 2. stýrimaður á m/s Herðubreið síðan í desember 1947 og hafi einnig verið það í ferð skipsins til Austur- og Norðurlandsins, þegar peningakassinn hvarf. Hann selur ásamt 1. stýrimanni farseðla með skipinu, og hefur það tíðkazt, að hann hafi lánað skipverjum upp í kaup þeirra smáfjárhæðir af andvirði farseðlanna. Er skipið kom til Akureyrar í umræddri ferð þess, telur hann sig ekki hafa haft yfir kr. 200.00 í reiðufé af andvirði farseðla. Um kvöldið, þegar skipið kom til Akureyrar, eða næsta morgun hafi Guðmundur Magnús komið til hans og beðið um peningalán, án þess að nefna nokkuð ákveðna fjárhæð eða til hvers hann ætlaði að nota peningana, en hann kvaðst enga peninga hafa, og hafi Guðmundur Magnús farið við svo búið. Litlu eftir þetta og meðan skipið var á Akureyri kveður stefnandi, að hann og Bogi Guðmundsson háseti hafi verið staddir í herbergi Guðmundar Magnúsar. Hafi þeir bragðað þar á víni, og kveðst stefnandi þá hafa verið undir áhrifum áfengis. Stuttu eftir að þeir komu í herbergið, hafi Guðmundur Magnús komið þangað og fengið sér vínblöndu með þeim. Telur hann, að Bogi muni svo hafa farið út úr herberginu, en hann og Guðmundur Magnús orðið eftir og dvalið þar stutta stund. Minnir stefnanda, að þeir hafi fengið sér vínblöndu að drekka, en ekki man hann eftir því, að þeir hafi skipzt á orðum. Minnir stefnanda, að þeir hafi báðir orðið samferða út úr herberginu, og hann hafi farið upp á þilfar og í herbergi sitt. Neitar stefnandi því eindregið, að það sé rétt, sem Guðmundur Magnús heldur fram, að fram hafi farið, eftir að Bogi var farinn úr herberginu. Kveðst stefnandi aldrei hafa afhent Guðmundi Magnúsi eða vísað honum á nokkurn kassa eða nokkurn hlut, eða beðið hann að fara burt úr herberginu með nokkurn hlut. Þá neitar stefnandi því og eindregið, að hann hafi verið með nokkurn kassa eða vitað um nokkurn slíkan hlut í herberginu svo og að hann hafi fengið Guðmundi Magnúsi fimm hundruð króna seðil eða nokkra aðra peninga í þetta skipti. Næsta dag kveðst stefnandi hafa heyrt, að Ólafur bryti saknaði peningakassa úr herbergi sínu, en hann kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hver valdur hafi verið að hvarfi kassans, og neitar því ákveðið að hafa átt nokkurn þátt í töku hans. Ekki kveðst stefnandi minnast þess, að hann og Guðmundur Magnús hafi nokkurn tíma í þessari ferð skipsins talazt við um hvarf peningakassans eða Guðmundur Magnús hæfi máls á hvarfinu við hann eða nokkrum atriðum í því sambandi.

Stefnandi hefur skýrt á tvo vegu frá því, hvað skeði milli hans og Guðmundar Magnúsar, þegar sá síðarnefndi var kvaddur til rannsóknarlögreglunnar 5. nóvember 1948. Fyrst skýrði stefnandi svo frá, að hann hafi verið staddur á stjórnpalli skipsins, en Guðmundur Magnús hafi verið að fara úr skipinu í land, þegar þeir sáust. Hafi Guðmundur Magnús þá

kallað til hans þessum orðum: „Þú veizt hvar ég er, ef ég kem ekki". Frekari orð hafi ekki farið þeirra á milli í þetta skipti. Síðar skýrði stefnandi svo frá, að hann hafi talað við Guðmund Magnús snöggvast í gangi skipsins eða skrifstofunnar og beðið hann um að ná í læsingu (smekklás) á „lagernum" hjá Ríkisskipum og fara með bækur á Bæjarbókasafnið og ná í aðrar í staðinn. Hafi hann lofað að gera þetta. Kveðst stefnandi síðan hafa farið í brúna, en Guðmundur Magnús hafi farið í land, og þegar hann hafi verið að fara niður landganginn hafi hann sagt: „Þú veizt hvar ég er, ef ég kem ekki". Kveðst stefnandi þá hafa spurt, hvað væri að, og hafi Guðmundur Magnús svarað: „Það er lögreglan". Kveður stefnandi, að honum hafi ekki dottið í hug, að Guðmundur Magnús ætti að mæta út af hvarfi peningakassans, heldur hafi hann haldið, að það væri út af hvarfi á víni úr skipinu nokkru áður.

Þenna dag milli kl. 18.00 og 18.30 kveðst stefnandi hafa komið heim til sín, og hafi Guðmundur Magnús þá komið til hans. Hafi tilgangur Guðmundar Magnúsar verið sá að biðja hann að skýra foreldrum sínum frá því, að hann hefði játað á sig þjófnað á peningakassa með peningum í, því að hann gæti ekki sjálfur sagt þeim frá því. Kvaðst stefnandi hafa sagzt mundu gera þetta. Þá hafi Guðmundur Magnús haft orð á því, að hann ætlaði ekki að fara með næstu ferð skipsins, en stefnandi kveðst hafa fengið hann af því. Stefnandi minnist þess ekki, að Guðmundur Magnús hafi í þetta skipti eða annað beðið hann að skýra Ólafi bryta frá því, að hann hefði tekið peningakassann eða biðja Ólaf að skýra ekki öðrum frá því. Stefnandi og Guðmundur Magnús urðu síðan samferða niður að skipinu, sem var þá um það bil að fara. Voru foreldrar Guðmundar Magnúsar þá fyrir á bryggjunni, og fór stefnandi með þeim heim til þeirra í bifreið. Skýrði hann þeim frá játningu sonar þeirra á töku peningakassans. Stefnandi og faðirinn fóru svo aftur niður að skipinu, og talaði sá síðarnefndi þá nokkur orð við son sinn, eins og til að róa hann, og sagði, að allt mundi verða gert í málinu, sem hægt væri, og fór síðan.

Faðir Guðmundar Magnúsar, Kristinn Hróbjartsson, hefur borið það, að hann og kona hans, Kristín Guðrún Guðmundsdóttir, hafi farið niður að m/s Herðubreið, rétt áður en skipið átti að leggja úr höfn 5. nóvember 1948. Hittu þau þar stefnanda, sem sagðist hafa þýðingarmikið mál að segja Kristni, og fóru þau þá heim til sín með honum. Er þangað var komið, hafi stefnandi sagt, að Guðmundur Magnús hafi beðið hann að skýra þeim frá því, að hann hefði játað á sig þjófnað á kr. 3000.00 frá brytanum á m/s Herðubreið. Kveður Kristinn, að stefnandi hafi skýrt frá þessu í viðurvist þeirra hjóna beggja. Hafi kona hans þá sagt, að það gæti ekki verið, að sonur þeirra væri einn í þessu, og hafi stefnandi þá svarað: „Hann tók (eða „játaði") það á sig fyrir alla". Þeir Kristinn og stefnandi fóru síðan niður að skipinu aftur. Á leiðinni þangað innti Kristinn stefnanda eftir því, hverjir hefðu verið með syni sínum í þessu, en stefnandi hafi þá sagt, að hann hafi verið einn í því. Er á skipið kom, hittu þeir Guðmund Magnús, og sagði Kristinn við hann, að hann vissi,

hvernig komið væri fyrir honum, en kvaðst þó vera viss um, að hann hefði ekki verið einn í þessu. Síðan kveðst Kristinn hafa snúið sér að syni sínum og spurt hann: „Varstu einn?" Hafi hann þá svarað ósköp lágt: „Nei". Hafi stefnandi þá sagt: „Þú ætlar þó ekki að fara að blanda mér í þetta Guðmundur?" Minnist Kristinn þess ekki, að sonur hans, sem var að fara út úr herberginu, hafi svarað þessum orðum stefnanda nokkru. Framburður Kristínar Guðmundsdóttur er í fullu samræmi við framburð Kristins, sem rakinn hefur verið hér að framan, um það, hvað gerðist heima hjá þeim hjónum, er stefnandi kom þangað í umrætt skipti. Kveðst Kristín hafa sagt við stefnanda, þegar hann hafði skýrt frá því, að Guðmundur Magnús hefði tekið kr. 3000.00 frá brytanum á Herðubreið: „Þetta hefur Mummi ekki gert einn", og hafi stefnandi þá svarað: „Hann játaði það á sig fyrir alla".

Þau hjónin Kristinn og Kristín hafa bæði unnið eið að framburði sínum.

Stefnandi kveðst muna vel eftir því, að Kristín Guðrún hafi sagt við hann, þegar hann kom heim til hennar og manns hennar í umrætt skipti, þessi orð: „Þetta hefur Mummi ekki gert einn". Hins vegar kveðst stefnandi ekki muna eftir því, hvort hann sagði nokkuð sérstakt við þessu, hann rekur ekki minni til þess, að hann hafi svarað með setningunni: „Hann játaði (eða „tók") það á sig fyrir alla", en hann mótmælir því ekki, að hann hafi sagt þetta, og kveður, að svo geti hafa verið.

Við yfirheyrslur rannsóknarlögreglunnar og réttarrannsóknir í málinu hefur stefnandi staðfastlega neitað því, að hann hafi átt nokkurn þátt í hvarfi umræddrs peningakassa eða um það vitað, hvernig það hafi að höndum borið.

Í réttarrannsókninni voru þeir Guðmundur Magnús og stefnandi ýtarlega samprófaðir, en báðir hafa þeir endanlega haldið fast við þá framburði sína, sem raktir eru hér næst á undan, og í engu hvikað frá þeim.

Réttarrannsóknin var send dómsmálaráðuneytinu, og með bréfi, dags. 23. marz 1949, fyrirskipaði það framhaldsrannsókn í málinu og málshöfðun gegn Guðmundi Magnúsi fyrir brot gegn XXVI. og XXVII. kafla hegningarlaganna. Ekki var fyrirskipuð opinber málshöfðun á hendur stefnanda út af peningakassahvarfinu.

Stefnandi heldur því fram og reisir á því framangreindar dómkröfur sínar, að hann eigi rétt til bóta fyrir gæzluvarðhald sitt samkvæmt 1. gr. laga nr. 28 frá 1893. Reiknar hann sér kr. 28.816.60 í bætur fyrir atvinnutjón vegna gæzluvarðhaldsins og kr. 50.000.00 í miskabætur. Nema upphæðir þessar samanlagðar hinni umkröfðu fjárhæð.

Að því er atvinnutjónið varðar, heldur stefnandi því fram, að hann hafi misst stöðu sína á Herðubreið vegna gæzluvarðhaldsins. Að vísu hafi honum verið greitt 3 mánaða kaup eða til 19. febrúar 1949, en atvinnu hafi hann ekki fengið aftur fyrr en um s.l. áramót eða um 10 mánuðum seinna. Er stefnandi hafði misst stöðuna á Herðubreið, kveðst hann á nýjan leik hafa leitað eftir stöðu hjá Skipaútgerð ríkisins, og hafi honum loks verið heitið stýrimannsstarfi á e/s Súðinni sumarið 1949, er hún

legði í Grænlandsleiðangur sinn. Hann kveðst þó hafa orðið af starfi þessu vegna sjúkleika. Hann hafi s.l. 8 ár þjáðst af alvarlegum meltingarkvilla. Þessi kvilli hafi svo í janúar 1949 ágerzt svo, að hann hafi að læknisdómi orðið óvinnufær upp frá því til mánaðamóta september og október s.á. Á þessu tímabili hafi hann orðið að leggjast í sjúkrahús, og hafi hann legið þar frá 27. júní til 7. september. Telur hann, að gæzluvarðhaldsvistin hafi verið orsök þess, hversu sjúkdómur hans versnaði, og hefur því til sönnunar lagt fram vottorð dr. med. Jóhannesar Björnssonar. Segir í vottorðinu m. a., að það sé álit lækna, sem sérþekkingu hafi á meltingarsjúkdómum, að áhyggjur og geðbrigði geti beinlínis orsakað slíka sjúkdóma og haft slæm áhrif, ef fyrir eru. Telur læknirinn það vafalaust, að gæzluvarðhaldið og réttarrannsóknin hafi stuðlað mjög að versnun á sjúkdómi stefnanda.

Fjárhæð bótanna fyrir atvinnutjónið miðar stefnandi við það, að meðaltekjur hans fyrstu 10 mánuði ársins 1948 hafi verið kr. 2881.66 á mánuði, og nemi því 10 mánaða kaup kr. 28.816.60.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að réttmætt hafi verið að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald, og honum hafi ekki verið haldið þar lengur en rannsókn málsins gaf ástæðu til. Þá telur hann, að ekki sé fullnægt því skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 in fine til bótaréttar, að álíta megi eftir öllum málavöxtum, að stefnandi sé saklaus af afbroti því, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að ósannað sé, að versnun sjúkdóms stefnanda hafi átt rót sína að rekja til gæzluvarðhalds hans. Þá heldur hann því fram, að fjárhæð sú, sem stefnandi krefst í miskabætur, nái ekki nokkurri átt.

Stefnandi var oft peningalítill eða peningalaus, meðan hann var á Herðubreið, og skuldaði ýmsum skipverjum á Herðubreið smáfjárhæðir. Hann og Guðmundur Magnús drukku oft áfengi saman bæði í ferðum m/s Herðubreiðar og í landi. Allajafna borgaði Guðmundur Magnús áfengið, en stefnandi aðeins sjaldan, og tók hann þá stundum peningana úr farseðlapeningatösku sinni, en Guðmundur Magnús greiddi þá aftur.

Telja verður, að réttmætt hafi verið, eins og á stóð, að úrskurða stefnanda í gæzluvarðhald, og ekki verður litið svo á, að honum hafi verið haldið þar lengur en efni stóðu til. Virðist rannsókn málsins hafa verið hraðað, eftir því sem föng voru á. Svo sem áður er sagt, var ekki höfðað opinbert mál á hendur stefnanda út af hvarfi peningakassans.

Við framangreinda réttarrannsókn sannaðist ekki, hver valdur var að hvarfi kassans, en auk fleiri skipverja virðist stefnandi hafa haft aðstöðu til töku hans. Að þessu athuguðu og öðru því, er fram kom við réttarrannsóknina, sérstaklega í framburðum Guðmundar Magnúsar og foreldra hans, svo og þegar það er virt, að ósamkvæmni gætti um nokkur atriði í framburði stefnanda, þykja bresta skilyrði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 28 frá 1893 in fine til þess að dæma honum bætur fyrir gæzluvarðhaldið.

Þar sem stefndi hefur ekki gert kröfu til málskostnaðar, fellur hann niður. Ríkissjóður greiði málflutningsþóknun skipaðs fyrirsvarsmanns

stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00. Hins vegar þykir ekki ástæða til að dæma Valdimar Stefánssyni sakadómara og fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, málskostnað úr hendi stefnanda, þar sem þeim var aðeins stefnt til réttargæzlu, án þess að kröfur væru gerðar á hendur þeim.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Magnússonar, í máli þessu.

Málflutningsþóknun skipaðs fyrirsvarsmanns stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 8. marz 1952.

Nr. 55/1951. **Kaupfélag Ísfirðinga** (Sigurður Ólason)
gegn
Sigrúnu Edwald og Rögnvaldi Jónssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Forkaupsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1951. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að sala stefnda Sigrúnar Edwalds hinn 3. janúar 1949 á lóð og húsi nr. 16 við Aðalstræti á Ísafirði til stefnda Rögnvalds Jónssonar verði dæmd ógild og áfrýjanda dæmt rétt að kaupa fasteignir þessar fyrir tiltölulegan hluta af heildarverði því, sem stefndi Rögnvaldur Jónsson gaf fyrir þær ásamt verzlun og vörubirgðum.

Varakrafa: Að sala stefnda Sigrúnar til stefnda Rögnvalds samkvæmt afsalsbréfi 3. janúar 1949 verði dæmd ógild og áfrýjanda heimilað að ganga inn í kaupin.

Áfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi hinna stefndu in solidum, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Um aðalkröfuna:

Þegar stefndi Sigrún Edwald hugðist láta af verzlun þeirri, sem hún hafði rekið í húsi sínu nr. 16 við Aðalstræti á Ísafirði, taldi hún hag sínum bezt borgið með því að selja einum og sama aðilja bæði húsið og verzlunina með þeim vörum, sem þar voru eftir. Ætla verður, að sala í einu lagi hafi skipt stefnda Sigrúnu allmiklu máli sökum hins nána og eðlilega sambands hússins og þeirrar verzlunar, sem þar hafði verið rekin. Atvik við söluna veita því ekki efni til að ætla, að fyrir stefnda Sigrúnu hafi vakað með sölu allra þessara eigna í einu að fara í kringum forkaupsrétt áfrýjanda um húsið, heldur að ráðstafa eignunum á hagkvæman hátt.

Að svo vöxnu máli þykir stefndi Sigrún ekki hafa vanefnt forkaupsréttarákvæðið, þótt hún byndi sölu hússins því skilyrði, að vöruleifar verzlunar hennar fylgdu með í kaupunum, og gerði áfrýjanda einungis kost á því að ganga inn í svo löguð kaup. Verður salan til stefnda Rögnvalds því ekki dæmd ógild af þessum sökum. Ekki þykir heldur rétt að ógilda söluna, þótt ekki fylgdi skýrsla um vörutalningu söluskilmálum þeim, sem stefndi Sigrún sendi áfrýjanda, þar sem fyrirsvarsmenn áfrýjanda voru á staðnum og var í lófa lagið að kynna sér vörurnar.

Um varakröfuna:

Þessa kröfu reisir áfrýjandi á því, að stefndi Rögnvaldur hafi fengið hagfelldari greiðsluskilmála heldur en áfrýjanda höfðu áður verið boðnir. Áfrýjandi bauðst ekki til að ganga inn í kaup Rögnvalds, er honum urðu þau kunn, og getur því varakrafa hans síðar í dómsmáli um það ekki orðið tekin til greina.

Samkvæmt framanskráðu þykir bera að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 8. febrúar 1951.

Ár 1951, fimmtudaginn 8. febrúar, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 22. jan. s.l. Mál þetta hefur Ketill Guðmundsson kaupfélagsstjóri, f. h. Kaupfélags Ísfirðinga, Ísafirði, höfðað, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan fyrir sáttanefnd, með stefnu, útgefinni 4. marz 1949, og framhaldsstefnu, útgefinni 17. okt. 1949, gegn Sigrúnu Edwald kaupkonu, Aðalstræti 16, Ísafirði, og Rögnvaldi Jónssyni kaupmanni, Smiðjugötu 11, Ísafirði.

Stefnandi gerði þær dómkröfur *aðallega*, að riftað verði sölu þeirri, er fram fór 3. janúar 1949 á eignum Sigrúnar Edwalds, að því er við kemur húsum og lóð við Aðalstræti 16 hér í bæ, og Kaupfélagi Ísfirðinga heimilað að kaupa nefndar fasteignir gegn greiðslu á tiltölulegum hluta af heildarverði því, er Rögnvaldur Jónsson gaf fyrir eignir þessar ásamt verzlun og vörubirgðum.

Til vara krefst stefnandi þess, að áðurgreindri sölu verði rift og Kaupfélagi Ísfirðinga heimilað að ganga inn í kaupin.

Einnig krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmd in solidum til þess að greiða sér málskostnað að skaðlausu eða eftir mati dómarans.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og honum verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Í málinu var 29. júní 1949 kveðinn upp úrskurður í þá átt, að ekki skyldi fara fram samkvæmt beiðni stefnanda dómkvaðning matsmanna til að meta eignir þær, er stefnandi taldi sig hafa forkaupsrétt að. Úrskurð þenna kærði stefnandi til Hæstaréttar.

Í Hæstarétti féll síðan dómur í málinu 26. september 1949, og var úrskurðurinn og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð sóknaraðilja var lögð fram, ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar að nýju.

Málið var síðan tekið upp að nýju á bæjarþingi Ísafjarðar 17. okt. 1949.

Sáttaumleitun dómara í aðalsök og framhaldssök reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 11. maí 1942, seldi Kaupfélag Ísfirðinga verzlun J. S. Edwalds, Ísafirði, lóð, 700 fermetra að stærð, undir og um hús verzlunarinnar við Aðalstræti 16 hér í bænum.

Í afsali þessu stendur þetta ákvæði: „Komi til sölu á lóðinni eða húsum þeim, sem á henni standa, eða hvorutveggja, þá er Kaupfélagi Ísfirðinga áskilinn forkaupsréttur."

Með áritun á afsalið lýsti verzlun J. S. Edwalds yfir samþykki sínu á þessu ákvæði.

Með bréfi, dags. 4. nóv. 1948, tilkynnti stefnda Sigrún Edwald, sem þá var eigandi verzlunar J. S. Edwalds, stefnanda, Kaupfélagi Ísfirðinga, að hún hafi ákveðið að selja verzlun sína og húseignir, ásamt tilheyrandi lóð, og spyrst jafnframt fyrir um það, hvort félagið óski eftir því að nota forkaupsrétt sinn samkvæmt því, er áður getur.

Stefnandi svaraði þessu með bréfi, dags. 7. s. m., og kvaðst þá gera ráð fyrir að nota forkaupsréttinn, en óskaði eftir upplýsingum um verð og söluskilmála, sem um væri að ræða, fyrir eignirnar.

Þessu svaraði stefnda með bréfi 8. s. m. og bauðst þá til að selja stefnanda verzlun sína ásamt vörum, húseignum og lóð við Aðalstræti 16 fyrir kr. 250.000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — í því ástandi, sem það var þá. Einnig skýrði hún nánar frá greiðsluskilmálum, en kvaðst ekki hafa leyfi til að svo komnu að gefa upp, hver væri hugsanlegur kaupandi eignanna, en muni gera það, áður en fullnaðarákvörðun verði tekin um sölu.

Í bréfi stefnanda til stefndu 11. s. m. lætur hann í ljós þá skoðun, að fyrir þurfi að liggja bindandi verðtilboð hugsanlegs annars kaupanda í þær eignir einar, sem forkaupsrétturinn næði til, þ. e. húseignirnar og lóðina, án alls samhengis við kaup á verzluninni eða vörunum eða hverju öðru, sem væri. Hitt væri annað mál, hvort til samninga geti komið milli stefndu og hans um kaup á fasteigninni, verzlun og vörubirgðum í einu lagi, en þar væri verðtilboð stefndu ekki álitlegur samningsgrundvöllur.

Með bréfi, dags. 15. nóvember, til stefnanda lýsti stefnda því yfir, að hún hvorki gæti né vildi selja húseignir og lóð, nema vörurnar fylgdu með í kaupunum.

Í bréfi, dags. 16. s. m., til stefndu lýsti stefnandi því yfir, að hann væri fús til að taka til athugunar fyrrnefnt tilboð í bréfi frá 8. nóv., en þá væri nauðsynlegt að hafa í höndum skrá yfir vörubirgðir verzlunarinnar með tilgreindu kostnaðarverði og fá tækifæri til að sannfærast um, að vörurnar svöruðu til síns verðs.

Með bréfi til stefnanda, dags. 17. s. m., sagði stefnda, að hún mundi ekki hvika frá fyrra tilboði sínu og liti svo á, að stefnandi hefði afsalað sér forkaupsrétti að húseignum og lóð við Aðalstræti 16, hefði hún eigi fengið jákvætt svar fyrir kl. 12 á hádegi 20. s. m.

Stefnandi svaraði bréfi þessu 20. s. m. og ítrekaði þá tilmæli sín um að fá skrá yfir vörubirgðir verzlunarinnar og upplýsingar um verðmæti þeirra, því að án þess gæti hann ekki tekið afstöðu til fyrrnefnds tilboðs. Hann kvaðst einnig vera reiðubúinn til, með nokkrum fyrirvara, að taka ákvörðun um, hvort hann mundi nota forkaupsrétt sinn, að lóðinni og húseignunum, hvenær sem fyrir lægi bindandi verðtilboð hugsanlegs ann-

ars kaupanda í þær eignir út af fyrir sig og honum væri gefinn kostur á að ganga inn í það tilboð.

Þessu svaraði stefnda 23. nóv., og gaf hún stefnanda enn frest til að ganga að tilboðinu frá 8. s. m. til 25. nóv. Þá sagði stefnda enn fremur, að þar sem hinn væntanlegi kaupandi krefðist engrar vörutalningar, komi ekki til þess að kosta slíka talningu. Hins vegar væri væntanlegum kaupanda frjálst að skoða vörurnar og meta þær sjálfur til verðs.

Stefnandi svaraði þessu með bréfi, dags. 25. nóv., og vísaði þá til þess, sem hann hafði áður sagt í fyrri bréfum sínum til stefndu.

Frekari viðræður en að framan greinir fóru ekki fram milli stefnanda og stefndu.

Með afsali, dags. 3. jan. 1949, seldi stefnda Rögnvaldi Jónssyni, meðstefnda í máli þessu, húseignir sínar við Aðalstræti 16 ásamt tilheyrandi eignarlóð. Í kaupunum fylgdu allar vörubirgðir og vélar, eins og þær voru við talningu 1. des. 1948, og enn fremur skrifstofuáhöld.

Kaupverðið var ákveðið kr. 250.000.00.

Þessu vildi stefnandi ekki hlíta, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því, að honum hafi aldrei verið gefinn kostur á að neyta forkaupsréttar síns að lóðinni og húseigninni, þar sem honum hafi aldrei verið gefið upp verð á þeim eignum sérstaklega, eða honum boðnar þær til kaups einar út af fyrir sig án tengsla við aðrar eignir. Forkaupsréttarákvæði væri einskis virði, ef eiganda eignanna væri heimilt að skeyta öðrum eignum við þær og gera það að skilyrði fyrir því, að sala færi fram, að þær væru allar keyptar saman. Þess vegna sé salan ólögmæt og beri að rifta henni og veita stefnanda rétt til þess að kaupa þær fasteignir sérstaklega, er forkaupsrétturinn nær til, gegn greiðslu á þeim hluta af heildarsöluverðinu, er svari til þess, hve þær eru mikill hluti allra eignanna.

Í því sambandi hefur stefnandi fengið dómkvadda menn til þess að meta, hve mikill hluti eignir þær, sem hann átti forkaupsrétt að, væru af öllum eignum þeim, er seldar voru. Forkaupsréttareignirnar voru metnar á kr. 211.500.00 og vörubirgðir og áhöld á kr. 40.900.00.

Varakröfu sína rökstyður stefnandi með því, að hann hafi aldrei fengið nauðsynlegar upplýsingar um vörubirgðirnar, þar sem stefnda hafi algerlega neitað að láta fara fram vörutalningu. Hann hafi því ekki vitað um magn birgðanna eða gæði eða getað gert sér grein fyrir, hvort sölutilboðið væri aðgengilegt, og því ekki hafa getað tekið afstöðu til þess. Einnig hefur stefnandi bent á, að söluskilmálar samkvæmt afsali 3. jan. 1949 séu ekki þeir sömu og í tilboðinu frá 8. nóv. 1948. Hann hafi því aldrei fengið tækifæri til þess að ganga inn í kaupin með sömu skilmálum og kaupandi sá, er hlaut eignirnar.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því, að stefnda Sigrún Edwald hafi boðið stefnanda að neyta forkaupsréttar síns með því að bjóða honum allar eignirnar til kaups, enda hafi það ávallt verið veruleg og skýlaus forsenda fyrir sölu eignanna, að selja verzlunina ásamt fasteignunum og vörubirgðum í heild, og það hafi aldrei komið til mála að selja fasteign-

irnar einar sér. Eðlilegast hefði því verið að líta á vörubirgðirnar sem fylgifé með verzlunarhúsnæðinu, og með því að selja það eitt sér, mundi hafa verið glataður möguleiki á því að losna við vörubirgðirnar. Þá hafa þau haldið því fram, að forkaupsréttarákvæðið megi ekki skilja þannig, að með því hafi stefnda afsalað sér rétti til þess að ráðstafa eignum sínum á skynsamlegan hátt. En með því að bjóða stefnanda eignirnar til kaups við sama verði og skilmálum og henni hafi verið boðið í þær, hafi hún fullnægt skyldu sinni samkvæmt forkaupsréttarákvæðinu.

Í sambandi við þá fullyrðingu stefnanda, að hann hafi ekki fengið nægar upplýsingar um vörubirgðirnar, hafa stefndu haldið því fram, að stefnanda hafi staðið til boða að skoða vörurnar og gera sér þannig grein fyrir því, hvort hann vildi ekki ganga að sölutilboðinu í heild. Einnig hafi stefnandi getað strax krafizt mats þess, er hann lét síðar fram fara, og boðizt til að kaupa á þeim grundvelli eða lagt lögbann við því að salan færi fram, ef hann teldi rétt brotinn á sér. Ekkert af þessu hafi stefnandi gert, heldur haldið að sér höndum og svarað óljóst í trausti þess, að því er virðist, að um raunverulega sölumöguleika væri ekki að ræða. Með þessu aðgerðarleysi sínu hefði stefnandi glatað forkaupsréttinum.

Stefndu hafa viðurkennt, að söluskilmálar þeir, er í afsalinu greinir, séu aðrir en í tilboðinu til stefnanda. En þar sem breytingin hafi verið seljanda í hag, en ekki kaupanda, mundi stefnandi hafa komizt að sömu kjörum, ef til samninga hefði komið.

Það er upplýst í málinu, að stefnda Sigrún Edwald ætlaði ekki að selja eignir þær, er stefnandi átti forkaupsrétt að, einar út af fyrir sig. Forkaupsréttur miðar ekki að því að svipta eiganda forkaupsréttareigna rétti til þess að fá hæsta fáanlegt verð fyrir þær. Honum verður því að teljast heimilt að bjóða þær til sölu ásamt öðrum eignum sínum. Þetta á því fremur við, þegar eignir þær, sem selja á með forkaupsréttareignunum, eru nátengdar þeim og það er mikið fjárhagsatriði fyrir seljanda að selja þær í einu lagi. Stefnandi átti rétt á að fá eignirnar keyptar með sama verði og skilmálum og stefndu hafði verið boðið í þær. Stefnda bauð stefnanda forkaupsréttareignirnar til kaups ásamt þeim eignum öðrum, er selja átti með þeim, og gaf upp verð og söluskilmála í einu lagi fyrir allar eignirnar. Með því verður að telja, að stefnda hafi gert stefnanda kost á að ganga inn í kaupin, þar sem aldrei kom til mála af hennar hálfu að selja forkaupsréttareignirnar sér.

Það er og sannað í málinu, að stefnanda stóð til boða að skoða vörubirgðirnar. Enn fremur var honum kunnugt um, að annar aðili óskaði eftir því að kaupa eignirnar og að það yrði af hálfu stefndu Sigrúnar Edwalds skoðað sem höfnun á forkaupsréttinum, að hann gæfi ekki ákveðið svar fyrir tilskilinn tíma.

Af framansögðu er ljóst að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Sigrún Edwald og Rögnvaldur Jónsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Kaupfélags Ísfirðinga, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. marz 1952.

Kærumálið nr. 5/1952.

Kópavogshreppur

gegn

Orku h/f.

Setudómari prof. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. f. m., sem hingað barst 21. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, er kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. febrúar 1952 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frekari frest í nefndu máli en hann þegar hafði haft. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum veittur umræddur frestur svo og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kópavogshreppur, greiði varnaraðilja,

Orku h/f, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 31. f. m., hefur Orka h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. marz f. á., gegn Finnboga R. Valdimarssyni oddvita f. h. Kópavogshrepps til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 90.748.59, með 6% ársvöxtum frá 16. okt. 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Mál þetta er risið af því, að stefnandi pantaði sumarið 1948 vatnsveituefni frá Danmörku fyrir stefnda. Telur stefnandi, að stefndi hafi hvorki viljað veita vörum þessum viðtöku né greiða þær.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi sett það skilyrði, er hann pantaði vatnsveituefnið hjá stefnanda, að vörurnar yrðu allar komnar hingað til lands haustið 1948. Þar sem afhendingardráttur hafi orðið af hendi stefnanda, hafi stefndi átt rétt á að rifta samningunum um vatnsveituefnið, enda beri hann ekki ábyrgð á því, þótt stefnandi kunni að hafa bundið sig svo gagnvart hinu danska viðskiptafirma sínu, að hann yrði að taka við vörunum skilyrðislaust.

Mál þetta var þingfest 15. marz f. á. Kom þá fram af hendi stefnanda greinargerð auk allmargra annarra skjala. Stefndi fékk þá frest til ritunar greinargerðar til 29. s. m. og síðan framhaldsfrest í þessu skyni til 12. apríl, að greinargerð og aðiljaskýrsla komu fram af hans hendi. Síðan hafa aðiljar haft sameiginlega fresti og framhaldsfresti til öflunar gagna til 31. f. m. Lagði stefnandi fram eitt skjal í þinghaldi 17. maí f. á. og stefndi fáein skjöl í þinghaldi 20. september. Aðiljayfirheyrsla og vitnaleiðsla fóru fram í málinu 15. f. m., og komu þá einnig fram nokkur skjöl af hendi stefnanda. Loks lögðu báðir aðiljar fram nokkur skjöl í þinghaldi 31. f. m.

Í síðastnefndu þinghaldi þann 31. f. m. óskaði lögmaður stefnda enn eftir 4 vikna framhaldsfresti til öflunar gagna. Færði hann þau rök fyrir frestbeiðninni, að hann hefði óskað gagna frá umbjóðanda sínum um það, hvenær lagning vatnsveitu hefði hafizt og hvenær henni hefði lokið, ásamt lýsingu á verkinu. Enn fremur hvar einstakir hlutir hefðu verið pantaðir og hvenær þeir hefðu verið afgreiddir og þá sérstaklega þeir hlutir, sem krafizt væri greiðslu á í þessu máli. Taldi lögmaðurinn, að upplýsingar um þessi atriði hefði hann ekki fengið enn, og væri sér því þörf á fyrrgreindum framhaldsfresti.

Af hálfu stefnanda var mótmælt, að frekari frestur yrði veittur í málinu, enda hefði stefndi þegar haft næga fresti til öflunar gagna um framangreind atriði. Lögðu aðiljar atriðið þá undir úrskurð.

Eins og að framan er rakið, hafa aðiljar haft sameiginlega fresti og framhaldsfresti til öflunar gagna í máli þessu síðan 12. apríl 1951. Hafa af

hálfu stefnda engar ástæður verið færðar fram fyrir því, hvers vegna þessir ríflegu frestir hafa eigi nýtzt honum. Með vísan til framanritaðs og með skírskotun til ákvæða 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður hinn umbeðni frestur því ekki veittur gegn andmælum stefnanda.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Fimmtudaginn 13. marz 1952.

Kærumálið nr. 6/1952.

Guðlaugur Ásgeirsson
gegn
Gústaf Ólafssyni, Hannesi Ágústssyni og Sigurði Berndsen.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. febrúar þ. á., sem hingað barst 3. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 25. febrúar þ. á., en með honum var hluta af kröfu sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum, að fjárhæð kr. 27.841.78, vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á kröfu þessa. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Við athugun á málatilbúnaði og málflutningi í héraði, að því er kæruatriðið varðar, hefur það komið í ljós, sem nú skal greina:

Með stefnu 27. júní 1950 höfðaði sóknaraðili mál á hendur varnaraðiljum til endurgreiðslu in solidum á kr. 63.500.00 auk 6% ársvaxta frá 2. maí 1946 svo og til greiðslu á kr. 30.000.00 í skaðabætur auk 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá sáttakærudegi til greiðsludags. Enn fremur krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu. Um málsatvik er vísað til sáttakæru. Í henni er talið, að sannazt hafi við rannsókn út af kæru, er send var sakadómaranum í Reykjavík, að varnaraðiljar hafi hagnazt ólöglega um kr. 63.500.00 vegna kaupa á tveimur skuldabréfum, sem tryggð voru með 3. og 4. veðrétti í húseign sóknaraðilja, Bústaðabletti 12 í Reykjavík. Engin skýring er þar gefin á skaðabótakröfunni. Við þingfestingu málsins er lögð fram greinargerð, sem svo er kölluð, en eigi er hún annað en upptalning þeirra skjala, sem fram eru lögð, og tilvísun til gerðra krafna í stefnu og málsatvika samkvæmt öðrum skjölum. Þá er og lagt fram framsal, dags. 28. júní 1950, frá manni að nafni Benedikt Jóhannsson til sóknaraðilja á „endurgreiðslukröfu ásamt vöxtum" á hendur varnaraðiljum vegna affalla við kaup á veðskuldabréfum þeim, sem að framan eru nefnd, en þau voru samtals að fjárhæð kr. 14.000.00. Eigi er það nánar skýrt, hvernig aðild Benedikts að kröfum þessum hefur verið háttað. Loks er lagt fram endurrit af lögregluþingbók Reykjavíkur, 70 foliosíður, út af kæru sóknaraðilja á hendur tveimur af varnaraðiljum. Er þar greint frá ýmiss konar samningaflækjum á milli aðilja, mörgum þeirra alls óviðkomandi kröfum þeim, er hér um ræðir, að því er séð verður. Aðrar skriflegar skýringar, sem máli skipta, hafa ekki komið fram af hálfu sóknaraðilja, nema reikningsyfirlit á 4 foliosíðum, sem lagt var fram við munnlegan flutning málsins. Breytti sóknaraðili þá kröfum sínum að verulegu leyti, svo sem greinir í úrskurði héraðsdóms, lækkaði skaðabótakröfuna niður í kr. 11.000.00, en hækkaði aðrar kröfur nær því að sama skapi. Var þar í innifalin ný krafa, sú sem úrskurður héraðsdóms ræðir um.

Eins og sést af því, sem nú hefur verið rakið, hefur engin raunveruleg greinargerð verið lögð fram í héraði af hálfu sóknaraðilja, enda getur hvorki sáttakæran né endurrit það úr lögregluþingbók Reykjavíkur, sem getið hefur verið, komið

í stað greinargerðar. En sökum þess, hversu mál þetta er að ýmsu leyti flækjukennt, var brýn þörf glöggrar og ýtarlegrar greinargerðar af hans hálfu. Er því hér um alvarlegt brot á fyrirmælum 105. gr. laga nr. 85/1936 að ræða. Svo hafa og kröfur sóknaraðilja verið á reiki, og brýtur það í bág við 88. gr. sömu laga. Sökum þessara megingalla á meðferð málsins í héraði þykir rétt að ómerkja meðferð þess þar og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Meðferð bæjarþingsmálsins á að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. febrúar 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Guðlaugur Ásgeirsson, Lækjargötu 8 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu, útgefinni 27. júní 1950, gegn Gústaf Ólafssyni héraðsdómslögmanni, Blönduhlíð 35, Hannesi Ágústssyni verzlunarmanni, Holtsgötu 34, og Sigurði Berndsen fasteignasala, Barmahlíð 30, öllum hér í bænum, til greiðslu in solidum á kr. 63.500.00 með 6% ársvöxtum frá 2. maí 1946, kr. 30.000.00 í skaðabætur með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndu yrðu dæmdir in solidum til að greiða:

1. Vantaldar afborganir og vaxtagreiðslur og umsamda eftirgjöf, kr. 42.785.40, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1949 til greiðsludags.

2. Afföll af 3. og 4. veðréttarbréfum, áhvílandi Bústaðabletti 12, er stefndu hafi keypt af Benedikt Jóhannssyni, kr. 39.092.80, með 6% ársvöxtum frá 2. maí 1946 til greiðsludags.

3. Skaðabætur fyrir fjárhagstjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna ólögmæts athæfis stefndu, kr. 11.000.00, með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags.

4. Málskostnað að mati dómarans.

Að því er varðar 1. lið dómkrafnanna, hafa stefndu *aðallega* krafizt þess, að honum verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, en *til vara* hafa þeir krafizt sýknu af kröfuliðnum og

málskostnaðar. Af öðrum liðum krafnanna hafa stefndu krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að árið 1944 tók stefnandi máls þessa tvö lán hjá stefnda Hannesi. Til tryggingar lánunum setti stefnandi að veði með 1. og 2. veðrétti eign sína Bústaðablett 12 við Sogaveg, sem er erfðafestuland, ásamt hænsnabúi á eigninni. Bæði veðskuldabréfin voru handhafaskuldabréf, 1. veðréttarbréfið útgefið 22. maí 1944, að fjárhæð kr. 25.000.00, en 2. veðréttarbréfið útgefið 5. september 1944, að fjárhæð kr. 90.000.00. Samkvæmt ákvæðum beggja veðskuldabréfanna báru þau 6% ársvexti. Með skuldabréfum, útgefnum 19. sept. 1944 og 16. sept. 1945, veðsetti stefnandi handhafa fyrrgreindar eignir sínar með 3. og 4. veðrétti. Veðskuldabréfin voru að fjárhæð kr. 55.000.00 og kr. 85.000.00 og báru 6% ársvexti. Kveðst stefnandi hafa selt Benedikt nokkrum Jóhannssyni bæði skuldabréfin, en hann hafi goldið þau að nokkru leyti í peningum og nokkru leyti í víxlum.

Fyrri hluta árs 1946 höfðu 1. og 2. veðréttarskuldabréfin lent í vanskilum, og hafði stefndi Gústaf þau til innheimtu. Af 3. og 4. veðréttarskuldabréfunum hafði stefnandi þá lítið greitt. Benedikt Jóhannsson hafði ekki tök á að leysa til sín 1. og 2. veðrétt, ef gengið yrði að veðinu. Keypti stefndi Sigurður af honum 3. og 4. veðréttarbréfin með mjög miklum afföllum. Telja stefndu þau kaup hafa gerzt 20. marz 1946. Stefndu Hannes og Gústaf keyptu sinn þriðjunginn hvor í bréfum þessum af stefnda Sigurði, að því er þeir telja 2. maí s. á., á sama verði hlutfallslega og stefndi Sigurður keypti þau. Í þessu sambandi gerðu stefndu munnlegt greiðslusamkomulag við stefnanda um afborganir af öllum fjórum veðskuldabréfunum, samtals kr. 8000.00 á mánuði. Jafnframt hétu stefndu stefnanda kr. 20.000.00 eftirgjöf á skuldabréfunum á 3. og 4. veðrétti, ef hann stæði í skilum með greiðslu afborgana, og telur stefnandi þann fyrirvara hafa verið gerðan að tilhlutan stefnda Gústafs. Jafnframt greiddi stefnandi þann 2. maí fyrstu 8000 króna afborgunina, og stefnandi telur, að það hafi einnig verið þenna sama dag, sem bréfin voru keypt af stefnda Benedikt.

Fáum dögum eftir að stefndu Hannes og Gústaf keyptu hluta af 3. og 4. veðréttarbréfunum, seldu stefndu Gústaf og Sigurður stefnda Hannesi sína hluti í veðskuldabréfum þessum. Þann 19. júní 1946 gerðu stefndi Hannes og stefnandi nýtt samkomulag um greiðslu skuldabréfanna. Telja stefndu stefnanda þá hafa verið farinn að vanefna hið fyrra samkomulag. Átti stefnandi að greiða kr. 8000.00 í afborganir og vexti 15. dag hvers mánaðar. Skyldu fyrst greiddar óveðtryggðar skuldir stefnanda við stefnda Hannes, en síðan hinar í þeirri röð, sem stefndi Hannes óskaði. Vorið 1947 höfðaði stefndi Hannes mál á hendur stefnanda til greiðslu á 2. og 3. veðréttarskuldinni, þar sem hann taldi greiðsludrátt hafa orðið af hendi stefnanda. Telur stefnandi, að stefnt hafi verið fyrir skuldunum þ. 29. maí. Fékk stefndi Hannes dóma fyrir skuldunum. Eftir málshöfðunina innti stefnandi engar greiðslur af hendi, unz hann og stefndi gerðu nýtt samkomulag um greiðslu skuldanna 15. nóv. s. á. Samkvæmt því átti stefnandi að greiða kr. 8000.00 upp í skuldir sínar við stefnda Hannes við

undirskrift samningsins, kr. 4000.00 fyrir 15. des. s. á. og kr. 4000.00 á mánuði, unz skuldin væri að fullu greidd. Fyrst skyldu greiddir áfallnir vextir af veðskuldabréfunum, þar næst eftirstöðvar 4. veðréttarbréfsins og síðan lækkandi veðréttir, unz skuldin væri að fullu greidd. Stæði stefnandi í skilum, átti hann að fá kr. 10.000.00 eftirgefnar auk vaxta af fjárhæðinni frá 1. maí 1946 til greiðsludags.

Þann 22. nóv. 1946 seldi stefnandi Eiríki Áka Hjálmarssyni kennara hálfa eignina Bústaðablett 12, en ekki átti kaupandi að taka að sér greiðslu veðskulda. Með samningi, dags. 15. febr. 1949, keypti Eiríkur þessi veðskuldabréfin fjögur af stefnda Hannesi. Samkvæmt samningnum voru eftirstöðvar þeirra, auk áfallinna en ógreiddra vaxta og málskostnaðar vegna dómanna fyrir 2. og 3. veðréttarskuldunum, taldar vera kr. 202.083.25. Söluverð bréfanna til Eiríks Áka var talið kr. 190.408.25, og var þá við það miðað, að 10.000 króna eftirgjöfin samkvæmt samningnum 19. nóv. 1947, auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1946 til 15. febrúar 1947, væri dregin frá. Eiríkur Áki greiddi stefnda Hannesi veðskuldabréfin að verulegu leyti með víxli, og fékk stefndi Hannes skuldabréfin að handveði til tryggingar víxilskuldinni. Hélt stefnandi því áfram að greiða stefnda Hannesi allt til júníloka 1949. Í júlí 1949 seldi stefnandi Eiríki Áka hinn helming eignarinnar Bústaðabletts 12, og tók Eiríkur Áki að sér greiðslu á eftirstöðvum veðskuldanna frá júnílokum 1949. Kveður stefnandi sér og Eiríki Áka hafa talizt svo til, að eftir skattframtölum stefnanda og stefnda Hannesar að dæma næmu þær allt að kr. 166.316.00.

Með kærubréfi, dags. 24. sept. 1949, kærði stefnandi stefndu Hannes og Gústaf fyrir að hafa ólöglega haft af sér fé, þar á meðal að því er snertir 3. og 4. veðréttarskuldabréfin. Fór fram rannsókn í lögreglurétti út af kærunni.

Fyrsti liður dómkrafna stefnanda er þannig út reiknaður, að stefnandi telur, að samkvæmt því sem veðskuldirnar fjórar séu taldar í greiðslusamkomulaginu 19. nóv. 1947 hafi þær átt að vera kr. 175.444.39 þann 1. júlí 1949, ef við þær er bætt vöxtum og vaxtavöxtum á tímabilinu, en afborganir á þessum tíma hins vegar dregnar frá. Þá telur stefnandi, að vantaldar hafi verið þrjár innborganir inn á veðskuldabréfin, hver að fjárhæð kr. 8000.00. Sé það greiðslan 2. maí 1946 og tvær fyrstu greiðslurnar, eftir að hann hafði lokið við að greiða óveðtryggðu skuldirnar við stefnda Hannes. Þessar vantöldu afborganir ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af þeim frá greiðsludögum til 30. júní 1949 nemi kr. 27.841.78. Enn fremur hafi verið vanefnd skuldbinding stefndu um 20.000.00 króna eftirgjöf á 3. og 4. veðréttarskuldunum. Sú fjárhæð, ásamt vöxtum og vaxtavöxtum frá 2. maí 1946 til 30. júní 1949, nemi kr. 24.072.01. Skuldir stefnanda samkvæmt veðskuldabréfunum hafi því raunverulega átt að nema kr. 123.530.60 þann 30. júní 1949, er Eiríkur Áki Hjálmarsson tók að sér greiðslu þeirra. Hann hafi hins vegar tekið að sér að greiða kr. 166.316.00. Beri stefnda því að endurgreiða stefnanda kr. 42.785.40 vegna ofgreiðslu hans og hinnar umsömdu 20.000.00 króna eftirgjafar.

Annar liður dómkröfunnar er reistur á því, að Benedikt Jóhannsson

hafi framselt stefnanda endurkröfurétt þann, sem hann kynni að eiga á stefndu vegna affallanna af 3. og 4. veðréttarskuldabréfunum. Beri stefndu að endurgreiða afföllin. Taldi stefnandi við munnlegan flutning málsins, að afföllin hefðu numið kr. 59.092.80, en þar frá drægjust þær kr. 20.000.00, sem stefnanda hefði verið lofað í afslátt og taldar væru undir 1. kröfulið.

Skaðabótakrafan undir 3. tölulið er reist á því, að stefndu hafi gengið mjög hart að stefnanda um innheimtu skulda. Hafi þeir keypt kröfur á hann og höfðað mál til heimtu þeirra, strax og kostur var, til að gera stefnanda gjaldþrota. Hafi stefnandi verið dæmdur til að greiða verulegar fjárhæðir í málskostnað.

Stefndu reisa frávísunarkröfuna á því, að kröfur stefnanda undir 1. lið dómkrafnanna hafi eigi verið lagðar til sátta, og ekki hafi þær heldur verið gerðar í stefnu og ekki hafðar uppi fyrr en við munnlegan flutning málsins.

Stefnandi heldur því fram, að kröfugerð hans við munnlegan flutning málsins sé einungis skýring á stefnukröfum og innan takmarka þeirra.

Í sáttakæru lýsir stefnandi málavöxtum svo, að við lögregluréttarrannsóknina hafi það sannazt, að stefndu hafi hagnazt „.... ólöglega um kr. 63.500.00 vegna kaupa á tveimur skuldabréfum, sem tryggð voru með 3. og 4. veðrétti í .... Bústaðabletti 12 við Sogaveg hér í bænum". Hafi þeir allir skipt þessum hagnaði jafnt á milli sín. Í stefnu er um málavöxtu vísað til sáttakærunnar.

Ekki er að því vikið í stefnunni eða sáttakærunni, að stefnandi hafi greitt meira af skuldabréfunum en höfuðstól þeirra og vexti. Þar er aðeins gerð krafa um endurgreiðslu ólöglegs hagnaðar „vegna kaupa" á 3. og 4. veðréttarbréfunum, auk skaðabótakröfu. Stefnandi lagði fram við þingfestingu endurrit lögregluréttarrannsóknarinnar. Í kærubréfi sínu, dags. 24. sept., sem tekið er upp í endurritið, telur stefnandi afföll af 3. og 4. veðréttarbréfunum, þegar Benedikt Jóhannsson seldi þau, hafa numið kr. 63.500.00. Eins og málatilbúnaði stefnanda var háttað, varð ekki séð, að gerðar væru kröfur um endurgreiðslu á vantöldum afborgunum og vaxtagreiðslum inn á veðskuldabréfin. Þær kröfur gerði stefnandi eigi fyrr en við munnlegan flutning málsins. Ber því að taka til greina kröfu stefndu um, að dómkröfum stefnanda, að því er varðar endurgreiðslu vantalinna afborgana og vaxtagreiðslna, verði vísað frá dómi.

Eins og fyrr segir, er 1. liður dómkrafna stefnanda að öðrum þræði krafa um, að stefndu endurgreiði stefnanda með vöxtum kr. 20.000.00, sem þeir hafa lofað honum í afslátt af 3. og 4. veðréttarskuldabréfunum. Umræddar kr. 20.000.00 dró stefnandi við munnlegan flutning málsins frá kröfu sinni um endurgreiðslu affallanna. Í stefnu og sáttakæru krafðist stefnandi hins vegar endurgreiðslu á ólöglegum hagnaði stefndu vegna kaupa á bréfunum, án þess að draga umræddar kr. 20.000.00 frá fjárhæð þeirri, sem hann virðist hafa talið afföllin nema, og krefjast endurgreiðslu þeirra sérstaklega. Í greinargerðum sínum tóku allir stefndu og til varnar um margnefnda 20.000.00 króna eftirgjöf. Þykir eftir atvikum ekki unnt að líta svo á, að þessi þáttur 1. kröfuliðs sé ný krafa, og verður honum ekki

vísað frá dómi af þeim ástæðum. Með vísan til þessa verður þessum þætti 1. kröfuliðs eigi heldur vísað frá dómi vegna skorts á sáttaumleitan.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli niður.

Vegna anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu um endurgreiðslu vantalinna afborgana og vaxta er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 17. marz 1952.

Nr. 73/1951. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Þórnýju Þuríði Tómasdóttur og
Jóni Kjartanssyni (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Það er ljóst, að maður sá, sem varð fyrir bifreiðinni, hefur vikið til hægri, er hana bar að honum, og verður í refsimáli þessu að leggja til grundvallar frásögn ákærðu um hegðun mannsins, þar sem vitna er ekki kostur. Ber því að miða við það, að háttsemi hans hafi að nokkru verið orsök slyssins.

Brot ákærðu Þórnýjar Þuríðar Tómasdóttur varðar við 20., 21. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 38. gr. þeirra laga og 2. gr. laga nr. 49/1948, að því er varðar 21. gr. bifreiðalaganna, við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og við 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Brot Jóns Kjartanssonar varðar við öll framangreind lagaákvæði, sbr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og 22. gr. laga nr. 23/1941.

Með þessum athugasemdum þykir rétt að staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að ákærða Þórný Þuríður Tómasdóttir skal svipt rétti til að öðlast leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rannsókn máls þessa. Ekkert var aðhafzt í málinu frá 18. júní 1949 til 28. júlí 1950, er próf málsins voru send dómsmálaráðuneytinu. Þá brestur mjög á, að rannsókn málsins hafi verið svo rækileg sem skyldi. Verður að víta héraðsdómarann, Bjarna Bjarnason bæjarfógeta, fyrir þessi mistök.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að ákærða Þórný Þuríður Tómasdóttir er svipt ævilangt rétti til að öðlast leyfi til að stjórna bifreið.

Ákærðu, Þórný Þuríður Tómasdóttir og Jón Kjartansson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Þegar gætt er allra aðstæðna, sem frá er greint í héraðsdómi og atkvæði meiri hluta dómenda, tel ég refsingu ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðna varðhald 40 daga.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og dómsorði meiri hlutans.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 30. desember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Jóni bæjarstjóra Kjartanssyni og Þórnýju

Þuríði Tómasdóttur, báðum að Norðurgötu 4 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1941.

Ákærðu eru bæði komin yfir lögaldur sakamanna, Jón fæddur í Siglufirði 5. júní 1917, en Þórný að Miðhóli í Sléttuhlíð 11. júní 1921, og hafa ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 7. júní 1949, um kl. 7 síðdegis, ók ákærði Jón bifreiðinni F. 170 frá skrifstofu sinni í Norðurgötu 4 hér í bæ. Með honum voru í bifreiðinni kona hans, ákærða Þórný, og skrifstofumaður hans, Helgi Hallsson. Var förinni heitið heim á leið með Helga, og sat hann hjá ákærða Jóni í framsæti bifreiðarinnar, en ákærða Þórný sat í einu af eftri sætum hennar. Ók ákærði sem leið liggur vestur Aðalgötu og norður Túngötu, þar til Þormóðsgata sker hana. Sveigði hann þá bifreiðinni inn í Þormóðsgötu og stöðvaði hana þar, og vissi bifreiðin í austur. Fór Helgi þar úr bifreiðinni, en hann á heima nálægt þessum gatnamótum. Er hann var farinn, settist ákærða Þórný undir stýri bifreiðarinnar og hugðist aka henni að Norðurgötu 4. Hún hafði eigi réttindi til bifreiðaraksturs og hafði ekki lokið ökuprófi, en sumarið 1947 hafði hún fengið nokkra tilsögn í akstri hjá ökukennara. Ákærði Jón hafði ekki réttindi til ökukennslu, en kveðst hafa viljað gefa konu sinni kost á að æfa sig í akstri við þetta tækifæri. Ók hún síðan niður (austur) Þormóðsgötu og sveigði síðan til suðurs inn í Norðurgötu. Er bifreiðin kom fyrir hornið, sáu ákærðu mann á gangi suður götuna. Gangstéttir eru ekki við götu þessa, en maðurinn gekk á vinstri helmingi götunnar. Hugðist ákærða aka fram hjá manninum með því að sveigja bifreiðinni til hægri, en hann vék þá einnig til hægri handar, þ. e. út á götuna, og án þess að líta við. Ætlaði ákærða þá að aka út af götunni hægra megin, en þá segir hún manninn hafa hlaupið svo beint í veg fyrir bifreiðina, að ákærðu hemluðu bifreiðina bæði, ákærða með fóthemlum, en ákærði Jón með handhemli. Eigi stöðvaðist bifreiðin samt fyrr en rafmagnsstaur varð á vegi hennar. Stóð hann í hægri (vestari) vegarbrún, 24.5 metra frá gatnamótunum. Jafnsnemma var maðurinn kominn að staurnum og varð hann á milli staurs og bifreiðar og skorðaðist þar, er bifreiðin stöðvaðist. Menn þeir, er fyrsta bar að slysstaðnum, sáu ekki lífsmark með hinum slasaða manni, sem reyndist vera Ásmundur Sigurðsson verkamaður, Hafnargötu 14. Er hann hafði verið losaður úr skorðunum, var hann þegar fluttur í sjúkrahús, og 10—15 mínútum eftir slysið, þegar læknir sjúkrahússins skoðaði hann, var ekkert lífsmark með honum. Um áverka á líkinu segir svo í vottorði læknisins: „Vinstri handleggur var brotinn rétt ofan við miðju. Önnur bein virtust vera heil. Minni háttar skrámur voru á vinstra handarbaki, hægri mjaðmarspaða og á hægri fótlegg. Lítils háttar blæðingar voru undir báðum efri augnlokum, en meiðsli eða áverkar á höfði sáust ekki." Lík Ásmundar var ekki krufið, en læknir sá, sem gaf fyrrgreint vottorð, hefur hér fyrir dómi borið fram þá tilgátu, að banameinið hafi verið contusio á hjarta, og hafi því valdið hinn mikli þrýstingur á „hjartaregion".

sem Ásmundur varð fyrir af að klemmast milli staurs og bifreiðar. Ákærðu eru sem næst ein til frásagnar um aðdraganda slyss þessa. Eru þau sammála um það, að bifreiðinni hafi verið ekið hægt allan tímann, að ákærða hafi gefið hljóðmerki, bæði þegar hún ók fyrir hornið og þegar hún varð Ásmundar vör, svo og um viðbrögð hans og hemlun bifreiðarinnar. Vitnin Guðmundur Jóhannesson og Skarphéðinn Guðmundsson eru sammála um, að bifreiðin hafi verið á hægri ferð, en hvorugur virðist hafa orðið var við hljóðmerki. Hinn síðarnefndi sá Ásmund á gangi suður götuna og taldi hann hafa gengið á miðri götu, en eftir að bifreiðin kom á götuna, byrgði hún vitninu útsýn, svo að það sá ekki til Ásmundar aftur, fyrr en það kom að staurnum. Hemlar bifreiðarinnar voru vandlega skoðaðir eftir slysið, og voru þeir vel virkir, en ekki rétt stilltir, þannig að þeir tóku ekki á öllum hjólum samtímis.

Ljóst er af gögnum málsins, að viðbrögð Ásmundar heitins voru andstæð því, er vera bar, er hann veik út á götuna og yfir hana til hægri handar, og þykir verða að líta svo á, að hann hafi að verulegu leyti orðið valdur að slysinu.

Þess er fyrr getið, að ákærðu og vitni þau, er áður greinir, eru á einu máli um, að bifreiðin hafi verið á hægri ferð, þegar á gatnamótin kom. Gatan er hallalaus og jarðvegurinn malarkenndur. Hemlaförin fyrir aftan bifreiðina voru mæld 5.5 metrar, bifreiðin sjálf er 3.40 metrar milli öxla, og ákærðu beittu bæði fóthemlum og handhemli, en högg það, sem Ásmundur heitinn (og staurinn) urðu fyrir, var samt svo þungt, að bifreiðin skemmdist verulega að framan. Var vatnskassi ónýtur og vatnskassahlíf mikið skemmd og „stuðari" og „stuðara"-fjaðrir brotin. Þykir af þessu sannað, að hraði bifreiðarinnar var, a. m. k. rétt áður en slysið varð, of mikill, til þess að unnt væri að stöðva bifreiðina, þegar nauðsyn krafði. Af þessu og öðrum gögnum málsins er ljóst, að ákærða sýndi ekki nauðsynlega aðgæzlu og varkárni í akstrinum, og hefur hún með því gerzt brotleg við 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna. Með því að aka bifreiðinni án þess að hafa fengið ökuskírteini og án þess að ökukennari væri við hlið hennar hefur ákærða brotið 20. og 21. gr. bifreiðalaganna, sbr. 38. gr. sömu laga. Framangreindur brestur á varfærni og aðgæzlu ákærðu var meðorsök slyssins og dauða Ásmundar, og þykir ákærða því hafa gerzt brotleg við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Refsing ákærðu Þórnýjar þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald 30 daga. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hana rétti til að öðlast ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Með því að fela ákærðu stjórn bifreiðarinnar hefur ákærði Jón brotið 22. gr. bifreiðalaganna, og að öðru leyti verður að telja, að hann hafi gerzt samvaldur ákærðu Þórnýju að slysinu, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 30 daga, og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann ökuleyfi í tvö ár.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Guttorms hæstaréttarlögmanns Erlendssonar, kr. 600.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kjartansson, sæti varðhaldi 30 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða, Þórný Þuríður Tómasdóttir, sæti varðhaldi 30 daga.

Hún skal svipt rétti til að öðlast leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guttorms hæstaréttarlögmanns Erlendssonar, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. marz 1952.

Nr. 130/1951. **Ákæruvaldið** (Jón Ólafsson hdl.)
gegn
Jónasi Þorbergssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Brot í opinberu starfi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt málshöfðunarskipan og stefnu var mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsóknin hefur beinzt að fleiri sakaratriðum en héraðsdómari hefur lagt dóm á, en ákæruvaldið hefur með bréfi, dags. 10. marz þ. á., lýst því, að það krefjist þess ekki, að dómur verði lagður á fleiri atriði máls þessa en dæmd hafa verið í héraði. Verða því þau atriði ein dæmd í Hæstarétti, sbr. lögjöfnun frá 115. gr. laga nr. 27/ 1951.

I.

Ríkisútvarpið hefur haft á leigu húsnæði í húsi Póst- og símamálastjórnarinnar í Thorvaldsensstræti í Reykjavík. Í

leiguhúsnæðinu var eitt herbergi, sem virðist hafa verið ætlað formanni útvarpsráðs. Á öndverðu ári 1948 gerði póst- og símamálastjóri kröfu til þess að fá herbergi þetta, enda taldi hann nauðsyn bera til, að því yrði skilað úr leigu. Lýsti ákærði því á fundi útvarpsráðs, að hann teldi, að ekki yrði hjá því komizt að afhenda póst- og símamálastjóra herbergið. Útvarpsráð var andvígt afhendingu herbergisins og gerði um það ályktun. Eigi að síður lét ákærði rýma herbergið og afhenti leigusalanum það. Ekki verður talið, að ákærði sem framkvæmdarstjóri Ríkisútvarpsins hafi með þessari ráðstöfun sinni brotið nein ákvæði XIV. kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

1. Á fundi útvarpsráðs hinn 12. október 1948 lögðu tónlistarráðunautar Ríkisútvarpsins, þeir Páll Ísólfsson og Jón Þórarinsson, til, að leitað yrði samninga við Björn Ólafsson fiðluleikara um að stofna og samæfa strengjakvartett, þar sem hann léki sem aðalmaður. Fullnaðarákvörðun um málið var ekki tekin á þessum fundi, en á fundi ráðsins hinn 19. s. m. var tillagan samþykkt. Skrifstofustjóri útvarpsráðs tilkynnti ákærða þessa ályktan með bréfi 6. nóvember s. á. Í bréfinu lýsir hann því, að nefndar hafi verið kr. 400.00 á mánuði sem hæfileg grunnlaun fyrir starfið og engin athugasemd við það gerð. Samkvæmt þessu réð ákærði hinn 8. nóvember 1948 Björn Ólafsson bráðabirgðaráðningu til að takast á hendur framangreint starf frá 1. sama mánaðar að telja með þeim grunnlaunum, sem áður segir, en það bar venju samkvæmt undir ákærða að gera slíka ráðningarsamninga. Ýmsir örðugleikar ollu því, að eigi var unnt að stofna strengjakvartettinn fyrr en í öndverðum nóvember 1949, og hefur Björn Ólafsson skýrt svo frá, að ekki hafi tekizt fyrr að fá hæfa menn í kvartettinn, en beðið hafði verið eftir nafngreindum manni, sem tafðist erlendis. Þar sem dráttur þessi varð af orsökum, sem ákærði átti enga sök á, og þess var jafnan vænzt fram eftir árinu 1949, að brátt mundi úr rætast, þykir ákærði, eins og á stóð, ekki verða sakfelldur, þótt launa-

greiðslur til Björns Ólafssonar fram til 1. nóvember 1949 væru ekki stöðvaðar.

2. Með bréfi 4. nóvember 1949 tilkynntu tónlistarráðunautar Ríkisútvarpsins ákærða, að undirbúningi undir stofnun kvartettsins væri lokið, og tilgreindu þrjá menn, er þeir lögðu til, að ráðnir yrðu fyrst um sinn auk Björns Ólafssonar til ellefu mánaða frá 1. nóvember 1949. Þá settu tónlistarráðunautarnir og fram tillögu um, að grunnlaun Björns Ólafssonar yrðu kr. 500.00 á mánuði, en hinna, hvers um sig, kr. 400.00. Loks stungu þeir upp á því, að gerður yrði sérstakur starfssamningur við hvern hinna fjögurra tónlistarmanna, og nefndu ýmis atriði, er þeir töldu rétt, að tekin yrðu upp í starfssamningana. Ákærði tilkynnti ekki útvarpsráði sérstaklega tillögur tónlistarráðunautanna, en fram er komið, að a. m. k. formaður útvarpsráðs fékk þegar í stað vitneskju um stofnun kvartettsins. Ákærði réð síðan hinn 16. nóvember 1949 hina tilgreindu kvartettsmenn og setti þeim erindisbréf.

Samkvæmt fyrrgreindri ályktun útvarpsráðs frá 19. október 1948 var ákærða rétt að ráða kvartettsmennina. Formaður útvarpsráðs á þeim tíma, er ráðningin fór fram, svo og sá, er tók við formennsku af honum, skýra svo frá, að útvarpsráði hafi frá upphafi verið kunnugt um tilvist kvartettsins, en hins vegar lýsir útvarpsráð því í bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 20. nóvember 1950, að því hafi ekki verið kunnugt um ráðningarkjör kvartettsmanna fyrr en sumarið 1950. Núverandi formaður útvarpsráðs, tónlistarráðunautur Ríkisútvarpsins svo og þáverandi skrifstofustjóri þess hafa allir lýst því fyrir dómi, að laun þau, sem kvartettsmönnum voru ákveðin í ráðningarsamningum hafi verið í samræmi við launakjör annarra sambærilegra hljóðfæraleikara við Ríkisútvarpið, enda er það og ljóst af öðrum sakargögnum. Þegar þess er gætt, sem nú hefur verið rakið, verður ráðning kvartettsmanna ekki talin ákærða saknæm samkvæmt neinni grein XIV. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, enda þótt hann hefði átt að bera ráðningarkjörin undir útvarpsráð.

3. Þegar eftir að kvartettinn hafði verið stofnaður, tóku kvartettsmenn að æfa sig. Höfðu þeir venjulega fjórar æfingar í viku. Samkvæmt ráðningarsamningum áttu þeir fyrst

um sinn að leika í útvarpið eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði hverjum, en síðar þrisvar í mánuði. Reyndin varð sú, að hljómlist kvartettsins var flutt þrettán sinnum af hljómplötum í útvarpinu, frá því að leikið var í fyrsta sinn í febrúarmánuði 1950 og til 1. nóvember s. á. Hljómplötur þessar urðu eign Ríkisútvarpsins. Sumarið 1950 fór einn kvartettsmanna, erlendur maður, til útlanda, og varð ekki úr, að hann kæmi aftur til Íslands. Afköst kvartettsins urðu þannig minni en til var skilið í ráðningarsamningi, en þeir þrír kvartettsmanna, sem eftir voru á Íslandi, bættu það upp að nokkru með því að leika fimm sinnum ókeypis í útvarpið næstu þrjá mánuðina á eftir.

Formaður útvarpsráðs kveðst hafa á sumrinu 1950 farið að kynna sér starfskjör og afköst kvartettsmanna. Hafi hann þá komizt að þeirri niðurstöðu, að afköst þeirra væru minni en skyldi. Á fundum útvarpsráðs hafi mál þetta verið tekið til athugunar og það verið álit útvarpsráðsmanna, að ekki væri rétt að halda starfsemi kvartettsins áfram með þeim hætti, sem verið hefði. Var og kvartettinn lagður niður frá 1. nóvember s. á., enda var þá og einn kvartettsmanna farinn af landi brott, svo sem áður segir.

Að vísu urðu afköst kvartettsmanna minni en gert var ráð fyrir í ráðningarsamningi þeirra, en ekkert er fram komið, sem bendi til þess, að vanrækslu ákærða sé um að kenna.

Samkvæmt framanskráðu ber að sýkna ákærða af þeim sakargiftum, sem getur í þessum kafla.

III.

Í VIII. kafla reglugerðar nr. 129/1944 um útvarpsrekstur ríkisins er svo kveðið á, að útvarpsstjóra sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að leggja í sérstakan sjóð tekjuafgang, sem verða kann á rekstri Ríkisútvarpsins og starfsdeilda þess. Nefnist sjóður þessi Framkvæmdasjóður ríkisútvarpsins og skal honum varið í þarfir Ríkisútvarpsins til bygginga o. fl. Ákærði hafði á hendi stjórn og gæzlu sjóðs þessa, og var sjóðurinn orðinn á árinu 1948 um sex miljónir króna. Þar sem Ríkisútvarpið notaði ekki sjóðinn að svo komnu, nema að litlu leyti, var fé hans ávaxtað með

kaupum á skuldabréfum o. fl. Ákvað menntamálaráðherra að veita ýmsum lán úr sjóðnum, þar á meðal nokkrum byggingasamvinnufélögum. Ákærði taldi sig hafa mikla aukavinnu í sambandi við gæzlu sjóðsins og vera vanhaldinn af að fá ekki sérstaka þóknun fyrir það. Hugkvæmdist honum þá, að greiðsla slíkrar þóknunar gæti farið fram með þeim hætti, að lántakendur sættu 2% afföllum af lánsfénu, og rynnu þau til hans. Áður en ákærði framkvæmdi hugmynd sína, fór hann á fund þáverandi fjármálaráðherra og kveðst hafa spurt hann að því, „hvort sér væri vítalaust sem embættismanni að taka hefðbundna þóknun, 2%, fyrir milligöngu um lán úr framkvæmdasjóði", en hann hafði heyrt, að málflutningsmenn tækju þá þóknun fyrir útvegun lána. Eftir því sem ákærða minnir bezt, svaraði ráðherrann því hiklaust, að tæki hann að sér fyrir lántakendur störf, sem þeir að öðrum kosti yrðu að greiða fyrir, væri það sanngjarnt, að hann fengi greiðslu fyrir með sama hætti og aðrir, er slík verk önnuðust. Hafi ráðherranum verið ljóst, að lántakendur ættu að greiða gjald þetta, ef til kæmi. Samkvæmt þessu taldi ákærði öruggt, að endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins mundi ekki gagnrýna það, þótt lántökugjaldið væri tekið, enda þótt svar ráðherrans veitti honum ekki „embættislega" heimild til töku þóknunarinnar.

Ráðherra sá, er í hlut átti, minnist þess, að ákærði hafi, er þeir áttu tal saman, skotið fram þeirri spurningu, hvort honum „sýndist ekki", að ákærði „ætti þóknun skilið fyrir milligöngu í lántökum", en ráðherrann minnist þess ekki, „að spurningin hafi verið ýtarlegri en þetta og tölur hafi áreiðanlega engar verið nefndar né hundraðshlutar". Segir ráðherrann, að svar sitt hafi verið á þá leið, „að sér virtist, að ef hann (þ. e. ákærði) ynni fyrir einhverja menn einhver aukaverk, sem viðkomandi menn þyrftu, hvort sem væri, að kaupa út, þá virtist sér, að hann ætti einhverja þóknun skilið."

1. Á árinu 1948, eftir að framangreint viðtal fór fram, fékk byggingasamvinnufélagið Hofgarður samkvæmt heimild menntamálaráðherra lán, að fjárhæð kr. 590.000.00, úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins. Þáverandi formaður bygg-

ingasamvinnufélags þessa hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að í samningum um lánið hafi ákærði spurt hann, hvort félagið hefði þurft, er það tók áður lán, að greiða ómakslaun fyrir milligöngu. Kveðst formaðurinn hafa svarað því, að svo hefði verið um sum lánin og að ómakslaunin hefðu að jafnaði verið 2% af fjárhæðinni. Hafði ákærði þá spurt, hvort félaginu þætti ósanngjarnt að greiða 2% ómakslaun af þessu láni, og kveðst formaðurinn hafa talið það ekki vera og sömu skoðunar hafi samstjórnendur hans í félaginu verið. Voru ákærða síðan greidd 2% af láni því, er veitt var. Í kvittun ákærða fyrir hluta af lántökugjaldinu stendur: „Lántökugjaldið er ákveðið í samráði við fjármálaráðherra.“ Ákærði telur, að kvittun fyrir hinum hluta lántökugjaldsins hafi verið eins orðuð, en sú kvittun hefur eigi komið fram í málinu.

2. Á sama ári fékk Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur samkvæmt heimild menntamálaráðherra þrjú lán, samtals að fjárhæð kr. 700.000.00, úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins. Þáverandi formaður byggingasamvinnufélagsins skýrir svo frá, að í umræðunum um lánið hafi ákærði tekið fram, að hann tæki 2% lántökugjald, eins og annars staðar tíðkaðist, og væri það með vitund fjármálaráðuneytisins. Kveðst formaðurinn strax hafa fallizt á að greiða lántökugjaldið. Á kvittanir fyrir lántökugjaldinu ritaði ákærði ýmist, að það væri ákveðið með vitund fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytisins.

3. Á árinu 1949 hugðust stjórnendur Byggingasamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins að fá kr. 300.000.00 lán úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins, og bar fyrirsvarsmaður byggingasamvinnufélagsins fram málaleitun um þetta við skrifstofustjóra menntamálaráðuneytisins, sem síðan mun hafa rætt um það við ákærða. Ákærði kvaddi því næst nefndan fyrirsvarsmann á fund sinn og tjáði honum, að lánið mundi vafalaust fást, og skildist fyrirsvarsmanninum á orðum ákærða, að venja væri, að ákærði fengi 2% af lánsfénu, en ákærði kveðst hins vegar hafa skýrt fyrirsvarsmanni byggingafélagsins frá því, að tvö byggingafélög, sem áður höfðu fengið lán úr sjóðnum, hefðu greitt sér 2% fyrir að annast undirbúning lánsins og skjalagerð. Spurði fyrirsvarsmaður-

inn þá ákærða, hvort hann hefði leyfi menntamálaráðherra til töku lántökugjaldsins. Ákærði kvað svo ekki vera, en þetta væri gert með vitund fjármálaráðherra. Fyrirsvarsmaðurinn kvaðst ekki geta gengið að þessu, nema tala um það við menntamálaráðuneytið. Kom nú málið fyrir menntamálaráðherra. Ráðherrann tjáði ákærða, að hann teldi þetta rangt og enn fremur mjög ámælisvert, að ákærði hefði ekki borið það undir menntamálaráðuneytið. Kveðst ráðherrann hafa sagt ákærða, að ekki kæmi til mála, að embættismenn gætu tekið til sín slíka þóknun, og hann yrði að endurgreiða áðurnefndum tveimur byggingasamvinnufélögum lántökugjald það, er hann hefði tekið af þeim. Ákærði varð þegar við kröfu ráðherrans um endurgreiðslu og endurgreiddi byggingasamvinnufélögunum lántökugjaldið 9. og 15. febrúar 1949.

Menntamálaráðherra hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi veitt ákærða áminningu fyrir gjaldtökuna og það hafi verið ætlun sín, að mál þetta væri þar með útkljáð af ráðuneytinu og að til annarra ráðstafana gegn ákærða kæmi ekki af þessu efni. Stjórnvöld höfðust síðan ekkert að í málinu gegn ákærða fyrr en 21. nóvember 1950, er menntamálaráðuneytið beiddist þess í bréfi til dómsmálaráðuneytisins, að það léti fara fram rannsókn á fjárstjórn Ríkisútvarpsins og embættisrekstri ákærða. En tilefni þess var ádeilurit skrifstofustjóra útvarpsráðs á hendur ákærða.

Svo sem getið hefur verið, hefur sú raun orðið á um meðferð Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins, að honum hefur ekki nema að litlu leyti verið varið til húsbygginga og annarra framkvæmda í þágu Ríkisútvarpsins, heldur hefur fé hans verið ávaxtað. Ákærði taldi gæzlu sjóðsins valda sér allmiklu auknu erfiði og ábyrgð, sem réttmætt væri, að hann fengi nokkra aukaþóknun fyrir. Þar sem svo stóð á, hefði hann átt að leita til menntamálaráðherra um að fá slíka þóknun með löglegum hætti. Þetta gerði ákærði ekki. Var því framangreind gjaldtaka ákærða svo og tilmæli hans um þóknun við fyrirsvarsmann Byggingasamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins ólögmæt og refsiverð samkvæmt 128. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

IV.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir háttsemi ákærða við lánveitingu úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins til Landssíma Íslands hinn 24. október 1949 eigi vera saknæm.

V.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber á það að líta, að gjaldið, sem ákærði tók, var hátt. Hins vegar eru ýmsar málsbætur fyrir hendi. Ákærði leyndi ekki stjórnvöld landsins að öllu fyrirætlunum sínum, þar sem hann fór á fund fjármálaráðherrans og ræddi við hann um málið með þeim hætti, sem að framan greinir, þótt ráðherranum og ákærða beri að vísu á milli um samtalið. Lántakendum mátti vera ljóst, að greiðsla lántökugjaldsins til ákærða var ekki skilyrði fyrir lánveitingu, þar sem menntamálaráðherra veitti lánsheimildirnar, og ekki eru sönnur að því leiddar, að skírskotun ákærða til fjármálaráðherra um lántökugjaldið hafi verið gerð í blekkingarskyni eða verið ákvörðunarástæða lántakenda fyrir greiðslu gjaldsins. Þá endurgreiddi ákærði þegar og viðstöðulaust lántökuþóknunina, er menntamálaráðherra krafðist þess, og bætti þannig að fullu tjón af broti sínu. Loks sætti ákærði áminningu af hendi menntamálaráðherra, og var mál ákærða síðan látið kyrrt liggja hátt á annað ár, áður en rannsókn var hafin á hendur honum. Með tilvísun til alls þess, er nú hefur rakið verið, þykir rétt að dæma ákærða sekt til ríkissjóðs, sem ákveðst með hliðsjón af efnahag hans, sbr. 51. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, kr. 9000.00, er afplánist varðhaldi 60 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þorbergsson, greiði kr. 9000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 60 daga í stað sektarinnar,

ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Jóns Ólafssonar og hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Við erum sammála I., II. og IV. kafla dómsatkvæðis meiri hlutans.

Um III. kafla.

Eins og greinir í héraðsdómi, hafði ákærði undir höndum sjóð, er nefndist Framkvæmdasjóður ríkisútvarpsins, sbr. VIII. kafla reglugerðar nr. 129/1944. Í nefndum kafla er þess ekki getið, hvernig sjóð þenna skuli ávaxta. Safnaðist mikið fé í sjóðinn, og var þá farið að veita lán úr honum með samþykki menntamálaráðherra, sem hefur yfirstjórn útvarpsmála. Lán þessi voru yfirleitt veitt ríkissjóði og ríkisstofnunum svo og byggingasamvinnufélögum með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt skrá, dags. 24. nóvember 1950, voru skuldabréf sjóðsins þá orðin 15 að tölu frá 9 lántökum, og var fjárhæð þeirra samtals tæplega 5 miljónir króna. Lán þessi voru veitt á árunum 1947—1950. Eftir að byrjað var að veita lán úr sjóðnum, kom ákærða til hugar að taka sjálfum sér til handa greiðslu frá lántakendum, 2% af lánsfjárhæð. Þetta kom fyrst til greina, er byggingasamvinnufélagið Hofgarður tók lán úr sjóðnum hinn 8. janúar 1948 og Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur hinn 15. s. m. Ákærða var kunnugt um, að endurskoðandi, er fjármálaráðherra nefndi til, mundi fara yfir reikninga félaga þessara, þar eð ríkissjóður var í ábyrgð fyrir lánunum. Hlaut því gjaldtakan að koma fyrir hans sjónir, og kveður ákærði sér hafa verið það ljóst.

Áður en lán þessi voru afgreidd, fór ákærði á fund þáverandi fjármálaráðherra, og í samræðum þeirra um ýmis efni vék ákærði að því, hvort ráðherrann teldi ekki, að hann ætti skilið þóknun fyrir milligöngu um lántökur, og kveðst ráðherrann hafa skilið spurninguna svo, að m. a. hafi ákærði átt við lántökur úr „sjóðum útvarpsins". Ráðherrann hefur borið það sem vitni, að honum hafi þegar verið ljóst, að sér væri mál þetta óviðkomandi, en þó svarað ákærða strax lauslega, að sér virtist, að ef ákærði ynni einhver aukaverk fyrir aðra menn, sem þeir þyrftu hvort sem væri að greiða fyrir, þá virtist sér hann eiga einhverja þóknun skilið. Kveðst ráðherrann hafa sagt þetta sem persónulegt álit sitt, og engar tölur né hundraðshlutar hafi verið nefndir. Ákærði hefur viðurkennt, að skýrsla ráðherrans sé í höfuðatriðum rétt. Kveðst hann þó í samtalinu hafa getið þess, að um störf væri að ræða, sem málflutningsmenn önnuðust venjulega fyrir hefðbundna þóknun, 2%. Nánar virðist ekki hafa verið um þetta rætt.

Á árinu 1948 fékk byggingasamvinnufélagið Hofgarður 2 lán úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins, samtals að fjárhæð 590 þúsund krónur. Tók ákærði sér til handa 2% af lánum þessum, eða samtals kr. 11.800.00. Á sama ári fékk Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur 3 lán úr sjóðnum, samtals að fjárhæð kr. 700.000.00, og tók ákærði einnig af þeim lánum 2% sér til handa, eða samtals kr. 14.000.00.

Formaður félagsins Hofgarðs hefur borið sem vitni, að ákærði hafi spurt hann, hvort félaginu þætti ósanngjarnt að greiða 2% ómakslaun, og taldi hann það ekki vera. Greiddi hann síðan ákærða gjald þetta, og gaf ákærði kvittun fyrir hvorri greiðslunni um sig. Aðeins önnur kvittananna hefur verið lögð fram í málinu. Kvittar ákærði þar fyrir „lántökugjald", er hann nefnir svo, „2% af kr. 340.000.00". Loks segir í kvittuninni: „Lántökugjaldið er ákveðið í samráði við fjármálaráðherra."

Formaður Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur samdi við ákærða um lán þess félags. Kveður hann ákærða hafa tekið fram, „að hann tæki 2% af láninu, eins og annars staðar tíðkaðist." Enn fremur hafi hann látið í ljós, að hann hefði

til þessa samþykki fjármálaráðuneytisins, eða a. m. k. að því ráðuneyti væri um þetta kunnugt og hefði ekkert við það að athuga. Eigi verður séð, að ákærði hafi verið spurður um samtal þetta.

Ákærði kvittar í þrennu lagi fyrir gjaldtöku sinni af lánum þessum, enda voru þau þrjú. Kallar hann hana ýmist „lántökugjald" eða „kostnað við lántöku." Í tveimur af kvittunum þessum er kveðið svo að orði, að lántökugjaldið sé „ákveðið með vitund fjármálaráðherra," en í einni, að það sé „ákveðið með vitund fjármálaráðuneytisins."

Ekki hafði ákærði vikið að því við fjármálaráðherra, hvort hann mætti skírskota til þess við lántakendur, að gjöld þessi væru tekin í samráði við hann eða með hans vitund, og virðist ráðherrann ekki hafa fengið vitneskju um það fyrr en nærfellt ári síðar.

Á öndverðu ári 1949 fór Byggingasamvinnufélag starfsmanna stjórnarráðsins þess á leit að fá lán úr Framkvæmdasjóði ríkisútvarpsins. Átti einn félagsmanna, Magnús Björnsson ríkisbókari, tal við ákærða um lántökuna. Skýrir hann svo frá, að ákærði hafi talið vafalaust, að lánið mundi fást, en sagzt jafnframt vilja skýra honum frá því, að sú venja hefði skapazt, að hann fengi 2% af lánsfénu sem þóknun fyrir að annast skjalagerð og formsatriði í sambandi við lánveitingarnar. Væri þetta gert með vitund fjármálaráðherra. Ákærði hefur ekki neitað þessu. Ríkisbókari skýrði síðan menntamálaráðherra frá þessu, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Krafðist menntamálaráðherra, sem áður var ókunnugt um gjaldtökur þessar, að ákærði endurgreiddi hlutaðeigandi félögum fjárhæðirnar, og veitti honum átölur fyrir töku gjaldanna. Ákærði endurgreiddi féð síðan án tafar samkvæmt kröfu ráðherrans.

Þegar menntamálaráðherra hafði samþykkt lánveitingar þær, sem að framan greinir, áttu lántakendur rétt á að fá fulla fjárhæð lánanna, þar sem engin afföll höfðu verið áskilin. Ákærði hefur borið það fram til réttlætingar gjaldtökunni, að lánveitingar úr sjóðnum hafi verið utan starfssviðs hans sem útvarpsstjóra, þar sem ákvæði reglugerðar nr. 129/1944 geri ekki ráð fyrir slíkri lánastarfsemi. Á þetta

verður ekki fallizt, enda var sú ávöxtun sjóðsins, sem um var að ræða, í samræmi við ávöxtun ýmissa annarra sambærilegra opinberra sjóða. Enn fremur hefur ákærði fært það fram, að samkvæmt samtali því við fjármálaráðherra, sem áður greinir, hafi hann haft ástæðu til að ætla, að gjaldtakan yrði ekki átalin. Hann kannast þó við, að hann hafi ekki litið á svar ráðherrans sem „embættislega heimild" til töku gjaldsins, enda var honum ljóst, að málefni útvarpsins heyrðu ekki undir fjármálaráðherra. Verður ekki talið, að hið lauslega samtal ákærða við fjármálaráðherra hafi veitt honum neina stoð til gjaldtökunnar, svo að til málsbóta geti talizt. Sú áritun á kvittanir, að gjaldið væri ákveðið í samráði við fjármálaráðherra eða með vitund hans, var því heimildarlaus og til þess fallin að villa lántakendum og endurskoðendum fjármálaráðuneytisins sýn um heimild ákærða til gjaldtökunnar. Af prófum málsins er hins vegar ekki ljóst, hvort fyrirsvarsmenn lántakenda hafi innt gjaldið af höndum sökum þess, að þeir hafi álitið það lögmætan hluta lánsskilyrða.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, þykir mega staðfesta þá ályktun héraðsdómara, að framangreindur verknaður ákærða varði við 128. gr. laga nr. 19/1940. Telst refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði.

Þar sem ákærða hefur aldrei áður verið refsað, skýrslur hans í prófum málsins eru hreinskilnislegar og hann hefur að fullu bætt brot sitt með endurgreiðslu hins ólöglega gjalds, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún falla niður að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Um ákvörðun sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti erum við sammála dómsatkvæði meiri hlutans.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Ákærði, Jónas Þorbergsson, sæti varðhaldi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir

Hæstarétti, Jóns Ólafssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 7. maí 1951.

Ár 1951, mánudaginn 7. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1556/1951: Ákæruvaldið gegn Jónasi Þorbergssyni, sem tekið var til dóms hinn 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjóra, Ásvallagötu 1 hér í bæ, fyrir brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. janúar 1885 á Helgastöðum í Reykjadal, og hefur aldrei sætt refsingu.

Hinn 16. nóvember s. l. birtist í Morgunblaðinu greinin „Fjárstjórn útvarpsins" eftir Helga Hjörvar, skrifstofustjóra útvarpsráðs, og hinn 20. sama mánaðar kom út bæklingurinn „Hverjir eiga ekki að stela" eftir sama höfund. Í báðum þessum ritsmíðum er harðlega deilt á ákærða fyrir stjórn hans á fjármálum Ríkisútvarpsins, fjárdrátt, mútur og fleiri ávirðingar.

Sama dag og bæklingurinn kom út, ritaði ákærði menntamálaráðuneytinu bréf, þar sem hann æskti rannsóknar í tilefni af ádeilum þessum.

Hinn 18. nóvember s. l. samþykkti útvarpsráð, að það teldi „óhjákvæmilega nauðsyn vegna stofnunarinnar, eins og málum er nú komið, að ýtarleg rannsókn fari fram út af margendurteknum áburði skrifstofustjóra á hendur útvarpsstjóra um fjárdrátt og aðrar sakir." Þessa ályktun sendi útvarpsráð menntamálaráðuneytinu hinn 20. nóvember, og daginn eftir æskti menntamálaráðuneytið þess, að dómsmálaráðuneytið gerði þegar ráðstafanir til þess, að fram færi rannsókn „á fjárstjórn Ríkisútvarpsins og embættisrekstri útvarpsstjóra." Dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði samdægurs rannsókn þessa, og fór hún síðan fram, þó þannig, að hún var takmörkuð við þau atriði, sem fram komu í ádeilum skrifstofustjórans.

Aðalatriðin í ádeilunum eru í því fólgin, að ákærði hafi dregið sér fé í embætti sínu og að ákærði hafi á óheiðarlegan hátt greitt tveimur tengdasonum sínum fé fyrir þátttöku þeirra í Strengjakvartett ríkisútvarpsins og að eigi hafi verið fylgt starfsvenjum útvarpsins við mannaráðningar í kvartettinn. Inn í rannsókn máls þessa hafa að vísu fléttazt önnur atriði, svo sem afhending ákærða árið 1948 á herbergi einu til Póst- og símamálastjórnarinnar, sem útvarpið hafði haft á leigu í Landssímahúsinu, og atvik í sambandi við hana, sem allmjög bar á góma í bæklingnum. Ljóst þykir, að atriði þessi verða eigi talin saknæm ákærða, og þykir eigi ástæða til að rekja atvik þeirra hér.

Verður nú lýst í höfuðdráttum málavöxtum um framangreind aðal-

atriði þessa máls, ásökunina um fjárdrátt og mútur og um óráðvendni í sambandi við Strengjakvartett ríkisútvarpsins og brot á starfsvenjum í sambandi við stofnun hans, eftir því sem fram hefur komið um þá í rannsókn málsins. Þykir hentugra að rekja fyrst málavexti um síðarnefnda atriðið.

Á fundi útvarpsráðs 12. október 1948 kom fram tillaga frá dr. Páli Ísólfssyni, tónlistarráðunaut útvarpsins, og Jóni Þórarinssyni, tónlistarfulltrúa stofnunarinnar, um, að leitað yrði samninga við Björn Ólafsson fiðluleikara, tengdason ákærða, um, að hann undirbyggi samæfðan strokkvartett fyrir útvarpið, þar sem hann léki sem aðalmaður. Tillagan var rædd nokkuð og vel tekið, en fullnaðarákvörðun frestað.

Á fundi útvarpsráðs 19. október 1948 var samþykkt, að leitað yrði samninga við Björn Ólafsson fiðluleikara um að undirbúa og æfa strokkvartett, þar sem hann væri aðalmaður. Samþykkt þessi var send útvarpsstjóra í útdrætti úr gerðabók ráðsins, svo sem venja var um ákvarðanir ráðsins. Ekki kemur það fram í gerðabók ráðsins, að tónlistardeild útvarpsins hafi verið falið að leita samninga við fiðluleikarann, en af tónlistarráðunautsins og tónlistarfulltrúans hálfu — en þeir virðast vera aðalmenn tónlistardeildarinnar — er því haldið fram, að ráðið hafi falið tónlistardeildinni þetta, enda liggi það í hlutarins eðli, að hún hafi átt að gera þetta í samráði við útvarpsstjóra. Hvort sem tónlistardeildinni hefur sérstaklega verið falið þetta verk eða ekki, innti hún það af höndum, og virðist það engum andmælum hafa sætt. Tónlistardeildin og ákærði sömdu síðan við fiðluleikarann, og tók hann að sér að undirbúa stofnun strokkvartetts, sem hann væri aðalmaður í, og stjórna honum, þegar hann væri kominn á fót.

Með bréfi ákærða, dagsettu 8. nóvember 1948, var fiðluleikarinn ráðinn bráðabirgðaráðningu til framangreinds hlutverks frá byrjun þess mánaðar og honum ákveðin mánaðarlaun, kr. 400.00 auk dýrtíðaruppbótar, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Þessi launaupphæð hafði komið til tals á fundi útvarpsráðs og engum andmælum sætt.

Hið fyrsta, sem fyrir fiðluleikaranum lá, var að velja samstarfsmenn í kvartettinn, og varð það úr, að hann valdi í hann þá Jón Sen fiðluleikara, tengdason ákærða, Einar Vigfússon celloleikara og Hans Stephanek violaleikara. Hinn síðastnefndi var á þessum tíma í Vínarborg, en væntanlegur hingað til að taka við kennslustörfum í Tónlistarskólanum, sem hann hafði verið ráðinn til. Einar Vigfússon var við nám erlendis, og hefði annar orðið fyrir valinu í hans stað, hefði Stephanek komið hingað í tæka tíð. Sú varð raunin á, að Stephanek kom ekki hingað til lands fyrr en í október 1949. Hafði verið búizt við því, að hann kæmi þá og þegar, en það dróst ætíð úr hömlu, og var drátturinn á því, að kvartettinn gæti tekið til starfa, forstöðumanni hans mikið áhyggjuefni.

Eftir komu Stephaneks hingað til landsins haustið 1949 ritaði tónlistardeildin útvarpsstjóra bréf, dagsett 4. nóvember 1949, þar sem frá því er

skýrt, að undirbúningi að stofnun kvartettsins sé lokið, og lagt er til, að áðurnefndir tónlistarmenn verði ráðnir í kvartettinn frá byrjun þess mánaðar til ellefu mánaða fyrst um sinn, og verði mánaðarlaun stjórnandans kr. 500.00 auk dýrtíðaruppbótar, en mánaðarlaun hinna kr. 400.00 auk dýrtíðaruppbótar. Er síðan í bréfi þessu rætt um, hverjar skyldur skuli hvíla á kvartettinum um æfingar, tónleika í útvarpsdagskránni o. fl.

Með bréfum ákærða, dagsettum 16. nóvember 1949, voru framangreindir tónlistarmenn síðan ráðnir í kvartettinn frá byrjun þess mánaðar til ellefu mánaða, samkvæmt tillögum tónlistardeildarinnar um laun og skyldur, og þeim sett erindisbréf.

Um sömu mundir var efnt til hádegisverðar að Hótel Borg í tilefni af stofnun kvartettsins. Voru þar saman komnir þáverandi formaður útvarpsráðsins, Sigurður Jakob Benediktsson magister, ákærði, tónlistarráðunautur og tónlistarfulltrúi útvarpsins auk kvartettsmannanna sjálfra. Við þetta tækifæri lýsti formaður útvarpsráðs því yfir í ræðu, að tilmælum ákærða, að kvartettinn væri stofnaður, og hlaut hann nafnið Strengjakvartett ríkisútvarpsins.

Kvartettinn tók nú til starfa við æfingar, og hinn 10. febrúar 1950 kom hann fyrst fram í dagskrá útvarpsins. Hann kom ellefu sinnum fram í dagskránni á árinu, en lék auk þess inn á grammófónplötur fyrir sumarleyfi, svo sem áskilið var í erindisbréfum kvartettsmanna. Síðastliðið sumar fór Stephanek til Vínarborgar, og var eigi við öðru búizt en að hann yrði fluttur hingað búferlum 1. september s.l., þegar kvartettinn átti að taka til starfa að loknu sumarleyfi.

Sú varð þó ekki raunin, því að hann hefur ekki enn komið, og er það einkum talið stafa af heilsuleysi konu hans.

Vegna þessa varð kvartettinn óstarfhæfur, og lauk því tilvist hans, þegar ráðningartími þátttakendanna í honum rann út. Þeir þrír, sem hér voru, leituðust við að bæta upp með einleik og samleik í dagskrá útvarpsins vanhöld þau, sem urðu á tónleikum kvartettsins.

Með bréfum ákærða, dagsettum 31. janúar 1950, var ráðningartímabil þeirra Jóns Sens og Einars Vigfússonar framlengt um mánuð eða upp í eitt ár til 31. október 1950. Var þetta gert samkvæmt tillögu tónlistardeildarinnar, en þá tillögu hafði deildin gert vegna tilmæla þeirra Jóns og Einars vegna nýorðinnar fyrirkomulagsbreytingar á greiðslu dýrtíðaruppbótar. Á þessum tíma var kvartettinn starfandi, og var enginn vafi á því talinn, að starfsemi hans héldi áfram, enda hafði ekkert komið fram, sem benti til, að breytingar á skipun kvartettsins væru æskilegar.

Launagreiðslur til kvartettsmannanna fóru fram samkvæmt ráðningabréfum þeirra, að því undanskildu, að Stephanek fékk eigi greidd laun nema til ágústloka s.l.

Við athugun á launum kvartettsmannanna og annarra hljóðfæraleikara við útvarpið verður eigi séð, að mánaðarleg laun hinna fyrrgreindu séu í ósamræmi við laun hinna, þegar tillit er og tekið til hinna listrænu krafna, sem til þeirra voru gerðar. Hins vegar urðu ófyrirsjáanleg atvik til þess, að afköst kvartettsins í dagskránni urðu mun minni en til var

ætlazt, og sé heildarkostnaðinum við kvartettinn frá því fyrsta deilt á þau ellefu skipti, sem hann kom fram í dagskránni, eins og skrifstofustjóri útvarpsráðs gerði í ádeilum sínum á ákærða, verður kostnaðurinn tiltakanlega mikill.

Á því virðist eigi leika vafi, að útvarpsráði hafi frá stofnun kvartettsins verið kunnugt um tilvist hans. Er það meðal annars ljóst af því, að formaður ráðsins lýsti yfir stofnun hans við áðurgreindan hádegisverð, og prentaðar vikudagskrár voru fyrirfram lagðar fyrir hvern einstakan útvarpsráðsmann. Gerði útvarpsráð og aldrei athugasemd við, að hann starfaði.

Á þeim tíma, sem ráðning kvartettsmannanna fór fram, var sá háttur yfirleitt á hafður um ráðningu fastráðinna hljóðfæraleikara við útvarpið, að tónlistardeildin gerði tillögur um ráðninguna og ráðningarkjörin til útvarpsráðs, ráðið gerði ályktun um tillögurnar og sendi ályktanir sínar, væru tillögurnar samþykktar, útvarpsstjóra, sem síðan annaðist gerð ráðningarsamninganna. Eigi hefur það tíðkazt, að útvarpsstjóri tilkynnti útvarpsráði þær aðgerðir sínar.

Skrifstofustjóri útvarpsráðs hefur haldið því fram, að ákærði hafi ekki haft heimild til að ráða kvartettinn, nema bera ráðninguna og kjörin undir útvarpsráð, en það hafi hann eigi gert. Telur hann ákærða hafa með þessu brotið rótgrónar venjur stofnunarinnar.

Að vísu bar ákærði eigi ráðningu kvartettsmannanna undir útvarpsráð, en ráðið hafði, eins og áður segir, samþykkt að leita samninga um stofnun kvartettsins, og launagreiðsla til stjórnandans, 400 króna grunnlaun á mánuði, komið til tals á fundi ráðsins, án þess að andmælum væri hreyft. Auk þessa voru kjör kvartettsmanna í samræmi við kjör annarra fastráðinna hljóðfæraleikara við stofnunina og eðli málsins samkvæmt, að forstöðumaður kvartettsins réði, hverjir samstarfsmenn sínir væru.

Að öllu athuguðu, verður eigi séð, að ákærði hafi með afskiptum sínum af kvartettinum eða stofnun hans gerzt brotlegur við neitt ákvæði XIV. kafla hegningarlaganna.

Það, sem skrifstofustjórinn kveðst í skrifum sínum eiga við með ásökunum sínum í garð ákærða um fjárdrátt og mútur, er, að hann hafi áskilið sér og tekið 2%, sem hann muni hafa kallað lántökugjald, af lánum, sem hann hafi veitt úr bygginga- eða framkvæmdasjóði útvarpsins.

Verða nú raktir málavextir um þetta atriði:

Í VIII. kafla reglugerðar nr. 129 21. desember 1944 um útvarpsrekstur ríkisins eru ákvæði um Framkvæmdasjóð ríkisútvarpsins, þar á meðal, að eigi megi verja úr honum fé, nema til komi hverju sinni samþykki menntamálaráðuneytisins. Ákærði var sem útvarpsstjóri vörzlumaður sjóðsins, en eignir sjóðsins virðast nú, eftir því sem fyrir liggur, nema rúmum sex miljónum króna.

Árið 1948 var orðið erfitt um að fá lán í lánsstofnunum til bygginga og ýmissa framkvæmda, og var þá fast sótt á, einkum af byggingasamvinnufélögum, að fá lán úr sjóðnum, en fyrir þenna tíma höfðu með

samþykki menntamálaráðuneytisins verið veitt lán úr sjóðnum til ýmissa framkvæmda.

Ákærði hafði heyrt, að ef lán fengjust á annað borð manna á meðal, væru þau með nokkrum afarkostum, svo sem háum afföllum, og alkunna var, að málflutningsmenn, sem önnuðust lántökur fyrir aðra, tækju sem hefðbundna þóknun til sín 2% af lánsfjárhæðinni. Kom ákærða þá til hugar, hvort sér leyfðist ekki að taka sama hundraðshluta af lánum, sem veitt yrðu úr sjóðnum, ef hann annaðist, lántakendum annars að kostnaðarlausu, skjalagerð varðandi lánin og annað það, sem málflutningsmenn annars önnuðust við lántökur. Um þessar mundir höfðu Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur og Samvinnubyggingafélagið Hofgarður, bæði hér í bæ, sótt um lán úr sjóðnum, og hafði ákærði hug á að fá framangreindan hundraðshluta í þóknun eða lántökugjald af lánum til félaga þessara, ef veitt yrðu. Hann bar hugmynd sína um þóknunina í tal við skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins og að hann hefði hugsað sér að ræða þetta atriði við fjármálaráðherra sem yfirmann hinnar „kritisku" endurskoðunar fjármálaráðuneytisins. Heldur ákærði því fram, að skrifstofustjórinn hafi hvorki kvatt sig né latt um töku þóknunarinnar, en verið því fylgjandi, að ákærði bæri málefni þetta undir fjármálaráðherrann, ef hann á annað borð hugsaði sér að fara þessa leið. Skrifstofustjórinn minnist þess ekki að hafa látið í ljós neitt álit á þessari hugmynd ákærða, en muni þó hafa samsinnt því, að rétt væri, að ákærði ræddi málið við fjármálaráðherrann.

Hugmynd ákærða var ekki sú, að sjóðurinn greiddi lántökugjaldið, eða að taka þess yrði á neinn hátt honum til tjóns, heldur að lántakendur greiddu það. Honum var ljóst, að nefnd byggingasamvinnufélög, sem voru að sækja um lán úr sjóðnum, voru menntamálaráðuneytinu óviðkomandi, en vegna ríkisábyrgðarinnar á lánum til þeirra lögum samkvæmt mundu reikningar þeirra sæta endurskoðun fjármálaráðuneytisins, og hlytu kvittanir fyrir hinu fyrirhugaða lántökugjaldi því að koma fyrir ráðuneytið við þá endurskoðun. Enn fremur taldi ákærði, að öll vafaatriði um slík mál sem þetta kæmu undir álit fjármálaráðherra.

Ákærða hugkvæmdist ekki að ræða við menntamálaráðuneytið, sem embætti útvarpsstjóra annars heyrir undir, um margnefnda lántökugjaldshugmynd sína né leita samþykkis þess á henni, heldur ákvað að leita munnlegs samþykkis fjármálaráðherrans, sem þá var Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður, á henni. Eigi kveðst ákærði hafa leitað skriflegrar umsagnar fjármálaráðherra um þetta efni, meðal annars sökum þess að sér hafi verið ljóst, að embætti sitt heyrði ekki undir hann, nema að því er varðaði endurskoðun, í öðru lagi, að sér hafi ekki virzt málið þannig vaxið, að honum bæri að snúa sér til hans embættislega með bréfi, og í þriðja lagi hafi hann talið munnlegar yfirlýsingar ráðherra jafngilda skriflegum.

Ákærði fór nú á fund fjármálaráðherrans og ræddi við hann. Hvorugur þeirra man, hvaða dag þetta gerðist, en ákærði fullyrðir, að það hafi verið, áður en hann tók lántökugjaldið, og hefur ekkert komið fram, sem

hnekki þeirri staðhæfingu. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi í þessu samtali lagt þá spurningu fyrir ráðherrann, hvort sér væri það vítalaust sem embættismanni að taka hefðbundna þóknun, 2%, fyrir að hafa milligöngu um lán úr framkvæmdasjóði, sjá um gerðir lánsskjala og annað, sem til greina kæmi við lántökur, lántakendum að öðru leyti að kostnaðarlausu. Eftir því sem ákærða minnir bezt, svaraði ráðherrann því hiklaust, að ef ákærði tæki að sér störf fyrir lántakendur, sem þeir að öðrum kosti þyrftu að greiða fyrir, teldi hann sanngjarnt, að ákærða væri fyrir það greitt á sama hátt og þeim öðrum, sem slík störf önnuðust. Segir ákærði, að fullur skilningur beggja hafi verið á því, að gjald þetta yrði, ef til kæmi, greitt af lántakendum.

Um þetta samtal hefur þáverandi fjármálaráðherra, Jóhann Þ. Jósefsson, skýrt svo frá sem vitni, að ákærði hafi eitt sinn komið ótilkvaddur til sín í skrifstofu sína, og þeir ræðzt þar við góða stund. Hafi samtal þetta að sínu áliti fremur verið rabb en embættissamtal, og minnir hann, að ákærði hæfi samtalið á þá lund, að sér hafi litizt koma hans fremur vera kurteisisheimsókn en erindisrekstur, enda taldi ráðherrann ákærða og útvarpsstjóraembættið sínu ráðuneyti óviðkomandi. Auk umræðna um daginn og veginn barst í tal þeirra, að ásókn væri eftir lánum úr framkvæmdasjóði útvarpsins og að byggingasamvinnufélög vildu fá slík lán, meðal annars Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur og Samvinnubyggingafélagið Hofgarður, en ríkissjóður var, að fullnægðum lögbundnum skilyrðum, ábyrgur fyrir byggingalánum þessara félaga. Eigi man ráðherrann, hvort ákærði sagði, að lán til þessara félaga væru að einhverju leyti veitt eða að samningaumleitanir stæðu yfir um þau, en þeir hafi rætt um þessi lán almennt og samtalið drepizt mjög á dreif. Einhvern tíma í samtalinu segir hann ákærða hafa skotið því fram, hvort ráðherra virtist hann ekki eiga þóknun skilið fyrir milligöngu um lántökur, og minnist ráðherra þess ekki, að spurningin hafi verið ýtarlegri en þetta, og tölur hafi áreiðanlega eigi verið nefndar né hundraðshlutar. Ekki lagði ráðherra þann skilning í spurningu ákærða, að með henni væri sérstaklega við það átt, hvort ákærði ætti þóknun skilið fyrir lánveitingar úr sjóðum útvarpsins, heldur ætti hún við þetta atriði meðal annars. Ráðherra kveðst strax hafa séð, að spurning þessi var sett fram á röngum stað og sér væri þetta mál óviðkomandi, en hafa þó svarað ákærða strax lauslega og þá frekast haft fyrir augum, að hann væri að segja persónulegt álit sitt á málinu. Svar sitt hafi verið á þá leið, að sér virtist, að ef ákærði ynni fyrir einhverja menn einhver aukaverk, sem viðkomandi menn þyrftu hvort sem væri að kaupa út, virtist sér, að hann ætti einhverja þóknun skilið. Hann kvaðst gjörla muna, að hann hafi notað orðið „aukaverk" í svari sínu, en hvort hann skilgreindi, hvað hann ætti við með því orði, man hann ekki, en býst naumast við, að hann hafi gert það, sökum þess að sér hafi verið ljóst, að spurningin kæmi sér í rauninni ekkert við. Hins vegar kveðst hann hafa haft í huga, að aukaverk þessi væru verk, unnin utan útvarpsstjóraembættisins. Eigi minnist hann þess, að samtalið væri ýtarlegra um þetta.

Hér ber og þess að geta, að ráðherrann ritaði ákærða bréf, dagsett 7. janúar 1950, þar sem hann lýsir aðalatriðum samtalsins á sama hátt og nú var rakið, en þetta bréf ritaði hann, sökum þess að honum hafði borizt til eyrna orðrómur um, að ákærði hefði tekið í þóknun til sín vissan hundraðshluta af lánum, veittum úr framkvæmdasjóðnum, og ritað á kvittanirnar, að þóknun þessi væri tekin með vitund eða leyfi fjármálaráðherra. Þessu bréfi svaraði ákærði tveimur dögum síðar og lýsti þar efni samtals síns og ráðherrans frá sínu sjónarmiði og þeim skilningi, sem ákærði hafði lagt í ummæli ráðherrans í því.

Við samprófun ákærða og ráðherrans um þetta samtal hafa þeir, hvor um sig, haldið við þær skýrslur, sem nú hafa verið raktar. Ákærði skýrði þá svo frá, að spurning sín sé sér sérstaklega minnisstæð, vegna þess að hann hafi áður verið búinn að hugsa sér, hvernig hann ætti að bera hana upp, og hafi það verið aðalerindi sitt til ráðherrans að fá svar við henni. Hins vegar hefur ákærði skýrt svo frá, að ónæðisamt hafi verið í skrifstofu ráðherrans, meðan á samtali þeirra stóð, og vilji hann því ekki fullyrða, að ráðherrann hafi heyrt spurninguna gjörla. Hafi sér þó virzt svar ráðherrans mjög ákveðið, og að sínu áliti hafi ekki verið við annað átt í því en störf fyrir lántakendur úr framkvæmdasjóðnum.

Ákærði hefur tekið það fram, að hann hafi ekki litið á svarið sem embættislega heimild ráðherrans til töku gjaldsins, heldur þóttist hann mega skilja það svo, að í því fælist ótvírætt öryggi um það, að taka gjaldsins mundi ekki sæta gagnrýni hinnar „kritisku" endurskoðunar fjármálaráðuneytisins.

Upp úr þessu samtali og á árinu 1948 veitti ákærði með samþykki menntamálaráðuneytisins Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur 700000 króna lán úr framkvæmdasjóðnum og Samvinnubyggingafélaginu Hofgarði 590000 króna lán úr sama sjóði. Annaðist ákærði skjalagerð og önnur formsatriði við lánin, lántakendum að kostnaðarlausu að öðru leyti en því, að hann tók 2% lántökugjald til sjálfs sín, (án þess að hafa leitað samþykkis menntamálaráðuneytisins), og taldi sig hafa heimild til þess eða það vera sér vitalaust samkvæmt áðurnefndu samtali við fjármálaráðherra. Eigi hafði gjald þetta áhrif á framkvæmdasjóðinn, þar eð lántakendur greiddu það.

Lánið til Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur var greitt í þrennu lagi, og gaf ákærði þrjár kvittanir fyrir lántökugjaldinu til sín, samtals kr. 14000.00, og tók fram í tveimur þeirra, að lántökugjaldið væri ákveðið með vitund fjármálaráðherra, en í einni, að það væri ákveðið með vitund fjármálaráðuneytisins. Af hálfu félagsins samdi þáverandi formaður þess, Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikhússtjóri, við ákærða um lán þetta, og hefur hann skýrt svo frá, að í viðræðunum um lánið hafi ákærði tekið fram, að hann tæki 2% lántökugjald af láninu, eins og annars staðar tíðkaðist, og hefði til þess samþykki fjármálaráðuneytisins eða að í orðum hans hafi falizt, að fjármálaráðuneytið vissi um þetta og hefði ekkert við það að athuga að minnsta kosti. Hefur þessi formaður félagsins

skýrt svo frá, að lánskjörin hafi verið stórum betri en þá tíðkaðist, vegna þess að lánið var affallalaust.

Samkvæmt skuldabréfum framkvæmdasjóðsins og kvittunum ákærða fyrir lántökugjaldinu voru dagsetningar skuldabréfa láns þessa og kvittana ákærða fyrir lántökugjaldinu þessar:

1. Skuldabréf, útgefið 14. janúar 1948, kr. 400000.00. Kvittun fyrir lántökugjaldinu, kr. 8000.00, dagsett 15. janúar 1948.
2. Skuldabréf, útgefið 8. október 1948, kr. 250000.00. Kvittun fyrir lántökugjaldinu, kr. 5000.00, dagsett 14. október 1948.
3. Skuldabréf, útgefið 8. nóvember 1948, kr. 50000.00. Kvittun fyrir lántökugjaldinu, kr. 1000.00, dagsett 30. desember 1948,

og er í henni beinlínis tekið fram, að greiðslan hafi farið fram þann dag.

Lánið til Samvinnubyggingafélagsins Hofgarðs var greitt í tvennu lagi, og gaf ákærði tvær kvittanir fyrir lántökugjaldinu, samtals kr. 11800.00. Önnur þeirra mun hafa glatazt, en í hinni er tekið fram, að lántökugjaldið sé ákveðið í samráði við fjármálaráðherra. Er talið, að hin kvittunin hafi verið eins að þessu leyti. Af hálfu þessa félags samdi þáverandi formaður þess, Ólafur Gizur Guðbjörnsson sjómaður, við ákærða um lánið. Hefur hann skýrt svo frá, að í samningunum um lánið hafi ákærði spurt sig, hvort félagið hefði ekki við fyrri lántökur þurft að greiða ómakslaun, og hafi hann (formaðurinn) sagt svo vera, því þannig hafði það verið við sum lán félagsins, og minnir hann, að þau væru að jafnaði 2% lánsfjárins. Hafi ákærði þá spurt, hvort félaginu þætti ósanngjarnt að greiða 2% ómakslaun af láninu, og taldi formaðurinn það ekki vera, og voru meðstjórnendur hans á sama máli að hans sögn.

Skuldabréf fyrir láni þessu eru tvö, annað kr. 250000.00, útgefið 8. janúar 1948, en hitt kr. 340000.00, útgefið 8. maí 1948. Kvittun sú fyrir lántökugjaldinu, sem til er, er dagsett 8. maí 1948, og er um lántökugjaldið, kr. 6800.00, af lánsfjárhæðinni samkvæmt skuldabréfinu, sem gefið var út þann dag.

Lántökugjaldið af lánsfjárhæðinni samkvæmt skuldabréfinu, sem út var gefið 8. janúar 1948, er í bókum samvinnubyggingafélagsins fært til útgjalda sama dag, en kvittunin hefur eigi komið fram, svo sem áður segir.

Lántökugjald af báðum þessum lánum var þannig alls kr. 25800.00, sem rann til ákærða.

Í ársbyrjun 1949 leitaði Magnús Björnsson ríkisbókari fyrir hönd Byggingasamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins fyrir sér um lán úr framkvæmdasjóðnum og átti um þetta tal við ákærða, sem tók erindi hans vel, en gat þess jafnframt, að framangreint lántökugjald hefði verið greitt. Óljóst er, hvernig orð féllu um þetta, en í viðtalinu kom fram, að ákærði taldi sig eiga að fá 2% lántökugjald af láninu, ef til veitingar þess kæmi. Ríkisbókari spurði ákærða, hvort hann hefði leyfi menntamálaráðherra til töku gjalds þessa. Það sagði ákærði ekki vera, en hann hefði talað um þetta við fjármálaráðherra, sem ekkert hefði fundizt við þetta að athuga, enda væri þetta sama þóknun og lögfræðingar tækju

fyrir milligöngu sína um lán. Ríkisbókari kvaðst ekki geta gengið að greiðslu lántökugjaldsins, nema ræða málið fyrst við menntamálaráðuneytið.

Sama dag átti ríkisbókari tal um þetta við menntamálaráðherrann, Eystein Jónsson, og skrifstofustjórann í menntamálaráðuneytinu, Birgi Thorlacius. Ákvað ráðherrann að hafa tal af ákærða um málið, en síðar sama dag gekk ákærði ótilkvaddur á fund skrifstofustjórans til að skýra honum frá málinu, og var svo um talað þeirra á milli, að ákærði gengi fyrir menntamálaráðherrann og skýrði honum frá málinu. Daginn eftir fór ákærði á fund menntamálaráðherrans og skýrði honum frá töku lántökugjaldsins. Kvaðst hann hafa talið eðlilegt, að hann fengi fyrir sína fyrirhöfn sem svaraði venjulegri lántökuþóknun til þeirra, sem útvega lán í einkaviðskiptum. Hann kvaðst hafa spurt fjármálaráðherrann, hvort hann teldi ekki eðlilegt, að hann fengi slíka þóknun, og hafi ráðherrann talið það sanngjarnt. Kveðst ákærði hafa skýrt menntamálaráðherranum í þessu samtali frá því viðtali sínu við fjármálaráðherrann, sem áður er skýrt frá. Menntamálaráðherra tjáði ákærða strax, að hann teldi töku lántökugjaldsins ranga og enn fremur mjög ámælisvert að hafa ekki borið þetta málefni undir menntamálaráðuneytið. Það væri álit sitt, að ekki kæmi til mála, að embættismenn gætu tekið til sín slíka þóknun, og að ákærði yrði að endurgreiða lántökugjaldið, að viðstöddum starfsmanni úr ráðuneytinu, og mundi ráðherrann síðan íhuga, hvort ástæða væri til að gera frekari ráðstafanir út af þessu. Að gefnu tilefni frá ráðherranum skýrði ákærði honum svo frá, að engar bréfagerðir hefðu farið milli sín og fjármálaráðherrans um þetta málefni, og benti ráðherrann ákærða þá á að fara á fund fjármálaráðherra og óska eftir, að hann staðfesti við sig það, sem ákærði bar hann fyrir. Lauk svo þessu samtali án frekari ákvarðana.

Ákærði kveðst hafa farið daginn eftir á fund fjármálaráðherra og tjáð honum, hverjar hefðu verið undirtektir menntamálaráðherra og að sig skipti miklu, að hann (fjármálaráðherra) staðfesti fyrra viðtal þeirra um lántökugjaldið. Segir ákærði ráðherrann hafa tekið því vel og ritað yfirlýsingu, sem hann hafi sagzt mundu láta menntamálaráðherra í té um málið. Hafi hann lesið sér hana, og minnir ákærða, að hún væri mjög í samræmi við það, sem þeim hafði upphaflega farið á milli, eins og áður er rakið eftir skýrslu ákærða. Eigi minnist ráðherrann, að þetta síðara samtal við ákærða færi fram, en kveðst þó ekki vilja bera á móti því, enda þótt sig reki ekki minni til þess. Í framhaldi af þessu ræddust menntamálaráðherrann og fjármálaráðherrann við um málið, og skýrði sá síðarnefndi þeim fyrrnefnda svo frá, að eftir því sem sig minnti bezt, hefði hann sagt ákærða í margnefndu samtali, að hefði hann við lánveitingarnar unnið störf fyrir lántakanda eða annað, sem lántakandi hefði annars þurft að fá keypta aðstoð við, þá virtist hann verður þess að fá þóknun fyrir.

Mjög bráðlega eftir síðara viðtalið, sem ákærði kveðst hafa átt við fjármálaráðherra, gekk ákærði á fund menntamálaráðherra og skýrði

honum svo frá, að fjármálaráðherrann mundi staðfesta við hann það, sem þeim hefði farið á milli um lántökugjaldið. Jafnframt lýsti ákærði því yfir, að hann vildi ekki búa við vanþóknun yfirboðara síns og óskaði eftir að endurgreiða lántökugjaldið strax og að sú endurgreiðsla færi fram í menntamálaráðuneytinu, að viðstöddum þeim vottum, sem ráðherrann kveddi til. Þetta samþykkti ráðherrann, og fór full endurgreiðsla til beggja félaganna fram í menntamálaráðuneytinu hinn 9. febrúar 1949, að viðstöddum skrifstofustjóra ráðuneytisins. Hefur ráðherrann lýst því yfir, að þegar hann hafði veitt ákærða áminningu fyrir töku gjaldsins og endurgreiðslan hafði farið fram, hafi það verið ætlun sín, að málið væri þar með endanlega útkljáð af ráðuneytinu og til annarra ráðstafana gagnvart ákærða kæmi ekki vegna þess.

Byggingasamvinnufélag starfsmanna stjórnarráðsins fékk úr framkvæmdasjóði lán það, sem áður er um getið, að það vildi fá, og án alls lántökugjalds, og hefur ákærði eigi áskilið sér eða tekið lántökugjald af neinu láni úr sjóðnum, síðan framangreindir atburðir gerðust.

Hinn 1. apríl 1949 réð ákærði hdl. Jóhannes Elíasson lögfræðilegan ráðunaut Ríkisútvarpsins, og skyldu laun hans vera kr. 500.00 á mánuði án dýrtíðaruppbótar. Nokkru síðar var héraðsdómslögmanninum falin varzla skuldabréfa framkvæmdasjóðsins og skrifstofuleg innheimta fyrir hann, og skyldu laun greidd fyrir það sérstaklega. Eigi sömdu héraðsdómslögmaðurinn og ákærði um, hver þau laun skyldu vera, heldur bar sá fyrrnefndi það undir stjórn Lögmannafélags Íslands, hver væru hæfileg laun fyrir það starf, en hún hefur eigi leyst úr því atriði.

Hinn 24. október 1949 veitti framkvæmdasjóðurinn Landssíma Íslands 500000 króna lán. Höfðu ákærði og póst- og símamálastjóri rætzt við um lánveitinguna og komið saman um, að lántakandi greiddi 1% af lánsfjárhæðinni til lánveitanda. Heldur ákærði því fram, að greiðsla þessi hafi verið boðin fram af lántakanda hálfu, og er því eigi andmælt af póst- og símamálastjóra, sem eigi kveðst muna, hvor aðili minntist fyrst á gjald þetta. Héraðsdómslögmaðurinn bjó út lánsskjölin og greiddi lánið og tók við lántökugjaldinu, kr. 5000.00. Færði hann ákærða fé þetta í því skyni, að það rynni í framkvæmdasjóðinn, en ákærði taldi þá rétt, að það rynni til héraðsdómslögmannsins upp í laun hans fyrir störfin við sjóðinn, því hann hafði þá ekkert fengið greitt fyrir þau, og varð það úr. Hinn 11. ágúst 1950 voru héraðsdómslögmanninum greiddar kr. 12000.00 fyrir störf hans við sjóðinn, en við þá greiðslu gleymdist áðurnefnd 5000 króna greiðsla, og bíður það úrskurðar Lögmannafélags Íslands um, hver séu hæfileg laun fyrir störf héraðsdómslögmannsins við sjóðinn, hvort til endurgreiðslu kemur af hans hálfu eða eigi.

Í rannsókn málsins skýrði ákærði svo frá, að sér væri ókunnugt um lántökugjald af lánum veittum úr sjóðum, hliðstæðum framkvæmdasjóðnum, en við ákvörðun lántökugjaldsins af lánunum til Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur og Samvinnubyggingafélagsins Hofgarðs hefði hann haft í huga venjur málflutningsmanna í sambandi við milligöngu um lán og undirbúning lánveitinga.

Aflað hefur verið upplýsinga um, hvort lántökugjald sé tekið í Tryggingarstofnun ríkisins, Söfnunarsjóði Íslands, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Almennum tryggingum h/f af veittum lánum, og er svo eigi, nema í Söfnunarsjóði Íslands. Þar er lántökugjald 2%, sem rennur til sjóðsins. Forstjórar eða starfsmenn þessara stofnana njóta engra fríðinda af lánveitingum þeirra.

Formaður Lögmannafélags Íslands hefur upplýst, að hann telji það vera venju málflutningsmanna, þegar þeir útvegi lán, að taka 2% af lánsupphæðinni í þóknun. Muni þetta vera svo að segja undantekningarlaus regla, ef lánið er til langs tíma, árs eða lengur, en afsláttur ef til vill gefinn, sé lánið til skemmri tíma. Í lánsútvegun felst fyrirhöfnin við að útvega lánveitanda og ganga frá lánsskjölum, þar á meðal að sjá um undirskriftir og nauðsynlegar þinglýsingar. Við útboð opinberra lána er þóknun mun minni en 2%, enda er starf málflutningsmannsins við það allt annað og minna.

Þegar athugað er, hvort afskipti ákærða af framangreindum lánveitingum varði við XIV. kafla hegningarlaganna þykir ljóst, að afskipti hans af láninu til Landssíma Íslands og viðtaka lántökugjaldsins af því sjóðnum til handa geti ekki varðað við neitt ákvæði kaflans.

Störf ákærða í þágu Framkvæmdasjóðs ríkisútvarpsins voru einn þáttur útvarpsstjóraembættisins, og var eigi heimilað í lögum eða reglugerðum, að ákærði fengi sérstaka þóknun fyrir þau störf, hvorki sem beina greiðslu né sem hundraðshluta af lánum, veittum úr sjóðnum. Það starf, sem ákærði innti af hendi við lánveitingar úr sjóðnum, var eigi sambærilegt við starf málflutningsmanna við lánsútveganir, einkum vegna þess að þann þátt starfs málflutningsmannsins að útvega lánið, sem oft er erfiðleikum bundið, vantaði í starf ákærða við lánveitingar úr sjóðnum. Hefur ákærði þó einmitt vitnað í þóknun málflutningsmanna fyrir milligöngu í lánveitingum sem eina höfuðástæðuna til réttlætingar töku sinni á lántökugjaldinu.

Það verður því talið ljóst, að ákærði hafi hvorki að lögum né eðli málsins samkvæmt átt tilkall til lántökugjaldsins. Kemur þá til álita, hvort hann hafi haft einhverja sérstaka heimild stjórnvalda til töku þessa gjalds, og kemur í því efni ekki annað til greina en samtal hans við fjármálaráðherrann, sem áður er rakið. Ákærða og ráðherrann greinir nokkuð á um, hvað þeim hafi farið á milli í samtali þessu, og virðist ákærði hafa lagt mun ríkari skilning í orð ráðherrans en til var ætlazt af ráðherrans hálfu. Eigi leit ákærði þó, að sjálfs sín sögn, á svar ráðherrans sem embættislega heimild frá honum til töku gjaldsins. Er þess einnig að gæta, að ákærði bar fram spurningu sína við ráðherrann inni í alllöngu lauslegu samtali um ýms efni og að embætti ákærða heyrði ekki undir fjármálaráðuneytið, heldur menntamálaráðuneytið, og hefði ákærði því átt að leita til þess ráðuneytis í þessu efni.

Að þessu athuguðu og með tilliti til málavaxta að öðru leyti þykir ákærði eigi hafa haft sérstaka heimild stjórnvalda til töku gjaldsins

né nægа ástæðu til að ætla, að taka gjaldsins mundi eigi sæta aðfinnslum stjórnvalda.

Hins vegar verður það, sem milli ákærða og fjármálaráðherrans fór í margnefndu samtali, að metast ákærða til málsbóta. Fyrir töku gjaldsins sætti ákærði miklum aðfinnslum menntamálaráðherra í ársbyrjun 1949 og endurgreiddi þá allan hagnað sinn af töku gjaldsins til réttra aðilja. Menntamálaráðuneytið lét máli þessu þar með lokið, og var það, svo sem áður segir, ætlun menntamálaráðherra, að til annarra ráðstafana kæmi ekki gagnvart ákærða vegna þess. Var eðlilegt, að ákærði skildi aðgerðarleysi ráðuneytisins um mál þetta eftir endurgreiðsluna svo, að hann mundi eigi af þess hálfu þurfa að sæta frekari óþægindum af því en orðin voru. Virðist það og hafa legið í þagnargildi, þar til bæklingur skrifstofustjóra útvarpsráðs kom út 20. nóvember s.l. Þetta atriði getur að áliti réttarins eigi valdið sýknu, en hlýtur að metast ákærða til nokkurrar afbötunar.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að ef um refsiverða sök sé að ræða í máli þessu, sé hún fyrnd.

Eigi fær þetta þó staðizt, þegar af þeirri ástæðu, að eigi liðu full tvö ár, frá því ákærði tók við síðasta hluta lántökugjaldsins 30. desember 1948, og þar til rannsókn málsins hófst 22. nóvember 1950.

Niðurstaðan verður því sú, að ákærði hafi með töku margnefnds gjalds gerzt brotlegur við 128. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans með tilliti til áðurnefndra málsbóta hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Jóhannesar Elíassonar, kr. 800.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þorbergsson, greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Jóhannesar Elíassonar, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. marz 1952.

Kærumálið nr. 23/1951.

Magnús Jósefsson
gegn
Finni Þorsteinssyni.

Hrundið kröfu um vísun máls frá landamerkjadómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 27. ágúst 1951, er Hæstarétti barst 7. sept. s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð landamerkjadóms Dalasýslu í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, er upp var kveðinn 23. ágúst 1951 af formanni landamerkjadómsins, Þorsteini sýslumanni Þorsteinssyni, og samdómsmönnum Jóhannesi Benediktssyni og Geir Sigurðssyni, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um frávísun málsins frá landamerkjadóminum.

Með úrskurði Hæstaréttar 28. september 1951 var aðiljum veittur kostur á því að afla frekari gagna, áður dómur gengi í kærumáli þessu, og hafa þeir orðið við því og sent Hæstarétti gögnin.

Sóknaraðili krefst þess *aðallega*, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju, *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá merkjadómi, og *til þrautavara*, að tilgreindum dómkröfum aðilja verði vísað frá merkjadómi. Loks krefst hann þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Aðalkröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar reisir sóknaraðili á því, að landamerkjadómurinn hafi látið málskostnaðarkröfur aðilja ódæmdar. Á þessa kröfu verður ekki fallizt, með því að málskostnaðarkröfur aðilja í héraði verða dæmdar, er til efnisdóms kemur.

Að því er varðar varakröfu sóknaraðilja, þá þykir mega

fallast á það samkvæmt gögnum málsins, að landamerkjadómur fari með málið, enda mundi meðferð þess vera sú sama, hvort heldur farið væri eftir II. eða III. kafla laga nr. 41/1919.

Um *þrautavarakröfu* sóknaraðilja athugast, að sú krafa kom ekki sérstaklega fram í héraði og var ekki dæmd þar. Verður henni því ekki sinnt hér.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem með tilliti til ferðakostnaðar og kostnaðar af gerð uppdráttar af þrætulandinu ákveðst kr. 2500.00.

Átelja ber umboðsmann sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann, fyrir að fara með ástæðulausa kæru fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Jósefsson, greiði varnaraðilja, Finni Þorsteinssyni, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður landamerkjadóms Dalasýslu 23. ágúst 1951.

Mál þetta var tekið fyrir í aukarétti Dalasýslu 30. maí 1950, og gerði þá Magnús Jósefsson, ábúandi og eigandi Fremri-Hrafnabjarga, þá kröfu, að svo nefndur Hrossabakki yrði með merkjadómi viðurkenndur óskipt sameignarbeitiland jarðanna Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga. Finnur Þorsteinsson, eigandi og ábúandi Ytri-Hrafnabjarga, krafðist þess, að Hrossabakki eða sá hluti hans, sem liggur innan engjamarkagirðingar, er stefnir í Skógarmannsgil að Hörðudalsá, verði viðurkenndur sem óskoruð, fullkomin eign Ytri-Hrafnabjarga og að hrundið verði kröfu Magnúsar Jósefssonar þess efnis, að áðurnefndur Hrossabakki leggist að nokkru leyti undir Fremri-Hrafnabjörg.

22. þ. m. tók merkjadómur mál þetta fyrir. Voru þá fram lögð skjöl málsins og gengið á merki. En áður en vitni yrðu leidd, hugðist dómurinn að taka til úrskurðar fram komna kröfu á rskj. 1 frá umboðsmanni ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga þess efnis, að málinu yrði vísað frá merkjadómi. Téður umboðsmaður kvað gagnasöfnun um frávísunarkröfuna ekki lokið, fyrr en leidd hefðu verið vitni, er þá höfðu gengið á merki, og hafði gagnaðili ekkert við þetta að athuga. Féllst því merkjadómurinn á að fresta úrskurðinum, unz vitnaleiðslu væri lokið þá í réttinum.

Umboðsmaður ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga gerir þá kröfu, að máli þessu verði vísað frá merkjadómi, vegna þess að kröfur aðilja við

þingfestingu málsins séu ekki þess efnis, að merkjadómur sé bær að dæma um þær. Merkjadómur á að dæma í þrætu um merki lands, en áður nefndur umboðsmaður heldur því fram, að kröfur aðilja í máli þessu gefi ekki tilefni til að álíta, að í máli þessu sé um slíka þrætu að ræða.

Umboðsmaður ábúanda og eiganda Ytri-Hrafnabjarga hefur mótmælt frávísunarkröfunni og telur, að hér sé um landamerkjamál að ræða, þar sem deila sé um merki milli Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga.

Það virðist ljóst, að deiluefnið í máli þessu sé, hvort engjamerkjagirðing ofan frá Veitusíki í stefnu á Skógarmannsgil að Hörðudalsá, sem getur í kröfu ábúanda og eiganda Ytri-Hrafnabjarga, sbr. rskj. 2 og 3, skuli talin gild landamerki á milli jarðanna Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga eða norðan hennar sé landspilda, er sé sameiginlegt beitiland jarðanna. Ef efnisniðurstaða málsins yrði sú samkvæmt kröfu ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga, að áðurnefnd girðing skuli eigi ráða merkjum milli jarðanna, heldur skuli hluti lands þess, sem er norðan (utan) girðingarinnar, svo nefndur Hrossabakki, teljast sameignarbeitiland jarðanna, þá verður, eftir því sem fram hefur komið í málinu, samanber vitnaframburði og skýrslur aðilja, enn uppi mikill ágreiningur um merki þessarar landspildu.

Samkvæmt ofanrituðu virðist ljóst, að um sé að ræða landamerkjaþrætu, sem koma skuli til kasta merkjadóms, og því ber að hrinda kröfu umboðsmanns ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 26. marz 1952.

Nr. 91/1951. **Helgi Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ragnari Jakobssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1951, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1951, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnir þær um aðild máls, sem aðaláfrýjandi hefur uppi, eru þess eðlis, að þeim verður komið að, þótt um víxilmál sé að tefla, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Eigin víxill sá, sem mál þetta er af risið, er gefinn út af aðaláfrýjanda til handa útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Ekkert framsal er ritað á víxilinn, og þar sem gagnáfrýjandi hefur heldur ekki á annan hátt sannað rétt sinn til hans, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Helgi Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Ragnars Jakobssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 29. maí 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 29. maí, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 15. maí s.l.

Mál þetta, sem þingfest var 30. apríl s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni Grímssyni málflutningsmanni, Ísafirði, f. h. Ragnars Jakobssonar kaupmanns, Flateyri, með stefnu, útgefinni 26. apríl 1951, gegn Helga Guðmundssyni bakarameistara, Ísafirði.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 35.000.00 samkvæmt eigin víxli, útgefnum af stefnda 2. sept. 1950, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1951 til greiðsludags, ⅛% þóknun af víxilupphæðinni og málskostnað að skaðlausu, samkvæmt reikningi eða til vara eftir mati réttarins.

Stefndi gerir þær réttarkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum

stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavextir eru þessir: Stefnukrafan í máli þessu, kr. 35.000.00, er samkvæmt eigin víxli, útgefnum af stefnda 2. sept. 1950, er féll í gjalddaga 1. marz s.l. Er þessi víxill annar framlengingarvíxill af hinum upphaflega víxli, að upphæð kr. 50.000.00, útgefnum af stefnda 1. apríl 1949, framlengdum í marz 1950 til 1. sept. 1950 með 10.000.00 króna afborgun, en síðan aftur framlengdur 2. sept. 1950, sem fyrr segir, og þá með kr. 5.000.00 í afborgun.

Víxill þessi er greiðsla á eftirstöðvum á kaupverði steinbítsroða, er stefndi keypti haustið 1948 af h/f Ísfelli, Flateyri, en Ragnar Jakobsson, stefnandi í máli þessu, er og hefur verið framkvæmdarstjóri þess félags og stofnað til þeirra viðskipta við stefnda, er að framan greinir og liggja á bak við víxilkröfu þessa. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi sé ekki eigandi víxils þess, sem hér sé stefnt út af, heldur eigi h/f Ísfell, Flateyri, hann. Stefndi hefur lagt fram í dóminum bréf frá stefnanda vegna h/f Ísfells til stefnda, dags. 25. febr. 1951, en í því minnir hann stefnda á greiðslu víxils þess, er stefnt er út af í máli þessu. Og stefnda hafi ekki verið tilkynnt um eigendaskipti á víxlinum frá þeim tíma, og eigi verði það heldur séð á víxlinum sjálfum, að hann hafi verið framseldur stefnanda til eignar. Og þar sem stefnandi sé eigi réttur aðili í máli þessu, beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Umboðsmaður stefnanda hefur hins vegar haldið því fram, að það skipti engu máli í þessu sambandi, hvort stefnandi eða h/f Ísfell sé eigandi víxilsins, þar sem handhafi hans hafi verið stefnandi.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á þeim viðskiptum milli stefnda og stefnanda vegna h/f Ísfells, sem liggja á bak við víxilinn, og vitnar stefndi í því sambandi í 17. gr. víxillaga nr. 93 frá 1933. Og stefnanda hafi hlotið að vera það ljóst, að það gæti bakað stefnda veruleg óþægindi og jafnvel fjárhagslegt tjón að gefa út fyrrgreindan víxil í sambandi við undangengin verzlunarviðskipti milli þeirra.

Umboðsmaður stefnda hefur nokkuð rakið viðskipti hans við h/f Ísfell í sambandi við kaupin á steinbítsroðum þeim, er fyrr um getur. Hann hefur bent á, að það hafi ávallt verið forsenda fyrir kaupunum af hálfu stefnda, að steinbítsroðin væru gallalaus og góð verzlunarvara, og í trausti þess, að svo reyndist, hafi hann greitt stefnanda kr. 50.000.00 upp í kaupverðið í september 1949. Þegar stefndi gaf út víxilinn, hafi þetta verið ítrekað við stefnanda, og það hafi einnig verið skilyrði fyrir afhendingu víxilsins til stefnanda, að hann afhenti stefnda þá þegar matsvottorð yfir roðin. En þetta vottorð hafi eigi komið fyrr en löngu seinna og þá verið algerlega ófullnægjandi. Og stefndi hafi eigi, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir, getað fengið upplýst, hvort roðin væru í söluhæfu ástandi, en þau voru geymd í húsum h/f Ísfells á Flateyri. Þann 15. des. 1950 hafi svo loks farið fram skoðunar- og matsgerð á steinbítsroð-

um þessum, en þá hafi komið í ljós, að þau voru stórgölluð og að verulegu leyti alveg ónýt verzlunarvara.

Af framangreindum ástæðum hefur stefndi neitað því, að hann væri greiðsluskyldur stefnanda á framangreindri víxilskuld, og hefur áskilið sér rétt til þess að rifta kaupin á roðunum og krefjast skaðabóta úr hendi stefnanda persónulega eða vegna h/f Ísfells.

Umboðsmaður stefnanda hefur haldið því fram, að þar sem stefndi hafi fengið umstefndan víxil framlengdan með afborgunum, þá felist í því full viðurkenning á víxilskuldinni.

Einnig hefur hann mótmælt því, að viðskipti h/f Ísfells og stefnda komi þessu víxilmáli við, og gert þá kröfu, að dómur falli í málinu sem venjulegu víxilmáli.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi gaf út víxil þann, sem hér um ræðir, og afhenti hann stefnanda vegna h/f Ísfells sem greiðslu á eftirstöðvum skuldar stefnda við það félag. Stefndi hefur eigi mótmælt þeirri staðhæfingu umboðsmanns stefnanda, að hann (stefnandi) hafi verið handhafi víxilsins, er hann féll í gjalddaga og krafizt var greiðslu hans.

Að áliti dómsins er handhöfn víxilsins ein nægilegur grundvöllur víxilkröfunnar, og verður því sú varnarástæða stefnda, að um aðildarskort sé að ræða af hálfu sóknaraðilja, ekki tekin til greina.

Þá hefur stefnda eigi tekizt að sanna, gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi af ásettu ráði viljað baka víxilskuldara, sem er stefndi í máli þessu, tjón. Verða því þær varnarástæður stefnda, sem lúta að viðskiptum hans við stefnanda og liggja á bak við víxilkröfu þessa, eigi heldur teknar til greina.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda víxilupphæðina, kr. 35.000.00, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. marz 1951 til greiðsludags og ½% þóknun af víxilupphæðinni.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Guðmundsson bakarameistari, Ísafirði, greiði stefnanda, Jóni Grímssyni f. h. Ragnars Jakobssonar kaupmanns, Flateyri, kr. 35.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 1. marz 1951 til greiðsludags, ½% þóknun af víxilupphæðinni og málskostnað, kr. 1000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. marz 1952.

Nr. 163/1950. **Ingólfur Ketilsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Guðfinnu Pétursdóttur (Sveinbjörn Jónsson).

Frávísun. Skýring á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti kvað hinn áfrýjaða úrskurð upp þann 27. maí 1950. Hinn 31. október 1950 fékk áfrýjandi áfrýjunarleyfi, og skaut hann málinu síðan til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember s. á.

Í 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru taldar þær tegundir uppboða, er lögin taki til. Eftir orðum sínum taka ákvæði greinarinnar ekki til uppboða, slíkra sem þess, sem krafizt er í máli þessu, en í eðli sínu eru þau nauðungaruppboð, þar sem um er að tefla sölu eignar gegn vilja eiganda hennar. Beita verður því ákvæðum laga nr. 57/1949 einnig um þessi uppboð, eftir því sem við á, til tryggingar hagsmunum uppboðsþolenda, enda er öðrum lagareglum ekki til að dreifa í því efni.

Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 er svo kveðið á, að áfrýjunarfrestur skuli vera 4 vikur frá lokum dómsathafnar, en þó geti dómsmálaráðherra veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stendur á. Eru frestir þessir því mun styttri en mælt er í 197. gr. laga nr. 85/1936. En þar sem beita verður efnisreglum laga nr. 57/1949 samkvæmt framansögðu í meginatriðum um uppboð sem það, sem hér er um að tefla, myndi það leiða til ósamræmis, ef annar áfrýjunarfrestur gilti, að því er varðar slík uppboð, en uppboð þau, sem beinlínis eru talin í 1. gr. laganna. Þá verður eigi séð, að nein lagarök leiði til mismunandi áfrýjunarfrests í hvorum flokki uppboðsmála þeirra, er greind hafa verið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að skýra 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 þannig, að ákvæði hennar taki til

mála, slíkra sem þess, er hér liggur fyrir. Af því leiðir, að heimild brast til að veita framangreint áfrýjunarleyfi, þar sem liðinn var lengri tími en þrír mánuðir frá uppsögu úrskurðar héraðsdóms, er það var gefið út. Verður málinu af þeim sökum vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda, sem krafizt hefur málskostnaðar, kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ingólfur Ketilsson, greiði stefnda, Guðfinnu Pétursdóttur, kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi hefur með stefnu 27. nóvember 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á., skotið til Hæstaréttar úrskurði, er upp var kveðinn í uppboðsrétti Reykjavíkur hinn 27. maí 1950.

Tekið hefur verið til dóms eða úrskurðar, hvort vísa skuli málinu frá Hæstarétti, sökum þess að liðinn var þriggja mánaða frestur sá, sem greinir í 2. mgr. 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, þegar áfrýjunarleyfi var veitt.

Í málinu er krafizt uppboðs til slita á sameign. Slík uppboð teljast ekki til nauðungaruppboða samkvæmt nefndum lögum nr. 57/1949, sbr. 1. gr. þeirra, og gerðu það ekki heldur að rétti þeim, er áður gilti. Skiptir ekki máli í því sambandi, þó að annar eða einn sameigenda sé andvígur sameignarslitum. Uppboð til slita á sameign falla því ekki undir ákvæði laga nr. 57/1949, nema að því leyti sem lögjöfnun kann að koma til greina.

Það er ljóst, að lög nr. 57/1949 hafa að geyma ýmis ákvæði, sem beita má eða beita ber með lögjöfnun um önnur uppboð en nauðungaruppboð. Er þá spurning, hvort í þessu máli beri að lögjafna frá 2. mgr. 4. gr. laganna. Þar er um að ræða algert sérákvæði um afbrigðilegan áfrýjunarfrest, sem um til-

tekna og skýrt afmarkaða tegund uppboða víkur frá almennum lögmæltum áfrýjunarfresti samkvæmt 197. gr. laga nr. 85/1936. Nauðsynlegt er, að slík mikilsverð frestákvæði í lögum séu skýr og vafalaus, en lögjöfnun frá afbrigðilegum frestákvæðum í einstökum tilfellum getur haft réttaróvissu í för með sér. Greinargerð laganna um 2. mgr. 4. gr. á að sjálfsögðu, þar sem annars er ekki getið, aðeins við um nauðungaruppboð, sem lögin eru sett um, og veitir hún því enga ástæðu til lögjöfnunar. Á það er og að líta, að með lögum nr. 57/1949 voru nauðungaruppboð gerð að nokkurs konar sérþrotaskiptum, og samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna er áfrýjanleiki dómsathafnar látinn fresta verkun hennar, þannig að framkvæmd hennar verður að bíða, unz áfrýjunarfrestur er liðinn. Í íslenzkri löggjöf eru nokkur samsvarandi ákvæði, og fylgja þeim þá að jafnaði ákvæði um afbrigðilega áfrýjunarfresti, sbr. 39. og 96. gr. skiptalaga nr. 3/1878, 99. gr. laga nr. 39/1921 og 167. gr. laga nr. 85/1936. Þessi ástæða til setningar afbrigðilegs áfrýjunarfrests á því við um nauðungaruppboð, en ekki önnur uppboð.

Framangreind rök tel ég leiða til þess, að ekki sé heimilt að láta oftnefnt ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 gilda samkvæmt lögjöfnun um áfrýjunarfrest máls þess, sem hér liggur fyrir. Um frest til áfrýjunar málinu eiga því að gilda ákvæði 197. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem áfrýjunarleyfi var löglega veitt samkvæmt þeirri grein, ber ekki að vísa málinu frá Hæstarétti.

Ályktarorð mitt verður því þannig:

Flutningur máls þessa fyrir Hæstarétti er heimill.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 27. maí 1950.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 23. þ. m., hefur Ingólfur Ketilsson, Hringbraut 92 hér í bænum, krafizt þess, að húseignin nr. 92 við Hringbraut hér í bæ, sem er í sameign hans og uppboðsþola, Guðfinnu Pétursdóttur, sem þar býr líka, verði seld við opinbert uppboð til slita á sameigninni. Uppboðsþoli hefur mótmælt því, að uppboð þetta fari fram, og var því atriðið tekið til úrskurðar, eins og að ofan greinir.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Með afsali, dags. 14. júní 1944, keyptu aðiljar hús þetta af Stefaníu Scheving Jónsdóttur, sem var einkaerfingi Guðmundar H. Péturssonar, sem upphaflega hafði átt húsið, en það er byggt af Byggingasamvinnu-

félagi Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 71 frá 1932. Með áritun á afsalið 10. sama mánaðar samþykkti félagið fyrir sitt leyti eigendaskiptin. Hús þetta var byggt sem einbýlishús, en síðan notað fyrir tvær íbúðir, sína á hvorri hæð, þó með sameiginlegum afnotum af snyrti- og baðherbergi m. m. Hefur uppboðsbeiðandi afnot neðri hæðarinnar, en uppboðsþoli afnot hinnar efri, en sameiginleg afnot hafa aðiljar af baði og salerni, sem er á efri hæðinni, auk sameiginlegra afnota af miðstöðvarherbergi og þvottahúsi, sem er í kjallara. Verður ekki séð, að Byggingasamvinnufélag Reykjavíkur hafi neitt haft við þessa skiptingu að athuga, en við þetta fyrirkomulag hafa aðiljar átt að búa, síðan þau keyptu húsið.

Uppboðsbeiðandi hefur haldið því fram, að fyrirkomulag þetta sé nú orðið óbærilegt, vegna þess hve sambúðin sé slæm. Sé nú svo komið, að uppboðsþoli og leigjandi hennar hafi bannað honum og fólki hans öll afnot af baði og salerni, og þótt slík afnot hafi ekki verið hindruð með ofbeldi, þá hafi kona hans og börn varla þorað að fara þangað upp, þegar hann hafi ekki verið heima. Allar tilraunir til sátta telur hann hafa orðið árangurslausar. Uppboðsþoli hafi hvorki viljað kaupa eða selja sinn eignarhluta, en nú sé svo komið, að hann óski þess eins að kaupa sjálfur hluta uppboðsþola. Telur hann sameignarskipti ekki framkvæmanleg, vegna þess hversu innréttingu hússins er háttað, og sé því sú leið ein fyrir hendi að slíta sameigninni með sölu á opinberu uppboði.

Uppboðsþoli hefur aftur á móti haldið því fram, að afnotarétti af húsi þessu hafi jafnan verið skipt greinilega, svo eigi verði um villzt. Neitar hún því eindregið, að uppboðsbeiðanda eða fólki hans hafi nokkru sinni verið meinaður aðgangur að baði eða salerni á efri hæð hússins. Fullyrðir hún það, að hún hafi engar hindranir sett, og muni hún eigi á annað hyggja í framtíðinni en að reyna að komast sem bezt af við uppboðsbeiðanda og fjölskyldu hans um hin sameiginlegu afnot. Telur hún, ef uppboð þetta næði fram að ganga, að afleiðing þess yrði sú, að hún stæði á götunni, þar sem hún myndi sennilega ekki geta keppt við uppboðsbeiðanda um kaup á hans hluta, og jafnframt véfengir hún það, að uppboð þetta sé leyfilegt samkvæmt 10. gr. samþykkta byggingafélagsins.

Eigi verður um það deilt, að eignarréttur að húsi þessu er óskiptur, en hins vegar hafa aðiljar komið sér saman um afnotaskipti eignarinnar, þar sem hvor um sig hefur sínum afmörkuðu herbergjum yfir að ráða í húsinu auk óskiptra umráða að nokkrum hluta þess. Afnotaskipti þessi, þótt ekki séu fullkomin eignarskipti, eru það fastbundin og víðtæk, að eigi þykir rétt að svipta aðilja þeim, nema einhverjar veigameiri ástæður komi til.

Aðiljar hafa báðir mætt hér fyrir rétti og gefið skýrslu í máli þessu. Af því, sem þar er fram komið, verður ekki talið, að verulegir árekstrar hafi orðið milli aðiljanna í sambúð þessari. Hins vegar liggur fyrir, að hús þetta er byggt sem einbýlishús, og þar sem tvær fjölskyldur búa þar samtímis, hljóta að vera án breytinga á húsinu meiri sameiginleg afnot heldur en ef húsið hefði verið byggt sem sambýlishús. Þetta hlutu aðiljar að sjá, þegar þau festu kaup á húsi þessu, og þar sem einnig liggur fyrir

í málinu, að án verulegs kostnaðar megi með nokkrum breytingum á húsinu komast hjá þessum sameiginlegu afnotum, er ætla má, að mestum ágreiningi geti valdið í sambúðinni, þá þykja engar ástæður til þess að leyfa framgang hinnar umbeðnu uppboðsgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað í máli þessu falla niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna uppboð skal ekki fara fram.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 31. marz 1952.

Kærumálið nr. 8/1952.

Helgi Ásgeirsson

gegn

Gunnari A. Pálssyni.

Kært ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 5. marz s.l., sem hingað barst 15. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 27. febrúar s. l. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað, hvort tveggja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Eftir málsatvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja málskostnað í héraði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00, svo og kærumálskostnað, kr. 100.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Gunnar A. Pálsson, greiði sóknaraðilja, Helga Ásgeirssyni, málskostnað í héraði, kr. 250.00, og kærumálskostnað, kr. 100.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 16. þ. m., hefur Gunnar A. Pálsson, hæstaréttarlögmaður hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. f. m., gegn Helga Ásgeirssyni kaupmanni, Bústaðabletti 12 hér í bænum, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 11.984.30, með 7% ársvöxtum frá 17. desember 1951 til greiðsludags, ½% þóknunar af víxilfjárhæðinni og kr. 71.25 í afsagnar- og bankakostnað auk málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Víxill sá, er í máli þessu greinir, er útgefinn 9. október 1951 af Heildverzluninni Landsstjörnunni hér í bæ og samþykktur af stefnda til greiðslu í Landsbankanum 17. desember 1951. Víxill þessi var framseldur eyðuframsali af útgefanda og afsagður sökum greiðslufalls 19. desember 1951.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi sé ekki formlega löglegur handhafi að víxlinum.

Af gögnum málsins kemur fram, að Útvegsbanki Íslands h/f hér í bæ hefur eignazt víxilinn við framangreint eyðuframsal útgefanda hans og að útgefandi leysti víxilinn til sín 31. desember 1951. Stefnandi máls þessa er því ekki formlega löglegur handhafi víxilsins, sbr. 16. gr. laga nr. 93 frá 1933, og af þeim sökum eigi réttur aðili að kröfu á hendur stefnda samkvæmt víxlinum. Leiðir þessi aðildarskortur stefnanda til þess, að taka ber til greina sýknukröfu stefnda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Ásgeirsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars A. Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 31. marz 1952.

Nr. 18/1950. **Björn R. Einarsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Verzluninni Drangey (Einar B. Guðmundsson).

Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1950, krefst þess, að staðfest verði lögbann það, sem hann lét hinn 6. desember 1948 leggja við

sölu hljómplötunnar „Íslenzkra Tóna I.M. 1“, og að stefnda verði dæmt að greiða honum sakarkostnað fyrir fógetadómi, bæjarþingi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það eru ekki nægar sönnur leiddar að því, að samningar hafi komizt á með aðiljum um margföldun og sölu hljómplötu þeirrar, sem í máli þessu greinir, og ber því að staðfesta lögbann það, sem borgarfógetinn í Reykjavík lagði hinn 6. desember 1948 við því, að stefndi selji eða láti selja hljómplötuna, enda verður ekki séð, að lögbannið hafi fallið niður samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 18/1949.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Staðfest er lögbann það, sem borgarfógetinn í Reykjavík lagði hinn 6. desember 1948 við því, að stefndi, verzlunin Drangey, selji eða láti selja hljómplötuna „Íslenzka Tóna I.M. 1“.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Björn R. Einarsson hljómsveitarstjóri, Fischersundi 1 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. des. 1948, gegn Tage Ammendrup og Maríu Ammendrup f. h. Verzlunarinnar Drangeyjar, Laugavegi 58 hér í bænum. Í stefnu krafðist stefnandi þess, að lögbann það, er hann lét leggja gegn sölu hljómplötunnar „Íslenzkra Tóna I.M. 1“ þann 6. desember 1948, yrði talið standa, þar til væntanlegum dómi í lögregluréttarmáli gegn stefndu hefði verið fullnægt. Þá krafðist hann málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Í hinum munnlega málflutningi orðaði umboðsmaður stefnanda kröfur sínar þannig, að hann krafðist þess, að framangreind lögbannsgerð yrði staðfest og stefnda dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá var því mótmælt af hálfu stefndu, að stefnandi breytti kröfum sínum frá því, sem í stefnu greinir.

Málsatvik eru þau, að stefndi Tage Ammendrup, er einkaeigandi firmans Íslenzkra Tóna, en tilgangur þess firma er að taka á hljómplötur tónlist íslenzkra listamanna. Þá er hann meðeigandi í Verzluninni Drangey og virðist stjórna henni. Snemma á árinu 1947 snéri stefndi sér til stefnanda og fór þess á leit, að hann og hljómsveit hans léki hljómlist fyrir stefnda til að taka á hljómplötur. Féllst stefnandi á að gera þetta. Léku stefnandi og hljómsveit hans síðar nokkur lög í þessu skyni, og virðast hafa verið teknar alls 6 hljómplötur. Fimm þeirra voru þegar taldar gallaðar og koma ekki hér við sögu. Eina plötuna var ákveðið að fullgera til margföldunar. Eru í henni lögin „Summertime" og „Christofer Columbus". Ekki er ljóst, hverjir voru samningar aðilja um verk þetta. Telur stefnandi, að ekkert hafi verið um þetta samið, enda hafi hér aðeins verið um tilraun að ræða, og þannig hafi ekki verið samið um neina þóknun fyrir störf stefnanda né hljómsveitar hans. Stefndi Tage telur hins vegar, að svo hafi um samizt, að hann léti fullgera plötu þessa og gefa hana síðan út í svo mörgum eintökum, sem honum þætti ástæða til. Stefnandi skyldi hins vegar fá kr. 0.50 í þóknun af hverri hljómplötu, sem seldist.

Umrædd hljómplata var síðan send til Noregs til að fullgera hana. Skömmu fyrir jól 1947 kom fullgert sýnishorn af annarri hlið plötu þessarar hingað til stefnda. Virðist stefnandi hafa verið kvaddur til að láta í ljós álit sitt um sýnishorn þetta. Aðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi þá sagt, að hann væri óánægður með hljómlist þá, sem á plötunni væri, en stefndi Tage skýrði þá frá, að hann væri búinn að panta allmikinn eintakafjölda. Lagði stefnandi þá ekki bann við framleiðslu plötunnar til almennrar sölu. Síðan virðast aðiljar ekkert hafa um þessi mál rætt fyrr en um haustið 1948, en þá lét stefnandi enn í ljós, að hann væri óánægður með hljómplötuna. Enn fremur bauðst hann til að kaupa það, sem gefið hefði verið út af plötunni. Stefndi Tage vildi hins vegar ekki fallast á það. Í nóvembermánuði 1948 komu hljómplötur þessar hingað til lands, og virðast það hafa verið 338 eintök af margnefndri hljómplötu. Þann 3. des. 1948 voru hljómplöturnar settar í hina stefndu verzlun til sölu. Þann 6. desember 1948 var síðan að kröfu stefnanda lagt lögbann við sölu þeirra. Þá kærði stefnandi stefndu til refsingar vegna meints brots þeirra gegn lögum nr. 13 frá 1905. Var mál það rannsakað af lögregludómi Reykjavíkur. Til málshöfðunar kom ekki. Með bréfi, dags. 4. marz 1949, ákvað dómsmálaráðuneytið að fyrirskipa ekki frekari aðgerðir í því máli.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að hann hafi sem flytjandi tónlistar þeirrar, sem á hljómplötuna var tekin, rétt til að ákveða, hvort hún verði höfð til sölu fyrir almenning eða ekki. Þegar í upphafi hafi aðiljum verið ljóst, að hér var um tilraun að ræða, en ekki hafi átt að láta gera plötuna í mörgum eintökum, nema stefnanda líkaði hún. Hefur stefnandi í þessu sambandi haldið því fram, að ekkert hafi verið samið um þóknun honum til handa fyrir verk hans. Þetta sýni, að hann hafi ekki afhent stefnda rétt sinn sem flutningsmaður tónlist-

arinnar. Stefnda sé því óheimilt að selja plötuna án síns samþykkis.

Stefndu byggja hins vegar sýknukröfu sína á því, að þegar í upphafi hafi svo verið um samið, að framangreind hljómplata skyldi gerð í mörgum eintökum og höfð til sölu, enda hafi verið samið um gjald til stefnanda og hljómsveitarinnar fyrir þeirra starf. Stefnandi geti því ekki nú haft nein umráð yfir sölu hljómplötunnar. Hafa stefndu í þessu sambandi bent á, að stefnanda hafi verið kynnt sýnishorn það, er áður greinir, og hann þó ekki bannað, að fleiri eintök yrðu gerð, enda þótt hann hafi látið í ljós óánægju sína með, hvernig hljómleikurinn hefði tekizt. Slíkt hefði hann þó átt að gera, ef hann vildi banna, að platan yrði gerð í fleiri eintökum. Þá hafa stefndu bent á, að stefnandi hafi viljað kaupa öll eintökin af hljómplötu þessari, til þess að þau yrðu ekki keypt af almenningi. Þetta sýni ljóslega, að stefnandi telji sig ekki hafa neinn rétt til að ráða yfir notum hljómplötu þessarar. Lögbann það, er stefnandi hafi látið leggja gegn sölu hljómplötunnar, sé því óheimilt og beri að fella það úr gildi. Hafa stefndu í því sambandi áskilið sér rétt til að höfða sérstakt skaðabótamál á hendur stefnanda vegna lögbannsins.

Í málinu er fram komið, að stefndu eða Íslenzkir Tónar höfðu heimild til að láta leika lög þau, er hér um ræðir, á hljómplötur. Enda þótt ekki sé fyllilega ljóst efni samnings þess, er þeir gerðu í upphafi, stefnandi og stefndi Tage, þá er sýnt, að ráð var fyrir því gert, að hljómplata sú, sem mál þetta snýst um, yrði gerð í mörgum eintökum og höfð til sölu fyrir almenning. Svo sem áður getur, kynnti stefnandi sér sýnishorn það, er af plötunni var gert. Að vísu er upp komið, að stefnandi var óánægður með það, en þar sem hann þá þegar bannaði ekki, að platan yrði fullgerð og framleidd í mörgum eintökum, máttu stefndu treysta því, að hann setti sig ekki á móti slíku. Ljóst er, að stefndi Tage hefur lagt í verulegan kostnað vegna plötunnar eftir þenna tíma. Þegar þetta er virt svo og sú framkoma stefnanda að vilja löngu síðar kaupa sjálfur öll eintök hljómplötunnar, þá verður að telja, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti, er hann kann að hafa átt, til að ráða því, hvort hljómplata þessi yrði seld almenningi.

Með vísan til þessa þykir verða að taka sýknukröfu stefndu til greina og fella úr gildi lögbann það, er lagt var við sölu hljómplötunnar „Íslenzkra Tóna I.M. 1" þann 6. desember 1948.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 6. desember 1948.

Gerðarbeiðandi, Björn R. Einarsson, er sjálfur mættur og með honum Hörður Ólafsson hdl. Krefjast þeir lögbanns, sjá rskj. 1.

Af hálfu gerðarþola mætir Tage Ammendrup verzlunarstjóri. Upplýsir hann, að nú séu óseld af plötu þessari ca. 310 eintök.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda setti nú sem tryggingu 15000 króna eigin sýningarvíxil, útgefinn í dag af umboðsmanni gerðarbeiðanda til handa borgarfógetanum í Reykjavík. Tók fógeti þá tryggingu gilda.

Upplýst er í réttinum, að plata sú, sem um ræðir í máli þessu, sé merkt „Íslenzkir Tónar I.M. 1".

Fógeti lýsti því nú yfir, að hann legði lögbann við því, að verzlunin Drangey selji eða hlutist til um, að seld verði ofangreind grammofónplata, og bryndi fyrir mættum Tage Ammendrup, að lögbann þetta mætti ei brjóta, að viðlagðri lagaábyrgð.

Mánudaginn 31. marz 1952.

Nr. 23/1952. **Steindór Jónsson**
gegn
Lúðvík Eggertssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steindór Jónsson, er eigi sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. apríl 1952.

Nr. 15/1952: **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Magnúsi Steinari Gíslasyni
(Sigurgeir Sigurjónsson)

Borgararéttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar af ákæruvaldsins hálfu einungis til sviptingar réttinda ákærða samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði verið dæmdur sekur m. a. fyrir brot gegn 244. gr. framangreindra laga. Varðar það brot missi réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga. Ber því að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá uppsögu dóms þessa að telja.

Að öðru leyti verður hinum áfrýjaða dómi ekki raskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 250.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Steinar Gíslason, er frá uppsögu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 250.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 30. júní 1951.

Ár 1951, laugardaginn 30. júní, var í aukarétti Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af bæjarfógeta Guðmundi Í. Guðmundssyni upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Magnúsi Steinari Gíslasyni, Hellubraut 8 hér, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og áfengislögum nr. 33 frá 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. marz 1927, og hefur sætt refsingu, eins og hér segir:

1943 24/11 Sátt: 10 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1944 20/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1944 8/12 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 23/5 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 3/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 24/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1945 12/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 31/3 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1946 4/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 17/2 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 23/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 7/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 9/12 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 7/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 18/6 Sátt: 500 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir o. fl.
1947 21/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.
1947 13/8 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 20/9 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 30/9 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 5/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 7/11 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 7. kafla lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1947 24/11 Hafnarfjörður. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna.
1948 25/8 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktarinnar og ölvun á almannafæri.
1949 9/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun á dansleik. Fellt niður.
1948 28/9 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 15/10 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 7/11 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 29/11 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 30/11 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 30/1 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 7/2 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 12/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun á dansleik. Fellt niður.
1949 26/7 Hafnarfjörður. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 19/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1950 20/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1949 2/8 Hafnarfjörður. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 29/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1950 28/12 Hafnarfjörður. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 9. apríl 1951 kl. 20 tilkynnti Gísli Ásgeirsson, Vitastíg 10, Hafnarfirði, lögreglunni, að brotizt hefði verið inn í mannlausa íbúðina hjá sér þá um kvöldið og stolið þaðan peningakassa með um 7000 krónum í peningum, auk sparisjóðsbókar og ýmissa skjala. Féll strax grunur á ákærða, Magnús Steinar Gíslason, enda urðu brátt rakin spor hans, þar sem hann var á ferð í Reykjavík næstu daga mjög ölvaður. Var hafin leit að honum, og fannst hann ekki fyrr en 13. apríl og var þá handtekinn. Játaði hann viðstöðulaust að hafa framið innbrotið og lýsti nánari atvikum að því, eins og hér segir: Hann hafi verið á fylliríi umrætt kvöld og búinn að senda til að kaupa eina flösku af brennivíni hjá Gísla Ásgeirssyni, en þegar það var þrotið, lét hann bíl aka sér til Gísla. Var þá

enginn heima, en opinn gluggi, er ákærði kom að til að gera vart við sig.

Fór ákærði inn um gluggann í því skyni að leita að áfengi, en fann ekki, en rakst þá á peningakassa og ákvað þá að taka hann með sér. Lét hann kassann út um gluggann, en fór sjálfur út dyramegin, fór niður í bíl og ók burt, en ók til baka aftur og sótti kassann, þegar hann hafði skilað af sér manni, sem með honum var í bílnum. Síðan fór ákærði með kassann heim til sín, sprengdi hann þar upp og tók peninga úr honum, án þess að aðgæta, hve mikið það var. Faldi hann kassann úti í skúr heima hjá sér, en hélt síðan til Reykjavíkur og var þar á fylliríi, unz hann var tekinn fastur. Hafði hann þá eytt úr kassanum 3000 krónum fyrir áfengi og í bifreiðarakstur, nema 500 krónum, sem hann hafði látið tvo tilgreinda menn fá. Hann hefur að fullu endurgreitt þessa peninga og skilað kassanum ásamt sparisjóðsbókinni og skjölunum, sem í voru.

Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 244. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 18. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Þá skal og samkvæmt 64. gr. hegningarlaganna lagt fyrir ákærða, að hann hvorki kaupi né neyti áfengis í fjögur ár, frá því að hann hefur lokið við að taka út refsingu sína.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður, þar á meðal skipuðum talsmanni sínum, Birni Sveinbjörnssyni, kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Steinar Gíslason, skal sæta fjögurra mánaða fangelsi. Þá skal ákærði sviptur heimild til að kaupa eða neyta áfengis í fjögur ár, frá því að hann hefur lokið við að taka út refsingu sína.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal skipuðum talsmanni sínum, Birni Sveinbjörnssyni, kr. 350.00 í málsvarnarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. apríl 1952.

Kærumálið nr. 7/1952.

X

gegn

Y og Z.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. marz 1952, sem hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Akureyrar 6. marz þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum.

Krefst sóknaraðili þess *aðallega*, að frávísunardómurinn verði ómerktur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að efni til. *Til vara* krefst sóknaraðili staðfestingar frávísunardómsins, en málskostnaður verði látinn niður falla. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, X, greiði varnaraðiljum, Y og Z, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 6. marz 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 29. f. m., hefur stefnandi, X, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. des. s.l., á hendur Y, vegna sjálfrar hennar og sonar hennar Z, fædds 26. okt. 1945, og gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að hann sé ekki faðir nefnds drengs Z, og enn fremur, að viðurkennt verði, að honum

sé eigi skylt að greiða meðlag með honum. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómara.

Af hendi stefndu er aðallega krafizt frávísunar, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda. Stefnandi krefst þess hins vegar, að frávísunarkröfunni verði hrundið. Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna sérstaklega samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936, og verður einungis um hana dæmt að svo komnu.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að í júní 1945 hafi hann kynnzt stefndu Y á Akureyri. Um haustið eftir þann 26. október ól stefnda sveinbarn. Þann 20. desember næst á eftir gengu þau stefnandi og stefnda í hjónaband, og var drengurinn skírður um leið og gefið nafnið Z. Stefnandi telur, að sér hafi verið ljóst, að hann var ekki faðir drengsins, en kveðst þó hafa fallizt á eftir tilmælum stefndu, að hann væri talinn faðir drengsins og drengurinn við hann kenndur sem sonur hans. Þann 26. nóvember 1948 fengu þau hjón leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, og þann 30. marz 1950 var lögskilnaður gerður með þeim. Í skilnaðarskilmálunum er svo kveðið á, að stefnandi skyldi hafa forræði barns þeirra, er fæðzt hafði í hjónabandi þeirra, en stefnda skyldi hafa forræði drengsins Z og stefnandi skyldi greiða meðlag með honum til 16 ára aldurs. Stefnandi telur meðlagsskyldu þessa reista á röngum forsendum, þar sem hann sé ekki raunverulegur faðir drengsins. Hann hefur þó hingað til innt hana af hendi, en vill nú losna undan henni, enda er hann kvæntur aftur og hefur fyrir heimili að sjá.

Af hendi stefndu er því haldið fram, að heimild stefnanda til véfengingar á faðerni sínu að drengnum sé ekki fyrir hendi. Stefnandi hafi gengizt við faðerni drengsins fyrir sóknarpresti, samtímis því að hann gekk að eiga móður hans. Véfengingarkrafan sé því óheimil nú, sbr. lög nr. 57/1921, 3. gr. sbr. 8. gr., og beri því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi telur hins vegar, að ofangreindar lagatilvitnanir eigi ekki hér við, og hljóti hann að eiga rétt á að fá efnisdóm á mál þetta. Barnið sé ekki skilgert samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1921, sem voru í gildi á þessum tíma, sökum þess að þau hafi ekki átt það saman, en það sé skilyrði fyrir skilgerð samkvæmt þeirri grein. Þá heldur hann því fram, að hann hafi ekki raunverulega gengizt við faðerni barnsins, þótt hann hafi samþykkt, að það yrði við hann kennt. Til þess að um slíka faðernisviðgöngu geti verið að ræða, þurfi beina yfirlýsingu þar um, en um hana hafi hér ekki verið að ræða. Krefst hann því þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið.

Telja verður, að áliti dómarans, að stefnandi hafi gengizt við faðerni drengsins, er hann var með vitund hans og samþykki skráður hans barn í prestsþjónustubók, um leið og hann var skírður og stefnandi samþykkti, að drengurinn væri við hann kenndur sem hans barn. Er drengurinn því skilgerður samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1921. Nú er hvort tveggja samkvæmt 3. gr. laga nr. 57/1921, sbr. 8. gr., að mál til véfengingar faðerni barns skal höfða innan 6 mánaða, frá því sá, er vefengja vill, vissi um

fæðingu þess, og því aðeins má höfða slíkt mál, að hann hafi ekki gengizt við faðerninu eftir fæðinguna. Brestur því heimild til höfðunar máls þessa, og ber því að vísa því frá dómi.

Mál þetta var lagt til sátta fyrir sáttanefnd, en stefnda sótti ekki né lét sækja sáttafund. Útivist af sáttafundi varðar þó ekki viðurlögum, þar sem mál þetta er eitt þeirra mála, er héraðsdómara ber að leita sátta í samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936.

Friðrik Magnússon hdl. hefur samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1921 verið skipaður talsmaður drengsins Z. Stefnandi hefur vefengt, að málflutningsumboð hans geti byggzt á nefndri skipun, þar sem málið sé ekki þeirrar tegundar, sem um ræðir í nefndri lagagrein. Samkvæmt því, sem áður var sagt, er ekki á það fallizt. Í tilvitnaðri lagagrein segir, að þegar dómari telur lögráðamann ekki færan um að gæta réttar barns í vefengingarmáli um faðerni, skuli dómari setja því svaramann á ríkiskostnað. Þykir verða að skilja ákvæði þetta svo, að barn skuli hafa sama rétt og gjafvarnarhafi, að því er varðar þóknun svaramanns. Samkvæmt því verður niðurstaða máls þessa, að því er málskostnað varðar, sú, að stefnanda ber samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 að greiða stefndu Y málskostnað, sem ákveðst kr. 300.00, og talsmannslaun Friðriks Magnússonar, skipaðs talsmanns drengsins Z, kr. 250.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, X, greiði málskostnað, kr. 550.00, þar af kr. 300.00 til stefndu Y og talsmannslaun Friðriks Magnússonar, skipaðs talsmanns drengsins Z, kr. 250.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1952.

Nr. 172/1948. **X** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Y (Enginn).

Ómerking héraðsdóms. Kröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndi, sem löglega hefur verið birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 23. desember 1948, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega sam-

kvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að kveðið verði á um það í dómi, að faðir hennar sé Z, og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi kom sjálf fyrir dóm í héraði og gerði þar einnig kröfu til þess, að Z yrði dæmdur faðir hennar. Z er ekki aðili máls þessa, og verða því engar kröfur á hendur honum dæmdar í því. Leiðir af þessu, að ómerkja verður héraðsdóminn og vísa kröfum á hendur Z frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum fellur málskostnaður í Hæstarétti niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki leiðbeint stefnanda í héraði, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast kröfum á hendur Z frá héraðsdómi.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. september 1948.

Ár 1948, föstudaginn 24. september, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í vefengingarmálinu: X gegn Y, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er eftir kröfu X höfðað gegn bróður hennar Y, og hefur hún gert þær réttarkröfur, að því verði slegið föstu með dómi, að faðir hennar sé Z, en ekki M heitinn, eiginmaður móður hennar K, er hún hefur verið kennd við, en nefndur Y hefur engar kröfur gert í máli þessu. Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Verða nú málavextir raktir, eftir því sem upplýst er:

Z og K eru sammála um það, að þau hafi fyrst kynnzt árið 1918 á heimili móður hennar, en slitnað hafi nokkru síðar upp úr kunningsskap þeirra, enda giftist hún sumarið 1919 M heitnum, er lézt 24. marz 1924, en X mun vera fædd 29. marz sama ár. Hún hefur eigi verið skírð af presti, en var strax af móður sinni nefnd X. Skömmu eftir áramót 1922 tókst að nýju kunningsskapur með þeim K og Z, er hélzt til ársins 1932, nokkru áður en Z kvæntist, og á þessu tímabili höfðu þau samfarir saman öðru hverju. Bæði eru þau sannfærð um, að Z sé faðir X, enda hefur K borið það, að hún hafi ekki haft samfarir við látinn eiginmann sinn, M, tvö

síðustu árin áður en hann lézt, og að honum hafi verið kunnugt um samband hennar og Z og gengið út frá því sem vísu, að barni, sem hún ætti, væri enginn annar faðir að en Z. Þá kveður hún, að er M heitinn vissi um þunga hennar, hafi hann verið orðinn svo lasburða og sjúkur, að hann hafi ekki getað hreyft neinum mótmælum varðandi faðernið. Bæði halda þau því fram, að X líkist að engu M heitnum eða hans fólki, en telja hana mjög líka Z og fólki hans. Hefur Z, sem telur sig fullvissan um, að hún sé dóttir sín, borið það, að X hafi ýmis einkenni frá sér og sinni ætt, til dæmis skarð í höku, háralit og svipaða sér í ýmsum hreyfingum og fólki sínu, t. d. „gesticuleri" hún mikið, eins og hann hafi ætíð gert, og sköpulag vísifingurs, löngutangar og baugfingurs X sé ákaflega líkt sköpulagi nefndra fingra hans. Þá hefur Z getið þess, að X hafi á barnsaldri svipað til sín og fólks síns, eins og vitnaframburðir, sem síðar verða raktir, staðfesta. Z hefur borið það, að hann hafi greitt meðlag, frá því að X fæddist, að því er hann bezt man, og þar til hann kvæntist um mánaðamót september og október 1932. K hefur aftur á móti borið það, að Z hafi við og við gefið X einhverjar peningaupphæðir, eftir að hún fæddist þar til einhvern tíma á árinu 1932, en hún kveðst ekki hafa litið á greiðslur þessar sem meðlagsgreiðslur, heldur sem gjöf til dóttur sinnar, enda segir hún greiðslurnar alls ekki hafa numið meðalmeðlagi á hverjum tíma, sem þær voru borgaðar.

Bæði K og Z segja M heitinn hafa verið mikið fjarverandi frá heimili sínu. Segir K M heitinn hafa verið til sjós á togara vorið 1923, sem gerður var út frá Reykjavík, en hann hafi um sumarið verið á síldveiðum úti á landi, og er hann hafi komið af veiðunum, hafi hann verið veikur, legið á heimili þeirra, þar sem hann bjó í landlegum, er hann var á togaranum, um tveggja mánaða skeið, en síðan farið í sjúkrahús, þar sem hann lézt. Samkvæmt rskj. nr. 3, vottorði Þjóðskjalasafnsins, dags. 13. maí s. l., var M heitinn skráður háseti á togara frá Reykjavík 27. apríl 1923 og afskráður 30. júní s. á. Enn fremur hafi hann verið skráður á sama skip sem háseti 17. júlí og afskráður 9. sept. s. á.

Vitnið A skýrir svo frá, að það viti til þess, að náinn kunningsskapur hafi verið á milli Z og K, en kveðst þó í þessu sambandi engin ártöl geta nefnt, nema hvað það segir, að kunningsskapur milli þeirra hafi verið frá því um mánaðamót febrúar og marz 1923 og mörg ár eftir það. Þó kveður vitnið Z aldrei hafa sagt við sig fyrr en nýlega, að hann væri faðir X, en það kveðst ætíð hafa verið visst um, að svo væri, eftir að það sá hana, skömmu eftir að hún fæddist, enda hafi hún líkzt honum mjög mikið og verið ákaflega ólík M heitnum.

Vitnið B, sem er hálfsystir K, kveðst vita til þess, að náinn kunningsskapur hafi verið milli hennar og Z um margra ára skeið, hann hafi verið byrjaður fyrir 1. janúar 1923 og staðið eftir það í mörg ár. Segist vitnið ekki vera í neinum vafa um, að Z sé faðir X, enda líkist hún honum mjög mikið, en svipi ekki að neinu leyti til M heitins. Kveður vitnið, að K hafi ætlað að tjá því, hver faðir X væri, en þá hafi það sagt, að þess gerðist

ekki þörf, því að það vissi,hver faðir hennar væri. K kveður vitnið, systur sína B, hafa vitað um hið rétta faðerni, þótt hún hafi aldrei sagt því það berum orðum.

Vitnið C kveðst hafa þekkt Z, frá því þeir gengu í skóla. Skýrir það svo frá, að nokkru fyrir 1920, en nánar hvenær man það ekki, hafi það frétt meðal nánustu kunningja Z, að hann væri ástfanginn í stúlku, sem hann fengi ekki að eiga. Hver stúlka þessi var, vissi vitnið ekki, og eigi heldur nánar um samband þeirra. Það kveðst hafa séð X á barnsaldri og þá strax þótzt sjá ættarmót með henni og Z. Taldi það sig finna bæði á gáfnafari, málfari og svipbrigðum, að hún gæti verið dóttir Z, enda hafi vitnið þá heyrt, að svo væri, þótt það muni eigi nú, hver tjáði því það. Nú nýlega segir það bæði K og Z hafa sagt sér, að hann væri faðir X.

Vitnið D, sem giftur er dóttur E, föðursystur K, en E hefur legið rúmföst í 20 ár, og eigi hefur verið hægt að taka réttarskýrslur af henni, hefur borið það, að hún hafi oft tjáð sér, að Z væri faðir X, enda hafi bæði X og K sagt E vita um kunningsskap K og Z.

Þá hafa loks tvö önnur vitni borið, að þau hafi heyrt, að Z væri faðir X.

Blóðrannsókn hefur farið fram á K, X og Z, og reyndist árangur hennar samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans, rskj. nr. 2, þessi:

	Aðalflokkur	Undirfl.	C	D	E
K	A 2	M N	+	+	–
X	A 2	M N	+	+	–
Z	O	M	+	+	–

Samkvæmt rannsókn þessari er ekki unnt að útiloka Z frá faðerninu.

Þess ber að geta, að K og M heitinn voru gefin saman af aðventistapresti, en eigi hefur verið auðið að afla hjónavígsluvottorðs þeirra, enda ber vottorð hins íslenzka konferens sjöunda dags aðventista, rskj. nr. 4, með sér, að eigi hefur fundizt hjónavígslu þeirra getið í kirkjubókum nefnds safnaðar, þar eð þær munu eigi vera til eldri en frá árinu 1927. Vottorð borgarfógetans í Reykjavík, rskj. nr. 5, ber með sér, að M heitinn hafi látizt 24. marz 1924, 36 ára að aldri, og talinn hafa látið eftir sig konu og tvö börn ung.

Leitazt var við, að prófessor Jón Steffensen athugaði erfðafræðilega Z, X, Y og K, en hún neitaði, að rannsókn þessi færi fram, þótt lengi hefði verið beðið eftir, að hún samþykkti hana. Bar rannsókn þessi því engan árangur, sbr. rskj. nr. 5.

Þegar þess er gætt, að K bjó samvistum við eiginmann sinn, M heitinn, á getnaðartíma X, þykja, þrátt fyrir það, sem hér að framan er skráð, eigi fram komnar nægar sannanir fyrir því, að Z sé faðir X, sbr. 7. gr. laga nr. 57 27. júní 1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna. Verður því krafa hennar eigi tekin til greina, og hún eigi kennd við Z.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Krafa X um, að því verði með dómi slegið föstu, að hún sé dóttir Z, verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 4. apríl 1952.

Nr. 181/1951. **Tryggvi Jónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Laxnesbúinu h/f (Ragnar Ólafsson).

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta var rekið í héraði fyrir sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu. Átti héraðsdómari samkvæmt 4. tölulið 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi 8. maí 1951, eftir að stefndi hafði lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. mgr. 106. gr. sömu laga. Ekki sést, að sjó- og verzlunardómurinn hafi leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, og fellur því málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá 8. maí 1951 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. nóv. 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 13. nóvember, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í réttarsal embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni dómsformanni og meðdóm-

endum Sigurði Guðnasyni innheimtumanni og Birni Helgasyni eftirlitsmanni, upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 22. okt. s.l.

Mál þetta hefur stefnandi, Tryggvi Jónsson bóndi, Markholti, Mosfellssveit, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 13. marz s.l., gegn Laxnesbúinu h/f, Laxnesi í Mosfellssveit, og gerir stefnandinn þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að fella nafn hans af hluthafaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu, að stefnda verði dæmt að birta í sömu hlutafélagaskrá, að hann sé ekki meðal stofnenda Laxnesbúsins h/f og að honum sé félagið og skuldbindingar þess óviðkomandi, og enn fremur krefst hann greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnds félags eru gerðar þær dómkröfur, að það verði sýknað af öllum kröfum stefnandans og stefnda tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Tryggvi Jónsson, var um nokkurt skeið bústjóri á búi Búkollu h/f að Laxnesi í Mosfellssveit, en formaður hlutafélags þessa var þá Jónas Sveinsson, læknir í Reykjavík.

Þann 10. september 1948 gerir Tryggvi kauptilboð í eignir Búkollu h/f á kr. 1.250.000.00, og er tilboðið samþykkt af hlutafélaginu samstundis. Kaupverð þetta átti að greiðast með því, að kaupandinn yfirtæki sömu upphæð af skuldum félagsins, með nánari skilyrðum af hálfu kaupandans.

Þann 12. maí 1949 lýsir Tryggvi Jónsson yfir, að fyrrgreindur kaupsamningur sé úr gildi numinn, með þeirri undantekningu, að hann setji sem skilyrði, að hann og þeir menn, sem bak við hann standi, geti ávallt átt löglega helming eignarinnar, hvernig sem fyrirkomulag félagsins verði, e. t. v. hlutafélag, þá ráði þeir yfir löglum 50% af hlutafé og hlutabréfum. Jafnframt lýsir hann yfir, að við stofnun hins nýja hlutafélags gefi hann Jónasi Sveinssyni lækni fullt umboð fyrir sína hönd að ganga frá samningum. Skuli nefndur Jónas Sveinsson mæta fyrir hönd Tryggva á stofnfundi og greiða atkvæði fyrir hann og þá menn, er bak við hann standi, og allt, er hann gerir, vera sem Tryggvi sjálfur hefði gert það.

Þann 18. maí sama ár var síðan gengið frá stofnsamningi fyrir hlutafélagið Laxnesbúið h/f, heimili og varnarþing að Laxnesi í Mosfellshreppi. Tilgangur félagsins að framleiða barnamjólk og aðrar landbúnaðarafurðir. Hlutafé var ákveðið kr. 1.350.000.00 og skiptist þannig á hluthafa:

1. Erling Ellingsen	kr.	75.000.00
2. Lárus Bjarnason	—	75.000.00
3. Grímur Thorarensen	—	75.000.00
4. Helga Jónasdóttir	—	450.000.00
5. Tryggvi Jónsson	—	675.000.00
	Alls kr.	1.350.000.00.

Þá ákvað hið nýja hlutafélag að kaupa allar eignir Búkollu h/f fyrir kr. 1.150.000.00, og skyldi kaupverð þetta greitt eftir nánara samkomulagi við Búkollu h/f.

Þá lýsti Jónas Sveinsson yfir f. h. Tryggva Jónssonar, að hann væri samþykkur sölu þessari og reiðubúinn að framselja í því skyni rétt Tryggva samkvæmt samþykktu tilboði, dags. 10. sept. 1948. Síðan framselur J. Sveinsson f. h. Tryggva Jónssonar Laxnesbúinu h/f rétt hans samkvæmt framangreindu tilboði með áritun, dags. 21. maí 1949.

Stefnandinn, Tryggvi Jónsson, var bústjóri hjá Búkollu h/f í Laxnesi, en þegar nýr ráðsmaður tók við búrekstrinum á vegum Laxnesbúsins h/f í fardögum 1949, gerðist stefnandinn starfsmaður búsins frá 1. júní, en hætti störfum hjá því 14. maí 1950.

Með afsali, dags. 18. febrúar 1950, selur h/f Búkolla Laxnesbúinu h/f sinn hluta í jörðinni Laxnesi, þ. e. sama jarðarhlutann, sem kaupsamningurinn frá 10. sept. 1948 tók til, ásamt húsum, mannvirkjum og öllu, sem þeirri eign fylgir og fylgja ber, og var afsal þetta móttekið til þinglýsingar 3. apríl 1950.

Hið nýja hlutafélag, Laxnesbúið h/f, var tilkynnt til skrásetningar 2. febrúar 1951, og tilkynningin birt í Lögbirtingablaðinu 21. febrúar sama ár.

Stefnandinn reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að hér hafi verið um að ræða sýndarsamninga, misnotkun umboðs og umboðsskort. Stofnun félagsins, Laxnesbúsins h/f, lögleysa og samningar við óskrásett félag ógildir, enda hafi skrásetning félagsins, er síðar fór fram, einnig verið lögleysa.

Stefnandinn hafi verið alveg eignalaus og ekki átt neitt fé til að leggja fram, og engir menn staðið bak við hann.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þeir hefðu samið við Jónas Sveinsson í góðri trú, og sá gerningur sé innan takmarka umboðsins og því bindandi fyrir stefnandann, umboð Jónasar hefði haft sjálfstæða og sérstaka tilveru gagnvart stefndu, og verði því stefnandinn, sem skapað hafi grundvöllinn fyrir grandleysi stefndu, að bera áhættuna, en ekki stefndu, ef umboðsmaðurinn hafi á einhvern hátt misfarið með umboðið.

Dómurinn verður að fallast á þá varnarástæðu stefndu, að umboðið, sem stefnandinn gaf Jónasi Sveinssyni 12. maí 1949, hafi gefið umboðsmanninum fullnægjandi heimild til að skuldbinda stefnandann til sem stofnanda og hluthafa í Laxnesbúinu h/f, eins og hann gerði við stofnun þess félags. Að vísu er í umboðinu sett eitt skilyrði fyrir þessum gerðum, það, að stefnandinn og þeir menn, er bak við hann stæðu, gætu ávallt ráðið yfir liðugum 50% af hlutafé og hlutabréfum. Stefndu höfðu réttmæta ástæðu til að treysta, að þessu skilyrði væri nægilega fullnægt með að tryggja stefnandanum helming hlutabréfa og hlutafjár, þar sem umboðsmaður stefnandans, Jónas Sveinsson, fór einnig með umboð dóttur sinnar, sem var annar stærsti hluthafi í félagsskapnum, og hlaut þess vegna og annarrar aðstöðu, er hann hafði og þeim var kunnugt um, að geta haft í hendi sér að koma þessu svo fyrir, sem stefnandinn kynni að óska. Hins vegar hefur það ekki komið fram í máli þessu, að stefnandinn teldi sig hafa eignazt of lítið í félaginu, og umboðsmaðurinn þannig misfarið með umboðið.

Annars virðist stefnandinn hafa látið Jónas Sveinsson alveg um það, hvernig hann færi með umboðið, þar sem stefnandinn grennslaðist ekki eftir því, hvernig hið nýja félag væri myndað, þó hann vissi, að það væri komið á laggirnar, og fengi því fyrst vitneskju um það í Lögbirtingablaðinu löngu síðar, eftir því sem hann sjálfur segir.

Þá hefur stefnandinn haldið því fram, að hann hafi ekki lagt fram neitt hlutafé, en í tilkynningunni til hlutafélagaskrárinnar segir, að allt hlutafé sé greitt.

Á fundi, er stjórn Laxnesbúsins hélt 21. maí 1949, er í bókun gerð grein fyrir því, hvernig allt hlutafé Laxnesbúsins h/f telst vera innborgað, og samþykkt, að félagsstjórnin gefi út á fundinum bráðabirgðaskírteini fyrir hinu innborgaða hlutafé. Um stefnandann segir svo, að hann skuli fá afhent hjá Laxnesbúinu h/f hlutabréf í því félagi, að nafnverði 675 þúsund krónur, enda skuli hann taka að sér að greiða af skuldum Búkollu h/f það, sem eftir stendur, þegar goldnar eru upphæðir, sem taldar eru á undan í bókuninni, af þargreindum mönnum, þó eigi yfir 675 þúsund krónur. Reynist skuldir Búkollu h/f vera undir þeirri upphæð, er nú var greind, átti Tryggvi Jónsson að greiða mismuninn í peningum eða á annan hátt eftir samkomulagi við félagsstjórnina, og ábyrgðist Jónas Sveinsson sem sjálfskuldarábyrgðarmaður gagnvart stjórn Laxnesbúsins h/f efndir á þessum loforðum Tryggva Jónssonar, eins og segir í bókun þessari.

Verður dómurinn að telja, að þannig hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir hlutafjárframlagi stefnandans, enda tekið gilt af öllum, er hlut áttu að máli, að því er bezt verður séð.

Á fundi stjórnarinnar í Laxnesbúinu h/f 13. okt. 1949 býður Jónas Sveinsson vegna stefnandans að selja tilgreindum manni 175 þúsund krónur að nafnverði af hlutabréfum, og á hluthafafundi í félaginu 20. febr. 1950 tilkynnir Jónas Sveinsson, að stefnandinn hefði selt hlutabréf sín, að nafnverði 500 þúsund krónur, og virðist stefnandinn eða Jónas Sveinsson þar með hafa verið búinn að selja öðrum hluthöfum öll þau hlutabréf, er Tryggvi Jónsson hafði verið skrifaður fyrir á stofnfundi.

Ekki er upplýst um neinar kröfur eða skuldbindingar, sem Laxnesbúið h/f ætli að gera gildandi á stefnandann sem einn stofnanda að hlutafélaginu eða í sambandi við það.

Dráttur á tilkynningu félagsins til hlutafélagaskrár hefur eigi áhrif á skyldur stefnandans sem stofnanda eða hluthafa innan hlutafélagsins.

Með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, verður dómurinn að telja, að stefnandinn, Tryggvi Jónsson, sé löglega talinn meðal stofnenda og hluthafa í Laxnesbúinu h/f á hluthafaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu, og ber því að sýkna stefndu, stjórn Laxnesbúsins h/f, af öllum kröfum stefnandans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, stjórn Laxnesbúsins h/f, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnandans í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 4. apríl 1952.

Nr. 7/1949. **Ísafoldarprentsmiðja h/f** (Magnús Thorlacius)
gegn
Sjálfstæðisflokknum (Lárus Jóhannesson).

Lögbann. Krafa um bann gegn byggingu og um brottnám byggingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m., gerir þær dómkröfur, *að* stefnda verði dæmt óheimilt að byggja út í Vallarstræti, þannig að það brjóti í bága við uppdrátt, fram lagðan á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 7. marz 1941, *að* stefnda verði dæmt að rífa það, sem þegar hefur verið byggt í bága við nefndan uppdrátt, og *að* staðfest verði lögbann fógetadóms Reykjavíkur 14. október 1947. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Með bréfi borgarstjóra Reykjavíkur 12. marz 1941 var áfrýjanda gefinn kostur á að fá keypta nánar tilgreinda lóðarspildu úr Vallarstræti, er mörkuð var á uppdrátt þann, sem greinir í kröfum áfrýjanda, enda næðist samkomulag milli hans og bæjaryfirvalda um greiðslur vegna skipulagsbreytingar á þessum slóðum. Í niðurlagi bréfsins segir, að bæjarverkfræðingi hafi verið falið að hefja „nú þegar" samningaumleitanir um endurgjald fyrir lóðarspilduna. Ekki verður séð, að áfrýjandi hafi innan hæfilegs frests eftir móttöku bréfsins leitazt við að ná fullnaðarsamningum um kaup á lóðarspildu þessari,

og er ósönnuð sú staðhæfing áfrýjanda, að það hafi orðið að samkomulagi við borgarstjóra að fresta samningum um þetta efni. Var tilboð það um sölu spildunnar, sem fólst í framangreindu bréfi, því úr gildi fallið, þegar stjórnvöld Reykjavíkur heimiluðu stefnda að reisa byggingu þá, sem deilt er um. Áfrýjandi getur því ekki byggt kröfur sínar í máli þessu á greindu bréfi. Þá hefur stefndi eigi skuldbundið sig gagnvart áfrýjanda til þess að leita ekki eftir kaupum eða afnotum af lóðarspildu þeirri, sem hér um ræðir. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ísafoldarprentsmiðja h/f, greiði stefnda, Sjálfstæðisflokknum, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 27. apríl 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 20. þ. m., hefur Ísafoldarprentsmiðja h/f, eigandi húseignanna nr. 8—10 við Austurstræti hér í bæ, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, útgefinni 14. október 1947, gegn miðstjórn Sjálfstæðisflokksins fyrir hönd flokksins, eiganda húseignarinnar nr. 2 við Thorvaldsensstræti hér í bænum, og haft uppi þessar kröfur: *að* stefnda verði dæmt óheimilt að byggja út í Vallarstræti, þannig að í bága brjóti við uppdrátt, fram lagðan á fundi bæjarráðs 7. marz 1941, sbr. yfirlýsingu Magnúsar prófessors Jónssonar, dagsetta 10. s. m., *að* stefnda verði dæmt að rífa það, sem þegar hefur byggt verið í bága við framanritað, *að* staðfest verði lögbann, sem lagt var 14. okt. 1947 við framhaldi byggingarinnar og *að* stefnda verði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu.

Borgarstjóranum í Reykjavík hefur og verið stefnt fyrir hönd bæjarins til réttargæzlu í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í ársbyrjun 1941 ákvað stefnandi að byggja hús á lóðum sínum nr. 8—10 við Austurstræti og fékk húsameistara til að gera uppdrætti í því skyni. Er skipulag þessa hluta bæjarins var athugað, kom í ljós, að ráðgert var að lengja Thorvaldsensstræti norður að Austurstræti, þ. e. yfir lóðina nr. 8 við þá götu, þannig að gengið yrði undir væntanlega byggingu á þeirri lóð,

en Vallarstræti milli Veltusunds og Thorvaldsensstrætis lokað með byggingu. Fór stefnandi þess þá á leit við bæjarráð, að Vallarstræti sunnan lóðarinnar nr. 8 við Austurstræti og vestan Thorvaldsensstrætis yrði bætt við Austurstrætislóðina til endurgjalds fyrir lóðarhluta þann, er undir göngubraut þá færi, sem lögð yrði undir hinni væntanlegu nýbyggingu stefnanda. Er þessi tilmæli voru fram komin, þótti þáverandi eigendum Thorvaldsensstrætis 2 sér bera nokkurn rétt til sama skika af Vallarstræti, en um það bil að stefndi varð eigandi þeirrar húseignar, undirritaði Magnús Jónsson af hálfu stefnda svohljóðandi yfirlýsingu, dagsetta 10. marz 1941: „Af hálfu væntanlegra eigenda eignarinnar Thorvaldsensstrætis 2, skal því hér með lýst yfir, að ekki verður farið fram á að fá keypt af bæjarsjóði Reykjavíkur meiri lóð, norðan við eignina, af Vallarstræti en svo, að norðurmörk eignarinnar verði ákveðin þannig: 1) Frá húsalínu Thorvaldsensstrætis, þar sem 2 metrar eru frá norðurhlið hússins Thorvaldsensstræti 2, komi hornrétt lína 7.5 metra löng á húsalínu Thorvaldsensstrætis. 2) Síðan lína 0.97 metra löng í stefnu austurmarka Austurstrætis 6. 3) Þaðan lína eftir Vallarstræti, svo að minnsta kosti helmingur Vallarstrætis á þessum kafla leggist til lóðarinnar." Var yfirlýsing þessi í samræmi við uppdrátt af svæði þessu, sem lagður var fram og samþykktur í bæjarráði 7. marz 1941. Þessi ályktun bæjarráðs var síðan samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar. Hinn 15. apríl 1941 sótti stefnandi um byggingarleyfi samkvæmt framanrituðu, og var leyfið veitt með þeim fyrirvara, að skipulagsnefnd féllist á uppdrætti af húsinu. Skipulagsnefnd taldi þá ekki fullnægjandi, en áður þeim yrði breytt til samræmis við óskir nefndarinnar, synjuðu menn þeir, er þá réðu innflutnings- og gjaldeyrismálum landsins (tveggja manna nefndin), um leyfi til byggingarframkvæmda þessara. Verður eigi séð, að aðiljar hafi hafzt frekar að um ráðstafanir götuskikans fyrr en 15. maí 1946. Þann dag óskaði hússtjórn stefnda leyfis til hagnýtingar helmings Vallarstrætis og taldi jafnframt nauðsynlegt, að svæðinu yrði lokað með „porti". Bæjarráð og bæjarstjórn leyfðu afnotin og tilkyntu stefnda þær ákvarðanir með bréfum, dags. 25. maí og 7. júní 1946. Hinn 7. ágúst 1946 sótti stefndi um leyfi til að byggja við norðurgafl húss síns, og skyldi sú bygging ná út í mitt Vallarstræti. Málaleitan þessi var samþykkt í byggingarnefnd og bæjarstjórn 22. ágúst og það samþykki tjáð stefnda með bréfi 24. ágúst 1946. Hinn 14. október 1947 fékk stefnandi lagt lögbann við framhaldi þeirrar byggingar stefnda og höfðaði síðan mál þetta, sem að framan er lýst.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að fyrrgreind yfirlýsing, sem gefin sé út af þar til bærum manni, sé skuldbinding af hálfu stefnda um að hafast ekki að neitt það, er raskað geti rétti sínum til margnefnds skika af Vallarstræti. Byggingarfyrirætlanir stefnda brjóti í bága við skuldbindingu þessa og séu því brot á rétti stefnanda yfir lóðinni.

Stefndi heldur því fram, að yfirlýsing Magnúsar Jónssonar hafi verið gefin borgarstjóra f. h. bæjarvalda og hafi að vísu í för með sér skuldbindingu af hálfu stefnda gagnvart þeim, en sé á engan hátt bindandi gagnvart stefnanda. Bendir stefndi á það, að fyrirhugaðar framkvæmdir sínar á

götustæðinu hafi hlotið fullt samþykki bæjarvalda, er hafi fullan rétt til ráðstöfunar á þessari lóð bæjarins.

Á fyrrnefndum fundi bæjarráðs hinn 7. marz 1941 var borgarstjóra heimilað að selja stefnanda spildu af götustæði Vallarstrætis samkvæmt framlögðum uppdrætti, að tilskildu samþykki eiganda Thorvaldsensstrætis 2, og var yfirlýsing Magnúsar Jónssonar talin nægileg til bráðabirgða sem slíkt samþykki. Þetta tilkynnti borgarstjóri stefnanda með bréfi, dags. 12. marz s. á., og jafnframt, að bæjarverkfræðingi hefði verið falið að hefja samkomulagsumleitanir við stefnanda um endurgjald fyrir spilduna. Hinn 15. apríl sótti stefnandi um byggingarleyfi í samræmi við áðurnefndan uppdrátt, en ekki verður séð, að þá hafi verið komið samkomulag um endurgjaldið. Stefnandi hefur haldið því fram, að borgarstjóra og sér hafi komið saman um að ganga ekki endanlega frá kaupunum, fyrr en húsið væri fullbyggt, en þeirri staðhæfingu hefur verið mótmælt bæði af stefnda og réttargæzlustefnda, borgarstjóranum, og eigi er hægt að telja hana sannaða. Byggingaráform stefnanda strönduðu bæði á synjun tveggja manna nefndarinnar og á því, að skipulagsnefnd synjaði, að svo stöddu, um samþykki sitt. Síðan er ekki unnt að sjá, að stefnandi hafi nokkuð aðhafzt í málum þessum til þess að gera út um kaupin við borgarstjóra, og notaði borgarstjóri því aldrei heimildina frá 7. marz 1941. Er af þessu ljóst, að stefnandi hefur ekki öðlazt neinn þann rétt frá bæjarvöldum Reykjavíkur, er hann geti byggt á dómkröfur sínar í máli þessu.

Í yfirlýsingu Magnúsar Jónssonar er svo að orði kveðið: „..... að ekki verður farið fram á að fá keypt af bæjarsjóði meiri lóð ....". Ekki er upp komið, að stefndi hafi óskað að kaupa nokkuð af götustæðinu, og er því ekki sýnt, að brotið sé í bága við yfirlýsinguna að því leyti.

Af því, sem upp er komið í málinu, verður að ætla, að yfirlýsingin, sem dagsett var 10. marz 1941, hafi verið gefin með það fyrir augum, að hús stefnda kæmist þá þegar í betra samband við eina aðalgötu bæjarins, Austurstræti, er stefnandi byggði hið fyrirhugaða hús og Thorvaldsensstræti yrði lengt til norðurs. Eins og fyrr var sagt, hefur ekkert orðið úr byggingarframkvæmdum stefnanda við Austurstræti ennþá, en það var ekki fyrr en 7. ágúst 1946, að stefndi sótti um byggingarleyfi það, er fyrr greinir. Þá var svo langur tími liðinn án framkvæmda af hálfu stefnanda, að telja verður, eins og á stóð, að stefndi hafi ekki lengur verið bundinn af yfirlýsingunni, þegar hann falaði lóðina til nota.

Þegar þetta er virt, verða úrslit málsins þau, að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og lögbannið því úr gildi fellt. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna kváðu þeir upp Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Hákon hæstaréttarritari Guðmundsson og Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Sjálfstæðisflokkurinn, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ísafoldarprentsmiðju h/f, í máli þessu.

Framangreint lögbann er úr gildi fellt.
Málskostnaður falli niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 14. október 1947.

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Jóhann Steinason cand. jur. vegna Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Af hálfu gerðarþola mætir að tilhlutan fógeta Bjarni Sigurðsson skrifstofumaður.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda setti nú sem tryggingu 50.000 króna eigin sýningarvíxil, útgefinn í dag til handa borgarfógetanum í Reykjavík af Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni.

Fógeti lagði nú lögbann við framhaldi viðbyggingar þeirrar, sem nú er verið að reisa við húsið Thorvaldsensstræti 2 (Sjálfstæðishúsið), og brýndi fyrir mættum fyrir gerðarþola, að eigi mætti brjóta lögbann þetta að viðlagðri lagaábyrgð.

Mánudaginn 12. maí 1952.

Nr. 62/1950. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)
gegn
Alfons Guðmundssyni (Ragnar Jónsson),
Árna Pálssyni (Sigurður Ólason),
Friðrik Anton Högnasyni (Sveinbjörn Jónsson),
Garðari Óla Halldórssyni,
Gísla Rafni Ísleifssyni (Ragnar Ólafsson),
Guðmundi Helgasyni (Sveinbjörn Jónsson),
Guðmundi Jónssyni (Sigurgeir Sigurjónsson),
Guðmundi Björgvin Vigfússyni,
Hálfdáni Bjarnasyni,
Hreggviði Stefánssyni,
Jóhanni Péturssyni (Ragnar Ólafsson),
Jóni Múla Árnasyni (Egill Sigurgeirsson),
Jóni Kristni Steinssyni,
Kristjáni Guðmundssyni,
Kristófer Sturlusyni (Ragnar Ólafsson),
Magnúsi Hákonarsyni (Sveinbjörn Jónsson),
Magnúsi Jóel Jóhannssyni,
Ólafi Jenssyni (Egill Sigurgeirsson),
Páli Theódórssyni (Einar B. Guðmundsson),
Sigurði Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson),
Stefáni Oddi Magnússyni,
Stefáni Sigurgeirssyni (Ólafur Þorgrímsson),
Stefáni Ögmundssyni (Egill Sigurgeirsson)
og
Stefni Ólafssyni (Ragnar Ólafsson).

Upphlaup. Brot gegn 100. og 107. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 106. gr. sömu laga og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Á öndverðu ári 1949 fóru fram umræður milli allmargra ríkja um stofnun varnarbandalags þess, er síðar var nefnt

Norður-Atlantshafsbandalagið. Kom brátt í ljós, að Íslandi mundi verða boðin þátttaka í samtökum þessum og að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis mundu beita sér fyrir því, að Ísland gerðist aðili að hinum væntanlega milliríkjasáttmála. Hörð mótspyrna reis gegn málinu. Reyndu andstæðingar þess eftir megni að vinna gegn þátttöku Íslands í væntanlegu varnarbandalagi og kröfðust þess, að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði látin fara fram um hana.

Ríkisstjórnin lagði fram á Alþingi hinn 28. marz 1949 tillögu til þingsályktunar um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Var ákveðið, að tillagan skyldi rædd við tvær umræður í sameinuðu Alþingi. Fyrri umræðan fór fram hinn 29. marz 1949. Var lögreglulið bæjarins þá kvatt til þess að gæta allsherjarreglu við Alþingishúsið. Allmikill mannfjöldi safnaðist þar saman, meðan á umræðum stóð, og um það leyti sem þingfundi var slitið, var árás með grjótkasti hafin á Alþingishúsið utan af Austurvelli, og brotnuðu þá allmargar rúður í húsinu. Ekki hefur orðið uppvíst, hverjir að þeim óeirðum stóðu. Bætt var úr spjöllum þeim, sem urðu á húsinu í þetta sinn, áður en þingfundur hófst næsta dag.

Önnur umræða um málið hófst á Alþingi kl. 10 að morgni hinn 30. marz, og stóð sá fundur óslitið, unz atkvæðagreiðslu lauk kl. 2.30 e. h. Þá um morguninn boðuðu fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og verkamannafélagið Dagsbrún til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, og skyldi fundurinn hefjast kl. 1 e. h.

Með því að uggvænt þótti, að til óeirða kynni að draga þenna dag, bauð lögreglustjóri út öllu lögregluliði bæjarins og lét lögreglumenn taka sér stöðu við þinghúsið og í því. Þá var og kvatt á vettvang allmikið varalið, búið lögreglutækjum og einkennum. Lögreglustjóri gerði og ráðstafanir til þess, að allmargir óeinkennisbúnir menn tækju sér stöðu við norðurvegg Alþingishússins. Skyldu þeir vera lögreglumönnum til aðstoðar, ef á þyrfti að halda.

Þar sem formenn þingflokka þeirra, sem studdu ríkisstjórnina, voru uggandi um starfsfrið Alþingis, skoruðu þeir á friðsama borgara með dreifimiðum og í útvarpi að koma á

Austurvöll eftir hádegi þenna dag og stuðla með návist sinni að því, að Alþingi hefði starfsfrið.

Áðurnefndur útifundur við Miðbæjarbarnaskólann fór friðsamlega fram, og lauk honum kl. 1.30 e. h. Var þar samþykkt áskorun á Alþingi um að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram og valin þriggja manna nefnd til þess að koma áskoruninni á framfæri við Alþingi. Flestir fundarmanna munu síðan hafa haldið að Alþingishúsinu, og var þá mikill mannfjöldi þar saman kominn.

Um það, sem síðan gerðist, hafa margir lögreglumenn og ýmsir aðrir sjónarvottar borið vætti. Telja þeir, að fram undir kl. 1.30 hafi verið tiltölulega rólegt við Alþingishúsið, en eftir þann tíma hafi fljótlega farið að bera á háreysti. Hafi menn hrópað: „Þjóðaratkvæði" og „Við heimtum svar". Rétt fyrir kl. 2 tilkynnti ákærði Stefán Ögmundsson mannfjöldanum í hátalara, að formenn allra þingflokka nema Sósíalistaflokksins hefðu neitað að verða við óskum fundarins um þjóðaratkvæðagreiðslu. Óróamenn munu þegar um þetta leyti hafa tekið að kasta eggjum og síðan mold og grjóti í Alþingishúsið svo og að lögreglumönnum þeim og varnarliði, sem þar var fyrir. Eftir því sem næst verður komizt, hófst atkvæðagreiðsla á Alþingi um sjálfa þingsályktunartillöguna nálægt kl. 2 e. h. Eftir það jókst grjót- og moldarkast í Alþingishúsið og að lögreglumönnunum og varnarliðinu. Brotnuðu nú margar rúður í gluggum og dyrum Alþingishússins. Flugu steinar og rúðubrot inn í þingsalinn, og gerðist mjög tvísýnt um starfsfrið og öryggi þingmanna. Mátti ekki við svo búið standa, og var því lögreglumönnum skipað að hefja aðgerðir til varnar Alþingi og þeir látnir ryðja fólki á brott frá Alþingishúsinu. Ruddu þeir svæðið fyrir framan húsið og norður undir styttu Jóns Sigurðssonar, en mættu harðsnúinni mótstöðu manna, sem beittu bæði grjóti og bareflum. Er lögreglumenn höfðu rutt svæðið, tóku þeir sér stöðu á norðurgangstétt Kirkjustrætis gegnt dyrum Alþingishússins. Árásarmenn létu ekki skipast við þessar aðgerðir lögreglumanna, heldur fylgdu þeim eftir og héldu áfram árásum á þá og þinghúsið.

Atkvæðagreiðslu lauk á Alþingi um kl. 2.30, og urðu málalok þau, að 37 þingmenn greiddu atkvæði með tillögunni, en

13 á móti. Sleit þá forseti sameinaðs Alþingis fundi, en mæltist til þess samkvæmt ósk lögreglustjóra, að þingmenn færu ekki út úr þinghúsinu, fyrr en lögreglustjóri teldi óhætt vegna upphlaupsins úti fyrir. Létu þingmenn Sósíalistaflokksins í ljós nokkra óánægju út af þessu.

Nokkru síðar talaði ákærði Stefán Ögmundsson úr hátalara áðurnefndrar bifreiðar af nýju. Skýrði hann frá málalokum á Alþingi og lét þess getið, að þingmönnum Sósíalistaflokksins væri haldið sem föngum í Alþingishúsinu. Að vætti fjölda vitna náði upphlaupið hámarki sínu eftir þessa yfirlýsingu. Urðu lögreglumenn því ásamt varaliðsmönnum að gera aðra útrás, en tókst ekki að stöðva upphlaupið. Lá mörgum lögreglumönnum við stórmeiðingum, og var hætta á því, að þeir gætu ekki veitt alþingismönnum nauðsynlega vernd. Töldu yfirmenn lögreglunnar nú ekki verða hjá gasaðgerðum komizt, en létu, nær samtímis og gasi var beitt, tilkynna í hátalara áskorun til mannfjöldans að rýma Austurvöll. Var þetta tilkynnt einu sinni úr dyrum Alþingishússins, en mun lítt hafa heyrzt, enda háreysti mikil og gnýr úti fyrir og hátalarinn ekki í fullkomnu lagi. Er táragasinu var beitt, flúðu árásarmenn og annað fólk undan því, en er gasinu létti, sóttu mjög margir aftur að lögreglumönnunum, og varð að beita táragasi öðru sinni, áður dygði.

Gerðar höfðu verið ráðstafanir til þess, að bifreiðar kæmu að Alþingishúsinu til að flytja alþingismenn þaðan. Komu þær nú, er gasaðgerðum var að ljúka, og komust alþingismenn slysalaust leiðar sinnar.

Í prófum málsins eru nafngreindir 6 lögreglumenn, sem urðu fyrir allmiklum meiðslum í upphlaupinu. Einn þeirra hlaut hættulegt lemstur. Auk þess fengu margir aðrir lögreglumenn áverka, aðallega af steinkasti. Nokkrir menn utan lögregluliðsins urðu og fyrir áverkum.

Eftir árásina var framhlið Alþingishússins ötuð mold og eggjum. Fjöldi af rúðum í gluggum hússins og aðaldyrum voru brotnar, þ. á m. um 60 á framhlið þess. Einkum hafði grjóthríðinni verið beint að glugga þeim, sem er á bak við stól forseta sameinaðs Alþingis, en þar brotnuðu allar rúðurnar, 12 að tölu. Á strætinu fyrir framan Alþingishúsið og á suður-

hluta Austurvallar voru dreifar af mold og grjóti, sem kastað hafði verið, en hraungrýti hafði verið rifið mjög úr gangstígabrúnum vallarins og notað sem kastvopn.

II.

Lögreglumenn urðu þess ekki varir, að árásin á Alþingi 30. marz væri skipulögð né að fyrir henni stæðu nokkrir forsprakkar. Benda atvik málsins ekki til þess, að stofnað hafi verið fyrirfram til samtaka um árásina. Hins vegar er ljóst af prófum og öðrum gögnum málsins, að þarna á staðnum varð upphlaup, þar sem samtök urðu í verki um að veitast með ofbeldi að Alþingi. Með því að öryggi og starfsfriði Alþingis og þar með sjálfræði þess var hætta búin af árásinni, var þátttaka í henni, meðan alþingismenn voru saman komnir, brot á ákvæðum 1. mgr. 100. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem árásin var framin af mannsöfnuði í upphlaupi, varðar þátttaka í henni einnig við 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun.

Upphlaupinu var stefnt að Alþingi, en löggæzlumenn voru því til verndar. Var því árás á löggæzluliðið og einstaka lögreglumenn, meðan upphlaupið stóð yfir, árás á varnir Alþingis, er varðar við sömu hegningarlagagreinar. Tekur þetta einnig til orða og athafna, sem hvöttu menn eða æstu til árása. En mismunandi saknæma þátttöku einstakra manna verður að meta eftir hlutdeildarreglum samkvæmt 22. gr. laga nr. 19/1940.

Athafnir ákærðu, sem þeir eru saksóttir fyrir, standa allar í svo nánu sambandi við upphlaupið, að fullkomin heimild var til að sækja þá til saka í einu og sama máli.

III.

Ekki hefur orðið uppvíst, hverjir voru valdir að áverkum á lögreglumönnum. Ekki er heldur leitt í ljós, hverjir brutu með grjótkasti glugga í þingsal sameinaðs Alþingis, meðan Alþingi sat þar að störfum, eða ullu öðrum spjöllum á Alþingishúsinu í upphlaupinu.

Eins og áður er greint, gerðu lögregluyfirvöld tilraun til að skora á mannfjöldann að rýma Austurvöll, nær samtímis því,

að fyrri gasaðgerðunum var beitt. Það var miður farið, að ekki var skorað á mannsöfnuðinn að sundrast, áður en lögregluaðgerðir hófust, en þar sem lögreglumenn urðu að snúast til varnar gegn upphlaupsmönnum, sem þegar höfðu hafið árásir á Alþingi og varnir þess, getur vöntun á slíkri áskorun á engan hátt gert aðgerðir lögreglunnar ólögmætar.

Verður nú rakinn þáttur hvers hinna ákærðu:

1. Ákærði Stefán Ögmundsson.

Ákærði Stefán Ögmundsson var einn þeirra manna, sem kosinn var á útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann til að koma ályktun fundarins á framfæri við Alþingi. Eftir að hann hafði gert það, talaði hann til mannfjöldans í hátalara, sem settur hafði verið í samband við bifreið, er stóð fyrir sunnan Hótel Borg. Gerðist þetta, eftir því sem næst verður komizt, rétt fyrir kl. 2 e. h. Var efni ræðu hans það samkvæmt sjálfs hans frásögn, að nefnd sú, sem farið hafði með tillögu fundarins til Alþingis, hefði ekki fengið að fara inn í þinghúsið, en Sigurður Guðnason alþingismaður hefði flutt tillöguna í ræðu. Formenn allra þingflokka nema Sósíalistaflokksins hefðu svarað neitandi óskum þeim, sem í tillögunni fólust. Vitni eru ekki samsaga um það, hvort orð hans hafi haft æsandi áhrif, og þykir varhugavert að staðhæfa, að ákærði hafi hlotið að sjá, að orð hans myndu stuðla að árás á Alþingi. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot á lögum nr. 19/1940, að því er þessa háttsemi varðar, en tilkynning hans í hátalara án leyfis lögregluyfirvalda varðar hann refsingu samkvæmt 1. og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Nokkru síðar talaði ákærði til mannfjöldans, þar sem ákærði var staddur í mannþröng í Kirkjustræti. Kveðst hann hafa orðið þess var, að heldur illa hafi heyrzt til hans í hátalaranum, og hafi hann því endurtekið það, sem hann hafði áður mælt í hátalarann, þó með öðru orðalagi. Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi þá viðhaft þau orð, að yrði ekki látið ganga þjóðaratkvæði um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu, „þá skyldu þeir taka á móti þeim, þegar þeir kæmu út". Annað vitni kveðst hafa heyrt ræðumann kveða

þarna þannig að orði, en hefur ekki treyst sér til þess að fullyrða, að ræðumaðurinn hafi verið ákærði Stefán Ögmundsson. Hins vegar hafa vitni, sem hlustuðu á mál ákærða, lýst því, að þau hafi ekki heyrt hann viðhafa slík orð. Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram næg sönnun þess, að ákærði hafi mælt þessi orð, og ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Nokkru eftir að þingfundi var slitið, kveðst ákærði hafa átt símtal við Einar Olgeirsson alþingismann, sem staddur var í þinghúsinu. Kveður hann Einar hafa tjáð sér, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði verið samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13. Einnig hafi Einar tjáð sér, að þingmenn væru ekki frjálsir ferða sinna úr þinghúsinu og væru þeir sem fangar þar. Einar Olgeirsson hefur neitað fyrir dómi að svara spurningum varðandi þetta símtal. Ákærði kveðst hafa verið staddur í húsinu nr. 1 við Þórsgötu, er símtal þetta fór fram. Hafi hann síðan farið niður að þinghúsi og hitt þar ákærða Stefán Odd Magnússon, sem hafði umráð bifreiðar þeirrar og hátalara, er ákærði Stefán Ögmundsson hafði áður notað, þegar hann ávarpaði mannfjöldann. Fékk ákærði Stefán Ögmundsson nú leyfi ákærða Stefáns Odds Magnússonar til þess að tala til mannfjöldans í hátalarann. Samkvæmt játningu ákærða Stefáns Ögmundssonar og vætti vitna lýsti hann því í ræðu sinni, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði verið samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13, og viðhafði orðið „landráðasamningur“ í því sambandi. Loks lét hann þess getið, „að þingmenn Sósíalistaflokksins“ væru „fangar í þinghúsinu“. Fjöldi vitna, bæði lögreglumenn og aðrir, hafa borið, að þessi ræða hafi haft æsandi áhrif á mannfjöldann. Er ljóst af vitnaskýrslum og öðrum sakargögnum, að harðasta grjóthríðin að þinghúsinu hófst eftir ræðu þessa. Reyndu lögreglumenn að verja þinghúsið með kylfum, en það bar ekki árangur, og varð þá að grípa til táragass, svo sem áður segir.

Þegar ákærði Stefán Ögmundsson talaði að þessu sinni til mannfjöldans í hátalarann, stóð yfir upphlaup og árás á Alþingi. Honum hlaut því að vera ljóst, að orð hans mundu enn magna upphlaupið og árásina og stofna öryggi Alþingis og

alþingismönnum í enn meiri hættu. Varðar þetta brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 svo og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Ákveðst refsing hans fangelsi 12 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda ákærða.

2. Ákærði Stefán Oddur Magnússon.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon hafði umráð yfir bifreið þeirri og hátalara, sem ákærði Stefán Ögmundsson notaði, er hann talaði til mannfjöldans. Með því að eiga hlut að því, að hátalarinn var notaður á þessum stað, hefur ákærði Stefán Oddur Magnússon gerzt brotlegur við 1. og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Hins vegar verður ekki alveg fullyrt, að honum hafi hlotið að vera ljóst, að ákærði Stefán Ögmundsson mundi í síðara skiptið halda ræðu, er væri löguð til þess að magna upphlaupið. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot á ákvæðum laga nr. 19/1940. Refsingu ákærða Stefáns Odds Magnússonar fyrir framangreint brot hans verður að meta með hliðsjón af því, að upphlaup stóð yfir, og þykir hún hæfilega ákveðin samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, sbr. lög nr. 14/1948, kr. 2500.00 sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

3. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon.

Með skírskotun til þess, sem segir í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða Guðmundi Björgvin Vigfússyni til handa.

4. Ákærði Stefán Sigurgeirsson.

Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi verið fyrir framan Alþingishúsið, skömmu áður en tekið var að beita gasi, látið þar ófriðlega og beygt sig niður eins og til að taka upp stein. Annað vitni kveðst á svipuðum tíma hafa séð ákærða í kaststöðu.

Ákærði hefur játað, að hann hafi verið við Alþingishúsið, er upphlaupið varð. Kveðst hann hafa hörfað undan fyrri gasaðgerðinni, en snúið aftur til þinghússins, orðið fyrir kylfu-

höggi, tekið upp stein og kastað honum. Ekki er vitað, hvar steinninn lenti.

Af gasaðgerðum lögreglunnar hlaut ákærða að vera ljóst, að yfirvöldin voru að tvístra upphlaupinu og ætluðust til þess, að hann og aðrir færu af vettvangi. Með afturhvarfi sínu til þinghússins að gasaðgerð lokinni og steinkastinu hefur hann gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

5. Ákærði Stefnir Ólafsson.

Hinn 23. janúar 1952, eftir að héraðsdómur gekk, var ákærða dæmt í sakadómi Reykjavíkur fangelsi 3 mánuði og svipting kosningarréttar og kjörgengis fyrir brot gegn 244., 247. og 254. gr. laga nr. 19/1940. Auk þess hefur ákærði eftir uppsögu héraðsdóms verið sektaður 9 sinnum ýmist fyrir ölvun einvörðungu eða ölvun og óspektir.

Mörg vitni hafa borið, að þau hafi séð ákærða beina köstum að Alþingishúsinu, og sjálfur hefur hann játað, að hann hafi kastað eggjum og mold m. a. að einum varaliðsmanni. Þá er og leitt í ljós, að hann tók þátt í hrópum óspektarmanna og hafði í frammi æsilegt hátterni. Með þessari þátttöku sinni í upphlaupinu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

6. Ákærði Magnús Hákonarson.

Ákærði hefur kannazt við að hafa verið staddur við Alþingishúsið umræddan dag frá því kl. um 1 e. h. Að vætti lögreglumanns hafði hann þar æsilegt hátterni í frammi. Samkvæmt vætti annars lögreglumanns kastaði hann einhverju nokkrum sinnum í áttina til þinghússins. Þriðja vitnið

kveður hann hafa rifið upp grjót og varpað því að lögreglunni og hjálparliði hennar. Ákærði hefur játað, að hann hafi kastað mold í Alþingishúsið, áður en til átaka kom. Lögreglan ruddi honum ásamt öðru fólki frá Alþingishúsinu, en hann sótti þangað aftur. Í bæði skiptin, sem lögreglumenn beittu gasaðgerðum, hélt hann undan, en kveðst hafa tekið upp mold nokkrum sinnum á undanhaldinu, búið til kúlur og kastað þeim í áttina til lögreglumannanna. Ákærði var handtekinn á Austurvelli, eftir að hann hafði orðið fyrir nokkrum meiðslum af skoti úr gasbyssu. Gegn neitun ákærða er ekki sannað, að hann hafi kastað grjóti, en með annarri hegðun sinni, sem lýst er að framan, hefur hann gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Með hliðsjón af 2. tölulið 74. gr. nefndra laga þykir refsing ákærða, sem var einungis 17 ára að aldri, er hann drýgði brot sitt, hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða.

Með hliðsjón af æsku ákærða ákveðst, að refsingu hans skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

7. Ákærði Jón Kristinn Steinsson.

Ákærði var á Austurvelli gegnt Alþingishúsinu, er lögreglumenn ruddu fólki á brott, rétt áður en gasi var beitt. Að vætti tveggja varaliðsmanna var ákærði í hópi manna, sem óspektir höfðu í frammi og lögreglumenn voru sendir gegn. Annar varaliðsmaðurinn kveður ákærða auk þess hafa kastað mold eða grjóti að lögreglunni. Ákærði kveðst hafa fengið kylfuhögg á hægri öxl, er gasaðgerðir hófust. Hafi hann þá gripið stein, tæplega hnefastóran, og varpað honum í áttina að varaliðsmönnum, en ekki er vitað, hvar steinninn lenti. Þessi þátttaka ákærða í upphlaupinu var brot á 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta

ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

8. Ákæröi Friðrik Anton Högnason.

Ákærði kannast við, að hann hafi verið staddur á Austurvelli, er lögreglumenn gerðu útrás. Hafi þá varaliðsmaður slæmt til hans kylfu, en ákærði snúizt gegn honum, tekið af honum kylfuna eftir nokkrar sviptingar og haft hana á brott með sér. Þessi háttsemi ákærða var þátttaka í upphlaupinu og varðar við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði var 21 árs, er hann drýgði brot sitt, og hefur hann játað það hreinskilnislega. Ákveðst því, að refsingu hans skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

9. Ákæröi Jóhann Pétursson.

Samkvæmt vætti eins lögreglumanns og játningu ákærða tók hann upp gassprengju, sem varpað hafði verið að mannfjöldanum, og kastaði henni að hópi lögreglumanna, og sprakk sprengjan þar. Þessi háttsemi ákærða var þátttaka í upphlaupinu og varðar við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

10. Ákæröi Gísli Rafn Ísleifsson.

Samkvæmt vætti eins óeiðfests vitnis kastaði ákærði hvað eftir annað grjóti að lögreglumönnum, sem voru við Alþingishúsið að setja á sig gasgrímur. Að vætti annars vitnis barði lögreglumaður ákærða með kylfu, en ákærði tók þá upp stein og kastaði honum að lögreglumanninum. Sjálfur hefur ákærði játað, að hann hafi kastað mold að lögreglumanni, sem hafi slegið til hans, áður en gasi var beitt. Verður ekki talið sannað, að ákærði hafi kastað öðru en mold að lögreglumanni. Þessi háttsemi ákærða var þátttaka í upphlaupinu og varðar við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og

107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en refsingu hans, sem var 21 árs að aldri, er hann drýgði brotið, skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

11. Ákærði Árni Pálsson.

Að vætti lögreglumanns og samkvæmt játningu ákærða sjálfs kastaði hann eggi að varaliðsmönnum þeim, sem voru við Alþingishúsið umræddan dag. Þetta gerðist, eftir að byrjað var að kasta að þinghúsinu. Með þessu hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en refsingu hans, sem var 21 árs, er hann drýgði brot sitt, skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

12. Ákærði Kristján Guðmundsson.

Hinn 2. janúar 1952, eftir að héraðsdómur gekk, var ákærða dæmt í sakadómi Reykjavíkur fangelsi 3 mánuði og svipting kosningarréttar og kjörgengis fyrir brot gegn 1. mgr. 142. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 16. gr. laga nr. 33/1935.

Ákærði var staddur við Alþingishúsið frá því eftir hádegi umræddan dag, þar til skömmu eftir að tilkynnt hafði verið í hátalara, að þingmenn Sósíalistaflokksins væru lokaðir inni í Alþingishúsinu. Að vætti tveggja óeiðfestra vitna lét ákærði ófriðlega og kastaði skeytum að Alþingishúsinu, en ekki sáu þau, hverju hann kastaði. Sjálfur hefur ákærði játað, að hann hafi kastað moldarköggli að varnarliði Alþingis. Þá er og sannað með játningu ákærða og vætti eins vitnis, að hann veittist að ljósmyndara, sem var þar að taka mynd, og hratt honum. Ákærði hefur því gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 svo og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

13. Ákærði Guðmundur Helgason.

Með játningu ákærða og vætti vitnis er sannað, að hann kastaði eggjum að Alþingishúsinu og varnarliði því, sem þar var. Þetta gerðist, eftir að byrjað var að kasta mold og grjóti að Alþingishúsinu.Með þessu hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Refsingu ákærða, sem var 21 árs að aldri, er hann drýgði brot sitt, skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

14. Ákærði Alfons Guðmundsson.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi komið að Alþingishúsinu um kl. 3 e. h. nefndan dag og dvalizt þar um hríð. Með vætti lögreglumanna og játningu ákærða er sannað, að hann réðst, þegar upphlaupið var í algleymingi, að lögreglumanni, sem var þarna að starfi í einkennisbúningi, og sló hann hnefahögg í andlitið. Taldi ákærði sig hafa orðið fyrir kylfuhöggi, er lögreglumaðurinn var að reka hann ásamt öðru fólki frá Alþingishúsinu, en eigi réttlætir það á neinn hátt atferli ákærða. Því næst reif hann upp allstóra hraunhellu og kastaði henni í bræði að lögreglumanninum, en hæfði hann ekki. Um svipað leyti fékk maður nokkur ákærða barefli, og beitti hann því gegn lögreglumönnum, en eigi er í ljós leitt, hvort hann kom höggi á þá. Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði, en refsingu ákærða, sem var einungis 18 ára, þegar hann drýgði brot sitt, skal fresta, og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

15. Ákærði Páll Theódórsson.

Ákærði kom að Alþingishúsinu um kl. 1.30 e. h. og dvaldist þar til þess, er táragassprengjum var kastað.

Með vætti vitnis og játningu ákærða er sannað, að hann kastaði tveimur eggjum að Alþingishúsinu og varnarliði því, er þar var. Með þessu hefur hann gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Ákveðst refsing hans fangelsi 3 mánuði. Refsingu ákærða, sem var 20 ára, er hann drýgði brot sitt, skal fresta og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 eru haldin.

16. Ákærði Garðar Óli Halldórsson.

Ákærði kom niður að Alþingishúsi um kl. 2 e. h. umræddan dag og fór ekki af vettvangi, fyrr en táragassprengjum hafði verið kastað. Að vætti eins vitnis lét hann þar illa og ófriðlega. Ákærði kannast við, að hann hafi kastað stólfæti að einkennisbúnum lögreglumanni, sem var að reka ákærða og annað fólk frá Alþingishúsinu, er upphlaupið stóð sem hæst. Kveður vitnið lögreglumann þenna hafa áður greitt sér kylfuhögg í ógáti, en eigi réttlætir það á neinn hátt atferli ákærða. Með þessum verknaði hefur ákærði tekið þátt í upphlaupinu og með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun.

Með hliðsjón af fortíð ákærða, sem m. a. tvívegis hefur gerzt sekur um líkamsárásir, ákveðst refsing hans fangelsi 5 mánuði. Svo þykir og rétt af sömu ástæðu og með skírskotun til 3. mgr. 68. gr. framangreindra laga að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

17. Ákærði Ólafur Jensson.

Ákærði var á útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann og fór þaðan að Alþingishúsinu. Var hann þar, þangað til beitt hafði verið táragasi. Hann kveðst hafa farið á brott, er gasaðgerðir hófust, en kom fljótt aftur á vettvang. Er lögreglumenn ráku

hann og annað fólk frá Alþingishúsinu, greip hann á flóttanum táragassprengju, sem varpað hafði verið fram fyrir hann, og kastaði henni aftur fyrir sig í áttina að lögreglumanni, sem hann hörfaði undan. Tveir varaliðsmenn hafa borið, að ákærði hafi ráðizt á lögreglumann, og sjálfur hefur hann sagt, að vel geti verið, að hann kunni að hafa stjakað við lögreglumanninum. Með framangreindu framferði hefur ákærði tekið þátt í upphlaupinu, og varðar það við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

18. Ákærði Hálfdán Bjarnason.

Ákærði hefur játað, að kl. að ganga sex síðdegis umræddan dag hafi hann farið niður að Alþingishúsi. Voru þingmenn þá farnir úr þinghúsinu og upphlaupinu lokið. Er hann var þangað kominn, þreif hann reiðhjól, sem stóð við austurhlið hússins, henti því í glugga í húsinu og braut rúðu. Hélt hann síðan brott. Þegar ákærði framdi verknað þenna, var margmenni enn á vettvangi og lögreglumenn til varnar Alþingishúsinu. Verður að telja, að atferli ákærða hafi falið í sér hótun um ofbeldi gegn vörnum Alþingis. Varðar brot ákærða við 106. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Þegar litið er til þess, að ákærði játaði ótilkvaddur brot sitt, þykir rétt að ákveða, að refsingu hans skuli fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

19. Ákærði Jón Múli Árnason.

Með eiðfestum framburði tveggja varaliðsmanna er sannað, að ákærði kastaði steini að varaliðsmönnum lögreglunnar, meðan upphlaupið stóð sem hæst, en ekki virðist sá steinn hafa hæft neinn þeirra. Með þessu atferli hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar það brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

20. Ákærði Sigurður Jónsson.

Með skírskotun til þess, sem greinir í héraðsdómi, þykir varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um refsivert atferli, enda eru vitni þau óeiðfest, sem um hegðun hans hafa borið. Ber því að sýkna hann af ákæru í máli þessu.

21. Ákærði Magnús Jóel Jóhannsson.

Ákærði var staddur við Alþingishúsið frá því kl. rúmlega 1. e. h., þar til táragassprengjum var kastað, en þá hvarf hann af vettvangi. Vitni hafa borið, að hann hafi verið þarna í hópi manna, sem köstuðu grjóti að Alþingishúsinu, og að hann hafi látið ófriðlega, en ekkert vitni hefur séð hann kasta grjóti eða öðru, og sjálfur hefur hann neitað því staðfastlega. Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi eggjað menn til að kasta grjóti. Annað vitni segir, að hann hafi hvatt menn til þess að sækja barefli, og þriðja vitnið, að hann hafi eggjað menn til þess að ráðast inn í Alþingishúsið. Með framburði þessara þriggja vitna þykir leitt í ljós, að ákærði hafi látið ófriðlega, meðan á upphlaupinu stóð, og æst menn upp. Með þessu framferði hefur ákærði gerzt þátttakandi í upphlaupinu, og varðar brot hans við 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gæzluvarðhaldstíma ákærða og sviptingu réttinda hans.

22. Ákærði Hreggviður Stefánsson.

Tveir lögreglumenn gáfu skýrslu um, að þeir hefðu séð hóp ungmenna kasta eggjum að Alþingishúsinu. Þeir þekktu ekki þessa menn, en einn þeirra, ákærði Guðmundur Helgason, sagði öðrum lögreglumanninum til nafns síns, en síðan hafa lögreglumennirnir lýst því fyrir dómi, að þeir hafi síðar

þekkt ákærða Hreggvið Stefánsson sem einn þessara manna. Ákærði hefur stöðugt neitað því, að hann hafi tekið þátt í eggjakasti. Lögreglumennirnir voru ekki látnir benda á ákærða í hópi manna. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að fulltreysta skynjan þeirra um, að ákærði hafi verið þarna að verki, og þykir því bera að sýkna hann af ákæru í máli þessu.

23. Ákærði Guðmundur Jónsson.

Ákærði kom á Austurvöll kl. að ganga sex umræddan dag. Voru þingmenn þá farnir úr þinghúsinu og upphlaupið um garð gengið. Margt manna var þá enn á vellinum og götunni fyrir framan Alþingishúsið. Kveður ákærði, að nokkrir piltar hafi verið þar með grjót, sem þeir vörpuðu að Alþingishúsinu. Hafi einn þeirra fengið sér stein í hönd og hvatt sig til þess að kasta honum að þinghúsinu. Varð hann við þeim tilmælum, og kveður hann steininn hafa lent í húsveggnum. Þegar ákærði framdi verknað þenna, voru lögreglumenn enn til varnar Alþingishúsinu, og verður að telja, að falizt hafi í steinkastinu hótun um ofbeldi gegn vörnum Alþingis. Varðar brot ákærða við 106. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði var á 17. ári, er þetta gerðist, og þykir refsing hans með hliðsjón af 2. tölulið 74. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 hæfilega ákveðin kr. 1500.00 sekt í ríkissjóð. Fresta skal framkvæmd refsingar og niður skal hún falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ef skilorð nefndra laga verða ekki haldin, sæti ákærði 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsingin verði framkvæmd.

24. Ákærði Kristófer Sturluson.

Með skírskotun til raka þeirra, sem í héraðsdómi greinir, ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða.

IV.

Um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti fer sem hér segir:

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Hreggviðs Stef-

ánssonar í héraði, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Stefán Oddur Magnússon greiði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, kr. 300.00. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns í héraði hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti skulu vera óröskuð ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málsvarnarlauna í héraði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar, Hreggviðs Stefánssonar og Kristófers Sturlusonar, kr. 4000.00, svo og málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti ákærða Sigurðar Jónssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Jón Múli Árnason, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson og Stefán Ögmundsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 12000.00.

Ákærðu Garðar Óli Halldórsson, Gísli Rafn Ísleifsson, Hálfdán Bjarnason, Jóhann Pétursson, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 8000.00.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason, Guðmundur Helgason og Magnús Hákonarson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 5500.00.

Ákærðu Stefán Oddur Magnússon og Stefán Sigurgeirsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 5000.00.

Ákærðu Alfons Guðmundsson, Árni Pálsson, Guðmundur Jónsson og Páll Theódórsson greiði hver um sig skipuðum verjanda sínum í Hæstarétti málflutningslaun, kr. 3500.00.

Um annan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 20000.00, ákveðst þetta. Með því að fjórir hinna ákærðu hljóta sýknudóm, verður nokkur hluti sakarkostnaðar lagður á ríkissjóð. Kostnaður af rannsókn málsins, að því er tekur til nokkurra hinna ákærðu, er að miklum mun minni en varðar aðra ákærða. Þykir því rétt, að sakarkostnaður þessi greiðist sem hér segir:

Ríkissjóður greiði $\frac{1}{8}$ hluta.

Ákærðu Guðmundur Jónsson og Hálfdán Bjarnason greiði hvor um sig 1/40 hluta.

Ákærðu Árni Pálsson, Friðrik Anton Högnason, Gísli Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason, Jóhann Pétursson, Páll Theódórsson og Stefán Oddur Magnússon greiði in solidum 1/5 hluta.

Ákærðu Alfons Guðmundsson, Garðar Óli Halldórsson, Jón Múli Árnason, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson, Magnús Hákonarson, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson, Stefán Sigurgeirsson, Stefán Ögmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum 5/8 hluta.

Dómsorð:

Ákærðu Guðmundur Björgvin Vigfússon, Hreggviður Stefánsson, Kristófer Sturluson og Sigurður Jónsson eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Stefán Ögmundsson sæti fangelsi 12 mánuði. Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda hans.

Ákærði Alfons Guðmundsson sæti fangelsi 12 mánuði, en refsingu hans skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Jón Kristinn Steinsson sæti fangelsi 7 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Magnús Jóel Jóhannsson sæti fangelsi 7 mánuði. Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

Ákærði Stefnir Ólafsson sæti fangelsi 7 mánuði. Stað-

fest eru ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

Ákærði Jón Múli Árnason sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Magnús Hákonarson sæti fangelsi 6 mánuði. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma ákærða. Refsingu ákærða skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Stefán Sigurgeirsson sæti fangelsi 6 mánuði. Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma og sviptingu réttinda ákærða.

Ákærði Garðar Óli Halldórsson sæti fangelsi 5 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Friðrik Anton Högnason sæti fangelsi 4 mánuði, en fresta skal refsingu hans og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Kristján Guðmundsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Ólafur Jensson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Jóhann Pétursson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærðu Árni Pálsson, Gísli Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason og Páll Theódórsson sæti hver um sig fangelsi 3 mánuði, en fresta skal refsingu þeirra og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Hálfdán Bjarnason sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal refsingu hans og hún falla niður eftir 5 ár

frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon greiði kr. 2500.00 sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Jónsson greiði kr. 1500.00 sekt til ríkissjóðs, en fresta skal refsingu hans og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin. Ef skilorð nefndra laga verða ekki haldin, sæti ákærði 12 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsingin verði framkvæmd.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Hreggviðs Stefánssonar í héraði, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns í héraði hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar, Áka Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Stefán Oddur Magnússon greiði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í héraði, Áka Jakobssonar héraðsdómslögmanns, kr. 300.00. Að öðru leyti skulu vera óröskuð ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málsvarnarlauna í héraði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti hinna ákærðu Guðmundar Björgvins Vigfússonar, Hreggviðs Stefánssonar og Kristófers Sturlusonar, hæstaréttarlögmanns Ragnars Ólafssonar, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málflutningslaun skipaðs verjanda í Hæstarétti ákærða Sigurðar Jónssonar, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Jón Múli Árnason, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson og Stefán Ögmundsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12000.00.

Ákærðu Garðar Óli Halldórsson, Gísli Rafn Ísleifsson, Hálfdán Bjarnason, Jóhann Pétursson, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason, Guðmundur Helgason og Magnús Hákonarson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5500.00.

Ákærðu Stefán Oddur Magnússon og Stefán Sigurgeirsson greiði in solidum málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Ákærði Alfons Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Ákærði Árni Pálsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Ákærði Guðmundur Jónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Ákærði Páll Theódórsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Allur annar sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í

Hæstaréttí, Hermanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20000.00, greiðist þannig:

Ríkissjóður greiði ⅛ hluta.

Ákærðu Guðmundur Jónsson og Hálfdán Bjarnason greiði hvor um sig 1/40 hluta.

Ákærðu Árni Pálsson, Friðrik Anton Högnason, Gísli Rafn Ísleifsson, Guðmundur Helgason, Jóhann Pétursson, Páll Theódórsson og Stefán Oddur Magnússon greiði in solidum ⅕ hluta.

Ákærðu Alfons Guðmundsson, Garðar Óli Halldórsson, Jón Múli Árnason, Jón Kristinn Steinsson, Kristján Guðmundsson, Magnús Hákonarson, Magnús Jóel Jóhannsson, Ólafur Jensson, Stefán Sigurgeirsson, Stefán Ögmundsson og Stefnir Ólafsson greiði in solidum ⅝ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. marz 1950.

Ár 1950, laugardaginn 25. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1275—1298/1950: Ákæruvaldið gegn Stefáni Ögmundssyni, Stefáni Oddi Magnússyni, Guðmundi Björgvin Vigfússyni, Stefáni Sigurgeirssyni, Stefni Ólafssyni, Magnúsi Hákonarsyni, Jóni Kristni Steinssyni, Friðrik Anton Högnasyni, Jóhanni Péturssyni, Gísla Rafni Ísleifssyni, Árna Pálssyni, Kristjáni Guðmundssyni, Guðmundi Helgasyni, Alfons Guðmundssyni, Páli Theódórssyni, Garðari Óla Halldórssyni, Ólafi Jenssyni, Hálfdáni Bjarnasyni, Jóni Múla Árnasyni, Sigurði Jónssyni, Magnúsi Jóel Jóhannssyni, Hreggviði Stefánssyni, Guðmundi Jónssyni og Kristófer Sturlusyni, sem tekið var til dóms hinn 22. febrúar sama ár.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Stefáni Ögmundssyni prentara, Þingholtsstræti 27, Stefáni Oddi Magnússyni bifreiðarstjóra, Blönduhlíð 4, Guðmundi Vigfússyni framkvæmdarstjóra, Bollagötu 10, Stefáni Sigurgeirssyni verkamanni, Lokastíg 17, Stefni Ólafssyni verkamanni, Laugavegi 67, Magnúsi Hákonarsyni rafvélavirkjanema, Marargötu 2, Jóni Kristni Steinssyni bifvélavirkja, Nökkvavogi 8, Friðrik Anton Högnasyni bifreiðarstjóra, Mávahlíð 4, Jóhanni Péturssyni rithöfundi, Hofteigi 4, Gísla Rafni Ísleifssyni nemanda, Skólavörðustíg 12, Árna Pálssyni nemanda, Mánagötu 16, Kristjáni Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Suðurpól 3, Guðmundi Helgasyni iðnnema, Laufásvegi 77, Alfonsi Guðmundssyni verkamanni, Laufásvegi 41, Páli Theódórssyni stúdent, Sjafnargötu 11, Garðari

Óla Halldórssyni sjómanni, Smiðjustíg 5, Ólafi Jenssyni stúdent, Baugsvegi 33, Hálfdáni Bjarnasyni deildarstjóra, Heiðavegi við Hagaveg, Jóni Múla Árnasyni útvarpsþul, Hringbraut 105, Sigurði Jónssyni sundhallarverði, Miðtúni 58, Magnúsi Jóel Jóhannssyni rennismið, Eiríksgötu 6 A, Hreggviði Stefánssyni stúdent, Háteigsvegi 30, Guðmundi Jónssyni verkamanni, Bakkastíg 6, og Kristófer Sturlusyni sjómanni, Sauðagerði B, fyrir brot gegn XI., XII. og XIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, fæddir sem hér segir: Stefán Ögmundsson 23. júlí 1909, Stefán Oddur Magnússon 20. marz 1919, Guðmundur Björgvin Vigfússon 15. september 1915, Stefán Sigurgeirsson 26. júlí 1902, Stefnir Ólafsson 16. apríl 1927, Magnús Hákonarson 30. desember 1931, Jón Kristinn Steinsson 3. nóvember 1908, Friðrik Anton Högnason 12. marz 1928, Jóhann Pétursson 18. febrúar 1918, Gísli Rafn Ísleifsson 8. apríl 1927, Árni Pálsson 9. júní 1927, Kristján Guðmundsson 2. júlí 1927, Guðmundur Helgason 1. desember 1927, Alfons Guðmundsson 10. ágúst 1930, Páll Theódórsson 4. júlí 1928, Garðar Óli Halldórsson 4. nóvember 1928, Ólafur Jensson 16. júní 1924, Hálfdán Bjarnason 28. ágúst 1903, Jón Múli Árnason 31. marz 1921, Sigurður Jónsson 23. júlí 1924, Magnús Jóel Jóhannsson 28. nóvember 1922, Hreggviður Stefánsson 20. marz 1927, Guðmundur Jónsson 27. apríl 1932 og Kristófer Sturluson 22. febrúar 1925.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Magnús Hákonarson, Gísli Rafn Ísleifsson, Árni Pálsson, Páll Theódórsson og Sigurður Jónsson hafa eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Aðrir ákærðu hafa sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

Stefán Ögmundsson.
Í Reykjavík:

1942 17/11 Dómur lögregluréttar: 1000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 127/1941.

1943 9/6 Dómur Hæstaréttar í sama máli: Sýknaður. (Gizur Bergsteinsson gerði sératkvæði).

Stefán Oddur Magnússon.
Í Reykjavík:

1935 18/5 Sátt: 40 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án þess að hafa rétt til að aka bifreið.

Guðmundur Björgvin Vigfússon.
Í Reykjavík:

1948 11/3 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Stefnir Ólafsson.
Í Reykjavík:

1938 8/3 Kærður fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1946 17/11 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 15/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 15/1 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og spellvirki. 350 kr. skaðabætur í sama máli.
1949 17/5 Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot gegn 17. gr., 1. mgr., áfengislaga.
1949 9/6 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Jón Kristinn Steinsson.
Í Reykjavík:
1941 17/3 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1946 20/3 Dómur: 30 daga varðhald, sviptur ökuskírteini í eitt ár fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. Dómur Hæstaréttar í sama máli 29/1 1947: 3000 kr. sekt, sviptur ökuskírteini í 3 ár.
1948 30/10 Dómur: 10 daga varðhald fyrir að stjórna bifreið eftir að hafa verið sviptur ökuréttindum.
Í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:
1949 21/8 Sátt: 20 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.

Friðrik Anton Högnason.
Í Reykjavík:
1948 19/5 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1948 31/8 Undir rannsókn út af umferðarslysi. Málsókn felld niður með ráðuneytisúrskurði 9/9 1949.

Jóhann Pétursson.
Á Siglufirði:
1938 28/8 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Kristján Guðmundsson.
Í Reykjavík:
1946 28/6 Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt og bifreiðalögum.
1947 10/7 Sátt: 40 kr. sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.
1947 5/12 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1949 21/6 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Guðmundur Helgason.
Í Reykjavík:
1949 24/7 Sátt: 100 kr. sekt fyrir ofhraðan bifreiðarakstur og brot á 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaga.

Alfons Guðmundsson.
Í Reykjavík:
1939 22/2 Kærður fyrir að hanga aftan í bifreið.
Afgreitt til barnaverndarnefndar.

Garðar Óli Halldórsson.
Í Reykjavík:
1946 31/7 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot á a-lið 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1947 28/6 Sátt: 100 kr. sekt fyrir að hindra lögregluþjón í starfi sínu.
1947 17/10 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 17. gr. áfengislaga.
1948 3/11 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1948 21/12 Dómur: 2 mánaða fangelsi, 4560 kr. skaðabætur, fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 2/5 Sátt: 500 kr. sekt, 1500 kr. skaðabætur fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 26/6 Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ólafur Jensson:
Í Reykjavík:
1941 2/11 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot á c-lið 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 16/5 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 12/8 Sátt: 80 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. 26. gr. bifreiðalaga.

Hálfdán Bjarnason.
Í Reykjavík:
1948 1/10 Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot gegn tilskipunum verðlagsstjóra nr. 35/1947 og nr. 40/1944.

Jón Múli Árnason.
Í Reykjavík:
1946 1/3 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Magnús Jóel Jóhannsson.
Í Reykjavík:
1948 26/11 Sátt: 75 kr. sekt fyrir brot gegn 31. gr., 3. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. 7. gr. umferðarlaga.

Hreggviður Stefánsson.
Í Reykjavík:
1947 2/12 Sátt: 40 kr. sekt fyrir ógætilegan bifreiðarakstur og afturljósleysi á bifreið.

Guðmundur Jónsson.
Í Reykjavík:
1943 13/1 Kveikti eld á götu. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

Kristófer Sturluson.
Í Reykjavík:
1944 28/11 Dómur: 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1946 6/6 Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

Hinn 28. marz 1949 bar ríkisstjórnin fram á Alþingi svohljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi þeim, sem fulltrúar Bandaríkjanna, Belgíu, Frakklands, Hollands, Kanada, Luxembourg og Noregs hafa orðið ásáttir um og prentaður er sem fylgiskjal með ályktun þessari.“ Áður en tillaga þessi kom fram, hafði mikið verið um það rætt og ritað, hvort Ísland skyldi gerast stofnaðili að samningi þessum. Skoðanir um það voru skiptar, og risu um þetta illvígar deilur í blöðum og á mannfundum. Hér í bæ voru blöðin yfirleitt fylgjandi aðild Íslands að samningnum, nema Þjóðviljinn og Þjóðvörn, sem beittu sér mjög gegn henni. Á Alþingi voru tvær umræður um tillöguna, hin fyrri þriðjudaginn 29. marz, kl. 10—21,35, en hin síðari miðvikudaginn 30. marz, kl. 10—14,30. Að lokinni síðari umræðu var tillagan samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13 og afgreidd sem ályktun Alþingis.

Vegna þess hve ófriðlega var látið gegn málinu og þeim, sem vitað var, að því fylgdu á þingi, var öllu lögregluliði bæjarins boðið út báða umræðudagana til að halda uppi friði og reglu við Alþingishúsið, meðan umræðurnar færu fram. Fyrri umræðudaginn urðu engar óeirðir fyrr en um kvöldið, þegar dimmt var orðið. Umræðum var þá slitið og atkvæðagreiðslu lokið og þingmenn yfirleitt farnir úr fundarsal neðri deildar, þegar grjótkast hófst á þinghúsið utan af Austurvelli, og linnti því ekki, fyrr en brotnar höfðu verið 11 rúður í gluggum fundarsals neðri deildar og 3 rúður í aðalinngangi hússins. Féllu við þetta bæði glerbrot og steinar inn í þingsalinn. Lögreglan reyndi að sefa óspektalýðinn og fjarlægði hann frá húsinu út á Austurvöll. Féll þá grjótkastið niður, en vegna myrkurs og mannfjölda gat lögreglan ekki séð, hverjir köstuðu grjótinu né hverjir æstu til þeirra verka, enda virtist grjótkastið koma nokkuð að baki mannfjöldanum. Að loknum fundi héldu alþingismenn heim óáreittir að því undanteknu, að gerður var aðsúgur að utanríkisráðherra og formanni Sjálfstæðisflokksins, þegar þeir gengu frá þinghúsinu að Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll.

Lögreglan verndaði för þeirra, svo þeir komust inn í Sjálfstæðishúsið. Óspektalýðurinn hóf þá grjótkast á Sjálfstæðishúsið, og varð lögreglan þá að dreifa honum. Féllu óspektirnar þá niður þann dag. Eigi sá lögreglan,

hverjir að þessum óspektum stóðu, og eigi hefur það orðið upplýst með öðrum hætti.

Síðari umræðudaginn, 30. marz, boðuðu fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og Verkamannafélagið Dagsbrún til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann kl. 1 e. h., til að Reykvíkingum gæfist tækifæri til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norður-Atlantshafsríkjanna, enn einu sinni áður en Alþingi tæki fullnaðarákvörðun um málið, eins og það var orðað í fundarboðinu, og var skorað á almenning að taka sér frí frá störfum til að mæta á útifundinum. Þenna sama morgun höfðu formenn stjórnarþingflokkanna þriggja skorað á friðsama borgara að koma á Austurvöll kl. 12—1 þenna dag til að sýna, að þeir vildu, að Alþingi hefði starfsfrið. Mikill fjöldi fólks varð við þessari áskorun. Að loknum útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann héldu fundarmenn að Alþingishúsinu. Af þessum sökum safnaðist mikill múgur manns að þinghúsinu um og eftir hádegið, enda var gott veður. Lögreglan var öll á verði, búin tækjum, þ. á m. táragasi, ef á þyrfti að halda. Aðstoðarlið var að baki lögreglunnar úti fyrir þinghúsinu og einnig inni í því. Klukkan að ganga tvö eða nokkru eftir að fundarmenn af útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann komu að þinghúsinu, hófust nokkrar óeirðir úti fyrir húsinu, hrópuðu ýmsir „þjóðaratkvæði" og fleira, og um það leyti sem atkvæðagreiðslan í þinginu hófst, en hún stóð alllengi yfir, var tekið að kasta grjóti, mold, torfi og eggjum í húsið, að lögreglunni og yfir mannfjöldann. Grjót, mold og torf rifu menn upp úr vellinum. Nokkrir óspektarmenn réðust á grindverk við Baðhús Reykjavíkur, að því er virtist í því skyni að brjóta það og ná úr því bareflum, en lögreglunni tókst að mestu að hindra það. Hún reyndi að sefa óeirðaseggina og fjarlægja þá frá þinghúsinu, en eigi bar það árangur í fyrstu. Hófst nú, meðan atkvæðagreiðslan stóð yfir, nær óslitin hríð að húsinu og þeim, sem við það stóðu, og var kastað þeim hlutum, sem áður eru nefndir. Með grjótkasti var brotinn fjöldi rúða í þinghúsinu, og flugu steinar, sem inn um glugga neðrideildarsalsins komu, víðsvegar um salinn. Glerbrot hentust einnig langt inn í salinn, en einkum lentu þau þó við stóla forseta, ráðherra og fundarskrifara, sem eiga sæti næst glugganum. Framhlið þinghússins ataðist mold og eggjum, og lögreglan og hjálparlið hennar varð mjög fyrir kasti þessu. Grjótkastið var stórháskalegt mannþrönginni úti fyrir húsinu og þá fyrst og fremst lögreglunni og hjálparliði hennar, sem næst stóðu húsinu, og verður síðar vikið að þeim slysum, sem það olli. Þegar kasthríðin hófst fyrir alvöru, fjarlægði lögreglan mannfjöldann húsinu norður undir líkneski Jóns forseta á Austurvelli. Óeirðaseggir beittu þá lögregluna barsmíðum og grjótkasti, og varð hún að beita kylfum í harðri viðureign við þá, og tók hjálparliðið þátt í henni. Að þessu loknu, færði lögreglan sig á norðurgangstéttina við Kirkjustræti, en óeirðaseggir fylgdu eftir með grjótkasti. Þegar hér var komið, var ákveðið að dreifa mannfjöldanum með táragasi, en áður en það var gert, kallaði lögreglumaður í hátalara í anddyri þinghússins aðvaranir um þetta til mannfjöldans og bað hann hverfa á brott, en ella yrði að

beita táragasi. Illa heyrðist í hátalaranum, enda hávaði úti fyrir húsinu, og mjög í sama mund og í hann var kallað, hófust gasaðgerðirnar. Við þær þusti mannfjöldinn burt, en þegar gasreyknum hafði létt af Austurvelli, sótti fólksstraumur þangað aftur. Var gassprengjum þá aftur kastað og völlurinn hreinsaður af fólki. Um kvöldið urðu óspektir á Austurvelli og þrjár sprengjur sprengdar þar, svo að hús í nágrenni skulfu við, og rúður brotnuðu í Sjálfstæðishúsinu. Litlu síðar voru tvær sprengjur sprengdar þar í grennd, og safnaðist þá hópur manna að lögreglustöðinni og hóf grjótkast á glugga hennar og braut þannig nokkrar rúður á norður- og vesturhlið hennar. Hóp þessum var síðan dreift með táragasi. Upp úr þessu fjöruðu óeirðirnar út, og um kl. 1 um nóttina var komin kyrrð á í bænum.

Eftir óeirðirnar var ófagurt umhorfs við Alþingishúsið og á Austurvelli. Rúður voru sem áður segir brotnar í húsinu og það atað auri utan, grjót- og moldarhrönn á götunni framan við það, og völlurinn og gangstígabrúnir á honum meira og minna rifnar upp, en úr gangstígabrúnunum höfðu óeirðaseggirnir rifið upp grjótið, sem kastað var.

Um leið og forseti þingsins sleit fundi, tilkynnti hann þingmönnum þá ósk lögreglustjóra, að þeir færu ekki úr húsinu, fyrr en hann teldi það óhætt vegna óeirðanna úti fyrir. Urðu þingmenn við þessari ósk. Tveir þeirra ætluðu þó að fara út þrátt fyrir þessi tilmæli, en urðu þá fyrir eggjakasti og hörfuðu þá aftur inn í húsið. Þegar mannfjöldanum hafði verið dreift, komu bifreiðar að þinghúsinu, og fóru þingmenn á brott í þeim. Við brottförina var veitzt að forsætisráðherranum og utanríkisráðherranum, án þess þó, að meiðsl hlytust af, en að öðru leyti komust þingmenn vandræðalaust á brott.

Eftir áðurnefndan útifund við Miðbæjarbarnaskólann kom jeppabifreiðin R. 6156 fram í sundið sunnan við Hótel Borg við Austurvöll og síðar í Pósthússtræti, og var úr bifreið þessari kallað með hátalara til fólksfjöldans, og virtust þau köll, einkum að þingmenn Sameiningarflokks alþýðu, sósialistaflokksins, væru fangar í þinghúsinu, hafa mjög æsandi áhrif á þá, sem óeirðirnar höfðu í frammi, og kom aðalhríðin að þinghúsinu og lögreglunni í kjölfar hins síðasta þessara kalla. Verður nánar að þessu vikið síðar.

Rannsókn máls þessa hefur að sjálfsögðu beinzt að því meðal annars, hvort samtök manna hafi staðið að óeirðunum. Þó ýmis atvik bendi til þess, að svo hafi verið, verður það þó eigi talið sannað.

Af óeirðunum hlutust mikil meiðsli á mönnum, og verða þau nú rakin.

Ágúst Jónsson rannsóknarlögregluþjónn hlaut steinshögg í höfuðið úti fyrir þinghúsinu, þar sem hann var að skyldustörfum sínum, og missti meðvitund um skeið. Samdægurs var hann fluttur í Landsspítalann, og þar lá hann til 28. apríl. Talið er, að brestur hafi komið í höfuðkúpuna, vinstri hlust rifnaði, háls- og hnakkavöðvar hafa sennilega tognað o. s. frv. Hefur hann verið að mestu frá verkum síðan við illa líðan með köflum. Síðasta vottorð um heilsu hans er frá Kristjáni lækni Þorvarðssyni, dagsett 25. nóvember s.l., þar sem auk sjúkdómslýsingar segir, að

sjúklingurinn sé óvinnufær og þurfi frekari rannsóknar við, og ráðlagt er, að hann leiti sér lækninga erlendis hjá heilaskurðfræðingi.

Eiður Gíslason lögregluþjónn varð fyrir steinkasti í andlitið, svo sem síðar verður að vikið, og hlaut af því skurði gegnum báðar varir, tennur losnuðu o. fl. Gert var að sárum hans á Landsspítalanum, og lá hann síðan heima rúmfastur um skeið. Síðasta læknisvottorð um hann er frá 8. júní s.l., og er hann þá talinn mikið til jafngóður, en nokkur ör hafi hann hlotið eftir meiðslin.

Thomas Karl Bóasson lögregluþjónn fékk steinkast í vinstri mjöðm, og hlauzt af því mikið og djúpt mar, svo að hann gat ekki stigið í fótinn næstu daga.

Þórður Kárason lögregluþjónn fékk steinshögg í ennið, svo að gasgríman rifnaði og blæðandi sár hlauzt af. Gert var að sárinu, og var það samkvæmt læknisvottorði gróið 28. apríl s.l., en ör var eftir. Var það til talsverðra lýta, og telur læknirinn það ekki munu hverfa til fulls.

Guðmundur Brynjólfsson lögregluþjónn fékk steinshögg á vinstra auga, og hlauzt af því talsverður áverki, svo að hann missti sjón á auganu um tíma.

Lárus Salómonsson lögregluþjónn hlaut mar á hægri öxl, hönd og fót af steinshöggi. Enn fremur steinshögg í hjálminn, sem rothögg hefði getað orðið, ef hjálmsins hefði eigi notið við. Ýmsir aðrir lögregluþjónar hlutu minni áverka, aðallega af steinkasti. Níu menn aðrir hlutu minni háttar meiðsl auk sumra hinna ákærðu, en meiðsla hinna síðastnefndu verður getið síðar.

Í hinum mikla mannfjölda og við þær aðstæður, sem óeirðirnar sköpuðu, veittist lögreglunni örðugt að taka eftir, hverjir það voru, sem óspektir höfðu í frammi, og hefur það torveldað mjög rannsókn þessa máls. Reynt hefur verið eftir föngum að upplýsa málið, og hefur sú rannsókn leitt til málshöfðunar þessarar. Verða hér á eftir rakin málsatvik um hina ákærðu, hvern um sig eða fleiri en einn saman, eftir því sem efni standa til.

Ákærðu Stefán Ögmundsson, Stefán Oddur Magnússon og Guðmundur Björgvin Vigfússon.

Eins og að framan segir, boðaði fulltrúaráð verkalýðsfélaganna og verkamannafélagið Dagsbrún hér í bænum til útifundar við Miðbæjarbarnaskólann kl. 13 30. marz til að ræða um þjóðaratkvæði um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon, framkvæmdarstjóri fulltrúaráðs, undirbjó fundinn fyrir hönd fundarboðenda. Hann kveðst hafa talið heppilegt að hafa bifreið til afnota við undirbúning fundarins og á fundinum sjálfum, og hafði hann þá í huga, að komið væri fyrir magnara og hátalara á bifreiðinni, sem hægt væri að tala í á fundinum til að ná betur til fólksins. Stjórn fulltrúaráðsins var á sama máli. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon þekkti Gunnar Össurarson húsasmið, Mávahlíð 41 hér í bæ, og vissi, að hann átti jeppabifreið. Seinni hluta 29. marz talaði ákærði Guðmundur Björgvin við

Gunnar og bað hann um að lána fulltrúaráðinu bifreiðina til afnota við undirbúning að útifundinum næsta dag. Varð Gunnar við þessu og kvað bifreiðina vera við Kirkjuhvol og væru lyklar hennar í borði hennar. Gunnar kveðst hafa talað um það, að þegar fulltrúaráðið væri búið að nota bifreiðina, yrði hún ásamt lykli hennar skilin eftir fyrir utan Þórsgötu 1, þar sem skrifstofur Sósíalistaflokksins eru, en ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon man þetta ekki og rengir ekki.

Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon hringdi síðan til ákærða Stefáns Odds Magnússonar, en þeir þekkjast. Bað hann ákærða Stefán Odd um að aka jeppabifreið í sambandi við fund, sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna hefði boðað til kl. 13 daginn eftir við Miðbæjarbarnaskólann og að útvega magnara og hátalara, sem settir væru í bifreiðina og hægt væri að nota á fundinum. Ákærði Stefán Oddur lofaði að verða við þessu. Ákærði Guðmundur Björgvin sagði honum, að bifreiðin væri við Kirkjuhvol og lyklarnir væru í borði hennar, og bað hann um að koma með bifreiðina á fundinn. Þeir minnast ekki, að nokkuð væri talað um það á milli þeirra, hvar eða hvenær skila ætti bifreiðinni. Þeim ber saman um, að ákærði Guðmundur Björgvin hafi ekkert minnzt á það, hvaða magnara og hátalara skyldi fá í jeppabifreiðina eða hvar slík tæki skyldu fengin. Þá ber þeim saman um, að ákærði Guðmundur Björgvin hafi ekki minnzt á það við ákærða Stefán Odd, að hann skyldi vera til taks eftir fundinn til frekara starfs. Ákærði Stefán Oddur náði svo í bifreiðina við Kirkjuhvol, setti í hana magnara og hátalara og lét hana vera heima hjá sér um nóttina. Verður síðar vikið að þeim þætti, hver hafi átt magnarann og hátalarann.

Áðurgreindur fundur var settur kl. rúmlega 13 næsta dag, 30. marz, á hinum ráðgerða fundarstað. Á fundinum skyldi rætt um tillögu, sem fram hafði komið á Alþingi um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalagi og ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon stýrði fundinum, sem var allfjölmennur. Fundurinn var örstuttur, og eini ræðumaður á honum var ákærði Stefán Ögmundsson. Lagði hann til, að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um áðurgreint mál. Þá kveðst hann hafa tekið fram, að fundarmenn væru saman komnir vopnlausir og í friðsamlegum tilgangi, til að neyta seinasta færis til að bera fram ósk um þjóðaratkvæðagreiðslu um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalagi. Af hálfu fundarboðenda var borin fram tillaga um, að fundurinn vildi fá þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með samhljóða atkvæðum. Fundarboðendur tilnefndu þriggja manna nefnd til að flytja tillöguna til Alþingis. Í nefndinni voru þeir ákærði Stefán Ögmundsson, Björn Bjarnason, stjórnarmeðlimur fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, og Sigurður alþingismaður Guðnason, formaður Dagsbrúnar, en Sigurður var ekki á fundinum, heldur í Alþingishúsinu vegna þingfunda. Á fundinum var tilkynnt um nefndina og að hún myndi fara til Alþingis, en ekki er upplýst, hvort fundarmenn voru beðnir um að koma að Alþingishúsinu.

Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason héldu síðan með til-

löguna, sem var á vélrituðu blaði, að Alþingishúsinu, og halda þeir, að klukkan hafi þá ekki verið orðin 13.30 eða þá í kringum það. Við Alþingishúsið hafði safnazt saman töluverður mannfjöldi auk fjölmenns lögregluliðs og aðstoðarmanna þess, og virtist innganga í Alþingishúsið ekki vera greið. Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason sneru sér þá til Lárusar Salómonssonar lögregluþjóns, sem var fyrir austan Alþingishúsið, og skýrðu honum frá því, að þeir væru með tillögu áðurgreinds fundar, sem þeir þyrftu að færa Alþingi, og vildu þeir af þeim ástæðum fá að tala við formenn þingflokkanna. Lárus spurði þá að því, hvort þeir vildu ekki fara inn um bakdyr hússins, sem sjáanlega var greiðari aðgangur að en að aðaldyrunum, en þeir sögðu honum þá, að þeir vildu fara inn um aðaldyrnar, þar sem þeir væru með opinbert erindi. Ruddi Lárus þeim þá braut að aðaldyrum hússins að norðanverðu, en inn í húsið fengu þeir ekki að fara. Að beiðni þeirra var náð í Sigurð alþingismann Guðnason, og kom hann að vörmu spori út í anddyrið til þeirra. Tók Sigurður við tillögu fundarins og kvaðst mundu koma henni á framfæri í þinginu, en hvarf síðan inn í húsið.

Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason biðu nú um stund skammt fyrir utan framhlið þinghússins í Kirkjustræti eftir því, að Sigurður kæmi út til þeirra. Alltaf bættist við fólkið fyrir framan þinghúsið og á Austurvelli. Sumir munu hafa verið farnir að hrópa: Þjóðaratkvæði, en kast lausra hluta í þinghúsið mun þá ekki hafa verið byrjað.

Ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason héldu svo inn í þinghúsið til að hafa tal af Sigurði alþingismanni Guðnasyni, en þeir höfðu nú báðir aðgöngumiða að áheyrendapöllunum. Þeir báðu um að fá að tala við Sigurð, og eftir nokkra stund kom hann og tjáði þeim, að hann hefði lagt tillögu fundarins fyrir forseta sameinaðs þings. Síðan hvarf Sigurður til þingsala, en kom aftur eftir nokkra stund til þeirra. Skýrði hann þeim nú frá því, að forseti hefði tilkynnt honum, að hann hefði talað við formenn þingflokkanna um tillöguna og svör við henni, og hefðu formenn Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins neitað að verða við þeirri tillögu fundarins, að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði látin fram fara um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Ákærði Stefán Ögmundsson, Björn Bjarnason og Sigurður Guðnason voru allir sammála um, að það yrði að tilkynna mannfjöldanum, sem væri fyrir utan Alþingishúsið og á Austurvelli, þessi málalok og afdrif tillögu áðurgreinds fundar. Kveðst Sigurður hafa spurt, hvort hann ætti að tilkynna fólkinu þetta, en séð, að hann mætti ekki vera að því að gera það, sökum þess að hann þurfti að vera á þingfundi. Varð það því að ráði þeirra allra, að ákærði Stefán Ögmundsson skyldi tilkynna mannfjöldanum þetta, en þeir muna ekki, hver átti uppástunguna að því. Síðan fór Sigurður aftur inn í þingsalinn, en ákærði Stefán Ögmundsson og Björn Bjarnason út úr þinghúsinu.

Þeim ber þremur saman um það, að ekkert hafi verið búið að ræða um það milli þeirra, hvernig eða með hverjum hætti tilkynna skyldi mann-

fjöldanum málalokin, þar á meðal hvort honum yrði tilkynnt það í gegnum hátalara eða ekki.

Ákærði Stefán Ögmundsson hefur borið, að honum hafi verið það ljóst, að rödd hans náði skammt til að tilkynna hinum mikla mannfjölda, sem nú var saman kominn á Austurvelli og við hann, án magnara. Hann vissi, að í sambandi við áðurgreindan fund hafði verið tiltæk bifreið með magnara og hátalara. Hafði hann fregnað það nokkru fyrir fundinn, að bifreið þessi myndi verða á fundinum, svo að unnt væri að grípa til hennar, ef á þyrfti að halda. Hann telur trúlegt, að einhverjir af þeim, sem að fundinum stóðu, hafi skýrt honum frá þessu, en kveðst ekki muna, hvaða menn það hafi verið. Hann kveðst ekki hafa séð bifreiðina og minnist þess ekki, að talað væri um hana á fundinum, en hann hafi gengið út frá því, að hún myndi vera þar. Þá kveður hann, að einhverjir af þeim, sem að fundinum stóðu, en hverjir, kveðst hann ekki muna, hafi skýrt honum frá því, að bifreiðin gæti verið nærtæk fyrir hann, ef á þyrfti að halda, til að kynna þeim, sem á fundinum voru, svör þau, sem samþykkt fundarins fengi á Alþingi. Á fundinum hafi hann frétt, að ákærði Stefán Oddur Magnússon væri ökumaður bifreiðarinnar. Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að samband hans við ákærða Stefán Odd Magnússon hafi ekki verið eins gott og skyldi, því að hann hafi ekki vitað, hvar bifreiðin skyldi vera og ekki nákvæmlega, hvar ákærði Stefán Oddur myndi halda sig. Afleiðingin hafi orðið sú, að þegar hann og Björn Bjarnason hafi verið komnir út úr þinghúsinu, hafi hann orðið að leita að ákærða Stefáni Oddi, en hitt hann þó þar skammt frá, þ. e. hjá Dómkirkjunni, og hafi það eiginlega verið nokkur tilviljun, að þeir skyldu einmitt hittast á þessari stundu.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon hefur borið það, að hann hafi komið einn í jeppabifreiðinni á fundinn um kl. 13 þenna dag. Var þá bæði magnarinn og hátalarinn til taks á bifreiðinni, og lagði hann henni á Fríkirkjuveg. Aldrei kom til þess, að magnari og hátalari bifreiðarinnar yrðu notaðir á fundinum. Eftir fundinn færði hann bifreiðina úr stað og lagði henni neðst á Bókhlöðustíg. Síðan fór hann gangandi að Alþingishúsinu, og kveðst hann hafa farið þangað í friðsamlegum tilgangi einum saman. Hann hafi verið búinn að vera þar dálitla stund einn síns liðs, þegar hann hitti ákærða Stefán Ögmundsson, en þeir þekkjast. Mót þeirra þarna hafi verið alveg af tilviljun, og höfðu þeir ekki hitzt eða talazt við fyrr um daginn eða daginn áður.

Ákærði Stefán Oddur kveðst ekki muna til þess, að nokkurn tíma væri rætt við hann um, að hann skyldi vera til taks með bifreiðina eftir fundinn á Austurvelli eða annars staðar, eða að ákærði Stefán Ögmundsson eða einhver annar kynni máske að vilja hitta hann eða hafa samband við hann eftir fundinn. Ákærði Guðmundur Vigfússon hafi verið sá eini, sem talað hafi við hann um, hvað hann skyldi gera sem ökumaður bifreiðarinnar, þ. e. vera til staðar og reiðu á fundinum, en alls ekki eftir hann.

Björn Bjarnason hefur borið, að þegar hann og ákærði Stefán Ögmunds-

son hafi rekizt á ákærða Stefán Odd Magnússon hjá Dómkirkjunni, hafi það komið í ljós, að hann hafi verið með bifreið þá, sem hafði verið til taks með magnara og hátalara skömmu áður á fundinum. Kveðst Björn ekki hafa vitað fyrr en í þessu, að það var ákærði Stefán Oddur, sem hafði verið með bifreiðina. Honum hafi verið alveg ókunnugt um, að talað hefði verið við ákærða Stefán Odd um, að hann yrði til taks með tæki sín á bifreiðinni á Austurvelli eða við hann í umrætt skipti. Heldur hann, að það hafi aðeins verið tilviljun, að hann og ákærði Stefán Ögmundsson hittu ákærða Stefán Odd hjá Dómkirkjunni.

Sigurður alþingismaður Guðnason hefur borið það, að hann hafi vitað um, að bifreið með magnara og hátalara átti að vera til taks á fundinum við barnaskólann til þess að útvarpa máli manna þar, en hann hafi ekki vitað, hvort bifreiðin var í raun og veru á fundinum. Hann kveðst heldur ekki hafa haft humynd um, hvort bifreið með magnara og hátalara væri til reiðu fyrir ákærða Stefán Ögmundsson til að tilkynna mannfjöldanum áðurgreind málalok.

Ákærði Stefán Ögmundsson spurði ákærða Stefán Odd Magnússon um bifreiðina, og kveðst sá síðarnefndi hafa strax heyrt á hinum fyrrnefnda, að hann vissi um magnarann og hátalarann á bifreiðinni, því að hann vildi fá að tala nokkur orð til mannfjöldans á Austurvelli í gegnum tækin í bifreiðinni. Ákærði Stefán Oddur kveðst ekkert hafa vitað um, hvað ákærði Stefán Ögmundsson hugðist segja í hátalarann, og hafði ekkert að athuga við beiðni hans. Hann náði síðan í bifreiðina og ók henni aftur á bak úr Shellportinu inn á milli Hótel Borgar og timburhússins þar fyrir sunnan, þar sem hann stöðvaði bifreiðina. Hann setti tækin í samband, stillti þau og setti hátalarann upp á þak bifreiðarinnar, og talaði ákærði Stefán Ögmundsson síðan nokkur orð í magnarann frá hlið bifreiðarinnar. Það, sem hann sagði, heyrðist út um hátalarann og var að efni til samkvæmt framburði hans sjálfs og öðru því, sem upplýst er í málinu, það, að nefndin, sem hefði farið með tillögu fundarins við barnaskólann til Alþingis, hefði ekki fengið að fara inn í þinghúsið, að einn nefndarmannanna, Sigurður Guðnason alþingismaður, hefði tekið við tillögunni og flutt hana Alþingi í ræðu og að formenn allra þingflokka, nema Sósialistaflokksins, hefðu svarað óskum þeim, sem í tillögunni fólust, neitandi.

Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hefur þó borið, að töluð væru æsingarorð til fólksins í hátalarann og sagt, að nefnd þeirri, sem átti að flytja mótmæli frá nefndum fundi til Alþingis, hefði verið varnað inngöngu í Alþingishúsið. Hafi þessi tilkynning virzt hafa æsandi áhrif.

Eitt vitni, Gunnlaugur Jón Ingason bifreiðarstjóri, Barmahlíð 32 hér í bæ, sem var í sveit þeirra manna, sem tóku sér stöðu fast við norðurhlið Alþingishússins, hefur borið það, að ræðumaður hafi sagt: „Við skulum bíða enn átekta". Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki muna eftir því, að hann segði þessi orð eða nokkur slík orð í þetta skipti, og telur fjarstætt, að hann hafi sagt þau. Gegn mótmælum hans þykir verða að

telja ósannað, að hann hafi látið greind orð falla á meðal orða sinna í umrætt skipti.

Annað vitni, Jóhannes Albert Jóhannesson málari, Stórholti 18 hér í bæ, kveðst hafa verið statt í Kirkjustræti á móts við norðausturhorn Alþingishússins og heyrt talað í hátalarann í þetta skipti, en þó ekki heyrt, hvað sagt var, og hafi sér fundizt sem margir áheyrenda æstust upp við það, sem sagt var í hátalarann. Þriðja vitnið, Þórir Svavar Jónsson fiðluleikari, Grenimel 28 hér í bæ, hefur borið það, að það hafi verið statt við suðvestur horn Hótel Borgar og heyrt talað í hátalarann í umrætt skipti, þó að það hafi ekki munað, hvað sagt var, en því hafi ekki virzt það vera æsandi eða hafa æsandi áhrif á áheyrendur.

Ákærðu Stefáni Ögmundssyni og Stefáni Oddi Magnússyni ber saman um, að hinn síðarnefndi hafi síðan ekið bifreiðinni í burtu.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að ekkert hafi verið talað um á milli þeirra, hvert bifreiðin myndi fara eða að þeir hittust aftur. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki minnast þess, að nokkuð væri rætt um það á milli þeirra, að hann skyldi vera til taks aftur með bifreiðina eða að þeir hittust aftur. Hann minnist þess heldur ekki, að hann gæfi ákærða Stefáni Ögmundssyni nokkuð í skyn, hvar hann myndi halda sig eftir þetta. Hann kveðst ekki vita, hvað varð svo af ákærða Stefáni Ögmundssyni.

Eitt vitni, Þorvaldur Guðmundsson forstjóri, Eskihlíð 14 hér í bæ, sem statt var hjá bifreiðinni fyrir sunnan Hótel Borg í umrætt skipti, hefur borið það, að það muni ekki betur en að unglingspiltur hafi verið í aftursæti bifreiðarinnar og að annar maður hafi sett hátalarann inn í bifreiðina en ekið hafi henni í burtu. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst hins vegar bæði hafa sett hátalarann inn í bifreiðina og ekið henni í burtu. Hann hafi þá verið einn í bifreiðinni, og ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki hafa orðið var við, að nokkur annar væri þá með honum í bifreiðinni.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst nú hafa gengið í áttina til Alþingishússins, og um þetta leyti höfðu þeir Björn Bjarnason skilið, og fór Björn inn í Alþingishúsið til að hlusta á umræður þar.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst hafa heyrt það á mönnum, sem komu til hans, en hann man ekki hverjir voru, að það hefði heyrzt heldur illa til hans í hátalaranum, og til að bæta úr því hafi hann endurtekið það, sem hann hafði sagt í hátalarann, þar sem hann stóð í mannþrönginni norðan megin Kirkjustrætis á götunni eða á gangstéttinni út undan Templarasundi. Telur hann ekki ósennilegt, að orð hans hafi náð til nokkurra hundraða manna. Hann hrópaði upp það, sem hann sagði, og var það um þriggja mínútna ræða.

Þrjú vitni í málinu, Jóhannes Albert Jóhannesson málari, Stórholti 18, sem áður er frá greint, Áki Gränz málari, Bröttugötu 3 A, og Guðni Halldórsson bifreiðarstjóri, Frakkastíg 15, allir hér í bæ, hafa borið það, að þau hafi staðið saman á nyrðri gangstétt Kirkjustrætis út undan eða á móts við norðausturhorn Alþingishússins á þessum tíma.

Vitnið Jóhannes Albert Jóhannesson kveðst þá hafa séð ákærða Stefán Ögmundsson, sem það þekki í sjón, 2—3 metra fyrir framan það og félaga þess á götunni, og hafi hann haldið þó nokkurra mínútna ræðu. Kveðst vitnið muna, að hann skoraði á alla viðstadda að rétta upp hönd, ef þeir væru með þjóðaratkvæðagreiðslu um Atlantshafsbandalagið, og hafi hann lokið máli sínu á þá leið, að ef ekki væri látið ganga þjóðaratkvæði um Atlantshafsbandalagið, þá skyldu þeir taka á móti þeim, þegar þeir kæmu út. Eftir orð hans, sem hann útskýrði ekki, hafi margir rétt upp hendur, og kveður vitnið sér hafa virzt orð hans espa menn upp, en ekki hafi það sérstaklega tekið eftir því, að hann væri æstur eða æstari en gengur og gerist um ræðumenn.

Vitnið Áki Gränz kveðst þá hafa séð í um þriggja metra fjarlægð frá því og félögum þess á götunni eða gangstéttinni sama manninn og það hafði séð og heyrt tala á fundi við barnaskólann rétt áður og hafði þar kynntur verið sem Stefán Ögmundsson. Maður þessi hafi kallað „þjóðaratkvæði" og mælt fleiri orð í um 1—3 mínútur. Í lok orða sinna hafi hann getið þess, að það yrði tekið á móti þeim, þegar þeir kæmu út, en vitnið kveðst ekki hafa heyrt hann útskýra nánar, hvað hann ætti við með því. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort æsingartónn var í ræðunni eða um áhrif hennar. Einhverjir nærstaddir menn hafi talað um, að þetta væri Stefán Ögmundsson. Vitnið sá ákærða Stefán Ögmundsson í lögreglurétti Reykjavíkur 5. maí s.l., og treysti það sér þá ekki til að bera um, að hann hefði verið fyrrnefndur ræðumaður.

Vitnið Guðni Halldórsson kveðst þá hafa séð í um tveggja til tveggja og hálfs metra fjarlægð frá því og félögum þess mann, sem fór að halda smáræðu í 4—5 mínútur. Vitnið kveðst ekki hafa þekkt manninn í sjón, og hafi það því spurt 2—3 nærstadda menn, sem það vissi engin deili á, hver þetta væri, sem væri þarna að tala. Hafi þeir svarað því, að þetta væri Stefán Ögmundsson prentari, og hafi þeir ekki virzt vera í nokkrum vafa um það, og trúði vitnið því, að sá væri maðurinn. Vitnið kveður, að aðalinntak ræðu hans hafi verið það, að hann hafi skýrt frá því, að þeim, sem hefðu farið með tillögu fundarins við barnaskólann, hefði verið neitað um inngöngu í Alþingishúsið, og af þeim ástæðum hafi hann skorað á íslenzka alþýðu að gera þetta upp við þingmennina, þegar þeir kæmu út. Minnir vitnið, að þetta seinasta hafi hann orðað eitthvað á þessa leið: „Ég veit, að íslenzk alþýða mun gera upp við þessa menn, þegar þeir koma út." Hann hafi ekkert útskýrt þetta orðalag nánar. Hann hafi lagt áherzlu á orð sín, en ekki virzt vera æstur eða tala í æsingartón. Þegar hann hafði lokið máli sínu, hafi þeir, sem næstir honum stóðu, klappað, en síðan þeir, sem fjær stóðu. Nærstaddir hafi virzt vera sýnilega sama sinnis og hann, en vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort orð hans höfðu verulega æsandi áhrif á aðra. Aðeins minni háttar óspektir hafi þá verið byrjaðar og ekki verið farið að ryðja fólki frá Alþingishúsinu. Vitnið sá ákærða Stefán Ögmundsson í lögreglurétti Reykjavíkur 5. maí s.l., og bar það þá, að hann væri áreiðanlega ekki maður sá, sem hélt ræðuna í Kirkjustræti í umrætt skipti.

Vitnin Jóhannes Albert Jóhannesson og Áki Gränz hafa bæði unnið eið að framburði sínum, en vitninu Guðna Halldórssyni hefur ekki verið gefinn kostur á að gera það sakir fyrri refsidóms.

Ákærði Stefán Ögmundsson hefur staðhæft, að það, sem hann sagði í hinni stuttu ræðu sinni í umrætt skipti, hafi aðeins verið endurtekning þess, sem hann sagði rétt áður í hátalarann og magnarann, en orðalagið kunni þó að hafa verið eitthvað annað. Hann hefur eindregið neitað því að hafa sagt á þá leið, „að það yrði tekið á móti þeim, þegar þeir kæmu út", eða að „þá skyldu þeir taka á móti þeim, þegar þeir kæmu út", eða að hann vissi, „að íslenzk alþýða mun gera upp við þessa menn, þegar þeir koma út", eða slík orð, en kveður, að það geti verið rétt, að hann hafi á þessum tíma kallað „þjóðaratkvæði", eins og margir aðrir, og að hann hafi skorað á þá, sem vildu þjóðaratkvæði, að rétta upp hönd. Hann skýrir svo frá, að þegar hér hafi verið komið, hafi grjótkast á framhlið Alþingishússins þegar verið hafið, og kunni það þá að hafa verið búið að standa í nokkra stund.

Vitnin Sverrir Thoroddsen bankafulltrúi, Barmahlíð 24, Edvarð Kristinn Sigurðsson, starfsmaður hjá verkamannafélaginu Dagsbrún, Litlu Brekku á Grímsstaðaholti, og Jón Rafnsson skrifstofumaður, Njálsgötu 16, allir hér í bæ, og ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon hafa allir borið það, að þau hafi ein síns liðs verið stödd í Kirkjustræti á móts við eða fyrir vestan norðausturhluta Alþingishússins á þessum tíma og heyrt þá ákærða Stefán Ögmundsson, sem þau þekkja vel, segja þar upphátt nokkur orð til fólksins.

Vitnið Sverrir Thoroddsen kveður ákærða Stefán Ögmundsson hafa verið á sömu gangstétt og það í um það bil 10 metra fjarlægð. Efni þess, sem hann sagði, hafi verið það, að nefndin, sem kjörin hafði verið til þess á fundinum við Miðbæjarbarnaskólann að færa Alþingi tillögur fundarins, hefði ekki fengið inngöngu í Alþingishúsið, en Sigurður Guðnason alþingismaður hefði þó tekið við tillögu fundarins. Hefði Sigurður komið tillögunni á framfæri, og svör stjórnarflokkanna verið þannig, að þeir hefðu neitað því, sem í tillögunni fólst. Vitnið heldur, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi hrópað „þjóðaratkvæði", eins og aðrir, sem þarna voru viðstaddir, en það man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann skoraði á viðstadda að rétta upp hönd til fylgis við þjóðaratkvæðagreiðslu um Atlantshafsbandalagið.

Vitnið Edvarð Kristinn Sigurðsson kveður ákærða Stefán Ögmundsson hafa staðið á gangstéttinni í kringum 10 metra fjarlægð frá því, og ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon kveður hann hafa verið á gangstéttinni um 2—3 faðma frá honum. Þeim ber báðum saman um, að það, sem ákærði Stefán Ögmundsson sagði þarna, hafi ekki verið annað en endurtekning þess, sem þau hafi heyrt hann segja rétt áður í hátalarann og áður um getur. Þau hafi ekki getað séð, að ákærði Stefán Ögmundsson væri æstur, og þau minnast þess ekki, að hann hrópaði „þjóðaratkvæði", eða hann bæði menn um að rétta upp hönd til fylgis við þjóðaratkvæði um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, en það hafi verið gert. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon kveður, að raddir hafi heyrzt um það, að tilkynning ákærða

Stefáns Ögmundssonar í hátalarann hefði heyrzt illa, og muni það hafa verið ástæðan fyrir því, að hann endurtók á gangstéttinni það, sem hann hafði sagt í hátalarann.

Vitnið Jón Rafnsson kveður, að ræðumaður, sem því heyrðist vera ákærði Stefán Ögmundsson, hafi efnislega endurtekið það, sem það hafði heyrt hann segja rétt áður í hátalarann, þ. e., að nefndin, sem farið hefði með tillögu fundarins við Miðbæjarskólann til Alþingis, hefði ekki komizt þar inn og að svörin við tillögunni hefðu verið neikvæð.

Vitnunum Sverri Thoroddsen, Edvarð Kristni Sigurðssyni, Jóni Rafnssyni og ákærða Guðmundi Björgvin Vigfússyni ber öllum saman um, að þau hafi ekki heyrt ákærða Stefán Ögmundsson mæla annað í umrætt skipti en nú var getið eftir þeim. Þannig kveðst ekkert þeirra hafa heyrt hann segja, að hann vissi, að íslenzk alþýða gerði upp við þessa menn, þegar þeir kæmu út, eða að það yrði (skyldi) tekið á móti þeim, þegar þeir kæmu út, eða nokkur slík orð. Vitnið Sverrir Thoroddsen telur ósennilegt, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi sagt þessi orð eða nokkur slík orð í þessari ræðu, því að það hafi heyrt ræðu hans vel og þykir því ótrúlegt, að slík orð hafi farið fram hjá því. Vitnið Edvarð Kristinn Sigurðsson kveðst hafa heyrt ávarp hans greinilega og telur því vægast sagt ósennilegt, að hann hafi sagt nokkur slík orð, sem voru greind. Kveður vitnið, að hann hafi ekki sagt þessi orð í þetta skipti, eða hafi hann sagt þau, þá hafi það hlotið að vera í allt annarri tónhæð. Ákærði Guðmundur Björgvin Vigfússon telur, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi ekki sagt slík orð, sem áður voru greind, í þetta skipti. Tekur hann fram, að hann hafi greinilega heyrt það, sem ákærði Stefán Ögmundsson sagði, en honum liggi hátt rómur. Hafi því það, sem ákærði Stefán Ögmundsson sagði, ekki getað farið fram hjá honum.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst síðan hafa verið um stund þarna á þessum slóðum, á Austurvelli og við hann, og muni hann hafa kallað „þjóðaratkvæði" eins og margir aðrir og rétt upp hönd, en ekkert hafzt að til óspekta. Sakir smáútrása lögreglunnar og hjálparliðs hennar frá Alþingishúsinu hafi honum sem öðrum nærstöddum verið óhægt um að vera í sömu sporum, og hafi hann því borizt nokkuð stað úr stað. Hafi honum virzt sem orðið væri þungt í mönnum eftir þessar útrásir, en það hafi hann heyrt á mörgum, sem hann hefur ekki getað nafngreint, að þeim þótti miður, að kastað væri grjóti í Alþingishúsið, sem þá hafi verið farið að gera hvað eftir annað með þeim afleiðingum, að rúður brotnuðu. Hann telji, að svo fámennan hóp unglinga, sem þarna hafi verið að grjótkasti, hefði verið vandalaust fyrir lögregluna að hindra í þessu athæfi sínu.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að engar fréttir hafi borizt innan úr þingsölunum út til fólksins. Hafi hann því gengið einn síns liðs upp í skrifstofu Sósialistaflokksins á Þórsgötu 1 til að fá fréttir frá Alþingi, og hafi hann hugsað sér að hringja þangað í því skyni. Jafnframt hafi hann haft í huga að tilkynna mannsöfnuðinum fyrir framan Alþingishúsið og á Austurvelli fréttir, sem hann fengi frá Alþingi, og nota til þess magnara,

ef hann fengi náð í hann. Hafi þetta verið alveg að frumkvæði hans sjálfs, og minnist hann þess ekki, að nokkur hafi talað um það við hann. Hefur hann bent á í þessu sambandi, að mannfjöldanum hafi ekkert verið tilkynnt um afgreiðslu Alþingis á því máli, sem það hafði til meðferðar, enda þótt hann hefði verið boðaður á Austurvöll, en óeirðir virtust fara þar vaxandi.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveður, að þegar hann hafi verið nýkominn á Þórsgötu 1, hafi síminn þar hringt, og hafi hann svarað í símann. Sá, sem hringdi, hafi verið Einar Baldvin Olgeirsson alþingismaður og þá staddur í Alþingishúsinu. Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki hafa vitað fyrirfram, að Einar myndi hringja, og hafi Einar heldur ekki spurt eftir neinum sérstökum í símanum. Einar hafi skýrt honum frá því, að greidd hefðu verið atkvæði um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, og hefði tillagan fengið 37 atkvæði, en 13 verið á móti. Þá hafi hann skýrt frá því, að þingmenn hefðu ekki leyfi til að fara frjálsir ferða sinna úr þinghúsinu, og væru þeir sem fangar þar.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst ekki muna, hvort Einar sagði þingmenn eða þingmenn Sósialistaflokksins, en hann (ákærði) hafi að minnsta kosti tekið það svo, að hér væri fyrst og fremst átt við þingmenn Sósialistaflokksins. Þeir hafi síðan ekkert rætt frekar um málin og slitið talinu. Þannig hafi þeir ekkert talað um það, að þetta, sem Einar hafði sagt honum, eða nokkuð annað yrði tilkynnt til mannfjöldans á Austurvelli eða þar hjá. Það kveðst ákærði Stefán Ögmundsson hafa tekið algerlega upp hjá sjálfum sér.

Einar Baldvin Olgeirsson alþingismaður hefur neitað í lögreglurétti að svara spurningum réttarins í máli þessu.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst svo hafa gengið einn síns liðs niður að Alþingishúsi og farið að svipast um eftir jeppabifreiðinni með hátalaranum, sem hann gerði ráð fyrir, að væri þarna á næstu grösum, án þess þó, að hann hafi haft nokkura vissu fyrir því. Neitar hann því, að hann hafi verið búinn að tala við umráðamann bifreiðarinnar um, að hann yrði á einhverjum ákveðnum stað á Austurvelli eða við hann í þetta skipti, en ákærði Stefán Ögmundsson kveður það ekki ósennilegt, að báðir hafi litið svo á, án þess þó, að hann muni eftir því, að um það væri rætt á milli þeirra, að heppilegt myndi vera, að bifreiðin yrði viðlátin, ef á henni þyrfti að halda, á meðan úrslit um tillöguna um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu væru ekki að fullu kunn. Kveðst hann hafa fundið umráðamann bifreiðarinnar, ákærða Stefán Odd Magnússon, eftir stutta stund einan síns liðs við Kirkjutorg, og hafi bifreiðin verið þar skammt frá.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst hafa ekið jeppabifreiðinni úr sundinu fyrir sunnan Hótel Borg í áðurgreint skipti og út á Bókhlöðustíg. Hann hafi skilið bifreiðina eftir neðst á þeirri götu, en farið svo gangandi niður á Austurvöll og haldið sig mest í Kirkjustræti skammt frá Dómkirkjunni. Hafi hann verið búinn að vera þar góða stund, þegar hann hitti ákærða Stefán Ögmundsson aftur. Kveður hann, að þetta

mót þeirra hafi einnig verið án þess, að það væri fyrirfram ákveðið, og hafi hann ekkert rætt um það við ákærða Stefán Ögmundsson áður, hvar bifreiðin væri geymd eða hvar hann myndi sjálfur halda sig. Ákærði Stefán Ögmundsson hafi beðið hann aftur um það að fá að segja nokkur orð í magnara og hátalara bifreiðarinnar til mannfjöldans á Austurvelli, og hafi ákærði Stefán Oddur Magnússon viljað verða við þeirri bón hans. Þeim ber báðum saman um það, að ákærða Stefáni Oddi Magnússyni hafi ákærði Stefán Ögmundsson ekki sagt, hvað hann ætlaði að segja, og hafi sá fyrrnefndi ekki vitað, hvað sá síðarnefndi myndi segja í hátalarann.

Þeir segjast síðan hafa farið að bifreiðinni og inn í hana, ákærði Stefán Oddur Magnússon undir stýri hennar, en ákærði Stefán Ögmundsson í framsætið við hlið hans. Sá fyrrnefndi hafi síðan ekið bifreiðinni af stað, og að fyrirlagi hins síðarnefnda hafi hann ekið norður í Pósthússtræti og stöðvað bifreiðina skammt frá suðurenda Hótel Borgar eða út undan suðurhlið þeirrar byggingar vestan megin í strætinu. Ákærði Stefán Oddur Magnússon hafi síðan farið út úr bifreiðinni, sett hátalarann upp á þak hennar, svo að hann stefndi út á Austurvöll, sett magnarann og hátalarann í samband og stillt tækin, sem verið hafi mjög einfalt. Ákærði Stefán Ögmundsson hafi síðan talað í magnarann inni í bifreiðinni, og hafi orð hans hljómað vel í hátalaranum. Kveðst ákærði Stefán Ögmundsson hafa byrjað fyrst með ávarpinu: „Reykvíkingar" eða „Góðir Íslendingar", og hallast hann frekar að því, að hann hafi sagt hin síðarnefndu orð. Þá hafi hann skýrt frá því, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu hefði verið samþykkt með 37 atkvæðum gegn 13 atkvæðum, og kveðst hann ekki muna, hvort hann notaði hér orðið „landráðasamningur", en telur það ekki ósennilegt. Loks hafi hann sagt, að þingmenn Sósíalistaflokksins væru fangar í þinghúsinu. Orð hans hafi ekki verið fleiri, og man hann ekki, hvort hann endurtók nokkuð af orðum sínum. Í þessu hafi einhver maður opnað hægri hurð bifreiðarinnar og sagt, að það, sem hann hefði sagt, væri lygi, en hann þá svarað aftur, að það væri sannleikur, sem hann (ákærði Stefán Ögmundsson) hefði sagt. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki muna nánar, hvernig orð ákærða Stefáns Ögmundssonar féllu, en svo, að hann hafi skýrt frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar á Alþingi um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og að hún hefði verið samþykkt. Þá hafi hann skýrt frá því, að þingmenn eða þingmenn Sósíalistaflokksins væru fangar í þinghúsinu, og hafi hann sagt annað hvort orðið „þingmenn" eða „þingmenn Sósíalistaflokksins".

Ákærðu Stefáni Ögmundssyni og Stefáni Oddi Magnússyni ber saman um, að sá síðarnefndi hafi svo sett hátalarann inn í bifreiðina og ekið henni í burtu norður Pósthússtræti, en síðan í smáhring út í Vonarstræti eða Templarasund, þar sem ákærði Stefán Ögmundsson hafi farið úr bifreiðinni. Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveður, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi ekkert minnzt á það, hver tilgangur hans væri með áðurgreindum orðum sínum í hátalarann, og hafi þeir ekkert rætt við í sambandi við það. Þeir hafi ekkert minnzt á það, að þeir skyldu hittast aftur, og hafi hvorugur minnzt á það, hvert hann ætlaði að fara.

Ákærði Stefán Ögmundsson kveðst svo hafa gengið norður í Kirkjustræti við enda Templarasunds og verið þar í góða stund. Hann hafi ekki orðið var við, að þá væri hrópað meira eða kastað meiru á Alþingishúsið eða í átt til þess en áður. Hann hafi heyrt nokkra menn hrópa „Einar Olgeirsson" fyrir framan Alþingishúsið, en aðeins stutta stund. Nokkurri stundu síðar kveðst hann hafa gengið burtu og eigi minnast þess, að neinir nýir atburðir hafi á þeim tíma gerzt fyrir framan þinghúsið. Ætlaði hann heim til sín og hafði í huga að hringja í Alþingishúsið til að fá að vita um, hvort þingmenn Sósialistaflokksins væru enn fangar í þinghúsinu. Hafi hann verið kominn upp á Bókhlöðustíg, þegar hann heyrði skothvelli og þá farið aftur niður á Austurvöll. Þegar þangað kom, hafi hann séð fólk á flótta undan gasárásum lögreglunnar og kylfum hennar og hafi ekki liðið á löngu, þar til búið var að ryðja mannfjöldanum af Austurvelli.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst hafa ekið jeppabifreiðinni aftur upp á Bókhlöðustíg, verið þar nokkra stund, en gengið svo áleiðis niður á Austurvöll. Á Skólabrú hafi mannsöfnuður komið hlaupandi á móti honum, sakir þess að lögreglan hafi þá verið farin að beita táragasi á Austurvelli. Hann hafi þá haldið í burtu úr miðbænum, tekið magnarann og hátalarann úr bifreiðinni og farið með tækin á sama stað og hann náði í þau.

Hann hafi síðan skilið bifreiðina eftir fyrir utan Þórsgötu 1, og þar kveðst áðurgreindur eigandi bifreiðarinnar, Gunnar Össurarson, hafa tekið hana.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki hafa séð ákærða Stefán Ögmundsson aftur þenna dag.

Í málinu hafa verið leidd mörg vitni um háttsemi ákærðu Stefáns Ögmundssonar og Stefáns Odds Magnússonar í Pósthússtræti, sem ræðir um hér að framan. Vitnin Tómas Tómasson stud. jur., Laufásvegi 46, Jón Pálmi Emils stud. jur., Nýja Stúdentagarðinum, Guðlaugur Þorvaldsson stud. oecon., Nýja Stúdentagarðinum, Sigurjón Ágústsson skrifstofumaður, Skarphéðinsgötu 14, allir hér í bænum, Guðmundur Benediktsson stud. med., Brekkugötu 22, Hafnarfirði (þau voru öll saman), Helgi Guðjón Þórðarson menntaskólanemi, Grettisgötu 3 B, Rósar Vigfús Eggertsson menntaskólanemi, Laugavegi 74 (þau tvö voru saman), Arreboe Clausen, Freyjugötu 49, og Sigurður Ingason póstafgreiðslumaður, Barmahlíð 30, hér í bæ, hafa öll borið, að þau hafi verið við margnefnda bifreið í umrætt skipti og heyrt talað úr hátalara hennar. Frásagnir vitna þessara allra eru í öllum aðalatriðum í samræmi við áðurgreinda framburði ákærðu Stefáns Ögmundssonar og Stefáns Odds Magnússonar, þar á meðal hvað sagt var í hátalarann og hver talaði í hann. Enn fremur hafa áðurgreind vitni, Gunnlaugur Jón Ingason, Þórir Svavar Jónsson og Jóhannes Albert Jóhannesson, borið, að þau hafi heyrt talað úr hátalara í umrætt skipti.

Öll vitnin, 12 að tölu, bera, að sagt hafi verið í hátalarann, að þingmenn Sósialistaflokksins væru fangar í þinghúsinu. Vitnin Jón Pálmi Emils og Sigurður Ingason kveða, að þessi orð hafi verið endurtekin, og

vitnin Guðlaugur Þorvaldsson og Arreboe Clausen segja, að bætt hafi verið við orðunum: „Þeir (og) fá ekki að fara þaðan út.“ Vitnin Tómas Tómasson, Jón Pálmi Emils, Guðlaugur Þorvaldsson, Helgi Guðjón Þórðarson og Rósar Vigfús Eggertsson bera, að sagt hafi verið í hátalaranum, að Alþingi væri búið (búið væri) að samþykkja „landráðasamninginn“, og vitnið Guðmund Benediktsson minnir, að þetta væri sagt. Vitnin Jón Pálmi Emils, Guðlaugur Þorvaldsson, Guðmundur Benediktsson, Helgi Guðjón Þórðarson og Arreboe Clausen bera, að upphafsorðið úr hátalaranum hafi verið „Reykvíkingar“, og vitnin Jón Pálmi og Helgi Guðjón kveða, að þetta orð hafi verið endurtekið, og vitnið Guðlaugur Þorvaldsson kveður, að svo hafi ef til vill verið. Vitnið Tómas Tómasson kveður, að það hafi verið það, sem hafi opnað bifreiðarhurðina, og rengir ekki að hafa sagt, að það væri lygi, þegar sagt var, að þingmenn Sósíalistaflokksins væru fangar í þinghúsinu. Vitnið Arreboe Clausen kveðst muna það greinilega, að annað hvort einn eða tveir menn hafi verið í aftursæti bifreiðarinnar og þeir virzt vera að stilla tæki, en ákærðu Stefán Ögmundsson og Stefán Oddur Magnússon kveða, að svo hafi ekki verið, og verður að telja þetta ósannað.

Vitnið Jón Pálmi Emils hefur borið, að því hafi fundizt sem orð þau, sem sögð voru í hátalarann, kæmu eins og umróti á hugi manna, og hafi vitnið heyrt orð falla um, að þetta væri ríkisstjórninni líkt að enda þetta allt saman með því að halda þingmönnum í haldi. Litlu síðar hafi margir af þeim, sem voru fyrir framan þinghúsið, farið að hrópa „Einar Olgeirsson“. Vitnið Sigurjón Ágústsson kveður, að orðin úr hátalaranum hafi haft æsandi áhrif á mannfjöldann, sem var fyrir framan Alþingishúsið, því að eftir að orðin voru sögð, hafi grjóthríðin á framhlið hússins aukizt. Það geti ekki sagt um, hvort hróp manna hafi þá einnig aukizt, enda hafi það verið nokkuð utarlega í mannfjöldanum og farið ásamt félögum sínum svo fljótlega í burtu. Vitnið Guðmundur Benediktsson hefur borið, að því hafi fundizt sem mannfjöldi sá, sem var fyrir framan þinghúsið, áður en áðurgreind orð voru töluð í hátalarann, væri rólegur, en eftir að orðin voru töluð, hafi því fundizt sem hávaðinn ykist fyrir framan þinghúsið og grjótkastið í það. Vitnið kveður, að það og félagar þess hafi farið eftir mjög stutta stund í burtu. Vitnið Guðlaugur Þorvaldsson kveðst ekki treysta sér til að dæma um, hver áhrif orðin úr hátalaranum hafi haft, því að það hafi staðið svo utarlega í mannfjöldanum og farið ásamt félögum sínum mjög fljótlega í burtu. Vitnið Tómas Tómasson kveðst hafa farið í burtu, litlu eftir að orðin voru sögð í hátalarann, svo að það gæti ekki sagt um, hvaða áhrif þau hafi haft á fólkið.

Vitnið Helgi Guðjón Þórðarson kveður, að eftir að orðin voru sögð úr hátalaranum, hafi ópin fyrir framan þinghúsið magnazt, en það hafi ekki orðið vart við, að ryskingar ykjust þar, og vitnið Rósar Vigfús Eggertsson segir, að hávaðinn í mannsöfnuði þeim, sem stóð fyrir norðan þinghúsið, hafi aukizt, en það hafi ekki orðið vart við önnur áhrif orðanna úr hátalaranum. Vitnið Arreboe Clausen kveður, að því hafi fundizt sem grjótkast á þinghúsið ykist, eftir að orðin voru sögð í hátalarann, en það hafi ekki

orðið vart við, að hrópin ykjust þá. Vitnið Sigurður Ingason heldur, að það, sem sagt var í hátalarann, hafi haft æsandi áhrif á fólk, sem var fyrir framan þinghúsið, því að eftir að talað hafði verið í hann, hafi hrópin aukizt og grjótkastið hafi alveg tvímælalaust aukizt.

Vitnið Gunnlaugur Jón Ingason ber, að eftir orðin úr hátalaranum hafi verið farið að hrópa í kór úr mannþrönginni fyrir framan Alþingishúsið: „Einar Olgeirsson", og svo hafi grjóthríðin dunið á þinghúsinu meir en nokkru sinni áður. Fannst vitninu sem orðin hefðu þessi áhrif á mannsöfnuðinn fyrir framan þinghúsið.

Vitnið Þórir Svavar Jónsson kveðst ekki geta sagt um það, hvort orðin úr hátalaranum hafi haft beint æsandi áhrif á áheyrendur, en aðalryskingarnar fyrir framan þinghúsið hafi orðið skömmu síðar. Vitninu Jóhannesi Albert Jóhannessyni fannst sem orðin hefðu æsandi áhrif á marga, sem voru fyrir framan þinghúsið, því að óp og köst ýmsra hluta hafi aukizt þaðan, eftir að þau voru sögð.

Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn hefur borið það, að ummæli ákærða Stefáns Ögmundssonar, að þingmönnum Sósíalistaflokksins væri haldið sem föngum inni í Alþingishúsinu, hafi haft mjög æsandi áhrif og séu mikil líkindi til þess, að þau hafi átt drjúgan þátt í þeim árásum og skrílsæði, sem þá dundi yfir rétt á eftir.

Ákærði Stefán Oddur Magnússon kveðst ekki hafa tekið eftir því, hvort orð ákærða Stefáns Ögmundssonar í hátalarann í umrætt skipti hafi haft nokkur áhrif á þá, sem hlustuðu á þau.

Ákærði Stefán Ögmundsson hefur borið það, að hann hafi mælt margumrædd orð til fólksins á Austurvelli til að tilkynna því um gang og úrslit málsins, sem fólkið hafi beðið eftir að fá að vita um, en ekki til að æsa upp hugi þeirra til neinna óleyfilegra athafna. Aðspurður um það, hvort honum hafi ekki verið það ljóst, að orð hans voru til þess fallin undir þeim aðstæðum, sem þau voru sögð, að æsa ekki aðeins upp hugi manna, heldur einnig menn til óleyfilegra athafna, hefur ákærði Stefán Ögmundsson aðeins svarað því, „að hann telji ljóst, að hver maður með óbrjálaða réttlætiskennd líti á slíkt athæfi sem það, að hafa þingmenn sem fanga í þinghúsinu, sem með öllu óverjandi, þar sem lög og regla á að gilda, en þar sem mannsöfnuðurinn í heild á Austurvelli hafi komið þar saman í friðsamlegum tilgangi til að bera fram seinustu ósk sína um þjóðaratkvæðagreiðslu um Atlantshafsbandalagið og mannsöfnuðurinn, a. m. k. sá, sem verið hafði á fundinum við barnaskólann, verið hvattur til að halda uppi röð og reglu, þá hafi ekki verið ástæða til að ætla annað en að hann myndi þola óréttinn (þ. e. að þingmenn Sósíalistaflokksins fengju ekki að fara frjálsir ferða sinna út úr þinghúsinu)."

Ákærði Stefán Oddur Magnússon var ófáanlegur til þess, þegar hann var kvaddur fyrir lögreglurétt í fyrsta skipti út af máli þessu, að skýra frá því, hvar hann fékk áðurgreindan magnara og hátalara eða hver ætti tæki þessi, en kvað það vera „einstakling". Þrem dögum síðar, og hafði hann þá verið í gæzluvarðhaldi, skýrði hann frá því, að hann ætti sjálfur tækin og hefði átt þau í um hálft ár. Hafði hann keypt þau á 600 krónur

af einhverjum manni, sem komið hefði með þau að bifreiðastöðinni „Hreyfli" hér í bænum. Næsta dag skýrði hann frá því, að hann geymdi tækin í læstum bifreiðarskúr heima hjá sér. Tækin kveðst hann hafa keypt af einhverju fikti eða út í loftið, eins og hann kemst að orði. Hann kvað ástæðuna fyrir því, að hann vildi ekki í fyrstu segja frá því, hver ætti tækin, hafa verið þá, að hann hafi verið hræddur um, að tækin myndu verða tekin af honum, ef hann skýrði frá því, hver ætti þau. Leitað var síðan í skúrnum, en tækin fundust þar ekki, og hafa þau ekki komið fram.

Verður nú athugað, hvort ákærðu Stefán Ögmundsson, Stefán Oddur Magnússon og Guðmundur Björgvin Vigfússon hafa gerzt sekir um refsiverða háttsemi.

Ákærði Stefán Ögmundsson þykir hafa með tali sínu í fyrra skiptið í hátalarann brotið gegn 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ekki hefur neitt það komið fram í málinu, sem bendir til þess, að nokkur annar maður en ákærði Stefán Ögmundsson hafi talað til fólksins í Kirkjustræti í umrætt skipti. Verður því að líta svo á, að vitnið Guðni Halldórsson beri um sama ræðumann og vitnin Jóhannes Albert Jóhannesson og Áki Gränz, þó að vitninu Guðna beri ekki saman við þau um, hver ræðumaðurinn hafi verið. Samkvæmt því verður að telja, þrátt fyrir neitun ákærða Stefáns Ögmundssonar og framburði vitnanna Edvarðs Kristins Sigurðssonar, Sverris Thoroddsens, Jóns Rafnssonar og ákærða Guðmundar Björgvins Vigfússonar um innihald ræðu ákærða Stefáns Ögmundssonar, sannað með eiðfestum samhljóða framburðum vitnanna Jóhannesar Alberts Jóhannessonar og Áka Gränz svo og framburði vitnisins Guðna Halldórssonar, að ákærði Stefán Ögmundsson hafi viðhaft orð þau í nefndri ræðu sinni, sem greind þrjú vitni hafa um borið og áður eru tilgreind.

Þá verður og að telja fullsannað með samhljóða framburðum fjölmargra vitna og framburði ákærða Stefáns Ögmundssonar sjálfs, að hann hafi sagt í seinna skiptið í hátalarann, að þingmenn Sósíalistaflokksins væru fangar í þinghúsinu, og einnig talað um „landráðasamning" út af samþykkt Alþingis á þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu.

Orð þau, sem samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði Stefán Ögmundsson mælti til fólksins í Kirkjustræti og í gegnum hátalara í Pósthússtræti í umrætt skipti, beindust gegn Alþingi og sjálfræði þess og voru, eins og á stóð, til þess fallin að æsa til frekari árása á Alþingishúsið og truflana þingsins í störfum þess. Þykir háttsemi hans því varða við 100. gr. og 118. gr., 2. sbr. 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar. Þykir refsing ákærða Stefáns Ögmundssonar með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Þá ber samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna að svipta ákærða Stefán Ögmundsson kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Þrátt fyrir neitun ákærðu Stefáns Odds Magnússonar og Stefáns Ögmundssonar þykja atvik öll vera þannig, sbr. einnig framburði ákærðu

sjálfra, að það var engin tilviljun, að þeir hittust hjá dómkirkjunni, heldur ráðgert fyrirfram, til þess að ákærði Stefán Ögmundsson gæti fengið afnot af hátalara og magnara þeim, sem ákærði Stefán Oddur Magnússon hafði umráð yfir, til tilkynninga til mannfjöldans á Austurvelli. Á hinn bóginn þykir varhugavert að telja, að sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði Stefán Oddur Magnússon hafi vitað um það fyrirfram, hvað ákærði Stefán Ögmundsson myndi segja í hátalarann, enda ber þeim báðum saman um, að svo hafi ekki verið. Samkvæmt því þykir ekki sannað, að ákærði Stefán Oddur Magnússon hafi gerzt sekur um hlutdeild í hinum refsiverða verknaði ákærða Stefáns Ögmundssonar, er áður um getur, og ber því að sýkna hann af ákærum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu er ekki annað fram komið um verknað ákærða Guðmundar Björgvins Vigfússonar en að hann hafi fengið ákærða Stefán Odd Magnússon til að útbúa hátalara og magnara á bifreið og vera til taks með hana á útifundinum við Miðbæjarbarnaskólann, og ekkert er fram komið um, að hann hafi talað við ákærða Stefán Odd Magnússon um að vera til aðstoðar ákærða Stefáni Ögmundssyni eða öðrum eftir fundinn. Ber því að sýkna ákærða Guðmund Björgvin Vigfússon af ákærum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Stefán Sigurgeirsson.

Við rannsókn málsins skýrði Einar Guðnason, verkstjóri hjá Rafveitu Reykjavíkur, rannsóknarlögreglunni frá því, að ákærði Stefán Sigurgeirsson, sem var starfsmaður hans um þessar mundir, hefði fengið frí frá vinnu umræddan dag, 30. marz.

Daginn eftir hefði Matthías Matthíasson verkstjóri, Traðarkotssundi 6, skýrt sér frá því, að ákærði hefði verið að kasta grjóti við þinghúsið daginn áður. Kveðst Einar hafa spurt ákærða um það um hádegi sama dag (31. marz), hvort hann hefði limlest nokkurn með grjótkasti daginn áður, og hefði ákærði svarað því til, að sig varðaði ekkert um það, og ekki hefði hann kastað grjóti, fyrr en lögreglan hefði verið búin að berja hann í handlegginn með kylfu.

Í Morgunblaðinu föstudaginn 1. apríl birtist mynd, sem ljósmyndari Morgunblaðsins, Ólafur Magnússon, hafði tekið í óeirðunum. Á mynd þessari sjást greinilega tveir menn í þeim stellingum, að þeir séu að kasta einhverju að þinghúsinu. Er annar þeirra klæddur ljósum frakka með ljósa enska húfu á höfði. Skýrði Einar Guðnason svo frá, að umræddur maður væri að sínu áliti mjög líkur ákærða.

Ákærði neitaði því í fyrstu algerlega, að hann hefði tekið nokkurn þátt í óspektunum, og hann neitaði því einnig, að umrædd mynd væri af sér, svo og því, að hann hefði viðhaft áðurnefnd ummæli við Einar. Hann kvaðst hafa verið staddur niðri við þinghús, komið þangað kl. langt gengin 14 og verið þar, þangað til tekið var að beita táragasi, en þó brugðið sér frá að drekka kaffi á þessum tíma. Hann kvaðst hafa verið klæddur á svipaðan hátt og áðurnefndur maður á myndinni, verið í mógulum frakka með enska húfu á höfði.

Síðar hefur ákærði kannazt við það, að hann hafi tekið einu sinni upp „steinvölu" og fleygt frá sér út á gangstéttina, þó án þess að reiða upp hendina. Þessu hafi hann skýrt Einari Guðnasyni frá daginn eftir og hafi hann sagt honum frá, hvernig hann hafi kastað steininum, og að steinninn hefði ekki lent í neinum manni. Hann hafi jafnframt sagt við Einar, að sig varðaði lítið um, hvar steinninn hefði lent.

Einar heldur því hins vegar fram, að ákærði hafi ekkert á það minnzt, hvort steinninn hefði lent í nokkrum manni eða ekki, og ekki lýst því, hvernig hann hafi kastað steininum.

Vitnið Matthías Matthíasson skýrir svo frá, að hann hafi verið staddur umræddan dag við þinghúsið, og hafi hann verið á gangstéttinni við þinghúsið austanvert við aðaldyrnar, er hann sá ákærða. Hafi það verið, er lögreglan var að gera útrás, skömmu áður en tekið var að beita gasinu, og hafi lögreglan verið komin út á völlinn, en ákærði verið á gangstéttinni við Austurvöll á móti þinghúsinu, þ. e. verið kominn að baki lögreglunni. Kveðst Matthías hafa séð, að ákærði steytti hnefana og lét ófriðlega, en ekki hafi hann þá verið með neitt í höndunum. Matthías segist hafa séð ákærða beygja sig niður eins og til að taka upp stein eða eitthvað, sem væri á götunni, en hvort hann hafi kastað því, kveðst Matthías ekki hafa séð, enda hafi hann þurft að hugsa um að bera af sér grjótkast, en um þetta leyti hafi verið miklu af grjóti, eggjum og öðru kastað að þeim, sem stóðu fyrir framan húsið.

Matthías kveðst vera viss um, að áðurnefndur maður á mynd Ólafs Magnússonar sé ákærði.

Þá ber vitnið Jón Jónsson skrifstofumaður, Njálsgötu 43, að hann hafi séð ákærða umræddan dag. Kveðst Jón hafa staðið á gangstéttinni framan við Alþingishúsið mestallan tímann, sem mannsöfnuðurinn var þar, og verið að reyna að fylgjast með því, hverjir stæðu fyrir grjótkastinu að húsinu. Um það bil mínútu áður en farið var að beita táragasi, hafi grjótkastið verið með mesta móti. Í þeim svifum kveðst Jón hafa séð ákærða, þar sem hann hafi staðið á gangstígnum að styttunni á vellinum, og kveður ákærða hafa verið í kaststellingum, og ekki muni hann betur en hann sæi ákærða kasta frá sér, en Jón kveðst ekki hafa fylgzt með ákærða nema andartak, þar sem hann hafi orðið að hafa sig allan við að hlífa sér fyrir grjóthríðinni. Jón kveðst hafa séð ákærða greinilega, þótt hann hefði ekki aðstöðu til að fylgjast með honum nema andartak.

Ákærði kveðst hafa hitt kunningja sinn Hans Guðmund Hansson, Vífilsgötu 18, á Austurvelli hjá styttunni, skömmu áður en gasárásin hófst. Hans Guðmundur kveðst hafa hitt ákærða um það leyti, sem hann (Hans Guðmundur) kom niður á Austurvöll, en það kveður hann hafa verið skömmu áður en kallað var í hátalara, að þingmenn Sósíalista væru fangar í þinghúsinu. Kveðst Hans Guðmundur hafa gengið fram og aftur um völlinn með ákærða um stund, og hafi ákærði verið fyllilega rólegur, meðan þeir voru saman, og engar óspektir haft í frammi. Hans Guðmundur kveðst alls hafa staðið þarna við ca. einn stundarfjórðung.

Ákærði skýrði síðar svo frá, að það hefði ekki verið fyrr en eftir að

farið var að beita táragasi, sem hann kastaði steininum. Hefði hann verið búinn að hörfa einu sinni undan gasinu út í Vallarstræti, en verið kominn aftur að þinghúsinu ásamt mörgum öðrum. Þá skýrði ákærði einnig frá því, að sér hafi dottið í hug, er hann sá myndina í Morgunblaðinu, að hann væri áðurnefndur maður á myndinni, en þó telji hann það ólíklegt. Segir ákærði, að ef þessi mynd sé af honum, hljóti hún að vera tekin, er hann kastaði áðurnefndum steini. Þess er að geta, að myndin er tekin nokkru áður en tekið var að beita gasi.

Upplýst verður að telja, að ákærði hafi kastað grjóti við Alþingishúsið í umrætt skipti. Ákærði hefur ekki gefið beina skýringu á því, að hverjum hann hafi beint steinkastinu. Það er að athuga, að ákærði fortekur ekki, að hann kunni að vera maður sá á mynd Ólafs Magnússonar, sem um ræðir hér að framan, en af myndinni má ráða það með vissu, að sá maður sé að kasta að Alþingishúsinu. Nú er að vísu ekki fullsannað, að mynd þessi sé af ákærða, en með hliðsjón af framburði ákærða varðandi þetta atriði og með tilliti til aðstæðna að öðru leyti þykir mega slá því föstu, að steinkastinu hafi ákærði beint að Alþingishúsinu. Þegar ákærði kastaði steininum, voru þingmenn allir í Alþingishúsinu, þótt þingfundur kunni þá að hafa verið úti. Að þessu athuguðu þykir ákærði hafa gerzt sekur um árás á Alþingi í skilningi 100. greinar almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Einnig telst atferli ákærða vera brot gegn 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði. Rétt þykir með tilvísun til 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða 6.—7. apríl s.l. komi refsingu ákærða til frádráttar.

Skv. 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að ákærði skuli sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefnir Ólafsson.

Vitnið Júlíus Schiöth Lárusson bifreiðarstjóri, Laugavegi 67 A, hefur skýrt svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi séð ákærða Stefni Ólafsson taka þátt í óspektum við Alþingishúsið umræddan dag. Skýrir Júlíus svo frá, að hann hafi staðið á tröppunum fyrir framan Alþingishúsið, meðan á þingfundi stóð. Frá því er á fundinn leið og þangað til lögreglan dreifði mannfjöldanum, kveðst hann hafa veitt ákærða athygli í hópnum fyrir framan þinghúsdyrnar og hafi hann öðru hverju kastað einhverju að lögregluþjónum, sem stóðu við dyrnar, mönnum, sem stóðu bak við þá, og í þinghúsið sjálft. Hann kveðst ekki geta fullyrt, hvað það var, sem ákærði kastaði, en telur hann þó bæði hafa verið með steina og annað drasl. Kveðst Júlíus vera viss um, að af einhverju, sem ákærði kastaði, hafi brotnað rúða í dyrum Alþingishússins. Júlíus kveðst vera viss um, að ákærði kastaði einhverju að húsinu þá, og sér hafi virzt hann kasta oftar.

Ákærði kveðst hafa verið staddur við Alþingishúsið frá því kl. ca. 13.30 og fram yfir kl. 16, er hann hafi farið burt. Hann kveðst hafa hitt marga,

sem hann kannaðist við, en ekki verið í fylgd með neinum sérstökum. Hafi hann verið á ferli fram og aftur, m. a. staðið stundum framan við Alþingishúsið. Kveðst hann hafa tekið þátt í ópum með öðru fólki, kallað „þjóðaratkvæði" og „vér mótmælum allir" eða eitthvað slíkt.

Ákærði hefur neitað því, að hann hafi kastað grjóti. Komst hann fyrst svo að orði, að hann héldi, að hann hefði ábyggilega ekki kastað grjóti, og neitaði því síðar við nánari yfirheyrslu um það. Hann hefur hins vegar ekki mótmælt, að hann hafi kastað mold og eggjum, en framburður ákærða um það, hvað hann hafi aðhafzt, er þó fremur óljós. Hann segir, að það geti vel verið, að hann hafi kastað eggjum, og sig minni, að hann hafi gert það, og hafi hann fengið eggin hjá einhverjum manni í hópnum. Þá segir ákærði, að hann hafi kastað mold, „svona einu sinni eða tvisvar", „kannske tvisvar eða þrisvar".

Hann mótmælir því, að hann hafi getað brotið rúðu í þinghúsdyrunum, þar eð hann hafi aldrei kastað grjóti. Hann kveðst halda, að hann hafi kastað í einhvern „hvítliða" eð „strák með kylfu". Hann kveðst ekki vita, hvort hann hafi kastað í þinghúsið, og hann haldi, að hann hafi ekki kastað í lögreglumenn.

Vitnið Gunnlaugur Þórðarson forsetaritari kveðst hafa verið staddur niðri í Alþingishúsi, meðan á óeirðunum stóð. Kveðst hann skömmu áður en lögregluþjónar gerðu útrás frá dyrunum hafa verið staddur við glugga á 2. hæð í húsinu. Þá hafi verið mikið grjótkast að húsinu. Sérstaklega kveðst Gunnlaugur hafa tekið eftir einum ungum manni í hópnum, sem verið hafi að bera sig til að kasta einhverju að húsinu. Í því kom steinn í gluggann, og varð vitnið þá að hörfa frá. Gunnlaugur lýsti áðurnefndum manni fyrir lögregluþjóni á eftir, og kvaðst hann þekkja ákærða af lýsingunni. Gunnlaugur kveður mann þenna hafa verið klæddan stormblússu og með húfu úr svipuðu efni með rauðum stöfum eða einhverju slíku. Kemur það heim við lýsingu ákærða sjálfs á klæðnaði sínum, en hann kveðst hafa verið í khakiskyrtu með hvíta húfu úr striga með rauðum stöfum. Gunnlaugur segir, að kringum manninn hafi verið hópur ungra manna, sem verið hafi að kasta grjóti, og hafi sér virzt maðurinn vera að eggja þá til óláta.

Vitnið Hjálmtýr Bjarg Hallmundsson verkamaður, Herskólacamp 27, kveðst hafa átt erindi niður í Góðtemplarahús nokkru eftir hádegi umræddan dag og hafi hann þá átt leið um mannþröngina á Austurvelli og staldrað þar dálitið við. Kveðst Hjálmtýr hafa verið staddur við Dómkirkjuna, er hann hafi séð ákærða koma af Kirkjutorgi, og hafi hann gengið rétt fram hjá Hjálmtý. Kveðst Hjálmtýr hafa séð greinilega, að ákærði hélt á steini í annarri hendi, en eggi í hinni. Ákærði hafi verið þarna í fylgd með nokkrum strákum og hafi ákærði verið að eggja þá, og hafi fas ákærða allt verið hið ófriðlegasta. Ákærði hafi sagt við förunauta sína: „Nú skulum við koma og halda áfram" eða eitthvað á þá leið, og hafi hann síðan horfið í mannþröngina, og missti Hjálmtýr þar sjónar á honum.

Varðandi framburð Hjálmtýs segir ákærði, að hann muni ekki til þess,

að hann hafi nokkurn tíma verið staddur framan við Dómkirkjuna, en annars muni hann ekki nákvæmlega um ferðir sínar. Hann segir, að vera megi, að hann hafi verið með egg í höndum, en ekki grjót.

Þá skýrir vitnið Bergur Kristinsson verzlunarmaður, Laufásvegi 42, frá því, að hann hafi séð ákærða á Austurvelli umræddan dag. Kveðst Bergur hafa staðið uppi á hliðinu við innganginn að Listamannaskálanum og hafa séð vel yfir hópinn. Segir Bergur, að ákærði hafi löngum haldið sig í hóp með nokkrum öðrum strákum á Austurvelli beint á móti þinghúsinu miðju. Staðhæfir Bergur, að hann hafi margsinnis séð ákærða og félaga hans kasta að húsinu. Ekki kveðst hann hafa séð með fullri vissu, hvað það var, sem ákærði kastaði, en telur það hafa verið steina. Bergur kveðst hafa séð ákærða fara burt tvisvar eða þrisvar, og hafi hann þá farið austur með húsinu ásamt félögum sínum, en þeir hafi jafnan komið fljótlega aftur og hafið þá kast að húsinu af auknum krafti, og telur Bergur, að þeir hafi í þessum ferðum sínum verið að ná sér í grjót eða eitthvað annað til að kasta.

Þá skýrir Guðbrandur Þorkelsson lögregluþjónn frá því, að hann hafi einu sinni séð ákærða kasta einhverju að húsinu, en þá var Guðbrandur á lögregluvakt framan við þinghúsdyrnar.

Með framburði ákærða sjálfs og vitna er sannað, að hann tók þátt í óspektum umræddan dag. Telja verður það nægilega sannað, að ákærði hafi kastað mold og eggjum að Alþingishúsinu, enda þótt ákærði sjálfur segist ekki „vita", hvort hann hafi kastað í þinghúsið, enda bera fjögur vitni, að þau hafi séð ákærða beina köstum að húsinu. Í upphafi gaf ákærði loðin svör við spurningu um, hvort hann hefði kastað grjóti að þinghúsinu, enda þótt hann síðar neitaði að hafa gert það. Þegar framburðir vitnanna varðandi grjótkast af hendi ákærða eru virtir í þessu ljósi og tillit tekið til þess, að hann tók mjög virkan þátt í óeirðunum, þykir nægilega sannað, að hann hafi kastað grjóti í húsið. Ákærði þykir með atferli þessu hafa gerzt sekur um brot gegn 100. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Ákærði hefur kannazt við að hafa kastað mold að einum varaliðsmanna lögreglunnar, og þykir háttsemi hans brjóta gegn 1. sbr. 3. mgr. 106. greinar almennra hegningarlaga. Með óspektum þeim, er ákærði hafði þarna í frammi, þykir hann loks hafa gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir með tilvísun til 76. gr. hegningarlaganna að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 4.—6. apríl s.l. komi til frádráttar refsingu ákærða.

Ákærði Magnús Hákonarson.

Ákærði Magnús Hákonarson hefur borið það, að hann hafi dvalið hér í bænum síðan í september f. á. vegna náms síns. Hann borðaði í Aðalstræti

12. Þar var hann staddur í matmálstíma um hádegið 30. marz f. á. og hitti þá Hauk Ársælsson verzlunarmann, Drápuhlíð 26 hér í bæ, sem einnig borðaði þar. Tóku þeir tal saman. Þeir segjast báðir hafa séð prentaðan miða, þar sem skorað var á friðsama borgara að mæta við Alþingishúsið eftir hádegi þenna dag. Þeir hafi nú farið að tala um það, hvort þeir ættu ekki að fara þangað, og hafi þeir orðið sammála um að gera það. Annar þeirra hafi ekki frekar en hinn átt frumkvæði að þessu. Hafi þeir tekið það fullkomlega upp hjá sjálfum sér, en ekki fyrir frumkvæði annarra, og hafi þeir aðeins ætlað sér að vera áhorfendur að því, sem þarna færi fram, en ekki til að taka þátt í nokkrum ólátum eða óeirðum, enda hafi þeir alls ekki búið sig undir slíkt. Ákærði Magnús Hákonarson hefur getið þess, að það hafi verið ætlan hans að fara austur í Vík í Mýrdal um kvöldið.

Ákærði Magnús og Haukur Ársælsson hafa borið, að þeir hafi svo farið í bifreið austur í Lækjargötu og skilið bifreiðina þar eftir, en gengið síðan að Alþingishúsinu. Mun klukkan þá hafa verið um 13 og fátt eitt af fólki við húsið. Þeir hafi dvalið þarna nokkra stund. Ákærði Magnús Hákonarson hitti þarna Halldór Hermannsson verzlunarmann, herbergisfélaga sinn, og töluðu þeir saman nokkur orð almenns efnis, en Halldór hélt svo til vinnu sinnar. Kveðst Halldór ekki hafa getað séð annað en ákærði Magnús væri þarna kominn af sömu ástæðu og hann, að sjá, hvað þarna myndi vera á ferðum.

Ákærði Magnús og Haukur kveðast hafa heyrt, að einhverjir ræddu um, að útifundur væri við Miðbæjarbarnaskólann. Þeir hafi því farið þangað og verið þar fáeinar mínútur, en þá var fundurinn úti, og fylgdust þeir þá með mannfjöldanum, sem hélt óskipulega að Alþingishúsinu. Hafi nú mun meiri mannfjöldi verið samankominn fyrir framan húsið en áður hafði verið, og hafi þeir tekið sér fyrst stöðu í Kirkjustræti út undan norðausturhorni þinghússins eða fyrir enda Templarasunds. Þeir hafi séð tvo menn fljúgast á á götunni nokkru vestar, og fluttu þeir sig þá í átt til þeirra (nokkru vestar) til að sjá áflogin betur, en mennirnir voru fljótt skildir. Ákærði Magnús og Haukur segjast svo hafa tekið sér stöðu á nyrðri gangstétt strætisins fyrir framan aðaldyr þinghússins.

Mannsöfnuðurinn fyrir framan Alþingishúsið hafi nú verið farinn að hrópa í kór „þjóðaratkvæði" og „við heimtum svar", og kveðast ákærði Magnús og Haukur hafa tekið undir í þessum kór, en ákærði Magnús kveðst þó eiginlega ekkert geta sagt um, við hverju svar var verið að heimta, en honum hafi verið ljóst, að deila stóð um Atlantshafsbandalagið. Menn hafi farið að kasta eggjum, mold og grjóti í þinghúsið og í átt til þess, og rúður hafi brotnað í því. Bæði ákærði Magnús og Haukur neita því eindregið að hafa tekið nokkurn þátt í því. Lögreglumenn hafi nú rutt fólkinu frá Alþingishúsinu, og þá munu ákærði Magnús og Haukur hafa orðið viðskila og ekki sézt meira eftir það. Kveðst Haukur hafa farið vestur í bæ til vinnu sinnar.

Ákærði Magnús kveður, að lögreglumennirnir hafi haldið síðan aftur til baka að Alþingishúsinu og skipað sér á gangstéttina sunnan við Austur-

völl og haldið nokkuð auðri götunni fyrir framan þinghúsið. Fólkið hafi fært sig aftur upp á gangstéttina, sem lögreglumennirnir stóðu á. Hann hafi nú farið aftur á sama stað, sem hann hafði verið á, og því nú verið kominn alveg í fremstu röð fólksins og fast að lögreglumönnunum.

Hann sá Lárus Salómonsson lögregluþjón á meðal þeirra, en Lárus var þá kennari hans í glímu. Gekk Lárus til hans og heilsaði honum. Kveður Lárus, að lögreglan hafi þá einu sinni eða tvisvar sinnum verið búin að ryðja fólkinu frá Alþingishúsinu. Eggja-, moldar- og grjótkast á húsið og fólk hjá því hafi verið búið að standa yfir um þó nokkurn tíma, en ekki verið farið að bera á neinum verulegum óeirðum. Lárus kveður sér hafa þótt miður að sjá ákærða Magnús þarna undir svona kringumstæðum og því beðið hann að fara í burtu. Hafi ákærði Magnús lofað því og sagt jafnframt, að hann ætlaði að fara heim til sín austur í Vík og vera þar yfir páskana, svo að hann mundi ekki geta mætt á glímuæfingu þann tíma. Lárus hafi þá beðið hann um að koma um kvöldið á æfingu og kveðja strákana, sem með honum voru í glímunni, og kvaðst hann mundu gera það. Síðan hafi þeir skilið. Lárus kveður, að ákærði Magnús hafi verið kátur og engin æsing í honum. Hann hafi ekki orðið var við, að ákærði Magnús tæki þátt í nokkrum ólátum, óeirðum eða skemmdarverkum, en einu sinni hafi ákærði Magnús rétt upp hendina, eins og margir gerðu til þess að láta í ljós vilja sinn um þjóðaratkvæði eða í sambandi við það, og kunni hann þá að hafa hrópað eitthvað um leið.

Ákærði Magnús hefur staðfest frásögn Lárusar að öllu leyti.

Ákærði Magnús fór þó ekki í burtu og kveður, að það hafi verið sakir forvitni sinnar. Hróp fólksins um þjóðaratkvæði hafi haldið áfram og það heimtað svar, og kveðst hann hafa tekið undir það eins og áður. Margir hafi haldið áfram að kasta eggjum, moldarkögglum og grjóti í þinghúsið og brjóta rúður í því. Við og við hafi mold rignt yfir hann af völdum einhverra, sem voru fyrir aftan hann.

Nokkur vitni hafa borið um háttsemi ákærða Magnúsar, þegar hér var komið. Vitnið Gestur Zophonías Sveinsson lögregluþjónn, Langholtsvegi 106 hér í bæ, hefur borið það, að ákærði Magnús hafi hrópað „þjóðaratkvæði" og kastað nokkrum sinnum einhverju, sem það hafi ekki vitað, hvað var, í áttina til þinghússins, en það hafi ekki vitað, hvort það hitti nokkuð sérstakt. Það geti verið rétt, að hann hafi tekið það, sem hann kastaði, úr beði við nyrðri gangstétt Kirkjustrætis hjá þeim stað, sem hann stóð.

Vitnið Tómas Karl Bóasson lögregluþjónn, Snorrabraut 35 hér í bæ, kveður, að ákærði Magnús hafi tekið þátt í hrópum, sem margir þeirra, sem þarna voru staddir, gáfu frá sér, m. a. um þjóðaratkvæði, og vitnið Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, Bergþórugötu 57 hér í bæ, kveðst hafa séð, að ákærði hafði hróp í frammi og látbragð hans sýnt, að hann hafi verið með æsingar í huga. En bæði þessi vitni urðu ekki vör við, að hann kastaði eða héldi á nokkrum hlut, og síðarnefnda vitnið telur ekki ósennilegt, að það hafi veitt honum athygli við og við í um 20 mínútur.

Ákærði Magnús viðurkennir að hafa beygt sig einu sinni niður í moldarbarð hjá gangstéttinni, sem hann stóð á, búið til moldarkúlu með hönd-

unum og kastað kúlunni í áttina til Alþingishússins í því skyni að hitta það, eins og aðrir, sem voru að kasta í það. Hann hafi miðað kúlunni á Alþingishúsið, og hafi hún lent í því án þess að valda nokkru tjóni. Hann kveður, að vera megi, að einhverjir smásteinar hafi án hans vitundar getað verið í kúlunni, sem hann kastaði.

Hann kveður, að þegar hann stóð þarna, hafi einhver rétt langa og mjóa spýtu fram til hans, og hafi hann (ákærði Magnús) verið að rétta hana til lögregluþjóns nr. 71, sem var fyrir framan hann, þegar lögregluþjónninn hafi snúið sér við og tekið spýtuna af honum. Kveðst ákærði Magnús ekkert hafa haft að gera við spýtu þessa. Vitnið Eiður Gíslason lögregluþjónn, Bústaðahverfi 4 hér í bæ, sem hafði einkennistöluna 71 í lögregluliðinu þenna dag, hefur borið það, að það muni eftir því, að það hafi tekið smáprik af manni þarna, og hafi maðurinn virzt láta prikið góðfúslega af hendi.

Ákærði Magnús hefur borið, að lögreglumenn hafi nú aftur gert útrás út á Austurvöll, og flýði mannfjöldinn, ákærði Magnús þar á meðal, undan þeim. Lögreglumennirnir hafi beitt kylfum, og hafi hann fengið nokkur kylfuhögg á bak og vinstri handlegg, sem gerðu hann máttlausan.

Vitnið Zakarías Hólm Hjartarson verzlunarmaður, Eiríksgötu 23 hér í bæ, sem var með hjálm á höfði, kylfu í hendi og borða með íslenzku fánalitunum á vinstri handlegg í hjálparliði lögreglunnar við útrásina, hefur borið það, að ákærði Magnús hafi beygt sig hvað eftir annað fyrir sunnan styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli og tekið upp það, sem höndum var næst í blómabeðum þar eða við þau, og kastað því til lögreglunnar og hjálparliðsins, sem hafi aðallega verið fyrir sunnan hann. Kveður vitnið, að það hafi áreiðanlega verið grjót, sem hann hafi kastað, og muni það alveg sérstaklega eftir því, að hann hafi tekið upp stóran stein fyrir sunnan styttuna og kastað honum frá sér. Kveðst vitnið muna eftir a. m. k. þremur köstum hans, en það hafi ekki séð, hvar það lenti, sem hann kastaði.

Ákærði Magnús viðurkennir að hafa gripið mold úr beði fyrir sunnan nefnda styttu og kastað moldinni í átt til lögreglunnar. Hann muni óljóst um innihald moldarkúlunnar og kveður, að vera megi, að einhverjir smásteinar hafi verið án hans vitundar í henni, en hann hefur eindregið neitað því að hafa tekið upp einstaka steina og kastað þeim, og sérstaklega hefur hann neitað því að hafa tekið upp stóran stein og kastað honum. Lögreglan hafi nú beitt táragasi, og hafi hann sem aðrir flúið undan því. Ákærði kveðst hafa beygt sig nokkrum sinnum fyrir norðan margnefnda styttu og tekið handfylli sína af mold, búið til kúlur úr henni og kastað þeim í áttina til lögreglumanna, sem staddir voru á vellinum fyrir framan Alþingishúsið, en kúlurnar hittu ekki neinn honum vitanlega.

Ákærði Magnús kveður, að gasið hafi minnkað fljótlega á Austurvelli, og hafi fólk hópazt þangað aftur. Hann hafi farið á sama stað og áður á nyrðri gangstétt Kirkjustrætis á móti miðju þinghúsinu. Grjót- og moldarárás hafi aftur verið hafin á þinghúsið og menn þá úr hjálparliði lög-

reglunnar, sem stóðu þar. Ákærði Magnús kveðst hafa aðeins verið áhorfandi að þessu, en hrópað þó eins og mannsöfnuðurinn.

Lögreglumennirnir hafi nú aftur gert útrás og hleypt gasi yfir völlinn. Mannsöfnuðurinn og ákærði Magnús þar á meðal hafi tekið til fótanna.

Litlu eftir þetta var ákærði Magnús handtekinn. Eru framburðir þeirra, sem nálægir voru og yfirheyrðir hafa verið út af því, ekki alveg samhljóða, og verður nú greint frá þeim.

Vitnið Þorkell Steinsson lögregluþjónn, Holtsgötu 14 hér í bæ, sem var þarna við lögreglustarf í umrætt skipti og hafði byssu til að skjóta táragasi úr og gasgrímu á höfði, hefur borið það, að þegar það hafi gengið vestur Austurvöll, hafi það komið auga á ákærða Magnús á reitnum fyrir vestan styttu Jóns Sigurðssonar, og hafi það ekki getað betur séð af öllum tilburðum hans en að hann hafi einmitt verið að mynda sig til að kasta í það steini, að því er það hélt, en alveg rétt áður, þegar það gekk austur völlinn, hafi það séð hann beygja sig niður og grípa stóran hraunstein á vellinum. Vitnið kveðst því hafa hlaupið í áttina til hans og miðað gasbyssunni á hann.

Hann hafi tekið til fótanna, áður en hann hafi verið búinn að kasta í áttina til vitnisins. Fyrir vestan styttuna hafi það skotið úr 10—15 metra fjarlægð, að því er það heldur, af byssunni í átt til hans. Hann hafi beygt sig, þegar skotið reið af, og hafi það orðið til þess, að það lenti í höfði hans. Hann hafi fallið, æpt og fórnað höndum, en lögreglumenn með gasgrímur, sem komu nú að, hafi handtekið hann. Vitnið kveður, að áður en það skaut úr byssunni, hafi ákærði kallað ókvæðisorðum til þess sem og lögreglunnar yfirleitt. Hafi vitnið að sjálfsögðu haft öðrum störfum að gegna en að leggja hlustir við ókvæðisorðum hans, en það muni þó sérstaklega eftir því, að hann hafi sagt ögrandi við það „Hvað heldurðu, að þú getir (þið getið)."

Ákærði Magnús ber, að hann hafi hlaupið norður eftir Austurvelli fyrir sunnan styttu Jóns Sigurðssonar, tekið upp mold, búið til kúlur og kastað nokkrum sinnum í átt til lögreglumannanna, sem voru fyrir sunnan hann á vellinum. Verið geti, að kúlurnar hafi hitt einhvern eða einhverja af lögreglumönnunum, en hann veitti því ekki sérstaka athygli. Hann hafi svo flúið í átt til Sjálfstæðishússins, en dottið á leiðinni, og hafi hann þá máske rifið upp stóran hraunstein, en hann muni ekki eftir þeim atburði. Þá kveður hann, að vera megi, að um leið hafi hann tekið upp handfylli af einhverju, sem hafi verið þarna við fætur hans, mold, sand eða grjótmylsnu eða steina og þá væntanlega í þeim tilgangi að kasta því eins og moldinni áður. Hann hafi staðið upp og haldið áfram í sömu átt, en í norðvesturhorni vallarins hafi ekki verið gas. Lögreglumaður hafi hlaupið á eftir honum og skotið á hann úr táragasbyssu. Ákærði Magnús bar í fyrstu, að líklega hefði verið skotið á hann úr 4—5 metra fjarlægð, en síðar vildi hann ekki véfengja frásögn vitnisins Þorkels Steinssonar um það. Hafi gasið lent beint í vinstri öxl hans, og þaðan hafi það farið í vinstri vanga og auga hans. Kraftur gassins hafi verið svo mikill, að hann hafi dottið, en sársaukinn ógurlegur og hann því hrópað upp. Hafi hann

litt vitað af sér um stund, en verið handtekinn. Hann kveðst muna, að hann hafi sagt eitthvað, og telur ekki ósennilegt, að það hafi verið einhver ókvæðisorð um lögregluna eða til hennar eða til lögregluþjónsins, sem skotið hafði táragasinu í hann, en hann muni það vel, að hann hafi aldrei kastað neinu til lögregluþjónsins eða myndað sig til að kasta í hann. Þá hefur hann haldið fast við það, að hann hafi aldrei kastað steini frá sér.

Áðurgreint vitni, Gestur Zóphonias Sveinsson lögregluþjónn, hefur borið það, að ákærði Magnús hafi hlaupið í átt til ósprunginnar bombu, sem farið var að rjúka úr á suðvesturhluta Austurvallar, og hafi það búizt við því, að hann ætlaði að grípa bombuna og kasta henni eitthvað frá sér, áður en hún spryngi. Í þessu hafi lögregluþjónn, sem reyndist vera vitnið Þorkell Steinsson, skotið úr gasbyssu í átt til ákærða Magnúsar, en það treystir sér ekki til að segja, úr hve mikilli fjarlægð. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði Magnús væri eða myndaði sig til að kasta einhverju, og getur ekki borið um, hvort hann hélt á einhverju í höndunum.

Ákærði Magnús kveðst ekki hafa orðið var við ósprungna bombu, rétt áður en skotið var á hann.

Vitnið Sverrir Guðmundsson lögregluþjónn, Ásvallagötu 25 hér í bæ, hefur borið það, að það hafi hlaupið norður með vesturhlið stígs þess, sem liggur frá styttu Jóns Sigurðssonar beint að þinghúsinu, og hafi þá vitnið séð út undan sér til vinstri handar ákærða Magnús, sem sveiflað hafi hendinni, eins og hann væri að kasta einhverju í átt til Alþingishússins. Vitnið, sem var með gasgrímu og bar kylfu, kveðst hafa hlaupið í átt til hans, sem hafi þá hörfað undan í vestur yfir gangbrautina, sem liggur milli nefndrar styttu og suðvesturhorns vallarins. Þar hafi ákærði Magnús beygt sig niður í beð, tekið eitthvað upp, en þó ekki kastað neinu. Vitnið kveðst hafa komið alveg að honum, og hafi þeir verið í stöðu til átaka, þegar lögregluþjónn, sem reyndist vera vitnið Þorkell Steinsson, skaut af gasbyssu sinni úr ca. 5 metra færi á hann, sem féll við og var fljótlega handtekinn.

Ákærði Magnús hefur ekkert haft að athuga við framburð vitnisins Sverris í neinum sérstökum atriðum, en hann minnist þess þó ekki að hafa sveiflað hendinni og kastað einhverju í átt til þinghússins í þetta skipti. Þá heldur ákærði Magnús, að frásögn vitnisins Sverris um, að hann hafi beygt sig niður og tekið eitthvað upp án þess að kasta því muni eiga við einmitt þá sömu hreyfingu og vitnið Þorkell Steinsson hefur getið um í framburði sínum.

Vitnið Hjörtur Elíasson lögregluþjónn, Laugavegi 24 hér í bæ, hefur borið það, að það hafi verið statt nálægt miðju Austurvallar, þegar ákærði Magnús var handtekinn. Hann hafi þá verið á vesturhluta vallarins og komið úr vestur eða norðvesturátt. Vitnið kveðst hafa séð, að hann kastaði einhverju í átt til lögreglumanna, sem voru hjá Alþingishúsinu, en það hafi ekki tekið eftir því, hvar það lenti, sem hann kastaði.

Ákærði Magnús hafi svo stokkið fram í átt til gassprengju, sem muni

hafa verið ósprungin, og kveðst vitnið hafa talið það víst, að hann hafi ætlað sér að ná í hana og kasta henni. Lögregluþjónn með táragasbyssu hafi komið í þessu og skotið á ákærða Magnús úr henni, og hafi hann fallið við skotið. Kveðst vitnið geta ímyndað sér, að lögreglumaðurinn hafi skotið á hann úr 10—15 metra fjarlægð, en það sé þó aðeins ágizkun.

Vitnin Sigrún Björnsdóttir Laxdal, Ásvallagötu 33, Indíana Sigfúsdóttir, Marargötu 3, og Guðbjörg Bergþóra Árnadóttir, Defensor við Sætún, allar hér í bæ, hafa borið, að þau hafi verið í umrætt skipti í syðsta herbergi austan megin á annarri hæð Landssímahússins og horft út um glugga, sem snýr að Austurvelli. Ákærði Magnús hafi gengið hægt frá styttu Jóns Sigurðssonar í átt að Thorvaldsensstræti, ekki numið staðar, en þegar hann hafi átt ófarna fáeina metra út af vellinum, hafi lögreglumaður skotið á hann úr áreiðanlega ekki yfir tveggja metra fjarlægð. Þau hafi ekki orðið vör við, að ákærði héldi á nokkru í höndunum eða myndaði sig til að kasta einhverju eða að hann gripi í stein eða að hann beygði sig. Vitnin Indíana og Guðbjörg Bergþóra urðu ekki vör við, að hann sparkaði í nokkurn hlut, en síðarnefnda vitnið kveður, að hann hafi beygt sig nokkuð, áður en skotið var á hann. Vitnið Sigrún kveður, að því hafi virzt hann ganga álútur, og hafi hann eða einhver annar maður spyrnt lítillega fæti við rjúkandi gasbombu á vellinum, en þetta virtist gert af einhverri rælni, en alls ekki til þess að bomban hitti nokkurn.

Vitnið Cýrus Hjartarson bifreiðarstjóri, Camp Knox C-21 hér í bæ, hefur borið, að það hafi í umrætt skipti verið statt í Thorvaldsensstræti fyrir framan Landssímahúsið, og kveðst það fyrst hafa tekið eftir ákærða, þegar hann var rétt fyrir vestan styttu Jóns Sigurðssonar. Virtist því sem lögregluþjónn væri að vísa honum út af vellinum, og virtist því hann (ákærði Magnús) þá ekkert gera af sér og vera hinn rólegasti. Annars er framburður þessa vitnis alveg í samræmi við framburð vitnisins Indíönu Sigfúsdóttur, en það telur þó, að lögreglumaðurinn hafi skotið á ákærða Magnús úr mesta lagi hálfs annars metra fjarlægð.

Vitnið Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, Bergstaðastræti 6 A hér í bæ, kveðst hafa verið statt nálægt aðaldyrum Landssímahússins í Thorvaldsensstræti í umrætt skipti. Vitnið kveður, að ákærði Magnús hafi verið á flötinni fram undan Landssímahúsinu, þegar lögreglumaðurinn skaut á hann, og hafi ekki verið minna en 7 metrar og líklegra, að það hafi verið 10 metrar en 7 metrar á milli þeirra. Vitninu virtist ákærði Magnús vera í greinilegri varnarstöðu gegn lögregluþjóninum, því að hann sneri að honum, og virtist vitninu hann vera að gera sig líklegan til að sparka einhverju að lögregluþjóninum. Nánar aðspurt kveður vitnið, að gashylki hafi verið hér og þar á vellinum og ekki ósennilegt, að ákærði Magnús hafi ætlað að sparka slíku hylki frá sér. Virtist því sem hann gerði sig líklegri til að sveifla fæti sínum en höndum, og varð það ekki vart við, að hann myndaði sig til að kasta nokkru með höndunum.

Vitnið Sigurður Sigurðsson, fulltrúi hjá Ríkisútvarpinu, Klapparstíg 26 hér í bæ, kveðst hafa horft út um glugga á 4. hæð Landssímahússins í

umrætt skipti. Kveður vitnið, að ákærði Magnús hafi verið á hreyfingu á Austurvelli, líklega um 10 metra frá Thorvaldsensstræti, þegar lögreglumaður skaut á hann á mjög stuttu færi og virtist vera alveg hjá honum. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði Magnús hefði nokkuð í hendi sér eða kastaði eða myndaði sig til að kasta einhverju frá sér eða hann gripi í stein eða í annað á vellinum eða að hann beygði sig niður, áður en skotið kom í hann. En vitninu virtist sem hann og tveir menn, sem hjá honum voru, mynduðu sig til að sparka í gashylki, sem voru þarna hjá þeim á vellinum.

Vitnið Jón Magnússon, fréttastjóri Ríkisútvarpsins, Langholtsvegi 135 hér í bæ, kveðst hafa horft út á Austurvöll úr glugga á 4. hæð í Landssímahúsinu og séð ákærða vera að hníga niður á flötinni við Thorvaldsensstræti, og hafi þá lögregluþjónn staðið nokkur skref, máske 5—7 metra, frá honum.

Vitnið Lars Tramberg Jakobsson loftskeytamaður, Hrísateig 10 hér í bæ, kveðst hafa í umrætt skipti verið í Thorvaldsensstræti framan við Landssímahúsið og séð, þegar lögreglumaður skaut á ákærða Magnús á flötinni þar fyrir framan, en fyrr hafi vitnið ekki veitt ákærða athygli. Lögreglumaðurinn hafi þá verið mjög nálægt honum, ekki 3 metra að ágizkun þess.

Ákærði Magnús var færður í fangahúsið og síðan úrskurðaður í gæzluvarðhald, en var laus látinn 4. apríl f. á.

Hann hlaut nokkur meiðsl af gasskotinu. Hefur Kristján Sveinsson læknir gefið vottorð um meiðslin, dags. 27. maí f. á., og er vottorðið svohljóðandi:

„Ég undirritaður læknir skoðaði hr. Magnús Hákonarson, 17 ára, 31/3 1949, þá staddan í hegningarhúsinu í Rvík. Var hann talsvert bólginn í andliti og sérstaklega kringum vinstra auga. Smábrunaskellur sáust hingað og þangað í andliti, sömuleiðis upp í hársverði. Við skoðun á vinstra auga sást stór abrasio á carnea neðanverðri og allur neðri hluti augans talsvert brunninn (frá kl. 1—7), var því augað talsvert injicerað, fundus virtist eðlilegur. Hægra neðra augnlok dálítið bólgið, annars virtist hægra auga eðlilegt. Þess má geta, að á vinstri handlegg sáust stórir marblettir við olnboga og á upphandlegg.

Enn fremur skal nú tekið fram, að sjúklingurinn hefur gengið til mín til skamms tíma vegna bólgu í vinstra auga, sem er afleiðing meiðslisins frá 30/3 1949, en virðist nú vera orðinn sæmilegur í auganu, og sjón virðist ekki ætla að skemmast að ráði á auganu."

Ákærði hefur staðhæft, að hann hafi ekki komið niður að Alþingishúsi í umrætt skipti í öðrum en friðsamlegum tilgangi, og hafi hann þá engin ólæti, ryskingar eða spellvirki haft í huga. Hann kveðst ekki eiga auðvelt með að skýra frá því, hvers vegna hann gerði það, sem hann gerði á Austurvelli og við hann í þetta skipti, því að hann geti ekki gert sér sjálfur að fullu grein fyrir því. Hann kveðst hafa leiðzt til athafnanna undir áhrifum annarra, sem þarna voru. Honum hafi fundizt sem hann þyrfti að vera með öðrum, sem þarna hrópuðu eða köstuðu, og áður en hann hafi vitað af, hafi þátttaka hans verið skeð, fyrst með því að taka þátt

í hrópunum og síðan að kasta, áður en til ryskinganna kom, einni handfylli af mold á Alþingishúsið án þess að valda þar nokkru tjóni. Honum hafi þá verið það vitanlegt, að í Alþingishúsinu var verið að afgreiða tillögu um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, en hann hafi ekkert hugsað út í það, hvort þingfundur stóð yfir. Hann hafi ekki haft það í huga, að lítilsvirða Alþingi eða hindra eða trufla starfsfrið þess með athöfnum sínum. Á bak við athafnir hans hafi ekki annað verið en það, að hann hafi ekki staðizt mátið, svo að hann í fullkomnu hugsunarleysi hafðist það að, sem hann hafi frá skýrt. Hann hafi, þegar til ryskinganna kom, kastað mold í átt til lögregluþjónanna og hjálparmanna lögreglunnar til að hefna sín fyrir högg, sem hann hafi fengið í vinstri handlegg af völdum eins lögregluþjóns, sem hafi verið að ryðja fólki frá Alþingishúsinu. Einnig hafi hann kastað mold í átt til þeirra manna, sem stóðu fyrir framan Alþingishúsið og mynduðu eins konar vegg þar, og hafi tilgangur hans verið að hitta þá, og í því sambandi hefur ákærði Magnús tekið fram, að honum hafi þótt það einkennilegt, að þessum mönnum skyldi vera leyft að vera við húsið á sama tíma sem öllum öðrum, er fjær stóðu frá húsinu, hafi verið rutt frá því og meira að segja með kylfum.

Ákærði Magnús þykir með moldarkasti sínu í Alþingishúsið hafa, eins og á stóð, haft í frammi móðgun í athöfn við Alþingi og þannig gerzt brotlegur gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 per analogiam. Þá hefur hann með atferli sínu gagnvart lögreglumönnunum, eins og það er upplýst hér að framan, brotið gegn 106. gr., 1. mgr., og 108. gr. hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing ákærða Magnúsar með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Rétt þykir að ákveða, að gæzluvarðhaldsvist ákærða Magnúsar frá 31. marz til 4. apríl 1949 skuli koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði Jón Kristinn Steinsson.

Þorkell Þorkelsson verkstjóri, Grettisgötu 31, var í varaliði lögreglunnar, sem gerði útrás úr Alþingishúsinu, eftir að þingfundi lauk þar þann 30. marz s.l. Hefur Þorkell borið, að þegar er þeir varaliðsmennirnir komu út úr þinghúsinu, hafi dunið á móti þeim grjót- og moldarkast frá hópi manna, sem hélt sig út frá miðju þinghúsinu. Í þessum hópi kveðst Þorkell m. a. hafa þekkt ákærða Jón Kristinn Steinsson. Ekki hefur Þorkell getað sagt nákvæmlega um, hvort það hafi verið mold eða grjót, sem ákærði Jón Kristinn varpaði að varaliðsmönnunum, né hve oft hann sá hann (ákærða) gera það, en minnir þó, að hann hafi séð hann gera það í 3—4 skipti ásamt öðrum manni, sem hjá honum stóð. Þegar ákærði Jón Kristinn hafði í frammi þetta athæfi, segir Þorkell hann hafa verið staddan austanvert við styttu Jóns Sigurðssonar, sem stendur á miðjum Austurvelli.

Annar maður, sem var í varaliði lögreglunnar umræddan dag, Stefán

Þórarinn Gunnlaugsson bifreiðarstjóri, Skúlagötu 60, hefur borið, að ákærði Jón Kristinn hafi að vísu verið framarlega í þeim hópi manna, sem óspektir höfðu í frammi og varaliðsmennirnir voru sendir gegn, en ekki kveðst Stefán Þórarinn hafa séð ákærða henda grjóti né gera sig líklegan til þess, og kveðst hann yfirleitt ekki hafa séð ákærða Jón Kristinn hafast neitt að.

Sjálfur hefur ákærði Jón Kristinn Steinsson skýrt svo frá við rannsókn málsins:

Hann kveðst hafa komið niður í miðbæinn um kl. 2 umræddan dag og gengið að Alþingishúsinu. Kveðst hann hafa dvalið þar, þangað til varaliðsmenn lögreglunnar gerðu útrás úr Alþingishúsinu, og verið þá staddur í eystri krikanum, sem myndast milli nyrðri gangstéttar Kirkjustrætis og gangstígsins, sem liggur beint norður frá aðaldyrum Alþingishússins að styttu Jóns Sigurðssonar. Þegar varaliðsmennirnir sóttu fram út á Austurvöll, kveðst ákærði Jón Kristinn hafa snúið baki að þinghúsinu. Segir hann þá einhvern varaliðsmann hafa greitt sér kylfuhögg í hægri öxl og hafi hann (ákærði) hnotið við, en engin veruleg meiðsli hlotið við þetta högg. Hins vegar kveðst hann hafa reiðzt við þetta og gripið stein, tæplega meðalstóran, og varpað honum af augum í áttina að varaliðsmönnunum, sem þá voru að sækja fram út á Austurvöll fyrir vestan ákærða Jón Kristinn. Ekki kveðst hann vita, hvort steinn þessi hæfði nokkurn mann. Eftir að hið reglulega lögreglulið tók að nota táragas til að dreifa mannfjöldanum fyrir utan Alþingishúsið, kveðst ákærði Jón Kristinn hafa sparkað frá sér nokkrum hylkjum utan af táragasi, en annað en það, sem hér að framan er rakið, segist hann ekki muna eftir, að hann hafi aðhafzt, meðan hann dvaldi við Alþingishúsið þenna dag, sem hér ræðir um. Ekki segir ákærði Jón Kristinn neinn hafa hvatt sig til að koma að Alþingishúsinu þenna dag eða aðhafast þar neitt sérstakt.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að þessi ákærði hefur gerzt brotlegur við 106. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Friðrik Anton Högnason.

Kl. 19.00 umræddan dag var lögreglunni tilkynnt, að skömmu áður hefði ákærði Friðrik Anton Högnason komið á bifreiðastöðina Hreyfil og haft meðferðis lögreglukylfu, sem hann hefði náð af lögregluþjóni þá um daginn að eigin sögn. Var þegar náð í ákærða og hann leiddur fyrir rétt. Ákærði kveðst hafa náð kylfunni á Austurvelli um þær mundir, sem lögreglan gerði útrás frá þinghúsdyrunum. Hann kveðst hafa verið að aðstoða mann einn við að rísa á fætur, er maður hafi komið að og slæmt til hans kylfu. Hafi maður þessi verið óeinkennisklæddur að öðru en því, að hann hafi verið með stálhjálm á höfði og borða á handlegg. Kveðst ákærði hafa tekið í kylfuna og snúið hana af manninum eftir nokkrar sviptingar. Hafi svo skilizt með þeim, og kveðst ákærði hafa stungið kylfunni á sig.

Neitar ákærði því, að hann hafi átt nokkurn þátt í óspektum að öðru leyti en því, sem nú hefur verið greint.

Óupplýst er, hvaða maður það er, sem ákærði tók kylfuna af, og eru því ekki fyrir hendi aðrar upplýsingar um það, hvernig viðureign þeirra ákærða var, en frásögn ákærða sjálfs. Hana verður því að leggja til grundvallar, er refsing ákærða er metin. Samkvæmt henni hefur ákærði beitt ofbeldi gegn manni, er ætla verður, að hafi verið einn af mönnum þeim, sem voru lögreglunni til aðstoðar þenna dag. Með atferli þessu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Jóhann Pétursson.

Vitnið Sigurður Friðrik Jónsson lögregluþjónn hefur við rannsókn málsins borið það, að hann hafi verið staddur á Austurvelli kl. 15.30 umræddan dag. Hafi hann þá séð mann, sem staðið hafi á suðausturhorni vallarins, taka upp gassprengju, sem varpað hafði verið að mannfjöldanum, og kasta henni að hópi lögregluþjóna, er staðið hafi nær þinghúsinu, og hafi sprengjan sprungið þar. Fór Sigurður Friðrik og handtók manninn, sem var ákærði Jóhann Pétursson, og færði hann inn í þinghús, og var hann síðar (kl. 17.00) færður í hegningarhúsið og hafður í haldi, þar til næsta dag. Ákærði kveður frásögn Sigurðar Friðriks rétta. Hann kveðst hafa verið staddur á eystri skástígnum frá styttu Jóns Sigurðssonar. Hafi fólkið sem óðast verið að þyrpast af vellinum og lögreglan verið farin að kasta táragassprengjum. Hafi ein sprengjan fallið rétt við fætur honum á stígnum og sprungið þar og gasið rokið úr henni. Kveðst hann þá hafa tekið hylkið og varpað því til baka án þess að miða á neinn sérstakan. Hafi hann svo staðið þarna kyrr, en rétt á eftir hafi hann verið handtekinn.

Sigurður Friðrik Jónsson kveðst hafa tekið eftir, að gas gaus úr sprengjunni, er hún féll hjá lögregluþjónunum, en vera megi, að farið hafi verið að rjúka úr henni áður.

Ákærði kveðst engan þátt hafa tekið í óspektunum að öðru leyti, enda hafi hann verið við vinnu sína fram undir þann tíma, er hann fór út á Austurvöll, rétt áður en umrætt atvik gerðist.

Ákærði þykir með atferli því, er að framan greinir, hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Gísli Rafn Ísleifsson.

Við rannsókn málsins gáfu sig fram tveir menn, sem kváðust hafa séð ákærða Gísla Rafn Ísleifsson taka þátt í óeirðunum. Annar þeirra, Kristinn Níels Þórarinsson skrifstofumaður, Ásvallagötu 9, kveðst hafa verið liðsmaður í hjálparliði lögreglunnar og hafzt við inni í Al-

þingishúsinu, þangað til sveitin gerði útrás frá húsinu, skömmu áður en gassprengjum var kastað. Skýrir Kristinn Níels svo frá, að er hann var kominn aftur yfir á gangstéttina við Alþingishúsið að afstaðinni útrásinni, hafi hann séð lögregluþjón með gasgrímu, er honum virtist eftir vaxtarlaginu að dæma vera Lárus Salómonsson, taka sig út úr hópi lögregluþjóna og ganga yfir stíginn í áttina að manni, sem stóð þar einn sér á nokkru svæði, og sló lögregluþjónninn til mannsins með kylfu. Kveðst vitnið strax hafa þekkt, að maður þessi hafi verið ákærði Gísli Rafn. Segir vitnið, að ákærði hafi nú hörfað nokkuð frá, tekið upp stein og kastað að lögreglumanninum, en hvað síðan hafi orðið, getur vitnið ekki sagt um, þar sem margt hafi borið fyrir augu hans í þessu. Ekki kveðst Kristinn Níels hafa neitt séð til ákærða Gísla Rafns fyrr en rétt í því, er lögregluþjónninn kom til hans.

Ákærði Gísli Rafn hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið niður á Austurvöll um kl. 13.30 og hafi dvalizt þar nokkuð fram eftir. Hann kveðst fyrst hafa verið í fylgd með skólabræðrum sínum, en misst af þeim síðar. Hann hefur ekki viljað kannast við, að hann hafi hent grjóti að lögregluþjóni, en segir, að hann hafi kastað mold eða einhverju slíku að lögregluþjóni, er hafi slegið til hans, er hann hafi verið að aðstoða mann, sem sleginn hafi verið niður á gangstígnum út að styttunni.

Lárus Salómonsson kveðst hafa orðið fyrir þremur steinum, er hafi hitt hann í útrásinni, sem lögreglan gerði frá þinghúsinu, og hafi það verið rétt áður en tekið var að beita gasinu. Hann kveðst ekki hafa verið búinn að setja upp gasgrímu, er hann fékk á sig þá 3 steina, er áður getur. Hann kveður ákærða vera mjög líkan manni, er kastað hafi steini í hann, en hann kveðst muna, að tveir þeirra, er köstuðu í hann, hafi verið stórir menn, eins og ákærði er. Lárus kveðst þó ekki geta sagt, að hann þekki ákærða.

Ákærði kveðst ekki geta sagt um það, hvort Lárus sé sá lögregluþjónn, sem hann kastaði moldinni í eða ekki.

Þá hefur Einar Eliasson verzlunarmaður, Öldugötu 4, skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur umræddan dag niðri við Alþingishús og verið lengst af á gangstéttinni utan við Alþingishúsið. Rétt áður en gasinu var dreift, kveðst hann hafa séð ákærða, sem þá hafi staðið gegnt eystra horni Alþingishússins á gangstéttinni, og hafi hann hvað eftir annað kastað grjóti að lögregluþjónum, sem verið hafi á götunni að setja á sig gasgrímur. Kveðst Einar vera viss um, að það hafi verið grjót, sem ákærði kastaði, því að hann hafi heyrt bylja í hjálmum lögreglumannanna.

Frekari upplýsingar hafa ekki fengizt um háttsemi ákærða í umrætt skipti. Af framburðum vitnanna er ljóst, að þau bera eigi um sömu atvik. Þykir því eigi gegn neitun ákærða sannað, að hann hafi kastað grjóti, og þykir verða að leggja framburð hans sjálfs aðallega til grundvallar. Ákærði hefur kannazt við, að hann hafi varpað mold að lögregluþjóni, sem þarna var að starfi sínu. Þykir sú háttsemi hans vera brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þetta at-

ferli hans er einnig brot gegn 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Árni Pálsson.

Vitnið Jón Ebenezersson Halldórsson, sem, eins og áður er greint, var staddur í mannþrönginni við Alþingishúsið umræddan dag, kveðst hafa séð ákærða Árna Pálsson kasta eggi eða eggjum að Alþingishúsinu, en getur ekki sagt um, hvort hann kastaði einu eggi eða fleirum. Vitnið Lárus Axel Helgason kveðst hafa séð ákærða þarna og hafa orðið var við, að hann hafi verið með egg, án þess þó að hann sæi hann beinlínis kasta eggi. Kveðst Lárus Axel hafa gengið fram hjá ákærða og slegið með hendinni á frakkavasa hans, vegna þess að hann taldi líklegt, að ákærði væri með egg í vasanum.

Ákærði kveðst hafa komið einn síns liðs niður að Alþingishúsi í umrætt skipti. Hann kveðst hafa gengið inn í mannþröngina á gangstéttinni við Austurvöll. Hafi hann séð hóp Heimdellinga undir þinghúsveggnum og hafa sagt um leið og hann gekk framhjá þeim, að aumt væri að láta hafa sig í svona atvinnu eða eitthvað á þá leið. Einn maður í hópnum hafi svarað honum fullum hálsi og sagt honum að koma sér burt eða eitthvað í þá átt. Í sömu svipan hafi maðurinn hent í hann hanzka.

Ákærði kveðst nú ekkert hafa aðhafzt um sinn og gengið um og séð rétt á eftir mann með nokkur egg í höndunum. Ákærði segist hafa verið að hugsa um að biðja manninn að gefa sér egg, en hann hafi þá rétt sér tvö egg óbeðið. Kveðst ákærði svo hafa hent öðru egginu yfir í hóp Heimdellinganna. Kveðst ákærði hafa nú gengið um í nokkra stund með eggið í hendinni. Hafi Lárus Axel Helgason komið til sín og slegið með hendinni í vinstri nára sér. Ákærði kveðst rétt á eftir hafa misst eggið í þvögunni. Neitar ákærði því algerlega, að hann hafi tekið nokkurn þátt í óspektum þarna, að því undanskildu, að hann hafi kastað einu eggi, sem fyrr er greint. Kveður ákærði það hafa verið ætlun sína, að eggið lenti í Heimdellingunum, en ekki hafi hann séð, hvar það lenti.

Ákærði þykir með því að kasta eggi að Alþingishúsinu hafa, eins og á stóð, sýnt Alþingi móðgun í athöfn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga analogice og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Kristján Guðmundsson.

Tvö vitni hafa borið það við rannsókn málsins, að þau hafi séð ákærða Kristján Guðmundsson taka þátt í óspektunum. Annað vitna þessara, Magnús Helgason bifreiðarstjóri, Hlíðarvegi 5 í Kópavogi, kveðst hafa verið staddur við Alþingishúsið frá kl. 13 til kl. 14.30 og hafi hann haldið sig framan við húsið beint á móti dyrunum, en vestanvert við hann hafi verið hópur óspektarmanna. Í hópi þessum kveðst Magnús hafa séð ákærða. Hann hafi haft í frammi köll og hávaða. Hann hafi einnig beygt

sig niður þremur eða fjórum sinnum og tekið upp eitthvað, sem hann hafi kastað að húsinu. Magnús skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hann hefði séð ákærða kasta grjóti að húsinu og lögreglumönnunum og öðrum mönnum, sem staðið hafi fyrir framan það. Við yfirheyrslu fyrir dómi kveðst Magnús ekki hafa séð það með fullri vissu, hvort það var grjót eða annað, sem ákærði varpaði að húsinu. Magnús kveðst hafa séð, að einu sinni brotnaði rúða í Alþingishúsinu, um leið og ákærði kastaði, án þess að hann vilji fullyrða, að skeyti það, er ákærði varpaði, hafi valdið rúðubrotinu.

Þá skýrir vitnið Júlíus Schiöth Lárusson bifreiðarstjóri, Laugavegi 67 A, sem að eigin sögn var statt á tröppunum framan við þinghúsdyrnar, frá því, að það hafi séð ákærða rétt fyrir framan lögreglumennina og hafi hann æpt mjög og látið ófriðlega. Síðan hafi hann flutt sig út í hópinn, sem var úti á vellinum framan við þinghúsdyrnar, og þaðan hafi hann kastað nokkrum skeytum í áttina að húsinu og lögreglunni. Júlíus kveðst ekki hafa séð, hverju ákærði kastaði, enda hafi um þessar mundir verið mörg skeyti á lofti og erfitt að átta sig á, hvað kom frá hverjum.

Þá ber vitnið Magnús Helgason, að ákærði hafi ráðizt að ljósmyndara, sem verið hafi að taka mynd af hópnum þar nálægt. Hafi ákærði öskrað: „Ertu að taka mynd af okkur, helvítis þrjóturinn þinn" eða eitthvað á þá leið, og ráðizt að ljósmyndaranum og hafi fleiri menn þyrpzt um hann og hafi hann verið felldur í götuna, og telur Magnús, að það muni ákærði hafa gert. Lögregluþjónar hafi síðan rutt sér leið þangað og bjargað ljósmyndaranum án þess þó, að þeir lentu í neinni viðureign.

Ákærði kveðst hafa komið niður að Alþingishúsi nokkru eftir hádegi og verið þar um skeið, en hafa verið farinn, er mestu ólætin urðu. Hann kveðst hafa farið burt, skömmu eftir að tilkynnt var í hátalara, að þingmenn Sósialistaflokksins væru lokaðir inni í Alþingishúsinu. Hann kveðst lengst af hafa verið staddur á Austurvelli eða á götunni framan við þinghúsið, og kveðst hann hafa tekið þar þátt í köllum ásamt öðru fólki. Hann hefur eindregið neitað því, að hann hafi kastað grjóti eða eggjum að Alþingishúsinu, en einu sinni hafi hann kastað moldarköggli yfir í hópinn, sem stóð framan við Alþingishúsið. Við þenna framburð hefur ákærði haldið staðfastlega. Skiptum sínum við ljósmyndara þann, er greinir hér að framan, lýsir ákærði svo, að hann hafi séð, að ljósmyndarinn hafi verið að taka mynd af sér, og hafi hann ekki kært sig um það og hlaupið til mannsins og bannað honum að taka mynd af sér og ýtt við honum, en ákærði neitar eindregið að hafa fellt ljósmyndarann eða haft í frammi ókvæðisorð við hann. Kveðst ákærði alls ekki hafa aðstoðað við að fella manninn.

Eftir því, sem nú hefur verið greint, er upplýst með játningu ákærða sjálfs, að hann kastaði einu sinni moldarköggli í áttina að þinghúsinu. Þykir og með tilliti til framburða vitnanna mega telja sannað, að ákærði hafi kastað oftar að húsinu en hann vill vera láta. Ósannað er hins vegar gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi varpað steinum að húsinu. Háttsemi ákærða verður með hliðsjón af aðstæðum að líta á sem móðg-

andi athöfn við Alþingi, og þykir ákærði þannig hafa gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 per analogiam. Þessi háttsemi ákærða er einnig brot gegn 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Guðmundur Helgason.

Meðan á þingfundi stóð í Alþingi umræddan dag, voru staddir í mannþrönginni Lárus Axel Helgason og Jón Ebenezersson Halldórsson rannsóknarlögregluþjónar. Urðu þeir samferða á staðinn og voru saman þar um skeið. Þeir hafa borið það sem vitni í málinu, að þeir hafi séð nokkra unga menn, sem staddir voru í mannþrönginni framan við húsið, kasta eggjum að húsinu. Jón spurði einn þeirra að heiti og heimilisfangi, og kvaðst hann heita Guðmundur Helgason, Laufásvegi 77, og er það sá hinn ákærði, sem hér um ræðir. Ákærði hefur við rannsókn málsins kannazt við, að hann hafi kastað eggjum að þinghúsinu. Skýrir hann svo frá, að hann hafi komið einn síns liðs á staðinn og verið þarna staddur um stund sem áhorfandi að því, er fram fór. Kveðst hann hafa verið staddur við gangstéttina meðfram Austurvelli, er hann hafi fengið mold framan í sig, er kastað hafi verið frá húsinu. Þá kveðst hann hafa farið út í verzlun Silla & Valda í Aðalstræti og keypt þar 3 egg og farið með þau á sama stað og hann hafði áður verið á og hent þeim yfir í mannþvöguna, þaðan sem skítkastið hafði komið. Ekki kveðst ákærði hafa kastað þarna mold né grjóti og engu nema áðurtöldum eggjum. Hefur heldur ekki verið upplýst á annan hátt í málinu, að ákærði hafi haft í frammi óspektir aðrar en þær, er að framan greinir.

Eftir atvikum verður að telja, að ákærði hafi með framangreindu atferli sýnt Alþingi móðgun í athöfn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga analogice. Háttsemi ákærða er einnig refsiverð skv. 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Alfons Guðmundsson.

Í lögregluskýrslu dagsettri 30. marz 1949 kærir Guðbrandur Ágúst Þorkelsson lögregluþjónn ákærða Alfons Guðmundsson fyrir að hafa sama dag við Alþingishúsið ráðizt á sig frá hægri hlið, gripið um kylfu sína og ætlað að snúa hana úr hendi sér, en þar eð ákærða Alfons tókst það ekki, hafi hann slegið Guðbrand á vinstri kjálka. Kveðst Guðbrandur í skýrslu sinni hafa getað hrakið ákærða af höndum sér, en þá hafi ákærði hlaupið lengra inn á Austurvöll, rifið þar upp stóra hraunhellu, hent henni að sér af ógurlegri heift og litlu hefði munað, að hún lenti á sér. Síðar hafi ákærði horfið út í mannfjöldann, sem þarna var, en nokkru eftir það verið að berjast við einhvern lögregluþjón, sem ekki er vitað, hver er, og þá hafi ákærði haft barefli, en Guðbrandi tekizt að gera hann óvirkan.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að miðvikudaginn 30. marz 1949 um

klukkan 3 e. h. hafi hann komið niður að Alþingishúsi, ekki verið með neinum sérstökum, heldur hingað og þangað innan um mannfjöldann, sem þar var saman kominn, en nokkru eftir að hann var þarna kominn, kveður hann hafa verið tilkynnt í gjallarhorni, að samþykkt hefði verið, að Ísland gerðist meðlimur að Atlantshafsbandalaginu, og þingmönnum Sósíalistaflokksins væri haldið sem föngum í þinghúsinu, og þá hefðu einhverjir tekið að hrópa á Einar Olgeirsson alþingismann, og kveðst ákærði hafa verið einn meðal þeirra. Hrópin hafi nú aukizt og jafnframt hafi menn sem fyrr haldið áfram grjót- og aurkasti að Alþingishúsinu, en hann hefur eindregið mótmælt því að hafa tekið nokkurn þátt í þessu athæfi, og engan kveðst hann hafa kannazt við, sem þátt áttu í aur- og grjótkastinu. Eftir að atkvæðagreiðslu var lokið á Alþingi, kveður ákærði lögregluþjóna og aðstoðarmenn þeirra hafa rutt mönnum frá Alþingishúsinu, notað kylfur við starf þetta, barið frá sér með þeim, og segist ákærði þá hafa orðið fyrir einu höggi á öxlina, þótt hann hefði engan mótþróa sýnt, en mannfjöldann segir hann hafa sýnt lögreglu og hjálparliði hennar mótstöðu. Er ákærði varð fyrir högginu, kveðst hann hafa orðið svo ofsareiður, að hann muni ekki hverju fram fór, hann hafi í bræði sinni ráðizt að lögregluþjóni þeim, sem barði hann með kylfunni, og slegið hann einhvers staðar í andlitið, en í þeim svifum hafi einhver annar lögregluþjónn slegið hann (ákærða) í vinstra læri. Kveður ákærði nú einhvern mann, sem hann eigi þekkir, hafa rétt sér spýtu, og hann hafi reynt að berja lögregluþjónana með henni, þótt hann viti eigi, hvort sér hafi tekizt það. Þá kveðst hann ekki minnast þess að hafa tekið í kylfu nokkurs lögregluþjóns og segist ekki hafa ætlað að svipta lögregluþjón kylfu.

Vitnið Guðbrandur Ágúst Þorkelsson lögregluþjónn, sem einkennisklæddur var á verði við Alþingishúsið þenna dag, skýrir svo frá, að skömmu áður en lögregluþjónar og hjálparmenn þeirra ruddu fólki frá Alþingishúsinu sökum óspektanna, hafi ákærði Alfons slegið sig á hægri vanga, án þess það sakaði, auk þess sem hann hafi reynt árangurslaust að taka kylfu vitnisins, enda hafi það þá slegið hann niður með kylfunni og hann að því búnu tekið til fótanna. Síðar kveður það ákærða hafa gert tilraun til að kasta í það hraunhellu, en því tekizt að víkja sér undan. Nokkru síðar segist það hafa séð hann með barefli reyna að slá til lögregluþjóns án þess að hæfa, eftir því sem vitnið gat séð, en þá hafi það komið á hann höggi, svo að hann féll við og lá nokkra stund, en síðar hafi hann svo skreiðzt burtu. Eftir þetta hafi táragassprengjum verið beitt, að því er það minnir.

Ekki kveðst vitnið minnast þess að hafa barið ákærða, áður en hann barði það, enda getur það ekki fullyrt, að högg hafi lent á honum fyrr, en ákærði segir vitnið hafa staðið fyrir aftan sig, eftir að hann var barinn í öxlina, og þá hafi hann í bræði sinni ráðizt á það og barið það.

Vitnið kveður ákærða eða einhvern annan hafa tekið í kylfu þess, því að mikill slinkur hafi komið á hana, en ákærði hefur aftur á móti borið það, að verið geti, að hann hafi ýtt við kylfunni með vinstri hendi, um

leið og hann sló með þeirri hægri. Þá kveðst vitnið munu hafa verið með gasgrímu, er það barði ákærða við styttu Jóns Sigurðssonar, og segir hann þetta vel geta verið, enda hafi hann ekki séð þann, sem barði, þar eð hann bar hendur fyrir höfuð sér.

Vitnið Sigurbjörn Eiríksson lögregluþjónn, sem einnig var einkennisklætt á verði við Alþingishúsið hinn 30. marz 1949, skýrir svo frá, að þegar þeir lögregluþjónarnir ruddu fólkinu frá Alþingishúsinu hafi margir orðið æfareiðir og þá hafi það séð ákærða, sem hafi æpt mjög, kasta grjóti í áttina að þinghúsinu, en þessu hefur ákærði mjög eindregið neitað, enda hafi hann ekki kastað öðru en hraunhellu að Guðbrandi Ágústi. Enn fremur kveðst vitnið hafa séð ákærða slá til lögregluþjóns og kasta að honum steinhellu, sem þó hæfði ekki. Virtist því lögregluþjónn þessi vera Guðbrandur Ágúst, þótt erfitt hefði verið að þekkja hann, þar sem þeir lögregluþjónarnir voru með gasgrímur, enda hafði táragassprengjum verið beitt.

Samkvæmt framansögðu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Páll Theódórsson.

Miðvikudaginn 30. marz 1949 var vitnið Sigurjón Jónsson járnsmiður, Hverfisgötu 42, statt við Alþingishúsið. Kveðst það þá hafa veitt athygli hóp manna, sem tekið hafði sér stöðu í miðju Kirkjustræti vestan til við aðaldyr Alþingishússins, og virtist vitninu hópur þessi vera undir forystu ákærða Magnúsar Jóels Jóhannssonar, eins og lýst er í forsendum þeim, sem hann varða sérstaklega. Í hópi þessum kveðst það hafa séð ákærða Pál Theódórsson verkfræðistúdent, Sjafnargötu 11, kasta tveimur eggjum í áttina að Alþingishúsinu.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi margnefndan miðvikudag komið að Alþingishúsinu klukkan 1.30 e. h. og dvalizt þar, þar til mannfjöldanum var dreift með táragasi. Nokkru eftir að ákærði kom þarna, kveður hann menn hafa farið að hrópa „Þjóðaratkvæði", „við krefjumst þjóðaratkvæðis", og segist hann hafa tekið þátt í hrópum þessum. Hann kveðst hafa farið einn niður að Alþingishúsi, gengið um meðal manna bæði á Austurvelli og í Kirkjustræti og þá hitt þar nokkra kunningja sína, meðal þeirra Guðmund Helgason iðnnema, Laufásvegi 77, sem hafi gefið honum tvö egg, er hann hafði keypt í verzlun Silla & Valda. Eggjum þessum kveðst ákærði svo hafa kastað í áttina að Alþingishúsinu, en nefndur Guðmundur hefur viðurkennt að hafa keypt egg í greindri verzlun.

Með eggjakasti þessu þykir ákærði Páll, eins og á stóð, hafa haft í frammi móðgun í athöfn við Alþingi og þannig gerzt brotlegur við 108. gr. hegningarlaganna per analogiam og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar

Reykjavíkur. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Garðar Óli Halldórsson.

Hinn 1. júní 1949 kom vitnið Jón Magnús Guðmundsson, bústjóri að Reykjum í Mosfellssveit, fyrir lögreglurétt Reykjavíkur og bar, að það hefði hinn 30. marz s. á. verið statt á Austurvelli og þar í grennd á tímabilinu milli klukkan 2 og 3 e. h. Ekki kveður vitnið miklar óeirðir hafa verið fyrir framan Alþingishúsið, þó hafi menn hrópað „þjóðaratkvæði" o. fl., en fyrir framan þinghúsið við gangstéttina að stíg þeim, sem liggur að styttu Jóns Sigurðssonar, segir það hóp manna hafa staðið, sem köstuðu grjóti og öðru í áttina að Alþingishúsinu. Kveðst vitnið hafa borið kennsl á einn þessara manna, ákærða Garðar Óla Halldórsson, og segir sér hafa sýnzt hann kasta einhverju í áttina að Alþingishúsinu allt að þremur sinnum, en hvað það var, sem kastað var, eða hvar það lenti, veit vitnið ekki, enda stóð það alllangt frá þeim, sem kastaði, og hefur það af þeim sökum ekki getað fullyrt, að það hafi verið ákærði, sem þetta aðhafðist.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa kastað nokkru í áttina að Alþingishúsinu, hvorki grjóti né öðru. Hann skýrir svo frá málavöxtum, að þenna dag hafi hann komið niður að Alþingishúsi um klukkan 2 e. h. ásamt tveimur kunningjum sínum, Eggerti Ólafssyni guðfræðistúdent, Skólavörðustíg 20 A, og Gunnari Tryggvasyni verkamanni, Lokastíg 6, en þessu hefur Gunnar neitað, heldur hafi hann verið með ákærða kvöldið áður, og því sé þetta misminni ákærða, enda kveðst Gunnar eigi hafa komið að Alþingishúsinu 30. marz 1949, þar eð hann hafi allan þenna dag verið að vinnu sinni við skurðgröft á Sölvhólsgötu. Aftur á móti segir Gunnar Ástmund Guðbjörnsson sjómann, Skúlagötu 52, hafa verið með þeim ákærða og Eggert þenna dag. Ákærði kveðst hafa tekið sér stöðu innan um fólksfjöldann á nyrðri gangstétt Kirkjustrætis vestan megin við dyr þinghússins, en fólk, sem þar var, hafi verið með hróp og köll, svo sem „þjóðaratkvæði" og annað svipað, en hann hafi ekki tekið þátt í þessum köllum. Einnig kveður ákærði menn, sem þarna voru, hafa kastað grjóti, hnausum og eggjum í áttina að Alþingishúsinu. Nafngreindi ákærði einn mann, sem hann kvaðst hafa séð kasta grjóti eða moldarhnausum að Alþingishúsinu, en þessu hefur maðurinn mjög eindregið neitað, og hefur ekki verið unnt að afla frekari upplýsinga um þetta atriði. Klukkan að ganga 4 e. h. kveðst ákærði hafa farið frá Alþingishúsinu, enda mannfjöldanum þá verið dreift með táragasi. Þegar lögreglan ruddi fólksfjöldanum frá Alþingishúsinu, segir ákærði Guðbrand Þorkelsson lögregluþjón í ógáti hafa slegið sig allmikið högg með kylfu í vinstri öxl. Er ákærði, sem þekkir Guðbrand, spurði, hverju þetta sætti, kveður hann Guðbrand hafa neitað að hafa barið hann. Þessu segist ákærði hafa reiðzt, og er hann nokkru síðar fann stóllöpp hjá styttu Jóns Sigurðssonar, kveðst hann ekki hafa getað setið á sér, tekið hana upp og kastað henni í áttina til Guðbrands, en ekki hæft.

Ástmundur Guðbjörnsson, er áður greinir, hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið að Alþingishúsinu hinn 30. marz 1949 klukkan 1.30 til 2 e. h., en þar hafi verið fjöldi manns og margir teknir að hrópa og láta allófriðlega. Hann kveðst í fyrstu hafa haldið sig hjá Dómkirkjunni, en gengið síðar vestur Kirkjustræti og staðnæmzt þar nokkurn veginn fyrir framan Alþingishúsið, þar sem hann hitti Eggert Ólafsson og ákærða, sem hann kannast við og tók tali. Nokkru síðar kveðst hann hafa orðið þess var, að menn voru farnir að kasta grjóti, mold o. fl. í áttina að Alþingishúsinu, en ekki segist hann hafa þekkt neinn sérstakan, sem að óspektum þessum stóð. Þó kveður hann ákærða hafa látið illa og ófriðlega, og er táragasinu var beitt, hafi hann (þ. e. ákærði) verið í æstu skapi, hrópað og kallað og verið umsvifamikill, en hvorki segist hann hafa séð ákærða kasta grjóti né öðru og eigi heldur séð ákærða eiga í átökum við nokkurn mann.

Vitnið Eggert Ólafsson stud. theol., Skólavörðustíg 20 A, kveður menn hafa verið með hróp og köll, kastað moldarhnausum, eggjum og grjóti að Alþingishúsinu, en ekki sá það ákærða Garðar Óla vera þarna með nokkrar óspektir. Aftur á móti kveðst það í eitt skipti, er lögreglan ýtti mannfjöldanum frá þinghúsinu, hafa séð lögregluþjón, er kallaður er Brandur, slá ákærða Garðar Óla tvö högg í aðra öxlina, en hann ekkert aðhafzt, heldur eingöngu spurt, hvað þetta ætti að þýða. Þegar hjálparsveit lögreglunnar kom út úr Alþingishúsinu til að dreifa mannfjöldanum, kveðst það hafa misst af ákærða og ekki séð hann aftur, fyrr en táragasinu hafði verið beitt.

Eftir þeim málsatvikum, sem nú hafa verið rakin, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 106. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ólafur Jensson.

Hinn 1. apríl 1949 mætti vitnið Björn Sigurbjörnsson stud. art., til heimilis að Fjölnisvegi 2 hér í bæ, fyrir rannsóknarlögreglunni og kvaðst hafa verið statt við Austurvöll miðvikudaginn 30. marz 1949. Segist það í skýrslu þessari hafa séð margt manna taka þátt í að kasta grjóti, for, eggjum o. fl. að Alþingishúsinu og að fólki, sem framan við það stóð, en eingöngu hafa þekkt einn mann, sem þátt tók í óspektum þessum, ákærða Ólaf Jensson. Segist vitnið í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni hvað eftir annað hafa séð hann kasta grjóti og for að Alþingishúsinu og einnig á lögreglumenn, sem voru á verði fyrir framan það, en hvort rúður brotnuðu í þinghúsinu eða lögreglumenn urðu fyrir meiðslum af þessum sökum, getur það í skýrslu sinni eigi sagt um, enda hafi það eigi þekkt lögreglumenn þá, sem það sá, að ákærði kastaði í.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að þenna dag hafi hann verið staddur á fundinum við Miðbæjarbarnaskólann, en fundur þessi hafi eigi

staðið lengur yfir en 15 til 20 mínútur. Þegar fundinum var lokið, fór ákærði ásamt öðrum fundarmönnum að Alþingishúsinu og kveðst hafa gengið um meðal manna, en þó aðallega hafa haldið sig vestan til í mannfjöldanum, sem stóð í Kirkjustræti. Til að byrja með kveður hann engar óeirðir hafa verið, nema hvað menn hafi kallað „þjóðaratkvæði", og segist hann hafa tekið þátt í hrópum þessum. Nokkru síðar kveður hann menn hafa tekið að kasta eggjum og torfusneplum að Alþingishúsinu og kveður einn kunningja sinn, Guðmund Helgason verkfræðistúdent, Laufásvegi 77, hafa tekið þátt í eggjakastinu, sbr. það, er greinir í kaflanum um þenna ákærða sérstaklega, en ekki kveðst ákærði hafa getað séð, að menn væru þarna í hópum undir forystu sérstakra manna. Hefur ákærði neitað því, að hafa tekið nokkurn þátt í grjót-, eggja- eða aurkasti að þinghúsinu og kveðst sízt hafa mælt því bót, enda talað um þetta athæfi við kunningja sinn Ásmund Anders Brekkan stud. med., Seljavegi 29, þegar þeir hittust við Alþingishúsið, en Ásmundur Anders hefur staðfest þenna framburð ákærða og segist ekki hafa séð hann vera með nokkrar óspektir.

Að því er ákærði bezt man, kveður hann lögregluþjóna í þrjú skipti hafa rutt mannfjöldanum frá dyrum Alþingishússins og í öll skiptin notað kylfur sínar við þetta, en í síðasta skiptið hafi verið kastað táragassprengjum, án þess að hann hafi áður heyrt aðvörun gefna.

Vitnið Björn Sigurbjörnsson kveðst í réttarhaldi hinn 5. apríl 1949 dag þenna (30. marz 1949) hafa verið statt á svölum Sjálfstæðishússins við Austurvöll og tekið eftir því, að menn voru með hróp og köstuðu eggjum. Að atkvæðagreiðslu lokinni á Alþingi, segist það hafa farið út í Kirkjustræti og staðið við vestra horn Alþingishússins hjá Listamannaskálanum. Séð þá mann í bláum frakka með stúdentshúfu beygja sig og talið víst, að hann hefði tekið upp grjót, og virzt hann kasta því, en vitnið taldi öruggt, að þetta hefði verið ákærði Ólafur, þar eð það vissi engan annan með stúdentshúfu á þessum stað, enda þótt það hefði eigi séð þetta greinilega, og fullyrðir það í réttarhaldi þessu, að þarna hafi ákærði verið að verki, kastað grjóti eða einhverju öðru.

Við samprófun í sama réttarhaldi skýrir ákærði þannig frá, að eftir að fyrstu táragassprengjunni hafi verið varpað, hafi hann farið niður að tjörn til að væta vasaklút sinn, því næst gengið upp að Menntaskóla og síðan aftur niður að Alþingishúsi, en þá hafi enn táragassprengjum verið varpað, og er hann hafi verið að flýja undan lögregluþjóni, hafi sprengja sprungið fyrir framan hann. Hann hafi tekið hana upp og kastað henni aftur fyrir sig, en lögregluþjónn, sem næstur honum var, hefði verið með kylfu á lofti.

Vitnið Björn Sigurbjörnsson kveðst aftur á móti hafa séð ákærða kasta einhverju í áttina að Alþingishúsinu, áður en táragassprengjum var kastað, eða nánar tiltekið í síðasta skipti, sem lögregluþjónar ruddu fólki frá dyrum Alþingishússins, en því hafi virzt hann gera þetta í varnarskyni, og mjög ógreinilega séð, að ákærði beygði sig niður, tók eitthvað upp og kastaði því í áttina að Alþingishúsinu.

Vitnið Helgi Ingólfur Eysteinsson verzlunarmaður, Reynimel 22, skýrir svo frá, að það hafi verið einn af meðlimum hjálparsveitar lögreglunnar og haft aðsetur inni í Alþingishúsinu, þar til atkvæðagreiðslu var lokið og þingmenn ætluðu að hverfa á brott. Út úr Alþingishúsinu segist það svo ekki hafa farið, fyrr en á varaliðið var kallað, en er það var nýkomið út úr húsinu, hafi táragassprengjum verið kastað og það heyrt, að menn voru áður aðvaraðir. Kveður það fólki hafa verið ýtt frá dyrum þinghússins, svo að autt svæði myndaðist fyrir framan aðaldyr þess, og þá hafi það séð, að ákærði Ólafur Jensson kastaði sér upp á bak einhvers varalögreglumanns og sló hann, en hvar höggið lenti, kveðst það eigi hafa séð. Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglunni kveðst það hafa séð, að það var stúdent, sem það þekkti í sjón, er þetta aðhafðist, en því hafi verið tjáð, að nafn hans hafi verið Ólafur Jensson, enda hafði það séð mynd, tekna fyrir framan Alþingishúsið þenna dag, þar sem það þekkti ákærða sem sama mann, er greinda háttsemi hafði í frammi.

Í réttarhaldi hinn 13. apríl 1949 skýrir ákærði svo frá, að er hann hafi verið að færa sig austur eftir Austurvelli, hafi hann hlaupið í flasið á tveimur varalögreglumönnum og vel geti verið, að hann hafi stjakað við þeim, enda hafi þeir verið með kylfur, en hann neitar því að hafa hlaupið upp á bak nokkrum varalögreglumanni og barið hann, en vitnið segist aftur á móti greinilega hafa séð, er ákærði aðhafðist verknað þenna, og hefur það unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Haukur Clausen stud. med., Freyjugötu 49, sem var í varaliði lögreglunnar og tók þátt í lögregluaðgerðum, rétt áður en táragasinu var beitt, segir þá hafa verið mikla grjóthríð og hafi meðal annars verið kastað stórum hnullungum. Ekki kveðst þetta vitni hafa séð marga ráðast að lögreglunni, en þó einn og einn. Af þeim hefur það eigi getað nafngreint nema ákærða Ólaf, sem það kveðst hafa séð ráðast að lögreglunni og kasta grjóti.

Vitnið Ólafur Magnússon ljósmyndari, Sólvallagötu 13, sem statt var þarna við þinghúsið og tók mynd, rskj. nr. 18, lögð fram í rannsókn málsins 6. apríl 1949, þar sem ákærði sést aðgerðalaus og hinn rólegasti, kveðst hafa verið á gangstéttinni við Austurvöll sem næst innganginum í Listamannaskálann. Kveður það myndina tekna, þegar mesta grjóthríðin stóð yfir og lögreglan hafði hafið útrás frá þinghúsdyrunum, en það kveðst enga athygli hafa veitt mönnum þeim, sem á myndinni sjást, enda hafi það tekið mynd þessa sem yfirlitsmynd án nokkurs tillits til manna þessara og ekkert eftir þeim muna.

Af framansögðu er ljóst, að upplýsingar um atferli ákærða í óeirðunum eru af skornum skammti. Ósannað verður að teljast, að hann hafi kastað í þinghúsið, en nægilega þykir sannað, að hann hafi veitzt að lögreglunni, þannig að refsingu varði samkvæmt 106. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Þá hefur hann og gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði Hálfdán Bjarnason.

Kl. 17.50 umræddan dag, 30. marz, kom á lögreglustöðina maður að nafni Sigurjón Kristjánsson, til heimilis Ásvallagötu 63, og skýrði frá því, að hann hefði rétt áður verið staddur við Dómkirkjuna og séð þá mann ganga að reiðhjóli, sem stóð við austurgafl Alþingishússins, og henda því í glugga á húsinu. Síðan hafi hann farið inn í bifreiðina R. 5414, sem ekið hafi verið á brott.

Morguninn eftir, 31. marz, gaf ákærði Hálfdán Bjarnason sig fram í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og játaði þar ótilkvaddur, að hann hefði daginn áður brotið rúðu á austurgafli Alþingishússins með því að henda reiðhjóli í gluggann. Lýsir ákærði atvikum svo, að hann hafi umræddan dag verið heima hjá sér þar til kl. að ganga sex síðdegis, en þá hafi hann náð í leigubifreið og ekið niður í bæ ásamt konu sinni og tveimur ungum dætrum þeirra. Hafi þau farið í forvitnisskyni til að sjá, hvað gengi á í miðbænum. Hafi þau látið bifreiðina nema staðar í Templarasundi og farið þar öll út og inn í mannþvöguna við Alþingishúsið og stanzað þar stutta sund, og síðan ætlað inn í bifreiðina aftur. Segir ákærði, að þá hafi gripið hann einhver fítonsandi og hafi hann gripið reiðhjól, sem stóð við austurgafl þinghússins, og hent í glugga á húsinu og brotið rúðu. Síðan kveðst ákærði hafa farið eftir konu sinni og dætrum inn í bifreiðina og þau ekið heim.

Ökumaður R. 5414, Bjarni Marius Einarsson, kveðst hafa ekið skv. pöntun að Heiðvangi við Sogaveg og ekið þaðan með ákærða, konu hans og tvö börn niður í Templarasund og beðið þeirra þar ca. 5 mínútur. Kveðst hann ekki hafa fylgzt með ferðum farþega sinna, meðan þeir voru fjarverandi, og hafa ekki orðið var við, að nein rúða væri brotin í Templarasundi.

Ákærði kveðst eigi geta gert sér grein fyrir því, hvað sér hafi gengið til að brjóta rúðuna.

Hann kveðst ekki hafa farið niður í miðbæ í því skyni að taka þátt í óspektum. Ekki kveðst hann hafa verið hvattur til óspekta á staðnum.

Ákærði kveðst hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis.

Ákærði þykir með því að hafa í frammi háttsemi þá, er greint hefur verið, hafa haft í frammi móðgandi athöfn gagnvart Alþingi, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 per analogiam.

Einnig þykir hann hafa gerzt brotlegur við 1. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að ákærði játaði brot sitt hreinskilnislega og ótilkvaddur, hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Jón Múli Árnason.

Bræðurnir Haukur Clausen stud. med. og Örn Clausen stud. juris, báðir til heimilis á Freyjugötu 49, voru í varaliði lögreglunnar þann 30. marz s.l. Gerðu þeir báðir útrás úr Alþingishúsinu ásamt öðrum varaliðsmönnum, eftir að þingfundi var lokið, til að reyna að dreifa mannfjöldanum,

sem fyrir utan þinghúsið hafði safnazt. Komust þeir bræður í útrás þessari nokkuð út á Austurvöll. Báðir segja þeir grjóthríð mikla hafa mætt þeim varaliðsmönnunum, og hafa þeir borið og ber saman um, að einn þeirra manna, sem grjóti vörpuðu að varaliðsmönnum í útrás þeirra, hafi verið ákærði Jón Múli Árnason. Kveðst Haukur hafa séð ákærða Jón Múla varpa einum steini í áttina að Erni bróður hans (Hauks), en telur þó ósennilegt, að steini þessum hafi beinlínis verið ætlað að hæfa Örn. Örn kveðst hafa séð ákærða Jón Múla sparka í hraunhellur meðfram gangstígum Austurvallar og losa þær þannig, en taka þær síðan og varpa að varaliðsmönnum lögreglunnar, en ekki kveðst hann hafa séð sendingar þessar hæfa neinn sérstakan mann. Þetta segist Örn hafa séð ákærða Jón Múla gera tvisvar sinnum, og hafi hann (ákærði) verið staddur á gangstígnum, sem liggur norður frá miðju Alþingishússins að styttu Jóns Sigurðssonar, um miðja vega milli hennar og þinghússins.

Framburði sína um hegðun ákærða Jóns Múla hafa þeir Haukur og Örn Clausen staðfest með eiði.

Guðni Halldórsson bifreiðarstjóri, Frakkastíg 15, var staddur við Alþingishúsið þann 30. marz s.l., þegar óspektirnar áttu sér þar stað, og sá hann þar ákærða Jón Múla. Segir Guðni sér hafa virzt ákærði Jón Múli eitthvað vera að flýta sér, en ekki hafi hann séð hann henda neinu grjóti, mold eða öðru slíku, meðan hann sá til hans, og kveðst Guðni ekki hafa orðið var við, að ákærði Jón Múli væri með nein sérstök ólæti yfirleitt.

Ákærði Jón Múli hefur frá upphafi staðfastlega neitað því, að hann hafi varpað grjóti að nokkrum manni í óspektunum, sem hér ræðir um, og kveðst hann ekki hafa snert á einum einasta steini í þessu skyni. Annars hefur ákærði Jón Múli skýrt þannig frá, að hann hafi komið að Alþingishúsinu um kl. 1.45 e. h. þann 30. marz s.l. Kveðst hann fyrst í stað hafa haldið sig í suðausturhorni Austurvallar, en síðan tekið að ganga um nágrenni þinghússins og m. a. komið að bakdyrum þess og staldrað þar við. Einnig kveðst hann minnast þess, að um það leyti sem alþingismenn gengu út úr þinghúsinu hafi hann verið staddur við Dómkirkjuna. Þegar varaliðsmenn gerðu útrás úr Alþingishúsinu, kveðst hann hafa verið staddur í suðausturhorni Austurvallar. Segir hann þá mann, sem bar spjald, sem á var letrað „þjóðaratkvæðagreiðsla", hafa misst það, en hann (ákærði) hafi tekið það upp. Þetta spjald kveðst hann þó hafa misst, þegar hann var að forða sér undan táragasmekki lögreglunnar. Frá Alþingishúsinu kveðst ákærði Jón Múli hafa farið um kl. 3½. Hann kveðst hafa komið og farið einn síns liðs til og frá þinghúsinu.

Með framburðum framangreindra vitna er sannað, að þessi ákærði hefur gerzt brotlegur við 106. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Sigurður Jónsson.

Við rannsókn málsins gáfu sig fram við rannsóknarlögregluna tveir menn, Sigurjón Einarsson nemandi, Smáragötu 1, 18 ára að aldri, og

Örn Guido Bernhöft nemandi, Garðastræti 44, 19 ára að aldri, og skýrðu frá því, að þeir hefðu séð ákærða Sigurð Jónsson taka þátt í óspektunum. Skýrði Sigurjón Einarsson svo frá, að hann hefði verið staddur í hópi félaga úr Heimdalli og fleiri manna, sem staðið hefðu á gangstéttinni framan við Alþingishúsið. Kveðst Sigurjón hafa séð ákærða, er lögreglan hafi verið að reka fólkið frá, og hafi hann fyrst snúið undan, en síðan snúizt gegn lögreglunni, og hafi hann beinlínis ráðizt að einum lögregluþjóninum. Á hvern hátt hann hafi beitt sér gegn lögregluþjóni þessum og hvað frekar hafi orðið úr viðskiptum þeirra, hefur Sigurjón ekki getað lýst. Skýrir hann svo frá, að hann hafi orðið fyrir grjótkasti og ekki getað fylgzt með því frekar.

Örn Guido Bernhöft kveðst einnig hafa verið staddur framan við þinghúsið og hafa séð ákærða í mannfjöldanum. Hafi hann verið hávaðasamur og æpt mikið, og segir Örn, að hann hafi augsýnilega verið að eggja til óspekta. Þó hefur Örn lýst yfir því, að hann hafi ekki heyrt orðaskil hjá ákærða. Ekki kveðst Örn hafa séð hann kasta grjóti né vera með vopn í höndum. Þá segir Örn, að er lögreglan hafi í síðara skiptið rekið mannfjöldann frá húsinu, hafi ákærði snúizt gegn lögreglunni, og hafi hann ekki getað betur séð en að ákærði slægi til eins lögregluþjóns með hnefanum. Ekki kveðst Örn hafa þekkt lögregluþjóninn. Örn kveðst ekki hafa getað fylgzt áfram með viðureigninni, þar eð grjótkast hafi verið mikið, og hann orðið að hlífa sér.

Þá hefur vitnið Þorkell Valdimarsson nemandi, Freyjugötu 46, 16 ára að aldri, borið það, að það hafi séð ákærða, er lögreglan hafi verið að ryðja fólkinu frá þinghúsinu. Hafi ákærði snúizt gegn lögregluþjóni og tekið kylfu af honum. Hafi lögregluþjónninn áður verið búinn að reiða kylfuna til höggs, en ekki verið búinn að slá ákærða, svo hann sæi. Kveðst Þorkell ekki hafa getað fylgzt með því lengur, hvað fram fór milli ákærða og lögregluþjónsins.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi komið niður á Austurvöll kl. 13.15, og kveðst hann hafa komið þangað, vegna þess að formenn þriggja þingflokka hafi verið búnir að hvetja borgara til að koma þangað. Kveðst ákærði síðan hafa hafzt þarna við, meðan fært var, eða þangað til lögreglan tók að gera kylfuárás og beita táragasi. Hann kveðst lengst af hafa haldið sig á gangstéttinni við Austurvöll eða á vellinum vestan við stíginn, sem liggur frá styttunni.

Ákærði segir, að þegar lögreglan tók að ráðast út frá þinghúsinu, hafi hann verið staddur á gangstéttinni andspænis þinghúsinu rétt vestanvert við dyrnar. Segir hann, að í síðara skiptið, sem lögreglan gerði árás, hafi hann snúið sér að lögregluþjónum nokkrum saman og spurt þá, hver meiningin væri. Hafi lögregluþjónarnir engu svarað og einn þeirra hafi rekið kylfu sína í upphandlegg ákærða, þó eigi svo fast, að ákærði meiddist af. Kveðst ákærði hafa komið sér strax burt, og neitar hann því algerlega, að hann hafi ráðizt að lögregluþjónunum með ofbeldi, enda hafi hann ekkert slíkt haft í huga, er hann snerist gegn lögregluþjónunum.

Ákærði kveðst heldur engar óspektir hafa haft í frammi að öðru leyti. Kveðst hann engu hafa kastað að þinghúsinu og ekki hafi hann hvatt til óspekta né hrópað illyrði. Hann kveðst hafa kallað upp „þjóðaratkvæðagreiðsla" ásamt öðru fólki og vera megi, að hann hafi sungið eitthvað með.

Svo sem að framan greinir, eru framburðir vitnanna um viðskipti ákærða við lögregluþjóninn eða lögregluþjónana fremur óljósir og ósamhljóða. Sigurjón Einarsson kveður ákærða hafa „snúizt gegn" lögregluþjónum, án þess að hann geti sagt um, hvort hann hafi beinlínis sýnt þeim ofbeldi eða veitt mótþróa. Örn Guido Bernhöft kveðst hafa séð ákærða slá lögregluþjón, en Þorkell Valdimarsson kveðst hafa séð hann taka kylfu af lögregluþjóni.

Ekki er upplýst, hvaða lögregluþjón eða lögregluþjóna sé um að ræða þarna. Að þessu athuguðu þykir gegn neitun ákærða ekki vera sönnun fengin um það, að ákærði hafi sýnt lögreglumönnum í starfi ofbeldi eða haft í frammi hótanir um ofbeldi. Eigi er heldur upplýst, að ákærði hafi í umrætt skipti haft í frammi refsiverða háttsemi að öðru leyti. Ber því að sýkna ákærða af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Magnús Jóel Jóhannsson.

Hinn 1. apríl 1949 kom vitnið Sigurjón Jónsson járnsmiður, Hverfisgötu 42, til rannsóknarlögreglunnar og skýrði frá því, að hann hefði séð og heyrt framferði ákærða Magnúsar Jóels Jóhannssonar við Alþingishúsið þann 30. marz s. á. Skýrir vitnið svo frá málavöxtum, að um klukkan eitt eftir hádegi margnefndan dag hafi það komið niður að Alþingishúsi með tveimur kunningjum sínum, en orðið viðskila við þá, enda fólk þá að streyma þarna að. Í fyrstu segir það engar óeirðir hafa verið við þinghúsið, nema hvað nokkrir viðstaddir hafi kallað „þjóðaratkvæðagreiðsla". Eftir að útifundi við Miðbæjarbarnaskólann var lokið, hafi komið að Alþingishúsinu hópur manna, er því virtist vera undir forystu ákærða, en því hefur hann eindregið mótmælt. Hafi hópur þessi tekið sér stöðu í miðju Kirkjustræti vestan til við aðaldyr Alþingishússins, og ákærði verið áberandi meðal manna í hópi þessum, honum hafi verið lyft upp, svo að hann hefði betra útsýni, eða hann hafi vegið sig upp á öxlum nærstaddra manna, eins og ákærði hefur borið, að hann hafi í eitt skipti gert. Er vitnið sá mann nokkurn fara í vasa sinn og taka þaðan stein, sem maður þessi kastaði í glugga Alþingishússins, kveðst það hafa heyrt ákærða kalla upp yfir hópinn og segja mönnum að kasta ekki strax, og var áskorun þessari hlýtt í bili, en ákærði hefur neitað því að hafa viðhaft nokkur slík ummæli, enda hvorki hafa haft forystu eða verið undir forystu nokkurra manna í óeirðunum, heldur hafi hann einmitt hvatt menn til að vera rólega. Ekki kveðst vitnið hafa séð ákærða kasta nokkru í áttina að þinghúsinu, þótt það hafi séð hann milli manna, er slíkt aðhöfðust, og ekki segist það heldur hafa séð hann með barefli.

Þegar atkvæðagreiðslu í þinginu var lokið, kveðst vitnið hafa heyrt kallað upp í gjallarhorn, að þingmönnum Sósíalistaflokksins væri meinuð

útganga úr Alþingishúsinu og þeim haldið þar sem föngum, en þá hafi það heyrt ákærða ásamt fleiri nærstöddum hvetja menn til að ráðast inn í Alþingishúsið, enda hafi allmargir menn, sem á götunni stóðu, ruðzt fram, svo að autt svæði hafi myndazt, en þá hafi lögregluþjónar með kylfum rutt hóp þessara manna til baka. Eftir þetta kveðst vitnið hafa farið út á Austurvöll, en grjótkastið aukizt að Alþingishúsinu, enda margir tekið sér stöðu á nyrðri gangstéttarbrún, en þar hafi þeir verið, sem aðallega köstuðu. Segir vitnið svo lögreglumenn hafa rutt hóp þessum frá, og litlu síðar hafi táragasi verið beitt.

Ákærði hefur neitað því að hafa heyrt kallað í gjallarhorn, að þingmönnum Sósialistaflokksins væri haldið sem föngum í Alþingishúsinu, en aftur á móti hafi hann heyrt þetta manna á milli. Þá segir hann það rangt, að hann hafi hvatt menn til að ráðast inn í Alþingishúsið.

Ákærði skýrir annars svo frá málavöxtum, að laust fyrir klukkan 1 e. h. miðvikudaginn 30. marz 1949 hafi hann verið staddur við útifund, sem haldinn var við Miðbæjarbarnaskólann, en fund þenna hafi sótt allmargt manna og fundurinn staðið yfir í um 15 mínútur. Að fundinum loknum fór ákærði niður að Alþingishúsi ásamt þeim, sem á nefndum fundi voru. Kveðst ákærði hafa gengið á milli manna, en þó dvalizt lengst af á Austurvelli beint fram undan Alþingishúsinu. Hann kveðst hafa heyrt menn hrópa „krefjumst svars" og annað þess háttar og séð kastað eggjum í áttina að Alþingishúsinu, en er lögreglan hafi síðar rutt mannfjöldanum frá Alþingishúsinu, hafi menn tekið að kasta steinvölum. Enginn hafi þó veitt lögreglunni mótspyrnu, en hún hafi engu að síður farið mjög harkalega að og slegið, hvað sem fyrir var, og rutt mannfjöldanum tvisvar sinnum frá dyrum Alþingishússins, áður en táragassprengjum var beitt.

Vitnið Sveinn Zoëga forstjóri, Túngötu 45, skýrir svo frá, að það hafi komið niður að Alþingishúsi margnefndan miðvikudag, hinn 30. marz 1949, um kl. eitt e. h., en þar hafi þá verið saman komið talsvert margt manna og fleiri bætzt þar við. Nokkru eftir að vitnið var komið að Alþingishúsinu, segir það marga viðstadda hafa farið að kasta eggjum, grjóti og öðru að þinghúsinu, en það segist ekki hafa orðið vart við nokkurn, sem hafði fyrirskipanir í frammi, nema hvað það hafi tekið eftir ákærða, þar sem hann hafi verið allæstur, og heyrt hann segja „við skulum fara og sækja barefli", en hvorki þekkti vitnið menn þá, sem ákærði sagði þetta við, né vissi, hvort barefli hefðu verið sótt, en eins og áður greinir, hefur ákærði eindregið neitað því að hafa viðhaft ummæli þessi. Ekki kveðst vitnið hafa séð ákærða kasta grjóti eða öðru að Alþingishúsinu.

Vitnið Brynjólfur Sigurður Brynjólfsson matreiðslunemi, Aðalstræti 18 hér í bæ, sem unnið hefur drengskaparheit að framburði sínum, eins og framangreind tvö vitni, er um getur í þessum kafla, skýrir svo frá, að það hafi komið að Alþingishúsinu miðvikudaginn 30. marz 1949 um klukkan 2 e. h. Þar hafi verið mikill mannfjöldi fyrir, menn hafi verið með hróp og köll, en til að byrja með hafi eigi verið hægt að segja, að

nokkrar óeirðir væru. Nokkru eftir að það kom að þinghúsinu, segir það menn hafa ruðzt fram gegn lögreglunni, sem það hafi orðið vart við, að ruddi fólki tvisvar sinnum frá Alþingishúsinu án þess að nota kylfur. Kveðst það hafa séð ákærða Magnús Jóel í hópi þeirra manna, er verst létu, enda hafi svo virzt, sem hann væri fyrirliði hóps manna, sem hann hvatti mjög til óeirða, og hafi menn þessir hlýtt honum, kastað grjóti og fleiru að þinghúsinu. Þá kveðst það í eitt skipti hafa séð þá brjóta hraunhellu með barefli, en það segist aldrei hafa séð ákærða kasta nokkru þarna.

Þessum áburði vitnisins hefur ákærði eindregið neitað og segist sízt hafa hvatt menn til óspekta eða til að kasta grjóti eða öðru að Alþingishúsinu, og einnig neitar hann, sem fyrr greinir, að hafa verið forystumaður hóps manna til að ráðast inn í Alþingishúsið eða hvetja menn til að sækja barefli. Vitnið kveðst aftur á móti hafa heyrt ákærða hvetja menn til að sækja barefli og þeir skyldu hittast hjá stæði áætlunarbifreiðanna til Hafnarfjarðar. Kveðst vitnið hafa gengið niður að strætisvagnastæði þessu, séð framangreindan hóp, um þrjátíu menn, og flestir þeirra verið með barefli, er því virtist vera rimlar úr grindverki, en ákærða kveðst það eigi hafa séð þarna. Hóp nefndra manna segir það hafa gengið að Alþingishúsinu, tekið sér stöðu á Austurvelli beint fyrir framan aðaldyr þess, og þá hafi ákærði verið kominn í hópinn. Þar kveður vitnið hann hafa heilsað því, en það eigi tekið undir kveðjuna, og hann þá þrifið í það, sagt, að það væri landráðamaður og nazisti, en ákærða hafi verið kunnugt um, hverjar pólitískar skoðanir það hafði. Ákærði segist þó ekki vita um pólitískar skoðanir þess, þótt þeir séu sammála um að hafa rætt um stjórnmál. Eigi segir það hann hafa slegið sig, en haft í hótunum við það og sagt, að það ætti að koma sér burt, og eggjað félaga sína til að ráðast á það. Kveðst vitnið þá hafa þrifið í ákærða, sagt, að hann skyldi gæta sín, því að það vissi um nafn hans og mundi sækja hann til saka, en þá hafi ákærði sagt við félaga sína, að þeir hefðu landráðamann á meðal sín, sem þeir skyldu þó ekki misþyrma, og síðan hrint því aftur fyrir lögreglumenn.

Ákærði hefur aftur á móti neitað því að hafa gripið í vitnið og hvatt menn til að ráðast á það, en það segist hafa sett hendur aftur fyrir bak og boðið ákærða að slá sig, enda hafi það ekki haft í huga að slást. Einnig segir ákærði það rangt, að hann hafi sagt vitnið landráðamann, sem ekki skyldi misþyrma, eins og hann kveður framburð vitnisins rangan í öllum meginatriðum.

Áður en táragassprengjum var kastað, kveðst vitnið hafa farið heim til sín.

Vitnið Guðmundur Jóhann Guðmundsson dyravörður, til heimilis að Ásvallagötu 65, skýrir svo frá, að það hafi hitt ákærða Magnús Jóel klukkan rúmlega 1 e. h. margnefndan dag við Alþingishúsið, þar sem það dvaldist, þar til táragasi var beitt. Kveðst það hafa verið alllengi þarna með ákærða, eða um helming þess tíma, er það var þarna, en aldrei séð hann kasta nokkru eða taka þátt í óeirðum, enda verið allra manna

stilltastur, gengið manna á milli og skakkað leik, þar sem stimpingar voru, en einhverjir hefðu ráðizt að manni, sem ákærði þekkti.

Vitnið Gísli Sigurðsson, lögregluþjónn í Hafnarfirði, þar til heimilis að Hverfisgötu 38, kveðst hafa verið statt óeinkennisklætt við Alþingishúsið hér í bæ nefndan miðvikudag, enda eigi verið að skyldustörfum, og komið þarna að um klukkan 2 e. h. Þá hafi verið þarna saman kominn mikill mannfjöldi, en til að byrja með hafi engar óspektir verið, nema hvað kallað hafi verið „þjóðaratkvæði" og sumir kastað eggjum. Litlu síðar segir vitnið, að menn hafi farið að kasta steinum að Alþingishúsinu frá Austurvelli, en hverjir þetta gerðu, veit það eigi. Skömmu eftir að það kom að þinghúsinu, kveðst það hafa hitt ákærða Magnús Jóel einan síns liðs hjá Dómkirkjunni og átt við hann stutt viðtal einhvers efnis, en ekki séð hann vera með óspektir eða hvetja menn til óeirða. Um klukkan 4 nefndan dag segist vitnið hafa hitt hann hjá Óðinstorgi og eigi getað séð annað en hann væri rólegur og framkoma hans í alla staði eins og hann átti vanda til. Er það hafði orð á því, að hann væri grátandi, kveður það hann hafa sagt, að hann hefði verið niðri í miðbæ.

Vitnið Lárus Salómonsson lögregluþjónn, Kársnesbraut 36, kveðst ekki þekkja ákærða Magnús Jóel, en hafa séð mynd af honum í dagblaðinu Þjóðviljanum og sig minni að hafa átt tal við hann fyrir framan þinghúsið, þótt það geti ekki fullyrt það.

Þá kveður vitnið hóp manna, sem verið hafi beint fyrir framan Alþingishúsið, hafa hrint manni að nafni Brynjólfur Brynjólfsson í áttina að lögregluþjónum, en frá hópi þessum hafi því virzt nokkuð af grjótkasti koma um tíma, og það því gengið inn í hópinn og beðið nokkra menn að sjá um, að grjótkastinu yrði hætt. Nokkrir hafi tekið vel í þetta, en jafnframt beðið vitnið að hafa áhrif á það, að þingmenn þeirra, eins og orðað hafi verið, yrðu látnir lausir úr þinghúsinu.

Af því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi verið framarlega í hópi manna, sem þátt tóku í árásinni á þinghúsið, m. a. með grjótkasti. Hefur hann með því gerzt brotlegur við 100. gr. hegningarlaganna og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., sömu laga ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykja efni standa til að láta gæzluvarðhald þessa ákærða frá 2.—5. apríl s.l. koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði Hreggviður Stefánsson.

Vitnin Lárus Axel Helgason og Jón Ebenezersson Halldórsson rannsóknarlögregluþjónar, sem staddir voru í mannþrönginni framan við Alþingishúsið á umræddum tíma, hafa borið það, að þeir hafi séð ákærða Hreggvið Stefánsson kasta eggjum að þinghúsinu. Lárus Axel ber það og, að hann hafi einnig séð ákærða útbýta eggjum til annarra pilta. Ákærði

hefur algerlega neitað því, að hann hafi kastað nokkru eggi þarna. Hann kveðst hafa komið niður að Alþingishúsi, eftir að útifundinum við Miðbæjarskólann lauk. Kveðst hann hafa hafzt þar við nokkuð fram eftir. Hann neitar því algerlega, að hann hafi haft nokkrar óspektir í frammi. Hann kveðst hafa kallað „þjóðaratkvæði", ásamt fleirum, sem þarna voru, en ekki hafi hann haft önnur hróp í frammi, að því er hann muni. Hann kveðst ekki hafa verið í fylgd með neinum sérstökum, en hitt ýmsa kunningja sína, þar á meðal ákærða Guðmund Helgason og Árna Pálsson.

Áðurnefnd vitni hafa bæði staðfest, að þau hafi séð ákærða kasta eggjum við þinghúsið. Hafa þau bæði staðfest framburð sinn með eiði.

Þykir því þrátt fyrir neitun ákærða verða að telja það sannað með samhljóða framburðum tveggja vitna, að ákærði hafi haft í frammi eggjakast á umræddum stað og tíma. Eins og á stóð, verður að telja, að ákærði hafi með atferli þessu sýnt Alþingi móðgun í athöfn, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga per analogiam, svo og hefur ákærði brotið 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Guðmundur Jónsson.

Ákærði Guðmundur Jónsson kom að eigin sögn niður á Austurvöll umræddan dag, er hann hafði lokið vinnu kl. 17. Var hann þar síðan á ferli um stund, en margt manna var þá á vellinum. Meðal annars voru á gangstígnum að styttunni nokkrir menn með grjót, sem þeir vörpuðu að þinghúsinu. Ákærði hefur játað, að hann hafi varpað einum steini að þinghúsinu, og kveður ákærði steininn hafa lent í veggnum. Segir ákærði, að einn manna þeirra, er verið hafi að kasta grjóti, hafi fengið sér stein í hönd og hvatt sig til að kasta honum. Ákærði segir, að sér hafi ekki gengið til verksins annað en prakkaraskapur. Ákærði kveður fólk hafa verið framan við húsið, er hann kastaði steininum.

Lögregluþjónn, er séð hafði til ákærða úr gluggum Alþingishússins, fór ásamt öðrum lögregluþjóni og handtók ákærða, og var hann síðan settur í varðhald á lögreglustöðinni.

Með framangreindu atferli þykir ákærði hafa haft í frammi móðgandi háttsemi gagnvart Alþingi, er varði analogice við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Einnig þykir háttsemi ákærða vera brot gegn 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Kristófer Sturluson.

Á mynd þeirri, er birtist í Morgunblaðinu 1. apríl og áður er um getið, sést maður standa á Austurvelli á gangstígnum frá þinghúsdyrunum út að styttunni, og er maðurinn með reidda hægri hönd og heldur í henni á einhverju, sem líkist allstórum steini. Er maðurinn í greinilegum kaststellingum. Margt manna er í kringum hann, en nokkurt autt svæði fyrir framan hann, svo að hann sést allur á myndinni. Hann snýr and-

litinu að ljósmyndaranum. Rannsóknarlögreglan komst að því, að orðrómur væri um, að maður þessi væri ákærði Kristófer Sturluson. Þegar er ákærði var yfirheyrður um málavexti, neitaði hann því, að hann væri umræddur maður, og við þá neitun hefur ákærði staðið jafnan síðan. Að áliti réttarins er umrædd mynd ekki svo greinileg, að hægt sé að slá því föstu, hvort þar sé um ákærða að ræða eða ekki. Ekkert verður að vísu séð við umræddan mann á myndinni, sem útilokar, að þar geti verið um ákærða að ræða, heldur bendir margt til, að svo sé. Hins vegar er myndin eigi nægilega skýr, til þess að um þetta verði sagt með vissu.

Maðurinn á myndinni er með dökkan hatt á höfði, í dökkleitum fötum, jakkinn tvíhnepptur. Maðurinn er frakkalaus.

Ákærði kveðst hafa komið niður á Austurvöll umræddan dag um kl. 13.30 og hafzt þar við, þangað til táragasinu var beitt. Kveðst hann þá hafa farið burt, og hafi hann aldrei orðið fyrir táragasi. Hann kveðst engar óspektir hafa haft í frammi þarna. Um það, hvað hann hafi aðhafzt þarna, hefur ekki verið að fá miklar upplýsingar frá ákærða sjálfum. Tregðaðist hann mjög við að svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar við rannsókn málsins, og svaraði þeim oft alls ekki eða með útúrsnúningum einum. Hann kvaðst í fyrstu ekki geta nafngreint neinn mann, sem hann hefði hitt þarna á staðnum, en síðan skýrði hann frá því, að hann hefði hitt þarna menn, sem hann þekkti, en ekki vildi hann nefna þá. Ákærði skýrði í fyrstu svo frá, að hann hefði verið svo klæddur, að hann hefði verið í blágráum fötum með teinum, með tvíhnepptum jakka, og verið í svörtum frakka berhöfðaður. Húsleit var gerð á heimili ákærða, og fannst þar svartur hattur og bláröndótt föt. Kveður ákærði þetta vera föt þau, er hann hafi verið í umræddan dag, en hattinn kveðst hann ekki eiga. Benti hann á, að mágur hans, Eyjólfur Halldórsson, sem býr í sama húsi og ákærði, mundi eiga hattinn, en í ljós kom, að svo var ekki. Hefur ekki tekizt að upplýsa, hver eigi hatt þenna, þar eð bæði ákærði og kona hans bera á móti því, að ákærði noti nokkurn tíma slíkan hatt. Kona ákærða, Anna Halldórsdóttir, og áðurnefndur Eyjólfur, bróðir hennar, telja sig hvorugt geta gefið upplýsingar um, hvernig ákærði hafi verið klæddur umræddan dag, þ. e. hvort hann hafi verið í frakka eða með hatt, en Anna kveður ákærða engan hatt eiga. Anna skýrði frá því, fyrst er hún kom fyrir dóm sem vitni, að hattur sá, sem fannst við húsleitina, væri eign bróður hennar, Páls Halldórssonar, Ingólfsstræti 6, og hefði Páll gleymt hattinum heima hjá henni. Við rannsókn kom í ljós, að Páll var ekki eigandi hattsins. Hefur Anna síðan enga skýringu getað gefið á því, hver eigi hattinn, nema hvað líklegt sé, að einhver gestkomandi maður hafi gleymt honum heima hjá henni. Ákærði hefur á síðara stigi rannsóknarinnar engin svör fengizt til að gefa um það, hvernig hann hafi verið klæddur umræddan dag, né um það, hver átt geti hatt þann, er fannst heima hjá honum.

Eitt vitni hefur borið, að það hafi séð ákærða á Austurvelli umræddan dag. Er það Bergþór Sigurðsson verkamaður, Barmahlíð 31. Hann

kveðst hafa verið staddur á Austurvelli í ca. 15—20 mínútur um kl. 15. Um þær mundir hafi ekki verið um miklar óspektir að ræða þarna, aðallega skítkast að Alþingishúsinu, en grjótkast kveðst Bergþór ekki hafa orðið var við. Kveðst Bergþór hafa séð ákærða í hópi stráka, sem hafi verið með einhver ólæti skammt framan við styttuna á vellinum. Engan þekkti Bergþór þeirra, er voru þarna með ákærða. Bergþór segir, að sig hálfminni, að hann sæi ákærða kasta einhverju, en kveðst ekki geta fullyrt það. Kveðst Bergþór hafa heilsað ákærða, en ekki talað við hann annars. Klæðnaði ákærða lýsir Bergþór svo, að hann hafi verið frakkalaus í dökkleitum jakka röndóttum, og hann kveðst vera hér um bil viss um, að hann hafi verið með svartan hatt.

Ekki hefur náðst til fleiri vitna, er séð hafi ákærða á Austurvelli umræddan dag.

Allmiklar líkur eru til, að ákærði sé maður sá á myndinni, er áður getur. Líkist maður þessi ákærða töluvert, og miklar líkur eru til, að ákærði hafi verið klæddur eins og maður þessi. Gegn neitun ákærða sjálfs brestur þó sannanir fyrir því, að svo sé. Beinar upplýsingar um háttsemi ákærða á Austurvelli umræddan dag eru eigi fyrir hendi, nema framburður eins vitnis, sem hefur eigi viljað fullyrða, að það hafi séð ákærða taka þar þátt í óspektum. Samkvæmt framangreindu ber því að sýkna ákærða af ákærunni í máli þessu.

Niðurlag.

Samkvæmt framansögðu ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun þeirra ákærðu, sem sýknaðir eru, þannig: Hdl. Áka Jakobssyni kr. 500.00 alls vegna ákærðu Stefáns Odds Magnússonar, Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar.

Hrl. Hermanni Jónassyni kr. 300.00 vegna ákærða Sigurðar Jónssonar.

Hinir sakfelldu ákærðu greiði hver um sig málsvarnarlaun skipuðum verjendum sínum þannig:

Ákærði Stefán Ögmundsson hdl. Áka Jakobssyni kr. 600.00.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson, Jón Kristinn Steinsson, Garðar Óli Halldórsson, Ólafur Jensson, Hálfdán Bjarnason, Jón Múli Árnason og Magnús Jóel Jóhannsson hdl. Áka Jakobssyni kr. 200.00 hver.

Ákærði Magnús Hákonarson hrl. Hermanni Jónassyni kr. 400.00.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason og Guðmundur Helgason hrl. Sveinbirni Jónssyni kr. 300.00 hvor.

Ákærðu Gísli Rafn Ísleifsson og Hreggviður Stefánsson hrl. Ragnari Ólafssyni kr. 300.00 hvor.

Ákærði Árni Pálsson hrl. Sigurði Ólasyni kr. 400.00.

Ákærði Alfons Guðmundsson hrl. Ragnari Jónssyni kr. 400.00.

Ákærði Páll Theódórsson hrl. Einari B. Guðmundssyni kr. 400.00.

Ákærði Guðmundur Jónsson hrl. Sigurgeir Sigurjónssyni kr. 400.00.

Allan annan sakarkostnað greiði hinir sakfelldu ákærðu in solidum.

Sá dráttur, sem orðinn er á uppsögn dóms þessa, stafar af stærð málsins og önnum við embættið.

Dómsorð:

Ákærðu Stefán Oddur Magnússon, Guðmundur Björgvin Vigfússon, Sigurður Jónsson og Kristófer Sturluson skulu vera sýknir af ákærum í máli þessu.

Ákærði Stefán Ögmundsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson og Magnús Jóel Jóhannsson sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærðu Jón Kristinn Steinsson, Alfons Guðmundsson og Jón Múli Árnason sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu Magnús Hákonarson, Jóhann Pétursson, Kristján Guðmundsson, Garðar Óli Halldórsson og Guðmundur Jónsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason, Gísli Rafn Ísleifsson, Árni Pálsson, Guðmundur Helgason, Páll Theódórsson, Ólafur Jensson, Hálfdán Bjarnason og Hreggviður Stefánsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærðu Stefáns Sigurgeirssonar, Stefnis Ólafssonar og Magnúsar Hákonarsonar komi refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærðu Stefán Ögmundsson, Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson og Magnús Jóel Jóhannsson eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Úr ríkissjóði greiðist málsvarnarlaun ákærðu Stefáns Odds Magnússonar, Guðmundar Björgvins Vigfússonar og Kristófers Sturlusonar hdl. Áka Jakobssyni, kr. 500.00 alls, og ákærða Sigurðar Jónssonar hrl. Hermanni Jónassyni, kr. 300.00.

Ákærði Stefán Ögmundsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 600.00, hdl. Áka Jakobssyni.

Ákærðu Stefán Sigurgeirsson, Stefnir Ólafsson, Jón Kristinn Steinsson, Garðar Óli Halldórsson, Ólafur Jensson, Hálfdán Bjarnason, Jón Múli Árnason og Magnús Jóel Jóhannsson greiði hver málsvarnarlaun sín, kr. 200.00, hdl. Áka Jakobssyni.

Ákærði Magnús Hákonarson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Hermanni Jónassyni.

Ákærðu Friðrik Anton Högnason og Guðmundur Helgason greiði hvor málsvarnarlaun sín, kr. 300.00, hrl. Sveinbirni Jónssyni.

Ákærðu Gísli Rafn Ísleifsson og Hreggviður Stefánsson greiði hvor málsvarnarlaun sín, kr. 300.00, hrl. Ragnari Ólafssyni.

Ákærði Árni Pálsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Sigurði Ólasyni.

Ákærði Alfons Guðmundsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Ragnari Jónssyni.

Ákærði Páll Theódórsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Einari B. Guðmundssyni.

Ákærði Guðmundur Jónsson greiði málsvarnarlaun sín, kr. 400.00, hrl. Sigurgeir Sigurjónssyni.

Allan annan málskostnað greiði hinir sakfelldu ákærðu in solidum. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. maí 1952.

Nr. 161/1951. **Ákæruvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn
Einari Baldvin Olgeirssyni (Ragnar Ólafsson).

Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Baldur Möller, skipaður setudómari í málinu.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst sekt, kr. 1500.00, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Það athugast, að sá, er fór með rannsókn út af upphlaupinu við Alþingishúsið 30. marz 1949, hefði ekki átt að bóka hin meiðandi ummæli ákærða um héraðsdómarann.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Baldvin Olgeirsson, greiði kr. 1500.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda

í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júlí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar s.l., er höfðað gegn Einari Baldvin Olgeirssyni alþingismanni, til heimilis að Hrefnugötu 2 hér í bæ, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Ákærði er fæddur 14. ágúst 1902 á Akureyri. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1935 21/6 Dómur Hæstaréttar: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 101., 102. og 113. gr. sbr. 52. gr. almennra hegningarlaga og 1. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1935 11/7 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 75 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 9. kap. almennra hegningarlaga, 83. gr., 4. mgr.

1940 28/5 Áminning fyrir brot gegn lögum nr. 9/1940 og auglýsingu nr. 196/1939.

1941 15/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða varðhald fyrir brot gegn 121. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfest í Hæstarétti 17/3 1941.

1945 8/3 Reykjavík. Dómur aukaréttar: Sýknaður af ákæru fyrir meint brot gegn 12. kafla hegningarlaganna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Föstudaginn 8. apríl 1949 var ákærði kallaður sem vitni í sambandi við rannsókn út af óeirðum við Alþingishúsið 30. marz s. á. Gaf ákærði þá fyrir réttinum svofellda yfirlýsingu:

„Eftir þeirri réttarrannsókn, sem fram hefur farið út af atburðunum 30. f. m. í sambandi við afgreiðslu Alþingis á samþykkt um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, er það ekki óháður og hlutlaus dómstóll, sem fer með málið, þar sem leitazt er við að koma sökum á hendur verkalýðshreyfingunni, en hins vegar reynt að dylja sekt þeirra, sem með atburðunum þann dag voru að stofna til „provokationa", sem nota átti sem átyllu til ofsókna gegn verkalýðshreyfingunni og Sósialistaflokknum. Og á meðan þeir, sem þarna eru sekir að mínu áliti, lögreglustjórinn, ráðherrarnir og formenn stjórnarflokkanna og það lið, sem þeir hafa vopnað, hafa ekki verið teknir til yfirheyrslu fyrir framferði sitt, þá mun ég ekki svara spurningum réttarins. Hins vegar um leið og það yrði gert, mun ég svara þeim spurningum, sem fyrir mig eru lagðar."

Ákærði hefur í réttarhaldi 25. sept. 1950 viðurkennt að hafa viðhaft þessi ummæli.

Í þessari yfirlýsingu ákærða felst áburður á hendur rannsóknardómaranum um, að hann sé ekki óháður og hlutlaus í starfi sínu og leitist við að koma sökum á hendur saklausum, en reyni hins vegar að dylja sekt

þeirra, sem raunverulega hafi átt sök á atburðum þeim, sem urðu tilefni rannsóknarinnar. Ummæli þessi verður að telja mjög meiðandi fyrir rannsóknardómarann.

Ákærða var, meðan á meðferð máls þessa stóð, gefið tækifæri til þess utan réttar að kynna sér réttargerðir fyrrnefndrar rannsóknar.

Rannsóknarefni það, sem fyrir dómstólnum var til meðferðar, var, eins og áður segir, óeirðir þær, sem urðu við Alþingishúsið 30. marz 1949.

Alþingi fjallaði hinn 29. og 30. marz 1949 um málefni, sem mikill ágreiningur hafði orðið um utan þings og innan. Þeir atburðir höfðu gerzt við þinghúsið þegar hinn 29. marz, að sýnt var, að nauðsyn bar til, að gerðar væru umfangsmiklar ráðstafanir til að halda uppi reglu og vernda vinnufrið Alþingis við framhald starfa þess næsta dag. Þrátt fyrir löggæzluráðstafanir þær, sem gerðar voru, kom til árása á gæzluliðið og þinghúsið, svo að sýnt var, að mannhætta stafaði af. Þótti þá nauðsyn að grípa til skjótvirkra ráðstafana til að forða enn alvarlegri atburðum.

Með hliðsjón af þeim atvikum, sem hér hefur verið lýst, verður að telja, að margnefndri rannsókn hafi verið beint með eðlilegum hætti að þeim lögbrotum, sem líklegt mátti telja, að framin hefðu verið í sambandi við umræddar óeirðir. Verður því ekki talið, að framangreind ummæli ákærða hafi við rök að styðjast, og hefur hann með þeim gerzt brotlegur við 108. gr. hinna almennu hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 900 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað.

Allverulegur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa vegna langvarandi veikinda setudómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Baldvin Olgeirsson, greiði 900 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. maí 1952.

Nr. 26/1952. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Ólafi Byron Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Föt þau, sem ákærði sló eign sinni á, voru mánaðargömul og höfðu kostað kr. 1000.00.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og sviptingu réttinda ákærða staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. desember 1951.

Ár 1951, laugardaginn 28. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4445/1951: Ákæruvaldið gegn Ólafi Byron Guðmundssyni.

Í máli þessu, er dómtekið var hinn 11. þ. m., er Ólafur Byron Guðmundsson verkamaður, Hólmgarði 21, ákærður til refsingar, réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og málskostnaðargreiðslu fyrir að hafa framið þjófnað, brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, með því að stela frá Hirti Hjaltalín úr lúgar m/b Hilmis frá

Sandgerði um morguninn 28. ágúst s.l. einum nýlegum fötum úr bláleitu gaberdine.

Ákærði, sem fæddur er 6. ágúst 1925, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1934 25/9 Kærður fyrir óknytti. Málið sent barnaverndarnefnd.
1936 18/1 Kærður fyrir hnupl. Málið sent barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.
1937 7/5 Kærður fyrir þjófnaðartilraun. Samskonar afgreiðsla.
1937 8/5 Kærður fyrir innbrot og þjófnaðartilraun. Samskonar afgreiðsla.
1937 27/5 Kærður fyrir hnupl og þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1938 17/4 Kærður fyrir peningastikk. Samskonar afgreiðsla.
1939 24/3 Kærður fyrir marga þjófnaði. Samskonar afgreiðsla.
1939 17/4 Kærður fyrir lögreglubrot 5. gr. lögreglusamþykktar. Samskonar afgreiðsla.
1939 29/4 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1939 2/9 Kærður fyrir hnupl. Samskonar afgreiðsla.
1939 10/11 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1939 22/12 Kærður fyrir innbrotsþjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1940 23/3 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1940 18/4 Kærður fyrir þjófnað o. fl. Ráðstafað til dvalar í Engey.
1940 28/4 Kærður fyrir marga þjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1941 25/4 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 11/5 Kærður fyrir skemmdarverk í Ingólfs-Café. Fellt niður, með því að kærði lofaði að greiða 15 kr. í skaðabætur.
1941 31/12 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 7/9 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 30/9 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 3/10 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1942 29/11 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 23/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 15/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 2ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1943 18/2 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 4/8 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 17/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna.
1944 7/8 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 4/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 27/12 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1945 14/5 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 3/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 17/9 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 2/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 25/10 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
1945 26/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 5/2 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 5/5 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 22/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 9/11 Sátt: 175 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 6/12 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 22/6 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 20/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1948 16/6 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn 4. gr. lögreglusamþykktar og ölvun á almannafæri.
1948 24/6 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1948 29/8 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 11/10 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 23/10 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 19/1 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 16/9 Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 7/10 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 18/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1950 19/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1941 13/10 Hafnarfjörður. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 13/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1950 10/11 Reykjavík. Dómur: 2ja mánaða fangelsi og sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.

Aðfaranótt þriðjudagsins 28. ágúst s.l. var ákærði við skál. Fór hann út í m/b Hilmi, sem var hér í slipp. Hitti hann þar Hjört Lúther Daníelsson Hjaltalín skipverja og fékk leyfi hans til að sofa í lúgar bátsins. Um morguninn sá ákærði blá gaberdineföt nýleg í koju í lúgarnum. Tók hann fötin og klæddist í þau, þar eð þau voru betri en hans eigin. Skildi ákærði föt sín eftir, og úr vösum gaberdinefatanna tók hann öll verðmæti, m. a. peningaveski, og skildi eftir. Gekk ákærði síðan í fötum þessum, unz hann var handtekinn á fimmtudag (30. ágúst). Skilaði hann þá fötunum, og hefur Hjörtur engar kröfur gert á hendur honum.

Ákærði vill halda því fram, að ætlun sín hafi verið að skila fötunum eftir einn eða tvo daga.

Þrátt fyrir þessa staðhæfingu ákærða, sem hann hefur engar líkur fært fyrir, þykir verða að slá því föstu, að hann hafi í umrætt skipti gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans með tilliti til þess, að um smáræði var að tefla, en á hinn bóginn með hliðsjón af brotaferli ákærða, hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga. Svipta ber ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra

almennra kosninga. Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 300.00 til skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Ólafssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, sæti fangelsi í 60 daga. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 300.00 til skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. maí 1952.

Nr. 161/1948. **Sigurður Marinósson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Ársæli Sveinssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Axel O. Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 8472.73 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stjórnandi vörubifreiðarinnar V 35, sem stefndi er eigandi að, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið staddur með bifreiðina á svonefndri Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum að kvöldi þess 2. ágúst 1945, þegar nafngreindur lögreglumaður hafi beðið hann um að aka þremur stúlkum og farangri þeirra inn í Herjólfsdal. Kveðst hann hafa tjáð lögreglumanninum, að hann hefði ekki umráð bifreiðarinnar, en

sonur stefnda, sem þar var staddur, hafi þá sagt, að hann mætti flytja stúlkurnar, ef hann vildi, þar sem vinnutíma hans væri lokið. Lofaði bifreiðarstjórinn þá að sækja stúlkurnar og farangur þeirra eftir skamma stund. Er hann kom aftur á vettvang, kveðst hann hafa séð nokkra pilta hjá stúlkunum, en hvorki þeir né aðrir hafi beðið um flutning á þeim. Farangur stúlknanna hafi síðan verið settur á bifreiðarpallinn, ein stúlkan hafi tekið sér sæti í bifreiðarskýlinu, en tvær farið upp á pallinn. Að svo búnu kveðst bifreiðarstjórinn hafa ekið af stað, enda hafi sér verið með öllu ókunnugt um, að nokkrir aðrir hefðu tekið sér far með bifreiðinni.

Örskömmu síðar var bifreiðarstjóranum gefið merki um að stöðvast, og kom þá í ljós, að þrír piltar höfðu einnig verið á palli bifreiðarinnar og tveir þeirra dottið af, er bifreiðin tók beygju. Annar þessara pilta, áfrýjandi málsins, hlaut nokkur meiðsl við fallið, og hefur hann í máli þessu krafið stefnda, eiganda bifreiðarinnar V 35, fébóta fyrir tjón vegna slyssins, sem hann telur bifreiðarstjórann eiga sök á með ógætilegum akstri.

Áfrýjandi kveðst í umrætt skipti hafa verið staddur ásamt tveimur öðrum piltum á Básaskersbryggju og aðstoðað við að koma farangri stúlknanna á pall bifreiðarinnar V 35. Kveðst áfrýjandi því næst hafa ætlað að halda burtu, en að beiðni eins piltanna hafi hann látið til leiðast að fara með bifreiðinni. Hafi hann þá farið upp á pall hennar, en áður en hann hafi náð taki á handfangi á stýrishúsinu, hafi bifreiðinni verið ekið af stað með þeim hætti, að hann hafi dottið af og slasazt.

Gegn eindregnum mótmælum bifreiðarstjórans á V 35 er ósannað, að hann hafi leyft áfrýjanda að taka sér far með bifreiðinni í umrætt skipti eða að hann hafi vitað um, að áfrýjandi tók sér þar far. Að sögn bifreiðarstjórans annaðist hann nefndan akstur í greiðaskyni, án þess að taka nokkra borgun fyrir, og hefur þeirri skýrslu ekki verið hnekkt. Getur áfrýjandi því ekki byggt rétt til fébóta úr hendi stefnda á ákvæðum 1. málsgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 2. málsgr. sömu gr. Bifreiðarstjórinn á V 35 var ekki í þjónustu stefnda, er slysið varð, og á því fébótakrafa áfrýjanda á hendur stefnda

heldur ekki stoð í öðrum réttarreglum. En þar sem málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 24. marz 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Marinó Jónsson, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja f. h. Sigurðar Marinóssonar, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 22. jan. s.l., birtri 2. febr. s.l. og 10. febr. s.l., gegn Ársæli Sveinssyni, Vestmannabraut 68, hér, og Carli Finsen f. h. Trolle & Rothe h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8.472.73, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar, er nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 1.152.00.

Málavextir eru þeir, að þann 2. ágúst 1945 var Sigurður Marinósson staddur niðri á Básaskersbryggju ásamt öðru fólki. Fékk Jóhannes J. Albertsson lögregluþjónn bifreiðarstjórann á V 35, Þórarin Eyvindsson, til þess að aka inn í Herjólfsdal með þrjár stúlkur og þrjá pilta, og var Sigurður einn þeirra. Tveir af piltunum og stúlkurnar þrjár hofðu þá um daginn komið til Eyja með v/b Gísla Johnsen til þess að vera hér um þjóðhátíðina. Höfðu þau nokkurn farangur meðferðis og komu honum fyrir á vörupalli V 35. Fór fólkið síðan upp í bílinn, og stóðu stúlkurnar og einn pilturinn frammi við stýrishúsið og héldu sér í spöng, sem til þess er gerð, en tveir piltarnir, og var Sigurður annar þeirra, urðu lítið eitt of seinir og voru ekki búnir að ná handfestu, þegar bifreiðin ók af stað, og varð afleiðingin sú, að þeir duttu báðir út af vörupallinum, þegar bifreiðin ók af stað. Meiddist Sigurður töluvert, vinstra viðbeinið var þverbrotið, og hann mun hafa fengið heilahristing. Var hann lengi frá vinnu, en hann var ráðinn í vinnu við fyrirhleðslu hjá Stóra-Dímon.

Skaðabótakröfu sína hefur stefnandi sundurliðað þannig:

Atvinnutjón	kr. 3.170.30
Læknishjálp	— 302.43
Bætur fyrir þjáningar og óþægindi	— 5.000.00
	Alls kr. 8.472.73

Stefndi hefur hvorki mætt né mæta látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilrikjum í samræmi við 118. grein einkamálalaganna.

Rétturinn lítur svo á, að bifreiðarstjórinn á V 35, Þórarinn Eyvindsson, hafi ekki sýnt þá varkárni, sem honum bar, með því að fara eins skyndilega af stað og hann gerði og án þess að láta farþegana á vörupallinum vita. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að Sigurður Marinósson hafi sýnt af sér óvarkárni með því að gæta sín ekki betur á vörupallinum en hann gerði, og eigi hann því sjálfur nokkra sök á slysi því, er hann varð fyrir.

Með tilvísun til þessa svo og annars, sem fram er komið í málinu, þykir rétt að telja ökumann V 35 eiga sök á tjóninu að ⅓ hluta, en Sigurð að ⅔ hlutum.

Rétt þykir að lækka kröfu stefnanda um bætur fyrir þjáningar og óþægindi niður í kr. 2.500.00, en aðrar kröfur hans verði teknar til greina að fullu. Verður stefnukrafa því lækkuð um kr. 2.500.00 eða niður í kr. 5.972.70.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að bæta stefnanda ⅓ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 1.990.91 (sbr. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna).

Þá þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00. Dómsuppkvaðning hefur dregizt nokkuð vegna embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ársæll Sveinsson, greiði stefnanda, Marinó Jónssyni f. h. Sigurðar Marinóssonar, kr. 1.990.91 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. maí 1952.

Nr. 139/1951. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Einari Einarssyni (Ragnar Jónsson).

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Alfred Gíslason bæjarfógeti kvað upp héraðsdóminn.

Barnið, sem varð undir bifreið ákærða, var að leik í húsasundi því, er ákærði ók inn í. Eins og lýst er í héraðsdómi, gat

ákærði, áður en hann ók inn í sundið eða á leið sinni inn í það, hvorki séð barnið né akbrautina umhverfis það úr sæti sínu í bifreiðinni. Þá mátti ákærði gera ráð fyrir því, þar sem íbúðarhús voru beggja megin sundsins, að börn kynnu að vera þar að leik. Þar sem svo stóð á, hefði ákærði, áður en hann ók inn í sundið, átt að ganga úr skugga um, að akstur hans væri hættulaus, og fara í því skyni út úr bifreiðinni, ef þess var þörf. Þetta gerði ákærði ekki, og verður slysið að nokkru rakið til þeirrar vangæzlu hans, sem varðar við 1. mgr. 27. gr. sbr. 58. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 1200.00, og málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Keflavíkur 17. nóvember 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn ákærða, Einari Einarssyni bifreiðarstjóra, Baldursgötu 4 hér í bæ, með stefnu, útgefinni 14. okt. s.l., til refsingar, sviptingar bifreiðar-

stjóraréttindum og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögunum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögunum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1913 í Grindavík, og hefur ekki áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu fyrir lagabrot.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 23. ágúst s.l. um kl. 16.30 ók ákærði vörubifreið sinni Ö 41 heim til sín að Baldursgötu 4. Ók hann sem leið liggur niður Heiðarveginn. Er hann kom að gatnamótum Heiðarvegar og Baldursgötu, sá hann nokkur börn á Baldursgötunni og nam staðar til þess að gefa börnunum færi á að komast yfir götuna. Milli hornhússins Baldursgötu 2 og húss ákærða, Baldursgötu 4, er sund, 15—18 metra langt og 5—6 metra breitt, en fyrir enda þessa sunds eru bílskúrar ákærða og Sigurðar Guðmundssonar, er býr í Baldursgötu 2. Í sund þetta var ákærði vanur að leggja bíl sínum í matar- og kaffitímum. Svo gerði hann og í þetta sinn. Fyrir framan Baldursgötu 2 er steinsteyptur veggur, um 1 metri á hæð, en úr horni hans er vírnetsgirðing í bílskúr Sigurðar Guðmundssonar. Við enda steinveggsins er rafmagnsstaur götumegin veggjarins. Er börnin voru komin úr vegi bílsins, ók ákærði af stað, en nam staðar aftur, eftir að hafa ekið ca 1½ bíllengd, vegna þess að hann sá smábörn koma út úr sundinu, þar sem hann ætlaði að leggja bílnum. Nam hann staðar, áður en hann tók beygjuna inn í sundið. Er hann áleit, að börnin væru komin í burtu, ók hann af stað í 2. gangstilli og sveigði inn sundið, þó eftir að hafa litið þangað inn til að aðgæta, hvort nokkur börn væru þar fyrir. Sá hann engin börn og hélt því áfram ferð sinni. Um leið og hann nam staðar í sundinu, leit hann aftur til að aðgæta, hvort börnin, sem áður voru í sundinu, væru í burtu. Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt á leið sinni inn sundið, en er hann hafði stöðvað bílinn og var kominn út úr honum, heyrði hann kallað á sig og hrópað, að hann hefði ekið yfir dreng. Var það Bjarnheiður Hannesdóttir, Baldursgötu 2, móðir barnsins Hannesar Arnar, 1½ árs, er fyrir bílnum varð. Ákærði kveðst hafa farið þegar aftur fyrir bílinn, og sá hann barnið liggja 2—3 fet fyrir aftan hægra afturhjól. Barnið lá á grúfu, og sá ákærði, að það var mikið slasað og blæddi úr nösum þess. Var strax farið með barnið til læknis, sem þá strax flutti það á Landsspítalann í Reykjavík, þar sem það dó kl. 19.40.

Við líkskoðun kom í ljós mikið brot á höfuðbeinum, sköddun á heilayfirborði og blæðing yfir hægra heilahelming. Auk þess var lærbeinsbrot og brot í lífbeinsboganum hægra megin. Telur Þórarinn Sveinsson læknir, er krufði líkið, að höfuðáverkinn einn hafi nægt til að valda dauða barnsins.

Engin vitni hafa fundizt, sem beinlínis sáu, er slysið varð, og ákærði kveðst ekki hafa séð barnið í sundinu, áður en hann staðnæmdist þar.

Vitnið Vigdís Pálsdóttir segist hafa séð, er ákærði ók bíl sínum heim til sín. Hún telur hann hafa ekið mjög hægt og stöðvað bílinn til að

hleypa börnunum yfir götuna. Hún sá heimanað frá sér, er ákærði ók inn í sundið og staðnæmdist, en ekki sá hún, er slysið vildi til, því að áðurnefndur steinveggur skyggði á. Hún sá, að ákærði „bakkaði" bílnum eftir augnablik út úr sundinu og í burtu, en um svipað leyti kallaði móðir barnsins til hennar og sagði henni, að ákærði hefði ekið á Hannes litla. Vitnið ber ákærða vel söguna og segist hafa veitt því athygli, hve gætilega hann hafi ætíð ekið þarna um, enda sé mikið um börn þarna í nágrenninu.

Móðir barnsins, Bjarnheiður Hannesdóttir, hefur skýrt svo frá, að hún hafi skömmu áður borið barnið út í sundið til að láta það leika sér þar í sandinum, og kveðst hún hafa verið vön að hafa barnið þarna í sundinu, en ætíð haft auga með því, er ákærði kom heim á bílnum. Vitnið, sem var statt í eldhúsi sínu í Baldursgötu 2, en gluggi þess veit út að sundinu, sá ekki, þegar slysið varð, en heyrði í bíl ákærða og hljóp þá út að glugganum og sá, hvar ákærði var að aka inn sundið, en barnið sá það ekki fyrst í stað, en er það aðgætti betur, sá það barnið liggja hálfvegis á grúfu aftur undan bílnum. Kallaði þá vitnið í ákærða út um eldhúsgluggann, er hann kom út úr bílnum, og sagði honum, hvað skeð hefði. Vitnið hljóp síðan út, en þá hafði ákærði þegar tekið barnið og ekið því á leið til læknis. Vitnið segir, að rétt áður en bíllinn kom, hafi barnið setið flötum beinum í sandinum og snúið baki í götuna, en vanganum að vitninu. Barnið var klætt í græna peysu og með rauða húfu á höfði. Vegna hinna skæru lita telur vitnið, að ákærði hefði átt að geta séð barnið, hafi hann gáð vel að.

Frá götunni er nokkur halli inn í sundið, og sat barnið nær götu og nálægt miðju sundinu. Vegna þess að bæði bíllinn og hið slasaða barn var strax flutt af staðnum, er slysið varð, var ekki hægt að gera nákvæmar staðarteikningar, en Sigtryggur Árnason lögregluþjónn, sem rannsakaði slysstaðinn og gerði uppdrátt af honum, telur, eftir að hafa setzt í ökumannssæti bílsins og ekið honum sömu leið og ákærði kveðst hafa ekið inn sundið, að möguleikar hafi verið fyrir ákærða að sjá barnið, þar sem það sat, ef vel hefði verið að gáð.

Að tilhlutan verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, var Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur skipaður til þess að mæla og gefa álitsgerð um útsýni úr sæti ökumanns Ö 41, er bifreiðinni var ekið inn sundið. Lét hann ákærða setjast í sæti ökumanns, og mældist þá augnhæð hans 1.75 m yfir götu. Hæð barnsins, sitjandi flötum beinum, áætlaði verkfræðingurinn 0.40 m, sem telja má, að ekki hafi getað verið hærri. Eftir þessu hæðarmerki mældi svo verkfræðingurinn útsýni ákærða úr ökumannssæti á Ö 41, miðað við að hann sæi hlut, sem er 0.40 m yfir götu. Mældi verkfræðingurinn útsýni ákærða úr 3 mismunandi stöðum bifreiðarinnar og gerði um það 3 uppdrætti, sem allir sýna, að bifreiðarstjórinn gat ekki séð barnið, áður eða um leið og hann ók inn sundið. Að tilhlutan verkfræðingsins ók ákærði tvisvar sömu leið og er slysið vildi til, og fór hægra afturhjól yfir slysstaðinn í bæði skiptin.

Sigtryggur Árnason lögregluþjónn, sem ók bílnum sömu leið inn í sundið, telur, að möguleikar væru til þess, að ákærði hefði getað séð barnið, ef hann hefði gáð vel að, en til þess virðist ákærði hafa þurft að vita af barninu þarna áður. Enn fremur ber að geta þess, að Sigtryggur er mun hærri maður en ákærði, sem er lágur maður vexti, og sjónarhæð hans því meiri.

Eins og hér að framan er tekið fram, virðist ákærði hafa sýnt hina mestu gætni í akstri sínum, enda ekið mjög hægt og stoppað tvisvar vegna barna á götunni. Er slysið varð, var hann rétt að taka af stað, og hraði bifreiðarinnar mjög lítill. Verður að líta svo á, að ákærði hafi sýnt alla þá gætni, sem af honum verður krafizt sem ökumanni. Auk þess benda rannsókn og mælingar verkfræðingsins til þess, að ákærði gat ekki séð barnið úr sæti sínu á leið þeirri, er hann fór.

Að öllu þessu athuguðu, getur rétturinn eigi talið ákærða bera refsiverða ábyrgð á dauða drengsins Hannesar Ragnarssonar, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins og dæma ríkissjóð til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Einarsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 500.00.

Föstudaginn 23. maí 1952.

Nr. 137/1951. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson hdl.)
gegn
Francis Pichering Daugaard (Sigurður Ólason).

Lögbrot í sambandi við rekstur veitingahúss.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar ákærða Francis Pichering Daugaard.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð í málinu.

1. Með samningi 10. október 1949 seldi Tivoli Café h/f Ólafi Sveinssyni Björnssyni á leigu frá 15. s. m. og til 15. október

1950 veitingahúsið Tivoli í Reykjavík. Þeir Ólafur og ákærði stofnuðu samtímis með sér félagsskap um rekstur veitingahússins. Skyldi ákærði Daugaard veita rekstrinum forstöðu og taka tiltekin mánaðarlaun, en annar hagnaður af fyrirtækinu skyldi skiptast að jöfnu á milli þeirra. Talið er, að stofnað hafi verið um líkt leyti, að því er virðist fyrir forgöngu ákærða Daugaards, skemmtifélag, svonefndur Vetrarklúbbur. Taldist Ólafur formaður Vetrarklúbbsins, en hann kveður sig samt ekki hafa haft nein afskipti af honum, heldur hafi Daugaard eingöngu um hann vélað. Er leigusamningurinn frá 10. október var útrunninn, tóku þeir Daugaard og Ólafur Sveinsson Björnsson veitingahúsið með framhaldssamningi á leigu til 15. október 1951. Bæði Vetrarklúbburinn og ýmis önnur félög og samneyti héldu skemmtisamkomur í veitingahúsinu Tivoli, og aflaði ákærði Daugaard iðulega leyfis lögregluyfirvalda til áfengisveitinga á slíkum samkomum. Verður ekki séð annað af prófum málsins en að ákærði Daugaard hafi verið aðalráðamaður veitingarekstrarins og að Ólafur hafi haft þar takmörkuð afskipti. Starfsemi ákærða Daugaards verður því að telja rekstur atvinnufyrirtækis. Ákærði hafði á hendi forstöðu veitingahússins frá 15. október 1949, til þess er honum var vísað úr landi 5. júlí 1951. Til þessarar starfsemi hafði hann ekki atvinnuleyfi. Eftir gildistöku laga nr. 39 frá 15. marz 1951 varðar þessi starfsemi hans án atvinnuleyfis hann refsingu samkvæmt 6. sbr. 9. gr. laga nr. 39/1951.

2. Svo sem áður segir, var ákærði aðalráðamaður um rekstur veitingahússins Tivoli og naut hagnaðar að hálfu af rekstrinum. Ákærða var því lögskylt að annast um, að veitingaleyfis væri aflað til rekstrarins. Þetta hefur ákærði ekki gert. Varðar það hann refsingu samkvæmt 2. gr. sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 21/1926.

3. Með játningu ákærða Daugaards og prófum málsins er sannað, að hann hefur um skeið, eftir að hann tók við forstöðu veitingahússins, selt hinum svonefndu félagsmönnum Vetrarklúbbsins áfengi milli kl. 4 og 7 á laugardögum og sunnudögum. Þá þykir og sannað með vætti tveggja eiðfestra vitna, sem styrkt er af öðrum gögnum, að veitt hafi verið á-

fengi í veitingahúsi ákærða eftir lögboðinn lokunartíma veitingahúsa. Með hvorri tveggja þeirri hegðun, sem lýst var, hefur ákærði, sem annaðist veitingarekstur án veitingaleyfis, gerzt sekur við 32. gr. laga nr. 33/1935 samkvæmt lögjöfnun og 10. gr. reglugerðar nr. 126/1945.

Með játningu ákærða er það sannað, að hann hefur látið nafngreindan mann hafa a. m. k. tvisvar sinnum áfengi til brotthafnar úr veitingahúsinu og neyzlu utan þess. Þetta atferli varðar ákærða refsingu eftir 32. gr. laga nr. 33/1935 samkvæmt lögjöfnun.

4. Að vætti fjögurra eiðfestra vitna, sem kemur heim við próf málsins að öðru leyti, hefur ákærði Daugaard hleypt fólki inn á skemmtanir í veitingahúsinu eftir lögboðinn lokunartíma. Varðar þetta atferli ákærða refsingu samkvæmt 79. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930.

Refsing ákærða fyrir þau brot, sem að framan eru rakin, ákveðst með hliðsjón af lögum nr. 14/1948 10000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, et hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestast, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Rannsókn málsins er ófullkomin. Skýrslur brestur um stofnun og tilvist hins svonefnda Vetrarklúbbs. Ýmis vitni, er um málið gátu borið, hafa sum ekki verið kvödd fyrir dóm og önnur ekki eiðfest.

Dómsorð:

Ákærði, Francis Pichering Daugaard, sæti 10000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna eftir birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestast, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Gunnars E. Benediktssonar og hæstaréttarlögmanns Sigurðar Ólasonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1951.

Ár 1951, laugardaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2501—3/1951: Ákæruvaldið gegn Francis Pichering Daugaard, Ólafi Sveinssyni Björnssyni og Bjarna Guðjónssyni, sem tekið var til dóms þann 30. s. m.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn kærða Francis Pichering Daugaard forstjóra, Grettisgötu 38, fyrir brot á lögum nr. 21/1926 um veitingasölu o. fl., áfengislögum nr. 33/1935, reglugerð nr. 126/1945, lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930 og lögum nr. 39/1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, gegn kærða Ólafi Sveinssyni Björnssyni héraðsdómslögmanni, Garðastræti 34, fyrir brot gegn lögum nr. 21/1926, áfengislögum nr. 33/1935, reglugerð nr. 126/1945 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930, og gegn kærða Bjarna Guðjónssyni veitingaþjóni, Hverfisgötu 16 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og reglugerð nr. 126/1945.

Allir eru kærðu komnir yfir lögaldur sakamanna.

Kærði Daugaard er fæddur 28. maí 1916 í Skanderborg á Jótlandi. Hann var sektaður um kr. 300.00 í lögreglurétti Reykjavíkur þann 5. október s.l. fyrir tolllagabrot, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt annarri kæru eða refsingu.

Kærði Ólafur er fæddur 3. nóvember 1919 í Reykjavík. Hann var sektaður um kr. 50.00 í lögreglurétti Reykjavíkur þann 29. sept. 1948 fyrir ólöglegt bifreiðarstæði, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt annarri kæru eða refsingu.

Kærði Bjarni er fæddur 17. ágúst 1927 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1943 8/11 Reykjavík. Sátt: 10 kr. sekt fyrir að tvímenna á ljóslausu reiðhjóli.

1946 5/2 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 259. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögunum og áfengislögunum, og sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini í 6 mánuði.

1947 2/9 Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir að stýra bifreið án þess að hafa öðlazt ökuskírteini.

1948 31/5 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir of marga farþega í bifreið.
1950 31/10 Reykjavík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Haustið 1949 hófst starfsemi skemmtifélags, sem nefnt var Vetrarklúbburinn. Var kærði Ólafur formaður stjórnar þessa félags. Félag þetta tók á leigu veitingahúsið í Tivoli og rak þar skemmtistarfsemi sína, og munu skemmtanir á vegum félagsins hafa verið haldnar oft veturinn 1949—1950, vorið 1950 og fram á síðastliðið sumar.

Forstjóri Vetrarklúbbsins var frá upphafi kærði Francis Pichering Daugaard.

Að kvöldi sunnudagsins 27. ágúst s.l. annaðist Guðmundur Sigurgeirsson lögregluþjónn dyravörzlu á skemmtun, sem Vetrarklúbburinn hélt í veitingahúsinu í Tivoli. Í skýrslu til lögreglustjóra vakti hann athygli á óvenjulegri ásókn fólks til að komast inn á skemmtunina eftir lögboðinn lokunartíma (kl. 11½), og einnig lýsti hann í skýrslu sinni um þessa skemmtun grun sínum um, að fleiri hefðu komizt inn á skemmtunina en farið hefðu þangað inn um aðaldyr veitingahússins.

Meðan á þessari umræddu skemmtun stóð, var beðið um aðstoð lögreglunnar til að handsama menn, sem heimildarlaust voru á ferli í skemmtigarðinum í Tivoli. Fóru 3 lögreglumenn á staðinn til að sinna kvaðningunni, en er til kom, neitaði kærði Daugaard, forstjóri Vetrarklúbbsins og forstöðumaður skemmtunarinnar, sem þá stóð yfir í veitingahúsinu í Tivoli, að hleypa lögreglumönnunum inn í veitingasalinn til þess þaðan að fara út í skemmtigarðinn. Kvartaði Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn, sem var einn þeirra 3ja lögreglumanna, sem sendir voru á staðinn í fyrrnefndum erindagerðum, undan þessu atferli kærða Daugaards í skýrslu til lögreglustjóra.

Fyrrnefndar skýrslur lögreglumannanna, sem fyrr eru nefndir, munu síðan, a. m. k. að einhverju leyti, hafa orðið til þess, að fulltrúi lögreglustjóra tók skýrslur af nokkrum mönnum, sem nokkuð voru kunnugir rekstri Vetrarklúbbsins, en samkvæmt þessum skýrslum virtist ástæða til að ætla, að ekki myndi allt vera með felldu um skemmtanahöld þessa félags eða háttsemi forstöðumanna þess í sambandi við skemmtanir, haldnar á vegum félagsins.

Í bréfi til sakadómara, dags. 7. sept. s.l., óskaði síðan lögreglustjórinn í Reykjavík rannsóknar á þeim atriðum, sem samkvæmt fyrrnefndum skýrslum virtist ekki vera allt með felldu um í sambandi við skemmtanir Vetrarklúbbsins.

Rannsóknarlögreglan tók síðan skýrslur af ýmsum mönnum, sem ætla mátti, að kunnugir væru skemmtanahöldum Vetrarklúbbsins, og virtist samkvæmt þeim skýrslum ástæða til að ætla, að ýmiss konar misferli ætti sér stað í sambandi við skemmtanahöld umræddrs félags. Að fengnum þeim upplýsingum, sem í skýrslum rannsóknarlögreglunnar og lögreglustjóra fólust, fól síðan dómsmálaráðuneytið sakadómara að taka mál þetta til réttarrannsóknar (6. október s.l.).

Við rannsókn málsins hefur verið leitazt við að leiða í ljós, hvort við

rök hefði að styðjast sá grunur um ýmiss konar misferli í sambandi við skemmtanahöld Vetrarklúbbsins, sem skýrsla rannsóknarlögreglunnar og skýrslur lögreglustjóra gefa tilefni til, en samkvæmt þessum skýrslum svo og í samræmi við fyrirmæli dómsmálaráðuneytisins virtist vera ástæða til að rannsaka sérstaklega eftirtalin atriði í sambandi við rekstur margnefnds Vetrarklúbbs:

I. *Hvort fólk hefði fengið aðgang að skemmtunum eftir lögboðinn lokunartíma.*
II. *Hvort áfengi hefði verið selt á veitingastaðnum til þess að fara með það brott og neyta þess utan hans.*
III. *Hvort vínveitingar hefðu farið fram á veitingastaðnum lengur eða á öðrum tímum en leyfilegt var,* og loks
IV. *Hvort veitingasala í sambandi við rekstur Vetrarklúbbsins hefði verið rekin af þeim, sem til þess hafði leyfi.*

Við rannsókn á fyrrnefndum atriðum hafa allmargir, sem ástæða var til að ætla, að um þau gætu borið, verið kvaddir fyrir rétt, og verður nú framburðum þeirra stuttlega lýst um þessi 4 atriði í þeirri röð, sem þau eru talin upp hér að framan.

Um I.

Vitnið Karl Laxdal Björnsson verkamaður, Bergþórugötu 15, var næturvarðmaður í skemmtigarðinum í Tivoli frá 1. maí 1950 og a. m. k. fram eftir sumri sama ár. Vitnið ber, að það hafi oft séð fólki vera hleypt inn á skemmtisamkomur í veitingahúsinu eftir kl. 11½ á kvöldin og allt fram til kl. 1 eftir miðnætti, bæði um aðaldyr og bakdyr veitingahússins, en ekki kveðst það muna eftir að hafa þekkt neitt af því fólki, sem þannig fékk aðgang að skemmtunum á þessum stað. Vitnið kveðst ekki minnast þess, að það hafi séð kærða Daugaard standa fyrir fyrrnefndu athæfi, en kveðst hafa séð fulltrúa kærða Daugaards, sem vera mun Sigurður Norðmann Júlíusson verkamaður, Fálkagötu 20, en hann var starfsmaður Vetrarklúbbsins frá byrjun (haustið 1949) og nær óslitið a. m. k. fram á sumar 1950. Neitar Sigurður Norðmann því afdráttarlaust, að hann hafi nokkru sinni átt hlut að því, að fólki væri hleypt inn í veitingahúsið í Tivoli eftir lokunartíma.

Vitnið Höskuldur Jóhannesson, Drápuhlíð 48, var þjónn í samkomuhúsinu í Tivoli frá um 20. maí 1950 þar til um mánaðamót júní—júlí sama ár. Kveðst það nokkrum sinnum hafa orðið vart við, meðan það starfaði á þessum stað, að ákærði Daugaard hleypti fólki bakdyramegin inn á skemmtanir, sem haldnar voru í veitingahúsi þessu, eftir lögboðinn lokunartíma, en ekki kveðst vitnið þekkja neitt af því fólki, sem þannig komst inn á dansskemmtanir. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að aðrir starfsmenn umræddS samkomuhúss en kærði Daugaard sjálfur hleyptu fólki inn á skemmtanir, sem haldnar voru á þessum stað, á þenna hátt.

Kærði Bjarni Guðjónsson var kvaddur sem vitni við rannsókn málsins, áður en honum var tilkynnt, að hann væri meðákærður í málinu. Ber kærði Bjarni, sem starfaði sem veitingaþjónn í veitingahúsinu í

Tivoli frá því um miðjan febrúar 1950 þar til síðast í maímánuði sama ár, að það hafi verið mjög algengt, meðan hann starfaði á þessum stað, að fólki hafi verið hleypt inn bakdyramegin á skemmtanir eftir venjulegan lokunartíma og allt fram til þess, að skemmtunum lauk, en þetta segir kærði Bjarni kærða Daugaard jafnan hafa gert sjálfan. Hefur kærði Bjarni meira að segja tekið fram, að það hafi verið flestir meðlimir Vetrarklúbbsins, sem kærði Daugaard hleypti þannig inn á skemmtanir klúbbsins, en ekki segist hann (kærði Bjarni) yfirleitt vita um nöfn þessa fólks. Kærði Bjarni kveðst þó vita um, að Bjarni Þórðarson heildsali hafi oft farið inn á skemmtanir Vetrarklúbbsins eftir lokunartíma og yfirleitt gengið mjög frjálslega um húsakynni í Tivoli.

Vitnið Bjarni Þórðarson heildsali, Grenimel 36, en það er nú látið, segir kærða Daugaard þrisvar til fjórum sinnum veturinn 1949—1950 hafa veitt sér inngöngu á skemmtanir Vetrarklúbbsins í Tivoli eftir lögboðinn lokunartíma eða milli kl. 11½ og 12 á miðnætti. Kveðst vitnið oftast hafa verið með gest með sér í þau skipti, sem það komst inn á skemmtanir klúbbsins á þenna hátt, og farið fyrst inn á skrifstofu kærða Daugaards í veitingahúsinu, en síðan þaðan inn í veitinga- og danssalina.

Vitnið Snorri Rögnvaldur Gunnarsson forstjóri, Drápuhlíð 1, var meðlimur í Vetrarklúbbnum, meðan skemmtifélag þetta hélt uppi skemmtunum. Kveðst það þó nokkrum sinnum hafa komizt inn á skemmtanir, sem haldnar voru á vegum klúbbsins í veitingahúsinu í Tívolí, bakdyramegin, eftir að aðaldyrum hússins hafði verið lokað. Kveðst vitnið muna, að það hafi komið milli kl. 11½ og 12 á miðnætti og verið á þeim tíma viðstöðulaust hleypt inn í veitingahúsið bakdyramegin. Það segir sig minna, að í hvert skipti, sem því var veittur aðgangur á skemmtanir klúbbsins á þenna hátt, hafi fleiri og færri kunningjar þess verið í fylgd með því, og hafi þeim einnig verið veittur aðgangur að skemmtununum á þenna hátt. Vitnið segir kærða Daugaard a. m. k. tvisvar sinnum hafa hleypt sér inn á skemmtanir klúbbsins á þenna hátt, en í þau skipti hafi fólk, sem kærði Daugaard virtist þekkja, en vitnið ekki, farið inn í húsið um leið. Í hin skiptin, sem vitnið fór á þenna hátt inn í umrætt veitingahús og á skemmtanir þar, segir það þjónustufólk í húsinu hafa hleypt sér inn í húsið, enda segir það sér hafa virzt sem slíkt væri algengt í þessu veitingahúsi.

Vitnið Þuríður Erlendsdóttir starfsstúlka, Vífilsgötu 10, var framreiðslustúlka í veitingahúsinu í Tívolí frá því um miðjan júlímánuð s.l., þar til veitingahúsinu var lokað um mánaðamót ágúst—september s.l.

Meðan það starfaði í veitingahúsi þessu, kveðst það hafa orðið vart við, að kærði Daugaard hleypti fólki bakdyramegin inn á skemmtanir í umræddu veitingahúsi eftir lögboðinn lokunartíma. Telur vitnið aðallega eða eingöngu hafa verið um að ræða meðlimi Vetrarklúbbsins, sem aðgang fengu að skemmtunum á þenna hátt, og ekki kveðst það vita til, að aðrir starfsmenn veitingahússins hafi veitt fólki þannig aðgang að skemmtunum, höldnum þar, en kærði Daugaard sjálfur.

Vitnið Valdimar Jónsson verzlunarmaður, Nökkvavogi 27, kveðst mjög

oft hafa sótt skemmtanir Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívolí veturinn 1949—1950.

Einu sinni í desembermánuði 1949, að því er það minnir, segir það kærða Daugaard hafa hleypt sér inn á skemmtun, sem haldin var á vegum margnefnds klúbbs í veitingahúsinu í Tívolí, bakdyramegin eftir lögboðinn lokunartíma ásamt fólki, sem vitnið kveðst ekki þekkja.

Vitnið Davíð Ágúst Guðmundsson trésmiður, Laugavegi 69, var á skemmtunum, sem Vetrarklúbburinn hélt í veitingahúsinu í Tívolí nokkrum sinnum veturinn 1949—1950. Ekki segir það sér hafa virzt áberandi, að fólki væri hleypt inn á slíkar skemmtanir eftir lögboðinn lokunartíma, en kveðst vita til, að eigendur eða fyrirsvarsmenn Vetrarklúbbsins og Tívolí hafi komizt þannig inn á skemmtanir klúbbsins á þessum stað, svo sem kærði Ólafur Sveinsson Björnsson og Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður og Einar Arnalds borgardómari.

Allir hafa menn þessir ýmist þvertekið fyrir, að þeir hafi nokkru sinni fengið aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins í Tívolí eftir lögboðinn lokunartíma eða sagt, að ekki minntust þeir þess a. m. k. (Einar Arnalds borgardómari).

Lögreglumennirnir Guðmundur Sigurgeirsson, Magnús Aðalsteinsson og Tryggvi Friðlaugsson, sem hafa annazt dyravörzlu og gæzlu á skemmtunum Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívolí, hafa við rannsókn máls þessa allir lýst grun sínum um, að nokkur brögð hafi verið að því, að fólk fengi aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir venjulegan lokunartíma, og er vikið að framburði Guðmundar um þetta hér að framan.

Tryggvi Friðlaugsson lögreglumaður kveðst með vissu vita um eitt tilfelli um, að fólki hafi verið veittur aðgangur að dansleik í veitingahúsinu í Tívolí eftir lögboðinn lokunartíma. Hafi hann þá verið í eftirlitsferð í umræddu veitingahúsi ásamt Ingvari Erasmus Einarssyni, sem þá var eftirlitsmaður veitingahúsa, og séð nokkra menn á dansleik, sem þá stóð þar yfir, nýlega eftir að hann hafði séð þessa sömu menn á dansleik, sem þá stóð einnig yfir í Sjálfstæðishúsinu, og var þá komið langt fram yfir lögboðinn lokunartíma.

Ingvar Erasmus Einarsson eftirlitsmaður, sem fyrr er nefndur, kveðst oftar en einu sinni hafa séð fólk, sem hann hafði séð fara út af Hótel Borg kl. 11½ að kvöldi, stuttu síðar vera komið inn á dansleiki í veitingahúsinu í Tívolí.

Vitnin Hafliði Þórir Jónsson, Njálsgötu 1, Gísli Einarsson, Drápuhlíð 17, og Steingrímur Gíslason, Nönnugötu 16, sem öll önnuðust hljóðfæraleik á dansleikum í veitingahúsinu í Tívolí haustið 1949, og mun það hafa verið fyrst eftir að Vetrarklúbburinn hóf starfsemi sína, hafa öll borið, að þeim hafi virzt það augljós venja að loka ekki samkomuhúsinu fyrir gestum fyrr en eftir kl. 11½ á kvöldin, er dansleikir voru haldnir þar, og hefur vitnið Hafliði Þórir tekið fram, að kærði Daugaard hafi sagt sér, að þetta væri heimilt, þar eð um „privat"-samkomur væri að ræða.

Vitnin Baldur Kristjánsson, Freyjugötu 1, og Gunnar Reynir Sveinsson hljóðfæraleikari, sem bæði voru í hljómsveitinni, sem lék fyrir dansi á skemmtunum Vetrarklúbbsins frá því í febrúarmánuði 1950 þar til í byrjun septembermánaðar sama ár, hafa bæði borið, að að vísu viti þau ekki um nein sérstök dæmi um, að fólki hafi verið veittur aðgangur að dansskemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma, en kveðast hafa sterkan grun um, að nokkur brögð væru að slíku.

Vitnin Höskuldur Jóhannesson, Bjarni Guðjónsson, Snorri Rögnvaldur Gunnarsson og Valdimar Jónsson hafa staðfest framburði sína, lútandi að þessu atriði, með eiði.

Ýmsir fleiri, sem kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn þessa máls, hafa verið um það spurðir, hvort þeir vissu til, að fólki hefði verið veittur aðgangur að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma, m. a. fleiri starfsmenn veitingahússins en hér að framan hafa verið taldir, en ekki segist fólk þetta vita til, að slíkt hefði viðgengizt.

Kærði Daugaard hefur staðfastlega neitað því við rannsókn málsins, að hann hafi veitt mönnum aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma, öðrum en kærða Ólafi einu sinni, og auk þess hefur kærði Daugaard tekið fram, að það hafi komið fyrir, að hann hafi boðið Bjarna Þórðarsyni heildsala inn á skrifstofu sína, eftir að veitingahúsinu, sem dansskemmtanir stóðu þá yfir í, hafði verið lokað, en hins vegar segir hann það ekki hafa verið með sínu leyfi, að nefndur Bjarni hafi farið inn í veitinga- eða danssali samkomuhússins úr skrifstofu sinni, en þetta kveðst Bjarni hafa gert, eins og hér að framan hefur verið getið.

Undir lok rannsóknar þessa máls tók kærði Daugaard enn fremur fram, að hann vildi ekki fullyrða, að ekki kynni fólki að hafa verið veittur aðgangur að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir kl. 11½ á kvöldin, fyrst eftir að hann (klúbburinn) hóf starfsemi sína, þótt ekki segist kærði Daugaard minnast þessa, og hafi hann lagt bann við, að þetta væri gert.

Út af þessu atriði hefur kærði Ólafur tekið fram, að fólki hafi aldrei verið hleypt inn á skemmtanir Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívolí eftir lögboðinn lokunartíma, a. m. k. ekki svo hann viti.

Um II.

Vitnið Höskuldur Jóhannesson veitingaþjónn, sem fyrr er getið, kveðst í 2—3 skipti, meðan það starfaði sem þjónn í veitingahúsinu í Tívolí, hafa séð kærða Daugaard selja eða láta af hendi á annan hátt áfengi, sem ekki var neytt á veitingastaðnum, en ekki kveðst það hafa þekkt eða vita nein deili á því fólki, sem átti þessi viðskipti við kærða Daugaard.

Ekki kveðst vitnið vita til, að kærði Daugaard legði nokkru sinni fyrir veitingaþjónana í veitingahúsinu í Tívolí að selja eða láta af hendi áfengi til manna, sem ekki neyttu þess á staðnum, a. m. k. kveðst það aldrei hafa fengið fyrirmæli um slíkt.

Vitnið Þuríður Erlendsdóttir, sem einnig hefur verið getið áður, kveðst hafa orðið þess vart, meðan það starfaði í veitingahúsinu í Tívolí, að

kærði Daugaard seldi áfengi út úr veitingahúsinu til neyzlu utan þess, og kveðst það a. m. k. vera alveg visst um, að slíkt átti sér stað á dansleiknum, sem haldinn var í veitingahúsinu að kvöldi mánudagsins um verzlunarmannahelgina í fyrrasumar. Einnig kveðst vitnið hafa orðið vart við, að kærði Daugaard seldi þannig smurt brauð og gosdrykki auk vínsins, en engan þeirra, sem keypti þessar vörur, kveðst vitnið hafa þekkt eða geta nafngreint.

Vitnið Davíð Ágúst Guðmundsson, sem áður hefur verið nefnt, segir það hafa komið fyrir, að því er það minnir, fjórum sinnum, meðan það starfaði við smíðar í veitingahúsinu í Tívolí, að kærði Daugaard léti það fá eina flösku af áfengi í hvert skipti, og hafi hann gert þetta samkvæmt beiðni vitnisins um að selja sér áfengi. Vitnið kveðst síðan hafa haft vinið á brott með sér, og hafi þess verið neytt utan veitingastaðarins. Nokkuð af þessu áfengi segir vitnið kærða Daugaard hafa selt sér á sama verði og áfengisverzlun ríkisins selur vín, en sumt á veitingahússverði.

Vitnið Snorri Rögnvaldur Gunnarsson, sem áður hefur verið nefnt í atvikalýsingunni hér að framan, kveðst oft hafa keypt áfengi í veitingahúsinu í Tívolí til þess að fara með það og neyta þess utan veitingastaðarins. Aldrei segir vitnið kærða Daugaard sjálfan hafa selt sér áfengi á þenna hátt, heldur hafi það verið þjónarnir í húsinu, oftast eða alltaf Christian Hjartarson, sem seldu því vínið á sama verði og það var selt inni í veitingahúsinu.

Christian Hjartarson veitingaþjónn, Miklubraut 1, var yfirþjónn í veitingahúsinu í Tívolí veturinn 1949—1950, en hætti því starfi í júnímánuði 1950. Af honum voru teknar skýrslur varðandi rekstur umrædds veitingahúss hjá lögreglustjóranum í Reykjavík og hjá rannsóknarlögreglunni í upphafi rannsóknar þessa máls, en hann var farinn af landi brott, þegar réttarrannsókn málsins hófst, og er ekki vitað, að hann sé aftur kominn til landsins nú, er dómur þessi er kveðinn upp. Í fyrrnefndum skýrslum sínum fullyrðir Christian Hjartarson, að áfengi hafi verið selt út úr veitingahúsinu á öllum tímum, meðan hann starfaði þar. Nafngreindi hann 2 menn, sem hann sagði kærða Daugaard hafa selt þannig áfengi. Annar þessara manna, vitnið Davíð Ágúst Guðmundsson, hefur staðfest þessa frásögn Christians, eins og framburður hans hér að framan ber með sér, en hinn hinna nafngreindu manna, Gunnlaugur Bjarnason Melsteð trésmíðameistari, Rauðarárstíg 3, segir kærða Daugaard aldrei hafa selt sér áfengi til að fara með það og neyta þess utan þess, en segir Christian Hjartarson sjálfan hins vegar einu sinni hafa selt sér eina flösku af áfengi til neyzlu utan veitingastaðarins.

Til viðbótar því, sem hér að framan hefur verið sagt, hefur nefndur Christian tekið fram, að kvöld eitt vorið 1950 hafi félag nokkurt, Steypustöðin h/f, haldið aðalfund sinn í veitingahúsinu í Tívolí, og hafi þar mætt 11 menn.

Þegar menn þessir fóru, segir Christian kærða Daugaard hafa skipað sér og kærða Bjarna Guðjónssyni, sem þá starfaði sem veitingaþjónn í

veitingahúsinu í Tívolí, að láta hvern stjórnarmeðlimanna, sem vildi, fá eina flösku af áfengi með sér brott og bæta andvirði þeirra á reikning félagsins. Kveðst Christian síðan hafa afhent sumum fundarmanna áfengi, er þeir fóru, samkvæmt þessari skipun kærða Daugaards, en aðra hafi kærði Bjarni afgreitt, og hefur hann viðurkennt, að svo hafi erið, og kveðst eins og Christian Hjartarson hafa gert það eftir skipun kærða Daugaards.

Loks telur nefndur Christian kærða Daugaard hafa afhent einum fundarmanna, Sigurgeiri Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, eina áfengisflösku, þegar hann (Sigurgeir) fór af fundi. Ekki kveðst Sigurgeir minnast þessa eða hafa orðið þess var, að aðrir hafi fengið afhent eða keypt áfengi í umræddu veitingahúsi til að fara með það brott og neyta þess utan veitingastaðarins. Hann minnist þó þess, að hann hafi verið staddur á umræddum fundi.

Vitnið Ólafur Sigurður Alexandersson sjómaður, Skúlaskeiði 16 í Hafnarfirði, kveðst hafa komið á 3—4 dansleiki, sem haldnir voru á vegum Vetrarklúbbsins í veitingahúsinu í Tívolí síðastliðið vor og sumar (1950). Eftir einn af þessum dansleikum kveðst vitnið hafa keypt eina flösku, sem aqua vitae skyldi vera í, af einhverjum starfsmanni veitingahússins, sem vitnið kveðst ekki vita, hvað heiti, en sé þó ekki kærði Daugaard.

Fyrir flösku þessa kveðst vitnið hafa greitt kr. 130.00, en er það hugðist neyta innihalds flöskunnar, segir það í henni hafa verið óblandað vatn.

Vitnin Höskuldur Jóhannesson og Snorri Gunnarsson hafa staðfest framangreinda framburði sína með eiði.

Miklu fleiri en hér að framan hafa verið taldir og kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn málsins, þar á meðal ýmsir starfsmenn veitingahússins í Tívolí, hafa verið spurðir, hvort þeir vissu til, að fólk hefði keypt áfengi í umræddu veitingahúsi til að fara með það brott og neyta þess utan veitingastaðarins, en ekkert af því fólki fyrir utan það, sem áður er nefnt, kveðst hafa orðið vart við slíka áfengissölu.

Sjálfur hefur kærði Daugaard staðfastlega haldið því fram, að hann hafi aldrei selt mönnum áfengi til að fara með það út úr húsinu, og kveðst hann aldrei hafa orðið þess var, að starfsfólk veitingahússins hefði gert slíkt, enda kveðst hann stranglega hafa bannað starfsfólkinu að gera það. Segir kærði Daugaard, að hafi það komið fyrir, að einhver starfsmaður veitingahússins hafi selt áfengi á þenna hátt, hafi það verið algerlega án sinnar vitundar. Kærði Daugaard segir það og vera alrangt, að hann hafi nokkru sinni lagt fyrir starfsfólk veitingahússins að afgreiða áfengi, til þess að farið yrði með það brott og þess neytt utan veitingastaðarins. Kveðst hann muna greinilega, þegar Steypustöðin h/f hélt aðalfund sinn í veitingahúsinu í Tívolí, og segir það vera rétt, að þá hafi annazt framreiðslu þjónarnir Christian Hjartarson og kærði Bjarni Guðjónsson, en hafi þeir afhent fundarmönnum áfengi til að fara með út úr veitingahúsinu, segir kærði Daugaard það algerlega hafa verið án vitundar sinnar, og segir hann það alrangt, að hann hafi gefið skipun

um slíkt. Kærði Daugaard segir það einnig vera rangt, að Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður hafi fengið hjá sér áfengisflösku til að fara með. Kærði Daugaard hefur þó tekið fram, að Davíð Ágúst Guðmundsson trésmiður, sem nefndur er hér að framan, hafi einu sinni eða tvisvar sinnum fengið lánaða hjá sér áfengisflösku til að hafa með sér brott af staðnum, meðan Davíð Ágúst vann við smíðar í margnefndu veitingahúsi, gegn því, að hann borgaði áfengið í sama, en það segir kærði Daugaard hann ekki hafa gert.

Kærði Ólafur kveðst ekki vita til, að áfengi hafi nokkru sinni verið selt út eða afhent úr veitingahúsinu í Tívolí til neyzlu utan þess.

Um III.

Kærði Daugaard hefur viðurkennt, að vínveitingar í veitingahúsinu í Tívolí hafi hafizt kl. 4 e. h. á laugardögum og sunnudögum haustið 1949, fyrst eftir að Vetrarklúbburinn hóf starfsemi sína, enda hafa fullyrðingar um þetta komið fram við rannsókn þessa máls. Veitingar þessar segir kærði Daugaard hafa verið fyrir félagsmenn og gesti þeirra, og kveðst hann ekki hafa vitað annað en að þetta fyrirkomulag um vínveitingar væri heimilt. Bar hann fyrst í stað, að ákvörðun um vínveitingar á þessum tíma hefði verið tekin í samráði við kærða Ólaf, en kærði Ólafur mótmælti þessu hins vegar og kveðst þegar, eftir að hann komst að því, að áfengi væri veitt á þessum tíma á þessum stað, hafa tjáð kærða Daugaard, að slíkar vínveitingar væru óheimilar að hans áliti. Í lok rannsóknar málsins tók kærði Daugaard fram, að ekki væri hann viss um, að kærði Ólafur hafi vitað um þessar vínveitingar, er þær hófust, og kveðst hann (kærði Daugaard) muna, að kærði Ólafur hafi nefnt við sig, nokkru eftir að margnefndar vínveitingar hófust, að hann (kærði Ólafur) teldi þær ólöglegar, en þá kveðst kærði Daugaard þegar hafa verið hættur vínveitingum á þessum tíma.

Vitnið Valdimar Jónsson, sem áður er nefnt, hefur borið, að það hafi fengið afgreidda „sjússa" á barnum í Tívolí, eftir að dansleikum þar lauk.

Vitnið Höskuldur Austmar matsveinn, Reykjavíkurvegi 29, kveðst hafa komið inn í veitingasali Tívolí nótt eina á síðastliðnu sumri um tvöleytið. Segir það þá margt fólk hafa setið við barinn í veitingahúsinu, og hafi það ekki getað betur séð en að þessu fólki hafi verið veitt það, sem það bað um. Kærða Daugaard segir það hafa gefið sér einn „vermouth" við barinn. Þetta segir vitnið hafa verið á fimmtudegi.

Framburði sína hér að lútandi hafa vitnin Valdimar Jónsson og Höskuldur Austmar staðfest með eiði.

Kærði Daugaard hefur staðfastlega neitað því, að áfengi hafi verið afgreitt í veitingahúsinu í Tívolí, eftir að dansleikum lauk þar, og ennig hefur kærði Ólafur tekið fram, að hann viti ekki til, að vínveitingar hafi farið fram í veitingahúsinu í Tívolí lengur en leyfilegt er. Annars hefur ákærði Ólafur tekið fram viðvíkjandi þeim kæruatriðum yfirleitt, sem þegar hefur verið minnzt á, að hafi eitthvað farið á annan

veg en leyfilegt er í sambandi við lokunartíma, vínveitingar o. fl., varðandi rekstur Vetrarklúbbsins, hafi það a. m. k. ekki verið með vitund sinni og vilja, en sjálfur kveðst hann ekki hafa haft aðstöðu til að fylgjast sjálfur með því, að settum reglum væri fylgt, heldur falið kærða Daugaard og öðru starfsfólki veitingahússins að sjá um það.

Einnig hefur kærði Ólafur tekið fram, að áður en starfræksla Vetrarklúbbsins hófst haustið 1949, hafi hann brýnt fyrir kærða Daugaard að fylgja settum reglum um lokunartíma, vínveitingar o. fl. Út af þessu hefur kærði Daugaard tekið fram, að hann minnist þess að vísu ekki, að kærði Ólafur hafi brýnt þetta fyrir sér, enda segir hann sér þessi atriði hafa verið ljós, en kveðst þó ekki vilja rengja framburð kærða Ólafs um þetta, þótt ekki minnist hann þessa sérstaklega.

Um IV.

Í októbermánuði 1949 eða um það leyti, sem rekstur Vetrarklúbbsins hófst, tók kærði Ólafur fyrir hönd klúbbsins á leigu veitingaskálann í Tívolí, sem Tívolí-Café h/f á, og mun Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, sem er í stjórn Tívolí-Café h/f, hafa átt hlut að samningagerðum um þetta fyrir hönd fyrrnefnds hlutafélags.

Var um leigutökuna gerður skriflegur samningur, en ekki mun hafa verið minnzt á neitt veitingaleyfi eða framsal þess í honum. Kærði Ólafur segir sér þó hafa skilizt, að veitingaleyfi eigenda eða hluthafa Tívolí-Café h/f fylgdi með samkvæmt þessum leigusamningi, og hefur hann borið, að fyrst í stað hafi umrætt hlutafélag tekið þátt í rekstri Vetrarklúbbsins, en ekki mun þó neinn eigenda eða hluthafa í Tívolí-Café h/f hafa starfað að rekstri Vetrarklúbbsins, og hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður tekið fram, að hann hafi ekki haft neitt með rekstur veitingahússins í Tívolí að gera, eftir að Vetrarklúbburinn tók það á leigu, og einnig hefur hann tekið fram, að ekki hafi verið minnzt á neitt veitingaleyfi eða neins konar framsal þess, þegar kærði Ólafur tók veitingahúsið á leigu fyrir rekstur Vetrarklúbbsins. Sjálfur hefur kærði Ólafur ekki veitingaleyfi né neinn, sem starfaði að rekstri Vetrarklúbbsins veturinn 1949—1950 og síðastliðið sumar.

Síðari hluta vetrar 1949—1950 segir kærði Ólafur sér hafa verið orðið ljóst, að Tívolí-Café h/f lagði ekki til veitingaleyfi fyrir Vetrarklúbbinn. Átti hann þá tal við Gunnlaug Ólafsson bryta, Víðimel 60, en hann mun hafa veitingaleyfi. Kveðst kærði Ólafur nú hafa nefnt við Gunnlaug, hvort hann vildi ekki taka þátt í rekstri veitingahússins í Tívolí og njóta hagnaðar af honum, ef því væri að skipta, gegn því, að hann (Gunnlaugur) legði veitingaleyfi sitt til rekstrarins. Þessari uppástungu segir kærði Ólafur Gunnlaug hafa svarað játandi, en ekki hafi nánar verið um þetta rætt, en kærði Ólafur kveðst hafa skilið ummæli og samtal þeirra Gunnlaugs þannig, að ekki þyrfti frekara samþykkis hans til, að hann gengi af sjálfu sér inn í rekstur veitingahússins, ef á þyrfti að halda.

Út af þessu hefur Gunnlaugur Ólafsson bryti tekið fram, að enginn

formlegur samningur hafi verið gerður við sig um, að veitingahúsið í Tívolí yrði rekið á sínu nafni eða með veitingaleyfi sínu, heldur hafi hann aðeins sagt, að slíkt gæti komið til mála, í lauslegu samtali, sem hann átti við kærða Ólaf í skrifstofu hans. Kveðst Gunnlaugur ekki á neinn hátt hafa litið á þetta vilyrði sitt sem bindandi fyrir sig, enda kveðst hann aldrei myndi hafa fallizt á að taka þátt í rekstri veitingahússins með öðru móti en því, að um slíkt yrðu gerðir formlegir samningar, þar sem ákveðið væri, hver ræki veitingahúsið o. s. frv.

Gunnlaug minnir, að í þessu samtali þeirra kærða Ólafs hafi eitthvað verið minnzt á ágóðahlut, sem falla skyldi til hans, ef einhver yrði og hann (Gunnlaugur) vildi leggja til veitingaleyfi sitt við rekstur margnefnds veitingahúss.

Þess skal að lokum getið, að við athugun á starfsferli kærða Daugaards hér á landi kom í ljós, að hann hefur starfað hér atvinnuleyfislaust frá 1. jan. 1949. Hefur hann annars dvalið hér á landi síðan í októbermánuði 1946 og starfað frá þeim tíma á ýmsum stöðum hér á landi ýmist með eða án atvinnuleyfis.

Hefur þá atvikum, varðandi framangreind atriði, verið lýst, svo sem ástæða þykir til, og ber þá næst að athuga, hvort kærðu hafi brotið þau ákvæði laga og annarra refsiheimilda, sem mál þetta er höfðað gegn þeim fyrir brot á.

Með eiðfestum framburðum vitnanna Höskuldar Jóhannessonar, Snorra Rögnvalds Gunnarssonar og Valdimars Jónssonar og kærða Bjarna Guðjónssonar, sem studdur er af ákveðnum framburðum vitnanna Karls Laxdals Björnssonar, Bjarna Þórðarsonar, Þuríðar Erlendsdóttur, Hafliða Þóris Jónssonar, Gísla Einarssonar, Steingríms Gíslasonar, Ingvars Erasmus Einarssonar og Tryggva Friðlaugssonar verður að telja fullsannað, að fólki hafi verið veittur aðgangur að skemmtunum, sem Vetrarklúbburinn hélt, eftir lögboðinn lokunartíma dansleika og að kærða Daugaard hafi verið fullkunnugt um þetta, enda hafa vitnin Höskuldur Jóhannesson, Bjarni Þórðarson, Snorri Rögnvaldur Gunnarsson, Þuríður Erlendsdóttir, Valdimar Jónsson o. fl. borið, að hann (kærði Daugaard) hafi sjálfur veitt fólki aðgang að skemmtunum Vetrarklúbbsins eftir lögboðinn lokunartíma. Með þessu athæfi telst kærði Daugaard hafa brotið 79. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Með eiðfestum framburðum vitnanna Höskuldar Jóhannessonar og Snorra Rögnvalds Gunnarssonar, sem studdur er af ákveðnum framburðum vitnanna Þuríðar Erlendsdóttur, Davíðs Ágústs Guðmundssonar og Christians Hjartarsonar, verður og að telja sannað, að áfengi hafi verið selt í veitingahúsinu í Tívolí, meðan Vetrarklúbburinn rak það, og að slík áfengissala hafi farið fram með vitund og vilja kærða Daugaards, enda hafi hann sjálfur selt áfengi á þenna hátt, sbr. framburði vitnanna Höskuldar Jóhannessonar, Þuríðar Erlendsdóttur og Davíðs Ágústs Guðmundssonar. Með þessu athæfi telst kærði Daugaard hafa gerzt brotlegur við 10. gr., 2. tölul., sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar

1935 og 12. gr. reglugerðar nr. 126 7. ágúst 1945 um sölu og veitingar áfengis.

Með játningu kærða Daugaards, sem studd er af öðrum gögnum í máli þessu, telst enn fremur sannað, að hann hafi efnt til áfengissölu í veitingahúsinu í Tívolí á öðrum tímum en leyfilegt er, þ. e. frá kl. 4 e. h. um helgar, fyrst eftir að rekstur Vetrarklúbbsins hófst og veitingasala í sambandi við þann rekstur, og með eiðfestum framburðum vitnanna Valdimars Jónssonar og Höskuldar Austmars verður að telja sannað, að veitt hafi verið áfengi í umræddu veitingahúsi (við barinn), eftir að dansleikum lauk þar og þar með að sjálfsögðu á óleyfilegum tíma.

Telst kærði Daugaard, sem ótvíræða ábyrgð verður að telja að beri á þessu athæfi, með því hafa gerzt sekur við 10. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 126/1945, sbr. 11. gr. áfengislaga nr. 33/1935.

Þá verður loks að telja sannað samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, að kærði Daugaard hafi starfað atvinnuleyfislaust allan þann tíma, sem hann var forstjóri Vetrarklúbbsins, enda hefur kærði enga tilraun gert til að mótmæla því. Hefur kærði Daugaard með þessu unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 39 15. marz 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Hins vegar verður ekki séð, að kærði Daugaard beri ábyrgð á því, þótt veitingasala í sambandi við rekstur Vetrarklúbbsins hefði farið fram án veitingaleyfis, ef komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að veitingaleyfi hefði ekki verið fyrir hendi til slíkrar starfsemi, þar eð ekki verður annað séð en að kærði Daugaard hafi aðeins verið starfsmaður Vetrarklúbbsins, en ekki hafi hann á neinn hátt rekið þetta fyrirtæki eða veitingasölu þess sjálfur eða á sínu nafni, enda verður ekki séð, að kærði Daugaard hafi einu sinni vitað um, að ekki væri allt með felldu um veitingaleyfið til rekstrar veitingastarfsemi í sambandi við starfsemi Vetrarklúbbsins. Samkvæmt framansögðu þykir því bera að sýkna kærða Daugaard af ákæru ákæruvaldsins fyrir meint brot á lögum nr. 21/1926 um veitingasölu o. fl.

Refsing kærða Daugaards þykir samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, 2. mgr. 34. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sem hér telst eiga við, þótt ekki geti kærði Daugaard beinlínis talizt þjónustumaður í veitingahúsinu í Tívolí, 18. gr. reglugerðar nr. 126/1945 og 9. gr. laga nr. 39/1951 og með tilliti til 1. gr. laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 6000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt um öflun veitingaleyfis eða veitingaleyfishafa til rekstrar veitingasölu í veitingahúsinu í Tívolí, meðan Vetrarklúbburinn hafði hús þetta á leigu, er ljóst, að mjög ótryggilega hefur verið gengið frá slíkri öflun, bæði áður en Vetrarklúbburinn hóf starfsemi sína svo og síðar, er sérstakt tilefni varð til þess. Verður ekki annað séð en að veitingasalan á fyrrnefndum tíma og stað hafi verið rekin veitingaleyfislaust, þar eð báðir þeir aðiljar, sem talið var, að tekið hefðu að sér rekstur veitingasölunnar, hafa ein-

dregið neitað því, að þeir hafi nokkru sinni tekið að sér reksturinn eða lagt til veitingaleyfi fyrir hann. Eftir því, sem sagt er hér að framan um þetta atriði, verður ekki annað séð en að á þessari vöntun veitingaleyfis hafi kærði Ólafur og hann einn borið ábyrgð, þar eð ekki er vitað um aðra en hann, sem tekið hefðu útvegun slíks leyfis eða leyfishafa að sér, enda var útvegun þessi mest eða eingöngu í hans þágu og í samræmi við hagsmuni hans sem formanns stjórnar Vetrarklúbbsins, sem rak veitingasöluna. Samkvæmt þessu telst kærði Ólafur hafa gerzt brotlegur við 2. gr. laga nr. 21 15. júní 1926 um veitingasölu o. fl.

Hins vegar telst kærði Ólafur ekki hafa gerzt sekur við lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930, áfengislög nr. 33/1935 og reglugerð nr. 126/1945, þar eð ekki telst sannað, að hann hafi vitað um það misferli, sem samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, er talið sannað, að átt hafi sér stað í sambandi við aðgang að skemmtunum í veitingahúsinu í Tívolí eftir lokunartíma, áfengissölu þar og áfengisveitingar. Hefur kærði Ólafur tekið fram, eins og fyrr segir, að hann hafi ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, að settum reglum í sambandi við rekstur veitingahússins væri fylgt, heldur falið öðrum það, og verður að telja þessa staðhæfingu kærða Ólafs sennilega. Þykir því bera að sýkna kærða Ólaf af ákæru ákæruvaldsins fyrir meint brot á fyrrnefndum áfengislögum, lögreglusamþykkt Reykjavíkur og reglugerð um sölu og veitingar áfengis (nr. 126/1945).

Refsing kærða Ólafs þykir samkvæmt 15. gr. laga nr. 21/1926 og með tilliti til 1. gr. laga nr. 14 8. marz 1948 um ákvörðun fésekta hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með játningu kærða Bjarna Guðjónssonar telst sannað, að hann hafi a. m. k. í eitt skipti látið af hendi áfengi, sem greiðsla skyldi koma fyrir, til neyzlu utan veitingastaðar, meðan hann starfaði sem þjónn í veitingahúsinu í Tívolí, og hefur hann með því atferli sínu gerzt brotlegur við 10. gr., 2. tölul., sbr. 15. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 12. gr. reglugerðar nr. 126/1945, og þykir refsing hans samkvæmt 2. mgr. 34. gr. áfengislaganna og 18. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og með tilliti til 1. gr. laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 400 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Daugaard greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00, og annan sakarkostnað greiði hann að hálfu leyti, en hinn helming sakarkostnaðar greiði þeir kærði Ólafur og Bjarni in solidum.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af önnum við embættið. Málið hefur annars orðið allumfangsmikið, og hefur fjöldi fólks verið kvaddur fyrir rétt út af því, eins og réttarprófin bera með sér.

Dómsorð:

Kærði Francis Pichering Daugaard greiði 6000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Sveinsson Björnsson greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Bjarni Guðjónsson greiði 400 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Daugaard greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 500.00, og annan sakarkostnað greiði hann að hálfu leyti, en hinn helming sakarkostnaðarins greiði þeir kærðu Ólafur og Bjarni in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Kærumálið nr. 9/1952.

Haraldur Júlíusson f. h.
Björns Hauks Baldvinssonar
gegn
Vagni Jónssyni.

Synjun frests í innsetningarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. apríl þ. á., er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 198. gr. laga nr. 85/1936 úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 9. apríl þ. á., þar sem varnaraðilja er veittur frestur í innsetningarmáli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann kæri úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð í málinu og

krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Sóknaraðili þykir eiga rétt til, að fógeti kveði á um það, eins og málið liggur nú fyrir, hvort innsetningargerð samkvæmt kröfu hans skuli fram fara eða ekki. Ber því að synja varnaraðilja um frest þann, sem hann hefur beðið um, og fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Þar sem sóknaraðili hefur ekki gert málskostnaðarkröfu, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1952.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Haraldur Júlíusson, kaupmaður á Sauðárkróki, vegna Björns Hauks Baldvinssonar, Húsey í Seyluhreppi, krafizt þess, að honum verði með beinni fógetagerð afhentir peningar, sem nefndur Björn eigi í vörzlu Vagns E. Jónssonar hdl., er nemi samkvæmt dómi Hæstaréttar 14. nóv. 1951 kr. 48.846.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7.000.00 í málskostnað, en að frádregnum lögmætum kostnaði.

Gerðarþoli, Vagn E. Jónsson, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar.

Mál þetta var tekið fyrir hér í réttinum 5. marz s.l. og síðan 10. s. m., en þá fengu aðiljar frest til gagnaöflunar til 17. s. m. Framhaldsfrestur var veittur til 28. s. m. og síðan til 3. apríl s. l., en þá taldi gerðarbeiðandi gagnaöflun lokið af sinni hálfu, en gerðarþoli óskaði eftir fresti í málinu, þar til dómar hafi gengið í Hæstarétti í málunum Sparisjóður Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsir h/f gegn Baldvin Kristinssyni. Telur hann frestinn nauðsynlegan, af því að í málum þessum verði sennilega skorið úr um eignarrétt að fé því, sem hann er krafinn um í máli þessu.

Gerðarbeiðandi mótmælti því, að frestur yrði veittur, og lögðu aðiljar þenna ágreining undir úrskurð.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóvember s. l., fékk Baldvin Kristinsson, faðir Björns Hauks, tildæmdar úr hendi ríkissjóðs kr. 48.846.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7.000.00 í málskostnað. Áður hafði hann eða, að því er virðist, 2. október s.l. afsalað syni sínum, Birni Hauki, kröfu þessari til fullrar eignar, og er tekið fram í afsalsbréfinu, að um greiðslu sé að ræða upp í arf drengsins eftir móður hans, Steinunni Björnsdóttur, sem lézt 30. sept. 1941.

Strax og áðurnefndur dómur var fallinn, hófust nokkrir skuldheimtumenn Baldvins Kristinssonar handa um að leita fullnægju kröfum sínum í hinu tildæmda fé. Þeirra á meðal var Sparisjóður Siglufjarðar og Ræsir h/f og Sveinn Egilsson h/f, er kröfðust fjárnáms í því. Með úrskurðum fógetaréttarins, uppkveðnum 28. jan. s.l., var synjað um fjárnám í öllum þessum málum, og hefur tveimur hinum fyrrnefndu fjárnámsmálum verið áfrýjað til Hæstaréttar að sögn gerðarþola.

Í málum þessum var því haldið fram í fógetaréttinum, að áðurnefnt kröfuafsal væri ólöglegt, þar sem um væri að ræða tilraun til undanskots fjár undan aðför. Gerðarþoli kveðst af þessum sökum ekki geta gert sér ljóst, hver eigi löglegt tilkall til fjárins, og vill því ekki afhenda það, fyrr en úr því sé skorið, og rökstyður frestbeiðni sína, eins og áður segir, með því, að líklegt sé, að niðurstaða um þetta efni fáist með áðurnefndri áfrýjun.

Eins og ljóst er af framansögðu, hefur verið um það deilt, hvort gerðarbeiðandi í máli þessu sé eigandi fjár þess, er hann nú vill fá afhent með aðstoð fógeta. Úrlausn Hæstaréttar í máli Sparisjóðs Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsis h/f gegn Baldvin Kristinssyni getur skipt máli um úrslit þessa máls. Þykir því rétt að veita hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað, þar til dómur er fallinn í hæstaréttarmálunum Sparisjóður Siglufjarðar gegn Baldvin Kristinssyni og Ræsir h/f gegn Baldvin Kristinssyni.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Kærumálið nr. 10/1952.

Gestur Fanndal

gegn

Jóhannesi Magnússyni.

Málflutningsumboð. Kröfu um frávísun hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. apríl þ. á., sem hingað barst 4. maí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Siglufjarðar 17. apríl þ. á., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um vísun málsins frá bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess,

að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá bæjarþinginu. Svo krefst hann og málskostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert í málinu, fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 17. apríl 1952.

Mál þetta hefur Jón Skaptason, lögfræðingur hér í bæ, höfðað f. h. Jóhannesar Magnússonar, Akureyri, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan fyrir bæjarþingi Siglufjarðar með stefnu, útgefinni 6. marz s.l., gegn Gesti kaupmanni Fanndal hér í bæ til greiðslu skuldar vegna kaupa á 50 tómtunnum á kr. 44.50 stykkið eða samtals kr. 2.225.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Siglufjarðar fimmtudaginn 13. marz s.l. Af hálfu stefnanda sótti þing Jón Skaptason lögfræðingur og lagði fram nr. 1—4 stefnu, sáttakæru, reikning og greinargerð. Stefndi sótti sjálfur þing. Véfengdi hann umboð Jóns Skaptasonar til að fara með mál þetta, þar sem hann, þ. e. Jón, væri ekki enn orðinn héraðsdómslögmaður og gæti þess vegna ekki notfært sér réttindi þeirra. Jón Skaptason benti hins vegar á, að hann hefði lagt fram reikning undirritaðan af umbjóðanda sínum, er hann teldi næga sönnun fyrir umboði sínu, miðað við það, að lögfræðingar séu yfirleitt ekki krafðir um ríkari sönnunargögn varðandi umboð fyrir rétti. Stefndi krafðist úrskurðar um þetta atriði, og tók dómari það þá til dóms eða úrskurðar. Á bæjarþingi 17. þ. m. tók dómari mál þetta ex officio upp af nýju til gagnaöflunar um framkomna frávísunarkröfu. Af hálfu stefnanda sótti þing Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður og lagði fram svohljóðandi yfirlýsingu: „Hér með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að Jón Skaptason cand. jur., Siglufirði, flytur bæjarþingsmálið: Jóhannes Magnússon gegn Gesti H. Fanndal, sem nú er rekið fyrir bæjarþingi Siglufjarðar, á mína ábyrgð sem fulltrúi minn." Afrit af bréfi þessu, dags. 12. þ. m., hafði áður verið sent bæjarfógeta. Með hliðsjón af framanrituðu svo og 3. og 4. sbr. 20. gr. laga nr 61 frá 4. júlí 1942 telur dómarinn, að Jón Skaptason lögfræðingur hafi nægjanlega sannað umboð sitt

til að fara með mál þetta fyrir bæjarþingi Siglufjarðar, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem veikir þá staðhæfingu eða gerir hana tortryggilega. Ber því að hrinda framkominni frávísunarkröfu.

Þess skal getið, að dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af fjarveru dómarans.

Friðjón Þórðarson, settur bæjarfógeti, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 172/1951. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Osmond Johanson (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómur er kveðinn upp af Kristjáni Steingrímssyni, bæjarfógeta í Neskaupstað, og samdómendunum Jakob Jakobssyni og Pétri Waldorff.

Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem varðskipið Ægir setti út við togarann Cardiff Castle kl. 3.39 að morgni 15. ágústmánaðar 1951. Reyndist staður duflsins 0,75 sm innan landhelgislínu. Mæling þessi sýnir, að ákærði hefur verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi, og varðar brot hans við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Með hliðsjón af núverandi gullgildi íslenzkrar krónu, en það er 13.528 gullaurar, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Það athugast, að samdómendur hefði átt að kveðja til, þegar er rannsókn hófst í málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Osmond Johanson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlogmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 17. ágúst 1951.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Osmond Johanson, 39 Queen Mary Ave, Cleethorpes, Linceshire, Englandi, skipstjóra á brezka togaranum Cardiff Castle S. A. 66, til refsingar fyrir ætlað brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara samkvæmt 3. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 5 frá 1951 og lög nr. 4 frá 1924.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er talinn fæddur í Hull í Englandi 25. apríl 1919 og hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé.

Aðfaranótt miðvikudagsins 15. ágúst s.l. var varðskipið Ægir á leið frá Vopnafirði fyrir Langanes. Þegar varðskipið var statt suður af Langanesi, urðu varðskipsmenn varir við togara nærri landi.

Segir svo í framlagðri skýrslu skipherrans á Ægi, Þórarins Björnssonar:

„Miðvikudaginn 15. ágúst 1951 var varðskipið Ægir statt suður af Langanesi. Kl. 0256 sást togari grunsamlega nærri landhelgislínunni. Togaði hann fyrst suður með línunni, en beygði síðan upp á landið.

Stefnu var þá breytt á hann. Kl. 0322 sást í ratsjá, að togarinn mundi vera kominn inn fyrir landhelgislínu og hélt sömu stefnu á land. Sett á fulla ferð.

Kl. 0331 sett stöðvunarmerkiflagg og skotið lausu skoti. Kl. 0332 skotið öðru lausu skoti. Togarinn stanzar. Var hann að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Togarinn reyndist vera Cardiff Castle S. A. 66 frá Swansea.

Kl. 0339 var sett út bauja rétt við togarann, dýpið 40 metrar. Skipstjóri togarans sóttur um borð, nafn Osmond Johanson, fæddur 25. apríl 1919.

Kl. 0402 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við baujuna:

Fagranes

> 73° 12′ 0″

Skálar

> 96° 47′ 30″

Langanestá

Markrétting — 2′ og 2½′, sem dregin er frá. Gefur það stað togarans um 0.80 sm innan landhelgislínu. Ratsjárathugun sýndi það sama. Skipstjóranum var nú tilkynnt, að farið yrði með hann til Seyðisfjarðar, en hann kaus heldur að fara til Norðfjarðar, og var það gert.

Mælingin var gerð af skipstjóra og 1. stýrimanni varðskipsins. Vörður var því næst settur um borð í togarann, og kl. 0433 var sett á ferð og haldið til Norðfjarðar."

Hefur skipherrann staðfest skýrsluna fyrir dómi.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi verið að veiðum, þegar varðskipið tók hann. Hins vegar neitar hann því, að hann hafi verið staddur innan landhelgi. Byggir hann það á því, að hann hafi sjálfur gert staðarákvörðun um borð í skipi sínu, sem hafi sýnt, að hann væri utan landhelgi.

Kveðst hann hafa gert staðarákvörðun sína eftir áttavita, og hafi stefnulínurnar verið NA að N á Langanes og SV hálfur S á Digranes, en hvar á Digranes hann hafi miðað, getur hann ekki skýrt frá.

Þá telur hann að bauju þeirri, sem í skýrslu skipherrans á varðskipinu greinir, hafi verið lagt um það bil 200 „yards" innan við togarann, þ. e. a. s. landmegin.

Er því mótmælt af yfirmönnum varðskipsins, sem leiddir hafa verið sem vitni.

En þótt svo hefði verið, þá mundi togarinn samt sem áður hafa verið staddur inni í landhelgi samkvæmt miðun varðskipsins.

Þegar ákærði var kominn um borð í varðskipið, þar sem það lá við baujuna, þá var honum boðið að taka staðarákvörðun þar, bæði eftir ratsjá og sextant.

Hann kveðst hafa litið í ratsjána, en hann treysti henni ekki, enda telji Englendingar hana ekki örugga til staðarákvarðana. Þá kveðst hann ekki hafa tekið miðun með sextantinum, en hann hafi hins vegar tekið miðun eftir kompás varðskipsins, og eftir henni hafi hann verið utan landhelgi. Ekki urðu yfirmenn varðskipsins varir við, að hann gerði þar neinar áttavitamiðanir. Samkvæmt vitnisburðum fyrsta og þriðja stýrimanns á varðskipinu og vitnisburði skipherrans sjálfs svo og með skírskotun til framanritaðs þá þykir mega leggja skýrslu skipherrans á Ægi til grundvallar um málsatvik.

Samkvæmt því lítur rétturinn svo á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við ákvæði 1. gr. laga nr. 5/1920, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. sömu laga sbr. lög nr. 5/1951 um breytingu á þeirri lagagrein sbr. og lög nr. 4/1924.

Með tilliti til þess, hvernig broti ákærða er háttað, þá þykir refsing

hans með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu í dag, þar sem 100 gullkrónur jafngilda nú 738.95 seðlakrónum, hæfilega ákveðin kr. 75.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í sjö mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru í botnvörpungnum Cardiff Castle S. A. 66 frá Swansea, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Osmond Johanson, greiði kr. 75.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru í togaranum Cardiff Castle S. A. 66, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 38/1951. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Þorfinni Jóhannssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ekki tekizt að ná til neinna vitna, er verið hafi sjónarvottar að slysi því, sem mál þetta er risið af, né að akstri ákærða í umrætt skipti, nema að litlu leyti. Eigi er heldur ljóst af öðrum gögnum málsins, hvernig slysið hefur að höndum borið. Á sú staðhæfing héraðsdómarans, að Sigurður heitinn Sveinsson hafi farið af bifreið ákærða, að því er skilja verður við „Spennistöðina", gengið suður Laugarveg, og ákærði ekið þar á hann, sér ekki stoð í gögnum málsins.

Til grundvallar dómi í málinu verður því að leggja skýrslu ákærða sjálfs. Hann kveðst eigi hafa orðið var við, er Sigurður heitinn fór af bifreiðinni, en hann hafði staðið á palli hennar og haldið sér í járnspöng á stýrishúsinu. Þó líklegt megi telja, að slysið hafi stafað af því, að Sigurður heitinn hafi á einhvern hátt orðið fyrir bifreið ákærða í þeim svifum, er hann fór af henni, má vel vera, að ógætni hans sjálfs eða óhappatilviljun hafi verið um að kenna, en að ákærði eigi þar enga sök á. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins, að því er varðar brot á XXIII. kafla laga nr. 19/1940 og lögum nr. 23/1941.

Fallast má á það, að ákærði hafi ekki gerzt sekur um brot á reglugerð nr. 72/1937. Verður hann því algerlega sýknaður í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber ríkissjóði að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði, kr. 400.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Það athugast, að taka hefði átt skýrslu af stúlkubarninu Þóru Steinunni sjálfu, en ekki eingöngu af kjörmóður þess.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 22. nóvember 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. þ. m., er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Þorfinni Jóhannssyni bifreiðarstjóra, Aðalgötu 25 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19

frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72 frá 1937.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Siglufirði 19. apríl 1930, hefur sætt þessum refsingum:

1948 24/7 Sátt: 30 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1949 19/7 Sátt: 60 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1950 21/7 Sátt: 100 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum.

I.

Þriðjudaginn 6. desember 1949 um kl. 17.40 gengu tveir piltar, Hartmann Jónsson og Jóhann Ólafsson, suður Laugarveg hér í bænum. Sáu þeir, að maður lá á grúfu við götuna nálægt húsinu nr. 7 við Laugarveg. Gengu þeir að honum og urðu þess vísari, að hann var meðvitundarlaus, en stunur eða korr heyrðu þeir til hans. Í þessum svifum komu að tveir menn, þeir Jón Guðjónsson skipstjóri og Gísli Gíslason. Sáu þeir, að maðurinn, sem var Sigurður verkstjóri Sveinsson, var mikið slasaður, enda gekk blóð úr munni hans og nösum. Fór annar þeirra inn í húsið nr. 7, og var hringt til læknis og lögreglu og Sigurður borinn inn í húsið. Þangað til hafði orðið vart korrs og smákippa, en lífsmark hvarf af honum, meðan hann var borinn inn, og er læknirinn kom, var Sigurður látinn. Lík hans var flutt í líkhús sjúkrahússins, og fór fram skoðun á líkinu næsta dag. Varð ekki vart neinna beinbrota, en þegar brjósthol var opnað, kom í ljós mikið óstorknað blóð í hægra brjóstholi, röskur lítri. Í skýrslu læknanna segir svo:

„Þegar blóðið hefur verið tæmt burtu, liggur lungað samanfallið aftur við hrygg, og þegar nánar er að gáð, sést sprunga, sem gengur í gegnum miðlappann alla leið inn að hilus. Pericardiið er opnað, og eru í því ca 30 ccm af blóði, og við nánari athugun finnst op á gollurshúsinu, sem tekur ca 2 fingur, og liggur það aftur og niður í hægra pleura. — Kviðarhol er opnað á venjulegan hátt, og sést þar talsvert af blóði, og þegar lifrin er tekin út og skoðuð, sést, að á hana vantar vel lófastóran flipa, sem finnst aftur við hrygg. Flipinn er rúmlega þumlungs þykkur, og hefur hann sprungið frá neðra fleti lifrarinnar, aftan og utanvert."

Læknar þeir, er framkvæmdu líkskoðun þessa, hafa allir komið fyrir dóm. Telja þeir dauða Sigurðar hafa orsakazt af hinni miklu innvortis blæðingu, sem áverkinn á lunga og lifur hafði í för með sér. Tveir þeirra telja þann áverka stafa af því, að brjósthol og kviðarhol hafi orðið fyrir miklum þrýstingi, og telja miklar líkur til, að sá þrýstingur hafi stafað af því, að bifreið hafi verið ekið á eða yfir Sigurð, en aftur óliklegra, að hann hafi orðið fyrir einhliða árekstri eða fallið af bifreið.

II.

Fáum mínútum áður en Sigurður fannst á götunni, hafði bifreiðinni F 144 verið ekið suður Laugarveg, og á meðan menn voru að stumra yfir Sigurði, var bifreiðinni ekið sunnan veginn aftur, og var hún ekki stöðvuð á slysstaðnum. Ákærði, sem stjórnaði bifreiðinni í þessari ferð, kom fyrir

lögreglurétt daginn eftir og skýrði á þessa leið frá ferðum sínum: Nokkru fyrir kl. 17 umræddan dag var hann staddur í Bifreiðastöð Siglufjarðar. Var þá hringt og beðið um, að bifreið yrði send suður að söltunarstöð Njarðar h/f, og varð ákærði til þess að fara þá ferð. Er hann kom að stöðinni, var verkstjórinn, Jóhann Skagfjörð, þar einn saman, og sat hann í skrifstofu sinni og var ofurölvi. Hjálpaði ákærði honum út í bifreiðina, sem er vöruflutningabifreið, slökkti ljós í skrifstofunni og lokaði henni og ætlaði síðan að fara með verkstjórann heim til hans, en þar eð hann vissi ekki, hvar hann bjó, og verkstjórinn var sem næst meðvitundarlaus, hugðist ákærði aka í bifreiðastöðina til að afla sér upplýsinga um heimilisfangið. Þá kom Sigurður heitinn þar að og spurði, hvort hann mætti standa aftan á bifreiðarpallinum, og veitti ákærði honum það fúslega, en brýndi fyrir Sigurði að halda sér fast, því að búast mætti við, að ferðin upp brekkuna í Snorragötu gengi skrykkjótt. Jafnframt spurði ákærði Sigurð um heimilisfang Skagfjörðs, og kvað Sigurður hann búa niðri í húsi Þórodds Guðmundssonar. Skildi ákærði það svo, að um Laugarveg 7 væri að ræða, en þar býr Þóroddur nú. Er þangað var komið, nam ákærði staðar, opnaði bílhurðina og spurði Sigurð, hvort þetta væri húsið. Kvaðst Sigurður þá hafa átt við hús, er Þóroddur átti fyrr, og að það væri við Norðurgötu, en sú tilvísun var ekki heldur rétt. Ákærði ætlaði nú að aka aftur á bak norður Laugarveg til þess að snúa við á mótum Laugarvegar og Suðurgötu. Áður en hann komst að gatnamótunum, rann bifreiðin upp úr hjólförunum, og vegna snjóþyngsla á götunni tók hann þann kost að aka áfram suður Laugarveg og snúa bifreiðinni við á móts við húsið nr. 14. Er þangað kom, varð hann þess var, að Sigurður var ekki lengur á pallinum, en kveðst hafa talið, að hann hefði stokkið af bifreiðinni, er numið var staðar eftir aksturinn aftur á bak, enda hafi það verið skemmst heim til Sigurðar. Ók hann síðan norður Laugarveg, en kveðst ekki hafa séð Sigurð né menn þá, er fundu hann á götunni. Ákærði sótti föður sinn og tókst með hans aðstoð að koma Skagfjörð heim til sín í Túngötu.

Þessa skýrslu ákærða, sem hann hefur ekki hvikað frá í prófum málsins, hefur ekki tekizt að styðja með framburðum vitna, hvorki að því er varðar veru Sigurðar á palli bifreiðarinnar né akstur ákærða aftur á bak norður Laugarveg. Hins vegar hefur ekkert komið fram, er hnekki henni verulega, og þykir því verða að leggja hana til grundvallar dómi í málinu. Ákærði hefur eindregið haldið því fram, að Sigurður hafi staðið á pallinum, allt þar til ákærði hætti að aka aftur á bak, og kveðst enda hafa misst af hjólförunum, vegna þess að Sigurður hafi fært sig til á pallinum og byrgt ákærða með því útsýn um afturglugga bifreiðarinnar. Af niðurstöðu líkskoðunarinnar verður að telja nægilega í ljós leitt, að dauði Sigurðar hafi stafað af því, að bifreið var ekið á eða yfir hann, og af gögnum málsins er ljóst, að ekki var um aðra bifreið að ræða en þá, sem ákærði stjórnaði. Til þess að samræma skýrslu ákærða staðreyndum málsins verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að nægar líkur liggi til þess, að Sigurður hafi farið af bifreið ákærða og gengið suður Laugar-

veginn, þar til ákærði ók bifreiðinni á ný suður veginn, og hafi þar orðið undir henni. Ákærði hefur borið það, að Sigurður hafi verið með áhrifum áfengis, samt ekki mikið, og hefur það nokkra stoð í vætti Jóhanns Skagfjörðs. Hins vegar urðu menn þeir, er fundu Sigurð, ekki varir þess, að hann hefði neytt áfengis, og við líkskoðun varð ekki vart áfengisþefs af magavökvanum.

III.

Þegar þetta gerðist var mikill snjór á götum bæjarins. Mikið var farið að dimma, og norðanstormur var á með blindhríð. Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki séð neinar mannaferðir á leið sinni um Laugarveginn og hafi hann þó orðið sem næst að nema staðar nálægt Laugarvegi 7, er hann ók norður götuna, vegna þess að hríðin var svo svört, að ekki sá út úr bifreiðinni. Sömu lýsingu á veðrinu hefur bifreiðarstjóri sá gefið, er ók líki Sigurðar í sjúkrahúsið á að gizka hálftíma síðar. Þegar veður var slíkt, sem lýst var, og útsýn úr bifreiðinni takmörkuð, bar ákærða að haga akstri sínum varlega og nema staðar, er hann sá ekki fram fyrir bifreiðina. Af gögnum málsins þykir sýnt, að ákærði hefur ekki gætt þeirrar varúðar sem skyldi, og hefur hann með þeirri háttsemi orðið meðvaldur að dauða Sigurðar. Varðar það ákærða refsingu samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Hins vegar er það upp komið, að bifreiðin F. 144 var búin handriði, er jafngildir umbúnaði þeim, er greinir í 4. tölulið 7. gr. reglugerðar nr. 72 frá 1937, og ber því að sýkna ákærða af kröfu valdstjórnarinnar um refsingu fyrir brot á þeirri reglugerð.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald tvo mánuði. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber og að svipta hann leyfi til að aka bifreið í tvö ár frá birtingu dóms þessa. Þá greiði ákærði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 400.00.

Bjarni Bjarnason bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Þorfinnur Jóhannsson, sæti varðhaldi 2 mánuði.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 131/1951. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Halldóri Ágúst Þorlákssyni (Ragnar Ólafsson).

Ákæra um brot gegn XVIII. kafla laga nr. 19/1940 og lögum nr. 41/1930.

Dómur Hæstaréttar.

Fyrir Hæstarétti hafa ekki verið flutt fram nein þau gögn, er hnekkt geti áliti hinna sérfróðu dómenda Siglingadómsins um tæknileg atriði málsins. Í þessu máli eru engin efni til að skera úr um það, hvort hegðun ákærða varði við 88. gr. laga nr. 41/1930, þar sem ákæran, eins og í héraðsdómi getur, tekur ekki til þeirrar lagagreinar. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar dæmdur á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Eins og starfi ákærða á skipinu var háttað, áður en eldsvoðinn kom upp, hefði ekki átt að spyrja hann sem vitni fyrir sjódóminum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dómur Siglingadóms 6. apríl 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað af hálfu ákæruvaldsins gegn Halldóri Ágúst Þorlákssyni vélstjóra, Hringbraut 45 hér í bænum, fyrir brot gegn XVIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og sjómannalögum nr. 41 frá 19. maí 1930.

Ákærði hefur náð sakhæfisaldri, fæddur 20. desember 1917. Hann hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt refsingu né ákæru fyrir neitt lagabrot.

Ákærði hefur vélstjóraréttindi við allt að 150 hestafla mótorvélar, en í ferð þeirri, er hér ræðir um, var hann III. vélstjóri á b/v Neptúnusi með undanþágu atvinnumálaráðuneytisins.

Hinn 15. desember 1948 var b/v Neptúnus R. E. 361 staddur í Grimsby. Hafði hann lagt afla á land og selt hann undanfarandi nótt og um morguninn, en að því loknu var farið að búa skipið til brottfarar. Kl. 14.30 var það dregið úr kvínni, þar sem aflinn var lagður á land, og fært að svonefndum Norðurgarði (North Wall) til að taka olíur til skipsþarfa. Hófst ferming dieselolíu kl. 15.20. Var henni dælt um borð frá dælustöð á bryggjunni skammt frá skipshlið. Hafði ákærði umsjón með fyllingu dieselolíugeymanna í skipinu. Auk þess var um borð maður frá félagi því, er olíuna seldi. Virðist hann hafa átt að gæta slöngunnar, sem flutti olíuna frá dælustöðinni um borð í skipið. Um kl. 15.40 hófst einnig ferming brennsluolíu til aðalvélar. Var hún flutt á pramma að skipshlið. Um kl. 17.40 fór pramminn frá skipinu aftur eftir að hafa afgreitt þá brennsluolíu, sem þurfti. Fermingu dieselolíunnar var þá enn ekki lokið. Dieselolíugeymar þeir, er verið var að fylla á, eru tveir og liggja sinn við hvora síðu skipsins framarlega í vélarúmi. Lögun þeirra markast annars vegar af skipssíðunni, og eru þeir því nokkru þrengri að neðanverðu en ofan. Fyrir báða geymana er sameiginlegur áfyllingarstútur í vélareisn. Liggur frá honum pípa, sem síðan greinist til beggja geymanna, og er hægt að loka hvorri grein hennar fyrir sig.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að við áfyllinguna hafi hann fyrst látið olíuna renna til beggja geymanna samtímis, en er 3—4 þumlunga borð var á stjórnborðsgeyminum, hafi hann lokað fyrir rennslið að honum. Rann því eingöngu inn á bakborðsgeyminn eftir það. Telur ákærði, að rösklega tveggja feta borð hafi verið á bakborðsgeyminum, er hann lokaði fyrir rennslið til stjórnborðsgeymisins. Úr geymunum ganga mælirör upp á vélareisn, en einnig voru op á þeim niðri í vélarúminu. Var þeim lokað með skrúfuðum lokum, er ekki var verið að nota þau. Í umrætt skipti notaði ákærði þessi op við mælingar á hæð olíunnar í geymunum. Stálkvarði var í skipinu, ætlaður til þessara mælinga, en í stað hans notaði ákærði 1½ fets langan járnbút, er hann renndi niður í geymana á bandi. Kveðst hann hafa gert þetta, sökum þess að erfitt hafi verið að sjá á stálkvarðann. Þegar ákærði hafði lokað fyrir rennslið inn á stjórnborðsgeyminn, kveðst hann hafa skrúfað lokið fyrir mælirörsopið að honum. Hins vegar hafði hann mælirörsopið að bakborðsgeyminum opið, enda hélt hann áfram að fylgjast með áfyllingunni á hann. Mælitafla fyrir geymana var í skipinu, sem raunar virðist ekki hafa verið rétt, en ákærði kveðst hvorki í þetta skipti né önnur hafa farið eftir henni við fyllingu á geymana. Ákærði kveður 1 fets borð hafa verið á bakborðsgeyminum, er hann mældi seinast í honum um kl. 17.45. Kveðst hann þá hafa haldið áleiðis til dælustöðvarinnar á bryggjunni. Ekki lokaði hann fyrir mælirörsopið að bakborðsgeyminum, áður en hann fór frá borði. Þegar til dælustöðvarinnar kom, kveðst ákærði hafa spurt mann þann, er dælunnar

gætti, hve marga gallóna vantaði á, að tala þeirra stæði á heilu þúsundi, og fengið það svar, að á það vantaði 70 gallóna. Kveðst ákærði þá hafa beðið um, að þessir 70 gallónar yrðu látnir renna, en síðan yrði hætt að dæla. Telur ákærði, að 4—5 mínútur muni hafa liðið, frá því hann mældi seinast í bakborðsgeyminum og þar til byrjað var að dæla umræddum 70 gallónum. Ekki vissi ákærði þá, hve mikil olía var á geymunum, þar eð hann hafði ekki kynnt sér, hve mikið var á þeim, áður en byrjað var að dæla. Hann kveðst heldur ekki hafa vitað, hve mikið efsta fetið í bakborðsgeyminum tók, en hafa talið, að öllu væri óhætt um, að hann yfirfylltist ekki, þegar hann miðaði við tímann, sem það tók að fylla næst efsta fetið. Er ákærði hafði staðið stundarkorn hjá dælumanninum eða, að því er hann sjálfur telur, 2—3 mínútur, eftir að byrjað var að dæla umræddum 70 gallónum, tók hann eftir, að reyk og eldbjarma lagði upp um loftventil bakborðsmegin á vélareisn. Lét hann þá þegar hætta að dæla olíunni og hljóp um borð. Fór hann niður í vélarúm og tókst að stöðva ljósavélina, er þar var í gangi, en gat eigi aðhafzt meira vegna reyks og hita. Eftir að ákærði hafði jafnað sig eftir ferðina niður í vélarúm, kveðst hann hafa ætlað að komast að ventlakassa til að loka fyrir allar leiðslur frá geymunum stjórnborðsmegin, en tókst ekki að nálgast hann vegna eldsins. Á katli skipsins er loki til þess gerður að hleypa út gufu til eldvarnar. Er hægt að opna fyrir loka þenna bæði af vélartoppnum og ofan af vélareisn. Á báðum stöðum mun hafa þurft kló eða lykil til að hægt væri að opna lokann. Ákærði kveðst hafa vitað um loka þenna, áður en bruninn varð, en ekki hafi hann þó vitað, hvernig hann verkaði. Eftir að eldurinn kom upp, kveðst ákærði ekki hafa munað eftir lokanum, og því engar tilraunir gert til að opna fyrir hann.

Þegar eldurinn kom upp, munu allir skipverjar hafa verið um borð að ákærða undanteknum, en hann var sem áður greinir á bryggjunni skammt frá skipshlið. Í vélarúmi voru aðalvél, ljósavél og skiptivél í gangi. Þar var einnig logandi í miðstöðvarkatli, sem stóð 3—4 fet fyrir neðan mælirörsop bakborðs-dieselolíugeymisins og um 3 fet til hliðar frá því. Í kyndirúmi var logandi í bakborðs og miðeldi undir vélarkatli, en eldstæði eru þar þrjú. Í vélarúmi og kyndirúmi var enginn maður, þegar eldurinn kom upp. Skömmu áður en eldsins varð vart, hafði I. vélstjóri komið í vélarúmið og dregið úr gangi aðalvélar og skiptivélar. Fór hann síðan fram í hásetaklefann með eftirlitsmanni úr landi til að athuga þar reykrör frá miðstöð, sem var í einhverju áfátt. Kveðst I. vélstjóri hafa verið búinn að dvelja um 10 mínútur í hásetaklefanum, þegar ljósin slokknuðu. Hljóp hann þá upp, en er á þilfarið kom, kveðst hann hafa séð, að reyk lagði upp úr reykháfi, loftrörum og opi yfir kyndistöð. Vélarúmið var þá orðið fullt af reyk. Tókst I. vélstjóra þá við illan leik að stöðva bæði aðalvél og skiptivél svo og að ná í lykil, sem hann ætlaði að nota til að skrúfa frá gufubrunalokanum á ketiltoppnum. Er þangað kom, var hitinn þar uppi orðinn svo mikill, að honum tókst ekki að skrúfa frá lokanum, þótt hann kæmist svo langt að hafa hönd á honum. Komst I. vélstjóri með naumindum út af ketiltoppnum, brunninn á höndum og í andliti. Var

hann þegar fluttur í sjúkrahús. I. vélstjóra var kunnugt um, að hægt var að opna gufubrunalokann ofan af vélareisninni, en hann kveðst hafa talið liggja beinna við að reyna að opna hann frá ketiltoppnum, enda hafi hann haft með sér úr vélarúminu áhald til að opna hann þar. Slökkviliði úr landi var þegar gert aðvart, er eldsins varð vart, og mun það hafa komið á vettvang 5—7 mínútum síðar. Eftir það stjórnaði yfirmaður þess slökkvistarfinu, sem unnið var af slökkviliði borgarinnar með aðstoð skipverja. Telur skipstjóri í skýrslu sinni, að kl. 20.30 hafi verið búið að ná valdi yfir eldinum, og kl. 22.00 hafi svo virzt sem búið væri að slökkva hann. Skömmu síðar varð þó elds vart í herbergjum I. stýrimanns og kyndara, en hann varð slökktur innan lítillar stundar. Jón Elíasson kyndari hefur fyrir dómi skýrt þannig frá því, sem gerðist: Hann kveðst hafa komið um borð úr landgönguleyfi kl. 17.00. Fór hann þá niður í vélarúm og telur sig fyrst hafa kveikt á bakborðs- og miðeldi undir katli, en áður telur hann, að enginn eldur hafi verið undir kötlunum. Gegn þessu hefur Snorri Jónsson, sem einnig var kyndari á skipinu, borið, að það muni vera rangminni Jóns, að hann hafi kveikt á miðeldinum. Kveðst Snorri hafa kveikt á þeim eldi, áður en Jón kveikti á bakborðseldinum. Að þessu loknu kveðst Jón hafa kveikt upp í miðstöðinni í vélarúminu. Ekki hafði hann fengið skipun frá yfirmönnum sínum um að kveikja á eldum þessum, en svo virðist sem það hafi verið venja á skipinu, að kyndarar gengju að verkum þessum án sérstakra fyrirmæla hverju sinni, og enginn vari hafði verið tekinn fyrir því að kveikja upp elda, meðan verið var að ferma olíu. Eftir að Jón hafði lokið við að kveikja eldana, kveðst hann hafa farið upp á þilfar. Þar hafi hann séð, að brennsluolía slettist út um loftrör fyrir neðan stjórnpall stjórnborðsmegin. Fór hann þá aftur niður í vélarúm til að sækja fötu í því skyni að þvo þetta af. Kveðst hann þá ekki hafa orðið var við neitt athugavert í vélarúmi eða kyndistöð. Á leiðinni úr vélarúmi fram að stjórnpalli kveðst hann hafa staðnæmzt lítils háttar, en er hann ætlaði að fara að þurrka upp olíuna, kveðst hann hafa heyrt III. vélstjóra kalla, að eitthvað væri að. Varð honum þá ljóst, að kviknað var í skipinu. Kveðst hann þá hafa hlaupið að ventlakassa, sem er undir stjórnpallsvængnum bakborðsmegin, og lokað fyrir strauminn að olíudælunum, þannig að olíurennslið á eldana hætti. Hins vegar kveðst hann ekki vita til, að neinn slökkvari hafi verið ofanþilja til að slökkva á olíudælunni að miðstöðinni. Telur hann því, að ekki muni hafa lokazt fyrir olíurennslið að henni, fyrr en ljósavélin var stöðvuð. Jón telur, að liðið hafi a. m. k. hálf klukkustund, frá því að hann kveikti upp í miðstöðinni, og þar til eldsins varð vart. Um þetta atriði segir skipstjórinn hins vegar, að hann hafi komið um borð í skipið, um einni klukkustund áður en eldsins varð vart, og hafi þá verið góður hiti á miðstöðinni. Vitnið Jón Elíasson kveðst hafa vitað um gufubrunalokann á vélareisn, en ekki munað eftir honum í sambandi við brunann. Hann telur, að erfitt hefði verið að opna lokann, jafnvel með venjulegri kló, vegna hlífðarhrings, sem sé í kringum hann. Vitnið Snorri Jónsson, sem var kyndari á skipinu, kveðst hafa unnið við fermingu á brennsluolíu, en brugðið sér frá því, alllöngu áður en eldurinn kom upp,

til að kveikja á miðeldinum undir katlinum. Segir hann, að þá hafi engir eldar logað undir vélarkötlunum, en hins vegar minnir hann, að lítill eldur hafi þá logað undir miðstöðvarkatli. Eftir þetta kveðst vitnið hafa haldið áfram að starfa við fermingu brennsluolíunnar, en að því loknu ætlaði það að hreinsa olíu, sem hafði sletzt úr mið-brennsluolíugeymi upp á stjórnpall, en í sömu svifum hafi III. vélstjóri kallað úr landi, hvort eitthvað væri að í kyndirúmi. Vitnið kveðst þá hafa ætlað að hlaupa niður í vélarúm ásamt II. vélstjóra, en þar hafi þá allt verið fullt af reyk. Hljóp vitnið þá upp á stjórnpall til að gera skipstjóra aðvart. Því næst kveðst vitnið hafa gert með Jóni Elíassyni tilraun til að loka lúgu yfir kyndistöð, en það hafi ekki verið hægt vegna hita. Vitnið kveðst hafa vitað um gufubrunalokann á vélareisninni, en ekki hafa munað eftir honum í umrætt skipti. Það kveður sér ekki hafa verið kennt að nota loka þenna fyrr en eftir brunann. Skipstjóri var í íbúð sinni, er kyndarinn Snorri Jónsson kom og tilkynnti honum, að kviknað væri í skipinu. Telur skipstjóri það hafa verið um kl. 17.45. Er skipstjóri kom upp, kvað hann kyndistöð skipsins hafa verið orðna alelda. Voru þegar gerðar ráðstafanir til að kalla slökkvilið úr landi, og kom það að sögn skipstjóra 5—7 mínútum eftir að eldsins varð vart. Eftir að eldurinn hafði verið slökktur, kveðst skipstjóri þegar hafa farið um borð ásamt skipshöfn og slökkviliði til að athuga verksummerki. Skipstjóri kveður sér ekki hafa verið kunnugt um gufubrunalokann í vélareisn fyrr en eftir brunann, en hann telur, að hægt hefði verið að komast að honum í allt að 20 mínútur, eftir að eldsins varð vart. Fyrsti stýrimaður kveðst hafa verið við vinnu á þilfari, er hann sá reyk og eldglampa upp um loftventlana frá kyndistöðinni. Hann kveðst þá hafa brugðið við og hlaupið upp á stjórnpall til að aðvara skipstjórann, en hann hafi þá komið niður í sömu svifum. Aðrir skipverjar en þeir, sem hér hafa verið taldir, voru við störf sín um borð í skipinu, er eldsins varð vart, en í vætti þeirra komu ekki fram neinar upplýsingar, er máli skipta.

Viðgerðarkostnaður á skipinu vegna tjóns af völdum eldsins mun hafa numið um £ 70.000-0-0. Stöðvaðist rekstur skipsins í um 8 mánuði, meðan viðgerð fór fram.

Tilgáta hefur komið fram af hálfu skipverja um, að orsök íkviknunarinnar hafi verið sú, að olía kunni að hafa gengið upp um opna mælirörið á bakborðs-dieselolíugeyminum og náð miðstöðinni, sem, eins og áður getur, er neðan við mælirörsopið, lítils háttar til hliðar við það.

Hinn 21. desember s.l. kom það fyrir um borð í b/v Neptúnusi, þar sem hann var að veiðum, að eld eða glóandi olíusindur lagði úr miðeldhólfi undir katli niður í botn skipsins og olli íkviknun, sem þó varð ekki að tjóni, enda var þá ekki annað í skipsbotninum, sem logað gat, en lítils háttar olíubrák, og vélstjóri varð eldsins þegar var og gat slökkt hann. Að beiðni verjanda ákærða var þetta atvik rannsakað hér fyrir dómi, áður en málið var flutt. I. og II. vélstjóri, sem á skipinu voru, er atburður þessi gerðist, rekja orsakir hans til þess, að múrsteinar losnuðu í eldhólfinu og féllu niður. Við það opnaðist rifa á milli eldhólfsins og dyrabúnaðar

þess. Um rifu þessa barst eldur eða glóandi olíusindur niður í botn skipsins. Í þessari sömu ferð höfðu að sögn I. vélstjóra einnig losnað nokkrir steinar í bakborðseldholi, en afleiðingar þess urðu engar. Skoðunarmaður Lloyds hér í Reykjavík, Viggo Jessen, athugaði ketil skipsins, er það kom í höfn úr fyrrgreindri veiðiför. Hefur hann staðfest skýrslu vélstjóranna um bilunina í miðeldhólfinu og látið í ljós það álit, að þegar slík bilun komi fyrir, geti heitt olíusindur dropið út úr eldhólfinu, þegar ketillinn er heitur. Báðir þeir vélstjórar, er hér að framan greinir, hafa látið í ljós það álit, að möguleikar séu til þess, að íkviknunin 15. desember 1948 hafi stafað af því, að eldur hafi orðið laus með sama hætti sem 21. desember s.l. Þá hefur II. vélstjóri, sem var I. vélstjóri, er bruninn varð, skýrt svo frá, að hann sé ekki grunlaus um, að lítils háttar leki hafi verið á stjórnborðs-dieselolíugeymi, áður en bruninn varð. Báðir telja vélstjórarnir, að olíubrák sé að jafnaði meiri í botni skipsins, er það liggur um kyrrt í höfn, en þegar það er á ferð. Ekki hefur tekizt að afla gagna, er skeri úr um það, hvernig ástand eldhólfanna í vélarkatlinum var, þegar íkviknunin varð.

Af framanritaðri lýsingu málavaxta er ljóst, að sönnur hafa ekki komið fram fyrir því, að ákærði hafi með atferli sínu orðið valdur að brunanum í b/v Neptúnusi hinn 15. desember 1948. Hefur hann því hvorki unnið til refsingar samkvæmt 85. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930 né XVIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, enda verður ekki talið, að hann hafi sýnt refsiverða vangæzlu við slökkvistarfið. Ákærði hefur hins vegar framið verknað þann, sem lýst er í 88. gr. sjómannalaganna, með því að víkja frá borði, meðan var að renna á olíugeyma þá, er hann átti að gæta, svo og með því að skrúfa ekki lokið á mælirörsopið, jafnskjótt sem hann hafði lokið mælingum um það. Þar eð engin krafa hefur komið fram um málshöfðun frá þeim aðiljum, er í 89. grein sjómannalaganna greinir, brestur skilyrði til að refsa ákærða samkvæmt 88. gr. sömu laga. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu, en málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknar- og málsvarnarlaun skipaðs sækjanda og verjanda, kr. 800.00 til hvors.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dóm þenna hafa kveðið upp Einar Arnalds, formaður dómsins, og samdómendurnir Hafsteinn forstjóri Bergþórsson, Jón sjómaður Jónsson frá Litla-Bæ, Jón skipstjóri Kristófersson og Þorsteinn vélfræðiráðunautur Loftsson.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Ágúst Þorláksson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 800.00 til hvors.

Miðvikudaginn 28. maí 1952.

Nr. 49/1951. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Hans Broders (Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt ætlaðan stað dufls, sem sett var út frá varðskipinu, eftir að það kom að togaranum. Er staður þessi um 0,5 sjómílu innan landhelgislínu. Um öryggi þessarar staðarákvörðunar segir skólastjórinn:

„Staður þessi er fundinn með tveimur staðarlínum, þ. e. kompásmiðun og láréttri hornmælingu. Þessar tvær aðferðir eru misjafnar að gæðum, og er hin síðarnefnda öruggari. Sú staðarlína er partur af hring (lína B á kortinu), og er skipið statt einhvers staðar á henni. Hvar það er, á hin staðarlínan (lína b á kortinu) að segja til um. Þar sem staðarlínurnar skerast, er staður skipsins. Eins og ég hef tekið fram, er hin staðarlínan, þ. e. kompásmiðunin, ekki jafnörugg ýmissa hluta vegna, m. a. vegna veltings á skipinu, og getur það við óhentug skilyrði munað nokkrum gráðum á hvorn veginn. Í því tilfelli, sem hér um ræðir, telst mér svo til, að skekkja, sem væri meiri en 7° á annan veginn, gæti fært staðinn út fyrir landhelgislínu. Nú tel ég ekki miklar líkur til, að svo mikil skekkja hafi getað verið á þessari miðun, miðað við veður, sjó, tæki og æfingu varðskipsmanna, en tel það hins vegar hugsanlegan möguleika.“ Skólastjórinn lýsir niðurstöðu sinni af þessum athugunum þannig: „Ég álít, að hugsanlegt sé, að svo mikil skekkja hafi verið í miðuninni, að togarinn hafi getað verið á eða utan við landhelgislínu, þegar varðskipið kom að honum. Líkur til þess tel ég hins vegar ekki miklar, og dýpið bendir mjög til þess, að staðurinn sé innan landhelgislínu.“

Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að telja sannað, að

ákærði hafi verið að togveiðum í landhelgi, eins og hún var í framkvæmd, þegar taka togarans fór fram, og ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Eftir þessum úrslitum leggst allur kostnaður af sökinni, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hans Broders, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 5. apríl 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er af ákæruvaldinu höfðað gegn Hans Broders, skipstjóra á þýzka togaranum Birte Lattmann H. H. 285, til heimilis að Wyrdestrasse, Bremerhaven W, fyrir meint brot á lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. maí 1890 í Flensborg, hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingum hér á landi.

Tildrög máls þessa eru þau, er hér greinir. Að kvöldi dags 2. þ. m. var varðskipið Óðinn statt skammt austur af Ingólfshöfða á vesturleið, og komu varðskipsmenn þá auga á togara framundan, sem virtist stefna austur um. Klukkan 2055 snéri togarinn og virtist þá stefna út og vestur, og hélt varðskipið þá að honum með fullri ferð. Þegar komið var að togaranum, var fyrst rennt fram með honum stjórnborðsmegin, síðan farið aftur fyrir hann og fram með honum bakborðsmegin. Sást þá, að bakborðsvarpa var í sjó, vírarnir voru ekki í togblökkinni, en lágu úr gálgunum beint niður með skipinu. Togarinn var kyrr, vélin var ekki í gangi, en togarinn lá ekki fyrir akkeri. Þegar Óðinn kom að togaranum, var klukkan 2108.

Klukkan 2110 var lagt að togaranum, sem reyndist vera Birte Lattmann H. H. 285, skipstjóri kærði í máli þessu, og stukku þá tveir menn af

varðskipinu, þeir Jón Strandberg háseti og Þröstur Sigtryggsson viðvaningur, yfir í togarann. Klukkan 2114 var ljósbauja sett út innan við togarann um 100 metra og skipstjóra togarans tilkynnt, að beðið yrði til morguns, þar til birti, og honum sagt að halda sér við baujuna. Var togaraskipstjóranum bent á að setja út bauju sjálfur, en af því varð ekki.

Andæfðu nú bæði skipin við baujuna um nóttina.

Veður var ASA, 4—5 vindstig, krapahryðja og talsverður sjór.

Morguninn eftir kl. 0600 létti dálítið til, svo að sást til lands, enda var þá orðið bjart af degi. Kl. 0610 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun af skipherra varðskipsins og I. stýrimanni: Ingólfshöfði í r/v 298° og > í Salthöfða 46° 20', dýpi 62 metrar, og gefur það stað 0,5 sjómílu innan landhelgislínunnar. Fór varðskipið þá að togaranum, og var kallað yfir til hans, að hann væri samkvæmt mælingu 0,5 sjómílu innan landhelgi. Var skipstjóra boðið að gera miðanir við baujuna og jafnframt tilkynnt, að með hann yrði farið til Vestmannaeyja. Óðinn fór síðan að baujunni, beið þar nokkurn tíma, tók hana síðan upp og lagði af stað til Vestmannaeyja kl. 0730.

Veðrið um morguninn var SSA, 5 vindstig, talsverður sjór.

Kærði skýrir svo frá, að hann hafi, áður en varðskipið kom, fylgzt nákvæmlega með stað togarans með stöðugum miðunum á Ingólfshöfða og mælingu á dýpinu. Telur hann sig samkvæmt þessum mælingum hafa verið 0,5 sjómílu utan landhelgislínunnar. Hann kveður togarann hafa legið kyrran 10—15 mínútur, þegar varðskipið kom að honum. Telur hann sig hafa verið nýbúinn að láta vörpuna útbyrðis og kannast við, að vírarnir hafi verið 20 faðma niður í sjó. Hann telur, að dýpið hafi verið 67 metrar, þegar varðskipið kom til þeirra, og 65 metrar, þegar varðskipsmenn komu um borð í togarann. Kærði segir baujuna hafa verið setta innanvert við togarann í 300—400 metra fjarlægð. Fyrir réttinum hefur hann haldið fram, að um 20 mínútur hafi liðið, frá því varðskipið kom til togarans, þangað til baujan var sett út, og hafi skipin á þeim tíma rekið í áttina til lands. Enn fremur telur hann mögulegt, að duflið hafi rekið í áttina til lands um nóttina. Engar staðarmælingar hafi verið hægt að gera um kvöldið, og um morguninn hafi skyggnið verið svo slæmt, að ógerningur hafi verið að gera hornamælingar, með því að ekki hafi verið unnt að greina fasta staði í landi, sem hægt væri að miða við, að Ingólfshöfðavita undanteknum. Segist hann engar mælingar hafa gert þá af þessum ástæðum, en þess í stað siglt upp að landi til að mæla fjarlægðina með vegmæli. Hafi vegmælirinn sýnt 3,2 sjómílur á leiðinni upp að landi, en 2,6 sjómílur frá landi að þeim stað, sem hann hugði, að duflið ætti að vera á samkvæmt dýpinu. Þá var varðskipið búið að taka það upp. Hann neitar því eindregið að hafa verið innan landhelgi, þegar varðskipið kom að þeim og þar sem duflið var sett út.

Fyrsti stýrimaður togarans, sem leiddur var sem vitni í málinu, hefur í öllum verulegum atriðum staðfest skýrslu skipstjórans. Hefur í rétt-

inum verið lagður fram útdráttur úr dagbók togarans, og kemur hann heim við frásögn þeirra í þeim atriðum, sem máli skipta.

I. stýrimaður varðskipsins, Eyjólfur Hafstein, var leiddur sem vitni í málinu. Staðfestir hann að öllu leyti skýrslu skipherrans. Framkvæmdi hann miðunina og hornmælinguna ásamt honum, og telur hann hana algerlega örugga. Staðfestir hann einnig skýrslu skipherra um það, *að* einungis 6 mínútur hefðu liðið, frá því varðskipið kom að togaranum, þar til duflið var sett út. Hafi hann skrifað niður tímann jafnóðum og sé viss um, að þar skakki engu. Hann telur öruggt, að duflið hafi ekki rekið um nóttina.

Vitnin Jón Strandberg háseti og Þröstur Sigtryggsson viðvaningur, sem voru settir um borð í togarann kl. 2110, hafa borið um það, að þeir hafi séð dýptarmæli í brú togarans, strax og þeir komu um borð. Segir vitnið Jón, að hann hafi sýnt 64—65 metra, en vitnið Þröstur 63—64 metra. Vitnið Jón las á annan dýptarmæli í brúnni, sem bar saman við þann fyrri. Bæði vitnin hafa borið það, að varpan hafi verið úti og hlerarnir í sjó og 20—25 faðmar af vírunum verið úti. Hafi vírarnir vísað beint niður. Enginn fiskur var á þilfari togarans, er þeir komu þangað, og enginn fiskur var í vörpunni, þegar hún var dregin upp. Um morguninn hafi kærði beðið þá að kalla til Óðins að láta duflið vera kyrrt, meðan hann mældi vegalengdina í land, en þeir komust aldrei í kallfæri við Óðinn, svo þau boð komust ekki til skila. Bæði vitnin bera það, að þegar togarinn sigldi í land með vegmælinn, hafi hann siglt í boga, og hafi vegmælirinn sýnt 2,8 mílur, er hann var ca ½ sjómílu frá landi vestarlega við Ingólfshöfða. Hefði hann síðan siglt 0,4 sjómílu austur með landi og síðan út að duflstaðnum, og hefði vegmælirinn þá sýnt 3,2 sjómílur, en 5,8, er skipstjóri taldi sig vera kominn á þann stað, er duflið átti að vera á.

Bæði kærði og stýrimaður hans hafa neitað að hafa siglt svo lengi meðfram landinu sem vitni þessi bera. Segja þeir báðir, að togarinn hafi aðeins snúið við landið.

Kærði hefur haldið því fram, að ómögulegt sé að gera slíka hornamælingu sem skipherra og I. stýrimaður varðskipsins framkvæmdu, vegna þess hve skyggni var slæmt og hve sjór var mikill. Enn fremur hefur hann vefengt, að staður sá, sem miðað var við (Salthöfði), hafi verið sýnilegur svo glöggt, að eigi væri hægt að villast á honum og öðru kennileiti. Skipherra og I. stýrimaður varðskipsins hafa fullyrt, að þeir hefðu séð Salthöfða allgreinilega, og væri mælingin alveg örugg.

Skipherrann á varðskipinu kveðst hafa lagt duflinu innan við togarann, vegna þess að hann hafði vörpuna útbyrðis bakborðsmegin, og snéri sú hlið frá landi, vegna þess að hann vissi ekki, hve langir vírar væru úti, og hann taldi hættu á, að ef hann setti duflið út þeim megin, að það færi í vörpuna, þegar hún væri dregin inn. Hins vegar kveðst hann hafa gert staðarákvörðunina um morguninn utan við duflið, álíka langt frá því og togarinn hafi verið kvöldið áður. Hann telur útilokað, að duflið hafi rekið um nóttina. Kveður hann það mundi hafa sézt, því

akkerið er málað, og myndi það hafa dregizt með botninum. Staðarákvörðunin var gerð á þann hátt, að Ingólfshöfðaviti var miðaður á miðunarskífu á brúarvængnum og jafnframt lesið af á kompás skipsins. Hornmælingin var gerð með sextant, og framkvæmdu þeir fyrsti stýrimaður mælinguna sameiginlega. Skipherrann benti á, að hafi 20 faðmar verið úti af vírnum og reiknað væri með, að „grandropes" væru 25 faðmar og varpan sjálf 18 faðmar, væri það samtals um 115 metrar, svo varpan hefði öll verið í botni.

Skipherra varðskipsins, I. stýrimaður og báðir hásetarnir, sem báru vitni í máli þessu, hafa allir staðfest framburð sinn með eiði.

Samkvæmt því, sem að framan segir, virðist einsætt, að leggja verður til grundvallar við úrslit máls þessa hinn eiðfesta framburð skipverja varðskipsins Óðins, þrátt fyrir mótmæli hins kærða, enda eru staðarákvarðanir hans mjög óákveðnar og ónákvæmar.

Verður því að telja sannað, að kærði hafi verið með skipi sínu Birte Lattmann H. H. 285 að veiðum innan landhelgi mánudaginn 2. apríl um kvöldið. Hefur hann því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú: 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum, og stærð togarans er samkvæmt mælibréfi hans 399,41 brúttórúmlestir.

Þykir því sekt hins ákærða hæfilega ákveðin 74000 krónur í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá skal og allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í skipi kærða, er það var staðið að landhelgisveiðum, upptæk ger, og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo greiði hinn kærði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hans Broders, greiði 74000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Birte Lattmann H. H. 285, skulu upptæk ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1952.

Nr. 122/1951. **Sveinn Sveinsson** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Sigurði Sigurðssyni sýslumanni, umboðsmanni þjóðjarða í Skagafjarðarsýslu, og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Útburður af jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Árni Þorbjörnsson cand. jur. hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð og framkvæmt útburðargerðina sem setufógeti í Skagafjarðarsýslu.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1951. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og útburðargerð verði úr gildi felld og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. apríl þ. á., skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 15. s. m. Krefst hann staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þjóðjörðin Syðri-Ingveldarstaðir er sjálfstætt lögbýli, og fer um byggingu hennar eftir ákvæðum VIII. kafla laga nr. 116/1943.

Þegar jörðin losnaði úr ábúð árið 1945, heimilaði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda öll afnot hennar um óákveðinn tíma, en ekki var gerður skriflegur samningur um afnotin. Heldur gagnáfrýjandi því fram, að hér hafi aðeins verið um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, meðan jörðin yrði ekki byggð lögum samkvæmt.

Úttekt fór fram á jörðinni í hendur aðaláfrýjanda 26. júní 1945, og greiddi hann síðan leiguliðabót og eftirgjald af jörðinni svo og hélt uppi öðrum lögskilum af henni, þar til hann var sviptur umráðum hennar með hinni áfrýjuðu útburðargerð. Aðaláfrýjandi fluttist þó aldrei búferlum á jörðina, heldur nytjaði hana frá sinni eigin jörð á þann hátt, sem lýst

er í úrskurði fógeta, og stóðu íbúðarhús jarðarinnar auð að öðru leyti en því, að eitthvað mun hafa verið sofið í þeim að sumarlagi. Þessi nýting aðaláfrýjanda á Syðri-Ingveldarstöðum verður ekki talin leiguliðaábúð, sbr. VIII. kafla laga nr. 116/1943 og 19. og 25. gr. laga nr. 87/1933. Var gagnáfrýjanda því heimilt að segja aðaláfrýjanda upp afnotum jarðarinnar á þann hátt, sem gert var, og ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um útburð svo og útburðargerðina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um útburð og útburðargerðin eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Sveinn Sveinsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Sigurðssyni, umboðsmanni þjóðjarða í Skagafjarðarsýslu, kr. 2500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Skagafjarðarsýslu 18. júlí 1951.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, umboðsmaður þjóðjarða í Skagafjarðarsýslu Sigurður Sigurðsson, krafizt þess, að gerðarþoli, Sveinn Sveinsson, verði borinn út af þjóðjörðinni Syðri-Ingveldarstöðum og sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarþola. Umboðsmaður gerðarþola, Jón N. Sigurðsson hrl., hefur aðallega mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og gert þær dómkröfur í málinu fyrir hönd umbjóðanda síns til vara, að fari svo, að hin umbeðna gerð nái fram að ganga, þá verði útburður því aðeins leyfður, að gerðarbeiðandi setji tryggingu fyrir lögmæti hennar, að upphæð kr. 50.000.00. Í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda, að upphæð kr. 6007.00.

Málavextir eru þeir, að með símskeyti, dagsettu 9. des. 1950, hefur gerðarbeiðandi byggt gerðarþola út af jörðinni Syðri-Ingveldarstöðum í Skarðshreppi. Hefur hann síðan krafizt útburðar á gerðarþola á ábyrgð ríkissjóðs með bréfi, dagsettu 31. maí s. l. Útbyggingarsakir eru: Að gerðarþoli hafi ekki hirt tún og viðhaldið húsum, svo sem tilskilið var, svo og að gerðarþola hafi aðeins verið heimil jarðarafnot til þess tíma, er hann (gerðarbeiðandi) gæti byggt jörðina, en nú byðist ábúandi á hana, sbr. rskj. nr. 5.

Fyrir jól 1944 sagði Jón Þorkelsson, þáverandi ábúandi þjóðjarðarinnar Syðri-Ingveldarstaða í Skarðshreppi, upp ábúð sinni á jörðinni, en hann hafði haft hana á erfðaleigu. Með bréfi, dags. 13. febr. 1945, sendi gerðarbeiðandi Ríkisútvarpinu auglýsingu um, að jörðin væri laus til ábúðar og yrði seld á erfðaleigu í næstu fardögum, sbr. rskj. nr. 6. En er enginn umsækjandi um ábúð á jörðinni gaf sig fram, telur gerðarbeiðandi sig hafa heimilað gerðarþola allar landsnytjar jarðarinnar með húsum og mannvirkjum frá fardögum 1945 gegn sama eftirgjaldi og fráfarandi hafði goldið. Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að þegar komið var að fardögum, hafi gerðarþoli falazt eftir jörðinni, en gerðarbeiðandi neitað honum um ábúð á henni, með því að hann taldi sér ekki heimilt að byggja honum jörðina af eftirgreindum ástæðum: Að gerðarþoli hafði þá fyrir tvær eignarjarðir sínar, Sveinskot og Ytri-Ingveldarstaði, þar sem gerðarþoli átti heimili og hefur búið jafnan síðan. Taldi gerðarbeiðandi sér óheimilt að veita honum ábúð á þriðju jörðinni til viðbótar við fyrrtaldar tvær jarðir. Hefur gerðarbeiðandi bent á það í málflutningi, að allar jarðirnar hafi samkvæmt gildandi jarðabók frá 1942 framfleytt meiri áhöfn en 46 kúgildum, og því hafi hann talið sér óheimilt að veita gerðarþola ábúðarrétt. Með því að enginn annar hafði falazt eftir jörðinni, hafi hann leyft gerðarþola að nytja jörðina frá eignarjörð sinni um stundar sakir. Heldur gerðarbeiðandi því fram, að gerðarþoli hafi gengið að þessum skilmálum og samkvæmt þeim nytjað jörðina frá eignarjörð sinni þangað til nú. Hafi gerðarþola samkvæmt framangreindu borið skylda til að sleppa öllum jarðarafnotum Syðri-Ingveldarstaða í síðustu fardögum, með því að þá hafði maður sótt um ábúðarréttinn á jörðinni.

Gerðarþoli hefur hins vegar haldið því fram, að gerðarbeiðandi hafi byggt sér jörðina í fardögum 1945, og hafi það mál verið auðsótt við gerðarbeiðanda. Hins vegar fékk gerðarþoli ekki (hvorki þá, er hann fékk loforð fyrir jörðinni, né síðar, er hann falaðist eftir) byggingarbréf. Gerðarþoli hefur sannanlega haldið uppi öllum lögskilum af jörðinni frá 1945 til þessa tíma. Gegn neitun gerðarþola um það atriði, að hann hafi lofað að standa upp, strax og ábúandi fengist, þá verður að telja, að engin bein sönnun hafi komið fram í málinu fyrir þeirri staðhæfingu gerðarbeiðanda, enda þótt hins vegar líkur, þ. e. framburður 3ja eða 4ra vitna, er átt hafa tal við gerðarbeiðanda, bæði rétt áður og eins eftir að gerðarþoli tók við jörðinni, bendi til þess, að svo hafi verið.

Það verður að líta svo á, að það hafi verið dálitið einkennileg og óembættisleg og ótrúleg framkoma gerðarbeiðanda, ef hann, rétt um sama eða svipað leyti og hann byggir gerðarþola jörðina, gengur að því með elju að fá ábúanda á þá hina sömu jörð. Slík framkoma embættismanns (sýslumanns og bæjarfógeta) mun torskýrð vera, ef enginn fótur er fyrir framburði gerðarbeiðanda um þetta efni. Bréf gerðarþola til hreppsnefndarinnar í Skarðshreppi, þingmerkt nr. 36, bendir í þá átt, að þarna sé eitthvað óvenjulegt á seyði. Til hvers er hann að biðja um hjálp eða meðmæli hreppsnefndar til þess, að hann fái áframhaldandi ábúðarrétt

á jörðinni? Gerðarbeiðandi hefur hins vegar haldið mjög fast við þann framburð sinn, að aðeins hafi verið um lán landsnytja að ræða, og hefur óskað eftir að fá að staðfesta þá staðhæfingu sína með eiði, ef úrslit málsins yrðu látin velta á því atriði.

Þá kemur til athugunar, hvort gerðarþoli hafi fyrirgert rétti sínum á jörðinni, ef svo er á litið, sem hér verður gert, að hann hafi haft hana á erfðaleigu.

Í útbyggingu gerðarbeiðanda eru útbyggingarsakir m. a. taldar, að hann hafi ekki hirt tún og viðhaldið húsum, svo sem tilskilið er. Við rekstur málsins hefur komið fram, að gerðarbeiðandi hafði eigi fengið vitneskju um, hve langt gerðarþoli hafði gengið í að níða niður jörð og mannvirki eða um aðrar misgerðir hans í þessu sambandi, er fram hafa komið við rannsóknina.

Því er ómótmælt, enda upplýst með vitnisburði vitnisins Jóhanns Jónssonar á Daðastöðum, að gerðarþoli hafi lánað honum og Lárusi Sveinssyni, bróður gerðarþola, slægjur í túni jarðarinnar, án þess að nokkurt endurgjald kæmi á móti. Gegn mótmælum gerðarbeiðanda eru ekki heldur færðar sönnur á, að nokkurt endurgjald hafi komið fyrir slægjulán frá Lárusi Sveinssyni, sem fékk túnslægjur hjá gerðarþola í tvö ár, þótt gerðarþoli hafi viljað halda hinu gagnstæða fram, m. a. að hann hafi fengið hrossabeit frá Lárusi.

Í málflutningi hefur gerðarbeiðandi mótmælt þessari fullyrðingu sem ósannri og ósannaðri og bent á, hve ósennilegt það sé, að gerðarþoli hafi lánað bróður sínum slægjur gegn endurgjaldi, en hafnað framboðnu endurgjaldi óskylds manns. Verður rétturinn að fallast á þá skoðun gerðarbeiðanda.

Við skoðunargerð á jörðinni, er fram fór þann 4.—9. júní s.l., kom það í ljós, sem gerðarbeiðanda var ókunnugt um, er hann byggði gerðarþola út, að hann (gerðarþoli) hefur á þeim tíma, er hann hefur haft nytjar af jörðinni, rifið til grunna fjárhús, er á henni voru yfir 130 fjár. Í skoðunargerð frá 4. júní s.l. er þessu lýst þannig: „Húsið rifið, viðir engir hjá húsinu. Veggir standa að mestu“ (þarna er átt við 40 kinda húsið). Samkvæmt úttektargerð 1940, rskj. nr. 31, „gamalt og hrörlegt, viður mjög fúinn.“ Samkvæmt 16. gr. sömu úttektargerðar (9. júní s.l.) hefur farið á sömu leið með þrjú samstæð hús yfir 90 fjár. Húsum þessum er svo lýst í úttektargerðum 1940 og 1945: „Viðir góðir, þil að austan.“ Ástand nú: „Húsin rifin, aðeins hluti veggja eftir. Hjá tóftunum liggur: 22 borðbútar úr þilju, sumt af því sprek og lítt eða ekki nothæft, 25 raftar og stoðir, 4—5 álna, illa farinn viður, 20 staurar, sumir brotnir, og auk þess nokkur fúasprek.“

Síðast talin hús gengu undir nafninu „Rollugerðishús“. Gerðarþoli neitaði í fyrstu, er úttekt fór fram 4. júní s.l., að gera grein fyrir því, hvað orðið hefði af mestum hluta timburs úr þessum húsum. Hefur hann síðar sagt fyrir fógetarétti, að nokkuð væri á eignarjörðum hans, Ytri-Ingveldarstöðum og Sveinskoti, og hafi verið notað undir tóftir, enn fremur hurðir, 6 að tölu, og jötustokkar. Við framhald úttektar-

gerðar, er fram fór 9. júní s.l., vísaði gerðarþoli á timbur úr „Rollugerðishúsum", sem hann fyrr hafði neitað að gera. Lýsa úttektarmenn því svo, að það sé allt úr rekavið. Þar fundust og bútar af garðastokkum og 6 hurðir. Játaði gerðarþoli að hafa rifið „Rollugerðishús" 1949, en „Timburhólshús", þ. e. 40 kinda húsið, 1946, kvað hann viðinn úr því ekki vera til. Við þann, sem á var bent úr „Rollugerðishúsum", ásamt hurðum og garðastokkum mátu úttektarmenn samtals á kr. 466.09 að verðmæti. En í yfirmati er viður og hurðir til að koma upp „Rollugerðishúsum" metinn á kr. 2389.00 og til að koma upp „Timburhólshúsi" kr. 784.00 eða samtals kr. 3173.00. Í sambandi við húsarif þetta er og upplýst, að gerðarþoli notaði rof úr „Rollugerðishúsum" í fjós, er hann byggði á Ytri-Ingveldarstöðum.

Kálgarðar þrír, sem á jörðinni voru, eru nú vallgrónir, og girðingar um þá sumpart horfnar eða mjög lélegar. Voru bætur fyrir girðingar þessar samkvæmt yfirmati metnar á kr. 244.00, sbr. rskj. nr. 8, 17.—19. gr., svo og rskj. nr. 34 B, 3. gr.

Ástandi bæjarhúsa er svo lýst í úttektargerð 4. júní s.l., að þeim hafi mjög hrakað frá síðustu úttektargerð. Ber öll lýsing þess merki, að gerðarþoli hafi gróflega vanrækt að halda þeim við, enda bjó hann aldrei í þeim. Rétt er að geta þess, að gerðarþoli hefur sjálfur játað lýsingu undiréttektarmanna rétta, sbr. rskj. nr. 34.

Sýnileg landspjöll á túni eru samkvæmt yfiréttekt metin á kr. 600.00, sbr. rskj. nr. 34, D lið. Er þarna í yfiréttektinni átt við hólf það, sem gerðarþoli afgirti í túni jarðarinnar og notaði samkvæmt óvéfengdum framburði vitnisins Jóhanns Jónssonar m. a. sem geymsluhólf fyrir stóðhest og hryssur um vortíma. Verður að telja það hæpna búmennsku að setja upp „nátthaga" í túni í því skyni að ná sér í áburð á landið um mánaðamót maí—júní, ekki hvað síst, ef peningur sá, sem þar er geymdur, er stóðhestur ásamt hóp af hryssum. Umboðsmaður gerðarþola hefur neitað réttarskjali nr. 7 sem þýðingarlausu og mjög villandi, en rétturinn hefur enga nánari skýringu á þeim mótmælum fengið. Hefur engin skýring verið gefin á rýrnun þeirri á töðufalli, sem sýnt er fram á á téðu réttarskjali.

Samkvæmt rskj. nr. 34 eru bætur þær, sem gerðarþola er gert að greiða að nokkru leyti sem álag og að nokkru eða mestu leyti fyrir spjöll á jörð, húsum og mannvirkjum, að upphæð kr. 11029.00. Þar frá dragast svo kr. 2319.00, sem er kostnaður við framkvæmd jarðabóta (tæpar 2 dagsláttur), endurbætur á hlöðu og kofa og girðingu sunnan við Syðri-Ingveldarstaðatún. Ber honum því að greiða kr. 8.710.00.

Rétturinn fær ekki fallizt á þá skýringu umboðsmanns gerðarþola, að rif umræddra fjárhúsa í fullkomnu leyfisleysi sé nokkru afsakanlegra fyrir það, þótt gerðarþoli væri sauðlaus eitt ár sökum niðurskurðar vegna „mæðiveiki". Ekki gat verið auðveldara fyrir einyrkja að byggja upp að nýju heldur en halda við húsunum. Ekki hefur heldur neitt það komið fram í málinu, sem gefur til kynna, að hann hafi ætlað sér að

breyta um búskaparhætti, til dæmis fjölga kúm og reyna mjólkursölu. Hvers vegna reif hann ekki sín eigin fjárhús?

Hvað snertir hina miklu hrörnun bæjarhúsa, þá er hún vel skiljanleg, þar sem gerðarþoli hefur aldrei í þeim búið og af þeim ástæðum kannske frekar vanrækt að halda þeim við. Það virðist liggja ljóst fyrir, að hann hefur öll þau ár, sem hann hefur haft afnot Syðri-Ingveldarstaða, haft „dúk og disk" á sinni eignarjörð Ytri-Ingveldarstöðum (sbr. rskj. nr. 35 svo og framburð vitna), en bæjarhús þessara tveggja jarða standa örskammt hvort frá öðru.

Samkvæmt rskj. nr. 8, 21. gr., a—c incl., sem er óvéfengt, kemur berlega í ljós, að gerðarþoli hefur ekki nytjað allt tún jarðarinnar. Verður það atriði að skoðast sem svo, að gerðarþoli hafi alls ekki komizt yfir að nytja allar þær þrjár jarðir, sem hann hafði undir hendi. Til hins sama benda slægjulán hans í túni jarðarinnar, eyðilegging matjurtagarða og önnur hrörnun, sem orðið hefur á jörðinni. Því hefur verið haldið fram af gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi með framferði sínu á jörðinni ekki einasta gerzt sekur um niðurníðslu, heldur sé af hans hálfu um refsivert athæfi að ræða, sbr. 27. kap. almennra hegningarlaga. Rétturinn tekur ekki afstöðu til þeirrar túlkunar gerðarbeiðanda, en lítur hins vegar þannig á, að gerðarþoli hafi fyrirgert erfðaábúðarrétti sínum á þjóðjörðinni Syðri-Ingveldarstöðum fyrir þær sakir, sem hér á undan hafa verið fram dregnar: Lánað slægjur í túni jarðarinnar, án þess að endurgjald kæmi fyrir, sbr. lög nr. 87/1933, 26. gr., svo og lög nr. 8/1951, 26. gr. Hann hefur setið illa leigujörð sína, tún spillzt, hús hrörnað mjög og sum horfið með öllu, sbr. lög nr. 87/1933, 27. gr., svo og lög nr. 8/1951, 27. gr. Verður að líta svo á ákvæði 42. gr. laga nr. 116/1943, að 31. gr. laga nr. 87/1933 gildi um þetta. Þó verður eftir efnum og ástæðum ekki fallizt á, að gerðarþoli fái ársfrest þann gegn framboðinni tryggingu, er í greininni getur. Sá frestur er sýnilega aðeins settur til handa þeim, sem algerlega húsnæðis- og jarðarlausir myndu verða, ef útburður færi fram undireins. Slíku er ekki til að dreifa með gerðarþola.

Þá þykir rétt, að gerðarþolandi greiði gerðarbeiðanda kr. 1800.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli, Sveinn Sveinsson, greiði gerðarbeiðanda kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Útburðargerð fógetaréttar Skagafjarðarsýslu 18. júlí 1951.

Mættir voru fyrir réttinum gerðarbeiðandi, Sigurður Sigurðsson, umboðsmaður þjóðjarða í Skagafjarðarsýslu, og Sveinn Sveinsson, bóndi á Ytri-Ingveldarstöðum, gerðarþoli. Fógeti las upp úrskurð þann, er kveðinn var upp í fógetaréttinum í dag, í áheyrn gerðarþola.

Fyrir réttinum er einnig mættur viðtakandi jarðarinnar, Vilhjálmur

Guðmundsson. Gerðarþoli neitaði að verða við þeirri áskorun að hirða sjálfur og bera út þá muni, sem hann á í húsum jarðarinnar og á henni. Skoraði gerðarbeiðandi því næst á gerðarþola að vísa á það, sem hann á í jarðarhúsum, og var gerðarþoli fús til þess. Að svo búnu var borið út dót það, er gerðarþoli kvaðst eiga í bæjarhúsum og skemmu, og borið að bæjardyrum hans á Ytri-Ingveldarstöðum. Er lausafé þetta þar á hans ábyrgð. Jafnframt skoraði gerðarbeiðandi á gerðarþola að flytja, svo fljótt sem hann hafi tök til, burtu brak það af viði, sem hann (gerðarþoli) á á „Rollugerði", svo og girðingar tvær, sem viðtakandi og gerðarbeiðandi hafa ekki tekið upp í bætur. Það er girðing upp með heimreiðinni og girðing frá norðri til suðurs neðan hrossahólfsins. Kveðst gerðarþoli einnig eiga þrjá palla í Jónskotshesthúsi. Allt þetta kveðst gerðarþoli munu taka við fyrstu hentugleika og ekki síðar en 15. ágúst. Fógeti lýsti því því næst yfir, að upp frá þessum tíma væri Sveini Sveinssyni óheimil öll afnot og nytjar jarðarinnar Syðri-Ingveldarstaða, húsa og annarra mannvirkja á jörðinni, nema með leyfi umboðsmanns jarðarinnar. Er þetta að viðlagðri refsi- og bótaábyrgð að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1952.

Nr. 167/1950. **Sigurður Gíslason** (Magnús Thorlacius)
gegn
Guðmundi Kr. Guðmundssyni (Enginn).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1950. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 21.270.00 með 6% ársvöxtum frá 2. ágúst 1949 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hafði áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1950 og látið sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti 28. febrúar 1951, svo og síðar, er frestir voru veittir. En er málið var tekið fyrir í Hæstarétti hinn 31. marz 1952, sótti enginn þing af hálfu stefnda. Hefur málið því verið flutt skriflega

samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi telur, að hækka beri hina dæmdu fjárhæð um kr. 3170.00. Kveður hann fjárhæð þá, kr. 1700.00, sem dregin var frá dómkröfu hans í héraði vegna leigu fyrir hið selda verðmæti, vera ofreiknaða um kr. 170.00. Í öðru lagi telur hann sig eiga rétt til bóta fyrir atvinnumissi, kr. 3000.00, og hefur hann því lækkað þann kröfulið um kr. 6000.00 frá því, sem var í héraði.

Áfrýjandi tiltók sjálfur í málflutningi sínum í héraði í sambandi við varakröfu sína þar, að leigugjald úr hendi hans fyrir hið selda verðmæti væri hæfilega ákveðið kr. 1700.00, ef leiga þætti eiga að koma til frádráttar dómkröfu hans. Þykir ekki ástæða til að lækka hér frádráttarfjárhæð þessa, og verður krafa áfrýjanda um það ekki tekin til greina.

Þá þykir ekki heldur rétt að taka til greina kröfu áfrýjanda um bætur fyrir atvinnumissi, þar sem ljóst er af gögnum málsins, að hann hafði ekki veitingaleyfi og hafði því ekki rétt til þess að reka veitingastarfsemi, sbr. 2. og 7. gr. laga nr. 21/1926.

Úrslit máls þessa verða því þau, að hinn áfrýjaði dómur verður óraskaður, og þar sem enginn hefur komið fyrir dóm af hálfu stefnda, fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. október 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Sigurður Gíslason, veitingamaður hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. október 1949, gegn Guðmundi Kr. Guðmundssyni kaupmanni, Leifsgötu 9 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *aðallega að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 34.000.00 með 6% ársvöxtum frá 2. ágúst 1949 til greiðsludags, en *til vara,* að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 32.300.00 auk vaxta, svo sem áður greinir. Þá hefur stefnandi krafizt þess, *að* stefndi verði dæmdur til að afhenda honum veðskuldabréf, útgefið af Jósteini Magnússyni 19. apríl 1949 til stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Þá hefur Jósteini Magnússyni bifreiðarstjóra, Hverfisgötu 68 A hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hefur hann engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 8. apríl 1949, seldi stefndi réttargæzlustefnda veitingastofuna Foldina að Skólavörðustíg 46 hér í bæ. Hið selda virðist hafa verið leiguréttur til húsnæðis þess, sem veitingastofan var í, áhöld og tæki þar svo og nokkrar vörubirgðir og umbúðir. Enn fremur leyfi til að nota veitingaleyfi stefnda og síma hans þar í veitingastofunni. Söluverðið var kr. 44.000.00 og skyldi greiðast þannig:

1. Með víxli, útgefnum sama dag af tilgreindum þriðja manni, en samþykktum af réttargæzlustefnda með gjalddaga 8. júlí s. á. ..... kr. 12.000.00
2. Hinn 1. október 1949 skyldu greiðast ..... — 6.000.00
3. Hinn 1. apríl 1950 skyldu greiðast ..... — 6.000.00
4. Hinn 1. október 1950 skyldu greiðast ..... — 7.000.00
5. Við undirskrift samningsins var greitt í reiðufé ..... — 13.000.00

Kr. 44.000.00

Þá segir svo í greindum samningi:

„Kaupandi fær húsnæði það, sem Foldin nú er rekin í, á leigu hjá seljanda. Leigan til 1. apríl 1951 er innifalin í kaupverðinu, en eftir þann tíma greiðist leiga mánaðarlega samkvæmt mati húsaleigunefndar, þ. e. sama leiga, sem seljandi greiðir leigusala sínum.

Verði seljanda sagt upp húsnæðinu, svo gilt sé, eða það verður á annan hátt ónothæft kaupanda vegna atvika, sem seljandi ber ábyrgð á, fyrir 1. apríl 1951, dragast frá kaupverðinu kr. 1000.00 fyrir hvern mánuð, sem kaupandi getur af þessum ástæðum ekki haldið áfram rekstri sínum, fram til 1. apríl 1951, en frá þeim degi ber seljandi enga ábyrgð á, að húsnæðið haldist í leigu.

Hætti kaupandi að reka veitingastofu í húsnæðinu, fellur samstundis niður framleiguréttur hans að húsnæðinu.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu eftirstöðva kaupverðsins veðsetur kaupandi seljanda með 1. veðrétti veitingastofuna og innanstokksmuni og áhöld öll í Foldinni, eins og munir þessir eru á hverjum tíma."

Þann 19. apríl 1949 gaf réttargæzlustefndi út veðskuldabréf til stefnda, að fjárhæð kr. 19.000.00. Er þar um að ræða greiðslur þær, er getur í lið 2, 3 og 4 hér að framan. Í bréfi þessu segir svo:

„Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar á réttum gjalddögum veðset ég skuldareiganda öll áhöld, tæki, innréttingar og húsbúnað „Foldarinnar", Skólavörðustíg 46, eins og þeir kunna að vera á hverjum tíma.

Eins og nú standa sakir, tekur veðið til þessara muna:

1) Kæliskápa, 2) sodafountain-áhalda, 3) afgreiðsluborðs m/ glerplötu og tilheyrandi skálum, 4) skáps m/hillum og skúffum."

Stefndi hefur talið, að verðmæti vara þeirra og umbúða, er hann seldi réttargæzlustefnda, hafi numið um kr. 5200.00.

Réttargæzlustefndi tók síðan við veitingastofunni og rak hana nokkra stund.

Í maímánuði 1949 hófust samningar milli umboðsmanns réttargæzlustefnda og stefnanda um, að stefnandi keypti veitingastofu þessa. Lauk samningum þessum með því, að stefnandi keypti veitingastofuna. Virðist stefnandi hafa greitt til réttargæzlustefnda kr. 13000.00 í reiðufé og rúmar kr. 4000.00 að auki fyrir vörur og umbúðir í veitingastofunni. Þá tók stefnandi að sér að greiða víxil þann, að fjárhæð kr. 12000.00, sem réttargæzlustefndi hafði samþykkt vegna kaupanna af stefnda, svo og veðskuldabréf það, að fjárhæð kr. 19000.00, er að framan getur. Réttargæzlustefndi afhenti stefnanda sitt eintak af samningi hans við stefnda með svohljóðandi áritun, sem dagsett er 12. maí 1949:

„Ég undirritaður framsel hér með framanskráðan samning hr. Sigurði Gíslasyni, Rauðarárstíg 22 hér í bæ, frá deginum í dag að telja. Afsala ég honum þar með öllum réttindum mínum vegna veitingastofunnar Foldarinnar, Skólavörðustíg 46."

Stefnda virðist hafa verið kunnugt um samninga þessa og ekkert hafa haft við þá að athuga. Stefnandi ritaði á greindan víxil sem ábekingur, og þann 20. maí s. á. ritaði hann svohljóðandi yfirlýsingu á veðskuldabréfið:

„Ég undirritaður tek hér með að mér að greiða framanskráð veðskuldabréf á gjalddögum, enda er veðið nú í mínum höndum."

Skjöl þessi munu bæði hafa verið í vörzlum stefnda. Stefndi samþykkti, að stefnandi ræki veitingastofuna á hans veitingaleyfi að minnsta kosti einhvern tíma og leyfði honum afnot af síma sínum. Stefnandi tók síðan við rekstri veitingastofunnar. Umræddan víxil leysti hann til sín þann 7. júlí s. á. Nokkru eftir að stefnandi tók við rekstri veitingastofunnar, kveðst hann hafa heyrt á tali manna, að húsnæði það, sem veitingastofan væri í, fullnægði ekki lögmæltum skilyrðum um slíkt húsnæði. Kveðst hann þá hafa snúið sér til heilbrigðiseftirlitsins til þess að fá úr því skorið, hvort eða að hverju leyti húsnæðinu væri ábótavant. Síðan hafi húsnæðið verið skoðað af heilbrigðiseftirlitinu. Þann 25. júlí s. á. hafi hann síðan fengið svohljóðandi bréf frá borgarlækninum í Reykjavík:

„Það vottast hér með, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur aldrei veitt samþykki sitt til veitingahússrekstrar í húsnæði því, sem nú er notað undir slíka starfsemi í húsinu nr. 46 við Skólavörðustig. Slík starfsemi er því óheimil á umræddum stað."

Stefnandi kveðst þegar í stað hafa tilkynnt stefnda þetta og tjáð honum, að hann teldi samningum riftað, og hann mundi krefjast endurgreiðslu á fé því, er hann hafði þegar greitt. Á það hafi stefndi ekki viljað fallast. Hafi hann ráðlagt að loka veitingastofunni í nokkra daga

og gera við það, sem ábótavant væri. Ekki kveðst stefnandi hafa tilkynnt réttargæzlustefnda neitt um þetta. Einhvern tíma um þessar mundir kveðst stefnandi hafa viljað afhenda stefnda lykla að húsnæðinu, en hann ekki viljað við þeim taka. Hafi hann þá skilið lyklana eftir á stað einum í sama húsi, þar sem stefndi gat gengið að þeim. Í fyrri hluta ágústmánaðar virðist stefnandi hafa snúið sér til lögmanns eins hér í bænum varðandi mál þetta. Þann 11. ágúst 1949 ritaði lögmaðurinn stefnda bréf, þar sem hann fyrir hönd stefnanda krafði stefnda um greiðslu á kr. 34.000.00. Bréfi þessu svaraði stefndi með bréfi, dags. 15. s. m. Mótmælir hann þar að skulda stefnanda fé. Kveðst hann enga ábyrgð á því bera, þótt stefnandi hafi lokað veitingastofunni, og að honum sé þetta mál óviðkomandi, þar sem réttargæzlustefndi hafi selt stefnanda veitingastofuna. Í septemberbyrjun virðist stefndi hafa ritað manni þeim, sem kom fram fyrir hönd réttargæzlustefnda við samninga hans við stefnanda, um mál þessi. Náði maður þessi þeim aðiljunum á fund til að ræða um þetta. Segir stefnandi, að rætt hafi verið um endurbætur á húsnæði veitingastofunnar, og hafi stefndi lagt til, að stefnandi ynni við breytingar þær, er gera þyrfti, án þess að fá greiðslu fyrir, en stefndi legði fram efni. Á þetta kveðst stefnandi ekki hafa fallizt. Þá segist stefnandi hafa spurt stefnda að því, hvernig hann ætlaði að breyta húsnæðinu, en stefndi hafi svarað því til, að stefnandi skyldi ráða því. Eftir að fundi þessum lauk, hóf stefnandi vinnu við að breyta húsnæðinu, en stefndi lagði til efni að mestu. Einhvern tíma í októbermánuði sama ár, er þeir aðiljarnir voru báðir staddir í húsnæðinu, varð þeim að orðum, og hætti þá stefnandi vinnu þar og skildi lykla að húsnæðinu eftir á stað einum, þar sem hann telur, að þeir hafi verið vanir að hanga. Stefnandi hefur ekki starfað síðan í húsnæði þessu og kveðst þá hafa verið búinn að selja vörur þær og umbúðir, er þar voru. Í janúarmánuði s.l. snéri stefnandi sér enn til heilbrigðiseftirlitsins og óskaði þess, að skoðað yrði umrætt húsnæði. Þann 16. janúar 1950 gaf borgarlæknirinn í Reykjavík vottorð þess efnis, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefði enn ekki gefið leyfi til veitingarekstrar í húsnæði þessu, enda fullnægði það ekki þeim kröfum, sem gerðar væru til slíks húsnæðis.

Þann 2. febrúar s.l. varð að samkomulagi með aðiljum, að stefndi tæki húsnæðið, er veitingastofan var í, á leigu fyrir kr. 350.00 á mánuði. Leigan skyldi geymd, og samkomulag þetta engin áhrif hafa á úrslit máls þessa.

Þann 28. júní s.l. mat húsaleigunefnd Reykjavíkur leigu eftir húsnæði þetta. Taldi nefndin, að hæfileg grunnleiga væri kr. 70.00 á mánuði.

Þann 12. júní s.l. fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að meta hæfilegt mánaðarlegt endurgjald fyrir húsnæði það, er hér um ræðir, not áhalda þeirra og tækja, sem stefndi seldi réttargæzlustefnda, not heimilda til veitingarekstrar í húsnæðinu og símaafnot á tímabilinu frá 1. apríl til 1. nóvember 1949. Hinir dómkvöddu matsmenn töldu, að hæfilegt mánaðarlegt endurgjald fyrir not þessi væri kr. 425.00.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að er hann tók við

veitingastofunni frá réttargæzlustefnda, þá hafi stefndi samþykkt hann sem aðilja að samningunum um veitingastofuna í stað réttargæzlustefnda, sem þar með hafi verið laus allra mála vegna þessara skipta. Um þetta hafi samizt í upphafi, og öll framkoma stefnda síðar sýni, að málum hafi verið þannig háttað. Af þessum sökum geti hann nú beint öllum kröfum sínum að stefnda. Við samningsgerð þessa hafi það verið veruleg forsenda af sinni hálfu, að nota mætti húsnæðið að Skólavörðustíg 46 til veitingarekstrar. Nú hafi komið í ljós, að slíkt var óheimilt, og gefi það sér fulla heimild til að rifta samningunum við stefnda og krefja hann um endurgreiðslu á fé því, sem hann hafi greitt, svo og greiðslu skaðabóta og afhendingu nefnds veðskuldabréfs. Hann hafi riftað samningum þegar, er honum varð kunnugt um galla þá, sem á húsnæðinu voru, og boðið stefnda að afhenda honum lykla að húsnæðinu. Sýknukröfu sína byggir stefndi fyrst og fremst á því, að hann hafi ekki selt stefnanda veitingastofuna og verið samningar hans við réttargæzlustefnda alveg óviðkomandi. Geti hann því ekki gert neinar kröfur á hendur sér vegna hugsanlegra vanefnda á samningi þeirra stefnda og réttargæzlustefnda. Skýrir stefndi svo frá, að fyrstu skipti þeirra aðiljanna hafi verið þau, að stefnandi hafi snúið sér til hans til að fá ýmsar upplýsingar varðandi rekstur veitingastofunnar, sem stefnandi hafi þá verið að hugsa um að kaupa af réttargæzlustefnda. Síðan kveðst stefndi hafa átt fund með umboðsmanni réttargæzlustefnda og stefnanda. Kveðst hann þá hafa samþykkt, að stefnandi ræki veitingastofuna, og leyft honum að nota veitingaleyfi sitt og síma í bili. Þá hafi hann og samþykkt, að stefnandi yrði skuldari á veðskuldabréfi því, sem gefið hafði verið út af réttargæzlustefnda í sambandi við kaup þessi, og að hann sæi um greiðslu á nefndum víxli. Hins vegar hafi hann ekki samþykkt, að stefnandi kæmi í stað réttargæzlustefnda í skiptum þessum. Samningar þeirra stefnanda og réttargæzlustefnda hafi að öðru leyti verið sér óviðkomandi, og þannig hafi honum ekki verið kunnugt um, hvaða verð stefnandi greiddi réttargæzlustefnda fyrir veitingastofuna. Það sé því ljóst, að stefnandi geti enga kröfu gert á hendur sér vegna þessara skipta, og beri því að sýkna sig, þar sem hér sé um aðildarskort að ræða.

Réttargæzlustefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi talið, að stefnandi gengi að öllu leyti inn í samninga hans við stefnda og kæmi í hans stað. Hins vegar hefur réttargæzlustefndi tekið fram, að hann hafi ekki haft nein afskipti af samningunum og sölunni til stefnanda.

Umboðsmaður réttargæzlustefnda við samningana við stefnanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi talið, að stefndi samþykkti, að stefnandi gengi að öllu leyti inn í kaupin í stað réttargæzlustefnda.

Svo sem að framan getur, tók stefndi að nokkru þátt í samningum þeirra stefnanda og réttargæzlustefnda um veitingastofuna og veitti stefnanda a. m. k. í bili leyfi til að nota síma þann, er var í veitingastofunni, og heimild til að reka veitingastofuna framvegis samkvæmt veitingaleyfi sínu. Með hliðsjón af þessu og því, að eftir að stefnandi hafði

tilkynnt stefnda um, að hann vildi rifta samningunum um veitingastofuna, hófst stefndi handa um breytingar á húsnæði því, er hér um ræðir, í samráði við stefnanda, án þess að tilkynna réttargæzlustefnda um slíkt, þá verður að telja rök að því leidd, að stefndi hafi samþykkt, að stefnandi kæmi í stað réttargæzlustefnda um skipti þessi, og er því stefnanda heimilt að beina kröfum sínum í máli þessu að stefnda. Verður því sýknukrafa hans ekki byggð á aðildarskorti.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann hafi á engan hátt vanefnt samning þann, sem hér um ræðir. Bæði réttargæzlustefndi og stefnandi hafa kynnt sér húsnæðið að Skólavörðustíg 46, áður en þeir tóku við húsnæðinu. Veitingaleyfi sitt hafi verið í fullkomnu lagi, og húsnæðið löggilt til veitinga. Bréf borgarlæknis frá 25. júlí 1949 hafi alls ekki verið þess eðlis, að stefnandi hafi verið skyldugur til að loka veitingastofunni, enda hafi borgarlæknirinn ekki heimild til slíks. Segir stefndi, að er stefnandi kom til hans seint í júlímánuði 1949 og tilkynnti honum, að ekki myndi vera heimilt að reka veitingastofu í húsnæði þessu, og sýndi honum bréf borgarlæknis frá 25. júlí s.l., þá hafi hann ráðlagt stefnanda að halda veitingarekstrinum áfram, eins og ekkert hefði í skorizt. Það hafi stefnandi hins vegar ekki viljað gera. Nokkru síðar, er þeir hafi hitzt, hafi stefnandi viljað afhenda sér lyklana að húsnæðinu, en stefndi kveðst ekki hafa viljað við þeim taka. Stefnandi hafi síðan farið úr bænum og verið í burtu mestallan ágústmánuð og er hann kom aftur, hafi hann tjáð stefnda, að hann vildi ekki halda veitingarekstrinum áfram. Kveðst stefndi þá hafa séð, að stefnandi ætlaði ekkert að gera í máli þessu, og því hafa ritað umboðsmanni réttargæzlustefnda bréf um mál þessi öll. Hafi þeir aðiljarnir síðan hitzt hjá manni þessum. Hafi þar orðið að samkomulagi að gera ýmsar endurbætur á húsnæði því, er veitingastofan var í. Skyldi stefndi leggja til efni allt og greiða það, en stefnandi vinnu alla og greiða hana. Stefnandi skyldi hins vegar ráða, hvað gert skyldi. Hafi stefnandi síðan hafið vinnu þarna og unnið þar nokkra hríð. Alllöngu seinna, meðan á verki þessu stóð, hafi þeim orðið sundurorða aðiljunum, og stefnandi þá hætt vinnu þarna og ekki unnið þar síðan. Aðstoð þessa við stefnanda kveðst stefndi hafa gert umfram skyldu og meðal annars til að halda vel við húsnæðinu, en á því hafi hann borið ábyrgð gagnvart eiganda þess. Þá hefur stefndi talið, að þótt svo yrði litið á, að óheimilt hefði verið að reka veitingastofuna í húsnæðinu að Skólavörðustíg 46, þá heimili það ekki riftingu sölusamningsins alls, heldur beri þá samkvæmt samningnum að draga frá kaupverðinu kr. 1000.00 fyrir hvern mánuð, sem húsnæðið sé þannig ónothæft.

Umboðsmaður réttargæzlustefnda við skipti þessi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi fullyrt, að heimilt væri að reka veitingastofuna í húsnæðinu að Skólavörðustíg 46, enda hafi það verið forsenda fyrir kaupunum, bæði að því er varðaði réttargæzlustefnda og stefnanda. Maður þessi hefur skýrt svo frá, að í septembermánuði 1949 hafi hann átt fund með aðiljum máls þessa og reynt að koma sáttum á með þeim.

Hafi þá orðið samkomulag á þeim grundvelli, að gera skyldi nauðsynlegar endurbætur á húsnæðinu, og skyldi stefndi leggja til efni, en stefnandi vinnu alla. Síðan skyldi stefndi sjá um, að veitingarekstrarleyfið kæmist í lag. Ekki hafi orðið fullt samkomulag um, hver ætti að bera kostnað af þessum framkvæmdum, en maður þessi kveðst hafa treyst því, að þeir aðiljarnir gætu jafnað það með sér eftir á.

Með bréfi, dags. 6. desember 1940, tilkynnti bæjarstjórn Reykjavíkur stefnda, að samþykkt hefði verið eftir tillögu heilbrigðisnefndar að löggilda til bráðabirgða húsnæði það að Skólavörðustíg 46, sem stefndi ætlaði að reka í veitingastarfsemi. Stefndi hefur skýrt svo frá, að í upphafi hafi hann rekið veitingastarfsemina í öllum kjallara hússins nr. 46 við Skólavörðustíg. Síðar hafi hann minnkað við sig húsnæðið og leigt nokkurn hluta þess. Hafi húsið þá verið skoðað af heilbrigðisnefnd árið 1945 og samþykkt. Um áramótin 1948 og 1949 hafi hann enn flutt veitingareksturinn til í húsnæðinu og í það húsnæði, er hann sé nú í. Ekki hafi hann leitað samþykkis heilbrigðisyfirvalda bæjarins um þær breytingar eða fengið löggildingu til að reka veitingastarfsemi í húsnæðinu, eins og það var eftir þann flutning. Í 2. mgr. 74. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur er ákveðið, að veitingasölu megi aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar sé til þess hæft og bæjarstjórn hafi samþykkt. Samkvæmt þessu var stefnda ekki heimilt að reka veitingastarfsemi í umræddu húsnæði, þar sem þessara heimilda hafði ekki verið aflað. Telja verður, að það hafi verið veruleg forsenda fyrir kaupum réttargæzlustefnda og síðar stefnanda á veitingastofunni, að veitingastarfsemi væri heimil í húsnæði þessu. Er það því fullkomin riftingarástæða, að slík heimild var ekki fyrir hendi. Þegar virt eru ákvæði þau í kaupsamningnum, sem ákveða afslátt á kaupverðinu, ef húsnæðið verði ónothæft, og áður getur, þá virðast þau ekki geta átt við tilvik eins og þau, sem að framan getur, enda var sá galli fyrir hendi, þegar er samningur þessi var gerður.

Samkvæmt þessu verður að taka riftingarkröfu stefnanda til greina.

Að því er varðar fjárkröfu stefnanda, þá er hún á því byggð, að stefnda beri að endurgreiða þær kr. 13.000.00, er stefnandi hafi greitt réttargæzlustefnda, en það er sama fjárhæðin og réttargæzlustefndi greiddi stefnda í upphafi. Þá beri stefnda að endurgreiða þær kr. 12.000.00, er stefnandi hafi greitt, er hann leysti til sín víxil þann, er í kaupsamningnum getur. Að lokum hefur stefnandi krafizt skaðabóta, að fjárhæð kr. 9.000.00. Varakrafa stefnanda er við það miðuð, að frá fé þessu beri að draga kr. 1700.00, sem sé leiga fyrir hið selda í fjóra mánuði.

Því er ómótmælt, að þegar stefndi seldi réttargæzlustefnda margnefnda veitingastofu, hafi verið innifalið í kaupverðinu verðmæti vara og umbúða, að fjárhæð kr. 5200.00. Vörur þessar og umbúðir munu þeir hafa selt réttargæzlustefndi og stefnandi, og getur því stefnandi ekki nú krafið stefnda um það fé. Það er viðurkennt, að þeir réttargæzlustefndi og stefnandi höfðu not af hlutum þeim og réttindum, er þeir töldu sig hafa keypt, um fjögurra mánaða skeið. Ber því að reikna þeim

leigu fyrir þessi not. Þykir leigan hæfileg kr. 425.00 á mánuði, svo sem hinir dómkvöddu menn hafa metið hana, enda hefur matinu á engan hátt verið hnekkt. Getur stefnandi ekki krafið stefnda um þetta fé. Samkvæmt þessu ber stefnda að endurgreiða stefnanda af kaupverðinu kr. 18.100.00 (13.000.00 + 12.000.00 ÷ 5.200.00 ÷ 1.700.00).

Ekki hafa verið leidd þau rök að skaðabótakröfu stefnanda, að fært þyki að taka hana til greina.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18.100.00. Vöxtum af fé þessu hefur verið sérstaklega mótmælt af stefnda. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði 6% ársvexti af fénu, og reiknast vextirnir frá stefnudegi.

Að því er varðar kröfu stefnanda um, að stefndi afhendi honum greint skuldabréf, að fjárhæð kr. 19.000.00, sem gefið var út í sambandi við kaup þessi, þá þykir verða að taka þá kröfu til greina og skylda stefnda til að afhenda það kvittað og aflýst.

Eftir þessum málalokum og með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.800.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Kr. Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigurði Gíslasyni, kr. 18.100.00 með 6% ársvöxtum frá 31. október 1949 til greiðsludags.

Stefndi afhendi stefnanda veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 19.000.00, útgefið 19. apríl 1949 af Jósteini Magnússyni til stefnda, kvittað og aflýst.

Stefndi greiði stefnanda kr. 1800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1952.

Nr. 121/1950. **Gunnlaugur B. Melsted**
gegn
Kjartani Jóhannssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur B. Melsted, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. maí 1952.

Nr. 2/1952. **Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson vegna útgerðar m/b Guðrúnar VE 163**
gegn
Bæjarsjóði Vestmannaeyja.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson vegna útgerðar m/b Guðrúnar VE 163, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. maí 1952.

Nr. 28/1952. **Óskar Magnússon f. h. Árnason, Pálsson & Co.**
gegn
Matthilde Kristjánsson.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Magnússon f. h. Árnason, Pálsson & Co., er eigi sækir dómþing í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. maí 1952.

Nr. 32/1952. **Sigurður Berndsen**
gegn
Herði Ólafssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, sem hefur látið sækja dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 136/1951. **Olíufélagið h/f** (Theódór B. Líndal)
gegn
Gustav Håkonsen f. h. Håkons Håkonsens og gagnsök (Ragnar Jónsson).

Setudómari prof. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðarslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Krefst hann *aðallega* algerrar sýknu, en *til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 397.230.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1950 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur lagt fram í Hæstarétti vottorð Gunnars J. Cortes læknis, dags. 3. þ. m. Vottar læknirinn, að drengurinn Håkon Håkonsen hafi ekki fengið neinn bata og ekki horfur á breytingu til batnaðar.

Með því að kaupgjaldsvísitala hefur hækkað, frá því að útreikningur á örorkubótum var gerður í héraði, hefur gagnáfrýjandi fengið og lagt fram í Hæstarétti nýjan útreikning tryggingarfræðings á örorkubótum, miðaðan við kaupgjaldsvísitölu þá, sem nú gildir. Samkvæmt hinum nýja útreikningi eru örorkubætur taldar kr. 423.421.00 í stað kr. 291.253.00. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða

gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Olíufélagið h/f, greiði gagnáfrýjanda, Gustav Håkonsen f. h. Håkons Håkonsens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Gustav Håkonsen, Hátúni 25 hér í bæ, f. h. ólögráða sonar síns, Håkons Håkonsens, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. júní 1950, gegn Olíufélaginu h/f hér í bæ. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 397.230.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til *vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Þá hefur Samvinnutryggingum, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en síðargreind bifreið, R-4542, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þau, að þann 3. desember 1948 varð drengurinn Håkon Håkonsen, sem var 5 ára að aldri, fyrir olíuflutningabifreiðinni R-4542, sem er eign stefnda, og hlaut stórkostleg meiðsl.

Ökumaður R-4542 hefur skýrt svo frá atvikum, að umræddan dag kl. 14.20 hafi hann ekið bifreiðinni suður Laugateig og haldið henni vel á vinstra vegarhelmingi. Fyrir utan húsið nr. 37 við Laugateig hafi hann stöðvað bifreiðina, enda hafi hann ætlað að flytja olíu í olíugeyma þess húss. Um hús þetta, sem stendur austan götunnar, er steingarður. Nokkru norðar en bifreiðin var stöðvuð, er hlið á garði þessum, og fyrir innan hliðið eru olíugeymar hússins. Ökumaðurinn kveðst síðan hafa farið út úr bifreiðinni, gengið aftur fyrir hana til að athuga hlið þetta og lagfæra akleiðina um það, þá hafi hann litið í kringum sig, en engan mann séð nálægan né neitt, er fyrir gæti orðið. Síðan hafi hann farið inn í bifreiðina vinstra megin, en þeim megin er stýri hennar, og ekið síðan aftur á bak norður götuna. Hafi hann gefið hljóðmerki, um leið og hann ók aftur á bak, haft vinstri hurð stýrishússins opna og horft aftur með bifreiðinni. Ekkert hafi hann séð til mannaferða og einskis orðið var.

Er hann hafði ekið rétt norður fyrir umrætt hlið, kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina. Ekið síðan áfram á ská suðvestur götuna og stöðvað bifreiðina á suðurbrún hennar í þeirri stöðu, að hann gat ekið henni aftur á bak inn um hliðið. Kveðst ökumaðurinn þá hafa litið yfir götuna og séð lítinn dreng liggja í sandinum austan götunnar á móts við húsið nr. 37 við Laugateig. Hafi hann þá hraðað sér að drengnum, sem hafi legið þversum á götunni, höfuðið vísað að steinveggnum, en fæturnir yfir vinstri hjólför bifreiðarinnar. Ökumaðurinn gerði þegar ráðstafanir til, að sjúkrabifreið og löggæzlumenn kæmu á vettvang. Reyndist drengurinn vera Håkon Håkonsen, og hafði hann hlotið stórkostleg meiðsl. Engin vitni voru að slysi þessu, og drengurinn hefur lítt getað gert grein fyrir atburði þessum. Hann kveðst hafa gengið suður götuna austan við akbrautina og ætlað í skóla í húsinu nr. 39 við Laugateig, en það hús er næsta hús sunnan við nr. 37 við sömu götu. Bifreiðinni hafi verið ekið aftur á bak, hún komið við sig, hann dottið og bifreiðin síðan ekið yfir fætur sína.

Af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar var höfðað refsimál gegn ökumanni R-4542 vegna atburðar þessa. Með dómi í aukarétti Reykjavíkur, uppkveðnum 2. júní 1949, var ökumaður R-4542 talinn hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 og ákvæðum 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna nr 24 frá 1941 í umrætt sinn.

Dómi þessum mun ekki hafa verið áfrýjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður R-4542 eigi alla sök á slysi þessu með gálauslegum akstri í umrætt sinn. Beri stefnda því að bæta allt það tjón, sem af hafi hlotizt.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ökumaður R-4542 hafi enga sök átt á slysi þessu, þar sem hann hafi sýnt alla þá varkárni í akstri, sem hægt sé að krefjast. Hann hafi stöðvað bifreiðina og gætt nákvæmlega í kringum sig, áður en hann hóf akstur aftur á bak. Hafi hann ekið örhægt, gefið hljóðmerki og gætt vel aftur fyrir sig, meðan hann ók aftur á bak. Meira verði ekki af honum krafizt.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að Håkon litli hafi átt meginsök á slysi þessu með því að hlaupa fyrir bifreiðina og forða sér ekki.

Dómarinn hefur farið á staðinn og kynnt sér staðhætti alla. Gatan er um 12 metra breið, þar sem slysið varð. Gangbrautir ekki afmarkaðar. Slysið virðist hafa orðið um 2 metra frá greindum steinvegg, en bifreiðinni verið ekið afturábak um 15 metra frá slysstaðnum.

Bifreiðin R-4542 er af svo nefndri Chevroletgerð, smíðuð árið 1946. Hún er 2,26 metrar á breidd, um 7 metrar á lengd. Hurðir á stýrishúsi opnast að aftan. Vörupallur enginn, en olíugeymir er festur á burðargrindina.

Þegar virt eru atvik að slysi þessu, er ljóst, að drengurinn Håkon hefur verið mjög nálægt bifreiðinni, er ökumaður R-4542 sté upp í bifreiðina og hóf akstur aftur á bak. Ökumaðurinn kveðst hafa haft vinstri hurð stýrishússins opna í umrætt sinn og horft aftur með bifreiðinni. **Ljóst er, að drengurinn hefur orðið undir vinstra hjóli eða hjólum bif-**

reiðarinnar, og ökumaðurinn hefur ekið yfir hann og framhjá honum án þess að verða hans var. Þegar þessa er gætt og þess, að ökumaðurinn ók á þeim hluta götunnar, sem ætlaður er fótgangandi fólki, en gerð bifreiðarinnar var slík, að útsýn hans aftur með henni var takmörkuð, þá verður að telja, að verulega hafi skort á aðgæzlu í akstri hans í umrætt sinn. Með vísan til þessa og þar sem ekki hefur verið leitt í ljós, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður R-4542 sýnt fulla aðgæzlu og varkárni, verður að telja stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu.

Ekki er framkomið, að drengurinn Håkon Håkonsen hafi hagað sér á neinn þann hátt í umrætt sinn, að hann verði talinn eiga sök á, hvernig fór.

Samkvæmt þessu ber stefnda að bæta honum að fullu tjón það, sem hann hefur beðið af slysi þessu.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur og bætur vegna kostnaðar af sérstakri umönnun, en að frádregnum örorkubótum frá Tryggingarstofnun ríkisins (292.771.00 + 20.356.00 ÷ 21.874.00) ..... kr. 291.253.00
2. Bætur fyrir þjáningar og röskun á stöðu og högum .. — 100.000.00
3. Kostnaður við lækningatilraun ..... — 46.977.00

Kr. 438.230.00

Hér frá ber að draga fé, er stefndi hefur þegar greitt — 41.000.00

Kr. 397.230.00

Um 1.

Håkon Håkonsen var þegar eftir slysið fluttur á sjúkrahús. Í vottorði Þórarins Sveinssonar læknis, dags. 8. maí 1950, er sjúkrasaga hans þannig rakin:

„Samkvæmt sjúkraskrá spítalans var komið með drenginn í sjúkrahúsið kl. 3 um daginn. Hafði slysið skeð þá rétt áður. Hann var með meðvitund og gat sagt, að bíll hefði bakkað á sig. Hann kvartaði um þrautir í maga og gat ekkert hreyft ganglimina. Engin einkenni fundust um brot á beinum, en húðrispur voru framan á lærum og víðar, en engar blæðandi. Hann kastaði lítils háttar upp. Við skoðun kom í ljós alger lömun á ganglimum og tilfinningarleysi upp á móts við 8.—9. brjóstlið. Saur og þvag fór óafvitandi. Vegna bjúgs í penis varð þann 11. desember að láta drenginn liggja með katheter demeure. Röntgenmyndir sýndu engin beinbrot. Tekin var mynd af mænugangi þann 26. janúar 1949, og var hindrun á rennsli kontrastefnisins á 9. til 11. brjóstliðasvæði. Gerð var aðgerð (laminectomia) til að komast eftir, hvort beinflís eða blæðing þrýsti að mænunni, en ekki var neitt athugavert að finna á þessu svæði með aðgerð þessari (Bjarni Oddsson). Hann lá síðan áfram í sjúkrahúsinu til 12. júlí 1949, en þá var hann sendur til Ameríku og var

lagður inn í St. Mary's Hospital, Rochester, Minnesota, 14. júlí 1949, og var hann þar til rannsóknar til 14. október s. á. Fékk samt nudd og rafmagnsmeðferð eftir það þar í sjúkrahúsinu, en varð fyrir því slysi að detta og fótbrotna á hægra fæti, svo að hann var innlagður að nýju í sjúkrahúsið 23. október s. á. og var þar til 2. nóvember s. á. Um bata var engan að ræða.

Hann fékk stól til að sitja í, og getur hann mjakað sér dálítið um í honum. Samkvæmt munnlegum upplýsingum heimilislæknis hans, G. Cortes, hefur slasaði legusár og þarf mjög mikillar hirðingar með, eins og að líkum lætur.

Ályktun: Um er að ræða sköddun á mænunni á brjóstliðasvæðinu, sennilega undan 8. eða 9. lið, ef dæma má eftir taugatruflunum þeim, er lýst er í vottorðunum og sjúkraskrá Landsspítalans. Sköddun þessi er það alvarleg, að varanleg lömun hefur af hlotizt, og fullt útlit er fyrir, að úr því muni ekki rætast héðan af."

Örorku vegna slyssins taldi læknirinn vera 100% varanlega örorku.

Í vottorði sérfræðings í handlækningasjúkdómum, dags. 18. f. m., er ástand drengsins talið hið sama og batahorfur engar.

Håkon Håkonsen er fæddur 8. marz 1943, og ekki er annað fram komið en að hann hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingu til að reikna örorkutjón drengsins.

Tryggingasérfræðingur þessi telur, að nútíma verðmætistap drengsins vegna örorkunnar, miðað við vinnutekjur verkamanna í Reykjavík, nemi ..... kr. 292.771.00

Aukakostnað vegna sérstakrar umönnunar hefur hann áætlað alls ..... — 20.356.00

Nútímaverðmæti örorkulífeyris þess, er drengurinn muni fá frá Tryggingarstofnun ríkisins telur tryggingafræðingur ..... — 21.874.00

Hefur stefnandi lagt fjárhæðir þessar til grundvallar kröfum sínum samkvæmt þessum lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Þegar virt er örorka drengsins, möguleikar þeir, sem ætla má, að hann hefði haft til tekjuöflunar, og þess gætt, að dæmdar fébætur verða ekki taldar honum til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, svo og annars þess, er hér skiptir máli, þá þykja hæfilegar bætur til hans samkvæmt þessum lið nema kr. 250.000.00.

Um 2.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum drengsins og rakin sjúkrasaga hans og framtíðarmöguleikar. Þegar þetta allt er virt svo og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Um 3.

Kröfuliður þessi hefur ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessu verður tjón drengsins af völdum slyssins talið alls kr. 356.977.00 (250.000.00 + 60.000.00 + 46.977.00). Þar frá ber að draga þær kr. 41.000.00, sem stefndi hefur þegar greitt. Stefnda ber því að greiða stefnanda kr. 315.977.00 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Olíufélagið h/f, greiði stefnanda, Gustav Håkonsen f. h. Håkons Håkonsens, kr. 315.977.00 með 6% ársvöxtum frá 12. júní 1950 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 184/1951. **Ákæruvaldið** (Einar Arnórsson)
gegn
Ólafi Magnússyni Waage (Þórólfur Ólafsson).

Brot gegn 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða fyrir brot það, sem lýst er í héraðsdómi, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Þá ber og samkvæmt 3. málsgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar svo og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, sæti fangelsi 4 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosn-

ingarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar af ákæruvaldsins hálfu einungis til sviptingar réttinda ákærða samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940.

Svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði gerzt sekur um brot gegn 200. gr. framangreindra laga. Varðar það brot missi réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga. Ber því að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Að öðru leyti verður hinum áfrýjaða dómi ekki raskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Barðastrandarsýslu 31. maí 1951.

Ár 1951, fimmtudaginn 31. maí, kl. 14, var á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem haldið var á sýsluskrifstofunni á Patreksfirði af Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2/1951, sem höfðað er af hálfu réttvísinnar gegn Ólafi Magnússyni Waage, bónda að Húsum í Selárdal hér í sýslu, fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Málið var dómtekið 23. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. maí 1899.

Hann hefur hinn 8. júlí 1943 sætt 20 króna sekt fyrir brot á lögum nr. 58/1914.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hinn 2. október 1950 ól 14 ára stúlka sveinbarn í sjúkrahúsinu á Patreksfirði. Stúlkan heitir X, er fædd 22. apríl 1936.

Faðir stúlkunnar kærði málið hingað á skrifstofuna hinn 19. október 1950.

Við rannsókn málsins lýsti stúlkan ákærða, Ólaf Magnússon Waage, föður barnsins, og gekkst hann við faðerni þess.

Tildrög að kunningsskap ákærða og stúlkunnar voru þau, að þegar hún var 8 ára, var henni komið fyrir til dvalar að Húsum hjá ákærða og konu hans, meðan hún gekk í farskóla. Síðan var hún þar hvern vetur til 13 ára aldurs.

Kennslunni var venjulega þannig hagað, að kennt var á tveimur stöðum í hreppnum, hálfs mánaðar tíma í einu á hvorum stað. Kennari var einn, og dvöldu börn hvors skólahverfis heima hjá sér, meðan kennt var á hinum staðnum.

Var stúlkan þannig til skiptis heima hjá sér og að Húsum.

Veturinn 1948—1949 var hún treg til að koma heim í friunum, og um vorið varð faðir hennar að ganga eftir því, að hún kæmi heim til starfa, en þá var móðir hennar að fara til Reykjavíkur.

Kom stúlkan þá heim. En rúmlega viku seinna, á hvítasunnunni, 5. júní, er faðir hennar var að heiman, en hún ein heima með tveimur systkinum sínum, 11 ára telpu og 16 ára dreng, strauk hún að heiman að Húsum.

Um það bil viku seinna kom faðir hennar að Húsum og ætlaði að tala við hana, en hún faldi sig, og náði hann ekki tali af henni.

Hjónin að Húsum sögðu honum, að það væri velkomið, að stúlkan væri áfram að Húsum, fyrst hún vildi það. Lét hann þá við svo búið standa.

Aðspurð um afstöðu sína til þessara tveggja heimila og brotthlaupsins að heiman, gat stúlkan þess, að hjónin að Húsum hefðu alltaf verið henni góð og hún hefði kunnað vel við sig þar. Sér hafi alltaf komið vel saman við móður sína, en ekki hafi verið eins gott samkomulag milli sín og föður síns. Vorið 1949 var móðir hennar ekki heima, og segir

hún, að þá hafi sér leiðzt svo, að hún hafi ekki getað verið þar. Faðir hennar var þá eina fullorðna manneskjan á heimilinu.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi fyrst haft holdlegar samfarir við X um haustið 1949. Kveðst hann enga tilburði hafa haft í þá átt áður. Hann viðurkennir, að sér hafi verið kunnugt um aldur stúlkunnar og að samfarir við hana væru refsiverðar. Hann segir, að stúlkan hafi verið orðin mjög þroskuð líkamlega, og telur, að stúlkan hafi með framferði sínu gagnvart honum gefið tilefni til að ætla, að hún væri fús til samfara við hann, enda hafi samfarirnar farið fram með fúsum vilja stúlkunnar.

Stúlkan segir, að það hafi ekki verið fyrr en eftir að hún fór að Húsum vorið 1949, sem ákærði fór að hafa holdlegar samfarir við hana. Hún kveðst ekki muna það nánar. Hún kveðst þá hafa verið orðin tiltölulega mjög þroskuð líkamlega. Hún telur sig ekki hafa gefið ákærða tilefni til samfaranna, en lýsir því jafnframt yfir, að ákærði hafi á engan hátt þvingað hana til samfaranna. Hún telur, að það hafi verið í febrúarmánuði 1950, sem hún varð fyrst vör við, að hún var með barni.

Vitnið Ólafur Oddur Ólafsson, bóndi að Króki í Selárdal, sem þekkti stúlkuna, frá því að hún fór að dvelja að Húsum, hefur borið það, að haustið 1949 hafi hún verið bæði há og þrekin eftir aldri, og að mörg stúlka, sem farin væri að nálgast tvítugt, liti ekki þroskalegar út en hún þá. Hann telur, að þroski stúlkunnar hafi sýnt, að hún hafi átt mjög gott í vistinni að Húsum.

Héraðslæknirinn á Patreksfirði, Bjarni Guðmundsson, hefur vottað, að við barnsburðinn 2. okt. 1950 hafi stúlkan verið orðin óvenjulega þroskuð eftir aldri, og fæðingin gengið ágætlega og án nokkurra aðgerða. Barnið var með fullu lífi, 48 cm á lengd, 11 merkur á þyngd og virtist svo til fullburða.

Brot ákærða heyrir undir 200. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga, og með hliðsjón af þroska stúlkunnar og afstöðu hennar þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ólafur Magnússon Waage, sæti 6 mánaða fangelsi. Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 48/1952. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Guðmundi Fífil Þórðarsyni (Gunnar J. Möller)
og
Þórði Guðjóni Þórarinssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Brot gegn 244., 246. og 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærðu lokkuðu mann þann, er í héraðsdómi greinir, á vetrarnóttu á afvikinn stað, þar sem ekki var manna von, börðu hann þar í rot, rændu hann og skildu hann eftir á vettvangi án þess að skeyta um afdrif hans. Að þessu athuguðu og með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða Guðmundar Fífils Þórðarsonar hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár og refsing ákærða Þórðar Guðjóns Þórarinssonar fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærðu greiði hvor um sig málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 900.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, ber ákærðu að greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson sæti fangelsi 3 ár.

Ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda ákærðu, skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00.

Ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1951.

Ár 1951, laugardaginn 22. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4442—4443/1951: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Fifil Þórðarsyni og Þórði Guðjóni Þórarinssyni, sem tekið var til dóms hinn 14. þ. m.

Í máli þessu er Guðmundur Fifill Þórðarson verkamaður, Langholtsvegi 164, ákærður fyrir að hafa framið eftirtalin afbrot:

Brot gegn 1. mgr. 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 með því að ætla undir áhrifum áfengis um kl. 5.45 laugardaginn 9. júní s.l. að setja í gang og aka bifreiðinni R-849, er stóð á Þórsgötu í Reykjavík, en er það ekki tókst, þá að setjast undir stýri og láta bifreiðina renna frá Þórsgötu og niður að Bifröst við Hverfisgötu.

Brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa um kl. 24 fimmtudaginn 30. ágúst 1951 farið inn um ókræktan glugga inn í Gúmmíbarðann h/f við Skúlagötu hér í bæ og tekið þaðan að ófrjálsu tvo nýsólaða bifreiðahjólbarða.

Brot gegn 1. mgr. 21. gr. áfengislaga, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 18. sept. s.l. ekið bifreiðinni R-849 ölvaður um götur bæjarins og ekið aftan á aðra bifreið á Vitatorgi.

Að hafa í sumar tekið felgu af bifreið í Hlíðahverfi og slegið eign sinni á hana.

Brot gegn 1. mgr. 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga með því að hafa miðvikudagskvöldið 24. okt. s.l. ekið bifreiðinni R-849 með áfengisáhrifum frá benzínstöð Nafta h/f inn í Austurstræti.

Þá eru þeir Guðmundur Fifill Þórðarson og meðákærði Þórður Guðjón Þórarinsson verkamaður, Lokastíg 28, ákærðir fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 17. gr. áfengislaga með því að hafa sunnudagskvöldið 11. nóv. s.l. neytt áfengis í tveimur veitingastofum hér í bæ, Heitt og Kalt og Breiðfirðingabúð, og fyrir að hafa síðar um nótt-

ina ráðizt á Teit Jensson verzlunarmann, Baldursgötu 29, inni í porti við Sölvhólsgötu, barið hann í rot og rænt hann kr. 1900,00 svo og fyrir að hafa hinn 13. nóvember neytt áfengis í veitingastofu í Hafnarfirði. Þórður Guðjón er og sakaður um að hafa framið brot gegn 15. gr. áfengislaga með því að hafa selt eina brennivínsflösku að kvöldi hins 11. nóvember.

Krafizt er, að ákærði Guðmundur Fífill verði dæmdur til refsingar samkvæmt 244. gr. og 252. gr. hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga, 1. mgr. 37. gr. og 39. gr. áfengislaga, en Þórður Guðjón skv. 252. gr. hegningarlaga, 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 37. gr. áfengislaga. Þeir eru báðir ákærðir til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna, en Guðmundur Fífill auk þess til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 39. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga. Loks er þess krafizt, að þeir verði dæmdir til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði Guðmundur Fífill, sem fæddur er 28. apríl 1930 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 17/4 Kærður fyrir þjófnað á armbandsúri. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1940 7/9 Kærður fyrir hnupl á reiðhjóli. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1940 19/10 Kærður fyrir hnupl á reiðhjóli. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 18/2 Uppvís að hlutdeild í hnupli. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 21/2 Kærður fyrir óknytti. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 5/12 Kærður fyrir reiðhjólshnupl. Barnaverndarnefnd beðin um ráðstöfun í sveit.

1949 26/4 Reykjavík. Sátt: 400 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr., 1. mgr., 26. gr., 2. mgr., og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga, 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaga.

1949 26/9 Reykjavík. Sátt: 60 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.

1950 1/2 Reykjavík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 27/3 Reykjavík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur í sama máli kr. 6408,00.

1950 24/9 Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt og 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spell.

1951 16/3 Reykjavík. 100 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.

1951 1/6 Reykjavík. 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Þórður Guðjón, sem fæddur er 19. apríl 1931 í Reykjavík, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum í Reykjavík:

1940 24/11 Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1950 8/10 Sátt: 100 kr. sekt og 25 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.

1951 2/2 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1951 13/3 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
1951 15/7 Kærður fyrir ölvun og ökugjaldssvik. Greiddi ökugjaldið, kr. 75.00. Málssókn felld niður.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

I

Föstudagskvöldið 8. júní s.l. fékk ákærði Guðmundur Fífill bifreiðina R-849 lánaða hjá bróður sínum Valdimar. Hann ók niður í miðbæ og hitti nokkra kunningja sína, er voru við skál, og tók þá í bifreiðina. Um kl. 3—4 um nóttina hætti ákærði að aka bifreiðinni og tók að neyta áfengis. Fékk hann Guðmund Axelsson, Freyjugötu 10A, til að aka bifreiðinni með sig og félaga sína. Síðla nætur skildi Guðmundur bifreiðina eftir á Þórsgötu. Ákærði var nú kominn undir áfengisáhrif. Fór hann niður í miðbæ gangandi, en nokkru síðar fór hann að R-849, sem stóð á Þórsgötu, settist inn í hana og ætlaði að koma henni í gang og aka heim. Ekki tókst að koma vélinni í gang, en ákærði lét bifreiðina renna alla leið niður á Hverfisgötu og inn í port við bifreiðastöðina Bifröst. Lögregluþjónn sá til ferða bifreiðarinnar, og var tekið að leita bifreiðarinnar, og fannst hún í nefndu porti. Ákærði var handtekinn litlu síðar og var mjög ölvaður þá. Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi drukkið áfengi, eftir að hann yfirgaf bifreiðina, en eigi að síður játað, að hann hafi verið ölvaður við aksturinn. Hefur hann þannig gerzt brotlegur við þau ákvæði, er í ákæru greinir, varðandi þetta brot ákærða.

II

Fimmtudaginn 30. ágúst s.l. hitti ákærði Guðmundur Fífill mann, Þorberg Ágúst Þorbergsson að nafni, sem er bifreiðarstjóri og býr í skála við Sölvhólsgötu. Var Þorbergur Ágúst í bifreið sinni, og fór ákærði í bifreiðina til hans. Litlu síðar hittu þeir Lýð Kristinn Jónsson verkamann, Selbúðum 6, og slóst hann einnig í för með þeim. Svo stóð á, að þeir ákærði og Lýður Kristinn skulduðu Þorbergi Ágústi fjárhæð, er mun hafa numið 230—240 krónum. Segja þeir ákærði og Lýður, að skuldin sé þannig til komin, að Þorbergur Ágúst hafi nokkru áður selt þeim tvær flöskur af áfengi gegn loforði um greiðslu nefndrar upphæðar. Þorbergur Ágúst kveðst aftur á móti hafa lánað þeim fjárhæðina í peningum. Hafði Þorbergur Ágúst mjög gengið á þá félaga um greiðslu, en án árangurs. Ákærði hafði haft á orði að stela hjólbörðum til að greiða skuldina með, en ekki orðið úr framkvæmdum.

Nú er þeir félagar hittust allir, varð það úr, að þeir ákváðu, að Lýður og ákærði skyldu gera innbrot í h/f Gúmmíbarðann við Skúlagötu og stela þar hjólbörðum handa Þorbergi Ágústi. Ekki er fullljóst, hver frumkvæðið átti að því í þetta skipti, en ákærði segir, að Lýður Kristinn hafi fyrstur nefnt Gúmmíbarðann, Þorbergur Ágúst kveður ákærða hafa gert það, en Lýður Kristinn man ekki um þetta. Það var ákveðið, að þeir skyldu mætast kl. hálf tólf um kvöldið við Útvegsbankann, og gerðu

þeir það. Þorbergur Ágúst ók að Gúmmíbarðanum, og fóru ákærði og Lýður Kristinn þar úr bifreiðinni. Þeir komust inn um opinn glugga á húsinu, tóku tvo nýsólaða hjólbarða og fóru út með þá og földu þá niður við sjó nokkru vestar á götunni, en fóru svo til Þorbergs Ágústs, sem beðið hafði þeirra á Vitatorgi. Tók Þorbergur Ágúst síðan hjólbarðana. Fundust þeir í vörzlum hans og komust til skila.

Með verknaði þeim, er nú var lýst, hefur ákærði Guðmundur Fífill brotið 244. gr. almennra hegningarlaga.

Brot félaga ákærða verða afgreidd sérstaklega.

III.

Við rannsókn brots þess, er lýst er undir II hér að framan, var húsleit gerð á heimili ákærða Guðmundar Fífils. Fannst þar ein felga af bifreið, er ákærði kveðst hafa tekið að ófrjálsu einhvers staðar uppi í Hlíðahverfi. Kveðst hann hafa tekið felguna og falið hana í holtinu hjá Sjómannaskólanum og sótt hana síðar. Ekki hefur ákærði getað lýst því nánar, hvar felgan hafi verið, og ekkert er vitað um eiganda hennar. Í ákæru er ekki tilgreint lagaákvæði það, sem þetta brot ákærða falli undir, en að áliti dómsins ber að heimfæra það undir 246. gr. almennra hegningarlaga, og þykir mega gera honum refsingu fyrir brotið, þar sem því er lýst í ákæru, sbr. 118. gr. laga nr. 27/1951 .

IV.

Aðfaranótt hins 18. sept. s.l. fékk ákærði Guðmundur Fífill bifreiðina R. 849 lánaða hjá bróður sínum. Hann ók niður í bæ og tók að neyta áfengis, er hann átti. Gerðist hann ofurölvi. Um nóttina varð honum það á að aka á bifreið, sem stóð kyrr á Vitatorgi. Skömmu síðar var hann handtekinn. Þetta framferði ákærða varðar við ákvæði þau, er í ákæru greinir.

V.

Sannað er með játningu ákærða Guðmundar Fífils og öðrum gögnum, að miðvikudaginn 24. október s.l. ók hann bifreiðinni R. 849 ölvaður um götur bæjarins. Var meðákærði Þórður Guðjón í fylgd með honum. Hefur ákærði Guðmundur Fífill með þessu brotið ákvæði þau, er í ákæru eru tilgreind við þetta sakaratriði.

VI.

Sunnudaginn 12. nóv. s.l. að kvöldi hittust ákærðu niðri í miðbæ. Þeir ákváðu að fara saman að skemmta sér, en skorti fé. Það varð úr, að þeir fóru að skála nr. 13 við Sölvhólsgötu, og hitti ákærði Þórður þar Þorberg Ágúst Þorbergsson, er áður kemur við sögu, og fékk að láni hjá honum tvær brennivínsflöskur. Með þær fóru þeir niður að bifreiðastöðinni Hreyfli, og seldi Þórður Guðjón þar aðra flöskuna fyrir 110 krónur. Með hina flöskuna fóru þeir félagar inn á veitingastofuna Heitt og Kalt og byrjuðu að neyta áfengis þar. Eftir nokkra stund fóru þeir að nýju mjólkurstöðinni í því skyni að komast á dansleik, sem haldinn var þar í

samkomusalnum. Þeir komust þar ekki inn, og á sömu leið fór fyrir þeim, er þeir reyndu að komast á dansleik í Alþýðuhúsinu. Loks komust þeir á dansleik í Breiðfirðingabúð, og mun það hafa verið skömmu áður en dansleiknum var lokað (kl. 23.30).

Á dansleik þenna höfðu þeir með sér áfengisflöskuna og drukku upp úr henni þar. Annars áfengis neyttu þeir þar ekki.

Undir lok dansleiksins voru ákærðu staddir inni á snyrtiherbergi. Hittu þeir þar Teit Jensson verzlunarmann, Baldursgötu 29. Var hann vel við skál og átti þarna nokkur orðaskipti við ákærðu. Að sögn ákærðu mæltust þeir til þess, að hann legði fram fé til áfengiskaupa. Segja ákærðu Teit hafa tekið því fálega, en látið þess þó getið, að hann skorti ekki fé, og sýnt þeim í veski sitt, þar sem þeir segjast hafa séð 500 króna seðil. Hafi svo ekki orðið frekari orðræður milli þeirra í bili, en ákærðu farið út. Eru ákærðu sammála um, að þá hafi Guðmundur Fífill stungið upp á því, að þeir biðu eftir Teiti, færu með hann afsíðis, slægju hann niður og tækju peningana af honum, og sömuleiðis eru þeir sammála um, að Þórður Guðjón hafi tekið ágætlega undir tillögu Guðmundar Fífils. Biðu ákærðu nú Teits, og er hann kom, tóku þeir hann tali, og leiddust þeir nú allir af stað. Beindu ákærðu förinni um Skólavörðustíg, Bankastræti, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu, niður Klapparstíg að Skúlagötu og inn í port við áfengisverzlunina við Skúlagötu (Nýborg). Segja ákærðu, að ekki hafi þeir þó áður verið búnir að ákveða, hvert farið skyldi, né hvernig Teitur skyldi rændur. En frá því skýra ákærðu á þá leið, að er í portið kom hafi ákærði Þórður Guðjón tekið Teit og farið að dansa með hann um portið, en brugðið svo fæti fyrir hann, svo að hann féll. Þá hafi Þórður Guðjón barið hann nokkur högg í höfuðið, en eftir að Teitur var fallinn í rot, hafi Guðmundur Fífill slegið hann einnig, að eigin sögn hans tvö högg, en Þórður Guðjón kveður þau áreiðanlega hafa verið fleiri. Að þessu búnu tók Þórður Guðjón veski mannsins úr rassvasa hans, tók úr því alla peninga, 1900 krónur, og stakk á sig, en skildi veskið eftir. Héldu ákærðu síðan á braut. Ekki kveðst Guðmundur Fífill hafa hugað að því, hvort Teitur væri lifandi eða dauður, þar sem hann lá, en Þórður Guðjón kveðst hafa verið viss um, að hann var lifandi, enda orðið var við, að hann andaði.

Hefur nú verið rakin lýsing ákærðu á verknaði þeirra, en þeir játuðu hann tiltölulega vafningalítið og virðast síðan hafa skýrt samvizkusamlega frá. Sjálfur man Teitur mjög lítið eftir atburðum þessum. Hann kveðst hafa verið á umræddum dansleik og gerzt ölvaður nokkuð. Hann kveðst ekkert muna til, að hann hafi hitt ákærðu á snyrtiherberginu í Breiðfirðingabúð, en man fyrst eftir sér í fylgd með einhverjum ókunnum mönnum í Ingólfsstræti. Hann man ekki, hvort þeir voru tveir eða þrír. Hann kveðst síðan hafa fylgzt með þeim niður Ingólfsstræti, og hafi verið bezta samkomulag milli þeirra. Ekki man Teitur með vissu, hvar ráðizt var á hann né hvernig. Man hann þó, að hann sá einn manninn standa fyrir framan sig og láta höggin dynja á sér. Þrýtur minni Teits

þar við, en síðan man hann eftir sér á heimleið. Ekki man hann glöggt, hvar hann var, er hann raknaði úr rotinu.

Teitur var nokkuð meiddur eftir árásina, og segir svo um meiðsli hans í vottorði Viðars Péturssonar tannlæknis, dags. 12. nóvember: „Hann er með mikið bólgna neðri vör og alla blóðundirhlaupna með eodem niður á höku.“ Í þinghaldi 15. nóvember, er Teitur kom fyrir dóm, kveður hann marið ekki vera jafngott, en hann sé annars búinn að ná sér að mestu. Föt sín kveður Teitur hafa verið ötuð í óhreinindum og blóði.

Eftir viðskilnað sinn við Teit héldu ákærðu að bifreiðastöðinni Bifröst og náðu í flösku af áfengi þar hjá einhverjum bifreiðarstjóra. Því næst tóku þeir leigubifreið og óku nú lengi um bæinn, og slógust tveir aðrir menn í för með þeim svo og tvær stúlkur. Þeir óku m. a. að slysavarðstofunni, þar sem ákærði Þórður Guðjón lét gera að flumbru, er hann hafði fengið á hendina, er hann sló Teit, að því er hann telur sjálfur. Síðan náðu þeir í aðra leigubifreið og færðu sig í hana með samferðafólki sínu. Var ekið til Keflavíkur, en til Reykjavíkur aftur eftir skamma viðdvöl þar. Þar greiddi Þórður Guðjón leigu fyrir bifreiðina, og skildu ákærðu við samferðafólk sitt. Allan þann dag héldu ákærðu áfram drykkju og skemmtunum. Fóru þeir upp í Skíðaskála og drukku kaffi, en síðan niður í bæ. Síðdegis fóru ákærðu í hús í Höfðaborg, þar sem Þórður Guðjón var kunnugur, og dvöldu þar um skeið. Um kl. 20.30 fóru þeir heim til ákærða Guðmundar Fífils, og gisti Þórður Guðjón þar um nóttina.

Á þriðjudagsmorgunn fóru ákærðu niður í miðbæ og náðu í áfengi, fóru með það suður í Hafnarfjörð og drukku það í veitingaskála einum. Fóru þeir svo aftur til Reykjavíkur og voru að reika þar um bæinn daglangt, enda var féð nú að þrotum komið. Fóru í bíó kl. 17, en voru skömmu síðar teknir höndum, enda hafði rannsóknarlögreglan þá frétt um ferðir þeirra og tekið að leita þeirra.

Eftir því, sem nú hefur verið rakið, þykir ljóst, að ákærðu hafa gerzt brotlegir við þau ákvæði laga, er þeir eru ákærðir fyrir að hafa brotið í umrætt skipti.

VII.

Refsing ákærða Guðmundar Fífils Þórðarsonar þykir samkvæmt 244., 246. og 252. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga sbr. lög nr. 6/1951, 14. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 37. gr. og 39. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár, og er þá hafður í huga fyrri brotaferill hans.

Refsing ákærða Þórðar Guðjóns Þórarinssonar þykir samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 37. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Guðmundur Fífill hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan 14. f. m., og Þórður Guðjón var í gæzlu frá sama tíma til 4. þ. m. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að ákveða, að gæzluvarðhaldsvistin komi refsingu þeirra til frádráttar með fullri dagatölu.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta báða hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaga og 39 gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða Guðmund Fífil bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Teitur Jensson hefur krafizt þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða honum bætur sem hér segir:

1. Endurgreiðsla á fé því, er rænt var af honum ..... kr. 1900.00
2. Kostnaður við hreinsun á fatnaði ..... — 60.00
3. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi ..... — 1000.00

Samtals kr. 2960.00

Krefst hann og 6% ársvaxta af upphæðinni frá 12. nóv. s.l. til greiðsludags.

Ákærðu hafa samþykkt kröfuna, og ber að taka hana til greina.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða allan sakarkostnað. Greiði ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson þóknun til skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns, með kr. 500.00, en ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson þóknun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, með kr. 500.00. — Allan annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða in solidum, þar með kr. 700.00 í þóknun til skipaðs sækjanda málsins, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði Guðmundur Fífill Þórðarson sæti fangelsi 2 ár. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Einnig er hann frá sama tíma sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt, og frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði Þórður Guðjón Þórarinsson sæti fangelsi 15 mánuði. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Gæzluvarðhald hinna ákærðu komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingum þeirra.

Ákærðu greiði Teiti Jenssyni kr. 2960.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóvember s.l. til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Fífill greiði kr. 500.00 í þóknun til skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar héraðsdómslögmanns, og ákærði Þórður Guðjón kr. 500.00 í þóknun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal þóknun til skipaðs sækjanda málsins, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 700.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 153/1951. **Anna Friðriksson** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Halldóri Björnssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Frestur veittur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í nóvembermánuði f. á. Með samkomulagi aðilja var því þá frestað til febrúarmánaðar þ. á. og síðan til maímánaðar.

Er málið var tekið fyrir hinn 30. f. m., bað umboðsmaður áfrýjanda um frest til septembermánaðar næstkomandi. Umboðsmaður stefnda mótmælti þeim fresti, enda hafði hann lýst því, er málinu var frestað í síðastliðnum febrúarmánuði, að hann mundi ekki samþykkja frekari frest.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. október f. á. Leitt er í ljós, að dómsgerðir höfðu þegar verið pantaðar hinn 11. júní f. á., en að þær hafa eigi enn verið afgreiddar. Er eigi sannað, að áfrýjandi eða umboðsmaður hans hér fyrir dómi eigi slíka sök á drætti þessum, að synja beri um frestinn. Ber því að veita áfrýjanda frest til septembermánaðar n. k. samkvæmt beiðni hans.

Ályktarorð:

Áfrýjanda er veittur frestur til septembermánaðar næstkomandi.

Miðvikudaginn 11. júní 1952.

Nr. 40/1952. **Hörður Ólafsson** (Sjálfur)
gegn
Málmiðjunni h/f, Magnúsi Helgasyni og Sigurði Berndsen (Enginn).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, en Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Svo krefst hann þess, að því er varðar stefnda Sigurð Berndsen, að fjárnámsgerð í húseigninni nr. 10 A við Bergstaðastræti í Reykjavík verði staðfest. Loks krefst hann þess, að stefndu verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af þeirra hálfu, og hefur þeim þó verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og áðurgreinda fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn áfrýjanda kr. 1800.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndu, Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Sigurður Berndsen, greiði in solidum áfrýjanda, Herði Ólafssyni, kr. 1800.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu 16. júní s.l. af Herði Ólafssyni hdl., hér í bæ, gegn Málmiðjunni h/f, Magnúsi Helgasyni, Grenimel 20, og Sigurði Berndsen, Barmahlíð 30, öllum hér í bænum, til greiðslu víxils, upphaflega að fjárhæð kr. 30.000.00, nú að eftirstöðvum kr. 18.500.00, útgefins 26. okt. 1950 af stefnda Magnúsi og samþykkts af stefnda Málmiðjunni h/f til greiðslu í Landsbankanum hér í bæ við sýningu, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 11. júní s.l., er stefndi Sigurður ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér eftirstöðvar víxilsins, kr. 18.500.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu Málmiðjan og Magnús hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, að því er þá varðar, svo og gagnvart stefnda Sigurði Berndsen, er hefur sótt þing, en engar varnir haft uppi, er komast mega að í máli þessu.

Málskostnaður ákveðst kr. 1300.00.

Dómsorð:

Stefndu, Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Sigurður Berndsen, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Herði Ólafssyni, kr. 18.500.00 með 6% ársvöxtum frá 11. júní 1951 til greiðsludags, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og kr. 1300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 12. nóvember 1951.

Gerðarbeiðandi er mættur og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt rskj. 2, kr. 18500.00, 6% ársvöxtum frá 11/6 1951 til greiðsludags, ⅛% upphæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað, kr. 1300.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli, Sigurður Berndsen, Barmahlíð 30, er mættur og samþykkir út af fyrir sig, að mál þetta verði tekið fyrir hér á skrifstofunni. Hins vegar mótmælir hann fjárnámi og áskilur sér allan rétt í því sambandi.

Eftir kröfu gerðarbeiðanda lýsti fógeti fjárnámi í fasteign gerðarþola nr. 10A við Bergstaðastræti fyrir fjárnámskröfunum og bryndi þýðingu þess fyrir gerðarþola.

Föstudaginn 13. júní 1952.

Nr. 87/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Magnúsi Þórðarsyni
f. h. dánarbús Óskars Magnússonar
(Gunnar Þorsteinsson).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Lúðvík N. Lúðvíkssyni og Sæmundi Jónssyni.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirréttinum. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfu áfrýjanda verði hrundið og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Áfrýjandi, sem mætti ekki í málinu í héraði, byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að í eftirriti því af héraðsdómsstefnunni, sem stefnuvottar afhentu honum og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er óútfyllt eyða fyrir dag og stund, er málið skyldi þingfest. Kveðst áfrýjandi þess vegna ekki hafa vitað, hvenær þingfesting skyldi fara fram, og því ekki hafa mætt, er málið var tekið fyrir.

Eftirrit stefnu, sem svo er áfátt sem að framan er lýst, fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Þar eð áfrýjandi mætti ekki við fyrirtekt málsins, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Magnús Þórðarson f. h. dánarbús Óskars Magnússonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. þ. m. og endurupptekið í dag og að nýju lagt í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Magnúsi Þórðarsyni, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Óskars Magnússonar samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna með stefnu, útgefinni 21. maí 1951, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðavegi 20, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta, að fjárhæð kr. 4800.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði dæmdur lögveðréttur í m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur hvorki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að sonur hans Óskar Magnússon hafi verið skipverji á m/s Helga VE 333, eign stefnda, og hafi farizt með skipinu 7. janúar 1950 við Faxasker við Vestmannaeyjar. Hafi þá allar eigur hans glatazt, sem hann hafði með sér í skipinu. Telur stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. janúar 1945, sem settar voru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi Óskars Magnússonar fébætur fyrir eignir hans, sem fórust með skipinu, er nemi ofangreindri fjárhæð.

M/s Helgi VE 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114.75 rúmlestir brúttó, en 60.34 rúmlestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða stefnandanum kr. 1600.00 í bætur fyrir eignatjón við sjóslysið, að viðbættri verðlagsuppbót. Kauplagsvísitalan í janúar 1950 nam 300, og nema því bæturnar kr. 4.800.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtunum, eins og krafizt hefur verið.

Svo þykir rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febrúar 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Þórðarsyni f. h. dánarbús Óskars Magnússonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga VE 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1952.

Nr. 76/1951. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Ármanni Óskari Guðmundssyni
(Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti kvað upp héraðsdóminn.

Þegar ákærði sá telpur hlaupa út úr búðinni í húsinu nr. 11 við Bárustíg og yfir gangstéttina að bíl hans, hefði hann, eins og á stóð, átt þegar að hemla og reyna með þeim hætti að afstýra slysi. Þetta gerði ákærði ekki, og varðar sú vanræksla hann refsingu samkvæmt þeim ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga, er getur í hinum áfrýjaða dómi. Þegar litið er til þess, hversu skyndilega telpurnar hlupu úr búðinni og að bílnum, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærða hefði tekizt að afstýra slysinu, þótt hann hefði hemlað. Ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 7 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Óskar Guðmundsson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 15. maí 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 7. þ. m., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu með stefnu, útgefinni 16. apríl s.l., á hendur Ármanni Óskari Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Steinum, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn bifreiðalögum nr. 23/1941, umferðarlögum nr. 24/1941 og 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Ármann Óskar Guðmundsson, er fæddur 28. maí 1913 að Hóli í Vestur-Landeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

Vestmannaeyjum.

1932 23/6 Sátt: 20 kr. sekt fyrir að hafa tvo farþega í framsæti bifreiðar sinnar.

Tildrög málsins eru þessi:

Kl. 1 e. h. fimmtudaginn 21. desember s.l. ók ákærði bifreið sinni V-76 heimanað frá sér og ætlaði upp á Hásteinsveg. Ók hann vestur Heimatorg, þaðan vestur Miðstræti og beygði síðan til vinstri handar inn á Bárustíginn. Kveðst hann hafa ekið á ca 15 km hraða, miðað við klukkustund, en þó kveðst hann ekki geta tilgreint hraðann nákvæmlega, því hann leit ekki á hraðamælinn. Bifreið ákærða er Fargo-vörubifreið, 220 cm breið, og þyngd hennar um 3600 kg. Bifreiðin var tóm í umrætt skipti. Hún hefur 5 áframgíra, og ók ákærði á 3. gír. Kveðst hann hafa á leiðinni ætlað sér að skipta í 4. gír, en vélin var þá svo köld, að hún vann ekki í þeim gír, enda hafði bifreiðin ekki verið í notkun síðustu tvo dagana á undan. Er hann kom inn á Bárustíginn, ók hann upp veginn á sama hraða og áður í 3. gír í ca 50 cm fjarlægð frá vinstri gangstéttarbrún. Ók hann fast upp við göturennuna, en hún er þarna 49—50 cm breið. Engin bifreiðaumferð var á veginum, en eitthvað af fólki var

þar á ferli. Er ákærði ók fram hjá búðinni á Bárustíg 11, stóð hún opin, og sá hann, að fólk var þar inni. Er hann var undan búðardyrunum, þannig að sæti bifreiðarstjórans var komið framhjá búðardyrunum, en hins vegar ekki afturendi bifreiðarinnar, sá hann telpukrakka koma hlaupandi út úr búðardyrunum og fram á gangstéttina. Síðar sagðist honum svo frá, að hann taldi, að hann hefði séð tvær telpur koma út úr búðinni, og hefði önnur þeirra hoppað yfir þröskuldinn á fullri ferð. Kvaðst hann hafa haldið eða reiknað með, að telpurnar yrðu „fríar" við bifreiðina, og ekið áfram á óbreyttum hraða. Síðar, eftir að mál var höfðað, breytti hann framburði sínum að þessu leyti á þá leið, að hann hefði talið sig ugglausan um, að telpurnar slyppu við bifreiðina, og hafi hann því ekki klossbremsað, sem hann kvað sig annars mundu hafa gert. Strax á eftir hægði hann á ferðinni og leit aftur til þess að aðgæta, hvað orðið hefði af telpunum, en sá þær þá ekki og hemlaði því bifreiðina og fór út. Sá hann þá telpu liggjandi á gangstéttinni rétt sunnan við búðardyrnar, ca hálfa bifreiðarlengd fyrir aftan bifreið sína. Varð ákærða þegar ljóst, að hún hafði orðið fyrir bifreið hans. Telpan lá úti á gangstéttarbrúninni, og lafði höfuð hennar ofan í götu-rennuna. Hún var meðvitundarlaus, og rann blóð úr höfði hennar. Í þessu bili bar þarna að Björn Júlíusson læknanema, og tók hann telp-una og bar hana inn í bifreið ákærða. Ók ákærði síðan með hana upp á sjúkrahús. Telpan var Guðbjörg Ósk Guðjónsdóttir frá Landamótum, rúmlega 7 ára gömul, fædd 27. júlí 1943.

Er komið var með telpuna á sjúkrahúsið, var hún strax athuguð af lækni, og samkvæmt vottorði hans var telpan þá meðvitundarlaus, all-blóðug í framan, blæðing út um nef og munn, vinstra augað blátt og bólgið (retrobulær blæðing). Pupillurnar voru aflangar (aniscoria), hægra lærbein brotið ofan til. Röntgenmynd sýndi bresti í vinstra gagn-auga, augnatóft og clivus. Eftir að telpan kom á sjúkrahúsið, lagaðist andardrátturinn og púls, en var þó óreglulegri og örari en vera átti, og brátt fór að bera á krömpum. Gert var að brotunum, og stimulantia gefin og physilog. saltvatn og glucose. Púls virtist batna í bili og andar-drátturinn, en kramparnir hættu ekki, heldur jukust, er á leið nóttina, og vaknaði telpan ekki aftur, en dó um morguninn eftir að hún kom á sjúkrahúsið.

Dánarorsök taldi læknirinn þessa: Fractura baseos cranii. Comotio cerebri. (Fractura femoris dext.).

Um nánari atvik að slysinu liggja fyrir þessar upplýsingar:

Ágústa Pétursdóttir, Vesturvegi 5B, 7 ára gömul, skýrði svo frá, að eftir hádegið umræddan dag hafi hún og Guðbjörg Ósk og Sigrún Péturs-dóttir, sem er 6 ára, farið inn í búðina á Bárustíg 11 í því skyni að taka þar við dagblöðum til sölu. Blöð fengu þær engin, og hlupu þær síðan út, og fór Guðbjörg Ósk fyrst, næst fór Sigrún, en vitnið var síðast. Er hún var að koma út úr dyrunum, sá hún, að Guðbjörg Ósk lenti utan í bifreið, sem ók upp Bárustíginn fast við gangstéttina. Virtist henni, að Guðbjörg Ósk hlypi á bifreiðina. Hafi hún tekizt á loft og kastazt upp

eftir gangstéttinni og fallið niður á gangstéttarbrúnina rétt fyrir ofan. Sigrún litla hafði þá hlaupið áfram yfir götuna og vitnið á eftir. Fóru þær heim að Landamótum, þar sem foreldrar Guðbjargar búa, og fór Sigrún þar inn og sagði, að Guðbjörg væri dáin. Vitnið sá síðan, að Guðbjörg var tekin upp af götunni og borin inn í bílinn.

Sigrún Pétursdóttir, Heimagötu 20, sem er 6 ára, eins og áður er getið, skýrði á líkan veg frá og Ágústa Pétursdóttir. Kvaðst hún hafa farið með föður sínum niður í bæinn og að Landamótum til þess að hitta Guðbjörgu Ósk, en þær voru leiksystur. Hafi þær síðan farið inn í búðina á Bárustíg 11 og ætlað sér að fá þar blöð til þess að selja á götunni, en fengu þar engin. Hafi þær síðan farið út og farið hart, því þær hlupu. Hvor þeirra var á undan, kvaðst hún ekki geta sagt um. Bifreið hafi komið upp götuna og verið á móts við búðardyrnar, er þær komu út. Hafi Guðbjörg orðið fyrir bifreiðinni, en hvernig það atvikaðist, kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir. Kvaðst hún strax hafa hlaupið yfir að Landamótum til foreldra telpunnar og sagt þeim, að hún væri dáin.

Einar Illugason vélavirki, Breiðabliki, skýrði svo frá, að klukkan um 1 umræddan dag, er hann var að koma úr mat heiman að frá sér, hafi hann ekið á hjóli niður Bárustíginn. Sá hann þá bifreiðina V-76 koma akandi upp veginn alveg út við vinstri brún vegarins. Er hann var móts við húsið Fagradal, sem er vestan við Bárustíginn, var bifreiðin móts við búðardyrnar á Bárustíg 11. Sá hann þá nokkra krakka koma hlaupandi út úr búðardyrunum. Bifreiðin hélt áfram og var á venjulegri ferð eða eins og hér almennt tíðkast. Krakkarnir stukku út á götuna, og lentu þau fyrir aftan bifreiðina, nema telpan, sem syðst var. Hún fór í hvarf við bifreiðina, en er bifreiðina bar áfram, sá hann, að telpan lá uppi á gangstéttinni, og lafði höfuðið ofan í göturennuna. Kvaðst hann nokkurn veginn viss um, að telpan muni hafa rekizt á vinstra afturhjól bifreiðarinnar, þótt hann sæi það ekki, því bifreiðin skyggði á, en hins vegar kvaðst hann alveg viss um, að hjólið hafi ekki farið yfir hana. Hann nam strax staðar og gekk til telpunnar, og var hún þá meðvitundarlaus. Ýmsa menn bar þarna að, meðal þeirra ákærða, sem var bifreiðarstjórinn á V-76, og hafði hann stöðvað bifreið sína rétt ofan við slysstaðinn. Gerði vitnið ráð fyrir, að ekki miklu meira en bíllengd hafi verið frá afturenda bifreiðar ákærða að telpunni, þar sem hún lá á gangstéttinni. Var telpan síðan tekin upp af götunni og látin inn í bifreið ákærða, sem ók með hana í burtu.

Matthías Finnbogason vélstjóri, Litluhólum, kvaðst hafa komið gangandi niður gangstéttina austan megin við Bárustíginn um kl. 1 e. h. umræddan dag. Veitti hann þá athygli bifreið, sem kom akandi upp Bárustíginn, sem sé á móti honum. Bifreiðin ók á vinstra vegarhelmingi alveg við göturennuna eða í ca 50 cm fjarlægð frá gangstéttarbrún. Þetta var bifreið ákærða V-76. Hún var ekki á hraðri ferð, og gerði vitnið ráð fyrir, að hraðinn hafi ekki verið yfir 20 km á klukkustund, en þar nálægt. Hefði hraðinn verið minni en hér tíðkast um frjálsar

götur. Annars kvaðst vitnið ekki vant að áætla hraða bifreiða, og væri því áætlun sín um hraða bifreiðarinnar ekki örugg. Er vitnið var komið móts við búðargluggann á Bárustíg 11, var framendi bifreiðarinnar að komast móts við vitnið. Í sama bili hafi 2 telpur komið hlaupandi út úr búðinni. Sú telpan, er á undan var, hafi strax beygt til hægri, er hún kom út fyrir dyrnar, og hlaupið út á götuna fyrir aftan bifreiðina. Hin telpan, sem síðari var, hafi verið á meira kasti og hlaupið beint áfram út úr dyrunum, og skipti það engum togum, að hún kastaðist á bifreiðina. Virtist vitninu, að telpan stigi með öðrum fætinum niður í göturennuna og hrapaði um leið fram yfir sig og lenti með höfuðið á vinstra afturhjólinu. Kastaðist telpan þá áfram, í sömu átt og bifreiðin ók, og féll á ská niður á gangstéttina nokkru ofar með höfuðið niður í göturennuna, en fætur hennar sneru í áttina að búðarglugganum. Telpan tókst á loft í fallinu. Áreksturinn varð beint fram af búðardyrunum, og var telpan ekki farin að beygja neitt til hægri, svo vitnið sæi, er hún varð fyrir bifreiðinni. Bifreiðin var á óbreyttri ferð, er áreksturinn varð, en rétt ofan við slysstaðinn nam hún staðar, voru þá ca 6 metrar frá afturenda hennar að staðnum, þar sem telpan lá á götunni. Telpan var meðvitundarlaus, og blóð rann úr vitum hennar, að því er vitninu virtist. Einhver tók hana síðan upp og bar hana inn í bifreið ákærða, er ók með hana í burtu.

Við síðari yfirheyrslu í málinu breytti vitnið framburði sínum á þá leið, að það þyrði ekki að fullyrða, að telpan, sem fyrir slysinu varð, hafi verið sú, sem síðar kom út úr búðardyrunum, en þó haldi það, að svo hafi verið. Eins kveðst það ekki þora að segja um, hvort höfuð telpunnar hafi lent á bifreiðinni, en með sjálfu sér hafi það haldið, að hægri hlið höfuðs telpunnar hafi lent á framanverðu afturhjólinu, en hvort það var raunverulega svo, kvaðst það ekki geta sagt um.

Önnur vitni en þau, er nú hafa verið tilgreind, komu ekki á vettvang, fyrr en slysið var um garð gengið, og gátu þar af leiðandi ekkert sagt um, hvernig það atvikaðist.

Bifreið ákærða var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni þegar eftir slysið, og reyndist hún í góðu lagi, bæði hemlar, stýrisútbúnaður og girskipting og yfirleitt hvað eina. Svo athugaði bifreiðaeftirlitsmaðurinn einnig, hve hratt væri unnt að aka bifreiðinni á 3. gír, og kvaðst hann hafa getað pínt hana upp í 30 km hraða, en það hafi ekki verið nein keyrsla. Sómasamlega keyrslu á 3. gír á bifreið þessari kvað hann vera 18—20 km, en ekki þar yfir.

Þar sem slysið vildi til, er Bárustígurinn sléttur og mishæðalaus. Vegurinn er malborinn með steyptum göturennum beggja vegna og steyptum gangstéttarbrúnum. Hvorki snjór né ísing var á veginum í umrætt skipti. Vegurinn er 7 metrar á breidd milli gangstéttarbrúna og göturennan sitt hvorum megin 49—50 cm á breidd. Húsið Bárustígur 11 stendur austan megin götunnar nálægt henni miðri, og er búðin á götuhæðinni. Steypt gangstétt er fyrir framan búðardyrnar í sömu hæð og búðargólfið. Breidd gangstéttarinnar er 280—290 cm, og beint út frá

búðardyrunum frá þröskuldinum í búðardyrunum út að gangstéttarbrún eru 290 cm. Eftir slysið var blóðpollur í göturennunni, þar sem höfuð telpunnar lá, og frá þeim stað að hornréttri línu á miðjar búðardyrnar voru 290 cm, mælt eftir gangstéttarbrúninni. Ekki er ljóst, hvernig telpan lá á gangstéttinni eftir slysið. Matthías Finnbogason kvaðst halda, að hún hafi legið á hægri hlið, en öllu meir á grúfu, og hafi snúið baki að götunni. Ákærði og Ólafur E. Jónsson kváðust hins vegar halda, að hún hafi legið á vinstri hliðinni. Því síður hefur verið unnt að upplýsa, hvort telpan hafi fengið höfuðhöggið, er leiddi hana til bana, við árekstur á bílinn eða við það að falla í götuna eftir árekstur-inn. Læknirinn, sem athugaði meiðsli hennar, kvað ekki unnt að segja um þetta með vissu, en taldi þó hið síðara líklegra, þar sem áverkarnir hefðu verið mestir vinstra megin á höfðinu, en sennilegt væri eftir atvikum, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar hefði lent á telpunni hægra megin.

Meðan frumrannsókn málsins stóð yfir og allt þangað til mál var höfðað, hagaði ákærði framburði sínum á þann veg, að ljóst var, að hann gerði ráð fyrir, að önnur telpan, sem hann sá koma út úr búðinni, hefði orðið fyrir bifreið hans. En eftir að málssókn var hafin, hefur það verið haft á orði og ákveðið haldið fram af verjanda hans, að ákærði hafi alls ekki séð telpuna Guðbjörgu Ósk fyrir slysið, heldur hafi hann aðeins séð telpurnar, sem með henni voru. Er þetta byggt á því, að þegar tekið sé tillit til þess, hvar bifreiðin var, er ákærði sá telpurnar, hvar telpurnar voru, hraða bifreiðarinnar og hugsanlegs hraða telpnanna, sé útilokað, að af árekstri hefði getað orðið. Hljóti því Guðbjörg Ósk að hafa verið komin að bifreiðinni og í þann veginn að verða fyrir henni, er ákærði sá telpurnar koma út úr búðardyrunum, enda kom það fram í framburði Ágústu Pétursdóttur, að Guðbjörg Ósk hefði farið fyrst út úr búðinni. Við þetta er það að athuga, að hér er um mjög litlar fjarlægðir og mjög skamman tíma að ræða, og ákvörðun ákærða á stað bifreiðarinnar, er hann sá telpurnar koma út úr búðardyrunum, byggð á ágizkunum, eins og hann sjálfur viðurkennir. Af þessum ástæðum verður ekki unnt að ganga út frá, að ákærði hafi ekki orðið Guðbjargar litlu var fyrir slysið. Virðist hið gagnstæða einmitt sennilegra, þar eð ekkert hefur komið upp, er gefi til kynna, að neitt sérstakt hafi tekið athygli ákærða, er hann ók fram hjá búðardyrunum.

Í búðinni á Bárustíg 11 er blaðasala og blaðaafgreiðsla, auk þess sem þarna eru seldar alls konar búðarvörur. Þarna er oft margt af fólki, bæði inni í búðinni og fyrir utan, og ber því að sýna fyllstu aðgæzlu, er ekið er framhjá búðardyrunum, og haga keyrslunni þannig, að unnt sé að stöðva bifreiðina fyrirvaralaust. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, verður ekki talið sannað, að ákærði hafi ekið hraðar í umrætt skipti en leyfilegt var, en hins vegar bar honum að nema staðar, þegar er hann sá telpurnar koma út úr búðinni, með því að honum mátti vera ljóst, að hætta gat verið á slysi, og sérstaklega þar sem honum virtist telpurnar vera á þeirri ferð, sem börn geta hraðast farið,

miðað við þær aðstæður, er þarna voru fyrir hendi, eins og segir í framburði hans. En hafi ákærði ekki orðið telpunnar var fyrir slysið, sem raunar er tæpast hægt að ætla, hefur hann gert sig sekan um vítaverðan skort á aðgæzlu, þar sem honum bar að hafa vakandi auga með búðardyrunum, er hann ók framhjá. Telja verður því, að hvort sem ákærði varð telpunnar var fyrir slysið eða ekki, sé ljóst, að ákærði hefur gerzt brotlegur við 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 2. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 16. júní 1941 og hafi þar með orðið valdur að dauða telpunnar fyrir vítavert gáleysi og unnið til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 2500 króna sekt í ríkissjóð, er ákærða ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæta ella varðhaldi í 25 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökurétti í 6 mánuði frá deginum í dag að telja.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber ákærða að greiða og þar á meðal kr. 350.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Jóns Eiríkssonar hdl.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Ármann Ó. Guðmundsson, greiði kr. 2500.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá deginum í dag að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, og þar á meðal kr. 350.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Eiríkssonar hdl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1952.

Nr. 84/1950. **Ríkisprentsmiðjan Gutenberg**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Pálma Arasyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Námssamningur. Starfskjör iðnnema.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1950, krefst sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, greiði stefnda, Pálma Arasyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Pálmi Arason, Ásvallagötu 16 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. júní s.l., gegn Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg til greiðslu kröfu, að fjárhæð kr. 1566.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Tildrög málsins eru þau, að með námssamningi, dags. 19. október 1945, réðst stefnandi til prentiðnarnáms hjá stefnda frá 1. nóvember 1945 að telja. Námstíminn var upphaflega ákveðinn 4 ár, en var síðar fram-

lengdur um 4 vikur vegna fjarvistar stefnanda á tímabilinu 18/10 til 14/11 1948. Kaup stefnanda var samkvæmt samningi Félags íslenzkra prentsmiðjueigenda og Hins íslenzka prentarafélags. Mun það hafa verið venjulegt kaup nemenda í iðninni. Starfstími nemenda hjá stefnda var 48 stundir á viku, nema þann tíma, sem nemendurnir stunduðu skólanám í Iðnskólanum, þá störfuðu þeir 42 stundir vikulega, en laun þeirra héldust þó óbreytt. Gert er ráð fyrir, að prentnemar stundi iðnskólanám í 4 vetur, en stefnandi lauk þessu námi á 3 vetrum. Greiddi stefndi kr. 500.00 fyrir aukakennslu handa stefnanda, til að hann gæti lokið bóknáminu á þessum tíma. Jafngildir sú fjárhæð skólagjaldi því, sem stefndi hefði orðið að greiða fyrir stefnanda í Iðnskólanum, ef hann hefði verið þar einum vetri lengur. Vetur þann, sem stefnandi samkv. framangreindu losnaði við iðnskólanám, starfaði hann 48 stundir á viku hjá stefnda, eða jafnlangan tíma sem hann annars starfaði, er hann ekki stundaði skólanám. Telur stefnandi sig þannig hafa starfað 150 stundir hjá stefnda, er hann eigi hafi fengið greiddar, með því að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir, að hann stundaði skólanám þenna vetur og ynni þá aðeins 42 stundir á viku, svo sem mælt er í 2. mgr. 8. greinar iðnaðarnámslaga nr. 100 frá 1938. Eru kröfur stefnanda reistar á þessu.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að starfstími stefnanda hafi átt að vera 48 stundir á viku, nema þann tíma, sem hann stundaði skólanám. Nú hafi hann ekki stundað skólanám umræddan vetur, og hafi honum því borið að starfa fullan vinnutíma, enda eigi tilvitnuð lagagrein einungis við þann tíma, sem nemandi raunverulega stundar skólanám.

Svo sem áður greinir, er venjulegur skólanámstími prentnema 4 vetur. Ekki virðist það hafa verið vitað, er stefnandi réðst til námsins, að skólanámstími hans yrði styttri en venja stóð til. Verður því að ætla, að vikukaup hans hafi í upphafi verið við það miðað, að starfstími hans yrði einungis 42 stundir á viku allan þann tíma, sem venjulegt er, að prentnemar stundi iðnskólanám. Þykir því rétt, að stefnandi fái greiddar umfram umsamið nemandakaup þær vinnustundir, sem komu í stað skólanáms hans síðasta veturinn. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina, enda hefur hún ekki sætt mótmælum, að því er fjárhæð varðar. Málskostnaður til handa stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, greiði stefnanda, Pálma Arasyni, kr. 1566.00 með 6% ársvöxtum frá 28. júní 1949 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. júní 1952.

Nr. 77/1951. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Eigendum b/v Goðaness N. K. 105
og gagnsök (Einar B. Guðmundsson).

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1951. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 950.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags svo og málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi þess og, að ákveðinn verði sjóveðréttur í b/v Goðanesi N. K. 105 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. júlí 1951, áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 12. s. m. Krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð niður í kr. 300.000.00 og að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, verði látinn falla niður.

Þegar litið er til allra aðstæðna við björgunina, sem raktar eru í hinum áfrýjaða dómi, þykja bjarglaun til handa aðaláfrýjanda, þar með talin þóknun fyrir aðstoð e/s Hermóðs, kr. 10.000.00, hæfilega metin kr. 575.000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Þá ber og að ákveða aðaláfrýjanda sjóveðrétt í b/v Goðanesi N. K. 105 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, eigendur b/v Goðaness N. K. 105, greiði aðaláfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 575.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Goðanesi N. K. 105 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. marz 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Pálmi Loftsson framkvæmdarstjóri f. h. Skipaútgerðar ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 25. maí f. á., gegn Einari B. Guðmundssyni, hæstaréttarlögmanni hér í bæ, fyrir hönd eigenda b/v Goðaness N. K. 105 frá Neskaupstað til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 950.000.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talinn matskostnaður kr. 3.132.00, eftir mati dómsins. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í b/v Goðanesi N. K. 105 til tryggingar dómkröfunum.

Stefnandi hefur stefnt vátryggjanda skipsins, Almennum tryggingum h/f, til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur gert á hendur réttargæzlustefnda. Þá hefur réttargæzlustefndi ekki gert sjálfstæðar kröfur í málinu. Stefndi hefur krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð til verulegra muna og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 23. janúar 1950 var b/v Goðanes N. K. 105 frá Neskaupstað að veiðum fyrir Suðausturlandi. Klukkan 8.20 var varpan tekin inn og sett á fulla ferð, en stýrið reyndist óvirkt. Við athugun kom í ljós, að stýrisstamminn var brotinn, og sat stýrið fast í borði stjórnborðsmegin. Var vélin þá stöðvuð og skipið látið reka. Eftir ágizkun skipstjórans var skipið, er þetta gerðist, statt um 12 sjómílur suður frá Vestur-Horni. Síðan var haft samband við land og önnur skip og tilkynnt, að togarinn þyrfti aðstoðar til þess að komast í höfn. Skipstjóri Goðaness telur, að allt hafi verið gert, sem unnt var, til þess að losa stýrið, en það reyndist árangurslaust. Ef vélin var sett á ferð, fór skipið í hring. Gizkar skipstjórinn á, að með fullri ferð vélarinnar hafi skipið á 3—4 mínútum farið heilan hring með um 200 metra þvermáli.

Klukkan 11 um daginn fékk skipstjórinn á varðskipinu Hermóði, sem var statt í eftirlitsferð úti fyrir Reyðarfirði, skilaboð um að fara Goðanesi til aðstoðar. Var þegar haldið af stað í áttina til togarans og náð talsambandi við hann. Kom Hermóður að togaranum kl. 16.30. Spurðist skipstjóri Hermóðs þá fyrir um það, hvort skipstjóri Goðaness óskaði þess, að dráttartaug yrði komið milli skipanna og togarinn dreginn, en skipstjóri Goðaness hafnaði því, vegna þess að hann taldi, að Hermóður myndi ekki ráða við togarann. Hins vegar bað skipstjóri Goðaness um, að Hermóður héldi sig í nágrenninu til öryggis, ef vindátt breyttist svo, að hætta væri á því, að togarann ræki að landi. Var Hermóði síðan haldið í nánd við togarann, þar til varðskipið Ægir var komið á vettvang og hafði komið dráttartaug í togarann og haldið með

hann í eftirdragi áleiðis til Reykjavíkur, svo sem síðar verður frá sagt. Fór Hermóður af vettvangi klukkan rúmlega 9 hinn 24. janúar.

Hinn 23. janúar var varðskipið Ægir statt 7,5 sjómílur út af Reykjanesi á vesturleið. Klukkan 11.40 barst þangað tilkynning, er send var um loftskeytastöðina í Reykjavík, þess efnis, að togarinn Goðanes væri staddur 12 sjómílur frá Vestur-Horni með brotinn stýrisstamma. Reyndu Ægismenn strax að ná sambandi við togarann, en það tókst ekki. Var þá hinkrað við og beðið eftir vitneskju um það, hvort skip, er hjálp gætu veitt, væru nærstödd togaranum. Klukkan 12.47 fékk skipstjóri Ægis skeyti frá stefnanda um að fara Goðanesi til hjálpar og draga skipið til Reykjavíkur. Hélt Ægir þegar austur með fullri ferð. Veður var VSV 8 og éljagangur. Samtímis var Goðanesi tilkynnt með aðstoð b/v Skúla fógeta, sem bar á milli, að Ægir héldi skipinu til aðstoðar með þeim hraða, sem hann gæti. Siglt var sem leið liggur og komið að togaranum kl. 8.30 þriðjudagsmorguninn 24. janúar 14 sjómílur réttvísandi 105° frá Stokksnesi. Hafði skipið því heldur fjarlægzt land, frá því að stýri þess bilaði. Dráttartaug var þegar komið milli skipanna, og henni lásað í stjórnborðskeðju togarans. Lagði Ægir til 240 metra vír 4½" sveran, og jafnframt voru gefnir út 30 faðmar af keðju togarans. Gekk vel að koma dráttartauginni milli skipanna og ganga frá festingu hennar. Kl. 9.10 hélt Ægir af stað áleiðis til Reykjavíkur með togarann í eftirdragi, og var veður þá gott, en kl. 11.00 var kominn vestan kaldi, 6 vindstig. Um daginn rann út keðja á Goðanesi, vegna þess að keðjuskífa á akkerisvindu hélt henni ekki. Hægði þá Ægir ferðina, og voru 15 faðmar af keðju gefnir út í viðbót frá Goðanesi og settar öryggisfestar á keðjuna framan við akkerisvindu. Jafnframt var bætt við 50 föðmum af 5" vír frá Ægi til þess að taka af rykki og hafa sem sterkast í akkerisopinu. Er þessu var lokið, var haldið áfram með hægri ferð og stefna sett 10 sjómílur undan Ingólfshöfða. Þaðan var stefna sett 20 sjómílur undan Mýrartanga, vegna þess að spáð hafði verið suðaustan og sunnan stormi eða roki, er myndi snúast í vestanátt. Kl. 22.47 fór vegmælir Ægis í dráttarvírinn og tapaðist.

Miðvikudaginn 25. janúar kl. 0.17 varð að stöðva vél Ægis vegna bilunar. Ráku þá bæði skipin stjórnlaus fyrir sjó og vindi. Vegna þyngsla vírsins lagðist hann í botn, og við það drógust skipin í áttina hvort að öðru. Skipstjóri Goðaness lét þá setja vélina á mjög hæga ferð aftur á til að koma í veg fyrir, að skipin lentu saman, en varð að stöðva vélina aftur, þar eð skrúfan virtist slást í stýrið. Um þetta leyti var vindur SSV 6 og sjór tilsvarandi. Að rúmum klukkutíma liðnum, hafði tekizt að gera við bilunina, og var þá haldið áfram. Kl. 3.00 var vindhraðinn orðinn 9 vindstig, og var hvassara með köflum. Vegna hafáttarinnar var haldið um 20 sjómílur út af Dyrhólaey og Vestmannaeyjum, og allan síðari hluta dagsins var vindur SSV og S 9—10 vindstig og sjór tilsvarandi.

Fimmtudaginn 26. janúar var siglt áfram djúpt í Eyrarbakkabugt með stefnu laust af Reykjanesi. Klukkan 1.00 var vindur S 10, sjór tilsvar-

andi og éljagangur. Klukkan 4.00 var vindur SA 10 og dimmviðri, og þá siglt eftir ratsjá. Er farið var fram hjá Reykjanesi, herti veðrið í um 11 vindstig af SSA. Stöðvað var kl. 10.30 og Goðanes látið vinda inn keðju sína, þar eð óttast var, að dráttartaugin kynni að festast í botni, þegar á grynnri sjó kæmi, en víða er þarna vondur botn. Er keðjan hafði verið dregin inn, var togvír lásað í dráttartaugina og síðan haldið áfram. Um kl. 11 var komið fárviðri, ca 12 vindstig, og slitnaði þá dráttarvírinn frá Ægi. Þegar var náð í annan dráttarvír, er geymdur var niðri í lest Ægis. Rétt fyrir kl. 12.00 sigldi Ægir síðan til kuls við Goðanes og skaut yfir það línu. Gekk greiðlega að koma dráttarsambandi milli skipanna að nýju. Gefnir voru út um 300 metrar af 5" sverum vír frá Ægi, en lásað var í 2 liði af stjórnborðskeðju togarans og togvír hans. Er þessu var lokið kl. 12.30, var haldið sem leið liggur áleiðis til Reykjavíkur, en þó reynt að sigla ekki þar, sem vitað var um slæman botn, ef dráttarvírinn skyldi taka niðri. Komið var á ytri höfnina í Reykjavík og varpað þar akkerum kl. 19.05. Voru þá liðnir 3 sólarhringar og rúmlega 6 klukkustundir, frá því Ægir hélt Goðanesi til hjálpar.

Á þeim slóðum, sem Goðanes var, frá því stýri þess festist í borði og þar til eftir að Ægir kom því til hjálpar, var sæmilegt veður, en talsverður sjór.

Samkvæmt matsgerð tveggja dómkvaddra manna, dags. 2. febr. 1950, mátu þeir b/v Goðanes með tilheyrandi tækjum í því ástandi, sem skipið var hér á Reykjavíkurhöfn, eftir að hjálpinni lauk, á kr. 3.360.000.00. Veiðarfæri, ís og vistir, er skipið hafði meðferðis, mátu þeir á kr. 123.300.00 og olíur á kr. 40.000.00. Nema fjárhæðir þessar samtals kr. 3.523.300.00.

Stefnandi reisir á því dómkröfur sínar, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða. Telur hann, að Goðanes hafi verið ósjálfbjarga í hættu statt, er Ægir kom því til hjálpar. Þá hafi Ægir og skipshöfn hans verið lögð í hættu við björgunina, sem tekið hafi langan tíma og verið erfið vegna slæms veðurs og þess, að skipið hafi verið óþjált í drætti, þar eð stýri þess var fast í borði. Hefur stefnandi krafizt þess, að matsverð hinna björguðu verðmæta verði hækkað til samræmis við gengislækkun þá, sem orðið hefur á íslenzkri krónu gagnvart sterlingspundi, eftir að björgunin fór fram, og miðar hann stefnukröfuna við það. Í stefnukröfunni eru innifaldar bætur, kr. 5.000.00, fyrir dráttarvír Ægis (120 faðma), þann er slitnaði, en stefnandi telur, að vírinn hafi eyðilagzt algerlega. Þá er og innifalin í stefnukröfunni þóknun, kr. 10.000.00, er stefnandi reiknar fyrir aðstoð v/s Hermóðs, en hann hafði skipið í leigu á þessum tíma. Leið tæpur sólarhringur, frá því að v/s Hermóður hélt Goðanesi til aðstoðar og þar til hann fór af vettvangi.

Stefndi hefur ekki véfengt, að hjálp sú, sem Ægir veitti Goðanesi í umrætt skipti, falli undir björgun. Hins vegar reisir hann dómkröfur sínar á því, að hin umstefnda krafa sé allt of há. Mótmælir hann því í fyrsta lagi, að matsverð hinna björguðu verðmæta verði hækkað í sam-

ræmi við gengislækkun íslenzkrar krónu. Telur hann, að við ákvörðun björgunarlaunanna beri eingöngu að miða við það verðmæti, sem var á hagsmunum, er þeim var bjargað, og skipti verðsveiflur til hækkunar eða lækkunar engu máli í þessu efni, enda hafi engin verðbreyting orðið á b/v Goðanesi við gengislækkun krónunnar. Í öðru lagi telur stefndi, að Goðanes hafi ekki verið í yfirvofandi hættu, er Ægir kom því til hjálpar, Ægir hafi heldur ekki lagt sig í sérstaka hættu við björgunarstarfið og það hafi ekki verið sérstaklega erfitt.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að dráttarvír sá, sem slitnaði, hafi ónýtzt og að tjón á honum hafi numið kr. 5.000.00. Bendir hann á, að sumarið 1949 var dráttarvír þessi notaður til þess að ná út steinkeri norður á Skagaströnd og hafi þá reynt mjög á hann. Telur stefndi hæfilegar bætur fyrir tjón á vírnum kr. 3.000.00, og þar sem stefnandi hefur ekki sannað gegn mótmælum hans, að tjónið hafi numið meiru, verður sú fjárhæð lögð til grundvallar bótum fyrir dráttarvírinn.

Loks hefur stefndi mótmælt fjárhæð þeirri, sem stefnandi reiknar fyrir aðstoð v/s Hermóðs, sem of hárri og bent á því til stuðnings, að rekstrarkostnaður hans á sólarhring nemi ekki meiru en 3.000.00—4.000.00 krónum.

Mati hinna dómkvöddu manna á hinum björguðu verðmætum hefur ekki verið hnekkt. Verður það því lagt til grundvallar við ákvörðun björgunarlaunanna, enda verður ekki séð, að síðari sveiflur á gildi íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi eigi að skipta máli við ákvörðun þeirra.

Telja verður, að b/v Goðanes hafi verið í hættu, er komið var honum til hjálpar. Skipið var stjórnlaust um hávetur, þegar allra veðra var von, skammt frá suðausturströnd landsins. Þá var Ægir í nokkurri hættu af því, að skipunum lenti saman, meðan viðgerðir á vélabiluninni í honum fór fram. Að öðru leyti verður ekki talið, að Ægir hafi verið lagður í hættu fram yfir áhættu þá, sem venjulega má telja því samfara að koma dráttartaugum í skip og draga það í slæmu veðri og sjó. Hjálp Ægis og aðstoð Hermóðs tók alllangan tíma, svo sem áður er sagt. Nam rekstrarkostnaður Ægis á starfsdag árið 1949 kr. 7.000.00 að meðtöldum vöxtum og fyrningu. Gögn um rekstrarkostnað Hermóðs á starfsdag liggja ekki fyrir. Hjálpin var fúslega veitt og tókst björgunin giftusamlega. Dráttur Goðaness var allerfiður vegna storms og mikils sjógangs mikinn hluta leiðarinnar svo og vegna þess, að stýri skipsins var fast í borði stjórnborðsmegin, og leitaði það því mjög til þeirrar hliðar í drætti.

Þegar öll framangreind atriði eru virt og önnur málsatvik, en þeim er lýst nákvæmlega hér að framan, þykja björgunarlaunin til stefnanda í heild hæfilega ákveðin kr. 370.000.00, og eru þar meðtaldar bætur fyrir tjón á dráttarvír Ægis og þóknun vegna aðgerða v/s Hermóðs. Ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 18.000.00, og er þar með tal-

inn matskostnaður. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í b/v Goðanesi N. K. 105 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum T. Júlínusi Júlínussyni og Jóni Kristóferssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda b/v Goðaness N. K. 105, greiði stefnanda, Pálma Loftssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins, kr. 370.000.00 með 6% ársvöxtum frá 25. maí 1950 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í nefndu skipi til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1952.

Nr. 149/1951. **Páll Vídalín Jónsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Gunnari Sveinbjörnssyni (Jón N. Sigurðsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um umráð og notkun vegar. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminnn, en Kristinn Ólafsson, fulltrúi sama sýslumanns, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögbannsgerð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1951, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að hin áfrýjaða lögbannsgerð verði felld úr gildi. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til 40. gr. laga nr. 34/1947, 11. gr. laga nr. 66/1913, sbr. nú 16. gr. laga nr. 24/1952, svo og með hliðsjón af almennum lagarökum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Páll Vídalín Jónsson, greiði stefnda, Gunnari Sveinbjörnssyni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 6. júlí 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. júní s.l., er höfðað fyrir aukaréttinum með stefnu, útgefinni 15. júní 1951, af Gunnari Sveinbjörnssyni bifreiðarstjóra, Brekku í Garðahreppi, gegn Páli V. Jónssyni, Hraunsholti, Garðahreppi, og gerir stefnandinn þær kröfur, að stefnda sé óheimilt að ýta burt eða setja aðrar tálmanir á veg þann, er liggur frá núverandi þjóðvegi heim að húsi hans, Brekku í Garðahreppi. Enn fremur krefst hann þess, að staðfest verði lögbannsgerð, er fram fór 5. júní s. l., og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, þar á meðal kostnaðinn við lögbannið.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins og taxta Lögmannafélags Íslands.

Tildrög máls þessa eru þau, að húsið Brekka var byggt fyrir 10—20 árum á landspildu, sem keypt var úr Garðalandi, og voru austurtakmörk spildu þessarar vesturbrún þáverandi þjóðvegar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Um sama leyti var landi jarðarinnar Hraunsholts skipt úr Garðalandi og það selt. Voru þá vesturmörk Hraunsholts austurbrún þjóðvegarins. Nokkru síðar var húsið Vatnsholt byggt á spildu úr Hraunsholtslandi við þjóðveginn, þannig að austurbrún þjóðvegarins réð mörkum að vestan.

Fyrir fáum árum var þjóðvegurinn færður lítils háttar til austurs á þessu svæði, vegna þess að taka þurfti af honum krók, en við það færðist hann austur fyrir húsið Vatnsholt og einnig nokkurn spöl frá húsinu Brekku. Jafnframt var tekin skák af Vatnsholtslandi undir þjóðveginn. Síðar afsalar vegamálastjóri eiganda Hraunsholts gamla veginum til eignar og umráða, sem síðar afsalar honum aftur til Páls V. Jónssonar, eiganda Vatnsholts.

Hinn 4. júní s. l. byrjaði stefndi að brjóta niður veginn með jarðýtu. Stefnandi vildi ekki una þessu, þar sem þetta var eini vegurinn heim að húsi hans og bílaverkstæði, sem hann rekur þar, og baðst þess sama dag,

að fógeti legði lögbann við því, að haldið yrði áfram að rífa niður veginn. Fór lögbannsgerðin fram daginn eftir.

Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að þar sem gamli þjóðvegurinn liggur allur í Garðalandi, hafi vegamálastjóri ekki haft heimild til samkvæmt vegalögum og ráðstafa honum til eiganda Hraunsholts, heldur hafi vegurinn aftur átt að falla til eiganda Garðalands.

Í öðru lagi byggir hann kröfu sína á 41. gr. vegalaganna nr. 101/1933, en þar er bannað að setja girðingar án hliðs yfir vegi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að hann hafi afsal fyrir landi því, sem um er deilt, og skipti í því sambandi ekki máli, þótt vegamálastjóri hafi farið út fyrir umboð sitt við afsalið. Pétur eða Páll geti ekki gerzt aðiljar slíks máls.

Í öðru lagi mótmælir stefndi því, að 41. gr. vegalaganna eigi við í þessu tilfelli.

Þegar stefnandi byggði hús sitt Brekku og bifreiðaverkstæði sitt þar hjá, staðsetti hann það við þjóðveginn, eins og hann var þá. Verður réttur-inn að líta svo á, að hann hafi mátt álíta, að hann gæti um ófyrirsjáanlega framtíð haft not vegarins heim til sín. Í 11. gr. girðingalaganna nr. 66 22. nóvember 1913 og 41. gr. vegalaganna nr. 101 19. júní 1933 er tekið fram, að ekki megi teppa umferð eftir vegi með girðingum, og virðast þessi ákvæði einnig ná til vega slíkrar tegundar, sem hér um ræðir. Virðist mega draga af þessu þá grundvallarreglu, að ekki megi hindra menn í að nota vegi, sem þeir hafa notað og lagðir hafa verið til almennings þarfa og stöðug umferð verið um í lengri tíma.

Með tilvísun til þessa ber að taka allar kröfur stefnandans í máli þessu til greina, þar á meðal að staðfesta lögbannsgerð, er fram fór hinn 5. júní s. l.

Þá ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, þar á meðal kostnað við lögbannsgerðina, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Páli V. Jónssyni, skal óheimilt að ýta burt eða setja aðrar tálmanir á veg þann, er liggur frá núverandi þjóðvegi heim að húsinu Brekku í Garðalandi.

Lögbannsgerð, er fram fór 5. júní 1951, staðfestist.

Stefndi greiði stefnandanum kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Lögbannsgerð fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. júní 1950.

Báðir málsaðiljar eru mættir hér. Gunnar Sveinbjörnsson, Brekku, krefst, að lögbann verði lagt við framhaldi verksins, svo úr því fáist skorið með dómi, hvað rétt er í þessu ágreiningsmáli, áður en vegurinn verði rifinn burtu.

Hann segir, að vegurinn hafi verið þarna, er hús hans Brekka var byggt,

og notaður síðan (að minnsta kosti í 13 ár) sem heimkeyrsluvegur og sé eini vegurinn heim að húsinu nú.

Gerðarþoli, Páll V. Jónsson, Vatnsholti, er einnig mættur.

Hann kveðst eiga þenna veg, sem honum hafi verið afhentur til eignar af Valdimar Péturssyni, Hraunsholti, með samþykki vegamálastjóra, og hafi honum verið afhent þetta land fyrir land, sem tekið var af honum við breikkun þjóðvegarins, en þá hafi verið teknir af honum ca 14 m meðfram allri lóðinni.

Hann kveðst því telja sér heimilt að ryðja burtu umræddum vegi og girða hann með sinni lóð, og byrjað hafi verið á því í gær.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð legði lögbann við því, að frekara yrði unnið við að ryðja burtu veginum eða gera ráðstafanir til framkvæmda, sem hindruðu umferð um hann, og bryndi fyrir gerðarþola, að ekki mætti aðhafast neitt það, er færi í bága við þessa gerð, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Fógeti krafðist af gerðarbeiðanda kr. 2.500.00 tryggingar vegna gerðarinnar.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Nr. 40/1951. **Guðmundur Þ. Magnússon, Kristján Steingrímsson og Helgi Þórðarson** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Legatssjóði Flensborgarskólans (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Riftun leigumála um jörð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1951. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt in solidum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðmundur Þ. Magnússon, Kristján Steingrímsson og Helgi Þórðarson, greiði in solidum stefnda, Legatssjóði Flensborgarskólans, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 31. marz 1951.

Ár 1951, laugardaginn 31. marz, var á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins af Kristni Ólafssyni sem setudómara og meðdómendum, þeim Pálma Hannessyni rektor og Árna Eylands stjórnarráðsfulltrúa, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 8. marz síðastliðinn.

Þar sem hinn reglulegi dómari Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti er formaður stjórnar Legatssjóðs Flensborgarskólans, sem er stefnandi máls þessa, vék hann ex officio dómarasæti í málinu, en Kristinn Ólafsson var með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. maí 1948, skipaður sem dómari til að fara með og dæma mál þetta, en setudómarinn hefur samkvæmt 200. gr. laga nr. 85/1936 kvatt til sem meðdómendur þá Árna Eylands stjórnarráðsfulltrúa og Pálma Hannesson rektor.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. marz 1948 af Eiríki Pálssyni, þáverandi bæjarstjóra í Hafnarfirði, f. h. Legatssjóðs Flensborgarskólans á hendur Guðmundi Þ. Magnússyni, Kirkjuveg 16, og Kristjáni Steingrímssyni, Norðurbraut 3, báðum í Hafnarfirði, sem erfðafestuábúendum á heimajörðinni Hvaleyri við Hafnarfjörð, og eru kröfur stefnandans í málinu aðallega, að ákveðið verði með dómi, að stefndu hafi fyrirgert erfðafesturétti sínum til jarðarinnar ásamt öllu henni tilheyrandi og þeir verði dæmdir til að flytja burt af henni þegar í stað. Til vara, að viðurkenndur verði gagnvart stefndu einkaréttur stefnanda til sand-, malar- og grjótnáms í landi jarðarinnar og stefndu bannaður hann. Hvor krafan sem tekin yrði til greina, krefst stefnandi þess einnig, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda bætur fyrir sand, möl og grjót, er þeir hafi tekið úr landi jarðarinnar, og fyrir jarðrask, allt eftir mati réttarins, ásamt 6% árs-

vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og til að greiða stefnanda in solidum málskostnað eftir mati réttarins.

Með framhalds- og sakaukastefnu, útgefinni 4. okt. 1949, gerir stefnandi enn þær kröfur gagnvart þeim Guðmundi Þ. Magnússyni og Kristjáni Steingrímssyni, að afsal Helga Þórðarsonar til þeirra fyrir húseignum o. fl. á Hvaleyri, dags. 1. ágúst 1947, verði dæmt ógilt, að því er snertir framseldan leigurétt á hálflendunni Hvaleyri svo og rétt til sand-, malar- og grjótnáms í landi hálflendunnar, allt eins og því er lýst nánar í nefndu afsali. Þá krefst framhaldsstefnandi og málskostnaðar úr hendi framhaldsstefndu í framhaldssök eftir mati réttarins.

Þá hefur framhaldsstefnandi einnig stefnt Helga Þórðarsyni frá Hvaleyri, nú til heimilis í verkamannabústöðum á Álfaskeiði, og gerir allar sömu kröfur á hendur honum og þeim Guðmundi Þ. Magnússyni og Kristjáni Steingrímssyni, in solidum við þá, bæði um missi réttinda yfir hálflendunni, rétt stefnanda til nytja hennar og greiðslu bóta fyrir sand-, malar- og grjótnám svo og aðrar skemmdir á jörðinni, einnig til ógildingar áðurnefnds afsals Helga Þórðarsonar, dags. 1. ágúst 1947. Enn fremur krefst stefnandinn þar greiðslu vaxta og málskostnaðar, eins og segir í aðalstefnu.

Við munnlegan flutning málsins gerði umboðsmaður stefnanda þá breytingu á kröfum, varðandi afsal Helga Þórðarsonar frá 1. ágúst 1947, að það verði dæmt ógilt, að því er snertir framsal á rétti til sand-, malar- og grjótnáms í landi Hvaleyrar.

Umboðsmenn aðilja lýstu yfir, að tilgangslaust væri að fara með kröfur samkvæmt aðalstefnu og framhaldsstefnu í máli þessu fyrir sáttanefnd, og leitaði dómurinn sátta um þær, en það varð árangurslaust.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur frambornar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, bæði í frumstefnu og framhaldsstefnu í máli þessu, og þeim jafnframt tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Samkvæmt ósk umboðsmanna aðilja ákvað dómurinn með skírskotun til 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936 um einkamál að skipta málinu þannig, að fyrst yrði dæmt um öll atriði stefnukrafna málsins önnur en þau, er snerta skaðabótakröfuna, bæði skaðabótaskyldu og skaðabótaupphæð, með áskildum rétti til að ræða síðar um skaðabótaskyldu og kröfuupphæð og annað, er hana varðar. Fjallar því þessi dómur um þær kröfur stefnanda aðallega, hvort stefndu hafi fyrirgert erfðafesturétti sínum til jarðarinnar og skuli flytja burt af henni þegar í stað, og til vara, hvort viðurkenna skuli einkarétt stefnanda til sand-, malar- og grjótnáms í landi jarðarinnar.

Málavextir eru sem hér segir:

Með bréfi, dags. 1. júní 1882, gáfu þau Þórarinn Böðvarsson, prófastur að Görðum á Álftanesi, og kona hans Þórunn Jónsdóttir m. a. heimajörðina Hvaleyri við Hafnarfjörð með tilheyrandi húsum til stofnunar alþýðu- og gagnfræðaskóla. Þessi skóli varð síðan Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, og hefur skólinn upp frá því átt jörðina og notað afgjald

hennar til styrktar starfsemi sinni. Fyrsti ábúandi jarðarinnar eftir þetta mun hafa verið Ágúst Flygenring, kaupmaður í Hafnarfirði, en árið 1916 sagði hann jörðinni lausri, og leigði þáverandi stjórnarnefnd skólans syni Ágústs Flygenring, Ingólfi, jörðina á erfðafestu til 50 ára frá fardögum 1916 að telja, en erfðafestubréfið er dagsett 15. júní 1916. Í byggingarbréfi þessu er svo sagt meðal annars, að leigutaka skuli skylt að hafa jörðina í viðunanlegri rækt, og enn fremur, að honum sé heimilt að selja eða afhenda öðrum ábúðarrétt sinn. Virðist jörðin hafa verið þannig leigð til venjulegrar ábúðar.

Með kaupsamningi, dags. 3. marz 1919, og afsali, dags. 11. s. m., seldi Ingólfur Flygenring síðan Þorgeiri Þórðarsyni á Þorgeirsstöðum við Hafnarfjörð erfðafesturétt sinn samkvæmt fyrrgreindu erfðafestubréfi frá 15. júní 1916. En Þorgeir seldi síðan Helga Þórðarsyni árið 1920, enda höfðu þeir verið saman um kaupin og Helgi tekið við ábúðinni af Ingólfi.

Á sama hátt seldi síðan Helgi Þórðarson sinn rétt þeim Guðmundi Þ. Magnússyni og Kristjáni Steingrímssyni, stefndu í máli þessu, með afsali, dags. 1. ágúst 1947.

Stefnandinn heldur fram, að upphaflega hafi Hvaleyrarjörðin verið leigð til ræktunar og búrekstrar og verið notuð þannig þangað til nú á síðustu árum, að ábúendurnir hafi auk þess farið að reka þar sand-, malar- og grjótnám og sölu þess í stórum stíl. Þeir hafi að staðaldri selt byggingarefni úr svonefndri Hvaleyrarfjöru og einnig brotið niður gróið land og grafið niður til að ná byggingarefni og selja. Telur stefnandinn slíka hagnýtingu jarðarinnar heimildarlausa, og auk þess hafi þeir með þessu valdið miklu jarðraski og tekið og selt sér til hagsbóta efni jarðarinnar, er landeigandi telji sig einan eiga og hafa heimild til að nota. Enn fremur séu sandtökuréttindi seld þeim Guðmundi Þ. Magnússyni og Kristjáni Steingrímssyni í afsali Helga Þórðarsonar frá 1/8 1947 án allrar heimildar.

Af greindum ástæðum telur stefnandi, að leigutakar jarðarinnar hafi fyrirgert ábúðarrétti sínum og gerzt bótaskyldir gagnvart landeiganda vegna hagnýtingar efnis úr jörðinni, er hann einn hafi rétt til, enda hafi stefndu með þessum aðgerðum sínum valdið landspjöllum og varanlegri verðrýrnun á jörðinni.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að þeir hafi valdið spjöllum á landi jarðarinnar. Þegar þetta mál var höfðað, höfðu þeir stefndu Guðmundur Þ. Magnússon og Kristján Steingrímsson haft erfðafesturéttindin liðlega hálft ár, og staðhæfa þeir að hafa engin landspjöll framið né spillt jörðinni á nokkurn hátt þann tíma. Sömuleiðis er því mótmælt, að stefndi Helgi Þórðarson hafi nein slík spjöll unnið á jörðinni né hinir stefndu, meðan Helgi hafði jörðina. Enn fremur mótmæla stefndu, að neitt liggi fyrir í málinu, er sýni, að um nein landspjöll hafi verið að ræða. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að jörðin sé leigð til erfðafestu með öllum gögnum og gæðum til lands og sjávar, þar með óskoruðum rétti til sands- og malartekju í landi jarðarinnar. Sérstaklega hafi annar

aðalleigjandi jarðarinnar, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, sýnt með athöfnum sínum, að sand- og malartaka fylgi erfðafesturéttindunum. Stefndu hafi því haft fullan rétt til að hagnýta sér sand og möl í landi jarðarinnar á hvern þann hátt, er þeir óskuðu, þó svo, að þeir hagi framkvæmdum sínum þannig, að þessi jarðefni gangi ekki til þurrðar.

Að lokum halda stefndu fram, að sand- og malartaka muni hafa verið stunduð í landi jarðarinnar í 40 ár og þannig til viðbótar skapazt hefð til handa erfðafestuhöfum, eða að minnsta kosti að stefnandi, sem hefur fylgzt með hagnýtingu jarðarinnar og sandtöku stefndu án þess að hreyfa neinum mótmælum, hafi með þögninni samþykkt notin, eins og þau hafi ætíð farið fram.

Hvaleyrarsandur, þar sem umrætt sandnám hefur fram farið, liggur í vík og gengur til suðurs inn af nesi því, er Hvaleyri heitir, sunnan við hafnarleguna. Á þessu nesi er öll Hvaleyrartorfan, en það eru jarðirnar Hvaleyri, sem er hálflenda á móti Vesturkoti, Hjörtskoti, Halldórskoti og Sveinskoti, en kot þessi eru nú öll eign Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar Helgi Þórðarson fór að búa á Hvaleyri, var sandurinn svo mikill, að ein breiða lá frá túngarðinum niður í fjöru á Hvaleyrarsandi. Virðist sandur þessi hafa aðallega myndazt við aðburð úr sjó, og hefur sandurinn fokið á land upp og safnazt þar mikið magn, en vafalaust þurft til þess mjög langan tíma.

Þegar vind hreyfði á vestan eða suðvestan, fauk sandur á túnin, svo að á vorin varð að hreinsa burt sand af túnunum.

Sandtaka þarna, svo heitið geti, virðist hafa byrjað á því, að Helgi Þórðarson fór að flytja sand á vögnum til Hafnarfjarðar og selja þar. Telur hann, að þetta hafi verið um 1923—24. Þessu hélt Helgi áfram næstu árin. Þá fóru og að koma bílar frá Reykjavík og taka sand, fyrst án leyfis, en síðan fór Helgi að selja þeim, sem til hans komu, á eina krónu bílhlassið, en flestir tóku þó leyfislaust. Um 1934 fékk Þórður B. Þórðarson bifreiðarstjóri leyfi hjá Helga til sandtöku fyrir 100 krónur á ári. Þá voru og synir bóndans í Vesturkoti að byrja að taka sand í leyfi föður síns og stefndi Guðmundur Þ. Magnússon í leyfi föður síns, er þá bjó á Hjörtskoti. Tveimur til þremur árum seinna bættist í hópinn stefndi Kristján Steingrímsson og hafði fyrst leyfi frá Helga Þórðarsyni, en fékk einnig seinna leyfi frá Hafnarfjarðarbæ, þannig að sandtakan hafði verið skilin undan jörðinni Sveinskoti. Telur Helgi, að Kristján hafi lengi frameftir greitt honum 100 krónur á ári fyrir sandtökuleyfi. En eftir 1934 mun Helgi Þórðarson hafa hætt allri sandtöku sjálfur. Sandnámið virðist hafa haldið þannig áfram með litlum breytingum, unz setuliðið kom 1941—1942 og tók jarðefni, aðallega sand, á þessu svæði eftir eigin geðþótta, a. m. k. til að byrja með. Eftir svo sem ár var sett þarna hlið og höfð við það gæzla um nokkurt skeið, og eftir það virðist setuliðið hafa greitt fyrir sandtöku eins og aðrir, en þó lægra verð.

Þegar kom fram á árið 1941—42, er talið, að sandnáma sú í Hvaleyrarsandi, sem verið hafði slétt yfir neðan úr fjöru og upp að túngarði, hafi verið þrotin.

Eftir það hafi verið tekinn neðan úr fjöru sandur, sem sjór ber þar upp í vissum áttum, en sandurinn var fluttur á bifreiðum upp fyrir kambinn, þegar lágsjávað var, og safnað þar. Hafa þeir stefndu Guðmundur Þ. Magnússon og Kristján Steingrímsson notað vélskóflur síðustu árin til þess að moka sandinum um fjöruna upp á bíla. Ekkert er í málinu upplýst um sandmagn þarna úti fyrir né heldur, hve miklu sjórinn skolar upp í fjöruna.

Þar sem túnin taka við fyrir norðan Hvaleyrarsand, eru mikil rof, sem kunna upphaflega að hafa myndazt af foksandi, en uppblástur hefur sýnilega ágerzt þar vegna töku jarðefna og hætta á frekari uppblæstri. Í málinu er því haldið fram, að þarna hafi setuliðið tekið mikið jarðefni til sinna nota. Auk þess er viðurkennt, að stefndu Guðmundur Þ. Magnússon og Kristján Steingrímsson hafi fyrir nokkrum árum flutt til grjót og tekið þarna foksand til undirbúnings ræktunar. Kartöflugarður er á nokkru af svæði þessu, en hitt óræktað ennþá. Hins vegar var við munnlegan flutning málsins lögð fram yfirlýsing af hálfu stefndu Guðmundar og Kristjáns, þar sem þeir lofa að láta lagfæra rofbakka þessa á vori komanda.

Það verður ekki séð, að í tíð stefndu hafi verið tekið í landi Hvaleyrar mold, grjót eða möl, svo neinu nemi eða nokkur landspjöll hafi getað stafað af því. En um sandnámið gegnir sérstöku máli. Matsmenn, sem dómkvaddir voru í málinu, segja svo í álitsgerð sinni:

„Sandnámið hefur hin síðari árin færzt mjög í aukana og verið unnið við það árið um kring með stórvirkum tækjum. Svo virðist, sem nokkur lægð hafi myndazt í sjávarkambinn, þar sem sandurinn er tekinn, og mun það að einhverju leyti stafa af því, að kambinum hefur verið eytt með sjálfri sandtökunni og umróti í sambandi við hana. Kunnugir telja, að kamburinn hafi lækkað lítillega síðustu áratugina. Eins og áður er að vikið, hefur ekki verið rannsakað, hversu mikið af lausum sandi er úti fyrir fjörunni. Þessi sandur má frekast skoðast sem reksandur og er að litlu leyti að uppruna úr því fasta landi, sem jörðunum tilheyrir. Hins vegar er augljóst, að sandrek þetta, um leið og það verður landfast, er orðið hluti jarðarinnar. Með tilliti til þess, að aðaltekjulind ábúanda sé nú sandtaka, verður að telja, að þar taki ábúendur til eigin ráðstöfunar og sölu verðmæti, er jörðinni tilheyra og geta þrotið, og þá verður slík sandtaka til rýrnunar á eigninni. Eftir skoðun lítum við svo á, að sandtakan á þessum stað hafi farið fram í það stórum stíl, að slíkt geti vart fallið undir venjuleg ábúðarafnot, þar sem sandtakan á fastalandinu hlýtur að rýra verðmæti jarðarinnar, eftir að slíkt byggingarefni er orðið verðmæt söluvara. Umrót og rask á sjávarkambinum hlýtur og að gera sjónum auðveldara að eyða honum."

Í ákvæðum ábúðarlaganna frá 12. jan. 1884, sbr. 13. gr., og enn skýrar í ábúðarlögum frá 19. júní 1933, sbr. 26. og 27. gr., kemur fram sú skoðun löggjafans, að ábúendur jarða megi engin jarðefni láta burt, svo að rýri varanlegar landsnytjar eða valdi varanlegum skemmdum, og er slíkt látið varða útbyggingu.

Það er upplýst í málinu, að stórkostlegum verðmætum af sandmagni hefur verið eytt, svo að mjög langt árabil þyrfti til að bæta að jöfnu, og efasamt, hvort hægt yrði nema með ærnum tilkostnaði að færa í samt lag. Auk þessa hefur sandnáman verið nytjuð þannig, að spillt hefur verið túni og fjörukambi, svo varanlegar skemmdir mættu af hljótast, ef ekkert er að gert í tíma.

Með því að umrætt sandnám og að nokkru leyti jarðspjöll, sem af því hafa hlotizt, hafa fram farið í tíð hinna stefndu sem ábúenda á Hvaleyrarhálflendunni, með þeirra atbeina og á þeirra ábyrgð, telur dómurinn, að þeir hafi þannig fyrirgert erfðafesturétti sínum til jarðarinnar ásamt öllu henni tilheyrandi samkvæmt erfðafestubréfinu til Ingólfs Flygenring frá 15. júní 1916, og ber samkvæmt 31. gr., 2. og 3. tölulið, laga nr. 87 frá 1933 þannig að taka aðalkröfu stefnanda til greina og dæma stefndu til að flytja burt af jörðinni þegar í stað.

Þá ber og að taka til greina þá kröfu stefnandans að ógilda afsal Helga Þórðarsonar frá 1. ágúst 1947, að því er varðar rétt til sandtöku í landi Hvaleyrar til handa stefndu Guðmundi Þ. Magnússyni og Kristjáni Steingrímssyni.

Þá ber að lokum að dæma stefndu Guðmund Þ. Magnússon og Kristján Steingrímsson til að greiða in solidum stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 7000.00, þar með talinn matskostnaður og kostnaður við myndatöku og uppdrátt af Hvaleyrarsandi.

Dómsuppsögn hefur dregizt lítils háttar vegna fjarveru dómaranna úr bænum um páskana.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu Guðmundur Þ. Magnússon og Kristján Steingrímsson hafa fyrirgert erfðafesturétti sínum að Hvaleyrarhálflendunni með öllu, sem fylgdi samkvæmt byggingarbréfi, dags. 15. júní 1916.

Framsal Helga Þórðarsonar í afsali 1. ágúst 1947 til handa stefndu Guðmundi Þ. Magnússyni og Kristjáni Steingrímssyni skal vera ógilt, að því leyti sem varðar sandtökuréttindi í Hvaleyrarlandi.

Stefndu Guðmundur Þ. Magnússon og Kristján Steingrímsson greiði in solidum stefnandanum, Legatssjóði Flensborgarskólans, málskostnað með 7000 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Nr. 75/1952. **Árnason, Pálsson & Co h/f**
gegn
H/f Rafmagni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Kærumálið nr. 11/1952.
Þorkell Björnsson
gegn
Bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 30. maí s.l., sem hingað barst 10. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar dóm bæjarþings Akureyrar 30. maí þ. á., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað frá dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Það athugast, að höfðun máls þessa og kæra héraðsdóms var að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorkell Björnsson, greiði varnaraðilja, bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 30. maí 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 23. þ. m., hefur stefnandi, Þorkell Björnsson, bóndi að Kífsá í Glæsibæjarhreppi, höfðað hér fyrir dómi eftir árangurslausa sáttatilraun með stefnu, útgefinni 29. marz s. l., á hendur Steini Steinsen bæjarstjóra f. h. bæjarstjórnar Akureyrar og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 40.000.00 eða aðra upphæð lægri eftir mati sem skaðabætur auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi sáttakæru 19. febrúar s. l. til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi krefst aðallega frávísunar og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara er kröfu stefnanda mótmælt sem rangri og óhæfilega hárri og þess krafizt, að bætur til handa stefnanda verði dæmdar samkvæmt mati dómkvaddra manna og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir máli sínu, að sumarið 1950 hafi starfsmenn vatnsveitu Akureyrar byrjað að færa saman kaldavermslalindir í landareign Kífsár, setja stíflur í læki o. fl. án heimildar stefnanda, sem er eigandi jarðarinnar. Næsta sumar var verki þessu haldið áfram, og heimilaði stefnandi það með þeirri forsendu, að fyrir vatnsvirkjunina yrðu greiddar bætur og um þær samið, áður en verkinu yrði framhaldið. Stefndi hafi hins vegar ekki fengizt til að greiða neinar bætur né semja um þær. Stefnandi telur, að nú þegar muni vera búið að veita í vatnsveitukerfi Akureyrar úr Kífsárlandi um 10 sekúndulítrum vatns. Komnir séu miklir skurðir, pípulagnir, stíflur, vegatroðningar o. s. frv. í landi jarðarinnar. Fyrir vatnstökuna, jarðrask í því sambandi o. fl. krefst stefnandi að fá dæmdar bætur samkvæmt því, er fyrr var greint.

Málflutningur um frávísunarkröfu stefnda hefur farið fram sérstaklega, og verður einungis dæmt um þá hlið málsins að þessu sinni.

Frávísunarkröfuna byggir stefndi á eftirfarandi. Samkvæmt 25. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 er bæjarstjórn rétt að taka vatn til þarfa vatnsveitu kaupstaðar í landareign annarra, enda séu landeigendur ekki sviptir

með því vatni til heimilis- og búsþarfa sinna samkvæmt III. kafla vatnalaganna. Samkvæmt 26. gr. sömu laga er landeiganda skylt að láta í té land og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðar og þola þær eignarkvaðir og óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér. Fyrir þetta skal greiða bætur eftir mati, nema samkomulag verði. Stefndi telur, að landeigandi hafi ekki verið sviptur neyzluvatni til heimilis og búsþarfa sinna með vatnstöku bæjarstjórnar í Kífsárlandi, og vatnstakan hafi farið fram með vitund hans og samþykki. Náist ekki samkomulag um bætur fyrir landsafnot og annað, sem skylt er að bæta landeiganda í sambandi við vatnstökuna samkvæmt 26. gr. vatnalaganna, skal ákveða bætur eftir mati. Mál út af slíkum ágreiningi ber ekki undir úrskurð dómstóla, heldur hlítir reglum XVI. kafla vatnalaganna.

Stefnandi mótmælir því, að frávísunarkrafan verði tekin til greina. Vatnstaka stefnda hafi verið formlega ólögleg, þar sem ekki hafi verið aflað ráðherraleyfis samkvæmt 143. gr. vatnalaganna, sbr. 32. gr., 2. lið, og ekki hafi verið beðið um eignarnám samkvæmt vatnalögunum. Hér sé því ekki um að ræða töku vatns samkvæmt þeim lögum, og stefnandi eigi engan annan kost en heimta sér bætur með málssókn, þar sem stefndi hafi ekki fengizt til að semja um bætur eða láta fara fram eignarnám.

Af gögnum málsins verður séð, að með bréfi 28. ágúst 1951 heimilar stefnandi stefnda að hefjast handa um töku neyzluvatns úr lindum í Kífsárlandi. Jafnframt tilkynnir hann, að hann hafi falið Jóni Sveinssyni hdl. að gera samninga fyrir sína hönd um vatnstökuna. Með bréfi, dags. 10. október 1951, sendi nefndur lögmaður samningsuppkast til stefnda um neyzluvatnstökuna, en stefndi tók ekki afstöðu til uppkastsins. Afturkallaði stefnandi það síðan með bréfi 14. des. s.l. Að lokum bannaði stefnandi stefnda með bréfi 26. marz s.l. frekari vatnstöku úr Kífsárlandi og höfðaði mál þetta um svipað leyti.

Samkvæmt 26. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 skal ákveða með matsgerð eftir 16. kafla laganna (sbr. 146. gr., 1. tölulið) bætur fyrir landsafnot og jarðrask í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, og ágreiningur um vatnstöku skal til lykta leiddur með sama hætti samkvæmt 4. lið 25. gr. laganna. Í máli því, sem hér um ræðir, er stefnt til bótagreiðslu fyrir vatnstöku, jarðrask og landspjöll í því sambandi vegna vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar. Slíkt mál ber að leiða til lykta með þeim hætti, er fyrrnefnd ákvæði vatnalaganna segja fyrir um. Ekki verður séð, að máli skipti í þessu sambandi, þótt stefndi hafi ekki aflað sér ráðherraleyfis til eignarnáms, enda fékkst leyfi stefnanda sjálfs þann 28. ágúst 1951. Stefnanda er og innan handar að fá metnar bætur sér til handa samkvæmt nefndum lögum, hvenær sem hann telur sér henta. Af þessu leiðir að taka ber til greina frávísunarkröfu stefnda og vísa máli þessu frá dómi. Eftir þeim málalokum ber samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 350.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Þorkell Björnsson, greiði stefnda, Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Kærumálið nr. 12/1952.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

gegn

Jóni Dúasyni.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí þ. á., er hingað barst 13. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 30. maí þ. á., en með honum var máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Jóni Dúasyni, kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. maí 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 21. þ. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 25. marz 1952, gegn dr. juris Jóni Dúasyni, Þingholtsstræti 28 hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* viðurkennt verði, að ríkissjóður sé eigandi dómkröfunnar í bæjarþingsmálinu nr. 834/1950: Jón Dúason gegn Oddnýju Sen og *að* stefndi verði dæmdur til að framselja ríkissjóði dóminn. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnda að mati dómarans.

Oddnýju Sen, Miklubraut 40 hér í bæ, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hún hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu, en til *vara*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum hefur hann krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Munnlegur málflutningur hefur sérstaklega farið fram um frávísunarkröfuna.

Málsatvik eru þau, að með dómi, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 15. september 1951, var Oddný Sen dæmd til að greiða stefnda í þessu máli kr. 154.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. des. 1947 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað. Þá var staðfest löghald, er stefndi hafði látið leggja á fasteign Oddnýjar Sen að Miklubraut 40 þann 5. des. 1950 til tryggingar kröfum þessum. Skuld þessi var samkvæmt skýrslu stefnda stofnuð seint á árinu 1946 og til 29. des. 1947. Bæjarþingsdómi þessum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi hafi ekki talið inneign þessa með eignum sínum á framtali því, er hann gerði í sambandi við eignakönnun þá, er fram fór (miðað við 31. des. 1947) samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 67 frá 1947. Telur stefnandi því, að samkvæmt 18. gr. laga þessara sé fé þetta eign ríkissjóðs.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að hér sé um upptöku eigna að ræða, en samkvæmt ákvæðum 6. tl. 2. gr. laga nr. 27 frá 1951 skuli rannsókn og meðferð slíkra mála sæta meðferð opinberra mála, og samkvæmt 4. gr. laganna skuli þau mál rekin fyrir sakadómi. Mál þetta heyri ekki undir bæjarþingið, og beri að vísa því þar frá dómi. Hefur stefndi bent á, að samkvæmt 19. gr. laga nr. 67 frá 1947 sé refsing við því lögð, ef gefnar séu rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir í hinu sérstaka framtali, sem ákveðið er í lögunum. Þá hefur stefndi bent á, að fjármálaráðherra hafi ekki vald til að fyrirskipa málshöfðun í því skyni að fá eignir gerðar upptækar, því samkvæmt ákvæðum 115. gr. laga nr. 27 frá 1951 sé það vald falið dómsmálaráðherra. Í máli þessu verði ekki séð, að dómsmálaráðherra hafi fyrirskipað neina málshöfðun á hendur stefnda.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu þessari verði hrundið.

Kröfu sína að þessu leyti byggir hann á því, að í 18. gr. eignakönnunarlaganna segi, að eign sú, er maður dragi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi undan við hið sérstaka framtal samkvæmt II. kafla laganna, falli óskipt til ríkissjóðs. Fé það, er þannig sé dregið undan, sé því eign ríkissjóðs án nokkurra sérstakra athafna af hans hálfu. Í VI. kafla laganna sé framkvæmd þeirra falin sérstakri nefnd, er fjármálaráðherra skipar. Nefnd þessi hafi nú fyrir löngu lokið störfum, og fjármálaráðherra hafi tekið við framkvæmd laganna, að því leyti er slíkt komi til enn. Fé það, sem hér sé um deilt, hafi stefndi ekki talið fram á eignakönnunarframtali sínu, og hafi það þar með orðið eign ríkissjóðs. Fjármálaráðherranum beri að sjá um, að það fé komi í ríkissjóð, og sé bær um að höfða mál til heimtu þess. Slík mál eigi að reka fyrir bæjarþingi, enda sé hér ekki um neina upptöku eigna að ræða. Beri því að hrinda frávísunarkröfunni.

Í 18. gr. laga nr. 67 frá 1947 segir svo: „Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi rangt frá eignum sínum á hinu sérstaka framtali samkvæmt þessum kafla, og skal þá eign sú, sem hann þannig dregur undan, falla óskipt í ríkissjóð". Þá segir í 19. gr. laganna, að hver sá, sem af ásetningi gefur rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar um eignir sínar á hinu sérstaka framtali, skuli sæta sektum. Þegar þessi ákvæði eignakönnunarlaganna eru virt, þykir ljóst, að í 18. greininni sé verið að gera eignir upptækar vegna brota á landslögum. Slík mál skal reka fyrir sakadómi og með þau farið að hætti opinberra mála samkvæmt ákvæðum 6. tl. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 27 frá 1951. Mál þetta verður því ekki rekið fyrir bæjarþinginu og ber því að vísa því þar frá dómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt með vísan til ákvæða 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma stefnanda til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþinginu.

Stefnandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Jóni Dúasyni, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 23. september 1952.

Nr. 163/1951: **Tivoli h/f** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson).

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. *Til vara* krefst hann þess, að úrskurðinum verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. *Til þrautavara* krefst hann þess, að lögtak verði aðeins heimilað til tryggingar kr. 1100.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að fógeti hafi ekki í úrskurði sínum tekið afstöðu til þeirrar varnarástæðu áfrýjanda í héraði, að niðurjöfnunarnefnd hafi brostið lagaheimild til að leggja á áfrýjanda svonefnt veltuútsvar.

Fógeti hefur réttilega tekið fram, að áfrýjandi hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík, er umrætt útsvar var á hann lagt. Fógeti hefur að vísu ekki rætt veltuútsvar sérstaklega, en þar sem hann hefur tekið afstöðu til útsvarsálagningarinnar í heild með hliðsjón af ákvæðum 4. gr. laga nr. 66/1945, þá þykir ekki alveg næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn.

Að því er varðar efni málsins, þá er sveitarfélögum og bæjar heimilað í 3. gr. nefndra laga nr. 66/1945 að leggja útsvar á gjaldþegna. Niðurjöfnunarnefnd ákveður upphæð útsvara eftir reglum 4. gr. sömu laga. Sú aðferð niðurjöfnunarnefndar að taka tillit til veltu fyrirtækja við álagningu út-

svara hefur stoð í 3. tölulið 4. gr. laganna, en þar segir, að taka skuli til greina við álagningu útsvars á gjaldþegn sérhvað, „er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar eða lækkunar." Verður útsvarsálagning á áfrýjanda því ekki talin hafa verið reist á röngum sjónarmiðum, og ekki þykir upphæð útsvarsins, miðað við það, sem fram er komið um hag félagsins, slík, að fjarstæða geti talizt. Þar sem niðurjöfnunarnefnd hefur þannig ákveðið útsvarið innan réttra valdmarka, er ekki á færi dómstóla að hrinda álagningunni né lækka upphæð útsvarsins. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tivoli h/f, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. júní 1951.

Gerðarþola, Tivoli h/f hér í bæ, var gert að greiða í útsvar fyrir ár 1950 til bæjarsjóðs Reykjavíkur kr. 16.800.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur gert þær dómkröfur í málinu, aðallega að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, en til vara, að aðeins verði leyfður framgangur gerðarinnar til tryggingar kr. 1100.00, sem hann telur samsvara útsvari, lögðu á eignir gerðarþola að meðtöldu hlutafé hans, samkvæmt reglum niðurjöfnunarnefndar. Þá hefur og umboðsmaður gerðarþola krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Byggir umboðsmaður gerðarþola kröfur sínar á því, að hann telur, að útsvar það, er um ræðir, hafi ranglega verið lagt á gerðarþola, þar eð ekki hafi verið heimild til þess að gera honum að greiða útsvar samkvæmt lögum nr. 66/1945. Hefur nefndur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram, að skilja beri 4. gr. nefndra laga þannig, að einungis sé heimilt að leggja útsvar á þær eignir gjaldþegns, sem kunni að vera fyrir hendi umfram skuldir. Séu skuldir hins vegar umfram eignir, sé ekki heimilt að leggja útsvar á gjaldþegn að því leyti. Þá segir enn

fremur í sömu lagagrein, að taka eigi til greina tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár. Samkvæmt þessu telur umboðsmaður gerðarþola ljóst, að ekki sé heimilt að leggja útsvar á gjaldþegn, sem á engar eignir umfram skuldir, og ef svo standi á, að um engar tekjur hafi verið að ræða hjá honum „síðastliðið ár." En þannig kveður umboðsmaður gerðarþola hafa verið ástatt um umbjóðanda sinn. Hefur hann lagt fram í málinu efnahags- og rekstrarreikning gerðarþola frá 1. janúar til 31. desember 1949, er sýnir, að gerðarþoli hefur ekki á árinu 1949 átt neinar eignir umfram skuldir og að rekstrartap gerðarþola á því ári hefur orðið kr. 152.978.59. Með skírskotun til þessa telur umboðsmaður gerðarþola samkvæmt því, sem áður segir, að eigi hafi verið lagaheimild fyrir því að leggja á gerðarþola umrætt útsvar.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak. Hefur hann mótmælt skilningi umboðsmanns gerðarþola á áðurgreindum ákvæðum útsvarslaganna og kröfum hans í málinu. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram í málinu bréf frá niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, dags. 22. febrúar s.l., þar sem gerð er grein fyrir þeim reglum, sem niðurjöfnunarnefnd fylgir um álagningu útsvara og hér skipta máli. Er þess þar getið, að niðurjöfnunarnefnd leggi eignarútsvar á hlutafé hjá hlutafélögunum sjálfum, en ekki á hluthafana. Hlutafé Tivoli h/f sé samkvæmt efnahagsreikningi þess kr. 300.000.00 og álagsbær eign til útsvars kr. 184.100.00. Þá séu afskriftir þær, sem gerðarþoli reikni sér, „óeðlilega og raunar óleyfilega háar", sbr. reglugerð um fyrningarfrádrátt frá 17. apríl 1944. Þá tekur nefndin það fram í bréfi sínu, að samkvæmt útsvarslögunum beri að leggja útsvör á „eftir efnum og ástæðum", þ. e. eftir mati niðurjöfnunarnefndar. Álagning veltuútsvara sé þannig ein af þeim leiðum, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur noti til að framkvæma þetta mat, en um það gilda engar ákveðnar eða bindandi reglur, þar eð það hljóti að vera háð „ástæðum", sem mjög séu breytilegar, — tegund atvinnurekstrar o. s. frv.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Gerðarþoli, Tivoli h/f, er einkafyrirtæki, rekið með það fyrir augum að hagnast af viðskiptum við almenning. Það hefur að því leyti enga sérstöðu, miðað við önnur einkafyrirtæki í landinu, og lýtur því öllum venjulegum lögum og reglum, er um slík fyrirtæki gilda, einnig ákvæðum útsvarslaganna. Um það hefur heldur ekki verið deilt í máli þessu, að félagið á eignir og að það hefur haft tekjur af starfrækslu sinni. En umboðsmaður gerðarþola hefur sem áður segir haldið því fram, að þar sem gerðarþoli hafi eigi á umræddu tímabili átt eignir umfram skuldir og ekki hafi verið um tekjur að ræða umfram gjöld, þá hafi verið óheimilt að lögum að leggja útsvar á gerðarþola. Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarþola getur rétturinn ekki fallizt. Þar sem það er vitað, enda kemur fram í efnahags- og rekstrarreikningi gerðarþola, að hann hefur á umræddum tíma átt eignir og haft tekjur af starfrækslu sinni, þá er gerðarþoli principielt útsvarsskyldur samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna, enda þótt ekki hafi verið um eignir að ræða umfram

skuldir, sem og ekki um tekjur umfram gjöld. Það var því að áliti réttarins heimilt samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna að leggja útsvar á gerðarþola. En upphæð þessa útsvars á samkvæmt ákvæðum nefndra laga niðurjöfnunarnefnd að ákveða „eftir efnum og ástæðum". Hér er sem sé ekki um það að ræða, að lagt hafi verið á rangan álagningarstofn eða álagningarstofn, sem ekki var til, heldur er hér raunverulega aðeins deilt um það, hvort ákvörðun niðurjöfnunarnefndar um upphæð útsvarsins hafi verið rétt, miðað við þann álagningarstofn, sem fyrir hendi var. En um það atriði er rétturinn ekki bær að úrskurða. Af framangreindum ástæðum er því ljóst, að rétturinn getur ekki tekið til greina framangreindar kröfur umboðsmanns gerðarþola í máli þessu. Hins vegar verður að fallast á kröfu gerðarbeiðanda og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Af þessu leiðir, að málskostnaðarkrafa umboðsmanns gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 13/1952:

Þórdís Davíðsdóttir

gegn

Skapta Davíðssyni.

Búskipti. Sala fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð þann, sem kærður er.

Með kæru 25. júní þ. á., sem hingað barst 10. júlí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 3. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar úrskurð, er upp var kveðinn í skiptarétti Reykjavíkur 20. júní þ. á. Með úrskurði þessum var tekin til greina krafa varnaraðilja um, að húseignin nr. 9 við Vegamótastíg í Reykjavík skuli seld á uppboði án tafar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði

hrundið og að synjað verði um sölu nefndrar húseignar á uppboði að svo stöddu. Svo krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með dómi Hæstaréttar 17. okt. 1951 var tekin til greina krafa sóknaraðilja um frestun á sölu nefndrar húseignar, unz dómsúrlausn sé um það fengin, hvaða verði 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verði metnir dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, enda leiti sóknaraðili dómsúrlausnar um það án tafar. Þegar hinn kærði úrskurður var upp kveðinn, voru 8 mánuðir liðnir frá uppsögu hæstaréttardómsins, og hafði sóknaraðili þá enn eigi hafizt handa um að fá dómsúrlausn um fyrrgreint atriði. Að vísu höfðu verið gerðar ráðstafanir til, að mat færi fram á jörðinni Útey II, en því virðist ekki hafa verið framfylgt af hennar hálfu með nægjanlegum hraða. Þykir hún ekki eiga rétt til þess, að sölu húseignarinnar verði lengur frestað, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð skiptaréttarins.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 20. júní 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., hefur sóknaraðili, Skapti Davíðsson, Útey í Laugardal, Árnessýslu, krafizt þess, að húseign dánarbús Davíðs Jóhannessonar, nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ, verði án tafar seld á opinberu uppboði. Varnaraðili, Þórdís Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9 hér í bæ, hefur mótmælt sölunni. Þá hafa aðiljar, hvor um sig, krafizt málskostnaðar.

Þann 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, til heimilis á Vegamótastíg 9.

Erfingjar hans eru börn hans, Skapti Davíðsson, sóknaraðili í máli þessu, og Þórdís Davíðsdóttir, varnaraðili.

Með bréfi, dags. 16. maí 1951, krafðist Skapti þess, að búið yrði tekið til opinberra skipta, og fór uppskrift á eignum búsins því næst fram 29. sama mánaðar. Aðaleignir búsins reyndust vera húseignin nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ. Við uppskrift þessa mætti Þórdís Davíðsdóttir, og lýsti hún því yfir, að hún myndi krefjast endurmats á jörðinni Útey II í Laugardal, en þessa eign kvað hún bróður sinn Skapta hafa fengið

sem fyrirframgreiðslu upp í arf. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 13. júní 1951 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 30. sama mánaðar. Á skiptafundi, er haldinn var í búinu 12. september 1951, krafðist Skapti Davíðsson þess, að eignir búsins, þar á meðal húseignin nr. 9 við Vegamótastíg, yrðu seldar sem fyrst á opinberu uppboði, en Þórdís Davíðsdóttir mótmælti þá sölunni og krafðist þess, að sölu á eignunum yrði frestað, þar til að séð yrði, hvaða verð á Útey II yrði lagt til grundvallar við skiptin, því undir því væri það komið, hvort hún gæti fest kaup á fasteign búsins, sem skipti sig verulegu máli að eignast. Þann 15. sept. f. á. féll síðan í skiptarétti Reykjavíkur úrskurður í máli þessu á þann veg, að sala skyldi fara fram. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar, og með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 17. október 1951, var úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hrundið, og hljóðar dómsorð Hæstaréttar þannig: „Fresta ber sölu á fasteigninni nr. 9 við Vegamótastíg með þeim hætti, er að framan greinir..." Vísar Hæstiréttur þar til forsendna dómsins, en að því er þetta mál varðar segir svo í forsendum hans:

„Telja verður, að sóknaraðilja sé það hagsmunamál, að sala á fasteign dánarbúsins, húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg, fari ekki fram, fyrr en dómsúrlausn er um það fengin, hvaða verði 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verða metnir dánarbúinu. Þykir því rétt, að sóknaraðilja sé veittur kostur á að leita þeirrar dómsúrlausnar án tafar, enda verði sölu á framangreindri fasteign frestað, þar til sú úrlausn er fengin."

Í bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 25. sept. 1951, hafði Ólafur Þorgrímsson hrl. hér í bæ óskað þess vegna Þórdísar Davíðsdóttur, varnaraðilja í þessu máli, að útnefndir yrðu 2 hæfir og óvilhallir menn til að meta umræddan jarðarhluta, og fór sú útnefning fram 28. sama mánaðar. Útnefningu þessa mun sóknaraðili hafa kært til Hæstaréttar með kæru, dags. 5. október 1951, og krafizt þess, að hún yrði ómerkt eða felld úr gildi, en með dómi réttarins 20. sama mánaðar var þeirri kröfu hrundið. Síðan fór hið umbeðna mat fram, og er það undirritað þann 1. apríl þ. á. Er matsverðið miðað við fardaga árið 1949, og er það að peningaverðmæti kr. 46.962.00. Þórdís Davíðsdóttir mun ekki hafa viljað una þessu mati, og er því með bréfi, dags. 10. f. m., óskað yfirmats á eigninni, en það yfirmat er ekki komið, enda mun hafa orðið ágreiningur um einn yfirmatsmanninn, sem endaði með því, að Þórdís Davíðsdóttir mun hafa með bréfi, dags. 13. þ. m., óskað eftir því, að sýslumaðurinn í Árnessýslu útnefndi annan mann í stað hans.

Í máli þessu heldur sóknaraðili því fram, að dráttur sá, sem orðið hafi á framkvæmd matsins á Útey II, hafi verið ástæðulaus. Auðvelt hafi verið allt til jóla að láta þetta mat fara fram vegna veðurs, en varnaraðili hafi ekkert gert til að hraða matinu, og sé honum því um að kenna, að endanlegt mat sé ekki komið. Þá kveður hann, að mat þetta út af fyrir sig skipti ekki máli, þar sem hinn látni hafi afhent sér jarðarhlutann sem fyrirframgreiðslu upp í arf með ákveðnu verði, og verði þeirri ráðstöfun ekki haggað nema með dómi. Telur hann því, að varnaraðili hefði

þegar í stað átt að höfða mál til þess að fá úr því skorið, hvaða verði 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II yrðu metnir dánarbúinu. Allur þessi dráttur sé þegar orðinn mjög óhagstæður fyrir búið og þegar þar við bætist, að húseignin liggi undir skemmdum vegna vanhirðu, verði ekki hjá því komizt að krefjast sölu á eigninni án tafar, ef búið eigi ekki að verða fyrir meira tjóni en þegar sé orðið.

Varnaraðili heldur því aftur á móti fram, að sér sé nauðsyn á að fá úr því skorið, með hvaða verði jarðarhlutinn Útey II verði reiknaður dánarbúinu við skiptin, áður en sala á húseign búsins fer fram, enda ákveði dómur Hæstaréttar frá 17. október síðastliðnum frestun á sölu húseignarinnar, þar til sú úrlausn sé fengin. Eigi hún enga sök á því, þótt matið hafi dregizt, enda hafi oft verið óskað eftir því við matsmennina, að þeir hröðuðu störfum. Telur hún engan vafa á því, að endanlegt matsverð jarðarhlutans verði tekið til greina við búskipti þessi, og skipti það því máli, hvert matsverðið sé. Þá neitar hún með öllu, að húseign búsins hafi fallið í verði eða búið borið nokkurt tjón af því, að sölunni hafi verið frestað.

Eins og fram kemur í máli þessu, er bú þetta undir opinberum skiptum, og ber því skiptaráðanda samkvæmt skiptalögunum að annast sölu eigna búsins á þann hátt, er telja má líklegastan til hagsbóta fyrir alla þá, er réttindi eiga í búinu, og draga eigi skipti á langinn, svo að leiða kunni til tjóns fyrir búið eða einstaka rétthafa í eignum þess. Eigandi þessarar fasteignar, sem hér um ræðir, Davíð Jóhannesson, andaðist 2. október 1950, og hófust skipti í búi þessu 29. maí 1951 með uppskriftargerð á eignum þess. Þótt álita megi, að varnaraðilja, Þórdísi Davíðsdóttur, kunni að vera hagur í því í sambandi við kaup á Vegamótastíg 9, að hinni umbeðnu sölu verði frestað, þar til dómsúrlausn er fengin um það, hvaða verði 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verði metnir dánarbúinu, þá þykir ekki fært að láta einhliða hag hennar ráða úrslitum um það, hvenær sala húseignarinnar fari fram, þar sem þegar er orðinn allverulegur dráttur á sölu eignarinnar og telja má, að allur frekari frestur á sölu þessarar eignar kunni að verða búinu sem heild til tjóns. Þykir því verða að taka kröfu sóknaraðilja til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Skapta Davíðssonar, um sölu við uppboð án tafar á eigninni Vegamótastíg 9 hér í bæ skal tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 14/1952:

Guðmundur H. Þórðarson f. h. Sælgætisgerðarinnar Caro

gegn

Guðlaugi Einarssyni.

Frávísun. Kærufrestur liðinn.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, þar sem sóknaraðilja var synjað um framhaldsfrest í máli varnaraðilja gegn honum. Hinn kærði úrskurður var upp kveðinn hinn 11. júní þ. á., og var sóknaraðili þá viðstaddur. Kæra sóknaraðilja barst héraðsdómara hins vegar eigi fyrr en hinn 19. júní s.l., og var kærufrestur því samkvæmt framangreindu þá liðinn, sbr. 1. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur Guðlaugur Einarsson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. f. m., gegn Guðmundi H. Þórðarsyni, Spítalastíg 5 hér í bænum, f. h. Sælgætisgerðarinnar Caro til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 6.900.00, útgefins 16. febrúar þ. á. af Guðjóni Steingrímssyni, Suðurgötu 68, Hafnarfirði, og samþykkts af stefnda f. h. Sælgætisgerðarinnar Caro, til greiðslu í Búnaðarbankanum 16. apríl þ. á., en víxill þessi er ábektur af útgefanda.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér fjárhæð víxilsins, kr. 6.900.00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest 15. f. m. Fékk stefndi þá 2 vikna frest til að rita greinargerð, og í þinghaldi 29. f. m. fékk stefndi framhaldsfrest í eina viku í sama skyni. Í þinghaldi 5. þ. m. óskaði stefndi enn eftir viku

framhaldsfresti til ritunar greinargerðar, en stefnandi mótmælti frekari frestveitingu. Lögðu aðiljar þá atriðið undir úrskurð.

Mál þetta er víxilmál, og verða því einungis fáar varnir hafðar uppi í því. Eins og að framan greinir, hefur stefndi þegar fengið verulegan frest til að tjá sig um sakarefnið. Hefur hann engin rök að því leitt, hvers vegna þeir frestir hafi ekki nýtzt honum. Með vísan til þessa og með skírskotun til 110. gr. laga nr. 85/1936 verður hinn umbeðni frestur ekki veittur gegn andmælum stefnanda.

Magnús Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 15/1952:

Kristinn P. Friðriksson

gegn

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Óla M. Ísakssyni f. h. Stefnis h/f.

Ómerking og frávísun vegna ólögmæts málatilbúnaðar og málflutnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 9. júní þ. á., er hingað barst 22. júlí þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. sbr. 148. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 4. júní þ. á., en með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um, að varnaraðili Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f verði skyldaður til að leggja tiltekin skjöl fram í dóm. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og nefndum varnaraðilja gert skylt að leggja skjölin fram. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar að skaðlausu.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerðir.

Athugun á málatilbúnaði og málflutningi í héraði af hálfu

sóknaraðilja, sem þar er sækjandi máls, hefur, að því er kæruefnið varðar, leitt í ljós það, sem hér segir.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta í héraði með stefnu, þingfestri 7. sept. 1950, á hendur varnaraðilja Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Í stefnu krafðist sóknaraðili greiðslu úr höndum nefnds varnaraðilja á kr. 23.563.49 ásamt vöxtum „vegna tjóns, sem varð á bifreið hans, R 1515, hinn 7. des. 1947", en bifreið þessi var húftryggð hjá varnaraðilja. Hinn 28. sept. 1950 lagði fyrirsvarsmaður stefnanda fram svonefnda greinargerð og reikningsyfirlit. Í greinargerð kveðst hann lækka stefnukröfuna um kr. 10.010.00. Er ekki greint í greinargerðinni né síðar í málflutningi, hvernig á þessari lækkun stendur, en þar sem fjárhæð sú, sem krafan er lækkuð um, er jafnhá tilteknum fjárhæðarlið á reikningsyfirlitinu, má ætla, að fallið sé frá þeim lið kröfunnar. Í greinargerðinni segir enn fremur: „Stefnukrafan byggist á tjóni, sem varð á bifreið umbjóðanda míns, R 1515, við útafkeyrslu 7. des. 1947, en sú bifreið var kaskótryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Upp í tjónið hefur félagið aðeins greitt kr. 5.178.16, og standa því eftir kr. 13.553.49."

Frekari lýsing á málavöxtum en að framan greinir er hvorki í stefnu né greinargerð. Enga skýrslu er þar að finna um atvik að bifreiðarslysinu, hver spjöll urðu á bifreiðinni né um afdrif hennar eftir slysið. Engin grein er gerð fyrir því, hvernig einstakir fjárhæðarliðir á reikningsyfirlitinu eru ákveðnir, en um það veitir reikningsyfirlitið sjálft litla fræðslu.

Í greinargerð varnaraðilja í héraði, er fram var lögð 14. des. 1950, er stefnukröfunni mótmælt í heild og enn fremur einstökum fjárhæðarliðum á reikningsyfirlitinu, ýmist sem óviðkomandi varnaraðiljanum eða sem órökstuddum áætlunarliðum, er sumir munu þó eiga að styðjast við matsgerðir, sem ekki hafa verið lagðar fram í málinu.

Eftir að málið var þingfest, fóru fram allvíðtækar vitnaleiðslur að tilhlutan sóknaraðilja í þinghöldum 13. sept. og 3. okt. 1950 og 19. janúar, 30. marz, 11. og 13. apríl 1951. Voru þá teknar vitnaskýrslur af fyrirsvarsmanni og nokkrum starfsmönnum Stefnis h/f um bráðabirgðaviðgerð á bifreiðinni, er framkvæmd hafði verið af nefndu félagi í desember

1947. Vitnaleiðslur þessar komu þó ekki neitt við stefnukröfunni og stóðu ekki í sambandi við neina fjárhæðarliði á reikningsyfirlitinu. Hins vegar varða vitnaleiðslurnar kröfu, er sóknaraðili gerði í framhaldsstefnu, þingfestri 6. marz 1952. Er engin grein gerð fyrir þessu af hálfu sóknaraðilja fyrr en í greinargerð í framhaldssök, er fram var lögð 20. marz 1952. Gerir þetta málflutninginn til þess tíma mjög torskilinn og ruglingslegan.

Eins og áður segir, andmælti varnaraðili í héraði í greinargerð 14. des. 1950 kröfum sóknaraðilja í frumstefnu. Eftir þetta er málið mörgum sinnum tekið fyrir á dómþingi, án þess að lögð séu fram af hálfu sóknaraðilja nokkur gögn til styrktar eða glöggvunar á stefnukröfunni. Það er ekki fyrr en í apríl 1951 og síðar, að smám saman eru tínd fram gögn, er varða kröfu í frumstefnu og reikningsyfirlitið, en öll þau gögn voru fyrir hendi í upphafi máls. Þannig er hinn 11. apríl 1951 lögð fram tjónstilkynning til varnaraðilja í héraði um bifreiðarslysið, dags. 9. des. 1947. Sama dag er lögð fram matsgerð dómkvaddra manna um spjöll á bifreiðinni, dags. 30. sept. 1948. Önnur matsgerð, er varðaði tjónið, dags. 4. febr. 1948, var lögð fram af hálfu varnaraðilja hinn 16. okt. 1951, og verður ekki séð, að fyrirsvarsmaður sóknaraðilja hafi gert tilraun til að afla hennar. Sama dag, 16. október, lagði fyrirsvarsmaður sóknaraðilja fram aðiljaskýrslu frá umbjóðanda sínum, dags. 2. sept. 1948, og hinn 25. okt. 1951 lagði hann fram endurrit gamalla reikninga, er varða viðgerð á bifreiðinni. Er samband þeirra við stefnukröfuna og reikningsyfirlitið að ýmsu leyti óglöggt, enda skortir greinargerð um tengsl reikninganna við stefnukröfuna. Loks lagði fyrirsvarsmaður sóknaraðilja fram í þinghaldi 27. nóvember 1951 endurrit mats, varðandi málningu bifreiðarinnar, dags. 29. sept. 1948.

Hinn 6. marz 1952 er þingfest framhaldsstefna, þar sem sóknaraðili krefst tveggja fjárhæðaliða, kr. 3156.84 og kr. 4500.00, til viðbótar kröfu sinni í frumstefnu. Kveður fyrirsvarsmaður sóknaraðilja fyrri kröfuliðinn vera til orðinn vegna fyrrgreindrar bráðabirgðaviðgerðar á bifreiðinni í des. 1947, og er auðsætt, að þá kröfu hefði mátt gera í frumstefnu. Síðara kröfuliðinn, kr. 4500.00, telur fyrirsvarsmaðurinn í

greinargerð framhaldssakar vera til kominn af því, að í ljós hafi komið við rekstur málsins, að tjón sóknaraðilja hafi orðið meira en í frumstefnu segir. Er ekki gerð nánari grein fyrir þessu né því lýst, hvernig fjárhæð kröfuliðsins sé ákveðin.

Hér hefur verið rakið í aðaldráttum, hvernig mál þetta hefur verið upp tekið og rekið í héraði af hálfu sóknaraðilja og fyrirsvarsmanns hans. Brýtur þetta svo mjög í bág við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um málatilbúnað og skýran og greiðan málflutning, að ómerkja verður hinn kærða úrskurð og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Þar sem varnaraðiljar hafa ekki krafizt kærumálskostnaðar, fellur hann niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður svo og öll meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 29. f. m., hefur Kristinn P. Friðriksson, Týsgötu 5 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 7. sept. 1950, gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hér í bænum, til greiðslu á kr. 23.563.49 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í greinargerð lækkaði stefnandi dómkröfur sínar um kr. 10010.00 eða í kr. 13553.49.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 29. febrúar þ. á., hækkaði stefnandi dómkröfur sínar um kr. 7.656.84 með 6% ársvöxtum af kr. 1.868.96 frá 2. nóvember 1949 til 29. febrúar þ. á. og af kr. 6.368.96 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu í framhaldssök.

Stefndi hefur krafizt sýknu í frumsök og framhaldssök og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þau að sögn stefnanda, að bifreið hans R 1515 hafi orðið fyrir skemmdum við, að henni var ekið út af Hafnarfjarðarvegi 7. des. 1947, en bifreið þessi hafi verið „casco"-tryggð hjá stefnda. Taldi stefnandi, að tjón sitt, er stefnda bæri að bæta, hefði numið samtals kr. 28.742.65, en upp í það hefði stefndi aðeins greitt kr. 5.178.16, og ætti því enn eftir að greiða honum vegna fyrrgreinds tjóns fjárhæð þá, sem krafizt var í stefnu frumsakar. Svo sem fyrr segir, lækkaði stefnandi síðan í greinargerð kröfur sínar um kr. 10.010.00, og þykir mega ráða af skjölum málsins, að sú lækkun sé reist á því, að stefnandi falli

frá að krefjast þess, að stefndi greiði honum bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar.

Kröfur sínar í framhaldssök sundurliðar stefnandi svo, að kr. 4.500.00 séu vegna þess, að heildartjónið á R 1515 hafi orðið meira en ætlað hafi verið, er mál þetta var höfðað. Enn fremur beri stefnda að greiða kr. 3.156.84 vegna viðgerðar, sem hafi farið fram á R 1515 í desember 1947, eftir að hún hafi skemmzt við útafaksturinn. Viðgerð þessi var framkvæmd af bifreiðaverkstæðinu Þrótti h/f hér í bæ. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 29. sept. 1949 var stefnandi máls þessa dæmdur til að greiða Þrótti h/f kr. 1.868.96 auk vaxta og málskostnaðar, en af nefndri fjárhæð voru kr. 1.722.72 vegna fyrrgreindrar viðgerðar á R 1515, en kr. 146.24 voru vegna viðgerðar á bifreiðinni R 3715. Í málinu hafði stefnandi máls þessa krafizt sýknu af kröfunni um greiðslu á viðgerðarkostnaði R 1515, en ekki þótti efni til að taka þá kröfu til greina. Svo virðist af skjölum málsins, að stefnandi hafi greitt Þrótti h/f samkvæmt nefndum dómi samtals kr. 2.488.84, en ekki er fullljóst, í hverju er fólginn mismunur síðastnefndrar fjárhæðar og þeirra kr. 3.156.84, sem stefnandi krefst í þessu máli, að stefndi greiði honum vegna margnefndrar viðgerðar á R 1515.

Í þinghaldi 15. f. m. lagði stefnandi fram auk annarra skjala afrit af viðskiptamannareikningi Þróttar h/f við stefnanda. Jafnframt krafðist hann þess, að Þróttur h/f yrði með úrskurði skyldaður til að leggja fram í máli þessu nokkur nánar tilgreind skjöl. Þar sem stefnandi lýsti hins vegar yfir, að hann hefði eigi reynt að fá skjöl þessi til afnota í máli þessu án úrskurðar, synjaði dómarinn um að taka beiðni stefnanda til úrskurðar að svo stöddu.

Í þinghaldi 29. f. m. lagði stefnandi fram auk annarra skjala afrit af bréfi sínu til Óla M. Ísakssonar, forstjóra Stefnis h/f (áður Þróttar h/f), þar sem hann krafðist þess, að forstjórinn afhenti til afnota í bæjarþingsmáli þessu öll fylgiskjöl með viðskiptareikningi Þróttar h/f við stefnanda á tímabilinu 1. sept. 1947 til 31. janúar 1948. Jafnframt krafðist stefnandi þess í þinghaldi þessu, að þar sem nefndur forstjóri Stefnis h/f hefði ekki sinnt áskoruninni, yrði hann skyldaður með úrskurði bæjarþingsins til að leggja fram í máli þessu eftirtalin skjöl:

1. Öll vinnukort og vinnuskýrslur varðandi bifreiðarnar R 1515 og R 3715 fyrir tímabilið 1. september 1947 til 31. janúar 1948.

2. Allar nótur um aðkeypt efni á sama tímabili.

Þar sem dómarinn taldi eftir atvikum þarflaust að kveðja Óla M. Ísaksson forstjóra fyrir dóm út af kröfu stefnanda, tók hann atriðið þegar til úrskurðar.

Stefnandi virðist reisa fyrrgreinda kröfu sína um úrskurð á því, að svo kunni að vera, að rangt sé, að viðgerðin á R 1515 hafi byrjað 9. desember 1947, en samkvæmt vinnukortum frá Þrótti h/f, sem þegar hafa verið lögð fram í málinu, hefur vinna við viðgerðina hafizt þann dag. Hins vegar hefur stefnandi haldið því fram í aðiljaskýrslu sinni, að viðgerðin hafi ekki hafizt fyrr en skoðunarmaður frá stefnda hafi at-

hugað bifreiðina miðvikudaginn eða fimmtudaginn næst eftir slysið, þ. e. 10. eða 11. des. Virðist rökstuðningur stefnanda fyrir kröfu sinni um, að Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis verði skyldaður til að leggja fram fyrrgreind skjöl, vera sá, að þau kunni að bera með sér, að viðgerðin hafi ekki byrjað fyrr en eftir 9. desember og eftir að skoðunarmaður stefnda hafði athugað skemmdirnar á bifreiðinni. Telur stefnandi, að takist að leiða þetta í ljós, séu meiri möguleikar fyrir sig að sanna, að margnefnd viðgerð hafi verið framkvæmd eftir munnlegri beiðni frá stefnda og að honum beri þess vegna að greiða allan kostnað, sem stefnandi hafi af henni haft.

Að því er tekur til vinnukorta, vinnuskýrslna eða nóta yfir efniskaup, varðandi viðgerðir á bifreiðinni R 3715 svo og viðgerðir á R 1515, aðrar en viðgerð þá í des. 1947, sem fyrr er nefnd, þá eru þær viðgerðir allar óviðkomandi þessu máli. Þykir sýnt, að skjöl, varðandi þær, geti engu ráðið um úrslit þessa máls, og verður Óli M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f því ekki skyldaður til að leggja þau fram samkvæmt 148. gr. laga nr. 85/1936.

Lögð hafa verið fram í málinu vinnukort manna þeirra, sem unnu við viðgerðina á R 1515 í des. 1947, þeirra Árna Jóhannessonar verkstæðisformanns og Halldórs Eyjólfssonar og Theódórs Guðmundssonar. Samkvæmt vinnukortum þessum hefur vinna við viðgerð bifreiðarinnar hafizt 9. des. 1947, eins og fyrr segir. Þeir Árni Jóhannesson og Halldór Eyjólfsson hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu og kannazt við nafnritanir sínar á kortunum. Hafa þeir borið, að kort þessi séu frumrit og að dagsetningar séu jafnan réttar á kortunum. Loks hafa þeir báðir talið, að á þeim tíma, sem margnefnd viðgerð fór fram á R 1515, hafi starfsmenn Þróttar h/f engar aðrar skýrslur ritað um vinnu sína heldur en vinnukort eins og þau, sem liggja frammi í málinu. Enn fremur hefur Ólafur Björn Þorsteinsson borið, að vinnukort þau, sem fram hafa verið lögð í málinu, séu einu skýrslur, sem starfsmenn bifreiðaverkstæðisins hafi látið bókhaldi þess í té um vinnu sína við fyrrgreinda viðgerð á R 1515. Gegn vættum þessum hefur stefnandi engin rök að því leitt, að til séu önnur vinnukort um viðgerðina á R 1515 en þau, sem þegar liggja frammi í málinu.

Árni Jóhannesson hefur borið fyrir dómi, að hann muni hafa keypt eitthvað af varahlutum hjá Sambandi íslenzkra samvinnufélaga til að nota við viðgerðina á R 1515. Hins vegar hefur hann ekkert getað um það sagt, hvort viðgerðin var þá hafin eða ekki. Er ekkert komið fram í málinu, sem bendi til þess, að nótur yfir varahlutina, þó til væru, gætu nokkra fræðslu veitt um það, hvort viðgerðin hafi byrjað 9. des. eða síðar. Þykir þegar af þeirri ástæðu sýnt, að skjöl þessi geti engu skipt um úrslit máls þessa.

Með vísan til alls þess, sem að framan er rakið, þykir ekki efni til að skylda Óla M. Ísaksson f. h. Stefnis h/f til þess samkvæmt 148. gr. laga nr. 85/1936 að leggja fram nein þau skjöl, sem stefnandi hefur krafizt framlagningar á.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Framangreind krafa stefnanda, Kristins Friðrikssonar, um framlagningu skjala verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 16/1952:

Geir og Hákon Herbertssynir og
Gerða og Hrefna Herbertsdætur
gegn
Ólafíu Árnadóttur og Hauki Herbertssyni f. h.
dánarbús Herberts Sigmundssonar
og gagnsök.

Frávísun vegna vanreifunar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 21. ágúst þ. á., sem hingað barst 26. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 16. s. m., þar sem vísað var frá skiptaréttinum kröfu sóknaraðilja um, að þeim sé veitt færi á því að athuga bókhald fyrirtækisins Herbertsprents fyrir síðustu ár, eða frá 1. janúar 1947, en málskostnaður niður felldur. Krefjast sóknaraðiljar þess, að úrskurði skiptaréttarins verði hrundið og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa með kæru 22. ágúst þ. á., sem hingað barst 26. s. m., skotið úrskurðinum til Hæstaréttar og krafizt þess, að frávísunarákvæði úrskurðarins verði staðfest og sóknaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kostnað sakarinnar fyrir skiptarétti svo og kærumálskostnað.

Sóknaraðiljar hafa ekki talið nægilega skýrt málsástæður

sínar og alls ekki greint lagarök fyrir kröfum sínum, og er málið þannig vanreifað af þeirra hendi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum in solidum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Geir og Hákon Herbertssynir og Gerða og Hrefna Herbertsdætur, greiði varnaraðiljum, Ólafíu Árnadóttur og Hauki Herbertssyni vegna dánarbús Herberts Sigmundssonar, in solidum kr. 300.00 kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. ágúst 1952.

Þann 14. apríl 1931 andaðist hér í bænum Herbert Sigmundsson prentsmiðjueigandi. Kona hans, frú Ólafía Árnadóttir, fékk með bréfi lögmannsins í Reykjavík, dags. 22. maí sama ár, leyfi til setu í óskiptu búi. Með uppskriftargerð, er fram fór þann 23. nóv. 1951, var bú þetta tekið til opinberrar skiptameðferðar, og fór þá fram virðing á húsmunum, og auk þess voru skipaðir í réttinum virðingarmenn til að meta húseign búsins og aðrir til að meta prentsmiðju, pappírsbirgðir, bókaeign (forlag) og vörubirgðir verzlunarinnar, og er mat húseignarinnar dagsett 31. des. 1951, en mat á hinum eignum búsins er dagsett 30. jan. 1952. Auk þess hefur skiptaréttinum borizt rekstrarreikningur fyrir Herbertsprent frá 1. jan. til 31. des. 1951 ásamt efnahagsreikningi fyrirtækisins pr. 31. des. 1951, saminn af Ara Thorlacius endurskoðanda, dags. 19. apríl 1952. Var gengið út frá því, að í þessum gögnum væru allar eignir búsins, sem til væru í búinu við upphaf skipta. Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 5. maí síðastliðinn, lét ekkjan þá ósk í ljós, að hún fengi allar eignir búsins útlagðar. Enginn ágreiningur hefur komið fram um rétt ekkjunnar til útlagningar á eignum búsins, og í réttarhaldi 21. sama mánaðar lýstu aðiljar því yfir, að þeir sættu sig við matið og myndu ekki krefjast yfirmats á hinum uppskrifuðu og virtu eignum.

Á skiptafundi í búi þessu þann 14. maí 1952 kom fram ósk frá umboðsmanni nokkurra erfingjanna í búinu um það, að þeim gæfist kostur á að kynna sér bókhald fyrirtækisins fyrir síðustu ár eða frá 1. janúar 1947, en þessari ósk erfingjanna var þegar neitað.

Með bréfi, dags. 26. júní síðastliðinn, rita erfingjarnir Geir, Gerða, Hákon og Hrefna skiptaráðanda bréf, þar sem þau krefjast þess að fá

að fara yfir bækur dánarbúsins frá 1. janúar 1947, og tilkynna þau í sama bréfi, að þau muni tilnefna þá Hákon Herbertsson og Árna M. Jónsson til að yfirfara bækurnar. Var krafa erfingja þessara tekin fyrir á skiptafundi í búinu þann 8. júlí síðastliðinn, og þar sem ekkjan mótmælti þessari kröfu erfingjanna, var ákveðið, að ágreiningsatriði þetta yrði tekið fyrir og úrskurðað í sérstöku máli. Sama dag var mál þetta tekið fyrir, og lögðu sóknaraðiljar Hrefna Herbertsdóttir, Löngulhlíð 9, Hákon Herbertsson, Bankastræti 3, Geir Herbertsson, Bergþórugötu 59, og Gerða Herbertsdóttir, Ásvallagötu 22, fram í réttinum fyrrgreint kröfubréf ásamt greinargerð. Varnaraðili Ólafía Árnadóttir fékk frest til 14. sama mánaðar til þess að koma að greinargerð af sinni hálfu, en í sama réttarhaldi óskaði Haukur Herbertsson framkvæmdarstjóri að ganga inn í málið með móður sinni, og var það samþykkt. Á tilteknum degi var mál þetta tekið fyrir aftur, og lögðu þá varnaraðiljar fram greinargerð af sinni hálfu, og var í henni aðallega krafizt frávísunar málsins frá skiptaréttinum, en til vara, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið. Eftir að leitað hafði verið árangurslaust sátta í máli þessu, var ákveðinn frestur til gagnasöfnunar þar til 5. þ. m. Var þá mál þetta tekið fyrir á ný og ákveðið, að fram færi munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna sérstaklega. Fór sá málflutningur fram hér í skiptaréttinum 6. þessa mánaðar, og var ágreiningsatriði þetta þá tekið undir úrskurð.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Varnaraðili byggir frávísunarkröfuna á því aðallega, að skiptaráðanda bresti vald til að heimila sóknaraðilja eða öðrum aðgang að bókhaldi og reikningum búsins, en auk þess telur hann málið svo illa upplýst af hálfu sóknaraðilja, að það varði frávísun.

Sóknaraðili hefur aftur á móti haldið því fram, að þetta heyri undir úrskurð skiptaráðanda og sé einmitt innan hans verksviðs, þar sem þetta sé þáttur í því að upplýsa, hverjar eignirnar eru í búinu, en það sjáist frekast með því að yfirfara bækur búsins og samprófa við þær, að allar eignir búsins hafi verið taldar fram við uppskriftina. Þá taldi hann, að nægileg gögn í sambandi við frávísunarkröfuna væru komin fram.

Verksvið skiptaráðanda er að sannprófa, hverjar eru eignir búa þeirra, sem eru undir opinberum skiptum, enda eru slík bú undir umsjá hans, á meðan á skiptum stendur. Hann skipar votta og virðingarmenn til að meta eignir búa. Þá skipar hann og sérfróða menn, ef þurfa þykir, til að endurskoða undir sinni umsjá skjöl og bækur, er kunna að geta gefið upplýsingar um eignir búa og skuldir. Hins vegar verður ekki talið, að skiptaráðandi hafi vald til að veita einstökum erfingjum sjálfstæðan rétt til slíkrar rannsóknar, nema fullt samkomulag sé um það.

Af þessum ástæðum verður ekki talið, að skiptaráðandi sé bær um að veita sóknaraðiljum hina umbeðnu heimild til að yfirfara bækur búsins, og þykir því verða að vísa málinu frá skiptaréttinum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna sumarleyfa og anna hefur ekki verið unnt að kveða upp þenna úrskurð fyrr.

Því úrskurðast:
Kröfu sóknaraðilja í máli þessu er vísað frá skiptaréttinum.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 17/1952:

Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson

gegn

Jóni Kjartanssyni sýslumanni, Andrési Á. Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni.

Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 30. ágúst þ. á., sem hingað barst 9. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn í fógetadómi Skaftafellssýslu hinn 30. ágúst þ. á., þar sem hinn reglulegi fógeti, Jón Kjartansson, neitaði að víkja sæti í fógetamáli varnaraðiljanna Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar á hendur sóknaraðiljum. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að víkja sæti í málinu svo og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljarnir Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar. Af hendi varnaraðiljans Jóns Kjartanssonar sýslumanns hafa engar kröfur verið gerðar.

Hinn 30. ágúst var fógetadómur Skaftafellssýslu háður í Vík í Mýrdal af hinum reglulega fógeta, Jóni Kjartanssyni. Tekin var til meðferðar krafa varnaraðilja máls þessa, þeirra Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar, bænda í Kerlingardal, um, að lagt yrði lögbann við því, að sóknaraðiljar héldu áfram björgunarframkvæmdum á hrájárni, sem liggur sandi orpið á Dynskógafjöru, en járni þessu var varpað í sæ 1941 úr skipinu e/s Persíer, er strandaði fyrir fjöru þessari. Varnaraðiljarnir Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson telja sig hafa helgað sér járnið fyrir fjörueign sína. Sóknaraðiljarnir Lárussynir telja sig eiga björgunarrétt á því samkvæmt heimild frá Skipaútgerð ríkisins, sem öðlazt hafi björgunarrétt á því eða jafnvel eignarrétt fyrir hönd ríkisins. Loks leiða sóknaraðiljarnir Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson ætlaðan rétt sinn til járnsins af samningi við varnaraðiljana Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson, bændur í Kerlingardal.

Fyrir fógetadómi kröfðust umboðsmenn sóknaraðilja, að fógeti viki sæti, þar sem hann hefði með afskiptum sínum af málinu sem yfirvald dregið taum þeirra Kerlingardalsbænda. Fógeti taldi þessa kröfu óréttmæta, og með því að rök hans fyrir synjun um að víkja sæti standa óhrakin, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum Andrési Á. Pálssyni og Daníel Guðbrandssyni in solidum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Jóni sýslumanni Kjartanssyni verður ekki dæmdur kærumálskostnaður, þar sem hann hefur ekki krafizt hans.

Það athugast, að samningu hins kærða úrskurðar er áfátt að því leyti, að þar er ekki getið málsaðilja og málsatvik eru ekki nægilega rakin, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir, Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson, greiði varnaraðiljum Andrési Á. Pálssyni og Daníel

Guðbrandssyni in solidum kr. 300.00 kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Skaftafellssýslu 30. ágúst 1952.

Í máli þessu hafa umboðsmenn gerðarþola krafizt þess, að fógeti víki sæti, en umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælir því.

Telja umboðsmenn gerðarþola í fyrsta lagi fógeta hafa gerzt vilhallan í máli þessu. Halda þeir því fram, að fógeti hafi hlutazt til um, að umbjóðendur þeirra (Klaustursbræður) hafi horfið frá björgun, er þeir í upphafi hófu björgunaraðgerðir á Mýrdalssandi, og að hann hafi næsta dag leyft leiðangri á vegum Kerlingardalsbænda að hefja þar björgunarstarf.

Sunnudaginn 27. júlí fór fógeti fram á, að umbjóðendur gerðarþola frestuðu að hefja björgunaraðgerðir á Mýrdalssandi til hádegis næsta dags, mánudagsins 28. júlí s.l., meðan hann biði eftir fyrirmælum frá dómsmálaráðuneytinu vegna kæru, sem borizt hafði frá Kerlingardalsbændum á hendur umbjóðendunum út af aðgerðum þeirra á Dynskógafjöru.

Önnur afskipti hafði fógeti ekki af máli þessu, og hafa umbjóðendur gerðarþola ekki getað sýnt fram á, að framkvæmd gerðar þessarar snerti á nokkurn hátt hagsmuni fógetans, og fullyrðingar þeirra um, að fógeti hafi verið eða sé vilhallur í máli þessu eru bæði rangar og órökstuddar staðhæfingar.

Í öðru lagi krefjast umboðsmenn gerðarþola, að fógeti víki sæti vegna þess, að persónulegri ábyrgð sé lýst á hendur honum, sbr. rskj. 2, vegna töku þess járns, sem þegar hefur bjargazt, í sína vörzlu, meðan ekki væri útkljáð um eignarrétt yfir járninu.

Þótt fógeti sem embættismaður — í þessu tilfelli sem lögreglustjóri — hafi haft önnur afskipti af máli því, sem hér um ræðir, þá verður ekki talið, að hann þurfi að víkja sæti af þeim ástæðum. Er því að áliti réttarins engin ástæða fyrir fógeta til að víkja sæti, og verður krafa umboðsmanns gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Fógeti víkur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 24. september 1952.

Kærumálið nr. 18/1952:

Jóna Guðmundsdóttir

gegn

Sveinbirni Enokssyni.

Frávísun. Kæra óheimil.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, og samdómendurnir Sigurgeir Guðmundsson og Þóroddur Hreinsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 8. ágúst 1952, sem hingað barst 11. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Hafnarfjarðar 22. júlí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með úrskurði þessum kvað héraðsdómurinn á um öflun nokkurra nýrra gagna í málinu samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að greindur úrskurður verði ómerktur, en til vara, að lagt verði á varnaraðilja að svara spurningum nr. 1—3 í úrskurðinum.

Varnaraðili mótmælir varakröfu sóknaraðilja, en kveðst ekki annað hafa að athuga við kærumálskröfu hans.

Hvorki 120. gr. laga nr. 85/1936 né nokkurt annað lagaákvæði heimilar berum orðum að kæra til Hæstaréttar úrskurð héraðsdóms um öflun nýrra sakargagna. Eigi verður slík heimild heldur leidd af neinu lagaákvæði né af almennum lagarökum. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Varnaraðili hefur ekki krafizt kærumálskostnaðar, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 22. júlí 1952.

Í máli þessu þykir á skorta fyllri upplýsingar, meðal annars um eftirfarandi atriði, sem kynnu að hafa þýðingu fyrir úrslit þess:

1. Hver yrði áætlaður kostnaður, ef veggur í suðurhlið á húsi Sveinbjarnar Enokssonar yrði gerður eldtraustur (brandgafl), og

2. hverja röskun á innréttingu hússins leiddi af því?

3. Leyfa byggingaryfirvöld bæjarins þá breytingu frá samþykktri teikningu?

4. Hvaða áhrif hefði það á notagildi og verðmæti lóðar Jónu Guðmundsdóttur, ef suðurhlið á húsi Sveinbjarnar Enokssonar fengi að vera áfram með gluggum, eins og nú er?

5. Hvers konar framkvæmdir eða byggingar eru fyrirhugaðar á lóð Jónu Guðmundsdóttur?

Með tilvísun til 120. gr. laga nr. 85/1936 þykir þess vegna rétt, áður en dómur verður felldur í málinu, að gefa aðiljum kost á að afla framangreindra upplýsinga og gagna svo og hverra þeirra skýrslna, sem tilefni kann að gefast til.

Því úrskurðast:

Aðiljum ber að afla sér framangreindra upplýsinga og gagna til að leggja fram, þegar málið verður tekið upp eftir réttarfrí.

Mánudaginn 29. september 1952.

Nr. 131/1950: **Eigendur v/s Svindlands I** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Egill Sigurgeirsson).

Árekstur skipa. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. október 1950, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur fébótaskyldur, *aðallega* að fullu, en *til vara* að hluta eftir mati dómsins, vegna árekstrar þess, er í málinu greinir. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka þeirra, er greinir í héraðsdómi um

vangæzlu af hálfu stjórnanda v/s Svindlands, verður að telja, að hann eigi meginsök á árekstri Svindlands og Súðarinnar í umrætt skipti. Á hinn bóginn er á það að líta, að skipstjórnarmenn Súðarinnar höguðu ekki siglingu skipsins í samræmi við hljóðmerki það, er þeir gáfu, og ekki gerðu þeir tilraun til að taka aftur á, er þeir sáu, að árekstur var yfirvofandi. Þykir bera að meta þetta til nokkurrar vangæzlu af þeirra hálfu. Eins og atvikum að árekstrinum var háttað, þykir rétt, að áfrýjendur beri tjón af árekstrinum að ¾ hlutum, en stefndi að ¼ hluta.

Eftir atvikum telst rétt, að stefndi greiði áfrýjendum kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, eigendur v/s Svindlands I, beri tjón af árekstri þeim, er í málinu greinir, að ¾ hlutum, og stefndi, Skipaútgerð ríkisins, ¼ hluta tjónsins.

Stefndi greiði áfrýjendum kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel mikið skorta á, að atvik að árekstri þeim, sem mál þetta er risið af, hafi verið leidd í ljós, svo að við megi hlíta. Af skýrslu skipstjórans á v/s Svindland og vætti Tryggva Blöndahls, er var 2. stýrimaður á e/s Súðinni, má ráða, að e/s Súðin hafi legið nærri kyrr, þegar hljóðmerki var gefið á v/s Svindland um, að það skip mundi hafa aftur á. Hins vegar var árekstur skipanna allharður. Skortir algerlega skýrslur um, hvernig vél e/s Súðarinnar var beitt í milli þess, að greind atvik gerðust. Vélstjóri sá, sem þá var á verði í e/s Súðinni, hefur alls ekki verið kvaddur vættis í málinu, en endurrit úr véladagbókinni, sem fram hefur verið lagt, er óglöggt um þetta atriði.

Þá hefur engin skýring verið gefin á því, hvers vegna e/s Súðin vék ekki til stjórnborða, eins og gefið hafði verið til kynna, er svarað var áðurgreindu hljóðmerki v/s Svindlands. Engar skýrslur eru fyrir hendi um það, hvort nokkuð var að-

hafzt til að reyna að forða árekstri eða draga úr honum, er hann var sýnilega yfirvofandi, og loks er óglöggt leitt í ljós, hvert svigrúm var til athafna.

Af þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er hins vegar ljóst, að bæði skipin eiga nokkra sök á árekstrinum, svo sem greinir í dómi meiri hluta Hæstaréttar, en alls óvíst, í hvaða hlutföllum, að mínum dómi. Ég tel því að skipta beri tjóninu að jöfnu á aðilja, sbr. 2. mgr. 225. gr. siglingalaga nr. 56/1914.

Ég get fallizt á ákvörðun meiri hlutans um greiðslu málskostnaðar.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. júní 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hafa eigendur m/s Svindlands I frá Bergen höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. marz 1948, gegn eiganda e/s Súðarinnar, Skipaútgerð ríkisins hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð norskar kr. 63.853.69 og ísl. kr. 2188.48 auk 6% ársvaxta af hvorum tveggja upphæðunum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir ósk umboðsmanna aðilja og með samþykki dómsins hefur sakarefninu verið skipt. Hafa stefnendur í þessum þætti málsins krafizt þess, að viðurkennt verði, að stefndi beri fébótaábyrgð á árekstri þeim, sem síðar verður greint frá, og hann dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Til vara hefur hann gert þær kröfur, að fébótaábyrgðinni verði skipt þannig, að hann beri hana að ⅓, en stefnendur að ⅔ hlutum, eða eftir mati dómsins, og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að kl. um 16.20 þriðjudaginn 19. ágúst 1948 var e/s Súðinni lagt við akkeri á Siglufjarðarhöfn og beðið eftir fyrirmælum um það, hvar skipið ætti að leggjast að bryggju. Um kl. 16.30 var aftur létt akkerum og haldið inn höfnina. Hafði þá borizt fyrirskipun um, að skipið skyldi leggjast að hafnarbryggjunni austanverðri utan á skipið Lingaa, er þar lá fyrir. Á leiðinni inn höfnina var vél skipsins ýmist látin vinna á hægagangi eða stöðvuð. Meðan Súðin var á leiðinni að bryggjunni, var Svindland I, sem hafði legið norðanvert við hafnarbryggjuna utan á öðru skipi, siglt afturábak frá bryggjunni, þvert á stefnu Súðarinnar. Hafði áður verið gefin skipun um, að flytja skyldi skipið frá bryggju. Fór svo, að árekstur varð milli skipanna. Lenti stefni Súðarinnar á stjórnborðsbóg Svindlands I, og skemmdist það skip nokkuð við árekstur inn.

Halda stefnendur því fram og reisa framangreindar kröfur á því, að skipstjórnarmenn á Súðinni eigi alla sök á árekstrinum, Súðinni hafi

verið siglt á Svindland I, og beri því stefndi ábyrgð á öllu því tjóni, sem af árekstrinum hlauzt.

Stefndi heldur því hins vegar fram og reisir á því kröfur sínar, að skipstjórinn á Svindland I hafi valdið árekstrinum með ógætilegri siglingu. Hann hafi siglt skipi sínu aftur á bak beint í veg fyrir Súðina, enda þótt hann hafi séð hana vera á leið inn höfnina, og engin þörf hafi verið á því fyrir hann að hreyfa skip sitt, fyrr en hún var komin fram hjá. Þá hafi hann haft nægilegt svigrúm til þess að sigla stjórnborðsmegin við Súðina milli hennar og lands.

Það er fram komið, að á leið sinni að bryggjunni seig Súðin með mjög hægri ferð inn höfnina með stefnu samhliða austurhlið hafnarbryggjunnar. Fjöldi fiskiskipa lá fyrir akkerum þétt bakborðsmegin við hana, og á stjórnborða lágu einnig fiskiskip við bryggjur. Vindur var beint í stefni eða dálítið á bakborðsbóg skipsins, 4—5 vindstig og nokkuð ójafn. Um leið og Svindland I var siglt frá bryggjunni, gaf skipið 3 hljóðmerki, sem svarað var með einu stuttu hljóðmerki frá Súðinni, en þó fór svo, að skipin rákust á nokkuð út af norðurhorni bryggjunnar. Telur skipstjórinn á Svindland I, að þegar hann byrjaði að taka aftur á, þá hafi Súðin verið, að því er virtist, nærri kyrr, um 6 strik fyrir aftan þvert um stjórnborða í á að gizka 150—200 metra fjarlægð frá skipi hans, og kveður skipstjórinn á Súðinni fjarlægðina ekki hafa verið minni.

Svo sem að framan er greint, varð árekstur inn milli skipanna í þrengslum inni á höfn, og var Súðin um það bil að leggja að bryggju, en Svindland I hafði fyrirmæli um það að leggja frá sinni bryggju, en fram er komið, að Súðin skyldi leggjast við bryggjuna annars staðar en Svindland I lá. Virðast skipstjórnarmenn beggja skipanna hafa séð vel til ferða hvors annars og gefið til kynna með viðeigandi hljóðmerkjum, hvað þeir hefðu í hyggju að gera, og breytt samkvæmt því.

Samkvæmt þeim greinum hinna alþjóðlegu siglingareglna, sem fjalla um það, hvernig skipum beri að víkja hvort fyrir öðru, höfðu bæði skipin rétt til að haga sér, eins og þau gerðu. Kemur þá til athugunar, hvort skipstjórnarmenn skipanna hafi samkvæmt 29. gr. sömu reglna gætt þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska eða sérstök atvik kunna að heimta.

Að því er varðar siglingu Svindlands I, þá hlýtur stjórnanda þess að hafa verið ljóst, að með því að bakka þvert fyrir stefnu Súðarinnar í þeirri vindstöðu og veðurhæð, sem þarna var, skapaðist hætta á því, að skipið myndi berast að Súðinni og valda hættu á árekstri. Þá gat skipstjórinn á Svindland I ekki búizt við því, að Súðin, sem er allstórt skip, gæti vikið mikið né bakkað, án þess að hún lenti í vandræðum í þeim þrengslum, sem þarna voru, þó árekstur væri yfirvofandi. Verður því ekki annað séð en sigling Svindlands I, sú er að framan hefur verið lýst, hafi verið óvarleg og frá upphafi með henni teflt á tæpt vað.

Siglingu Súðarinnar var svo hagað, að hún var látin síga áfram með eins hægri ferð, að því er virðist, og unnt var, eða rétt svo að hún léti að stjórn. Er árekstur inn varð, var vél skipsins ekki í gangi, og ekki

verður talið, að ráðlegt hefði verið af skipstjórnarmönnum Súðarinnar, eins og á stóð, að láta vél skipsins taka aftur á, þegar árekstur við Svindland I var yfirvofandi, í því skyni að draga úr eða forða honum, með því að þá var líklegt, að skipinu slægi flötu fyrir vindi og lenti á einhverju þeirra skipa eða skipum, sem lágu sitt hvorum megin við það, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Verður því ekki annað séð en skipstjórnarmenn á Súðinni hafi hagað siglingu skipsins forsvaranlega eftir aðstæðum.

Að því athuguðu, sem hér að framan er rakið, verður að telja, að skipstjóri Svindlands I hafi með ógætilegri siglingu skips síns átt sök á umræddum árekstri. Ber stefndi þá ekki ábyrgð á tjóninu, sem af árekstrinum hlauzt, og verður því krafa hans um sýknu tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Pétri Sigurðssyni sjóliðsforingja og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, eiganda m/s Svindlands I, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. október 1952.

Nr. 14/1951. **Djúpavík h/f** (Magnús Thorlacius)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skattamál. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 24. janúar f. á. skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. s. m. Krefst hann þess aðallega, að héraðsdómur og meðferð málsins í

héraði verði ómerkt. Til vara krefst áfrýjandi þess, að honum verði dæmt að greiða einungis kr. 1385.50, en til þrautavara kr. 89.971.35 án vaxta. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Í máli þessu er hlutafélagið Djúpavík sótt til greiðslu skattfjárhæða. Getur það ekki varðað ómerkingu málsmeðferðar og dóms í héraði, að öðrum aðiljum en stjórnarmönnum þess félags var ekki stefnt. Verður ómerkingarkröfu áfrýjanda því ekki sinnt.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, verður að telja, að hlutafélagið Síldarbræðslustöðin Dagverðareyri hafi leystst upp eftir 9. apríl 1941, er gerður var samningur sá, sem rakinn er í héraðsdómi, en lagaskilyrðum til stofnunar nýs hlutafélags með sama nafni hefur ekki verið fullnægt. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Djúpavík h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1950.

Mál þetta, er dómtekið var 5. þ. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. nóvember 1948, gegn hlutafélaginu Djúpavík. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða kr. 89.971.35 með dráttarvöxtum samkvæmt lögum og 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, en málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að honum verði einungis gert að

greiða kr. 1385.50, en til vara kr. 89.971.35 án vaxta og kostnaðar. Í báðum tilvikum hefur stefndi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. janúar 1941 var á stjórnarfundi í hlutafélaginu Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri samþykkt að gera hlutafélaginu Alliance eftirfarandi tilboð:

Stjórn Dagverðareyrar h/f samþykkir einróma að bjóða yður til sölu síldarbræðslustöðina Dagverðareyri með tilheyrandi áhöldum og varahlutum samkvæmt meðfylgjandi lista fyrir 600.000.00 — sex hundruð þúsund — krónur. Tilboðið er miðað við greiðslu við undirskrift kaupsamnings. Vörubirgðir verksmiðjunnar, svo sem kol, salt og umbúðir, selst með gangverði, þegar kaupin fara fram. — Kaupandi gangi inn í þegar gerð kaup á síldarpressu samkvæmt meðfylgjandi afriti af bréfi um kaupin og pöntun á 15 þúsund tómpokum. — Tilboð þetta gildi til 20. febrúar þ. á. og er endanlegt frá hálfu verksmiðjustjórnarinnar, þar sem hún er sammála um að lægra boði verði ekki tekið.

Var tilboð þetta síðan sent með bréfi, dags. 30. s. m., og í símskeyti, dags. 28. febrúar s. á., var tilboðið samþykkt. Hinn 9. apríl 1941 var gerður kaupsamningur í samræmi við framangreint tilboð, en kaupendur voru þar taldir vera þessir: Hlutafélagið Djúpavík, Ólafur H. Jónsson, Kristján Einarsson, Jón Sigurðsson, Othar Ellingsen, Þorgils G. Einarsson og Ólafur Tr. Einarsson. Í samningi þessum segjast forráðamenn hlutafélagsins Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyrar selja kaupunautum sínum öll hlutabréf í nefndu hlutafélagi, en kaupunautarnir fengu þó einungis eina tiltekna eign hlutafélagsins, þ. e. verksmiðjuna á Dagverðareyri ásamt búnaði hennar, og svokallað andvirði hlutabréfanna, 75 að tölu, er ákveðið var kr. 600.000.00, var miðað við söluverð verksmiðju þessarar, það sama verð, er forráðamenn hlutafélagsins höfðu áður boðizt til að selja verksmiðjuna fyrir. Kaupunautarnir skyldu auk þess ganga inn í kaup á síldarpressu frá Ameríku og sömuleiðis inn í kaup á síldarpokum og endurgreiða seljendum kaupverð þeirra. Hins vegar voru undan kaupunum teknar aðrar eignir hlutafélagsins Dagverðareyrar og útistandandi skuldir, hvort tveggja að fjárhæð kr. 876.621.06. Þá tóku og seljendur, þ. e. hluthafar í h/f Dagverðareyri, að sér greiðslu allra skulda hlutafélagsins að fjárhæð kr. 895.000,00, enda skyldu þær vera kaupendum verksmiðjunnar óviðkomandi. Framkvæmdu seljendur síðan skuldaskil á þessum eignum og skuldum, og stóðu þau skuldaskil fram á árið 1943. Kaupendur verksmiðjunnar hófu hins vegar frá 10. apríl 1941 að telja sjálfstæðan rekstur í hinni keyptu verksmiðju, og var þessi atvinnurekstur kaupenda algerlega óháður skuldaskiptum af rekstri fyrri eigenda verksmiðjunnar. Hinn 14. desember 1945 kvað ríkisskattanefnd upp úrskurð þess efnis, að hún liti svo á, að félagsslit hefðu orðið í nefndu hlutafélagi 9. apríl 1941 og bæri því að taka upp og áætla að nýju skatt viðkomandi aðilja. Samkvæmt þessu hækkaði nefndin skatta stefnda fyrir árin 1941 til 1944, að báðum meðtöldum, um kr. 219.451.85, og voru jafnframt felldir niður skattar að fjárhæð kr. 129.480.50, er lagðir höfðu verið sömu ár á

hlutafélagið Síldarbræðslustöðina Dagverðareyri. Þar eð síðargreind fjárhæð hefur ekki verið endurgreidd, telur stefnandi, að stefndi skuldi mismun fjárhæða þessara, og er stefnukrafan við það miðuð. Kröfur sínar í máli þessu byggir stefndi á því, að kaupendur hlutafélagsins Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyrar hafi hinn 10. apríl 1941 stofnað nýtt félag og jafnframt hafið sjálfstæðan rekstur í hinni keyptu verksmiðju. Félag þetta sé sérstakur skattaðili, og hafi alltaf verið lagðir skattar á það sjálfstætt og sé svo enn. Úrskurður ríkisskattanefndar um að leggja beri skatt á stefnda vegna atvinnurekstrar þessa hafi því eigi við lög að styðjast. Hins vegar hafi komið í ljós við endurskoðun, að skattar stefnda hafi verið vantaldir um kr. 1385.50, og er aðalkrafa stefnda miðuð við greiðslu þeirrar fjárhæðar. Kröfu sinni til stuðnings hefur stefndi bent á, að félag þetta hafi raunverulega verið skrásett með birtingu í Lögbirtingablaði, er kom út 6. maí 1941, enda komi það fram sem sjálfstæður aðili. T. d. sé það skráður eigandi að fasteign (sbr. dskj. nr. 22). Þá séu enn fremur hluthafar félagsins samkvæmt hluthafaskrá þess, dags. 31. desember 1941, taldir hinir sömu og þeir, er fengu framsal fyrir hlutabréfunum við undirritun kaupsamningsins.

Telja verður, að hið raunverulega efni kaupsamningsins frá 9. apríl 1941 hafi einungis verið sala á verksmiðjunni á Dagverðareyri ásamt búnaði og að jafnframt hafi hafizt félagsslit og skuldaskil hlutafélagsins Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyrar. Eins og að framan getur, voru öll hlutabréf í nefndu hlutafélagi, 75 að tölu, framseld kaupendum, sem taldir voru sjö alls. Þar af komu 69 hlutabréf í hlut stefnda, en eitt bréf í hlut hvers hinna. Hins vegar var í bókum stefnda talið, að hann hefði keypt öll hlutabréfin og andvirði þeirra verið greitt úr sjóði hans í aprílmánuði 1941. Þá er og upp komið í málinu, að hinir sex menn, sem taldir voru hafa keypt hlutabréfin með stefnda, hafa ekki talið hlutabréf þessi eign sína á skattframtölum. Þegar alls þessa er gætt, verður ekki fallizt á með stefnda, að nýtt félag hafi verið stofnað 10. apríl 1941. Af því, sem nú hefur verið rakið, verður að leiða þá ályktun, að stefndi hafi raunverulega verið kaupandi verksmiðjunnar og að atvinnurekstur hennar hafi runnið saman við annan atvinnurekstur stefnda. Úrskurðir ríkisskattanefndar verða því taldir réttmætir, og verður fjárhæð dómkröfu stefnanda tekin til greina.

Að því er varðar vaxtakröfu stefnanda, verður ekki annað ráðið en dráttarvaxta sé einungis krafizt frá 1. september 1946 til stefnudags, og verður krafa hans tekin til greina um það efni. Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Djúpavík h/f, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 89.971.35 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1946 til 31. desember s. á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember 1948, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000.00

í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1952.

Nr. 93/1952. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Byron Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Dómi sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1951, sem getið er í héraðsdómi, var áfrýjað til Hæstaréttar, og var málið dæmt þar hinn 16. maí þ. á. með þeim úrslitum, að héraðsdómurinn var staðfestur að öðru en því, að refsing ákærða var ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Frakki sá, er í héraðsdómi greinir, var vetrarfrakki, talinn keyptur árið 1937 eða 1938, en engar skýrslur eru fram komnar um verðmæti hans.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1952.

Ár 1952, laugardaginn 23. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 667/1952: Ákæruvaldið gegn Ólafi Byron Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Í máli þessu er Ólafur Byron Guðmundsson verkamaður, Hólmgarði 21, ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940 með því að fara hinn 1. janúar s.l. inn í húsið nr. 10 við Þórsgötu og taka þar í heimildarleysi svartan vetrarfrakka, en frakka þessum skilaði ákærði aftur á sama stað nokkrum dögum síðar, og með því að fara nokkrum dögum síðar í janúar inn í áðurnefnt hús og stela þar á ný frakka þeim, er áður getur, og slá eign sinni á hann.

Hann er ákærður til refsingar, sviptingar réttar samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940 og til greiðslu málskostnaðar.

Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hefur gerzt sekur um þá verknaði, er í ákæru greinir. Umræddur frakki er eign Guðmundar Halldórssonar, Þórsgötu 10. Í sama húsi býr Björgúlfur Sigurðsson, sem er kunnugur ákærða, og hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi talið, að frakkinn væri eign Björgúlfs. Ákærði var í frakkanum, er rannsóknarlögreglan handtók hann, og komst frakkinn til skila.

Ákærði, sem fæddur er 6. ágúst 1925, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir.

1934 25/9 Kærður fyrir óknytti. Málið sent barnaverndarnefnd.
1936 18/1 Kærður fyrir hnupl. Málið sent barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.
1937 7/5 Kærður fyrir þjófnaðartilraun. Samskonar afgreiðsla.
1937 8/5 Kærður fyrir innbrot og þjófnaðartilraun. Samskonar afgreiðsla.
1937 27/5 Kærður fyrir hnupl og þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1938 17/4 Kærður fyrir peningastikk. Samskonar afgreiðsla.
1939 24/3 Kærður fyrir marga þjófnaði. Samskonar afgreiðsla.
1939 17/4 Kærður fyrir lögreglubrot 5. gr. lögreglusamþykktar.
1939 29/4 Kærður fyrir þjófnaði. Samskonar afgreiðsla.
1939 2/9 Kærður fyrir hnupl. Samskonar afgreiðsla.
1939 10/11 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1939 22/12 Kærður fyrir innbrotsþjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1940 23/3 Kærður fyrir þjófnað. Samskonar afgreiðsla.
1940 18/4 Kærður fyrir þjófnað o. fl. Ráðstafað til dvalar í Engey.
1940 28/4 Kærður fyrir marga þjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1941 11/5 Kærður fyrir skemmdarverk í Ingólfs-Café. Fellt niður, með því að kærði lofaði að greiða 15 króna skaðabætur.
1943 15/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 2ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1944 17/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 60 daga fangelsi, sviptur kosn-

ingarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna.

1948 20/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 3ja mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1948 24/6 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1950 10/11 Reykjavík. Dómur: 2 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.

1951 22/12 Reykjavík. Dómur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

Auk þess hefur hann síðan á árinu 1941 sætt samtals 31 sinn sektum frá 25—200 kr. fyrir ölvun o. þ. h. og enn fremur kærður 5 sinnum fyrir ölvun, án þess að refsingu væri beitt.

Brot ákærða varðar við 244. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af fortíð hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Samkvæmt 76. gr. sömu laga ber að ákveða, að gæzluvarðhald hans síðan 9. þ. m. komi refsingu hans til frádráttar. Svipta ber ákærða kosningarrétti og kjörgengi samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., er ákveðast kr. 250.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Byron Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Gæzluvarðhald ákærða síðan 9. þ. m. komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. október 1952.

Nr. 133/1952. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Helga Óskari Einarssyni (Sigurður Ólason).

Ákæra um ólöglega vörzlu áfengis.

Dómur Hæstaréttar.

Annar sá lögreglumanna, sem fann áfengisflöskuna í bifreið ákærða, hefur eftir uppsögu héraðsdóms borið það vætti, að lögreglumennirnir hefðu engan sérstakan grun haft um, að áfengi væri selt úr bifreið ákærða, en ákærði hefur ekki áður verið sakaður um áfengissölu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1952.

Ár 1952, föstudaginn 18. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1122/1952: Ákæruvaldið gegn Helga Óskari Einarssyni, sem dómtekið var 16. apríl s. l.

Málið er höfðað gegn Helga Óskari Einarssyni, til heimilis á Sogavegi 126 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 1. gr. laga nr. 47/1951 um breytingu á áfengislögum nr. 33/1935. Þykir ákærði hafa brotið nefnt lagaákvæði með því að hafa eina flösku af áfengi (aqua vitae) meðferðis í bíl sínum R-723 að kvöldi sunnudags

10. febrúar s.l. án þess að geta sannað með sterkum líkum, að áfengi þetta hafi ekki verið ætlað til sölu.

Ákærist því nefndur Helgi Óskar til refsingar samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1951, upptöku hins ólöglega áfengis samkvæmt sömu lagagrein i. f. og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 1. apríl 1908 í Kolsholti í Villingaholtshreppi. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1946 19/6 Reykjavík. Sátt: Kr. 40 í sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 29/10 Reykjavík. Sátt: Kr. 60 í sekt fyrir brot á reglum um aðalgötur og hliðargötur og 31. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Sunnudagskvöldið 10. febrúar s.l. gerði lögreglan leit að víni í mörgum leigubílum hér í bæ, en lögreglan hefur lengi haft grun um og jafnvel vissu, að áfengi væri almennt selt í leigubílum.

Í bíl ákærða R-723 fannst ein flaska af aqua vitae. Ákærði skýrði lögreglunni strax frá því og hélt fast við það undir allri rannsókn málsins, að hann hefði keypt áfengisflöskuna föstudaginn hinn næsta á undan í Áfengisverzlun ríkisins. Ætlun ákærða með vínkaupum þessum var að láta bróður sinn, Einar að nafni, hafa flöskuna, sem greiðslu fyrir flösku, sem ákærði hafði nokkru áður fengið lánaða hjá Einari. Ákærða hafði ekki tekizt að hitta Einar, og þess vegna var flaskan enn í bílnum, er lögreglan gerði leitina. Það fékkst staðfest hjá Einari, að ákærði skuldaði honum 1 flösku af aqua vitae. Þá upplýstu þeir bræður, að þeir lánuðu einatt hvor öðrum bæði vín og annað. Ákærða var kunnugt um efni laga nr. 47/1951, en tók þau ekki svo alvarlega, að hann teldi hættu á, að hægt væri að lenda í óþægindum vegna einnar vínflösku.

Ef til vill má segja, að ákærði hafi ekki sýnt sérstakan áhuga á að skila bróður sínum flöskunni, þar sem hann segist hafa keypt hana í þessu skyni á föstudagskvöld, og flaskan var enn óafhent seint á sunnudagskvöld næsta á eftir. Það þykir samt varhugavert að telja annað en að ákærði hafi gert nægilega grein fyrir því, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Ber því að sýkna hann af ákærunni um brot á lögum nr. 47/1951 um breytingu á áfengislögum nr. 33/1935.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Óskar Einarsson, skal vera sýkn sakar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar hrl., að upphæð kr. 300.00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 7. október 1952.

Nr. 46/1952. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Árna Brynjólfssyni (Guttormur Erlendsson).

Bifreiðarslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Árni Brynjólfsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. febrúar 1952.

Ár 1952, föstudaginn 15. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 473/1952: Ákæruvaldið gegn Árna Brynjólfssyni, sem dómtekið var 1. þ. m.

Mál þetta var hinn 9. maí f. á. höfðað gegn Árna Brynjólfssyni rafvirkja, Hallveigarstíg 2 hér í bæ, fyrir brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, lögum nr. 23/1941 og nr. 24/1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Ákærði, sem fæddur er 1. apríl 1924, hefur ekki fyrr sætt ákæru né refsingu.

Um kl. 17.00 hinn 5. des. 1950 ók ákærði bifreið sinni R 2941, sem er pallbifreið af gerðinni Ford, árg. 1928, niður Laugaveg og Bankastræti. Myrkt var, en lýsing góð á götunni. Rigning var og gatan blaut. Ákærði nam að eigin sögn staðar við mót Laugavegar og Skólavörðustígs, enda sýndi götuvitinn rautt ljós, en er ljósin skiptu, ók hann áfram og beygði síðan inn í Ingólfsstræti til vinstri. Í þann mund var 65 ára gömul kona, Guðríður Einarsdóttir, að ganga niður Bankastræti og ætlaði að fara yfir Ingólfsstrætið. Leiddi hún litla telpu við hægri hönd sér. Fór nú svo, að í því er þær gengu út á Ingólfsstrætið, var R 2941 beygt inn í strætið, og varð nú telpan fyrir framhorni R 2941, og féllu bæði hún og Guðríður í götuna. Ákærði stöðvaði bifreiðina í sömu svifum. Ákærði kveðst hafa séð telpuna, er hann var að taka beygjuna, og hafa þá hemlað bifreiðina, en þó hafi vinstra horn framstuðarans lent á hægri hlið hennar og fellt hana. Konuna kveðst hann hins vegar ekki hafa séð, fyrr en hann kom út úr bifreiðinni, en hún hafi þá sagt, að hún hefði dottið á götuna við það, að telpan féll. Telur ákærði, að bifreið sín hafi alls ekki lent á konunni, heldur muni hún hafa dottið af öðrum ástæðum. Guðríður staðhæfir hins vegar, að bifreiðin hafi lent á sér og fellt sig, en bifreiðin hafi ekki beinlínis lent á barninu, en þó hafi fótur þess klemmzt við vinstra framhjól bifreiðarinnar.

Eftir slysið ók ákærði Guðríði á spítala. Hún reyndist hafa brotnað á vinstri framhandlegg og marizt (fract. antibrachii sin. & contusio reg. lumb. et glut. sin.). Telpan meiddist hins vegar ekki.

Vitnið Eiríkur Þorleifsson rafvirki sat í framsæti bifreiðar ákærða, hægra megin við ákærða. Hann kveður enga þurrku hafa verið hægra megin á framrúðu, en vinstra megin var þurrka (framan við ákærða). Hann kveður ákærða hafa ekið mjög hægt, er hann tók beygjuna. Kveðst hann allt í einu hafa séð konuna og telpuna vinstra megin og framan við bifreiðina og hafa ætlað að fara að aðvara ákærða, en hann hafi þá hemlað bifreiðina og stöðvað hana. En í sama bili hafi bæði telpan og gamla konan fallið í götuna, og telur Eiríkur bifreiðina hafa komið við telpuna, en ekki við konuna.

Telja verður ljóst, að ákærði hafi með akstri sínum orðið þess valdandi, að Guðríður féll í götuna, enda þótt ágreiningur sé um, hvort bifreið hans hafi beinlínis lent á henni. Ákærða bar, er hann beygði til vinstri inn á Ingólfsstræti, að virða umferðarrétt gangandi fólks yfir Ingólfsstræti, þar sem það gekk á móti grænu umferðarljósi. Þessarar skyldu gætti ákærði ekki, svo sem vera bar. Þykir hann með því hafa brotið 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga svo og 219. gr. almennra hegningarlaga með tilliti til meiðsla þeirra, er hlutust af ógætni hans.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún með varðhaldi í 4 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. á m. kr. 300.00

í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns.

Dráttur varð allmikill á rekstri málsins, og stafar hann af því, að tafsamt reyndist að afla gagna, er verjandi ákærða óskaði eftir, svo og sakir embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Brynjólfsson, greiði til ríkissjóðs 500 króna sekt, er afplánist 4 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 300 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. október 1952.

Nr. 101/1952. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer
(Ólafur Þorgrímsson)
og
Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni
(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og reglugerð um gerð og notkun bifreiða.

Dómur Hæstaréttar.

Hálka var á veginum, þar sem slys það, er í málinu greinir, gerðist. Ákærða Inga Haraldi bar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum og vera við því búinn að stöðva bifreið sína, ef þörf krefði. Er ákærði blindaðist, stöðvaði hann bifreið sína ekki, svo fljótt sem honum hefði átt að vera þess kostur, ef hann hefði samkvæmt framangreindu hagað akstri sínum eftir aðstæðum og beitt réttum aðferðum við stöðvun bifreiðarinnar. Er því í ljós leitt, að af hendi ákærða hefur skort á næga varkárni í akstri og stjórn bifreiðarinnar, og

varðar það hann samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi greinir, refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 1 ár.

Ljósabúnaður bifreiðar þeirrar, er ákærði Guðjón ók umrætt skipti, var stórhættulegur vegfarendum og með þeim hætti, að varðar við þau ákvæði bifreiðalaga og reglugerðar um gerð og notkun bifreiða, er í héraðsdómi greinir. Hins vegar þykir ekki alveg nægilega sannað, að ákærði Ingi Haraldur hafi blindazt af ljósum þessarar bifreiðar, enda var umferð mikil og hvorki Ingi Haraldur, þeir, sem með honum voru, né aðrir hafa getað gefið neina lýsingu á bifreið þeirri, sem þar var um að tefla. Verður ákærði Guðjón því ekki sakfelldur samkvæmt 219. gr. laga nr. 19/1940. Með hliðsjón af eðli áðurgreinds brots ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir og rétt að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærðu greiði hvor um sig málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 800.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Ingi Haraldur Þorvaldsson Kröyer greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð Jónsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði Ingi Haraldur Þorvaldsson Kröyer greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00. Ákærði Guðjón Breiðfjörð Jónsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 9. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1075—1076/1952: Ákæruvaldið gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer og Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni, sem dómtekið var 29. marz s.l.

Málið er höfðað gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kröyer bifreiðarstjóra, Laugateig 28 hér í bæ, og Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni bifvélavirkjanema, Hverfisgötu 76 B hér í bæ.

Er Ingi Haraldur samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 2. ml. 4. mgr. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 með því að aka bílnum R 348 með of miklum hraða, miðað við aðstæður, vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík laust eftir miðnætti 25. des. 1951 og án nægjanlegrar aðgæzlu með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á hjónin Guðrúnu Sigurðardóttur og Magnús Guðmundsson og drenginn Marinó Eið Dalberg, öll til heimilis í Meðalholti 8 hér í bæ. Við slysið fótbrotnaði Magnús, Guðrún hryggbrotnaði og Marinó Eiður hlaut smávægileg meiðsli.

Þá er og í sama ákæruskjali Guðjón Breiðfjörð Jónsson ákærður fyrir brot á 7. gr. bifreiðalaga, 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 72 frá 1937 um gerð og notkun bifreiða, sbr. reglugerð nr. 203 frá 1947, og 219. gr. hegningarlaga með því að aka bílnum R 1756 á sama tíma og að framan greinir austur Suðurlandsbraut með svo sterkum ljósum, að hann blindaði ákærða Inga Harald og gerðist með því meðvaldur að framangreindu slysi.

Ákærast því nefndir Ingi Haraldur og Guðjón Breiðfjörð til refsingar samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 38. gr. bifreiðalaga og, að því er

ákærða Guðjón Breiðfjörð varðar, einnig samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Ingi Haraldur er fæddur 4. apríl 1910 að Þrándarstöðum í Eiðaþinghá. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1932 10/5 Sætt: Sekt, 10 krónur, fyrir of hraðan akstur bifreiðar.
1932 24/5 Kærður fyrir að aka á reiðhjól. Hlutaðeigandi vátryggingarfélag greiddi skaðabætur.
1932 20/9 Kærður fyrir árekstur bifreiðar og reiðhjóls. Málið rannsakað og lokið án málshöfðunar.
1934 22/12 Sætt: 10 króna sekt fyrir brot á umferðarreglum.
1935 26/6 Aðvörun fyrir brot gegn umferðarreglum.
1936 19/3 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 króna sekt og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.
1936 19/8 Dómur sama réttar: 200 króna sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvun við beifreiðarakstur. Dómur Hæstaréttar 11/1 1937: Sektin lækkuð í 100 krónur, annars staðfest.
1936 6/12 Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 30/5 Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1937 17/11 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.
1937 17/11 Undir rannsókn út af ökuslysi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til réttarmeðferðar.
1938 20/1 Undir samskonar rannsókn. Samskonar afgreiðsla.
1938 13/3 Aðvörun fyrir brot á umferðarreglum.
1938 23/4 Kærður fyrir að fara í herbergi án heimildar. Fellt niður.
1938 7/6 Sátt: 30 króna sekt fyrir of hraðan akstur.
1941 22/6 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 6/12 Sátt: 20 króna sekt fyrir ólöglega stöðu bifreiðar.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð er fæddur 28. marz 1932 í Reykjavík. Hefur hann, svo kunnugt sé, hvorki sætt kærum né refsingum fyrr.

Málavextir eru þessir.

Um kl. 00.10 aðfaranótt 25. desember 1951 varð umferðarslys á Suðurlandsbraut hér í bæ, rétt vestan við Tungu, með þeim hætti, að bifreiðin R 348, sem ákærði Ingi Haraldur ók, rakst á þrjá gangandi vegfarendur með þeim afleiðingum, að þeir hlutu meiðsli, sem síðar verður vikið að.

R 348 er sex manna leigubifreið af Hudson-gerð. Veður var bjart af nóttu, snjóföl á jörðu og hálka á vegum.

Nánari tildrög slyssins eru, að ákærði Ingi Haraldur var að koma úr jólafagnaði hjá kunningjafólki sínu í Herskólahverfi við Suðurlandsbraut. Í bílnum voru auk ákærða kona hans, mágur hans ásamt konu sinni auk tveggja dætra ákærða, 11 og 13 ára. Allt var fólk þetta allsgátt, og Ingi Haraldur vel fyrirkallaður. Ákærði Ingi Haraldur telur sig hafa ekið á 25 km hraða, þegar hann nálgaðist Tungu. Þá veitti hann athygli bifreið, sem ekið var á móti honum með mjög sterkum ljósum. Ekki féllu þó ljósin beint framan í ákærða fyrr en allt í einu, svo að ákærði blindaðist

gersamlega. Strax og ákærði blindaðist, sté hann á fóthemil og dró úr ferð bifreiðarinnar, en stöðvaði ekki. Ljós bifreiðarinnar blinduðu ákærða svolitla stund, en um leið og bifreiðarnar höfðu mætzt, sá ákærði í á að gizka 4 m fjarlægð frá framenda bíls síns karlmann og kvenmann á gangi, og sneru þau baki að bílnum. Bíll ákærða var þá á 10 til 15 km hraða. Ákærði hemlaði, en sökum hálkunnar náði hann ekki að stöðva til fulls, og urðu báðir þessir gangandi vegfarendur fyrir vinstri hluta framenda R 348. Þegar R 348 stöðvaðist, lágu karlmaður og kvenmaður, sem reyndust vera hjónin Guðrún Sigurðardóttir og Magnús Guðmundsson, Meðalholti 8, um 2 m fyrir aftan bílinn og til hliðar við hann vinstra megin. R 348 stöðvaðist án þess að renna nokkuð til hliðar. Var hún um ½ m frá syðri brún malbikaða hluta vegarins.

Ekki fann ákærði, að bíllinn færi yfir hjónin, og ekki varð hann var við, að hann kæmi við aðra en hjónin.

Ákærði Ingi Haraldur hafði lægri ljósgeislana á vinstra ljóskeri, en hægra ljósker R 348 var bilað. Í ákæruskjali er þó ákærða eigi gefið það að sök. Ákærði ók með keðjum á afturhjólum. Fólkið, sem var í bíl ákærða, hefur skýrt frá mjög á sama veg og ákærði. Allt varð það vart við bílinn með sterku, blindandi ljósunum rétt fyrir slysið. Hjónin, sem fyrr eru nefnd, og Marinó Eiður Dalberg hafa skýrt frá því, að þau voru á leið vestur Suðurlandsbraut og gengu eftir syðri vegjaðri og telja sig hafa gengið fyrir sunnan malbikaða hluta vegarins. Magnús gekk innar á veginum, og leiddi kona hans hann, en Marinó Eiður gekk á undan. Magnús var klæddur ljósum yfirfrakka, en Guðrún brúnni kápu. Þau vissu ekki fyrr til en R 348 var ekið aftan á þau. Magnús fann fyrst viðkomu á vinstra fæti og datt áfram í götuna, og síðan fann hann, að ekið var áfram yfir vinstra fótinn, og missti hann meðvitund augnablik. Guðrún heyrði, rétt um leið og slysið varð, að maður hennar rak upp sársaukahljóð. Hún man ekki, hvað gerðist hið næsta á eftir slysinu. Marinó Eiður telur, að þau hjón hafi gengið eftir jaðrinum á malbikaða veginum. Hann getur ekki áttað sig á, hvernig slysið atvikaðist, því að hann vissi eiginlega ekki, fyrr en bifreiðin lenti á vinstra fæti hans, en var þá alveg að stöðvast. Um meiðsli hans segir svo í vottorði Jóhannesar Björnssonar læknis, dags. 27. desember 1951:

„Það skal hér með vottað, að ég hef í dag skoðað Marinó Eið Dalberg, f. 18/7 1938, Meðalholti 8. Við skoðun fannst eymsli og bólga á vinstri rist."

Um meiðsli hjónanna hefur Friðrik Einarsson læknir gefið vottorð, dags. 16. jan. s.l.:

„Þann 25. desember 1951, kl. 0.30, var komið með sjúkling, sem sagður var heita Guðrún Sigurðardóttir, vera fædd 25. október 1890 og eiga heima í Meðalholti 8 í Reykjavík, á Landspítalann.

Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir bíl rétt fyrir komuna á spítalann.

Sjúklingurinn kvartaði um verk neðantil í baki, í vinstri mjöðm, í báðum fótum og í nokkrum rifjum vinstra megin.

Við röntgenskoðun næsta dag fannst sprunga í hryggjarlið neðantil í

hryggnum. — Ekki fundust beinbrot annars staðar, og má því ætla, að verkirnir á hinum öðrum nefndu stöðum hafi stafað af mari og tognun.

Sjúklingurinn var lagður inn á handlæknisdeild Landsspítalans og liggur þar enn."

„Þann 25. desember 1951, kl. 0.30, var komið á Landsspítalann með sjúkling, sem sagður er heita Magnús Guðmundsson, vera fæddur 11. júlí 1894 og eiga heima í Meðalholti 8 í Reykjavík.

Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir bíl rétt fyrir komu á spítalann.

Sjúklingurinn kvartaði um mikla verki í vinstra fótlegg, en kvaðst ekki vera meiddur annars staðar.

Við skoðun fannst opið brot á vinstra fótlegg svo sem 5—6 cm ofan við öklalið. Voru báðar pípurnar í sundur, 10 cm langt sár var framan á leggnum, og stóðu beinendarnir um 6 cm út úr sárinu. Ekki fundust einkenni um aðra áverka.

Gert var strax að beinbrotinu á viðeigandi hátt, og fóturinn því næst lagður í gibsumbúðir. Sjúklingurinn var lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans, þar sem hann liggur enn."

Ákærði Guðjón Breiðfjörð hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið bílnum R 1756 austur Suðurlandsbraut áleiðis inn í Blesugróf á sama tíma og R 348 var ekið vestur veginn. Hann tók eftir því á leiðinni, að stjórnendur bíla, sem hann mætti, depluðu ljósum bíla sinna til að gefa til kynna, að ákærði æki með of sterkum ljósum. Ákærða var kunnugt um, að ljós bíls hans voru mjög sterk, en taldi þau hættulaus. Ljósin höfðu bilað hjá honum nokkru áður. Hann tengdi því beint, sem kallað er, og hélt sig hafa tengt á lægri ljósgeislana. Er honum var sagt nokkru eftir slysið, að ljósin væru mjög truflandi, aðgætti hann þau nánar og sá, að tengt hafði verið á hærri ljósin.

Ekki varð ákærði Guðjón Breiðfjörð var við umferðarslysið, fyrr en hann kom aftur innan úr Blesugróf. Lágu þá hin slösuðu enn á slysstaðnum.

Fyrsta bílnum, sem kom á slysstaðinn austan frá, ók Guðmundur nokkur Guðmundsson, bílstjóri að atvinnu. Hann skýrði frá því, að hann hefði mætt bíl hjá Undralandi með háum ljósum. Litlu á eftir Guðmundi ók vestur Suðurlandsbraut Davíð Haraldsson bílstjóri og kom á slysstaðinn rétt á eftir Guðmundi. Móts við Herskólahverfi mætti hann bíl með óvenjulega sterkum ljósum. Davíð deplaði ljósum síns bíls, en ekki var neitt dregið úr styrkleika ljósa bílsins, sem á móti kom. Davíð sá ekki skrásetningarnúmer bílsins, en hann lýsti bílnum sem ljósbláum að lit af Dodge-gerð, smíðaár 1940, og kemur það heim við bíl ákærða Guðjóns.

Eins og ljóst er af framanskráðri atvikalýsingu, hefur ákærði Ingi Haraldur ekið of hratt, miðað við aðstæður, og án nægjanlegrar aðgæzlu, þar eð hann beitti ekki fullu átaki hemla, er hann taldi sig blindaðan af ljósum bílsins, er hann mætti rétt fyrir slysið. Með þessu gerðist hann valdur að meiðslum hjónanna Magnúsar Guðmundssonar og Guðrúnar

Sigurðardóttur. Þykir hann hafa brotið gegn öllum þeim lagagreinum, sem hann er ákærður fyrir brot á í ákæruskjali.

Meiðsli Marinós Eiðs Dalbergs reyndust svo smávægileg, að þau varða ákærða ekki refsingu eftir 219. gr., sbr. 218. gr., hegningarlaganna.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og samkvæmt 219. gr. sömu laga og 38. gr. bifreiðalaga þykir refsing ákærða Inga Haralds hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 3 ár frá birtingu dóms þessa. Ákvörðun um áfrýjun frestar ekki framkvæmd dóms að þessu leyti.

Það þykir nægjanlega sannað með eigin framburði ákærða Guðjóns Breiðfjörðs og öðrum gögnum málsins, að hann hafi umrætt skipti ekið með sterkum og blindandi ljósum. Þá þykir frásögn ákærða sjálfs um akstur sinn austur Suðurlandsbraut í þann mund, er slysið varð, svo og framburður þeirra bílstjóranna Guðmundar Guðmundssonar og Davíðs Haraldssonar styrkja framburð ákærða Inga Haralds og þeirra, er með honum voru, um blindandi bílljósin fyrir slysið svo mjög, að telja megi sannað, að ákærði Ingi Haraldur hafi blindazt af ljósum bíls þess, er ákærði Guðjón Breiðfjörð ók. Er þetta við ákvörðun refsingar ákærða Inga Haralds virt honum til nokkurrar linkindar, en eins og áður hefur verið getið, bar ákærða Inga Haraldi að beita fullu átaki á hemla, er hann blindaðist.

Bílstjóri ber fyrst og fremst sjálfur refsiábyrgð á akstri sínum. Það þykir því of langt gengið, eins og atvik liggja að slysinu, að gera ákærða Guðjón Breiðfjörð meðábyrgan að slysinu, og ber því að sýkna hann af ákærunni um brot á 219. gr. hegningarlaganna. Þess vegna þykja og ekki efni standa til að svipta ákærða ökuleyfi.

Hins vegar hefur ákærði brotið önnur þau laga- og reglugerðarákvæði, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali.

Með tilliti til þess, hversu ljós R 1756 reyndust sterk og truflandi fyrir umferðina, og samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 72 frá 1937 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 300.00 í sekt, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Báða hina ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, annars en málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, er þeir hvor um sig greiði þannig, að ákærði Ingi Haraldur greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00, og ákærði Guðjón Breiðfjörð greiði skipuðum verjanda sínum, Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði Ingi Haraldur Þorvaldsson Kröyer sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð Jónsson greiði kr. 300.00 í sekt til

ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Ingi Haraldur greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 300.00 í málsvarnarlaun.

Ákærði Guðjón Breiðfjörð greiði skipuðum verjanda sínum, Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarlögmanni, kr. 400.00 í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1952.

Nr. 80/1952. **Guðmundur Guðmundsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 22/1950. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1952. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að niður verði felldur stóreignaskattur hans samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, kr. 192.417.00, þar af kr. 47.630.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Varakrafa: Að stóreignaskattur hans verði ákveðinn kr. 16.165.00, þar af kr. 5200.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Þrautavarakrafa: Að stóreignaskattur hans verði ákveðinn önnur fjárhæð að mati dómsins.

Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. maí 1952. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og

að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I.

Ekki verður talið, að skattastefna laga nr. 22 frá 1950 mismuni skattþegnum svo, að hún brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944, og verður stóreignaskattur aðaláfrýjanda ekki felldur niður af þeim sökum.

II.

1. Um hlutafélög.

Í upphafi 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er svo kveðið á, að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögunum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig og þær teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þetta ákvæði virðist vera í ósamræmi við 9. mgr. sömu greinar, en þar er m. a. svo mælt, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- eða stofnfjáreign, og að þenna hluta skattsins skuli innheimta hjá félögunum og hann „teljast þeirra skuld", þ. e. skuld félaganna. Þetta fortakslausa lokaákvæði 9. málsgreinar verður að skilja þannig, að ríkissjóður geti einungis innheimt nefndan skatthluta hjá félögunum. Verður því til þess að fá samræmi í framangreind ákvæði 12. gr. að skýra upphafsákvæði 3. mgr. svo, að þar sé verið að gefa reglu um, hvernig fjárhæð skatts þess, sem innheimta skal hjá félögum, skuli ákveðin. Þrátt fyrir orðalag 3. mgr. 12. gr. nefndra laga verður að ætla, er 9. mgr. sömu greinar er könnuð og athugaður aðdragandi hennar, að löggjafinn hafi viljað láta samvinnu- og hlutafélög taka nokkurn þátt í greiðslu stóreignaskatts, þótt með óvenjulegum hætti sé.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður aðaláfrýjanda ekki dæmt að greiða gagnáfrýjanda nefndan hluta skattsins, en um skipti gagnáfrýjanda og Trésmiðj-

unnar Víðis h/f annars vegar og aðaláfrýjanda og Trésmiðjunnar Víðis h/f hins vegar verður ekki dæmt í máli þessu, þar sem Trésmiðjan Víðir h/f er ekki aðili þess.

2. Um fasteignir.

Ákvæði laga nr. 22 frá 1950 mismuna skattþegnum eigi svo við skattmat fasteigna, að þau ákvæði verði felld úr gildi með dómi.

3. Um lausafé.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verður að telja, að skattayfirvöld hafi farið að lögum við skattmat á lausafé aðaláfrýjanda, er stóreignaskattur var á hann lagður.

4. Um söluskatt.

Fallast má á rök héraðsdómara fyrir því, að rétt sé að draga söluskatt, sem var í skuld í árslok 1949, frá skattskyldri eign, áður en stóreignaskattur er á lagður.

5. Um tryggingargjöld.

Um þau verður ekki dæmt í máli þessu, þar sem þau skipta einungis lögskipti gagnáfrýjanda og Trésmiðjunnar Víðis h/f, sem ekki er aðili máls þessa.

6. Um lóðarréttindi.

Samkvæmt málflutningnum er leiga sú, sem aðaláfrýjandi greiðir fyrir leigulóðina nr. 31 við Víðimel, breytileg á nokkurra ára fresti, en lóðarleigusamningurinn hefur ekki verið lagður fram í máli þessu. Þegar þessa er gætt, er eigi sannað, að um skattskyld eignarréttindi aðaláfrýjanda í leigulóðinni sé að tefla, og verða því lóðarréttindin eigi talin honum til eignar við ákvörðun stóreignaskatts.

7. Um viðskiptavild (goodwill).

Um hana verður ekki dæmt í máli þessu, þar sem hún varðar lögskipti gagnáfrýjanda og Trésmiðjunnar Víðis h/f, sem ekki er aðili máls þessa.

III.

Samkvæmt því, sem rakið er í héraðsdómi, nemur eign aðaláfrýjanda, önnur en eign hans í Trésmiðjunni Víði h/f, kr. 1.245.930.00, þegar skattmat laga nr. 22 frá 1950 er lagt til grundvallar. Gagnáfrýjandi getur sótt aðaláfrýjanda til greiðslu stóreignaskatts af þessari fjárhæð, og nemur hann kr. 144.186.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er rétt að sækja aðaláfrýjanda, Guðmund Guðmundsson, til greiðslu stóreignaskatts, að fjárhæð kr. 144.186.00.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara og
Ármanns Snævarr prófessors.

Við erum samþykkir úrlausn meira hluta dómenda um atriði þau, sem greinir í I og II, 2., 3., 4. og 6. í atkvæði þeirra. Hins vegar höfum við sérstöðu um eftirtalin atriði:

1. Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22/1950 eigi stóreignaskattur af hlutabréfaeign hans í Trésmiðjunni Víði h/f endanlega að greiðast af nefndu hlutafélagi, en ekki af honum persónulega. Ef þessi staðhæfing aðaláfrýjanda væri rétt, yrði að telja hlutafélagið hinn raunverulega skattgjaldanda, að því er tekur til skattgjalds af hlutabréfaeign aðaláfrýjanda. Eins og málið liggur fyrir, verður að taka afstöðu til þessa atriðis.

Samkvæmt 12. gr. frumvarps til laga um stóreignaskatt o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi 1949, skyldu hlutafélög vera skattskyld og greiða stóreignaskatt, ef þau ættu eignir, sem næmu tiltekinni fjárhæð, eins og nánar greinir í frumvarpinu. Í meðferð Alþingis var þessu atriði breytt, eins og fram kemur í 12. gr. laga nr. 22/1950.

Í 1. mgr. 12. gr. laganna segir, að leggja skuli sérstakan skatt á eignir allra *einstaklinga*, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 6/1935, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. desember 1949. Þá segir í 3. mgr. 12. gr.: „Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu".

Í 9. mgr. 12. gr. segir, að hlutafélög skuli „greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum" ... „Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað gjaldanda ber að greiða af netto-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi". „Sá skattur, sem félögum ber að greiða vegna félagsmanna sinna eða hluthafa, skal innheimtur hjá félögunum og teljast þeirra skuld".

Með lögum nr. 59/1950 og nr. 117/1950 voru gerðar breytingar á ákvæðum 9. mgr. 12. gr., sem ekki virðast skipta máli um það efni, sem hér liggur fyrir.

Eins og sjá má af ákvæðum 9. mgr. 12. gr., sem getið er hér á undan, eru þau óljós um það atriði, hvort hlutafélögin eða hluthafar eigi endanlega að greiða þann hluta stóreignaskatts, sem miðaður er við hlutafjáreign einstakra hluthafa. Hins vegar er það skýrt tekið fram í 1. mgr. 12. gr., að skattinn skuli leggja á eignir einstaklinga, og er þar breytt ákvæðum upphaflega frumvarpsins um, að skatt skyldi leggja bæði á einstaklinga og félög. Þá er og ótvírætt sagt í upphafi 3. mgr. 12. gr., að félög greiði ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum. Ef túlka ætti lögin þannig, að félögin, en ekki einstakir hluthafar, væru hinir raunverulegu skattgjaldendur, að því er varðar þenna hluta skattsins, þá mundi það leiða til misræmis um skattgreiðslu félaga, sem eins væru stödd fjárhagslega, þar sem skattskylda og skattfjárhæð félags yrði undir því komin, hversu miklar eignir einstakir hluthafar ættu auk hlutabréfaeignar sinnar í félaginu, og mundi þá einnig

í því felast, að einstökum hluthöfum yrði mismunað sín í milli.

Orðalag upphafsákvæða 1. og 3. mgr. 12. gr., aðdragandi laganna og önnur þau atriði, sem hér hafa verið greind, benda ótvírætt til þess, að einstakir hluthafar, en ekki félögin, séu skattgjaldendur, að því er varðar skatt af hlutabréfaeign, þótt félögin séu ábyrg um greiðslu þessa hluta skattsins gagnvart ríkissjóði. Er því ekki unnt að fallast á þá skoðun aðaláfrýjanda, að honum beri ekki að greiða endanlega stóreignaskatt af hlutabréfaeign sinni í Trésmiðjunni Víði h/f.

Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. skal bæta við eignir hluthafa tiltölulegum hluta af eignum félags, miðað við hlutafjáreign hans, áður en stóreignaskattur er á hann lagður. Verður að skýra þetta ákvæði, svo sem héraðsdómari hefur gert, að hér sé lögfest sérstök regla um skattmat hlutabréfa. Sannvirði hlutabréfa fer ekki nema að nokkru leyti eftir því, hversu miklar eignir félagið kann að eiga umfram skuldir. Þar geta ýmis fleiri atriði komið til greina, svo sem hvernig arðgreiðslu er háttað samkvæmt landslögum, félagslögum eða venju. Verðlagningarákvæði 3. mgr. 12. gr. geta valdið því, að hlutabréf verði ofmetin til skatts svo að miklu muni. Þykir aðaláfrýjandi því eiga kröfu til, að stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 22/1950 af hlutabréfaeign hans í Trésmiðjunni Víði h/f verði ákveðinn af nýju af skattayfirvöldum, miðað við sannvirði bréfanna. Þar sem þannig skortir grundvöll í þessu máli til að ákveða þenna hluta skattsins, leiðir það til þess, að fella verður úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um skattgjald af nefndri hlutabréfaeign aðaláfrýjanda og vísa kröfu hans um ákvörðun gjaldsins frá héraðsdómi.

2. Að því leyti sem hliðsjón er höfð af hag Trésmiðjunnar Víðis h/f við skattmat á hlutabréfum aðaláfrýjanda í félaginu, þykir hann eiga rétt á, samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, að dregin séu frá eignum félagsins tryggingariðgjöld, eins og þar segir. Þá þykir og með sama hætti bera að draga frá eignum félagsins þá fjárhæð, sem því er talin til eignar vegna viðskiptavildar (goodwill), þar sem lagaheimild brestur til þess að telja viðskiptavild með skattskyldum eignum.

Við erum samþykkir málskostnaðarákvæði í atkvæði meira hluta dómenda.

Samkvæmt framansögðu verður dómsorð okkar þannig:

Framangreindri kröfu aðaláfrýjanda, Guðmundar Guðmundssonar, vísast frá héraðsdómi.

Stóreignaskattur aðaláfrýjanda af öðrum eignum hans en hlutabréfaeign í Trésmiðjunni Víði h/f ákveðst kr. 144.186.00.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Guðmundur Guðmundsson húsgagnasmiður, Víðimel 31 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar s.l., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *aðallega* að stóreignaskattur sá, að fjárhæð kr. 192.417.00, þar af kr. 47.630.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f, sem honum var gert að greiða samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950, verði með öllu niður felldur. Til *vara* hefur stefnandi krafizt þess, að skatturinn verði ákveðinn kr. 16.165.00, þar af kr. 5.200.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Til *þrautavara* hefur stefnandi krafizt þess, að skatturinn verði ákveðinn einhver önnur fjárhæð að mati dómarans.

Í öllum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæðum laga nr. 22 frá 19. marz 1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. var ákveðnum aðiljum gert að greiða svonefndan stóreignaskatt. Með bráðabirgðalögum nr. 68 frá 1950 var skattstjóranum í Reykjavík falið að annast álagningu skatts þessa, og með ákvæðum 4. gr. laga nr. 117 frá 1950 var það fyrirkomulag staðfest og skattstjóranum einnig falið að úrskurða um kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði hans skyldi þó mega skjóta til ríkisskattanefndar, og úrskurð ríkisskattanefndar skyldi mega bera undir dómstólana.

Skattstjórinn í Reykjavík taldi, að stóreignaskattskyld eign stefnanda næmi kr. 1.492.891.00, og ákvað stóreignaskatt hans samkvæmt því kr. 193.577.00, þar af kr. 47.630.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f. Stefnandi virðist hafa kært til skattstjórans yfir skattaálagningu þessari, en án þess að nokkur breyting fengist gerð á henni. Síðan kærði stefnandi yfir skattinum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd lækkaði stóreignaskattskylda eign stefnanda um kr. 5.800.00 og stóreignaskatt hans í kr. 192.417.00, þar af kr. 47.630.00 vegna hlutafjáreignar hans

í Trésmiðjunni Víði h/f. Þessu vildi stefnandi ekki una og höfðaði því mál þetta með þeim dómkröfum, sem að framan greinir.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að þau ákvæði laga nr. 22 frá 1950, sem um stóreignaskatt fjalla, svo og ákvæði laga nr. 59 frá 1950 og nr. 117 frá 1950 um breytingu á þeim lögum séu ógild, þar sem þau brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þessa skoðun sína rökstyður stefnandi með því, að samkvæmt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar sé eignarrétturinn friðhelgur og enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsheill krefji, til þess þurfi lagafyrirmæli, enda komi fullt verð fyrir. Þetta ákvæði og sú hugsun, sem þar liggi á bak við, sé eitt af hyrningarsteinum þess þjóðskipulags, sem við nú höfum, og á því byggist allt þjóðhagskerfi okkar. Þrátt fyrir þetta ákvæði sé það hins vegar engum vafa bundið, að heimilt sé að leggja skatta á þegnana til að standast straum af þeim kostnaði, sem leiðir af rekstri ríkisins. Skattur sé gjald til þess opinbera, sem sé fenginn með því að leggja jafna og almenna fjárhagsbyrði á alla þá, sem eins eru settir fjárhagslega. Fullnægi ákvæðin um fjárhagsálögur ríkisvaldsins á einstaklinga, félög eða stofnanir ekki þessum skilyrðum, sé ekki um skatt að ræða heldur eignarnám, og beri þá að greiða fullt endurgjald fyrir þau verðmæti, sem tekin séu, ella sé gjaldálagningin ógild, þar sem hún brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í þeim ákvæðum laga nr. 22 frá 1950, laga nr. 59 frá 1950 og laga nr. 117 frá 1950, sem um stóreignaskatt fjalla, sé gjaldþegnunum mismunað á marga lund. Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé skattur þessi einungis lagður á einstaklinga, en ekki félög. Hins vegar séu framkvæmdarákvæði laganna þannig, að meginþungi „skatt"gjaldsins sé lagður á þátttakendur í hlutafélögum eða hlutafélögin sjálf. Á hinn bóginn sleppi þátttakendur í samvinnufélögum og samvinnufélög svo að segja alveg við skattgreiðslu. Hér sé því þessum tveimur félagahópum, sem þó mestu ráði í fjárhagslífi þjóðfélagsins, mismunað á hinn herfilegasta hátt. Lögin bjóði hlutafélögum að greiða að nokkru stóreignaskatt þeirra hluthafa, er stóreignaskattskyldir séu, og sé þannig eign eins aðilja notuð til að skattleggja annan, enda þótt ekkert samband sé þar á milli. Þá séu fasteignir gjaldenda metnar til verðs á mismunandi hátt eftir því, hvar þær séu á landinu. Af þessu sé ljóst, að ekki sé lögð jöfn og almenn fjárhagsbyrði á þá, sem eru fjárhagslega jafnt settir. Lagaákvæði þessi brjóti því í meginatriðum í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi hefur enn fremur bent á, að það verði að telja það meginreglu, að skattar þeir, sem á þegnana séu lagðir, renni í ríkissjóð. Þessu sé öðruvísi farið með stóreignaskattinn, meginhluti hans eigi ekki að renna í ríkissjóð, heldur til annarra aðilja. Þá hefur stefnandi bent á, að skattgjald þetta sé óeðlilega hátt. Í sumum tilvikum sé þannig tekinn fjórði hluti eigna gjaldandans. Slíkt sé í raun réttri enginn skattur, heldur eignataka. Enn hefur stefnandi á það bent, að í hinu upphaflega frumvarpi að lögum nr. 22 frá 1950 hafi þessum atriðum verið komið fyrir á allt annan hátt. Hins sjálfsagða jafnréttis hafi þar verið gætt, að því er varðaði alla gjaldendur

nema eigendur fasteigna, og gert hafi verið ráð fyrir, að skatturinn rynni í ríkissjóð. Þá hafi skatturinn átt að vera mun lægri.

Auk þess hefur stefnandi talið, að ýms einstök atriði margnefndra laga-ákvæða brytu í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, og verður um þau rætt síðar.

Stefndi hefur algerlega andmælt því, að ákvæði laga nr. 22 frá 1950 um stóreignaskatt svo og síðari breytingar á þeim lögum brjóti á nokkurn hátt í bága við stjórnarskrána. Lögin hafi verið sett á venjulegan stjórnskipulegan hátt, og enginn formgalli sé á setningu þeirra. Þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd einstaklingseignarréttarins, sé ráð fyrir því gert í stjórnarskránni og á því hafi aldrei verið talinn nokkur vafi, að ríkisvaldinu væri heimilt að leggja fjárhagsbyrðar á þegnana, þar á meðal skylda þá til skattgreiðslu. Löggjafarvaldið hafi meira að segja talið sér heimilt að fela öðrum aðiljum að ákveða flest atriði varðandi slíkar álögur, þar á meðal gjaldhæðina sjálfa, svo sem t. d. útsvör, og haldi því þó enginn fram, að slíkt brjóti í bága við stjórnarskrána. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé stóreignaskatturinn einungis lagður á einstaklinga, en ekki á félög. Í 12. gr. sé hins vegar ákveðið, hvernig reikna skuli skattinn af eignum manna í félögum, og sé þar enginn meginmunur gerður á hlutafélögum og samvinnufélögum. Sama gildi einnig um skattgreiðslureglurnar. Þegar um það sé talað, að skatturinn komi verr niður á hlutafélögum en samvinnufélögum, þá gæti menn ekki þess, að ástæðan til, að svo getur virzt, er sú, að þátttakendur í hlutafélögum eru oft efnaðri menn en þátttakendur í samvinnufélögum og beri því að greiða meira. Þá hefur stefndi bent á, að það hafi lengi tíðkazt, að félög og einstaklingar væru ekki skattlagðir á sama hátt. Það sé misskilningur, að eign eins aðilja sé notuð til að skattleggja annan og hvergi sé ráð fyrir slíku gert í lögunum. Þegar virt séu ákvæðin um stóreignaskatt, verði að taka tillit til þess, að hann sé lagður á í sambandi við margháttaðar og margs konar breytingar og lagfæringar á fjármálakerfi þjóðarinnar. Þannig hafi gengi íslenzkrar krónu verið stórlækkað með sömu lögum. Gengislækkunin hafi haft í för með sér mikla verðhækkun í krónutölu á eignum manna. Ríkisvaldinu hafi undir slíkum kringumstæðum verið fullheimilt að draga til sín eitthvað af þeirri verðhækkun, sem skapaðist fyrir þess aðgerðir. Það sé misskilningur, þegar talið sé, að skattur þessi sé óhæfilega hár. Greiðslu skattsins sé þannig fyrir komið, að hann megi greiða á löngum tíma og skerði því ekki að verulegu leyti eignir gjaldenda. Þegar á allt þetta sé litið, komi glöggt fram, að hér sé raunverulega um skatt að ræða, en ekki eignarnám, og meginákvæði laganna brjóti á engan hátt í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Þá skipti það hér engu máli, þótt í lögunum sjálfum sé tekið fram, til hvers skattfénu skuli varið. Því fé hafi löggjafarvaldið fulla heimild til að ráðstafa sem öðrum tekjum ríkisins.

Í stjórnarskránni nr. 33 frá 1944 segir í 40. gr., að engan skatt megi leggja á né breyta né taka af nema með lögum, og í 77. gr. segir, að

skattamálum skuli skipa með lögum. Önnur ákvæði eru ekki um skatta í stjórnarskránni, og ekki er þar fram tekið, á hvern hátt eða eftir hvaða reglum ríkið skuli fá tekjur til að standa straum af rekstrarkostnaði sínum. Virðist almenni löggjafinn því hafa allfrjálsar hendur um tekjuöflunaraðferðir þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Því er ómótmælt, að lög nr. 22 frá 1950 séu sett á stjórnskipulegan hátt, og byggist því stóreignaskatturinn á formlega gildri lagaheimild.

Með lögum nr. 22 frá 1950 voru gerðar róttækar breytingar á fjármálakerfi landsins í því skyni að koma því í fastari skorður. Gengi íslenzkrar krónu var stórlækkað gagnvart erlendum gjaldeyri, en við það mátti ætla, að verð eigna hækkaði í krónutali. Til þess að reisa skorður við því, að gengisbreytingin orsakaði aukna verðbólgu innanlands, voru sett ýms ákvæði í lögum, þar á meðal ákvæðin um stóreignaskatt. Þetta markmið ákvæðanna verður að hafa í huga, þegar metið er, hvort þau brjóti í bága við stjórnarskrána.

Þess verður að krefjast um skatta, að þeir séu lagðir á gjaldendurna eftir efnahagslegum mælikvarða. Þegar ákvæði laga nr. 22 frá 1950 um stóreignaskatt eru virt, kemur skýrt fram, að þessa er gætt við álagningu hans, enda þótt óvanalegum reglum sé beitt við mat á skattskyldum eignum. Þá verður ekki annað séð en skattur þessi leggist jafnt á þá hópa skattþegna, sem eins eru settir.

Ekki verður talið, að það skipti máli í þessu sambandi, til hvers nota skuli fé það, sem aflað er með skattaálögum þessum, þar sem almenni löggjafinn hefur óbundnar hendur um, hvernig ráðstafa skuli tekjum ríkissjóðs.

Þegar þetta allt er virt, verður ekki talið, að ákvæði laga nr. 22 frá 1950 um stóreignaskatt brjóti í heild eða að meginstefnu í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, og verður því aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Rætt verður um einstök ákvæði lagafyrirmælanna um stóreignaskatt hér á eftir og þá tekin afstaða til þess, hvort þau kunni að brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Varakröfu sína og þrautavarakröfu byggir stefnandi á því, *að* við ákvörðun stóreignaskatts hans verði hlutabréf hans reiknuð honum til eignar á nafnverði, *að* fasteignir hans verði taldar honum til eignar á þreföldu fasteignamatsverði, *að* lausafé, vélar og áhöld verði reiknuð honum til eignar á bókfærðu verði, *að* söluskattur ársins 1949 verði dreginn frá skattskyldum eignum hans, *að* tryggingariðgjöld ársins 1949 verði dregin frá skattskyldum eignum hans, *að* felld verði niður eign hans í leigulóð og að „goodwill" verði ekki reiknaður honum til eignar.

Verður hver kröfuliður fyrir sig athugaður hér á eftir.

Um hlutabréf: Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 er fram tekið, að skattálagningin skuli miðuð við eignir skattþola þann 31. desember 1949. Þann 31. desember 1949 átti stefnandi hlutabréf í Trésmiðjunni Víði h/f, að nafnverði kr. 52.000.00, en allt hlutafé þess félags er kr. 60.000.00.

Við álagningu stóreignaskattsins var þessi eignaliður talinn honum til eignar með kr. 238.154.00.

Stefnandi hefur krafizt þess, að þessi hlutabréfaeign hans verði aðeins reiknuð honum til eignar í þessu sambandi með nafnverði hlutabréfanna, kr. 52.000.00. Í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 sé svo boðið, að félög skuli ekki greiða skatt samkvæmt þeim lögum. Hins vegar skuli skipta hreinum eignum félaga, þar með talinna hlutafélaga, niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þeirra hvers um sig, og þær eignir, þannig fundnar, teljast með öðrum eignum einstaklinga við skattálagninguna. Þessi ákvæði telur stefnandi, að alls ekki geti staðizt, þar sem þau brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Eins og áður getur, sé það skýrt tekið fram í lögunum, að það séu aðeins einstaklingar, sem séu skattþegnar samkvæmt þeim, en ekki félög. Hlutafélög séu sjálfstæðir aðiljar að lögum, sem eigi eignir og geti tekið á sig skuldbindingar. Hinn einstaki hluthafi sjálfur eigi þar enga aðild. Hann eigi hins vegar hlutabréfið, sem veiti honum rétt til ákveðinna áhrifa á stjórn hlutafélagsins. Hlutabréfin sjálf séu sérstök eign, nánast lausafé, sem hafi sjálfstætt verðgildi, er sé ekki hið sama og jafnstór hluti af heildareignum hlutafélagsins. Hér sé því verið að skattleggja einn aðilja, hluthafann, en nota sem skattstofn eign annars aðilja, hlutafélagsins. Slíkt hljóti að teljast hrein fjarstæða og brjóti algerlega í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hlutabréfin verði því að telja til eignar samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 20 frá 1942 um breytingu á lögum nr. 6 frá 1935 um tekju- og eignarskatt, eða með nafnverði, sé hlutaféð óskert.

Stefndi telur hins vegar, að fyrrgreind ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 hafi vikið til hliðar ákvæðum 7. gr. laga nr. 20 frá 1942 og öðrum ákvæðum eldri laga um skattlagningu hlutafjár og hlutafélaga. Það séu því einungis ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, sem hér skipti máli. Samkvæmt ákvæðum þessum skuli hlutafélag ekki sjálfstætt greiða stóreignaskatt. Hins vegar skuli skipta eignum hlutafélags niður á hina raunverulegu eigendur, hluthafana, og reikna síðan skattinn af allri eign þeirra, ef hún sé það mikil, að til stóreignaskatts komi. Slík skattlagningaraðferð sé löggjafanum heimil og brjóti á engan hátt í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir, að mat á verðmæti eigna skuli fara eftir ákvæðum skattalaga og hrein eign skuli ákveðin, eins og þar segir, þó með nokkrum breytingum. Síðan eru talin upp ýms frávik þetta varðandi. Þá segir í 3. mgr.: „Félög greiða ekki eignarskatt samkvæmt lögum þessum, en hreinum eignum þeirra, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Með eignum félaga, sem skiptast samkvæmt framansögðu, teljast ekki þær eignir, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opin-

bera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46/1937. Eigi heldur það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði, samkvæmt lögum nr. 20/1942 um breytingu á lögum nr. 6/1935".

Þegar lagaákvæði þetta er virt, verður það ekki skilið á annan hátt en þann, að hér sé sett ný regla um verðmætismat hlutabréfa, sem nota skuli við álagningu stóreignaskattsins. Telja verður almenna löggjafanum heimilt að setja slíkar reglur og að þær hafi vikið til hliðar eldri ákvæðum um verðmætismat hlutabréfa við skattálagningu, þar á meðal ákvæðum 7. gr. laga nr. 20 frá 1942. Þetta sérstaka verðmætismat verður heldur ekki talið óeðlilegt, þegar gætt er ástæðna þeirra, er lágu til setningar laga nr. 22 frá 1950, meginmarkmiðs þeirra og þess, að á félögin sjálf er ekki lagður skattur. Með vísan til þessa verður ekki á það fallizt, að fyrrgreind ákvæði 3. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Verður því sú krafa stefnanda, að hlutabréf hans verði talin honum til eignar á nafnverði, ekki tekin til greina.

Um fasteignir: Þann 31. desember 1949 átti stefnandi fasteignina Víðimel 31 hér í bæ, en fasteign þessi er metin á kr. 66.700.00 að fasteignamatsverði. Þá átti hann lóðina Kringlumýrarblett 18, en hún er metin á kr. 700.00 að fasteignamatsverði. Við álagningu stóreignaskattsins voru stefnanda taldar fasteignir þessar til eignar á sexföldu fasteignamatsverði eða á kr. 404.400.00. Á þessum tíma átti stefnandi 80/100 hluta sameignarfélagsins Húseignarinnar Laugavegs 166. Sameignarfélag þetta átti hins vegar húseignina nr. 166 við Laugaveg, sem var metin á kr. 264.200.00 að fasteignamatsverði. Við álagningu stóreignaskattsins var húseign þessi talin til eignar á sexföldu fasteignamatsverði eða á kr. 1.585.200.00.

Kröfur sínar um matsverð fasteigna sinna byggir stefnandi á því, að ákvæði 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 svo og ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950, þar sem boðið er, að fasteignir skuli metnar til eignar misjafnt eftir því, hvar þær eru á landinu, sé ógilt, þar sem það brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þegnarnir eigi kröfu á, að þeir njóti sama réttar við skattálagninguna, hvar sem skattstofninn sé á landinu. Fasteignir verði því að meta til skatteignar eftir sömu verðákvörðunarreglum um land allt. Þessa sé ekki gætt í ákvæðum 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, og séu þau ákvæði því ógild. Það verði því að leggja til grundvallar þá lægstu verðgildisákvörðun, sem gert er ráð fyrir í lagaákvæði þessu, og telja fasteignirnar til eignar í þessu sambandi á þreföldu fasteignamatsverði. Það verðmætismat hljóti að gilda um allt land. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að við fasteignamatið sé nokkurt tillit til þess tekið við verðákvörðun, hvar á landinu eignin sé.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að fyrrgreind ákvæði um verðmætismat fasteigna brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þegar ákvæði þessi séu virt, verði að gæta þess, að álagning stóreignaskattsins sé liður í víðtækum tilraunum til að koma fjármálakerfi landsins í betra horf. Það sé alkunna, að verðmæti fasteigna sé misjafnt eftir því, hvar

þær eru á landinu, en það leiði af misjafnri atvinnuþróun á hinum ýmsu landssvæðum. Löggjafarvaldinu hafi því verið heimilt að ákveða verðmæti fasteigna með hliðsjón af þessu, og í raun og veru séu skattþegnarnir með þessu jafnar settir, en ef sama verðmætisregla hefði verið látin gilda um allar fasteignir, hvar sem þær eru á landinu. Þá sé það algengt í íslenzkum skattalögum, að verðgildi séu misjafnt ákveðin eftir stöðum. Þannig sé svonefndur persónufrádráttur misjafn eftir því, hvar skattþegn eigi heima, og ýmsar landbúnaðarafurðir séu flokkaðar misjafnt til tekna eftir landshlutum. Þá hefur stefndi talið, að við fasteignamatið hafi verið tekið mjög óverulegt tillit til þess, hvar fasteign er.

Í 1. tl. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 segir svo: „Fasteignir skulu metnar samkvæmt fasteignamati margfölduðu með tölunni 6, að því er varðar Reykjavík, tölunni 5, að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 4000 íbúa í árslok 1948, tölunni 4, að því er varðar aðra kaupstaði með yfir 2000 íbúa á sama tíma, og tölunni 3, að því er tekur til annarra landshluta".

Ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 eru í samræmi við þetta.

Það er alkunna, að hið opinbera fasteignamatsverð er mun lægra en raunverulegt verðmæti fasteigna. Þegar virtir eru atvinnuhættir hér á landi og fjármálaþróun síðustu ára, er ljóst, að verðmæti fasteigna er misjafnt eftir staðsetningu þeirra. Þegar þetta er virt og gætt markmiðs laga nr. 22 frá 1950, verður að telja, að löggjafarvaldinu hafi verið heimilt að setja reglur um verðmætismat fasteigna, þar sem tillit sé tekið til staðsetningar eignanna, og verður ekki séð, að slíkt brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Fasteignir þær, sem hér skipta máli, eru allar í Reykjavík, og er því heimilt í þessu sambandi að meta þær til verðs á sexföldu fasteignamatsverði.

Um lausafé: Svo sem áður getur, var stefnandi eigandi að hlutabréfum í Trésmiðjunni Viði h/f að nafnverði kr. 52.000.00, en allt hlutafé þess félags er kr. 60.000.00. Við álagningu stóreignaskattsins var bókfært verð tækja og áhalda hlutafélagsins hækkað af skattayfirvöldunum um kr. 58.701.00.

Stefnandi telur hækkun þessa algerlega óheimila. Samkvæmt ákvæðum fyrsta málsliðs 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 skuli mat á verðmæti eigna fara eftir ákvæðum skattalaga með þeim breytingum, sem síðar eru taldar í greininni. Í 12. gr. séu engin ákvæði um sérreglur, að því er varðar mat á verðmæti véla og tækja, og hljóti það því að fara eftir almennum reglum skattalaganna, en þar hljóti að vera átt við reglur laga um tekju- og eignarskatt nr. 6 frá 1935 svo og reglugerðir, sem settar hafi verið samkvæmt þeim. Samkvæmt ákvæðum c-liðs 19. gr. þeirra laga skuli verðlag á lausafé miðað við áætlað söluverð. Í samræmi við þetta segir í B-lið 25. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936, að verðlag á lausafé skuli miðað við áætlað söluverð, eins og ætla mætti, að eignin hefði selzt í lok skattársins. Um langt skeið hafi framkvæmd þessara ákvæða verið þannig hagað við álagningu eignarskatts, að skattþegnum hafi verið talið lausafé til eignar með kaupverði, að frádreginni tilskil-

inni fyrningu, og það verð því talið jafngilda áætluðu söluverði. Þessari aðferð hafi einnig verið beitt við álagningu eignarskatts á árinu 1950. Hins vegar hafi þessu verið beitt öðruvísi, er stóreignaskatturinn var álagður. Tæki og vélar hafi verið stórhækkaðar frá bókfærðu verði án nokkurs rökstuðnings og án þess að neinar breytingar hafi verið gerðar á lögunum um tekju- og eignarskatt eða reglugerðum þeim, sem um þetta atriði fjalla. Þetta geti ekki verið leyfileg framkvæmd af skattyfirvaldanna hendi, enda sé ráð fyrir því gert í 6. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950, að við eignamat skuli farið eftir ákvörðun skattanefnda og skattstjóra við samningu skattskrár 1950. Það beri því að leggja hið bókfærða verð tækja og áhalda Trésmiðjunnar Viðis h/f til grundvallar við ákvörðun eigna félagsins, enda sé því ómótmælt, að hlutafélagið hafi fyllilega hlýtt fyrningarreglum þeim, sem settar eru í sambandi við lögin um tekju- og eignarskatt.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að samkvæmt ákvæðum c-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935 og B-liðs reglugerðar nr. 133 frá 1936 skuli verðlag á lausafé miðað við áætlað söluverð. Skattayfirvöldunum sé falið að framkvæma þetta mat og það vald hafi þau enn. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 skuli við eignamat á lausafé farið eftir ákvæðum skattalaganna. Þeim aðilja, er lagt hafi á stóreignaskattinn, hafi verið fullheimilt að nota aðrar reglur til verðmætisákvörðunar á lausafé en notaðar séu við ákvörðun eignarskatts, enda haldi hann sér innan ramma ákvæða c-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935. Með bréfi, dags. 20. september 1950, hafi fjármálaráðherra boðið skattstjóranum í Reykjavík að leggja til grundvallar við álagningu stóreignaskatts kostnaðarverð lausafjár, að frádreginni leyfðri fyrningu, en að viðbættri hækkun samkvæmt ákveðnum reglum, er miðuðust við aldur lausafjárins. Þar sem því sé ekki haldið fram, að áætlað verðmæti lausafjár Trésmiðjunnar Viðis h/f, þannig reiknað, fari fram úr söluverði þess, geti stefnandi engum athugasemdum við því hreyft, og sé því þessi verðhækkun fullheimil.

Svo sem þegar hefur verið rakið, er ákveðið í 12. gr. laga nr. 22 frá 1950, að mat á verðmæti eigna skuli fara eftir ákvæðum skattalaga, þar sem ekki sé annað tekið fram í lögum nr. 22 frá 1950 sjálfum. Hlýtur þar að vera átt við lög nr. 6 frá 1935. Eins og áður getur, er svo ákveðið í c-lið 19. gr. laga nr. 6 frá 1935, sbr. B-lið reglugerðar nr. 133 frá 1936, að við ákvörðun eignarskatts skuli verðlag á lausafé miðað við áætlað söluverð. Það er að vísu fram komið, að ákvæðum þessum hefur ekki verið beitt af skattayfirvöldunum, heldur notaður annar grundvöllur við verðlagninguna, kaupverðið, að frádreginni fyrningu samkvæmt sérstökum reglum. Ekki er unnt að telja, að venja þessi hafi breytt skýlausum ákvæðum c-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935. Var því skattayfirvöldum þeim, sem lögðu á stóreignaskattinn, heimilt að beita öðrum reglum við verðmætismat lausafjár en gert er við álagningu almenns eignarskatts, að því tilskildu, að þær væru í samræmi við ákvæði c-liðs 19. gr. laga nr. 6 frá 1935, enda var slíkt fyllilega í samræmi við markmið laga nr. 22 frá

1950. Það er að vísu ekki leitt í ljós, að reglur þær, sem fjármálaráðuneytið setti þann 20. september 1950 um verðlagninguna á lausafénu, hafi það í för með sér, að það verði talið til eignar á hugsanlegu söluverði, en þar sem því er ekki haldið fram, að verð lausafjár samkvæmt þeim fari fram úr hugsanlegu söluverði þess, þá þykja reglur þessar fá staðizt. Með vísan til þessa verður þessi krafa stefnanda ekki tekin til greina, en því er ekki mótmælt, að verðhækkun sú, sem gerð var á vélum og tækjum Trésmiðjunnar Víðis h/f sé tiltölulega rétt reiknuð samkvæmt fyrrgreindum reglum fjármálaráðuneytisins.

Um söluskatt: Húsgagnaverzlun Guðmundar Guðmundssonar s/f var gert að greiða í söluskatt fyrir síðasta fjórðung ársins 1949 kr. 1620.00. Þenna skatt, að viðbættum kr. 60.00, er þar virðast hafa slæðzt með af mistökum, var fyrirtækinu synjað um að telja með skuldum þann 31. desember 1949. Eins og áður hefur verið getið, á stefnandi 80/100 hluta fyrirtækis þessa.

Trésmiðjunni Víði h/f var gert að greiða kr. 21.831.00 í söluskatt fyrir síðasta fjórðung ársins 1949 og var einnig synjað um að telja skatt þenna með skuldum þann 31. desember 1949. Eins og áður getur, á stefnandi hlutabréf, að nafnverði kr. 52.000.00, í hlutafélagi þessu, en allt hlutafé félagsins er kr. 60.000.00.

Stefnandi krefst þess í máli þessu, að söluskattur þessi verði talinn með skuldum fyrirtækja þessara við ákvörðun eigna þeirra í sambandi við álagningu stóreignaskattsins, þannig að eignirnar verði lækkaðar um söluskattsfjárhæðirnar. Söluskatturinn sé lagður á með heimild í III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Sá, sem greiði skattinn í ríkissjóð, komi hér ekki fram sem raunverulegur skattgreiðandi, heldur sem nokkurs konar skatthеimtumaður, sem krefji inn skattinn af öðrum og varðveiti hann síðan. Hafi hann ekki afhent skattinn um áramót í ríkissjóð, sé um raunverulega skuld að ræða, er beri að draga frá eignum hans. Í 12. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 um stóreignaskatt sé hins vegar ákveðið, að söluskattur ársins 1949 skuli því aðeins dreginn frá eignum, að hann hafi verið greiddur áður en stóreignaskatturinn var ákveðinn. Þetta reglugerðarákvæði hafi enga stoð í lögum og sé því markleysa ein. Beri því að lækka eignir fyrirtækja þessara um söluskattinn, þegar stóreignaskatturinn sé ákveðinn.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að fyrrgreind ákvæði 12. gr. reglugerðarinnar nr. 133 frá 1950 hafi fullt gildi. Söluskattur sá, er hér um ræðir, sé álagður á árinu 1950, og ekki vist um fjárhæð hans um áramót. Hér sé því ekki um raunverulega skuld að ræða. Hefur stefndi í því sambandi sérstaklega mótmælt því, að söluskatturinn sé vörzlufé. Þá hefur stefndi bent á, að söluskattgreiðendur hafi haft um 12 mánaða frest til að greiða skattinn og fá hann þá dreginn frá eignum við álagningu stóreignaskattsins. Hafi þeir ekki notfært sér þessi hlunnindi, geti þeir sjálfum sér um það kennt.

Söluskattur sá, er hér um ræðir, var álagður samkvæmt heimild í III. kafla laga nr. 100 frá 1948. Samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 100 frá

1948 skyldi skattur þessi greiðast sem ákveðinn hundraðshluti af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja. Í 26. gr. laganna er ákveðið, að verð vöru eða þjónustu megi hækka sem nemi söluskatti, en hins vegar megi ekki hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans. Í 24. gr. laganna er ákveðið, að þeir, sem söluskatt eigi að greiða, skuli senda skattstjóra eða skattanefndum skýrslur um sölu sína. Að því er varðar síðasta fjórðung ársins 1949, skyldi skýrslum þessum skilað fyrir janúarlok 1950. Skattstjóri eða skattanefndir skulu síðan ákveða skattinn samkvæmt skýrslum þessum, en gjalddagi hans er ákveðinn 1. febrúar 1950. Í lögum nr. 22 frá 1950 eru engin ákvæði um, hvernig fara skuli um ógreiddan skatt sem þenna. Þegar virt eru þau ákvæði um söluskatt, sem hér eru rakin, er ljóst, að hér er um gjald að ræða, sem atvinnufyrirtækjum er falið að taka af viðskiptamönnum sínum og greiða síðan í ríkissjóð. Hlutverk skattstjóra og skattanefnda virðist nánast vera það að gæta þess, að innheimtuaðferð þessi sé ekki misnotuð af þeim, sem við gjaldinu taka. Skatturinn hvíldi því sem skuld á atvinnufyrirtækinu um áramót 1949 og 1950, enda þótt gjalddagi væri enn ekki kominn. Með vísan til þessa verður ekki séð, að heimild hafi verið til að setja það skilyrði fyrir því, að skatturinn teldist til skulda, að hann yrði greiddur innan ákveðins tíma. Verður því ekki talið, að ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 hafi gildi að þessu leyti, og verða því teknar til greina kröfur stefnanda um, að eignir fyrrnefndra fyrirtækja verði lækkaðar sem söluskattinum nemur við ákvörðun stóreignaskattsins.

Um tryggingariðgjöld: Á skattframtali sínu árið 1950 taldi Trésmiðjan Viðir h/f, að hún skuldaði kr. 7.484.00 í slysatryggingargjöld fyrir árið 1949 samkvæmt ákvæðum 112. og 113. gr. laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar. Við ákvörðun stóreignaskattsins var hlutafélaginu ekki talið heimilt að telja þetta fé meðal skulda, og var hrein eign félagsins hækkuð því, sem þessu nam.

Stefnandi hefur krafizt þess í máli þessu, að hin ógreiddu slysatryggingariðgjöld frá árinu 1949 verði talin til skulda hjá hlutafélaginu við ákvörðun hreinna eigna þess í sambandi við álagningu stóreignaskattsins. Hér sé um að ræða gjöld, sem falli á vikulega, enda þótt gjaldandi þurfi ekki að inna þau af hendi fyrr en síðar. Hér sé ekki um álagðan skatt að ræða. Sé það því ómótmælanlegt, að gjöld þessi verði að teljast til frádráttarhæfra skulda um áramót.

Af stefnda hálfu hefur því verið mótmælt, að iðgjöld þessi beri að telja með skuldum félagsins, miðað við áramót 1949 og 1950. Gjöld þessi hafi um áramótin verið óálagður skattur. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 beri aðeins að draga frá hreinum eignum gjaldanda skatta, útsvör og tryggingargjöld, sem þeir kunni að skulda 31. desember 1949 og á þá hafi verið lögð fyrir þann tíma. Tryggingargjöld þau, er hér um ræðir, hafi ekki verið lögð á fyrr en eftir þann tíma og geti því ekki talizt skuldir, miðað við 31. desember 1949.

Gjöld þau, sem hér um ræðir, eru álögð samkvæmt heimild í 112. og 113. gr. laga nr. 50 frá 1946. Tryggingargjöld þessi eru ákveðin fjárhæð

fyrir hverja vinnuviku. Telja verður, að gjaldskylda greiðanda stofnist við lok hverrar vinnuviku, sem unnin er í þjónustu hans. Tryggingargjöld þessi eru því raunveruleg skuld um áramót, og getur það ekki skipt máli, þótt þau séu innheimt síðar. Með vísan til þessa verður að telja, að Trésmiðjunni Víði h/f sé heimilt að telja tryggingargjöld þessi sem skuld, miðað við 31. desember 1949, og draga hana frá hreinum eignum við ákvörðun stóreignaskattsins.

Um eign í leigulóð: Stefnandi hefur á leigu lóðina nr. 31 við Víðimel hér í bæ. Við ákvörðun stóreignaskattsins voru þessi réttindi talin stefnanda til eignar með kr. 1.662.00. Er sú fjárhæð þannig fram fengin, að frá fasteignamatsverði lóðarinnar, kr. 7.024.00, er dregin fimmtánföld afgjaldskvöðin eða kr. 5.362.00, og mismunurinn, kr. 1.662.00, talinn eign stefnanda.

Stefnandi hefur krafizt þess, að réttindi þessi verði ekki talin honum til eignar. Telur hann, að við mat á þessu beri að beita ákvæðum 1. tl. A-liðs 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 um tekju- og eignarskatt. Samkvæmt því ákvæði skuli tvítugfalda afgjaldskvöð leigulóða. Ef fasteignamatsverð lóðarinnar sé meira en tvítugföld afgjaldskvöðin, skuli það, sem fram yfir er, teljast eign leigutaka. Svo sem áður getur, sé fasteignamat leigulóðarinnar nr. 31 við Víðimel kr. 7.024.00. Hins vegar sé tvítugföld afgjaldskvöðin kr. 7.149.33 eða hærri en fasteignamatið. Við ákvörðun stóreignaskattsins hafi hins vegar verið beitt ákvæðum reglugerðar nr. 240 frá 18. desember 1950, en með henni hafi orðunum „tvítugfalda" og „tvítugföld" í 1. tl. A-liðs 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 verið breytt í „fimmtánfalda" og „fimmtánföld". Þessi reglugerð geti enga þýðingu haft fyrir álagningu stóreignaskattsins, þar sem hún hafi verið sett löngu eftir setningu laga nr. 22 frá 1950.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að ákvæði reglugerðar nr. 240 frá 1950 hafi fullt gildi um ákvörðun stóreignaskattsins, þar sem heimilt sé að láta ákvæði hennar verka aftur fyrir sig. Þá hefur stefndi bent á, að við hið löggilta fasteignamat frá 1942 hafi verið beitt samskonar reglu við ákvörðun eigna í leigulóðarréttindum, og muni hún yfirleitt hafa verið notuð við skattlagningu, en ekki regla 1. tl. A-liðs 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 óbreytt.

Svo sem áður hefur verið getið, skal samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 mat á verðmæti eigna fara eftir ákvæðum skattalaganna, sé ekki annað fram tekið í lögum nr. 22 frá 1950 sjálfum. Í lögum nr. 6 frá 1935 eru engar reglur um það settar, hvernig ákveða skuli eign gjaldanda í leigulóðarréttindum. Í 1. tl. A-liðs 23. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 segir, að um leigulóðir skuli gilda sú regla, að hluti af verði hverrar lóðar, sem fundinn er eftir afgjaldskvöðinni með því að tvítugfalda hana, sé eign landeiganda, en sé fasteignamatið hærra en tvítugföld afgjaldskvöðin, skuli mismunurinn teljast eign leigjanda. Þetta ákvæði var óbreytt í gildi, er lög nr. 22 frá 1950 voru sett, og bar því að beita því við álagningu stóreignaskattsins. Ekki verður séð, að reglur þær, sem notaðar voru við fasteignamatið frá 1942, skipti hér nokkru máli, og engin rök hníga að því, að ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 240 frá

1950 skuli hafa áhrif aftur í tímann. Með vísan til þessa ber að taka þessa kröfu stefnanda til greina og lækka hreina eign hans við ákvörðun stóreignaskattsins um kr. 1.662.00.

Um „goodwill". Við ákvörðun stóreignaskattsins töldu skattayfirvöldin Trésmiðjunni Víði h/f til eignar „goodwill" með kr. 90.000.00, en eins og áður getur, á stefnandi hlutabréf í hlutafélagi þessu.

Stefnandi hefur krafizt þess, að þessi eignaliður verði felldur niður, þar sem hér sé ekki um raunverulega eign að ræða, og skattayfirvöldunum því óheimilt að telja hlutafélaginu hana til eignar. Hefur stefnandi bent á, að þótt rétt geti verið að telja „goodwill" til eignar, þá sé eðlilegt, að leyfð sé fyrning á verðmætum þessum, t. d. eins og á stofnkostnaði félaga.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að hér sé um verðmæt réttindi að ræða, er telja verði til eignar samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 6 frá 1935 og 7. tl. 24. gr. og J-liðs 25. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936. Hlutafélagið hafi á efnahagsreikningi ársins 1947 talið „goodwill" til eignar með kr. 90.000.00. Á efnahagsreikningi ársins 1948 hafi „goodwill" sem eign verið felld niður af félaginu, en verið bætt við aftur með kr. 90.000.00 af skattayfirvöldunum. Á efnahagsreikningi félagsins fyrir árið 1949 hafi „goodwill" heldur ekki verið talinn til eigna, en þá einnig bætt við eignir af skattayfirvöldunum. Sé því rétt að miða við kr. 90.000.00 sem verðmæti „goodwill" félagsins, en engin heimild sé til að fyrna slík verðmæti.

Í 17. gr. laga nr. 6 frá 1935 segir, að verðmæt eignarréttindi séu skattskyld. Í 7. tl. 24. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1936 er gert ráð fyrir því, að „goodwill" sé ekki undanskilinn eignarskatti. Í J-lið 25. gr. reglugerðar þessarar segir, að „goodwill" skuli meta eftir því endurgjaldi, sem fyrir hann hafi verið gefið, en þó sé heimilt að lækka hann í verði, ef skattayfirvöldin líti svo á, að verð hans hafi rýrnað. Það er ljóst, að „goodwill" er verðmæt réttindi, sem rétt er að telja til eignar við skattálagningu. Trésmiðjan Víðir h/f virðist hafa gefið kr. 90.000.00 fyrir þann „goodwill", er hér skiptir máli, eða að minnsta kosti talið sér hann þess virði. Skattayfirvöldin hafa ekki heimilað að lækka hann í verði.

Með vísan til þessa verður að telja skattayfirvöldunum heimilt að telja hlutafélaginu hann til eignar með kr. 90.000.00 við ákvörðun stóreignaskattsins.

Verður því þessi kröfuliður stefnanda ekki tekinn til greina.

Hér að framan hafa verið raktar breytingar þær, er gera verður á eignaákvörðunum skattayfirvaldanna við álagningu stóreignaskatts stefnanda. Þar sem útreikningar skattayfirvaldanna hafa engum andmælum sætt tölulega, verða þeir lagðir til grundvallar í málinu. Í því sambandi ber að athuga, að brot úr krónu er alls staðar fellt niður samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 133 frá 1950 og yfirlýsingu stefnda um það efni.

Með vísan til alls þess, sem að framan hefur verið rakið, telst hrein eign stefnanda við ákvörðun stóreignaskattsins kr. 759.569.00 (761.231.00 ÷ 1.662.00). Þar við bætist eign stefnanda í sameignarfélögum. Hrein

eign Húsgagnaverzlunar Guðmundar Guðmundssonar s/f telst í þessu sambandi kr. 33.740.00 (35.420.00 ÷ 1.680.00). Stefnandi á 80/100 hluta þessa fyrirtækis, og nemur því eign hans í því kr. 26.992.00. Hrein eign Húseignarinnar Laugavegs 166 s/f telst í þessu sambandi kr. 574.212.00, og þar sem stefnandi á 80/100 hluta þess fyrirtækis, nemur eign hans í því kr. 459.369.00.

Grunnskatteign stefnanda nemur því kr. 1.245.930.00 (759.569.00 + 26.992.00 + 459.369.00).

Hrein eign Trésmiðjunnar Víðis h/f telst í þessu sambandi kr. 185.479.00 (214.794.00 ÷ 7.484.00 ÷ 21.831.00). Hlutafé félagsins er kr. 60.000.00, og á stefnandi af því kr. 52.000.00. Hlutafjárverðmæti stefnanda í félaginu telst því kr. 160.748.00, að viðbættu nafnverði hlutabréfa hans, kr. 52.000.00, eða alls kr. 212.748.00.

Heildareign stefnanda við ákvörðun stóreignaskattsins telst því alls kr. 1.458.678,00 (1.245.930.00 + 212.748.00).

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 reiknast stóreignaskattur stefnanda af þessari eign kr. 186.735.00, þar af vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f kr. 42.549.00, sbr. ákvæði 1. málsliðs 9. mgr. 12. gr. laga nr. 22 frá 1950 og b-liðs 4. gr. laga nr. 59 frá 1950.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Benedikt Sigurjónsson kvað upp dóm þenna sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dags. 23. apríl s.l., en með úrskurði uppkveðnum 18. apríl s.l. hafði hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, vikið sæti í máli þessu.

Dómsorð:

Stóreignaskattur stefnanda, Guðmundar Guðmundssonar, er réttilega ákveðinn kr. 186.735.00, þar af kr. 42.549.00 vegna hlutafjáreignar hans í Trésmiðjunni Víði h/f.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. október 1952.

Nr. 78/1952. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius)
gegn
Jónasi Þórði Guðjónssyni (Ragnar Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið háð frekari rannsókn vegna skaðabótakrafna Jensínu Jóhannesdóttur og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans, sviptingu réttinda og málskostnað. Sama máli gegnir um ákvæði héraðsdóms um skaðabætur til handa s/f Hreyfli, kr. 200.00, Jensínu Jóhannesdóttur, kr. 500.00, og h/f Pípuverksmiðjunni, kr. 1500.00. Með staðfestum framburði starfsmanna Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, þeirra Hilmars Pálssonar og Guðfríðar Jóhannesdóttur, þykja rök færð fyrir skaðabótakröfu kaupfélagsins. Verður ákærða því dæmt að greiða þá fjárhæð, kr. 1710.64.

Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Héraðsdómari hefur að mestu leyti látið nægja próf lögreglumanna í máli þessu, en ekki prófað sakaratriði sjálfstætt. Þá er og mjög áfátt rannsókn á skaðabótakröfum þeim, sem hafðar hafa verið uppi í málinu. Brýtur þessi málsmeðferð í bága við 73. gr., 75. gr., 77. gr. og 145. gr. laga nr. 27/1951, og ber að átelja það.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jónasar Þórðar Guðjónssonar, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans, sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði s/f Hreyfli kr. 200.00, Jensínu Jóhannesdóttur kr. 500.00, Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 1710.64 og h/f Pípuverksmiðjunni kr. 1500.00.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. marz 1952.

Ár 1952, föstudaginn 28. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara,

kveðinn upp dómur í málinu nr. 998/1952: Ákæruvaldið gegn Jónasi Þórði Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Jónas Þórður Guðjónsson verkamaður, Mávahlíð 31 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa framið þjófnað:

1. *Með því* að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 10. október f. á. brotizt inn í Litlu kaffistofuna við Geirsgötu og stolið þar 5—6 krónum í peningum og nokkru af vindlingum og vindlum.
2. *Með því* að hafa aðfaranótt laugardagsins 8. des. f. á. brotizt inn í Pípuverksmiðjuna við Rauðarárstíg í því skyni að fremja þjófnað og tekið þar 10 krónur í smápeningum.
3. *Með því* að hafa hinn 23. des. f. á. stolið smekkláslykli úr dyrum verzlunarinnar Krónunnar í Mávahlíð, og hafa nóttina eftir farið með hjálp lykilsins inn í verzlunina og stolið þar 2—3 kartonum af vindlingum.
4. *Með því* að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 13. febr. s.l. brotizt inn í verzlun Júlíusar Everts, Lækjargötu 8, og stolið þar 60 krónum í peningum og nokkru af vindlingum.
5. *Með því* að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 21. febr. s.l. brotizt inn í benzínafgreiðslu Nafta við Kalkofnsveg og stolið þar litlum peningakassa með 50 krónum í.
6. *Með því* að hafa að kvöldi þriðjudagsins 26. febr. s.l. brotizt inn í verzlun KRON í Kópavogi og stolið þar nokkru af peningum úr kassaapparati svo og nokkru af vindlum, vindlingum og rjóma.
7. *Með því* að hafa að kvöldi þriðjudagsins 4. þ. m. brotið rúðu í dyrum verzlunarinnar Valencia við Njálsgötu í því skyni að fara þar inn og stela vindlingum.

Er hann ákærður til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. hvað snertir tl. 7, til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. sömu laga og til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 1. janúar 1923, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1939 17/5 Áminning fyrir steinkast.
1940 29/3 Kærður fyrir ölvun og óknytti. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1941 23/4 Sátt: 5 króna sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1945 4/1 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 9/7 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 13/7 Sátt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 15/8 Sátt: 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 28/1 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1950 20/9 Sátt: 150 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.
1950 5/10 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1951 23/11 Sátt: 75 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 17. gr. áfengislaga.
1952 1/3 Sátt: 75 króna sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að ákærði hefur framið afbrot þau, er nú skal greina:

1. Aðfaranótt miðvikudagsins 10. október f. á. brauzt ákærði inn í Litlu

kaffistofuna við Geirsgötu hér í bæ, þannig að hann gekk á hurðina, unz dyrakarmurinn lét undan og hurðin opnaðist. Hann kveðst hafa tekið þarna 5—6 krónur í peningum og alla vindlinga, er hann fann, samtals 4 heil karton (40 pk.) af Wellington-vindlingum. Eigandi kaffistofunnar, Jensína Jóhannesdóttir, segir mun meira af vindlingum hafa verið tekið eða um 10 karton, en því neitar ákærði eindregið, og þykir eftir atvikum verða að leggja til grundvallar framburð hans. Jensína hefur krafizt bóta, sem svarar andvirði 10 kartona af Wellington-sigarettum, kr. 625.00, og kr. 250.00 fyrir skemmdir, er urðu við innbrotið. Ákærði hefur samþykkt síðari liðinn, en krafizt lækkunar á hinum fyrri í kr. 250.00, þ. e. andvirði 4 kartona af sigarettum. Verður hann samkvæmt framansögðu ekki dæmdur til að greiða hærri upphæð.

2. Aðfaranótt laugardagsins 8. des. f. á. brauzt ákærði inn í Pípuverksmiðjuna við Rauðarárstíg. Braut hann rúðu í hurð og opnaði því næst smekklásinn og komst þannig inn. Því næst stakk hann upp dyr að skrifstofu á 1. hæð, rótaði þar öllu og hirti um 10 krónur í smápeningum úr skúffu í skrifborði. Hann reyndi að opna peningaskáp í skrifstofunni, en tókst ekki. Ákærði brauzt einnig inn í skrifstofu á 2. hæð, braut þar upp skrifborð og rótaði í því, en fann ekkert, er hann girntist, utan nokkrar smámyndir. Frá Pípuverksmiðjunni h/f hefur komið fram bótakrafa, að upphæð kr. 1500.00, fyrir spell, er urðu við innbrotið, og hefur ákærði samþykkt kröfuna.

3. Á Þorláksmessukvöld kom ákærði inn í verzlunina Krónuna í Mávahlíð 25. Sá hann, að smekkláslykill stóð í búðarhurðinni, og stakk honum á sig. Eftir miðnætti, er verzluninni hafði verið lokað, fór ákærði inn í verzlunina og stal þar ca 25 krónum úr peningaskúffu og 2—3 kartonum af sígarettum. Skaðabótakrafa kom ekki fram vegna þessa þjófnaðar.

4. Aðfaranótt miðvikudagsins 13. febr. s.l. var ákærði drukkinn á ferð um Lækjargötu og brauzt þá inn í verzlun Júlíusar Everts í Lækjargötu 8. Braut hann rúðu í aðaldyrum verzlunarinnar og opnaði síðan smekklásinn. Úr ólæstri skúffu tók ákærði 60 krónur í smápeningum, og einnig tók hann að eigin sögn tvær lengjur (20 pk.) af vindlingum. Bótakrafa kom ekki fram vegna þessa þjófnaðar.

5. Aðfaranótt fimmtudagsins 21. febrúar brauzt ákærði inn í benzínafgreiðslu h/f Hreyfils við Kalkofnsveg. Tók hann þar lítinn peningakassa, er í voru 50 krónur. Bótakröfu Hreyfils, 200 krónur vegna þjófnaðarins og spella, er urðu við innbrotið, hefur ákærði samþykkt.

6. Að kvöldi þriðjudagsins 26. febrúar fór ákærði suður í Fossvog að verzlun KRON í því skyni að brjótast inn. Hann sá börn hjá verzluninni og hætti við að fara þar inn og hélt áfram að búð KRON í Kópavogi. Braut hann rúðu í dyrum verzlunarinnar og fór inn. Hann tók þarna nokkuð af peningum úr kassa, enn fremur nokkuð af vindlingum. Að eigin sögn tók hann í peningum 135 krónur og af vindlingum 6 lengjur (1 Chesterfield, 1 Wellington, 1 Lucky Strike, 3 Raleigh), 2 pakka af vindlum og 3 pelaflöskur af rjóma. Aftur á móti er því haldið fram af hálfu verzlunarinnar, að horfið hafi 13 lengjur af sígarettum, í peningum

kr. 320.14, 2 kassar vindlar, 4 rjómapelar og auk þess kex og konfekt. Gegn eindreginni neitun ákærða, sem hefur greiðlega játað brot sín, eftir að fyrst komst upp um hann (sbr. 7. hér á eftir), þykir ekki sannað, að ákærði hafi tekið svo mikið, sem haldið hefur verið fram. Af hálfu KRON hefur verið gerð þessi skaðabótakrafa:

1.	Fyrir vindlinga, 10 karton á 98/—	kr.	980.00
2.	Fyrir vindlinga, 1 karton á 63/50	—	63.50
3.	Fyrir vindlinga, 2 karton á 90/—	—	180.00
4.	Fyrir 2 kassa vindla 73/20	—	146.40
5.	Fyrir 4 flöskur rjóma m/gleri 8/10	—	32.40
6.	Fyrir kex og konfekt	—	60.00
7.	Fyrir rúðu og ísetningu	—	158.30
8.	Peningar	—	320.14
	Samtals kr.		1940.74

Til frádráttar komi svo andvirði 26 pakka af sígarettum, er skilað var undir rannsókn málsins, kr. 230.10. Bótakrafan er því kr. 1710.64.

Ákærði samþykkir bótakröfuna, að því leyti sem hér segir:

1.—3.	6 karton af sígarettum	kr.	529.50
4.	2 kassar vindlar	—	146.40
5.	3 flöskur rjóma	—	24.30
7.	Rúða etc.	—	158.30
8.	Peningar	—	135.00
	Kr.		993.50
	Frádráttur	—	230.10
	Kr.		763.40

Lið 6 mótmælir hann algerlega.

Verður ákærði samkvæmt framansögðu ekki dæmdur til að greiða hærri bætur en hann hefur samþykkt.

7. Að kvöldi þriðjudagsins 4. þ. m. gerði ákærði tilraun til þjófnaðar í verzluninni Valencia við Njálsgötu. Hann braut rúðu í dyrum verzlunarinnar með steini og skarst við það nokkuð á hendi. Eigandi verzlunarinnar varð var við innbrotið og fór ásamt fleiri mönnum, og tóku þeir ákærða, áður en hann tók nokkuð, og gerðu lögreglunni aðvart. Ákærði kveður ætlun sína hafa verið að ná í vindlinga.

Ákærði hefur með framangreindu atferli brotið þau ákvæði laga, er í ákæru greinir. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði var hafður í gæzluvarðhaldi 5.—20. þ. m. eða 15 sólarhringa, og ber að draga þessa gæzluvarðhaldsvist hans með fullri dagatölu frá refsingu hans samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða ber að dæma til skaðabótagreiðslu, svo sem áður var rakið.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Þórður Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jensínu Jóhannesdóttur kr. 500.00, Pípuverksmiðjunni h/f kr. 1500.00, Hreyfli s/f kr. 200.00 og Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis kr. 763.40 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1952.

Nr. 92/1951. **Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) f. h. The Performing Right Society Ltd., London, vegna Cedric Thorpe Davie's** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Hafliða Halldórssyni, Önnu Pálsdóttur, Hilmari Garðars og Gamla Bíó h/f og gagnsök (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Tónskáldi dæmd þóknun vegna flutnings tónverka hans með kvikmynd.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að Kristín Hafliðadóttir, sem í héraði er talin meðal málsaðilja, er látin.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júlí 1951. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað in solidum fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 27. september 1951. Krefjast þeir þess, að sýknað verði af refsikröfum aðaláfrýjanda svo og að Gamla Bíó h/f verði

sýknað af fjárkröfum hans, en til vara, að þær verði lækkaðar. Svo krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði í máli þessu, hafa aðiljar aflað nokkurra framhaldsgagna að tilhlutan Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, leigði gagnáfrýjandi Gamla Bíó h/f kvikmyndina „The Bad Lord Byron" af Eagle-Lion Distributors Ltd. í London. Félag þetta hefur nú breytt um nafn og nefnist J. Arthur Rank Overseas Film Distributors Ltd. Samkvæmt bréfi frá lögmönnum félags þessa var Gamla Bíó h/f ekki veittur flutningsréttur á tónlist í kvikmyndinni með áðurgreindum leigusamningi milli Gamla Bíós h/f og Eagle-Lion Distributors Ltd. Var Gamla Bíó h/f því ekki heimilt að flytja tónlistina án endurgjalds. Og þar sem höfundur tónlistarinnar, Cedric Thorpe Davie, hefur framselt The Performing Right Society Ltd. flutningsrétt að tónlistinni í nefndri kvikmynd og það félag hefur falið Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) að innheimta flutningsgjaldið, þá ber með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta ákvæði hans um greiðslu úr höndum gagnáfrýjanda Gamla Bíós h/f til aðaláfrýjanda á kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá 11. desember 1950 til greiðsludags.

Þar sem vafi gat leikið á um greiðsluskyldu kvikmyndahúsa á gjöldum til höfunda tónlistar í kvikmyndum og með hliðsjón af 20. gr. laga nr. 13/1905 þykir ekki ástæða til að dæma gagnáfrýjendum Hafliða Halldórssyni, Önnu Pálsdóttur og Hilmari Garðars refsingu samkvæmt 19. gr. nefndra laga, og ber því að sýkna þau af refsikröfu aðaláfrýjanda.

Eftir þessari niðurstöðu og þar sem kostnaður aðaláfrýjanda af rekstri málsins hefur orðið mikill, þykir rétt, að gagnáfrýjandi Gamla Bíó h/f greiði aðaláfrýjanda samtals kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hafliði Halldórsson, Anna Pálsdóttir og Hilmar Garðars eiga að vera sýkn af refsikröfu aðal-

áfrýjanda í máli þessu, og fellur málskostnaður niður, að því er þessa aðilja varðar.

Gagnáfrýjandi Gamla Bíó h/f greiði aðaláfrýjanda, Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) f. h. The Performing Right Society Ltd. vegna Cedric Thorpe Davie's kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá 11. des. 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní s.l., hefur Jón Leifs tónskáld, Bókhlöðustíg 2 hér í bæ, sem framkvæmdarstjóri Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar hér í bænum, f. h. The Performing Right Society Ltd. í London vegna tónskáldsins Cedric Thorpe Davie's í Glasgow höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. des. f. á., gegn stjórnendum h/f Gamla Bíós hér í bænum, þeim Hafliða Halldórssyni forstjóra, Ingólfsstræti, Kristínu Hafliðadóttur, Kjartansgötu 3, Önnu Pálsdóttur, Vesturgötu 19, og Hilmari Garðars forstjóra, s. st., öllum hér í bænum, vegna nefnds hlutafélags og persónulega.

Málavextir eru þeir, að h/f Gamla Bíó hélt á tímabilinu frá 29. maí til 2. júní 1950 14 sýningar á tónkvikmyndinni The Bad Lord Byron. Er tónlistin í téðri kvikmynd samin af enska tónskáldinu Cedric Thorpe Davie, er hér eftir verður nefndur „höfundur", og telur stefnandi sig hafa umboð The Performing Right Society Ltd., er hér eftir verður nefnt „félagið", til þess að gæta hér á landi hagsmuna „höfundarins", þar á meðal að innheimta gjöld fyrir flutning á verkum hans. Tók flutningur umræddrar tónlistar á hverri sýningu 33½ mínútu, að því er stefnandi hefur haldið fram ómótmælt. Samkvæmt skýrslu stefndu nam sala aðgöngumiða á sýningar þessar kr. 10.077.87, að frádregnum skemmtanaskatti og sætagjaldi. Af þessari fjárhæð telur stefnandi, að hinu stefnda félagi beri samkvæmt gjaldskrá Stefs, settri 22. nóvember 1949 og birtri í Lögbirtingablaðinu 30. s. m., að greiða gjald fyrir hina fluttu tónlist í kvikmyndinni, er nemi 1¼% eða kr. 125.97.

Stefnandi málsins, Stef, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, var stofnað 31. janúar 1948 í því skyni að gæta hagsmuna tónskálda og annarra tónsmiða, bæði innlendra og erlendra. Hlaut stefnandi með bréfi, dags. 2. febrúar 1949, löggildingu menntamálaráðuneytisins samkvæmt heimild í 1. gr. reglugerðar frá 1. s. m. til að gæta hagsmuna rétthafa, að því er varðar flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.

Áðurgreint gjald kveður stefnandi, að hið stefnda félag hafi reynzt ófáanlegt að greiða. Þá kveður stefnandi, að fyrrnefndir stjórnendur

Gamla Bíós h/f hafi með því að flytja tónlist „höfundar" í kvikmyndinni heimildarlaust gerzt brotlegir við 19. gr. laga nr. 13 frá 1905 og unnið til refsingar samkvæmt henni.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* fyrrnefndir stjórnendur stefnda Gamla Bíós h/f verði dæmdir til refsingar, *að* greindir stjórnendur hins stefnda félags verði dæmdir til þess að greiða honum f. h. „félagsins" og vegna „höfundarins" kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og loks, *að* téðir stjórnendur verði persónulega og vegna hins stefnda félags dæmdir til þess að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu, bæði fyrir sig persónulega og vegna hins stefnda félags. Til vara hafa þau krafizt þess, að hið stefnda félag verði aðeins dæmt til þess að greiða hina umkröfðu fjárhæð, vaxta- og málskostnaðarlaust. Þá hafa þau krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Sýknukröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að hið stefnda félag sé ekki réttur aðili málsins. Kveða þau, að hið stefnda félag hafi fengið leigt eitt eintak af kvikmynd þeirri, sem hér um ræðir, hjá firmanu Eagle-Lion Distributors Limited í London, greitt fullt verð fyrir og fengið sýningarrétt á mynd þessari hér á landi kvaðalausan. Telja þau, að eigi stefnandi nokkurn rétt til greiðslu fyrir vangoldin afnot af tónsmíðunum í kvikmyndinni, þá myndi sú krafa eiga að beinast að kvikmyndatökufélaginu, en ekki að hinu stefnda félagi.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfuna á því, að stefnandi eigi enga lögvarða kröfu, hvorki gagnvart hinu stefnda félagi né leigusala þess, þar sem telja verði, að upptökuréttinum hafi einnig fylgt flutningsréttur, nema sérstaklega hafi verið um annað samið milli „höfundar" og kvikmyndatökufélagsins, og draga stefndu í efa, að eftir íslenzkum lögum sé höfundarréttur tvískiptur í útgáfurétt og uppfærslurétt.

Kröfu sína um sýknu af refsikröfu stefnanda reisa stefndu sérstaklega á því, að er umrædd kvikmynd var tekin á leigu og sýnd, þá hafi þau verið í góðri trú um það, að flutningsréttur tónlistarinnar í kvikmyndinni fylgdi með í leigumálanum.

Stefnandi hefur mótmælt öllum framangreindum sýknu- og varnarástæðum stefndu og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Með samningi, dags. 10. des. 1942, milli „höfundarins" og „félagsins" framselur „höfundurinn" „félaginu" allan flutningsrétt, sem hann þá hefur eða síðar öðlast, meðan hann er félagi í „félaginu". „Félagið" ábyrgist „höfundinum" hins vegar, að það skuli, eftir því sem tímar líða, greiða honum þær upphæðir af innheimtum gjöldum fyrir opinberan flutning, sem honum beri samkvæmt reglum „félagsins", þeim er þá gilda. Í samningnum er orðið „flutningsréttur" skilgreint, og segir þar meðal annars, að orðið skuli ekki ná til flutningsréttar eða leyfis til flutnings á neinum eftirtalinna verka (nema með kvikmyndum), og eru síðan þau verk talin sérstaklega, sem flutningsrétturinn ekki nær til. Í samningnum segir enn fremur, að „höfundurinn" muni ábyrgjast gagnvart „félaginu", að hann hafi fullan rétt á þeim réttindum, sem í framsalinu til „félagsins"

greinir, og í málinu er það óvéfengt, að stefnandi sé löglegur umboðsmaður „félagsins". Enn fremur er það óvéfengt, að „höfundurinn" sé í „félaginu". Samkvæmt samningi, dags. 15. febr. 1949, milli Triton Films Limited í London og „höfundarins" skuldbindur „höfundurinn" sig til þess að rita, semja, aðlaga, útbúa og búa til hljómsveitarflutnings fullkomið tónhandrit, sem kvikmyndatökufélagið þarfnast fyrir kvikmynd, sem nefnist The Bad Lord Byron. Enn fremur segir, að svo sé um samið, að tónlistina alla eða hluta hennar megi nota í áðurgreindri kvikmynd og í hvaða annarri kvikmynd eða kvikmyndum, sem vera skal.

Enn segir í þessum samningi, að þrátt fyrir hvað eina, er í samningi þessum kynni að greina, sé svo beinlínis um samið og því yfir lýst, að „höfundurinn" skuli halda flutningsrétti um öll lönd, fyrir alls konar flutning á áðurgreindri tónlist, á meðan og eigi lengur en flutningsrétturinn er falinn „félaginu". Verður ekki séð, að annað, sem í samningnum greinir, takmarki þenna rétt „höfundar". Þá tilkynnir „höfundur" með bréfi, dags. 14. jan. 1949, „félaginu", að hann sé „höfundur" tónlistarinnar í kvikmyndinni The Bad Lord Byron, og lýsir því jafnframt yfir í bréfinu, að hann hafi ekki gefið neitt framsal á flutningsrétti á tónlistinni til nokkurra þeirra manna, firma eða félaga, sem eigi séu meðlimir í „félaginu".

Í samningi Eagle-Lions Limited og hins stefnda félags segir meðal annars, að leigusali ábyrgist gagnvart leigutaka, að eftir beztu upplýsingum þess, þekkingu og vitund hafi öll upptökugjöld til M. P. A. (Samband tónlistarútgáfufyrirtækja) og önnur afgjöld (í annarri þýðingu „önnur höfundagjöld), (ef nokkur eru), varðandi kvikmyndir, verið greidd, önnur en afgjöld („höfundagjöld"), sem sýnendum venjulega og eðlilega ber að greiða, og tekur leigusali á sig ábyrgð á margs konar atvikum gagnvart leigutaka. Þá segir enn fremur í þessum samningi, að hann taki til sýningar, flutnings, afhendingar kvikmyndanna opinberlega og í sambandi við það endurframköllunar hljóðsins, sem er samstillt við þær.

Með lögum nr. 74 frá 1947 var ríkisstjórn Íslands heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er settur var í Bern 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember 1908 og í Róm 2. júní 1928 um vernd bókmennta og listaverka. Samkvæmt auglýsingu utanríkisráðuneytisins, dags. 19. september 1947, gekk sáttmáli þessi í gildi fyrir Ísland 7. s. m. með þeim fyrirvara, að varðandi þýðingar gildir 10 ára frestur sá, sem tiltekinn er í 4. gr. laga nr. 13 frá 1905 í stað 50 ára frests 8. gr., sbr. 7. gr. sáttmálans. Samkvæmt 1. tölulið 14. gr. Bernarsáttmálans hafa höfundar verka á sviði bókmennta, vísinda eða lista einkarétt á að leyfa endurnýjun, aðlögun (adaptation) og opinberan flutning verka sinna í kvikmyndum. Af þessu eina af mörgum ákvæðum íslenzkra laga þykir ljóst, að greint er milli upptökuréttar og flutningsréttar.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið um samninga aðilja máls þessa, virðist ljóst, að „höfundur" hefur ekki selt öðrum en stefnanda í hendur flutningsrétt sinn á tónlistinni í kvikmyndinni The Bad Lord Byron. Ber því að dæma hið stefnda félag, sem er réttur aðili í máli þessu,

til að greiða hina umkröfðu fjárhæð, sem ekki hefur verið véfengt að sé samkvæmt löglegri gjaldskrá stefnanda, og með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar eð greiðsla hefur ekki verið boðin fram.

Af því, sem rakið er um efni samnings milli stjórnenda hins stefnda félags og leigusala þess, þykir ekki hjá því komizt að refsa þeim, hverjum fyrir sig, samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 13 frá 1905, og þykir refsing hvers einstaks stjórnanda hæfilega ákveðin 150 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, tveggja daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að hið stefnda félag og stefndu persónulega greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað, og er þá tekið tillit til fyrri þáttar málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna mikilla anna við embættið.

Dómsorð:

Stefndu, stjórnendur Gamla Bíós h/f, Hafliði Halldórsson, Kristín Hafliðadóttir, Anna Pálsdóttir og Hilmar Garðars f. h. félagsins, greiði stefnanda, Jóni Leifs, framkvæmdarstjóra Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, f. h. The Performing Right Society Ltd. vegna Cedric Thorpe Davie's, kr. 125.97 með 6% ársvöxtum frá 11. desember 1950 til greiðsludags.

Áðurnefndir stjórnendur Gamla Bíós h/f greiði persónulega hver fyrir sig 150 króna sekt í ríkissjóð, og komi tveggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Þá greiði stefndu, stjórnendur Gamla Bíós h/f fyrir félagsins hönd og persónulega, stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1952.

Nr. 148/1951. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Guðlaugi Bjarna Guðmundssyni
(Theódór B. Líndal).

Bifreiðaslys. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er beygja á þjóðveginum í Mosfellssveit, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af. Liggur þjóðvegurinn þar fyrir hæðadrög, sem hindra fulla útsýn fram á veginn. Þegar ákærði nálgaðist beygju þessa, ók hann hratt að vætti margra vitna, en „frekar greitt" að eigin sögn. Bar honum því að draga mjög úr hraða bifreiðarinnar, þegar að beygjunni kom, og gæta fyllstu varkárni, miðað við allar aðstæður, einkum er hann sá bifreiðina R 4470 koma á móti sér á veginum. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann áfram á óbreyttum hraða og sem næst á miðjum vegi. Hann kveðst, er aðeins 10—20 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, hafa reynt að beygja til vinstri, en tókst það ekki. Lenti bifreið hans á mikilli ferð á bifreiðinni R 4470, sem þá hafði því sem næst numið staðar úti á vinstri vegarbrún. Við árekstur slasaðist einn maður svo, að hann andaðist tæpum þremur sólarhringum síðar. Ellefu menn hlutu meiðsl, sumir mikil lemstur. Bifreiðarnar skemmdust stórkostlega.

Meginorsök þessa slyss verður að rekja til hins ógætilega aksturs ákærða, sem nú hefur verið lýst. Hins vegar verður einnig að leggja til grundvallar dómi í málinu frásögn ákærða um, að einhver bilun muni hafa orðið á stýrisbúnaði M 88, þannig að hún hafi ekki látið að stjórn, er ákærði ætlaði að beygja til vinstri, og að það hafi átt nokkurn þátt í slysinu.

Með því atferli, sem að framan er lýst, hefur ákærði gerzt sekur við þau lagaboð, sem talin eru í héraðsdómi, svo og við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941, 5. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi varðhald 3 mánuði, en rétt þykir, að hann sé ævilangt sviptur rétti til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Meðferð máls þessa hefur dregizt mjög á langinn. Að lokinni rannsókn í Reykjavík var það sent sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 5. janúar 1950, en eigi sést, að hann hafi hafzt

neitt að í málinu fyrr en leið að lokum nóvembermánaðar sama árs, að fengið var sakavottorð ákærða. Stefna var síðan gefin út 12. desember s. á. og dómþing háð 14. s. m., en engra nýrra gagna var aflað. Verður að víta þenna mikla drátt á málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Guðlaugur Bjarni Guðmundsson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. marz 1951.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðlaugi B. Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Borgarnesi, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14/7 1925, og hefur eigi, svo kunnugt sé, áður sætt ákæru eða refsingu fyrir brot gegn hegningarlögum né öðrum lögum.

Hinn 28. júní 1949, kl. 8 f. h., varð umferðarslys á þjóðveginum móts við býlið Hulduhóla nálægt Lágafelli í Mosfellssveit. Rakst vöruflutningabifreiðin M 88, er var á leið frá Borgarnesi til Reykjavíkur, á vöruflutningabifreiðina R 4470, er var á leið frá Reykjavík að Reykjum í Mosfellssveit. Við árekstur inn slösuðust menn þeir, er í bifreiðunum voru, sem hér segir:

Guðm. S. Guðmundsson, bifreiðarstjóri á R 4470. Meiddist á brjósti, andliti og læri.

Sig. Guðmundsson, farþegi í R 4470. Mjaðmagrind brotnaði og rif.

Ólafur Ólafsson, farþegi í R 4470. Mjaðmagrind brotnaði.

Sverrir Bjarnason, farþegi í R 4470. Meiddist á handlegg.

Jón Jónsson, farþegi í R 4470. Meiddist á handlegg og í andliti.

Guðjón Þorbergsson, farþegi í R 4470. Meiddist á læri, rifbrotnaði.
Þorsteinn Magnússon, farþegi í R 4470. Meiddist á fótlegg, rifbrotnaði.
Sigurður Jónsson, farþegi í R 4470. Meiddist á læri og í baki.
Baldur Jónsson, farþegi í R 4470. Meiddist á höfði og fingrum.
Guðl. B. Guðmundsson, bifreiðarstjóri á M 88. Meiddist á enni.
Njáll Ingjaldsson, farþegi í M 88. Meiddist á höfði og hné.
Hlöðver Örn Bjarnason, farþegi í M 88. Mjaðmagrind brotnaði. Fót- og handleggsbrotnaði. Andaðist á Landspítalanum daginn eftir slysið.

Ákærði, sem var í þjónustu Verzlunarfélagsins Borgar h/f í Borgarnesi og ók bifreiðinni M 88 fyrir það, kveðst hafa fengið fyrirmæli um að fara til Reykjavíkur 28/6 1949. Fór hann úr Borgarnesi kl. 4.15 um morguninn og tók tvo farþega í bifreiðina, þá Hlöðver Örn Bjarnason og Njál Ingjaldsson, báða frá Reykjavík. Farmur var eigi á bifreiðinni, aðeins nokkrir kassar á pallinum, en í Reykjavík átti hann að taka farm á bifreiðina. Farþegarnir sátu báðir í framsæti bifreiðarinnar, Njáll við hlið ákærða, en Hlöðver út við dyrnar. Segir ákærði, að ferðin hafi gengið vel fyrir Hvalfjörð og hann eigi orðið annars var en að bifreiðin, er skoðuð hafði verið af bifreiðaeftirlitinu í Vesturlandsumdæmi 9/5 1949, væri í fyllsta lagi. Er bifreiðin kom á beygju á þjóðveginum rétt á móts við býlið Hulduhóla norðan við Lágafell kl. um 8 um morguninn, kveðst ákærði hafa ekið á 45—50 km hraða, miðað við klukkustund, og hafi bifreiðin þá verið á miðjum veginum, þó frekar vinstra megin við miðju hans. Sá hann þá, að bifreið með húsi á palli kom á móti honum. Er bilið milli bifreiðanna var 10—20 metrar, kveðst hann hafa ætlað að sveigja bifreið sína yfir á vinstri vegarhelming, en þá orðið þess var, að stýrið sat fast og að hann gat eigi hreyft það. Reyndi hann, er eigi hafði hemlað bifreiðina eða breytt um ganghraðastig hennar, er hann kom í beygjuna, að hemla bifreiðina til að afstýra árekstri, en þá var það um seinan, því bifreið sú, er hann ók, rakst í því á bifreið þá, er á móti kom, þannig að hægra frambretti hennar rakst á hægra framhluta hinnar bifreiðarinnar. Stórskemmdust báðar bifreiðarnar, og jafnframt slösuðust meira og minna allir þeir menn, er í bifreiðunum voru.

Njáll Ingjaldsson, er sat í framsæti bifreiðarinnar M 88 hjá bifreiðarstjóranum, hefur gefið þá skýrslu, að ferðin fyrir Hvalfjörð um morguninn hafi gengið vel. Telur hann, að bifreiðinni hafi verið ekið á eðlilegum hraða, og segir, að sér hafi virzt bifreiðarstjórinn aka örugglega og bifreiðin vera í fullkomnu lagi. Er komið var í beygjuna hjá Hulduhólum, kveðst hann hafa komið auga á bifreið þá, er á móti kom, en þó eigi veitt henni sérstaka athygli, fyrr en hann sá, að bifreið sú, er hann var í, stefndi þvert yfir veginn og á hana. Hann kveðst hafa séð í þessu, að bifreiðarstjórinn á M 88 hélt báðum höndum um stýrið, en það hreyfðist ekki, og jafnframt heyrði hann, að bifreiðarstjórinn gaf frá sér hljóð, er hann skyldi svo, að hann sæi fram á árekstur milli bifreiðanna, en gæti eigi afstýrt honum.

Guðmundur S. Guðmundsson, er ók bifreiðinni R 4470, skýrir svo frá,

að hann hafi farið frá Reykjavík kl. 7.20 um morguninn. Flutti hann verkamenn, er unnu hjá Hitaveitu Reykjavíkur, upp að Reykjum í Mosfellssveit. Var flokksstjórinn Jón Jónsson í framsæti bifreiðarinnar hjá honum, en átta verkamenn voru í húsi á palli bifreiðarinnar. Kveðst hann hafa keyrt gætilega og aldrei á meira en 50 km hraða, miðað við klukkustund. Er hann kom að beygjunni á þjóðveginum móts við Hulduhóla, sá hann til ferða bifreiðarinnar M 88, er kom á móti honum, og sá hann fyrst á stýrishús bifreiðarinnar. Hann telur, að bifreiðinni M 88 hafi verið ekið mjög hratt og hér um bil á miðjum veginum. Kveðst hann þegar hafa beygt út á vinstri vegarkant, svo langt sem honum var auðið, og út yfir malarhrygginn, er var vinstra megin á veginum. Jafnframt kveðst hann hafa hemlað með fóthemli og handhemli og telur, að bifreið sín hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð. Bifreiðin M 88 beygði eigi út á vinstri vegarhelming, er hún nálgaðist bifreiðina R 4470, heldur rann hún stjórnlaust beint áfram, og lenti hægri framhluti hennar í hægri hluta framstuðarans á R 4470, en síðan rann hún aftur með þeirri bifreið og lenti á hægra afturhjóli hennar.

Jón Jónsson flokkstjóri, er sat í framsæti bifreiðarinnar R 4470, skýrir frá atvikum að bifreiðaárekstrinum mjög á sama hátt og Guðmundur S. Guðmundsson. Enn fremur þeir Valdemar Stefánsson og Jóhann Benediktsson, er voru í bifreiðinni R 1042, er ekið var rétt á eftir bifreiðinni R 4470, er áreksturinn varð.

Telja verður, að árekstur bifreiðanna M 88 og R 4470 hafi orsakazt af einhverri bilun, er orðið hafi í stýrisbúnaði M 88 og komið hafi fram í beygjunni á þjóðveginum hjá Hulduhólum.

Enda þótt ekkert það hafi komið fram við rannsókn málsins, er bendi til þess, að ákærða hafi átt að vera það ljóst, að hætta væri á, að stýrisútbúnaður bifreiðar þeirrar, er hann keyrði, kynni að bila skyndilega, verður eigi talið, að akstur hans hafi verið vítalaus. Hann ekur bifreiðinni á beygjuna á þjóðveginum hjá Hulduhólum á allt að 50 km hraða og dregur ekkert úr hraða hennar, er hann fer í beygjuna, hvorki með því að skipta um ganghraðastig né beita hemlum. Þá ekur hann sem næst á miðjum vegi og reynir eigi að sveigja bifreiðina út á vinstri vegarhelming, fyrr en eigi er meira en 10—20 metra bil á milli bifreiðanna, en þá var orðið of seint að hemla til að afstýra árekstri.

Ákærði hefur með atferli sínu gerzt brotlegur við 27. gr., 1. mgr., og 28. gr., 3. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 6. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna og enn fremur, þar sem mannsbani hlauzt af árekstrinum, við 215. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir verða að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðlaugur Bjarni Guðmundsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur rétti til að stjórna bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. október 1952.

Nr. 135/1949. **Einar Þorgilsson & Co. h/f** (Theódór B. Líndal)
gegn
Eigendum v/b Vöggs G.K. 204
og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. september s. á. Krefst hann *aðallega* sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda, en *til vara* að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjendum hæfilegar bætur eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefjast þeir *aðallega* fébóta úr hendi aðaláfrýjanda kr. 40.710.00 með 6% ársvöxtum frá 26. maí 1948 til greiðsludags, *til vara*, að bætur verði ákveðnar hærri en í héraðsdómi og aðaláfrýjanda þá dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til þrautavara* krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð hækkar

í kr. 20.510.00, þar sem 3. kröfuliður héraðsdómsstefnu, kr. 390.00, hefur verið viðurkenndur af hálfu aðaláfrýjanda hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Einar Þorgilsson & Co. h/f, greiði gagnáfrýjendum, eigendum v/b Vöggs G.K. 204, kr. 20.510.00 með 6% ársvöxtum frá 26. maí 1948 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í v/s Eddu G.K. 25 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 3. maí 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. apríl s.l., hefur Kristinn Gunnarsson hdl. f. h. eigenda v/b Vöggs G.K. 204 höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 26. maí 1948, gegn stjórn Einars Þorgilssonar & Co hér, eigendum v/s Eddu G.K. 25, til greiðslu á skaðabótum, að fjárhæð alls kr. 40.710.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta L. M. F. Í. Þá krefjast stefnendur þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur þeirra í v/s Eddu til tryggingar dómkröfunum. Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar, til vara niðurfærslu á kröfum stefnenda.

Málavextir eru þessir:

Þann 15. desember 1947 var vélbáturinn Vöggur að síldveiðum í Hvalfirði ásamt fjölda annarra skipa. Kl. 5 um daginn var nótinni kastað fyrir síld, en er þeir voru nýbyrjaðir að draga, bar þar að v/b Eddu. Þá var orðið dimmt um kvöldið, súldarveður, vindur ca 4 stig af suðlægri átt og straumur inn fjörðinn.

Nótin var lýst upp með tveimur ljóskösturum, öðrum frá afturstefni og hinum framstefni v/b Vöggs; auk þess loguðu vinnuljós á dekkinu. Telja skipverjar af v/b Vögg, að nótin hefði sézt vel á sjónum í ljósum þessum frá bátnum.

Þegar skipverjum á v/b Vögg virtist augljóst, að v/b Edda ætlaði að lenda í nótinni, reyndu þeir að aðvara v/s Eddu með ljósmerkjum og köllum. Á v/s Eddu var aðeins einn maður uppi, stýrimaður skipsins, sem var við stjórn þess á stjórnpalli. Heyrði hann köllin og sá þá nótina og

lét vélina taka aftur á, en mun þá hafa verið kominn inn í nótina. Þegar v/s Edda var komin frá nótinni, stanzaði hún, setti síðan áfram og sneri í bakborða, en lenti þá svo nærri, að nótin fór í skrúfuna hjá Eddu og rifnaði, en kork slitnuðu af.

Þegar þetta vildi til, var matsveinn skipsins kominn upp, en aðrir af skipshöfninni en matsveinn og stýrimaður voru ekki á þilfari, heldur í bátum nokkuð frá, svo að þeir sáu ekki, hvað fram fór.

Á v/b Vögg voru þrír á þilfari, en hinir af skipshöfninni í bátum skammt frá, svo að þeir fylgdust með hreyfingum skipanna.

Skipverjar á Vögg gizka á, að í nótinni hefðu verið a. m. k. 300 mál síldar, sem töpuðust. V/b Vöggur hætti strax veiðum og hélt til Keflavíkur til að fá nótina bætta. Varð þriggja sólarhringa stopp, meðan viðgerð á nótinni fór fram.

Þrátt fyrir mótmæli stefndu verður að telja fullsannað með samhljóða framburði skipverja af v/b Vögg og öðrum gögnum í málinu, að umræddar skemmdir á nót þeirra hafi orðið af völdum v/s Eddu, eins og áður segir, og með þeim hætti, að hún beri alla sök á, að svo tókst til, og hvílir því á stefndu að bæta stefnendunum allt tjón, sem af skemmdunum hefur hlotizt.

Bótakröfur sínar hafa stefnendur sundurliðað þannig:

1. Vinna við herpinót	kr.	1.267.50
2. Vinna við herpinót	—	802.50
3. Flutningur og akstur nótar	—	390.00
4. Keyptir 2 nótabálkar	—	2.600.00
5. Keypt kork	—	450.00
6. Töpuð 300 mál síldar	—	9.600.00
7. Veiðitap 16. til 18. desember	—	25.600.00
Samtals	kr.	40.710.00

Öllum þessum liðum hefur verið mótmælt sérstaklega af stefndu, sem nú skal rakið nánar og hver gögn lúta að þeim.

1—2 er um að ræða vinnu við bætingu nótarinnar, og liggja fyrir sundurliðaðir reikningar, undirritaðir af viðgerðarmönnunum.

Þessum reikningum hefur eigi verið hnekkt sem ósanngjörnum eða röngum og verða því teknir til greina.

3. Fyrir flutningskostnaði er ekki gerð nægileg grein, en hins vegar ber að gjalda fyrir akstur á nótinni, er þykir hæfilega metinn kr. 120.00.

4. Keyptir tveir nótabálkar til endurbóta á skemmdum, sem nægileg greinargerð er fyrir, og með því að verðið er sanngjarnt, ber að taka þenna lið til greina.

5. Með hliðsjón af því, að settir voru 15 faðmar af korkateini til viðgerðar á nótinni og verð á slíku frá netjagerð talið um kr. 640.00, þykir þessum lið í hóf stillt.

6.—7. Töpuð 300 mál síldar og veiðitap dagana 16.—18. desember er hvort tveggja áætlað, og þykir því réttast að taka það í einu lagi.

Í málinu liggja fyrir gögn frá síldarafgreiðslunni í Reykjavík á um-

ræddum tíma, er sýna löndunarmagn allmargra síldveiðiskipa 16.—18. desember.

Með hliðsjón þar af og að frádregnum rekstrarkostnaði við öflun aflans þykja bætur fyrir aflatjónið hæfilega metnar kr. 15.000.00 eða sem svarar um 500 málum síldar.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða dómsins sú, að stefndu ber að greiða alls kr. 20.240.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, og málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 2.500.00. Þá ber að taka kröfu stefnenda til greina um viðurkenningu sjóveðréttar í v/s Eddu G.K. 25 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum, þeim Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Birni Helgasyni skipstjóra.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórn Einars Þorgilssonar & Co f. h. félagsins, þau Geirlaug Sigurðardóttir, Þorgils G. Einarsson og Ólafur Tr. Einarsson, greiði stefnendum, eigendum v/b Vöggs G.K. 204, kr. 20.240.00 með 6% ársvöxtum frá 26. maí 1948 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað, og eiga stefnendur sjóveðrétt í v/s Eddu G.K. 25 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 142/1950. **Júpiter h/f** (Páll Ásgeir Tryggvason)
gegn
Vigfúsi Þórðarsyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson).

Skipstjóra dæmdar bætur vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fegnu áfrýjunarleyfi 7. nóvember 1950 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, *aðallega* að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 40.575.80 að frádregnum kr. 235.00,

en til vara, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 235.00. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 19. október 1951 áfrýjað málinu með stefnu 5. nóvember 1951. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 25.714.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hann, að dæmdur verði sjóveðréttur í b/v Júpíter RE 61 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Það athugast, að annar liður í kröfu gagnáfrýjanda er ranglega reiknaður kr. 604.00 í stað kr. 564.00. Þriðji kröfuliður er einnig ofreiknaður um kr. 57.00, miðað við kaup fyrir 83 daga, en kröfuliður þessi verður samt ekki lækkaður, þar sem gagnáfrýjandi hefði getað krafizt launa fyrir 84 daga. Samkvæmt þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um höfuðstól og vexti, þó með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð lækkar um kr. 40.00 niður í kr. 20.859.00.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 6000.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Júpíter RE 61 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Júpíter h/f, greiði gagnáfrýjanda, Vigfúsi Þórðarsyni, kr. 20.859.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Júpíter RE 61 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. maí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Vigfús Þórðarson skipstjóri, Silfurteig 2 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykja-

víkur með stefnu, útgefinni 25. nóvember 1948, gegn Júpíter h/f hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 17.941.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krafðist stefnandi þess, að viðurkenndur yrði sjóveðréttur hans í b/v Júpíter RE 61 til tryggingar dómkröfunum.

Með stefnu, útgefinni 30. september f. á., hækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 7773.00 og krafðist auk þess 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1949 til greiðsludags, málskostnaðar að skaðlausu í framhaldssökinni og viðurkenningar á sjóveðrétti í nefndu skipi fyrir fjárhæðum þessum.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi í aðal- og framhaldssök greiðslu á kr. 25.714.00 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1949 til greiðsludags, málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðrétti, svo sem að framan er greint.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda í aðal- og framhaldssök og krafizt sýknu af þeim gegn greiðslu á kr. 235.00.

Þá hefur stefndi með stefnu, útgefinni 10. nóvember f. á., gagnstefnt aðalstefnanda til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 40.575.80.

Gagnstefndi hefur krafizt algerrar sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Aðal- og framhaldssök.

Málavextir eru þeir, að hinn 18. marz 1948 réðst stefnandi skipstjóri á b/v Júpíter, eign stefnda. Fór hann á skipinu í 5 veiðiferðir og sigldi því jafnframt til útlanda með aflann til sölu þar. Þegar skipið kom til Íslands eftir 2. veiðiförina, fór fram viðgerð og endurnýjun á fisklestum þess, og stóðu þessar aðgerðir yfir frá 14. maí til 3. júlí 1948. Telur stefnandi sig hafa litið eftir viðgerðinni, og eigi hann því kaup, meðan á henni stóð. Er skipið kom úr söluferð til Englands eftir 5. veiðiferðina hinn 20. september 1948, var stefnandi látinn hætta skipstjórn fyrirvaralaust og, að því er hann heldur fram, að ástæðulausu. Telur stefnandi, að honum hafi borið samkvæmt landslögum þriggja mánaða kaup vegna þessarar fyrirvaralausu og ástæðulausu brottvikningar eða þar til hann fékk svipaða atvinnu á öðru skipi, en slíka atvinnu kveðst hann ekki hafa fengið fyrr en 14. desember 1948. Eigi hann því rétt á kaupi hjá stefnda til þess dags. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína í aðal- og framhaldssök svo:

1. Kaup, meðan viðgerð b/v Júpíters stóð, í 47 daga, miðað við 600 króna kaup á mánuði að viðbættri verðlagsvísitölu	kr.	2.820.00
2. Fæðispeningar yfir sama tímabil, 12 krónur á dag	—	604.00
3. Skipstjórakaup frá 20. september til 14. desember 1948 kr. 229.00 á dag	—	19.064.00
4. Fæðispeningar í 83 daga, kr. 12.00 á dag	—	996.00
5. Vanreiknuð verðlagsuppbót á fastakaup frá 18. marz til 14. maí og frá 3. júlí til 20. september eða kr. 10.00 á dag í 223 daga	—	2.230.00
Samtals	kr.	25.714.00

Mótmæli sín gegn kröfum stefnanda um kaup og fæðispeninga, eftir að hann fór af skipinu, reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til þessa, með því að hann hafi virt að vettugi ákveðin fyrirmæli framkvæmdarstjóra stefnda um það, hve langan tíma hver einstök veiðiferð mátti taka, svo og með vangæzlu í starfi. Vísar stefndi til rökstuðnings þessum mótmælum sínum til 5. gr. sjómannalaganna.

Að því er þessi atriði varðar, heldur stefndi því fram, að snemma vetrar 1948 hafi það verið ákveðið í samráði við framkvæmdarstjóra Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Jakob Hafstein, og umboðsmann stefnda í Grimsby, Þórarin Olgeirsson, að b/v Júpiter yrði aldrei lengur á veiðum í hverri veiðiferð en 9—11 sólarhringa, eftir að hitna færi í veðri. En áður virðast hafa verið allmikil brögð að því, að Júpiter landaði að einhverju leyti skemmdum fiski í Englandi. Kveðst framkvæmdarstjóri stefnda hafa tilkynnt stefnanda þetta, áður en hann lagði af stað í fyrstu veiðiför sína, og lagt ríkt á við hann að gæta þessa vandlega. Þá kveðst framkvæmdarstjórinn og í síðari veiðiferðum stefnanda hafa brýnt þetta sama fyrir honum. Enn hafi þeir Þórarinn Olgeirsson og Jakob Hafstein lagt á þetta ríka áherzlu við stefnanda. Bendir stefndi á til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að tími hverrar veiðiferðar væri takmarkaður, að stefnandi hafi hinn 12. júlí 1948 sent framkvæmdarstjóra stefnda skeyti og tilkynnt, að elzti fiskurinn væri viku gamall og hvenær hann mundi hætta veiðum, nema framkvæmdarstjórinn ákvæði annað. Telur stefndi, að það hafi skipt miklu máli fyrir hann, að skipið væri ekki lengur að veiða en svo, að aflinn kæmist óskemmdur á markað. Segir hann, að þegar eftir stríðslokin hafi matvælaráðuneytið brezka hert mjög á eftirliti með gæðum þess fisks, sem landað væri úr íslenzkum togurum. Ef skip landaði skemmdum fiski, hafi það verið sett á „svartan lista" og átt það á hættu að missa löndunarleyfið strax, ef mikið var skemmt, ella, ef endurtekningar yrðu á. Kveður stefndi, að b/v Júpiter hafi, áður en stefnandi réðst á skipið, fengið aðvörun vegna löndunar á slæmum fiski. Um öll þessi atriði telur stefndi, að stefnanda hafi verið kunnugt, áður en hann tók við skipstjórn, og hafi honum því hlotið að vera ljóst, hversu mikilvægt þetta var að hafa aflann óskemmdan á sölustað, en þó hafi ekki tekizt betur til hjá stefnanda en svo, að strax eftir 2. veiðiferð skipsins hafi stefnandi landað fiski, sem hafi fengið þau ummæli umboðsmanns síns á sölustaðnum, að hann væri „hrein drulla". Þá hafi skipið í síðustu veiðiferð þess landað í Hull 2011 kits af fiski, en af því magni hafi 495 kits eða um fjórði hluti aflans verið dæmdur ósöluhæf vara. Í veiðiferð þessari hafi skipið verið um 13½ sólarhring. Enn telur stefndi, að skort muni hafa á eftirlit og samvizkusemi hjá stefnanda með verkun aflans í þessari veiðiferð. Fiskurinn hafi verið skítugur, illa slægður og illa um hann búið í lestunum. Vísar stefndi þessu atriði til stuðnings til bréfs brezka matvælaráðuneytisins til sendiráðs Íslands í London og bréfs og vottorðs umboðsmanns síns í Hull. Ásigkomulag aflans í þessari veiðiför hafi orðið til þess, að brezka matvælaráðuneytið hafi krafizt þess, að löndunarleyfið yrði tekið af Júpiter. Tekizt hafi þó að koma í veg fyrir

þetta, þó með því skilyrði, að Júpíter landaði aðeins góðum fiski framvegis. Sé því sýnilegt, hversu erfiða aðstöðu og tjón stefnandi hafi bakað stefnda með framferði sínu.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum varnarástæðum stefnda. Í fyrsta lagi mótmælir hann því, að hann hafi fengið fyrirmæli um það að vera aðeins ákveðinn dagafjölda í hverri veiðiferð, og er það atriði ósannað gegn mótmælum hans. Þá heldur stefnandi því fram, að er hann réðst á Júpíter, hafi honum verið ókunnugt um, að skipið væri á „svörtum lista" í Englandi. Hann hafi fyrst orðið þess áskynja í viðtali við Þórarin Olgeirsson, er fram hafi farið, er hann landaði afla úr fyrstu veiðiferð skipsins. Hins vegar kveðst stefnandi hafa heyrt, um það leyti sem hann fór á skipið, að úr Júpíter hafi oft verið landað slæmum fiski í Englandi, en hann hafi ekki haft hugmynd um, hve alvarlegum augum á slíkt var litið, honum hafi ekki verið tjáð, er hann réðst á það, að skipið væri illa séð í Englandi, né heldur, hvaða afleiðingar það gæti haft, ef skipið kæmi með slæman fisk til sölu þar. Er ósannað gegn staðhæfingu stefnanda, að honum hafi verið framangreind atriði kunn, er hann réðst á skipið.

Þá hefur stefnandi mótmælt því, að hann hafi ekki haft nægilegt eftirlit með verkun aflans, og haldið því fram, að störfum skipshafnar í því efni hafi á engan hátt verið ábótavant. Heldur hann því fram, að skemmdirnar á fiskinum hafi verið því að kenna, að fiskilestum skipsins hafi enn verið áfátt, eftir að áður umrædd viðgerð á þeim fór fram. Tveir skipverjar á Júpíter hafa komið fyrir dóm í málinu, háseti, sem var lestarmaður í tveimur síðustu veiðiferðunum, sem stefnandi sigldi skipinu, og 1. stýrimaður. Bæði vitnin hafa borið það, að stefnandi hafi brýnt fyrir skipshöfninni að vanda vel bæði aðgerð fisksins og uppþvott, og hafi hann í síðustu veiðiferð sinni lagt ríka áherzlu á þetta eins og endranær. Þá segja þau bæði, að meira hafi borið á skemmdum á fiskinum í öftustu stíum skipsins, heldur en annars staðar, og annað vitnið telur, að óeðlilegan hita hafi leitt gegnum skilrúmið milli kolaboxanna og öftustu stíanna, eftir því sem það þekki á öðrum skipum.

Svo sem í upphafi var sagt, var stefnandi skipstjóri á Júpíter í 5 veiði- og söluferðum. Tók 1. veiðiferðin 14 daga og var aflinn seldur í Englandi, og hefur stefndi engar athugasemdir gert um ásigkomulag þess farms. Næsta veiðiför tók einnig 14 daga og var aflinn þá seldur í Þýzkalandi, og að ásigkomulagi „hrein drulla", að því er stefndi heldur fram. Upp er komið í málinu, að afli skipsins var í þetta skipti 190 smálestir. Af þessu magni voru 5 smálestir dæmdar ósöluhæfar. Verður það ekki talið óeðlilega mikið. Næstu 2 söluferðirnar eftir viðgerðina voru einnig farnar til Þýzkalands. Ekki verður séð, hvað þær veiðiferðir hafi staðið lengi, en engum athugasemdum hefur verið hreyft um gæði aflans í þessum ferðum. Svo sem stefndi heldur fram, var skipið 13½ sólarhring í síðustu veiðiferðinni undir stjórn stefnanda, og voru 495 kits af 2011 dæmd ósöluhæf vara. Eins og áður segir, er ósannað, að stefnandi hafi í veiðiför þessari brotið gegn fyrirmælum útgerðarmanns um það, hvað veiðiför hafi mátt standa lengi. Eigi verður heldur talið sannað, að stefnandi hafi með van-

gæzlu á aðgerð og umbúnaði fisksins í skipinu orðið þess valdur, að hluti aflans var dæmdur ósöluhæf vara í söluferð þessari. Sala aflans fór fram 14. september. Hafði skipið þá legið í höfn röskan sólarhring, en á þessum tíma árs geta verið ríkjandi miklir hitar í Englandi.

Að því athuguðu, sem hér að framan er greint, verða umræddar varnarástæður stefnda ekki teknar til greina.

Í öðru lagi reisir stefndi mótmæli sín gegn því, að honum beri að greiða stefnanda kaup og fæðispeninga, eftir að hann veik af skipinu, á því, að svo hafi samizt milli stefnanda og framkvæmdarstjóra stefnda, að hann viki af skipinu bótalaust. Gegn mótmælum stefnanda er staðhæfing þessi ósönnuð, og hefur því þessi varnarástæða stefnda heldur ekki við rök að styðjast, og á stefnandi því rétt á kaupi og fæðispeningum frá 20. september til 14. desember 1948.

Verða nú einstakir liðir í kröfu stefnanda athugaðir sérstaklega.

Um 1. Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi haft eftirlit með viðgerð skipsins eða unnið nokkuð við það, meðan á henni stóð, og andmælir á þeim grundvelli, að stefnandi eigi rétt til kaups þess, sem hann reiknar sér undir þessum lið. Telur hann, að stefnanda beri aðeins fastakaup skipstjóra, sem hafi verið kr. 150.00 á mánuði án verðlagsuppbótar, þá 47 daga, sem viðgerðin stóð yfir, og miðar hann kröfu sína í málinu við það.

Stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi haft eftirlit með viðgerðinni eða unnið að henni. Ber honum því aðeins fastakaup fyrir þetta tímabil. Heldur hann því fram, að á 150 króna mánaðarkaupið eigi að reikna verðlagsvísitölu, en því hefur stefndi mótmælt.

Samkvæmt bréfi, er framkvæmdarstjóri Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda skrifaði félagsmönnum í því skyni að útiloka misræmi í launagreiðslum til yfirmanna á skipum og dagsett er 25. febrúar 1947, á grunnkaup skipstjóra og stýrimanna (kr. 150.00 á mánuði) að greiðast án dýrtíðaruppbótar. Nokkrir útgerðarmenn munu þó hafa greitt skipstjórum og stýrimönnum dýrtíðaruppbót á laun þeirra, en ósannað er, að stefnda hafi verið skylt að greiða stefnanda meira en kr. 150.00 á mánuði án verðlagsuppbótar. Verður stefndi því aðeins dæmdur til að greiða kr. 235.00 samkvæmt þessum lið.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum lið, en auk kaupsins skyldu skipstjórar hafa frítt fæði, og þar sem fæðispeningunum er í hóf stillt, verður þessi liður tekinn til greina að fullu.

Um 3. Stefndi hefur ekki véfengt fjárhæðina undir þessum lið, og ber því einnig að taka hana til greina að fullu.

Um 4. Um kröfuna undir þessum lið gildir sama og sagt var um 2. lið.

Um 5. Hér gildir sama máli og sagt var um mánaðarkaup skipstjóra undir 1. lið hér að framan að því viðbættu, að ekki verður séð, að stefnandi hafi fyrr en í máli þessu hreyft athugasemdum við því, að honum var reiknað og greitt fastakaup án verðlagsuppbótar. Ber því að sýkna stefnda af fjárhæðinni samkvæmt þessum lið.

Úrslit aðal- og framhaldssakar verða því þau samkvæmt framansögðu,

að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 235.00 + 604.00 + 19.064.00 + 996.00 = kr. 20.899.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2500.00. Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í b/v Júpiter R.E. 61 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Gagnsök:

Kröfur sínar í gagnsök reisir gagnstefnandi á því, að gagnstefndi hafi sem skipstjóri á b/v Júpiter sumarið 1948 sýnt svo vítaverða vanrækslu í starfi sínu um eftirlit með verkun á afla skipsins og brotið svo gegn fyrirmælum framkvæmdarstjóra gagnstefnanda um lengd útivistartíma skipsins, að valdið hafi gagnstefnanda stórtjóni. Framferði gagnstefnda hafi orðið orsök þess, að um fjórði hluti farms Júpiters hafi eyðilagzt og orðið ósöluhæf vara í síðustu veiði- og söluferð, sem gagnstefndi var með skipið. Miðar gagnstefnandi fjárhæðina í gagnsök við söluverð það, sem fékkst fyrir hinn óskemmda hluta aflans.

Framangreindar málsástæður gagnstefnanda eru þær sömu og varnarástæður hans í aðalsök gegn kröfu gagnstefnda um kaup og fæðispeninga, eftir að hann fór af skipinu. Varnarástæður gagnstefnda í gagnsök eru og hinar sömu og málsástæður þær, sem hann reisti ofangreinda kröfu á í aðalsök. Sömu atriði og rakin eru í aðalsök varðandi kröfu þessa leiða til þess, að kröfur gagnstefnanda í gagnsök verða ekki taldar hafa við nægileg rök að styðjast. Ber því að sýkna gagnstefnda í gagnsökinni, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í henni falli niður.

Vegna þess að mál þetta er allviðamikið, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Hafsteini Bergþórssyni framkvæmdarstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Júpiter h/f, aðalstefnanda, Vigfúsi Þórðarsyni, kr. 20.899.00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í b/v Júpiter R.E. 61 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gagnstefndi á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsök, en allur málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 19/1952.

Daníel Sigurðsson

gegn

Sigurði Jóhannessyni.

Kröfu um frest hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. október þ. á., er hingað barst 9. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 1. s. m., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli aðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði veittur þriggja vikna frestur í málinu, en til vara frestur eftir mati dómsins. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar af varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Daníel Sigurðsson, greiði varnaraðilja, Sigurði Jóhannessyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, hefur Sigurður Jóhannesson, Norðurgötu 13, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. október 1950, gegn Daníel Sigurðssyni sjómanni, Þvervegi 14 hér í bæ, til greiðslu á kr. 63.820.97 með 6% ársvöxtum af kr. 7000.00 frá 7. marz 1949 til 11. s. m., af kr. 9.157.60 frá þeim degi til 31. des. 1949 og af kr. 63.820.97 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi hefur og stefnt til réttargæzlu þeim Birni kaupmanni Guðmundssyni, Sogabletti 8 hér í bænum, og Haraldi Þór Friðbergssyni vélsmíðameistara, Hvanneyrarbraut 13, Siglufirði, en eigi haft uppi kröfur á hendur þeim.

Stefndi Daníel hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Réttargæzlustefndi Björn hefur krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi hinn 7. marz 1949 keypt af réttargæzlustefnda Haraldi tveggja cylindra Scandia bátavél, 12—15 ha, fyrir kr. 7000.00. Kvað seljandi vélina lítið notaða og í gangfæru standi. Kvaðst seljandi selja vélina í umboði réttargæzlustefnda Bjarnar, er væri umboðsmaður stefnda Daníels. Er stefnandi hafði sett vél þessa í trillubát sinn, reyndist hún ófær til að knýja skrúfuna, hvernig sem stefnandi og aðstoðarmenn hans reyndu. Skýrði stefnandi Haraldi frá þessu, og sendi hann vélstjóra til að lagfæra vélina, en tilraunir hans urðu árangurslausar. Tjáði stefnandi síðan Haraldi, að hann óskaði að rifta kaupin, afhenda seljanda vélina og fá endurgoldið kaupverðið. Síðar skýrði Haraldur honum frá því, að stefndi Daníel væri ófáanlegur til að ganga að þessu. Vélin kom stefnanda ekki að neinum notum, og var engin leið að útvega aðra vél nothæfa í bátinn á vor-, sumar- og haustvertíð 1949. Hefur stefnandi af þessum sökum höfðað mál þetta og rakið kröfur sínar svo:

1. Kaupverð vélarinnar	kr.	7.000.00
2. Kostnaður af að setja vélina í bátinn	—	2.157.60
3. Bætur til ráðins formanns á bátnum	—	19.817.29
4. Aflahlutur stefnanda, að frádregnum útgerðarkostnaði	—	34.846.08
Alls	kr.	63.820.97

Stefndi skýrir svo frá málavöxtum, að á árinu 1942 hafi Jóhann nokkur Snæbjörnsson keypt fyrir hann vélina af Sigurði Sveinbjörnssyni vélsmíðameistara hér í bænum. Fékk stefndi vélina í umbúðum og tók hana aldrei úr þeim þann tíma, sem hann átti hana. Snemma árs 1949 bað stefndi réttargæzlustefnda Björn að selja hana. Fékk Björn réttargæzlustefnda Harald í lið með sér, og var vélin seld stefnanda. Rétt eftir miðjan júlímánuð 1949 tjáði Haraldur stefnda, að stefnandi vildi rifta kaupin, en stefndi svaraði því til, að sér hefði verið seld vélin sem lítið notuð og í góðu lagi. Þannig hafi hún og verið, þegar hún var afhent stefnanda. Hefur stefndi í málinu mótmælt því, að nokkuð hafi verið að vélinni, er stefnandi tók við henni. Einnig hefur hann talið kvörtun stefnanda allt of seint fram komna.

Mál þetta var þingfest 7. des. 1950, en sameiginlegir frestir til gagnaöflunar voru veittir aðiljum 11. jan. 1951 og stóðu yfir allt til *17. janúar 1952*, en þá lýstu umboðsmenn þeirra yfir því, að gagnaöflun væri lokið. Í gær var ákveðið þinghald til munnlegs flutnings málsins, en er málflutningur skyldi hefjast, óskaði lögmaður stefnda frests í þrjár vikur til aukinnar gagnaöflunar, þar á meðal vættis fyrrnefndra Jóhanns Snæ-

björnssonar og Sigurðar Sveinbjörnssonar svo og ónafngreinds véla-eftirlitsmanns Fiskifélags Íslands, en hann kvað hafa skoðað vélina 1942. Lögmaður stefnda mótmælti frekari frestun málsins, og var málið því tekið til úrskurðar um frestbeiðnina.

Þegar þess er gætt, hversu langan tíma aðiljar hafa átt kost á að afla gagna í málinu, þykja efni ekki standa til að veita frekari frest í þessu skyni gegn mótmælum stefnanda, enda hefur ekki verið gert sennilegt, að vandkvæði hafi verið á að afla fyrrgreindra vætta. Ber því að synja frestbeiðni stefnda.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur skal eigi veittur.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 21/1952.

Ákæruvaldið

gegn

Sigurði Norðmann Júlíussyni

og

Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur.

Kæru ákvæðis héraðsdóms um málsvarnarlaun vísað frá Hæstarétti, sbr. 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 29. apríl 1952 var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í máli, sem höfðað hafði verið gegn varnaraðiljum af ákæruvaldsins hálfu. Var varnaraðiljum dæmd refsing samkvæmt 147. gr. laga nr. 19/1940 og gert að greiða allan kostnað sakarinnar, þ. á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.00. Með bréfi, er hingað barst hinn 15. þ. m., hefur verjandinn kært ákvæði héraðsdómsins um málsvarnarlaun.

Samkvæmt 4. tölulið 171. gr. laga nr. 27/1951 getur dómsmálaráðherra einn kært til æðra dóms eða leyft aðilja að kæra ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Eigi verður séð,

að dómsmálaráðherra hafi veitt leyfi til kæru þessarar, og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og fellur hann niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. apríl 1952.

Ár 1952, þriðjudaginn 29. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu dómsins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1346—1347/1952: Ákæruvaldið gegn Sigurði Norðmann Júlíussyni og Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur, sem tekið var til dóms þann 8. sama mánaðar.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn þeim ákærðu, Sigurði Norðmann Júlíussyni eftirlitsmanni, Laugavegi 30 B, og Guðfinnu Eugeníu Magnúsdóttur húsfrú, sama stað, og eru þau samkvæmt ákæruskjali ákærð fyrir að hafa gerzt sek um ranga skýrslugerð samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa með vottorði, dags. 13. sept. 1950, lýst yfir því, að m. a. Petersen, 1. matsveinn á Heklu, hafi ritað nafn sitt á reikning frá Sjálfstæðishúsinu til að votta, að rétt væri, að flaska hefði verið seld eftir lokunartíma, en upplýstst hafi, að nafn Pedersens á skjali þessu væri ekki ritað af honum sjálfum, heldur af ákærða Sigurði Norðmann Júlíussyni. Eru því nefnd Sigurður Norðmann Júlíusson og Guðfinna Eugenia Magnúsdóttir ákærð til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarlagaákvæði, til réttindasviptingar samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls málskostnaðar in solidum.

Bæði eru hin ákærðu komin yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Sigurður er fæddur 14. júlí 1918 á Patreksfirði, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum.

1938 9/10 Sætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 7/10 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað, brot gegn 6. gr. laga nr. 51/1928.

1939 21/11 Kærður fyrir að hafa í ölvunarástandi tekið frakka án heimildar. Kærði skilaði frakkanum ótilkvaddur, er hann kom til sjálfs sín aftur, og málið var látið falla niður.

1946 12/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 9 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 93. gr. hegningarlaganna, sviptur kosningarrétti og kjörgengi.

1950 6/10 Kærður fyrir líkamsárás. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 4/12 1950.

1951 27/3 Sátt: 200 króna sekt fyrir brot á 15. sbr. 36. gr. áfengislaganna.
1951 9/10 Kærður fyrir vanskil á veitingum. Greiddi kr. 98.20. Málið fellt niður.
1951 9/10 Kærður fyrir líkamsárás. Kæran afturkölluð.

Ákærða, Guðfinna Magnúsdóttir, er fædd 11. október 1921 í Ytri- Njarðvík, og hefur hún ekki, svo vitað sé, sætt kæru né refsingu fyrir neitt brot á lögum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þann 13. september 1950 skrifuðu ákærðu lögreglustjóranum í Reykjavík svohljóðandi bréf:

„Við undirrituð Sigurður Júlíusson og Guðfinna Magnúsdóttir, Fálkagötu 20 hér í bæ, viljum hér með votta eftirfarandi:

Í gærkvöldi, þriðjudagskvöldið 12. þ. m., fórum við á dansleik, er haldinn var þá í Sjálfstæðishúsinu hér í bæ á vegum H. S. V., sem mun vera svonefndur Hússjóður Varðarfélagsins hér í bænum.

Dansleik þessum var lokið kl. 1. Eftir þann tíma mun ekki vera heimilt að veita gestum neinar veitingar, en þegar kl. var ca 10 mínútur yfir 1, báðum við þjóninn, sem afgreiddi okkur, að færa okkur hálfa flösku af ákavíti. Tók hann þessu vel og kom með flöskuna að borði okkar kl. 1.15. Að þetta sé rétt munu geta vottað hr. Jón Gunnlaugsson, Brávallagötu 12, Fanney Eysteinsdóttir, Laufásvegi 27, og Pedersen nokkur, sem er 1. matsveinn á m/s Heklu, hér í bæ. Áhorfandi að því, að flaska þessi var afgreidd á þessum tíma, var einnig hr. Björgvin Lúthersson, Bræðraborgarstíg 29 hér í bæ. Sömuleiðis hr. Halldór Magnússon, Lækjargötu 4, Hafnarfirði.

Með vottorði þessu látum við fylgja reikning þann, er við fengum, þá er við greiddum veitingar þessar, og hafa nefndir menn ritað nöfn sín á hann og vottorð um, að rétt sé, að flaskan hafi verið afgreidd til okkar á ofangreindum tíma."

Með bréfi, dags. 19. sama mánaðar, sendi síðan lögreglustjóri sakadómara bréf ákærðu ásamt reikningi frá Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík, sem vitnað er í í bréfi þeirra, en reikningur þessi leit þannig út, að fyrir neðan viðurkenningu Sjálfstæðishússins á því, að ½ flaska af aqua vitae hefði verið staðgreidd með kr. 82.00, hafði þetta verið ritað með bleki: „Viðurkenni, að þessi flaska er afgreidd kl. 1.15." Undir þessa yfirlýsingu voru rituð nöfn þeirra Jóns Gunnlaugssonar, Brávallagötu 12, og Fanneyjar Eysteinsdóttur, Laufásvegi 27. Fyrir utan þetta var svo einnig þetta ritað með bleki á vinstri jaðar reikningsins: „Sig. Júl., Pedersen, Heklu, Unnur Magnúsdóttir." Nöfn þessi stóðu langsum á reikningnum ofan frá og niður eftir jaðri hans, og var nafnið Sig. Júl. efst, en nöfnin Pedersen, Heklu, og Unnur Magnúsdóttir neðar á jaðri reikningsins, fyrra nafnið ofar, en hið síðara beint fyrir neðan.

Út af þessari kæru ákærðu fór síðan fram rannsókn hér við embættið, en áður en málinu lyktaði, andaðist veitingaþjónninn (Kristmundur Guðmundsson), sem sannað var, að afgreitt hefði þá hálfflösku af áfengi, sem í kæru ákærðu er rætt um.

Bæði hafa þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson viðurkennt að hafa ritað nöfn sín undir yfirlýsinguna, sem getið er um hér að framan. Hefur þó Fanney látið þess getið, að hún hafi ekki haft hugmynd um, hvað hún hafi verið að votta með undirskrift sinni, þegar hún ritaði undir nafn sitt á reikninginn, en kveðst þó hafa gert það umsvifalaust, þegar ákærði Sigurður bað hana um það, en Jón Gunnlaugsson segir sér hins vegar hafa verið ljóst efni yfirlýsingarinnar á reikningnum, sem hér ræðir um, þegar hann ritaði nafn sitt á hann. Bæði voru þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson stödd við borð hjá ákærðu Sigurði og Guðfinnu á dansleik, sem haldinn var í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík að kvöldi þess 12. september 1950, þegar þau rituðu nöfn sín á margnefndan reikning.

Ruben Vruj Pedersen matsveinn, Grettisgötu 31, en við hann mun vera átt með nafninu „Pedersen, Heklu" á fyrrnefndum reikningi, kveðst alls ekki hafa ritað nafn sitt á reikninginn. Minnist hann þó þess, að hann hafi eitt sinn haustið 1950 farið á dansleik, sem haldinn var í Sjálfstæðishúsinu, og setið þar við borð ákærða Sigurðar o. fl. Annars hefur nefndur Pedersen tekið fram, að hann hafi gerzt talsvert ölvaður á dansleik þessum, og muni hann því illa það, sem þar gerðist, annað en það, að hann hafi þar ekki ritað nafn sitt undir neina yfirlýsingu.

Þykir þá næst rétt að víkja nokkuð að framburðum hinna ákærðu um margnefndan reikning, yfirlýsinguna á honum, nafnritanirnar á honum og skýringu ákærðu á því orðalagi á kærunni til lögreglustjóra, að nefndir menn hafi ritað nöfn sín á reikninginn og vottorð um, að rétt sé, að áfengisflaskan, sem þar ræðir um, hafi verið afgreidd á sérstökum tíma.

Í réttarhaldi þann 19. janúar 1951 ber ákærði Sigurður, að hann hafi beitt sér fyrir því, að m. a. bréfið til lögreglustjóra, sem tilgreint er hér að framan, var ritað, og segist hann ekki vita annað en að það sé efnislega rétt. Í framburði ákærða í þessu réttarhaldi kemur það og fram, að um það leyti, sem umrætt bréf var samið og sent lögreglustjóra, vann ákærði Sigurður að því að afla sannana fyrir því, að samskonar misferli ætti sér stað í Sjálfstæðishúsinu og þá var búið að kæra veitingahúsið í Tívolí fyrir, að þar viðgengist, m. a. að afgreitt væri þar áfengi á öðrum tímum en heimilt er lögum samkvæmt, en ákærði Sigurður var starfsmaður síðarnefnda veitingahússins.

Í réttarhaldi þann 20. september s.l. segir ákærði Sigurður, að hann hafi sjálfur skrifað nöfnin, sem standa á vinstri jaðri reikningsins frá Sjálfstæðishúsinu um kaup á hálfri flösku af aqua vitae, þ. e. nöfnin Sig. Júl., Pedersen, Heklu, og Unnur Magnúsdóttir þar fyrir neðan. Nöfn þessi segist ákærði Sigurður hafa skrifað sér til minnis, þar eð fólk þetta hafi auk þeirra Fanneyjar Eysteinsdóttur og Jóns Gunnlaugssonar, sem rituðu sjálf nöfn sín á reikninginn, setið við borðið, sem hin hálfa áfengisflaska var afgreidd á. Í þessu réttarhaldi lýsti ákærði Sigurður einnig yfir því, að hann hefði skrifað yfirlýsinguna á margnefndan reikning, áður en þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson skrifuðu

undir hana, og telur hann þeim þá hafa verið ljóst efni yfirlýsingarinnar og hafi þau skrifað undir hana án nokkurrar tregðu.

Í réttarhaldi þann 7. nóvember s.l. kvaðst ákærði Sigurður aldrei hafa haldið því fram, að þau Pedersen og Unnur Magnúsdóttir (og er þar átt við konu hans, meðákærðu, þótt hún heiti raunverulega Guðfinna Eugenía Magnúsdóttir) hefðu vottað með nafnritun sinni, að umrædd hálfflaska af áfengi hefði verið afgreidd á þeim tíma, sem tilgreindur er á reikningnum, sem nöfn þeirra standa á, heldur að þau myndu geta borið um og vottað, að svo væri, sem í reikningnum segir. Hélt ákærði Sigurður því einnig fram í þessu réttarhaldi, að í kæru þeirra ákærðu til lögreglustjóra, dags. 13. sept. 1950, segði aðeins, að þau Pedersen o. fl. myndu geta vottað þetta, en ekki, að þau hefðu vottað þetta með undirskrift sinni á umræddan reikning.

Í réttarhaldi daginn eftir (8. nóv. s.l.) heldur ákærða Guðfinna nákvæmlega því sama fram og maður hennar, meðákærði Sigurður, þ. e. að hún hafi ekki lýst yfir því í kæru sinni og manns síns, dags. 13. september 1950, að Pedersen matsveinn á m/s Heklu hafi ritað nafn sitt undir yfirlýsingu um, að áfengisflaskan, sem þar er rætt um, hafi verið afgreidd á borð þeirra meðákærða Sigurðar á þar tilgreindum tíma, heldur segi í kæru þeirra, að m. a. Pedersen muni geta vottað, að flaskan hafi verið afgreidd á þar tilgreindum tíma, en alls ekki, að hann (Pedersen) hafi vottað þetta með undirskrift sinni. Í þessu sama réttarhaldi tók ákærða Guðfinna einnig fram, að hún myndi greinilega eftir því, að maður hennar, meðákærði Sigurður, ritaði nafn Pedersens, Heklu, nafn hennar sjálfrar og sitt eigið nafn á reikninginn yfir umrædd áfengiskaup, og einnig kveðst ákærða hafa séð, þegar þau Fanney Eysteinsdóttir og Jón Gunnlaugsson rituðu sjálf nöfn sín á reikninginn.

Í réttarhaldi þann 25. janúar s.l. og 21. marz s.l. var sú spurning lögð fyrir ákærðu, við hverja þau ættu, þar sem talað er um í niðurlagi margumræddrar kæru þeirra til lögreglustjóra (dags. 13. sept. 1950), að nefndir menn hafi ritað nöfn sín á reikninginn yfir áfengiskaupin, sem fylgdi kæru þeirra, og var þeim jafnframt bent á, að fyrr í þessari sömu kæru þeirra sé talað um, að Jón Gunnlaugsson, Brávallagötu 12, Fanney Eysteinsdóttir, Laufásvegi 27, og Pedersen nokkur, 1. matsveinn á m/s Heklu, muni geta vottað, að áfengisflaskan, sem í kærunni er fjallað um, hafi verið afgreidd á vissum tíma. Einnig var þeim ákærðu bent á í þessu sambandi, að í kæru þeirra sé minnzt á, að Björgvin Lúthersson, Bræðraborgarstíg 29, og Halldór Magnússon, Lækjargötu 4 í Hafnarfirði, hafi verið áhorfendur að því, að áfengisflaskan hafi verið afgreidd á sérstökum tíma. Spurningu þessari svaraði ákærði Sigurður þannig, að með „nefndum mönnum" ætti hann einungis við þau, sem raunverulega rituðu nöfn sín á reikninginn, sem vísað var til í kæru hans og konu hans, þ. e. þau Jón Gunnlaugsson og Fanneyju Eysteinsdóttur, en hin nöfnin á reikninginn hafi hann sjálfur skrifað sér til minnis, eins og áður segir. Svar ákærðu Guðfinnu við þessari spurningu var hins vegar, að með „nefndum

mönnum" teldi hún vera átt við þá Jón Gunnlaugsson og mann sinn, ákærða Sigurð.

Þá voru ákærðu og spurð um það í fyrrnefndum réttarhöldum, hvort þeim fyndist ekki setningin í kærunni til lögreglustjóra, að „nefndir menn" hafi ritað nöfn sín á reikninginn, sem fylgdi kærunni, til þess fallin að villa um fyrir þeim, sem ókunnugir væru þessum nafnaritunum, þannig að þeim skildist, að með „nefndir menn" væri átt við alla þá, sem í kærunni eru nefndir og nýlega eru nefndir hér að framan.

Bæði hafa ákærðu svarað þessari spurningu á þá leið, að þeim fyndist þetta orðalag ekki til þess fallið að villa um fyrir neinum, sem kæruna lesa.

Í réttarhaldinu þann 25. janúar s.l. skýrði ákærði Sigurður frá því, að hann hefði ekki sjálfur samið kæruna til lögreglustjóra, dags. 13. sept. 1950, heldur hafi Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gert það fyrir sig eftir beiðni sinni, en sjálfur kveðst ákærði Sigurður hafa undirritað skjalið og kynnt sér efni þess áður.

Þegar athugað er orðalagið „nefndir menn" í niðurlagi margnefndrar kæru ákærðu til lögreglustjóra með tilliti til þess, að vitnað er í kærunni í skjal, þar sem standa samtals fimm nöfn, verður varla talið verða hjá því komizt að líta svo á samkvæmt almennri málvenju, að „nefndir menn" eigi við alla þá, sem fyrr í kærunni eru nefndir, eða a. m. k. eigi þessi orð við alla þá, sem nafngreindir eru á reikningnum, sem fylgdi kærunni, og í er vitnað í niðurlagi kærunnar og sagt er þar, að ritað hafi nöfn sín á reikninginn og vottorð um, að rétt sé, að áfengisflaska hafi verið afgreidd á sérstökum tíma.

Ekki er það talið vera á færi dómsins að geta sér til um né staðhæfa samkvæmt því, sem fram hefur komið við rannsókn málsins, hvaða hugsun hafi legið bak við orðalagið „nefndir menn" hjá ákærðu, er þau undirskrifuðu kæruna til lögreglustjóra, en þar standa þessi orð, og er það þó engan veginn fullyrt, að ekki sé sannleikanum samkvæm sú staðhæfing hinna ákærðu, að „nefndir menn" eigi aðeins að vísa til Jóns Gunnlaugssonar og Fanneyjar Eysteinsdóttur, að því er ákærði Sigurður ber, og hins vegar Jóns Gunnlaugssonar og ákærða Sigurðar, að því er ákærða Guðfinna ber. — Aðeins er komizt að þeirri niðurstöðu, að hafi hin ákærðu viljað vera örugg um, að orðin „nefndir menn" yrðu ekki talin vísa til allra þeirra nafna, sem nokkrum línum framar í kærunni eru nefnd, hafi verið eðlilegt og raunar nauðsynlegt að geta þess sérstaklega, hvað af þeim nöfnum, sem nýnefnd voru í kærunni, væri átt við með „nefndir menn". Í þessu sambandi má og benda á, að óeðlilegt er það samkvæmt íslenzkri málvenju að tala um „menn", ef aðeins er átt við einn karlmann og eina konu, en ákærði Sigurður kveðst einmitt með þessu orði (menn) hafa átt við karl og konu (Jón Gunnlaugsson og Fanneyju Eysteinsdóttur) og þau aðeins, þótt framar í kærunni sé nefndur í sömu andránni og þau annar karlmaður („Pedersen nokkur" o. s. frv.).

Nærri óskiljanlegur virðist sá skilningur ákærðu Guðfinnu á því, við hverja hún eigi með orðunum „nefndir menn", er hún telur þessi orð

aðeins vísa til eins manns af því fólki, sem nefnt er í kærunni, svo og vísa til manns síns, ákærða Sigurðar, sem þó er hvergi nefndur í margumræddri kæru nema sem kærandi eða frumkvöðull þess, að kæran eða vottorðið kemur fram.

Samkvæmt framansögðu þykja því orðin „nefndir menn" með tilliti til þess, í hvaða sambandi þau standa, ekki verða skilin á annan veg en þann, að þau vísi a. m. k. til Jóns Gunnlaugssonar, Pedersens og Fanneyjar Eysteinsdóttur, en af því leiðir, að sú staðhæfing ákærðu um, að „nefndir menn" hafi ritað nöfn sín á hann (reikninginn) og vottorð um, að rétt sé, að flaskan hafi verið afgreidd til þeirra á ofangreindum tíma, er röng, því að enginn ágreiningur er um, að Pedersen hafi ekki skrifað nafn sitt á reikninginn og ekkert vottorð á hann með nafnritun sinni.

Með skírskotun til þessa teljast því ákærðu hafa gerzt sek við 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að gefa yfirlýsingu, sem að þessu leyti (þ. e. um nafnritun Pedersens) er röng.

Þykir refsing þeirra samkvæmt nefndri hegningarlagagrein eftir atvikum og með tilliti til þess, að ekki þykir ósennilegt, að ákærðu hafi e. t. v. ekki gert sér fyllilega grein fyrir, hvað þau voru að undirrita, þegar þau skrifuðu undir umrædda kæru, fremur en að þau hafi beinlínis ætlað að gefa ranga yfirlýsingu, sbr. hér 6. tölul. 70. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin þannig, að ákærðu greiði hvort 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þau hvort sína sekt með varðhaldi í 5 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykja hér efni til þess samkvæmt því, sem sannað telst í máli þessu, að svipta hin ákærðu borgararéttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga.

Hin ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.00.

Við ákvörðun málsvarnarlaunanna er höfð hliðsjón af því m. a., að vörn sú, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, fjallar að miklu leyti um efni, sem ekki þykja snerta málið beinlínis.

Nokkur dráttur hefur orðið á rekstri málsins, og stafar hann af framlengdum fresti, sem verjanda ákærðu var veittur til að skila vörn sinni, svo og af því, að ákærða Guðfinna var sjúk, þegar taka þurfti af henni framhaldsrannsókn um málið, og drógust framhaldsprófin í um tvo mánuði þess vegna.

Dómsorð:

Ákærðu, Sigurður Norðmann Júlíusson og Guðfinna Eugenía Magnúsdóttir, greiði hvort 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þau sektina með varðhaldi í 5 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þau greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Kærumálið nr. 22/1952.

Jakob Snorrason & Co
gegn
Erni Péturssyni.

Endurupptaka máls fyrir héraðsdómi, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi 11. október 1952, er hingað barst 15. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Akureyrar 6. s. m. um endurupptöku máls sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður bæjarþingsins verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Með því að andmæla endurupptöku bæjarþingsmálsins hefur umboðsmaður sóknaraðilja, Jón héraðsdómslögmaður Þorsteinsson, sýnt óhæfilega stirfni, og kæra úrskurðar héraðsdóms var algerlega ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jakob Snorrason & Co, greiði varnaraðilja, Erni Péturssyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 6. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 30. f. m., hefur stefnandi, Friðjón Axfjörð múrarameistari f. h. Jakobs Snorrasonar & Co, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. september s.l., á hendur Erni Péturssyni lögregluþjóni, Hafnarstræti 47, Akureyri, og gerir

þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 694.07 auk 6% ársvaxta frá 28. apríl 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að í október 1950 hafi hann látið stefnda í té efni og vinnu við terrazzolögn í húsi stefnda fyrir kr. 2576.07 og sé enn þá ógreidd þar af upphæð, sem stefnukröfunni nemur.

Mál þetta var þingfest 22. f. m. og hafði stefnda verið stefnt fyrir bæjarþing þann dag kl. 13.15. Hann kom ekki á tilsettum tíma, og var málið lagt í dóm. Með bréfi sama dag til bæjarþingsdómarans óskaði stefndi eftir því, að mál hans yrði tekið upp að nýju samkvæmt heimild í 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, enda kvaðst hann ekki hafa getað sótt bæjarþing vegna lögmætra forfalla. Með bréfinu fylgdi vottorð gangnastjóra um, að stefndi hafi verið í göngum frá kl. 7 til 12.30 þenna dag.

Bæjarþingsdómarinn kvaddi nú málsaðilja fyrir bæjarþing þann 29. f. m. með það fyrir augum að taka málið upp að nýju. Mótmælti þá stefnandi því, að málið yrði endurupptekið og að stefndi hafi haft lögmæt forföll. Var ágreiningsefni þetta tekið til munnlegs flutnings og að honum loknum tekið til úrskurðar.

Stefndi hefur gert grein fyrir forföllum sínum, eins og nú verður sagt, og hefur skýrsla hans ekki verið véfengd að öðru leyti en því, er að neðan greinir. Stefna hafði verið birt föstudaginn 19. september, kl. 19.00. Sunnudagskvöldið 21. september réðist svo, að stefndi skyldi fara í göngur fyrir föður sinn næsta morgun, en faðir hans er á áttræðisaldri. Gerði hann ráð fyrir, að búið yrði að reka fé til réttar um hádegisbil þann dag og mundi för þessi því ekki hamla þingsókn hans kl. 13.15. Gangnamenn töfðust hins vegar vegna þoku og óhagstæðs veðurs, og var ekki búið að reka fé til réttar fyrr en um kl. 12.30. Fór stefndi þá rakleitt heim til sín í bifreið, og tók sú ferð um 15 mínútur. Er heim kom, kveðst stefndi hafa þvegið sér, rakað sig og haft fataskipti og neytt matar lítillega í flýti, en farið síðan beina leið til bæjarþingsins. Áætlar hann, að sú ferð hafi tekið 5 mínútur. Þegar hann kom á bæjarþingið, telur hann, að klukkan hafi verið 13.25, en stefnandi hefur véfengt það og álítur, að hann hafi komið allt að 5 mínútum síðar. Hafði mál hans þá verið lagt í dóm.

Stefnandi telur, að ástæðulaust hafi verið fyrir stefnda að eyða tíma sínum í að þvo sér, raka sig og hafa fataskipti, þar sem svo stóð á, að hann átti á hættu að komast ekki nægilega snemma fyrir bæjarþing. Einnig hefði hann með símtali einu saman getað falið lögmanni þingsókn fyrir sig eða tilkynnt dómara forföll sín. Að skoðun dómarans var það eðlilegt, að stefndi vildi koma sómasamlega hreinn og klæddur fyrir dóm, og telst hann ekki hafa fyrirgert endurupptökurétti, þótt hann eyddi nokkrum tíma til þess, enda þykir sá tími ekki hafa verið óhóflega langur. Ekki var ástæða til þess fyrir hann að gera til þess sérstakar ráðstafanir, áður en hann fór í göngur, að láta umboðsmann sækja bæjarþingið fyrir sig, þar sem hann vænti þess, að göngum yrði lokið á venjulegum tíma, enda hefði honum þá enzt tími til þingsóknar. Segja má að vísu, að unnt

hefði átt að vera fyrir stefnda að útvega sér umboðsmann, strax og hann kom úr göngunum, eða tilkynna dómara forföll. Til þess var þó það naumur og óhentugur tími, að eftir atvikum verður stefnda ekki talið það til vanrækslu, þótt hann brysti snarræði til að gera tilraun til þess, enda var það tilviljun ein, sem réði því, að mál hans var tekið fyrir fyrst mála á bæjarþinginu.

Samkvæmt þessu telst stefndi hafa haft lögmæt forföll samkvæmt 4. mgr. 118. gr. einkamálalaganna, sbr. 9. gr. sömu laga, b-lið, og ber því að taka kröfu hans um endurupptöku málsins til greina.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal endurupptekið.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 188/1951. **Ársæll Jónasson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Páli Einarssyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari prof. Ármann Snævarr í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. desember 1951. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða einungis kr. 66.666.66 og að málskostnaður falli þá niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi dæmdur til að

greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Áfrýjun máls þessa af hendi aðaláfrýjanda var gersamlega ófyrirsynju, og ber að víta hana.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ársæll Jónasson, greiði gagnáfrýjanda, Páli Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1951.

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Páll Einarsson, Eiríksgötu 23 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. f. m., gegn Ársæli Jónassyni, Hringbraut 63 hér í bænum, til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 200.000.00, með 6% ársvöxtum frá 8. september 1951 til greiðsludags, ⅝% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og málskostnaðar.

Víxill þessi er útgefinn af stefnanda hinn 8. maí 1951 og samþykktur af stefnda til greiðslu 8. september s. á., en Einar Eyfells, Skólavörðustíg 4 C hér í bæ, er ábekingur.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að víxill þessi hafi upphaflega verið seldur í banka og fé notað til björgunarframkvæmda, er þeir víxilskuldararnir hafi verið í félagi um. Hafi þeir jafnframt gert samning þess efnis, að hver þeirra greiddi einn þriðja hluta víxilfjárhæðarinnar. Kveðst stefndi því fús að greiða þriðjung hennar, en telur sér óskylt að greiða meira.

Gegn andmælum stefnanda fær stefndi ekki komið að þessari varnarástæðu í víxilmáli samkvæmt ákvæðum 208. gr. laga nr. 85 frá 1936. Kemur hún því ekki til álita hér. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ársæll Jónasson, greiði stefnanda, Páli Einarssyni, kr. 200.000.00 með 6% ársvöxtum frá 8. september 1951 til greiðsludags, ⅝% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað og kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. október 1952.

Nr. 76/1952. **Ákæruvaldið** (Theódór B. Líndal)
gegn
Robertus Verbiest (Gústaf A. Sveinsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur ásamt samdómsmönnunum Þorsteini Jónssyni og Páli Þorbjörnssyni kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins Þórs við dufl það, sem sett var í sjó frá varðskipinu hjá skipi ákærða. Reyndist staðurinn um 0,8 sm innan landhelgi, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma, sem hér er um að tefla.

Gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst 9000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Robertus Verbiest, greiði 9000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 31. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Robertus Verbiest, skipstjóra frá Ostende í Belgíu, fyrir brot gegn 1. gr. laga um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi nr. 5 frá 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4/1924 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og til vara er málið höfðað til refsingar og síðargreindra krafna fyrir brot gegn 2. gr. sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og er málið höfðað til refsingar, upptöku ólöglegs afla og veiðarfæra samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951, sbr. 2. mgr. síðast nefndra laga. Þá er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákæruskjal var gefið út 29. marz s.l. af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum.

Ákærði, Robertus Verbiest, er fæddur 6. marz 1912 í Ostende í Belgíu og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt áður neinni refsingu eða ákæru hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal frá greint:

Aðfaranótt laugardagsins 29. marz var varðskipið Þór á eftirlitsferð austur með Mýrnatöngum. Kl. 00.00 sást togari, er var grunsamlega nærri landi, og var þá þegar haldið á hann. Kl. 00.22 sást, að togarinn beygði meira frá landi, og kl. 00.25 stöðvaði varðskipið við togarann, sem reyndist vera Narwal 0,292 frá Ostende í Belgíu, en ákærði er skipstjóri togarans. Var togarinn þá með bakborðsvörpu sína í sjó. Var þá strax sett út ljósdufl, og reyndist dýpi þá og þar vera 100 metrar, en fjarlægð frá landi 2 sjómílur eftir ratsjá. Var síðan haldið að togaranum aftur og kallað til hans að nema staðar, en hann skeytti því engu, en hélt áfram að toga út frá landi. Kl. 00.45 var því skotið púðurskoti, og stöðvaði togarinn þá strax.

Var ákærði því næst sóttur í skip sitt og honum bent á, að hann væri að veiðum í landhelgi, en hann kvað sér koma það á óvart og slíkt hefði ekki verið ætlun sín. Ákærði hefur ítrekað það fyrir dómi, að það hafi ekki verið ætlun sín að vera að veiðum innan landhelgislínunnar, og skipherrann af varðskipinu hefur í því sambandi borið það fyrir dóminum, að kort það, er ákærði sýndi honum og kvaðst hafa farið eftir, hafi verið yfirsiglingakort og mjög ónákvæmt. Aðspurður um það, hvers vegna hann hafi ekki stanzað, er kallað var til hans, kveðst ákærði ekki hafa vitað, að kallað væri til sín.

Þar sem of dimmt var til þess að gera staðarákvörðun með sextanti,

var ákærða bent á, að bíða yrði birtu, og var hann síðan fluttur í skip sitt aftur ásamt varðmanni frá varðskipinu, en kl. 06.30 var skipstjórinn sóttur á ný, og kl. 07.00 var eftirfarandi staðarákvörðun við duflið gerð:

Hatta
> 116° 47′
Lómagnúpur
> 32° 09′
Knappur

Dýpið var 102 m, og í því sambandi ber að geta þess, að þegar duflið var sett í sjóinn, var lágsjávað, en hásjávað, er staðarákvörðunin var gerð. Staðarákvörðunin gefur stað skipsins 0,8 sjómílu innan landhelgislínunnar.

Ákærða var þá sýndur staðurinn, og kvaðst hann ekki geta véfengt, að hann væri réttur. Var honum þá tilkynnt, að farið yrði með hann til Vestmannaeyja.

Veður: Logn, léttskýjað.

Framanskráð er samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, Eiríks Kristóferssonar, sem hefur staðfest skýrslu sína hér fyrir dóminum ásamt 1. og 2. stýrimanni varðskipsins, en ákærði hefur viðurkennt hana rétta í alla staði, svo og framburði ákærða og nefnds skipherra fyrir dóminum.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dóminum, að hann muni hafa verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislínunnar, þar sem varðskipið kom að honum, og véfengir ekki mælingar varðskipsmanna, sem gefa stað, sem er 0,8 sjómílu innan landhelgislínunnar og merktur er á kortinu á dskj. nr. 2.

Ákærði kveðst þó hafa haldið, að hann væri utan landhelgislínunnar. Með eigin játningu ákærða, sem studd er af skýrslu skipherrans af Þór, staðfestri af þeim báðum og 1. og 2. stýrimanni varðskipsins, er sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 29. marz s.l. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Narwal 0,292 frá Ostende í Belgíu innan landhelgislínunnar, og hefur hann því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924 og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Gengi íslenzkrar krónu er þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738,95 seðlakrónum.

Við ákvörðun refsingar þykir eftir atvikum verða að taka til greina afsakanir ákærða um, að hann hafi ekki vitað, að verið var að kalla til hans fyrirskipanir um að stöðva skipið, áður en aðvörunarskoti var skotið.

Stærð skipsins Narwal 0,292 er 131,63 brúttó rúmlestir eftir sögn skipstjórans, sem kemur heim við mælingabréf skipsins, sem sýnt var í dóminum.

Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingum fyrir brot á landhelgislöggjöfinni og með tilvísun til 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 4/1924 og 1. gr. laga nr. 5/1951, þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 7500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi tveggja

mánaða varðhald fyrir, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem voru um borð í togaranum Narwal 0,292, er hann var tekinn að veiðum 29. marz s.l., skal upptækt gert og andvirði hins upptekna renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo ber og ákærða að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Robertus Verbiest frá Ostende, skipstjóri á togaranum Narwal 0,292, greiði 7500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í Narwal 0,292 skulu upptæk gerð og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. október 1952.

Nr. 182/1951. **K** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
M (Einar B. Guðmundsson).

Barnsfaðernismál. Ómerking héraðsdóms og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. des. 1951, að fengnu gjafsóknarleyfi 6. s. m. Krefst hún þess aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, er hún ól 9. febrúar 1947, og til að greiða meðlag með því, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi er talinn hafa átt heimili á Tangagötu 10 á Ísafirði veturinn 1945—1946. Kveðst áfrýjandi oft hafa komið heim til stefnda þenna vetur og haft þar samfarir við hann, en stefndi kveður þetta aðeins hafa átt sér stað einu sinni, seint í desember 1945. Leiða hefði átt í ljós, hvort fleira fólk bjó í húsinu nr. 10 við Tangagötu, og ef svo var, hefði átt að spyrja það, hvort það kunni að hafa orðið vart við ferðir áfrýjanda heim til stefnda á nefndum tíma og um annað, sem þar að lýtur, og prófa síðan önnur atriði málsins, eftir því sem þær skýrslur kynnu að hafa gefið tilefni til.

N hefur borið það, að hann hafi haft líkamlegar samfarir við áfrýjanda á sennilegum getnaðartíma barnsins, og sé miðað við blóðrannsókn eina, eru mun meiri líkur fyrir því, að sá maður sé faðir barnsins en stefndi. Héraðsdómari hefur ekki tekið til meðferðar í dómi, hver áhrif þessi framburður N eigi að hafa á úrslit málsins. Þykir af framangreindum ástæðum verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í héað til frekari rannsóknar og löglegrar meðferðar.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í héað til löglegrar meðferðar.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 26. október 1951.

Ár 1951, föstudaginn 26. október, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 10. september s.l.

Hinn 9. febrúar 1947 ól kærandi, K, óskilgetið sveinbarn, X, sem samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Ísafirði var fullburða, 3500 grömm að þyngd og 50 cm að lengd.

Föður að barni þessu hefur kærandi lýst M verkamann, Ísafirði, en hann hefur ekki viljað kannast við faðernið. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barns-

ins, skyldaður með yfirvaldsúrskurði til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, styrk fyrir og eftir barnsburð, barnsfararkostnað og allan kostnað af máli þessu.

Kærði hefur krafizt sýknu og til vara synjunareiðs, en málskostnaðar hefur hann ekki krafizt.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Kærandi kvaðst hafa kynnzt kærða veturinn 1945—1946, er hún var þjónustustúlka hjá Sigurði Guðmundssyni, Silfurgötu 11, Ísafirði, og hafi kunningsskapur þeirra hafizt strax um haustið, er hún kom til bæjarins, og haldizt allan veturinn og þangað til hún fór úr bænum 3. júlí 1946.

Kærandi skýrði frá því, að hún hefði öðru hverju allan veturinn haft holdlegar samfarir við kærða, og hafi þær alltaf farið fram í herbergi hans. Kærði var oftast ölvaður, er þau höfðu samfarir. Kærandi kvaðst ekki hafa orðið vör við, að kærði beitti neinum varúðarráðstöfunum, er samfarir fóru fram, heldur orðið þess vör, að hann felldi að jafnaði til hennar sæði. Í maí 1946 varð kærandi þess vísari, að hún var barnshafandi, og dró hún það af því, að hún hafði ekki blæðingar eins og venjulega og hafði uppköst kvölds og morgna. Hún kvaðst hafa haft orð á því við kærða, að hún væri orðin barnshafandi af hans völdum, en hann hefði ekki fengizt til þess að ræða það mál frekar. Þegar hún hafði alið barnið, kvaðst hún hafa skrifað kærða um það, en ekkert svar barst frá honum.

Kærandi kvaðst ekki hafa verið með öðrum karlmönnum en kærða á getnaðartíma barnsins, og væri því ekki öðrum til að dreifa sem föður að barninu.

Kærði hefur neitað að viðurkenna faðerni barnsins, þar sem hann hafi ekki haft líkamleg mök við kæranda á getnaðartíma þess. Hann kvaðst fyrst hafa kynnzt kæranda 8—9 ára gamall, er hann var vikadrengur í Þverdal í Sléttuhreppi, en hún var þá hjá foreldrum sínum á Sæbóli. Síðan kvaðst hann ekki hafa hitt hana aftur fyrr en veturinn 1945—1946 á Ísafirði.

Hann segist ekki hafa vitað, hvar kærandi vann þann vetur. Hann hitti hana á dansleik í Alþýðuhúsinu seinni partinn í desember 1945 eða milli jóla og nýárs, eftir því sem hann man bezt. Var hann þá nokkuð undir áhrifum áfengis. Að loknum dansleiknum fór kærandi með kærða í herbergi hans í Tangagötu 10, og höfðu þau þar holdlegar samfarir. Kærði kvaðst ekki hafa gætt neinnar varúðar og ekki muna, hvort hann felldi til hennar sæði. Kærði neitar því að hafa nema í þetta eina skipti haft líkamleg mök við kæranda. Hann benti á, að kærandi hefði haft náin kynni af N, verkamanni hér í bænum, og hefur hann borið vitni í málinu. Skal nú rakinn framburður hans og nokkurra annarra vitna, sem leidd hafa verið í málinu.

Vitnið N kvaðst þekkja kæranda, og hafi hann fyrst kynnzt henni, er hún var starfsstúlka hér í bænum, en ekki muna, hvaða ár það var. Veturinn 1945—1946 kvaðst vitnið hafa séð kæranda hér í bænum, en engin samskipti hafa haft við hana, fyrr en hún fór að vinna á Elliheimilinu nokkru eftir nýár 1946, en hann kvaðst þó ekki nánar muna, hvenær það

var. Vitnið kvaðst oft hafa hitt kæranda þar að máli, og hafi tekizt með þeim kunningsskapur. Þá hafði hann herbergi í Herkastalanum. Kvöld nokkurt seinni part vetrar, er kærandi var á Elliheimilinu, kvaðst vitnið hafa boðið henni heim til sín, og hafi hún þegið boðið. Dvaldi hún nokkra stund hjá honum, og höfðu þau holdlegar samfarir. Veitti kærandi fúslega samþykki sitt til samfaranna, og voru þær fullkomnar. Kvaðst vitnið hafa fellt til hennar sæði, enda hafi kærandi ekki haft orð á því, að hann gætti varúðar. Vitnið kvaðst ekki nema í þetta eina skipti hafa haft samræði við kæranda veturinn 1946. En hann kvaðst hafa heimsótt hana norður að Sæbóli um sumarið og þá haft samfarir við hana tvisvar eða þrisvar sinnum. Sagði hann kæranda þá hafa haft orð á því, að hún væri orðin þunguð, en jafnframt hefði hún tekið fram, að hann mundi ekki eiga barnið.

Vitnið Sigurjóna María Benediktsdóttir, forstöðukona Elliheimilisins á Ísafirði, skýrði frá því, að kærandi hefði verið þjónustustúlka þar á heimilinu frá því í maí og þangað til í júní 1946. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að kærandi hefði verið með neinum sérstökum karlmönnum þann tíma, er hún var á heimilinu, og ekki hafa orðið vör við, að aðrir karlmenn kæmu að spyrja eftir henni en N, en hann hafi stundum komið og spurt eftir henni. Vitnið skýrði frá því, að kærandi hefði verið mikið úti á nóttunni og oft komið seint heim, stundum þegar vinna var að hefjast að morgni. Kærandi hafði oft orð á því, að hún væri með karlmönnum og þekkti marga, en aldrei kvaðst vitnið þó hafa heyrt hana segja, að hún þekkti M. Vitnið kvaðst hafa orðið vör við, að kærandi væri ósannsögul, því oft hafi það reynzt algerlega rangt, sem hún hafi sagt vera rétt. En vitnið sagðist ekki hafa yfirleitt tekið neitt mark á því, sem kærandi sagði, þar sem hún taldi hana ekki fyllilega andlega heilbrigða, enda hefði hún nokkrum árum áður verið geðveikissjúklingur þar á heimilinu.

Vitnið Kristín Guðmundsdóttir, kona Sigurðar Guðmundssonar, Silfurgötu 11, skýrði frá því, að kærandi hefði verið þjónustustúlka hjá þeim hjónum frá því seint í september 1945 þar til seint í febrúar 1946. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, að karlmenn kæmu að spyrja eftir kæranda, meðan hún var á heimili þeirra hjóna. Þó sagðist hún minnast þess, að í janúar 1946, er þau hjón komu heim nokkru eftir miðnætti, hafi tveir ölvaðir menn verið á ganginum fyrir framan íbúð þeirra. Annar þeirra var kærði. Hann ávarpaði vitnið og sagðist vera að finna stúlkuna (þ. e. kæranda), því hann þekkti hana.

Vitnið taldi eftir kynni sín af kæranda, að ekki væri hægt að telja hana andlega heilbrigða.

Vitnið Hjaltlína Agnarsdóttir kvaðst hafa kynnzt kæranda, þegar hún var starfsstúlka að Elliheimilinu. Vitnið sagðist ekki vita til þess, að kærandi hefði verið með neinum ákveðnum karlmanni, en kvaðst þó oft hafa heyrt hana tala um, að hún ætlaði að fara að heimsækja kærða, en ekki kvaðst hún þó vita, hvort hún hefði gert það. Einnig kvaðst vitnið hafa orðið þess vör, að kunningsskapur hafi verið milli N og kæranda. Stundum hafi hún haft orð á því að heimsækja hann í Herkastalann. Þá

skýrði vitnið frá því, að hún hefði um sumarið (1946) verið ráðin í kaupavinnu í Þverdal, en áður en hún fór þangað, hefði hún verið nokkra daga að Sæbóli, heimili kæranda, sem þá var komin heim. Þar á heimilinu var þá staddur N. Svaf hann í sama herbergi í rúmi andspænis því, er þær sváfu í vitnið og kærandi. Þriðju nóttina, er þau sváfu þarna, sagði vitnið, að N hefði beðið hana að hafa rúmaskipti við sig, og það hefði hún gert. N fór í rúmið til kæranda, en vitnið í rúm N. Þannig sváfu þau fram undir morgun, en þá fór hann í sitt rúm aftur. Þetta endurtók sig næstu nótt. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið annars vör en kærandi væri þessu algerlega samþykk.

Kærandi hefur mótmælt vitnisburði N og kvaðst aldrei hafa haft kynmök við hann. Hún viðurkennir að hafa farið einu sinni með honum upp í herbergi hans í Herkastalanum. Kærandi skýrði frá því, að N þessi hefði elt hana á röndum, síðan hún var 15 ára gömul.

Þá mótmælti kærandi eindregið framburði Hjaltlínu Agnarsdóttur og hélt því fram, að hann væri alrangur. Hitt sagði hún vera rétt, að N hefði elt sig til Aðalvíkur sumarið, sem hún gekk með barnið, og hefði hann þá fengið að vera vikutíma á heimili foreldra hennar. Hefði hann sofið í sama herbergi og hún, Hjaltlína og tveir ungir bræður kæranda.

Kærandi var í vist að Elliheimilinu 26 daga í maímánuði 1946 samkvæmt vottorði bæjarskrifstofunnar. Hún fór heim að Sæbóli 3. júlí 1946.

Kærði hefur eindregið mótmælt framburði kæranda.

Lagt hefur verið fram í málinu álit dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis um andlegt ástand kæranda. Að hans áliti er hún fær um að staðfesta framburð sinn með eiði, ef til kemur.

Blóðflokkarannsókn hefur farið fram á kæranda, barni hennar, kærða og N. Niðurstaða þeirrar rannsóknar er á þá lund, að ekki sé hægt að útiloka kærða frá því að vera faðir barnsins, en eftir blóðflokkarannsókninni einni saman eru fjórum sinnum meiri líkur til þess, að N sé faðir barns kæranda en kærði.

Samkvæmt framansögðu er ekki unnt að dæma kærða föður að barni kæranda, er hún ól 9. febrúar 1947.

Kemur þá til álita, hvort láta eigi úrslit máls þessa vera komin undir eiði annars hvors aðilja.

Í málinu hafa komið fram ýmis atriði, sem veikja framburð kæranda, og er því eigi unnt að veita henni eiðsheimild.

Þykir því verða að láta úrslit í máli þessu vera komin undir eiði kærða þannig, að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 45 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu frá 26. marz 1946 til 14. júní 1946, þá skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu. Málskostnaður falli þá niður.

Vinni kærði hins vegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól 9. febrúar 1947. Þá greiði hann meðlag með barni hennar, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð til barnsmóður eftir úrskurði yfirvalds. Enn fremur greiði hann málskostnað.

Dómsorð:

Synji kærði, M, fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 45 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, K, á tímabilinu 26. marz 1946—14. júní 1946, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærði ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir barns þess, er kærandi ól 9. febrúar 1947. Skal hann þá greiða meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Þá greiði hann einnig kostnað málsins.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1952.

Nr. 114/1952. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Kristjáni Guðmundssyni (Theódór B. Líndal).

Brot gegn 142. gr. laga nr. 19/1940 og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Dómi aukaréttar Reykjavíkur 25. marz 1950, sem getið er í héraðsdómi, var áfrýjað til Hæstaréttar. Var það mál dæmt þar hinn 12. maí 1952 með þeim úrslitum, að því er ákærða varðar, að honum var dæmt fangelsi 4 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 100. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og 107. gr. sömu laga samkvæmt lögjöfnun.

Atferli ákærða, sem lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru talin. Ákveðst refsing hans fangelsi 4 mánuði.

Ákærða verður hvorki dæmd svipting kosningarréttar og kjörgengis né ökuleyfis, þar sem krafa um sviptingu þessara réttinda er ekki gerð í ákæruskjali, sbr. 3. tölulið 2. mgr. 115. gr. og 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og málskostnað ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. janúar 1952.

Ár 1952, miðvikudaginn 2. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7/1952: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Guðmundssyni, sem dómtekið var 14. desember s.l.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. desember 1951, er Kristján Guðmundsson bifreiðarstjóri, Suðurpól 3, ákærður fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 142. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., og áfengislögum nr. 33/1935, 16. gr., sbr. 1. gr., 2. mgr., laga nr. 47/1951. Þykir ákæruvald hafa brotið nefnd lagaákvæði *með því*

1. Að hafa meðferðis 5 flöskur af brennivíni í bifreið sinni, R 5283 um kvöldið 20. júlí s.l. og til kl. 01.35 aðfaranótt 21. júlí, er lögreglumaður framkvæmdi leit í bifreið hans í hliði Keflavíkurflugvallar, án þess að sanna með sterkum líkum, að áfengið hafi ekki verið til sölu.
2. Að fá kvöldið 22. júlí s.l. 2 unglinga, þá Guðna Sigurjónsson, Ásvallagötu 37, og Magnús T. Magnússon, Sólvallagötu 17, til að bera rangt fyrir rétti, að þeir hafi átt 2 af þeim 5 brennivínsflöskum, er fundust í bifreið hans og áður greinir.

Ákærist því nefndur Kristján Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt nefndum hegningarlagaákvæðum og áfengislögum nr. 33/1935, 36. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 47/1951, til að sæta upptöku hins ólöglega áfengis samkvæmt lögum nr. 47/1951, 2. gr. i.f., svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. júlí 1927 í Hafnarfirði, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1946 28/6 Reykjavík. Sátt: 40 króna sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt og bifreiðalögum.
1947 10/7 Reykjavík. Sátt: 40 króna sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.
1947 5/12 Reykjavík. Sátt: 50 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.
1949 21/6 Reykjavík. 30 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 29/12 Reykjavík. 50 króna sekt fyrir ógætilegan bifreiðarakstur.
1950 25/3 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 108. gr. hegningarlaganna og 1. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1950 28/12 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 21. júlí 1951 um kl. 01.35 kom bifreiðin R 5283 í hlið Keflavíkurflugvallar. Lögreglumaður hafði tal af ökumanni, ákærða Kristjáni Guðmundssyni. Er hann leit inn í bifreiðina, varð hann var við fataplögg, er lágu á hillu undir afturglugga bifreiðarinnar, og þótti honum fara undarlega mikið fyrir þeim. Gerði hann leit í bifreiðinni. Fundust 3 brennivínsflöskur, vafðar inn í fyrrgreind fataplögg, 2 flöskur af ákavíti undir framsæti og 1 brennivínsflaska á gólfi bifreiðarinnar með ofurlítilli lögg í. Er ákærði var beðinn að gera grein fyrir áfengi þessu, skýrði hann frá því, að bróðir sinn, er væri að vinna við Sogsvirkjunina, ætti brennivínsflöskurnar þrjár, er voru á hillunni, en ákavítisflöskurnar kvað hann farþega, er hann hafði flutt á dansleik í samkomuhús Njarðvíkur, hafa beðið sig að geyma, meðan á dansleiknum stæði. Farþegarnir voru nú kallaðir á staðinn og spurðir um þetta. Bar þeim saman um, að þeir hefðu ekki beðið ákærða að geyma neitt áfengi fyrir sig. Kváðust þeir hafa drukkið það áfengi, er þeir höfðu með sér úr Reykjavík, á leiðinni suður eftir. Þeir Guðni Sigurjónsson og Magnús Theódór Magnússon, báðir 16 ára að aldri, kváðu það hafa verið 2 flöskur, en þeir Borgþór Guðmundsson, Kristján Birgir Kristjánsson, báðir 16 ára að aldri, og Runólfur Pétursson, 15 ára að aldri, kváðu það hafa verið 1 flösku.

Fyrir dómi 3. ágúst skýrði Guðni Sigurjónsson frá því, að hann hefði farið ásamt fyrrgreindum mönnum með ákærða í bifreið hans suður í Keflavík á dansleik að kvöldi 20. júlí s.l. Kvaðst hann hafa keypt 3 flöskur af ákavíti í Áfengisverzlun ríkisins áður og haft þær meðferðis. Tvær af flöskunum setti hann undir framsæti, en ein var tekin upp og drukkin í bifreiðinni. Er suður að Keflavík kom, fóru Guðni og félagar hans út úr bifreiðinni á dansleik, en ákærði ók á brott. Er dansleiknum var að ljúka, sótti lögreglan á Keflavíkurflugvelli Guðna og félaga hans til yfirheyrslu. Skýrði Guðni lögreglunni frá atvikum, eins og að framan greinir. Er Guðna var bent á ósamræmið milli framburðar hans í lögregluskýrslunni og fyrir dómi, þá kvaðst hann enga skýringu geta á því gefið og hélt fast við framburð sinn fyrir dómi.

Framburður Magnúsar Theódórs Magnússonar var í upphafi samhljóða framburði Guðna í öllum verulegum atriðum. Magnús Theódór breytti þó framburði sínum síðar í réttarhaldinu. Kvað hann þá Guðna og félaga þeirra hafa átt eina flösku af áfengi, er þeir drukku í umrætt skipti í

bifreiðinni. Skýrði hann jafnframt frá því, að þeir félagar fjórir, Guðni, Kristján Birgir, Borgþór og hann hefðu hitt ákærða niðri á Lækjartorgi daginn eftir. Var ákærði á bifreið sinni og bauð þeim félögum upp í hana, og ók hann þeim um miðbæinn. Bað ákærði þá félaga að skýra frá því fyrir dómi, að þeir ættu þær 2 flöskur af ákavíti, er í bifreiðinni fundust. Féllust þeir Guðni á þetta.

Fyrir dómi 4. ágúst breytti Guðni Sigurjónsson framburði sínum. Kvað hann þá félaga aðeins hafa haft 1 flösku af áfengi meðferðis suður eftir, er þeir drukku á leiðinni. Skýrði hann frá því, að ákærði hefði hvíslað að sér suður á Keflavíkurflugvelli, er lögreglan flutti þá þangað, „2 ákavíti". Misskildi hann þetta og hélt, að verið væri að taka ákærða fyrir ölvun við akstur. Skýrði hann lögreglunni frá því, að þeir félagar hefðu haft tvær flöskur af ákavíti meðferðis í bifreiðinni og drukkið þær báðar á leiðinni. Hugðist Guðni hjálpa ákærða með þessu. Jafnframt þessu skýrði hann frá því, að hann hefði ásamt Magnúsi Theódór Magnússyni, Borgþór Guðmundssyni og Birgi Kristjánssyni farið, sunnudagskvöldið eftir að framangreint atvik gerðist, að leita að ákærða. Fundu þeir hann á Lækjartorgi í bifreið hans, stigu þeir upp í hana, og var ekið um bæinn. Bað ákærði þá að hjálpa sér og skýra frá því fyrir dómi, að þeir ættu hluta af áfengi því, er í bifreið hans fannst. Voru hann og Borgþór tregir til, en létu þó tilleiðast að lokum. Ekki kveður hann ákærða hafa greitt þeim neitt fé fyrir þetta.

Framburðir þeirra Borgþórs Guðmundssonar og Kristjáns Birgis Kristjánssonar eru í öllum verulegum atriðum samhljóða framburðum Guðna og Magnúsar Theódórs. Þeir Borgþór og Kristján Birgir höfðu ekki skýrt frá samtali ákærða við þá félaga, en gerðu það í síðara þinghaldi. Ákærði hefur skýrt frá því, eftir yfirheyrslu vitnanna, en til hans náðist ekki fyrr, að hann hafi ekið þeim suður að Keflavík í framangreint skipti. Meðferðis í bifreiðinni hafði hann 3 flöskur af brennivíni og 2 flöskur af ákavíti. Brennivínsflöskurnar kvaðst ákærði hafa keypt fyrir bróður sinn, sem er að vinna við Sogsvirkjunina og kemur aðeins í bæinn um helgar. Var von á honum um þessa helgi. Hinar tvær flöskurnar kvað hann sér hafa fyrst dottið í hug að segja, að farþegar þeir, sem með honum voru, ættu. Ætlaði hann að bjarga sér úr klípu með þessu, þar sem hann var með óeðlilega mikið áfengi meðferðis að honum fannst.

Sunnudagskvöldið eftir fékk ákærði tvo af farþegum þeim, sem með honum voru, til að bera það fyrir dómi, að þeir ættu 2 af flöskunum. Er þeir höfðu breytt framburði sínum og sagt satt og rétt frá öllu, þá skýrði ákærði frá því fyrir dómi, að hann hafi átt 2 áfengisflöskurnar sjálfur og ætlað að hafa þær með í ferðalag daginn eftir. Guðni Guðmundsson, bróðir ákærða, hefur borið vitni í máli þessu. Fyrst skýrði hann frá því, að hann hefði fengið bróður sínum, ákærða Kristjáni, peninga fyrir þremur flöskum af brennivíni. Kveðst hann hafa ætlað að taka áfengið hjá ákærða laugardaginn 21. júlí s.l., þar sem hann ætlaði þá í sumarfrí. Ákærði skýrði hins vegar frá því, að Guðni bróðir sinn hafi ekki verið búinn að borga sér fyrir áfengið, sem hann keypti fyrir hann. Við sam-

prófun breytti Guðni framburði sínum, og kvaðst hann ekki hafa verið búinn að fá ákærða peninga fyrir flöskunum. Ætlunin hafi verið, að móðir þeirra, er geymdi peninga fyrir hann, léti ákærða fá peninga til áfengiskaupanna. Kveðst hann hafa beðið móður þeirra að láta ákærða fá peninga, ef hann bæði um. Ekki var móðir ákærða búin að minnast neitt á þetta við hann, að sögn hans.

Það er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að hann fékk þá Guðna Sigurjónsson og Magnús Theódór Magnússon til að gefa ranga skýrslu fyrir dómi um það, að þeir hafi átt 2 af þeim 5 áfengisflöskum, er fundust í bifreið hans. Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 142. gr. sbr. 22. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar virt eru þau atvik, *að* ákærði, sem er leigubifreiðarstjóri, hefur meðferðis 5 flöskur af áfengi í bifreið sinni á ferð um Suðurnes aðfaranótt 21. júlí, en það verður að teljast óvenjumikið áfengismagn, miðað við aðstæður, *að* hann skýrir rangt frá því fyrir lögreglunni á Keflavíkurflugvelli, að unglingar þeir, er í bifreið hans voru, eigi áfengið og fær 2 af þeim síðar til að bera rangt um það fyrir dómi, að þeir hafi átt 2 af flöskunum, en kveðst síðan hafa ætlað að nota flöskurnar í ferðalag daginn eftir, er fyrrgreindir unglingar höfðu breytt framburði sínum og skýrt rétt frá, *að* Guðni Guðmundsson, bróðir ákærða, hefur gerzt reikull í framburði sínum um það atriði, að hann hafi beðið ákærða að kaupa áfengið, en Guðni kvaðst fyrst hafa beðið bróður sinn að kaupa fyrir sig 3 flöskur af áfengi og fengið honum peninga fyrir, en breytti síðan við samprófun framburði sínum á þá leið, að ætlunin hafi verið, að móðir þeirra léti ákærða fá peningana, ef hann bæði um þá, en Guðni hafði ekkert á þetta minnzt við móður þeirra, þá þykir ákærði ekki hafa sannað það með nægilega sterkum líkum, að áfengið, sem hann hafði meðferðis, hafi ekki verið ætlað til sölu. Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 16. gr. áfengislaga nr. 33/1935 sbr. 1. gr., 2. mgr., laga nr. 47/1951.

Samkvæmt fyrrgreindri hegningarlagagrein og 36. gr. áfengislaga sbr. 2. gr. laga nr. 47/1951 þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 2. gr. i.f. laga nr. 47/1951 ber að gera þær 5 áfengisflöskur, er í bifreið ákærða fundust, upptækar til ríkissjóðs.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsmálaráðuneytið hefur fallið frá saksókn út af broti Guðna Sigurjónssonar, enda verði hann undir eftirliti barnaverndarnefndar til fullnaðs 17 ára aldurs.

Að því er við kemur unglingunum Kristjáni Birgi Kristjánssyni, Magnúsi Theódór Magnússyni og Borgþór Guðmundssyni, hefur dómsmálaráðuneytið eftir atvikum ekki skipað frekari aðgerðir.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Þær 5 flöskur af áfengi, er í bifreið ákærða fundust, skulu gerðar upptækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. október 1952.

Nr. 83/1950. **Umboðs- og heildverzlunin Dugandi**
(Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ágústi Fjeldsted f. h. firmans Gento
(Theódór B. Líndal).

Skaðabótamál og endurgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júní 1950 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1950. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjanda var ekki veitt færi á því að láta fyrirsvarsmann af sinni hendi vera viðstaddan skoðunar- og matsgerð þá, sem fram fór hinn 12. október 1946 á peysum þeim, er í málinu greinir og stefndi telur, að haldnar hafi verið göllum. Er skoðunar- og matsgerðin því ekki örugg sönnun fyrir því, að peysurnar hafi verið ósamningshæfar. Aðrar fullnægjandi sönnur fyrir göllum á peysunum hafa ekki heldur verið fram fluttar. Verður því að sýkna áfrýjanda af skaðabótakröfu stefnda.

Leitt er í ljós, að á reikningi áfrýjanda, sem stefndi greiddi,

voru honum taldar til skuldar ísl. kr. 300.00 fyrir umbúðir umfram það, sem samningar stóðu til. Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að endurgreiða stefnda þessa fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 13. desember 1947 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Umboðs- og heildverzlunin Dugandi, greiði stefnda, Ágústi Fjeldsted f. h. firmans Gento, ísl. kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 13. desember 1947 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. desember 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Ágúst Fjeldsted héraðsdómslögmaður hér í bæ f. h. firmans Gento í Kaupmannahöfn höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 13. desember 1947, gegn Ólafi Guðmundssyni f. h. Umboðs- og heildverzlunarinnar Dugandi hér í bænum til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð danskar kr. 6000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir eru þeir, að í bréfi, dags. 15. apríl 1946, gerir stefndi stefnanda tilboð um að selja honum kven- og karlmannapeysur fyrir ákveðið verð hvert eintak að viðbættum 7% í umboðslaun og umbúðakostnað. Kveðst stefndi munu geta afhent um 600 kvenpeysur á mánuði og um 500 karlmannapeysur. Greiðsla kaupverðsins skyldi tryggð með staðfestri bankatryggingu. Hinn 24. apríl pantaði stefnandi síðan 1000 kvenpeysur hjá stefnda. Áttu þær að vera í venjulegri stærð og með ljósum litum. Bað stefnandi um, að sér yrði sendur málamyndareikningur í tveim eintökum, þar sem tekið væri fram, hvenær vörurnar myndu verða afhentar. Bréfi þessu svaraði stefndi 4. maí 1946 og kveðst munu geta afhent peysurnar í lok maí eða í byrjun júní. Jafnframt sendi stefndi stefnanda sýnishorn af tilbúinni peysu og tvö eintök málamyndareiknings. Er verð pöntunarinnar þar tilgreint á kr. 30.000.00 íslenzkar að viðbættum 7% í umboðslaun og umbúðakostnað eða kr. 2100.00, svo að heildarfjárhæðin á málamyndareikningnum nam kr. 32.100.00. Samkvæmt bréfi stefnda til stefnanda,

dags. 30. júní 1946, sendi hann stefnanda hinn 26. s. m. 1000 kvenpeysur með m/s Esju og afhenti jafnframt skjöl yfir vöruna í Landsbanka Íslands og fékk þar greiðslu á andvirðinu af bankatryggingu, er stefndi hafði sett. Reiknaði stefnandi sér þá 7% í umboðslaun og að auki kr. 300.00 í umbúðakostnað, þannig að fyrir vörurnar fékk hann greiddar íslenzkar kr. 32.400.00 auk flutningsgjalds, kr. 213.75, en vörurnar voru seldar „fob" Reykjavík. Það sem næst gerist í viðskiptum aðiljanna virðist vera það, að í bréfi til stefnda, dags. 19. ágúst, virðist stefnandi hafa kvartað yfir göllum á peysunum. Bréf þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu, enda mun það vera glatað, en af svarbréfi stefnda, dags. 30. ágúst, má ráða efni þess. Í bréfi þessu mótmælir stefndi lið fyrir lið umkvörtunum stefnanda, en ekki hefur því verið haldið fram, að kvartanirnar væru komnar of seint fram.

Dómkröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að peysurnar hafi ekki verið í samræmi við sýnishorn það, sem sent var, heldur stórgallaðar. Hluti af þeim hafi þó selzt á því verði, sem gert hafi verið ráð fyrir, en meginhlutinn, eða um 600 eintök, hafi reynzt svo gallaður, að orðið hafi að selja hann með miklum afslætti. Hefur stefnandi látið fara fram mat dómkvadds manns á ásigkomulagi umræddra 600 eintaka. Samkvæmt matsgerð hans, dags. 12. okt. 1946, segir, að peysur þessar séu verulega frábrugðnar sýnishorni því, sem keypt var eftir. Segir matsmaðurinn, að sýnishornið hafi verið úr mýkri ull en umræddar peysur, og hafi þær því verið lakari söluvara en sýnishornið. Þá hafi flestar þeirra verið mjög blettóttar (með dökkum blettum), og telur hann það muni stafa af því, að garnið í peysunum hafi ekki verið vel til þess fallið að litast svo ljóst, sem gert var. Nokkrar peysur hafi verið með áberandi prjónagöllum, og á öðrum hafi hálsmálið verið að verulegu leyti öðruvísi en sýnishornið eða of stórt. Þá segir matsmaðurinn, að nokkur hluti peysanna hafi verið óhreinn og með götum, en telur ekki útilokað, að peysurnar hafi skemmzt að þessu leyti í flutningnum. Þó telur hann, að skemmdir þær, sem kynnu að hafa orðið á vörunni í flutningnum, séu mjög óverulegar í samanburði við aðra galla á henni. Metur matsmaðurinn verðlækkun á peysunum vegna umræddra galla danskar kr. 4500.00. Hefur matsmaðurinn komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina. Dómkröfuna hefur stefnandi sundurliðað svo:

1.	Verðlækkun vegna galla samkvæmt nefndri matsgerð	d. kr. 4.500.00
2.	Ofreiknaður umbúðakostnaður	— — 300.00
3.	Skemmdir á peysunum vegna slæms umbúnaðar stefnda	— — 1.200.00
	Samtals	d. kr. 6.000.00

Sýknukröfuna af 1. lið reisir stefndi á því, að vörurnar hafi verið ógallaðar. Telur hann, að peysurnar hafi verið í samræmi við hið senda sýnishorn, og mótmælir því, að á þeim hafi verið framleiðslugallar eða illa hafi verið um sendinguna búið. Framangreindri matsgerð mótmælir stefndi sem marklausri á þeim grundvelli, að hún hafi verið framkvæmd aðeins af einum matsmanni, svo og vegna þess, að enginn hafi verið við-

staddur af hans hálfu, er matið fór fram. Þá hefur hann vefengt, að vörur þær, sem matsmaðurinn skoðaði, svo og sýnishornið hafi verið frá honum. Til sönnunar því, að vörurnar hafi verið ógallaðar, hefur stefndi leitt þrjár starfsstúlkur fyrirtækisins Ullariðjunnar sem vitni, en frá henni fékk stefndi peysur þær, sem um ræðir í málinu. Bera þær það, að engir prjónagallar hafi verið á peysunum né blettir, óhreinindi eða göt. Þá telja þær, að hálsmálið á öllum peysunum hafi verið eins og í samræmi við sýnishornið. Kveða vitni þessi, að allar peysurnar hafi verið oft handleiknar og skoðaðar, áður en þær hafi verið látnar fara frá fyrirtækinu. Hafi þá peysur, sem einhverjir gallar kunni að hafa fundizt á, verið teknar frá, en sjaldan komi fyrir, að peysur séu gallaðar. Litlar líkur séu því til, að gallaðar peysur hafi verið afgreiddar. Í framburði vitna þessara kemur fram, að sýnishorn það, sem stefnanda var sent, var tekið úr birgðum, sem unnar voru úr annarri efnissendingu heldur en peysurnar, sem stefnanda voru sendar. En vitnin segja, að allt efnið, sem Ullariðjan vinni úr, komi frá sömu verksmiðjunni, og sé það mjög svipað að gæðum, enda sé og framleiðsla Ullariðjunnar mjög jöfn að gæðum. Við framburð vitna þessara er það að athuga, að tvö þeirra eru meðeigendur Ullariðjunnar að ⅙ hvort. Þá hefur stefndi bent á það til stuðnings staðhæfingu sinni um ásigkomulag peysanna, að opinber eftirlitsmaður með útflutningi prjónavöru hafi skoðað þær og leyft útflutning á þeim. Það kemur fram, að eftirlitsmaðurinn mun ekki hafa skoðað nema sem svarar einni peysu af hverri tylft, og þykir því útflutningsleyfi hans ekki verulegt sönnunargagn um gæði vörunnar í því sambandi, sem hér um ræðir. Loks hefur stefndi sjálfur komið fyrir dóm. Kveðst hann hafa verið viðstaddur niðurpökkun peysanna og unnið að henni ásamt eigendum og starfsfólki Ullariðjunnar, en hann er eigandi hennar að ⅙ hluta. Hafi hann skoðað allar peysurnar og ekki fundið á þeim neina prjóna- eða sniðagalla, óhreinindi eða göt. Telur hann, að allar peysurnar hafi verið mjög vandaðar og vel gengið frá þeim.

Þrátt fyrir framangreind gögn af hálfu stefnda, varðandi ásigkomulag vörunnar, þykir verða að leggja framangreinda matsgerð til grundvallar um vörugæðin, enda hafa fyrrgreind mótmæli stefnda gegn matsgerðinni ekki við rök að styðjast. Að dönskum lögum getur dómari ákveðið, hvort hann nefnir einn eða tvo matsmenn, og er því matið gilt að lögum þess lands, þar sem það var framkvæmt, enda þótt matsmaðurinn hafi aðeins verið einn. Það er að vísu svo, að af hálfu stefnda var enginn viðstaddur, er sjálft matið fór fram, en þegar matsmaðurinn kom fyrir dóm út af því, hafði stefndi umboðsmann á dómþinginu. Hreyfði umboðsmaðurinn þá engum athugasemdum gegn matinu. Þykir stefndi því hafa átt þess nægan kost að gæta hagsmuna sinna í sambandi við það. Í málinu liggur fyrir vottorð þriggja manna um það, að sýnishorn það, sem matsmanninum var sýnt og hann miðaði við, hafi verið hið sama og stefndi hafði sent stefnanda. Umboðsmaður stefnda mótmælti vottorði þessu að vísu við munnlegan flutning málsins sem óstaðfestu, en áður hafði vottorðinu aðeins verið mótmælt sem röngu í þinghaldi 2. apríl síðastliðinn. Þykja

því greind mótmæli gegn vottorðinu sem óstaðfestu of seint fram komin. Þá er ekki leitt í ljós, að stefnandi og stefndi hafi átt önnur viðskipti en í máli þessu greinir. Er því sýnt, að peysur þær, sem matsmanninum voru fengnar til skoðunar, hafi verið frá stefnda. Samkvæmt þessu þykir verða að taka fyrsta kröfulið stefnanda til greina, enda verður ekki talið, eftir gögnum þeim, sem fyrir liggja, að varan hafi skemmzt í flutningi, en umbúnaði hennar er svo lýst, að hún hafi verið sett í 2 sterka trékassa, klædda innan með þykkum umbúðapappír.

Að því er annan lið hér að framan varðar, hefur stefndi mótmælt honum, meðal annars á þeim grundvelli, að ekki sé þess getið í stefnu, að nokkur hluti kröfunnar sé endurgreiðslukrafa. En á þessi mótmæli verður ekki fallizt. Telja verður, að stefnanda hafi verið heimilt að sundurliða stefnukröfuna undir rekstri málsins og gera nánari grein fyrir einstökum liðum hennar.

Svo sem hér að framan er lýst, virðast kaup hafa komizt á, meðal annars með þeim skilmálum, að stefnandi greiddi samtals í umboðslaun og umbúðakostnað 7% af andvirði vörunnar. Hins vegar reiknaði hann stefnanda og fékk greidd 7% í umboðslaun og d. kr. 300.00 í umbúðakostnað. Ber því að taka til greina kröfu stefnanda um endurgreiðslu á þeirri fjárhæð. Fyrir fjárhæðinni undir þriðja lið hefur stefnandi ekki fært rök, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða d. kr. 4500.00 + d. kr. 300.00 = d. kr. 4800.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni hagstofustjóra og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Guðmundsson f. h. Umboðs- og heildverzlunarinnar Dugandi, greiði stefnanda, Ágústi Fjeldsted f. h. firmans Gento, d. kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 13. desember 1947 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. október 1952.

Nr. 61/1951. **Jens Kaj Ólafsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Akureyrarkaupstað (Ragnar Jónsson).

Lögtak. Ómerking lögtaksgerðar og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt lögtaksgerð þá, sem áfrýjað er. Í bókun um lögtaksgerð þessa er þess einungis getið, að kona áfrýjanda hafi verið stödd á dómþinginu og bent á „til lögtaks eignarhluta gerðarþola í fasteigninni nr. 16 við Sörlaskjól, 1. hæð, og var fallið frá virðingu." Fógeti lýsti því síðan, að hann gerði lögtak í nefndri fasteign.

Hér fyrir dómi hefur því verið lýst, að kona áfrýjanda hafi á framangreindu dómþingi andmælt skyldu manns síns til að greiða útsvör þau til Akureyrarkaupstaðar, sem krafizt var lögtaks fyrir, en hvergi er þess getið í bókun um þinghaldið. Fógeti hefur gefið þá yfirlýsingu, sem lögð hefur verið fram í Hæstarétti, að hann hafi á dómþinginu skýrt réttaráhrif lögtaksins fyrir konu áfrýjanda svo og rétt gerðarþola til að krefjast úrskurðar fógetaréttar um réttmæti útsvarsálagningarinnar. Eftir ýtarlegar umræður hafi síðan orðið að samkomulagi, að lögtakið skyldi framkvæmt þegar í stað, en gerðarþoli áfrýja því síðar til Hæstaréttar, ef hann við nánari athugun teldi sig ekki geta sætt sig við álagningu útsvaranna.

Telja verður, að fógeti hefði, að undangenginni leiðbeiningu, átt að krefja konu áfrýjanda skýrra svara um það, hvort hún hefði uppi mótmæli í málinu og eftir atvikum veita henni frest til að tjá sig um þau atriði. Ef slík mótmæli komu fram, átti fógeti síðan eftir nauðsynlegan málflutning að kveða upp úrskurð um ágreiningsefnið, sbr. 8. gr. laga nr. 29/1885. Þar sem fógeti hefur þannig ekki gætt réttra reglna um framkvæmd lögtaksins, þykir verða að ómerkja hina áfrýjuðu lögtaksgerð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða áfrýj-

anda, sem krafizt hefur málskostnaðar, kr. 900.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi, Akureyrarkaupstaður, greiði áfrýjanda, Jens Kaj Ólafssyni, kr. 900.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1951.

Fyrir var tekið: Að gera *lögtak* hjá Jens Kaj Ólafssyni eftir kröfu Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns f. h. bæjarsjóðs Akureyrar fyrir útsvörum 1949 og 1950, að upphæð kr. 9210.00 auk dráttarvaxta.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur hrl. Ragnar Jónsson og krefst þess, að lögtak verði gert fyrir framangreindum útsvarskröfum auk dráttarvaxta frá gjalddaga til greiðsludags svo og lögtakskostnaðar og kostnaðar við uppboð, ef til kemur.

Af hálfu gerðarþola er mætt Halldóra Ólafsson kona hans og bendir á til lögtaks eignarhluta gerðarþola í fasteigninni nr. 16 við Sörlaskjól, 1. hæð, og var fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti því þá yfir, að hann gerði lögtak í nefndri fasteign ásamt öllu henni tilheyrandi.

Bryndi fógeti fyrir mættri að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er í bága fer við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 29. október 1952.

Kærumálið nr. 20/1952.

Arngrímur Jónsson sem fyrirsvarsmaður kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla

gegn

Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Selalækjar, Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni.

Setudómari próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Staðfestingar vættis synjað, sbr. 1. tl. 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ásamt samdómsmönnunum Ágústi Andréssyni og Páli Björgvinssyni.

Með kæru 10. október þ. á., sem hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðalili kært til Hæstaréttar úrskurð merkjadóms Rangárvallasýslu, er upp var kveðinn 7. s. m.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og þeim Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni verði heimilað að staðfesta skýrslur sínar fyrir merkjadómi Rangárvallasýslu 7. október þ. á. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðilinn Jón Egilsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðiljarnir Guðmundur Einarsson og Ísleifur Pálsson hafa átt þess kost að tjá sig um kærumál þetta, en ekki hafa þeir haft uppi neinar kröfur í málinu.

Telja verður, að Guðmundur Einarsson, Sólvöllum, og Ísleifur Pálsson, Langekru, séu svo við aðalmálið riðnir, að synja beri um staðfestingu skýrslna þeirra fyrir dómi, sbr. 1. tl. 2. málsgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða

varnaraðiljanum Jóni Egilssyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00. Að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Arngrímur Jónsson sem fyrirsvarsmaður Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla, greiði varnaraðilja, Jóni Egilssyni, eiganda og ábúanda Selalækjar, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður landamerkjadóms Rangárvallasýslu 7. október 1952.

Vitnamál þetta, sem þingfest var í merkjadómi Rangárvallasýslu 4. október 1952 til öflunar gagna í hæstaréttarmálinu nr. 40/1949: Arngrímur Jónsson f. h. kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla gegn Jóni Egilssyni f. h. Selalækjar, var tekið til úrskurðar sama dag.

Fyrir merkjadóminn komu sem vitni Guðmundur Einarsson bóndi, Sólvöllum, og Ísleifur Pálsson bóndi, Langekru innan Rangárvallahrepps. Í dóminum var lagt fram yfirlýsingarskjal, dómskj. nr. 1, sem bæði þessi vitni kváðu sig hafa undirritað, en þau undirrita sem stjórnendur Hrossaræktarfélags Rangvellinga. Annað þeirra, Guðmundur Einarsson, kvað vitnastefnanda, Arngrím Jónsson, hafa ritað efni skjalsins. Hitt vitnið, Ísleifur Pálsson, kvaðst ekki vita, hver hafi ritað skjalið. Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir vitnin, og svöruðu þau þeim. Umboðsmaður vitnastefnda, Jóns Egilssonar, mótmælti framburði vitnanna sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum og þegar kom til staðfestingar, mótmælti hann einnig, að vitnin fengju að staðfesta framburðinn, og byggði andmæli sín á því, að vitnin væru svo við riðin aðalmálið, þar eð einn aðili þess væri fyrirsvarsmaður ábýlisjarða vitnanna. Auk þessa væri framburður vitnanna hvikull. Að hinu leytinu krafðist umboðsmaður vitnastefnanda þess, að vitnin fengju að staðfesta framburð sinn, hagsmunir vitnanna af úrslitum aðalmáls væru eigi þess eðlis, að standa ætti í vegi fyrir staðfestingu, og einnig væri framburður þeirra skýr.

Í merkjadómi kom til þess, að bæði þessi vitni breyttu framburði sínum frá því, sem í yfirlýsingu þeirra greindi, um atriði, sem álítast verður veigamikið, að því er til aðalmáls tekur.

Samkvæmt framlögðu endurriti af hæstaréttarstefnu í aðalmálinu, dags. 2. febr. 1949, er sóknaraðili þess, Arngrímur Jónsson, fyrirsvarsmaður kirkjujarðanna Odda, Langekru, Vindáss, Kraga og Sólvalla. Allar þessar jarðir eiga samstöðu um málsefnið, þar sem deilt er um landamerki milli þessara jarða sameiginlega annars vegar og Selalækjar hins vegar. Nú er það vitað, að vitnin eru landsetar fyrirsvarsmannsins og ábúendur kirkjujarðanna Sólvalla og Langekru. Alkunna er það, að ábúendur jarða,

sem eigi eru einnig eigendur, hafa ýmsum skyldum að gegna um uppihald margvíslegrar réttarvörzlu varðandi ábýlisjörðina. Kemur ábúandinn oft fram sem fullgildur fyrirsvarsmaður ábýlisjarðarinnar, og þykir eigi sjaldan jafnvel traustara að hafa reyndan og þaulsætinn ábúanda í fyrirsvari en eiganda sjálfan, þegar miklu þykir varða. Fer slíkt að vonum, þar eð slíkum ábúanda er þegar orðið annt um hag og reisn jarðarinnar af löngum og daglegum viðskiptum þeirra á milli. Má því vel skilja, að hann þykist hafa bæði siðferðilegra og efnalegra hagsmuna að gæta í málefnum þeim, sem jörðina beinlínis áhræra. Ábúandinn hlýtur því jafnaðarlegast í máli, sem varðar landamerki ábýlisjarðar hans, að láta sig það verulegu skipta, hvern veg málinu reiðir af. Slík afstaða þykir eðlilega mjög nálgast aðild máls, ef þá ekki beinlínis um aðild ræðir.

Í vitnamáli þessu og með hliðsjón af því, sem áður greinir um óskýrleika vitnanna í skýrslum þeirra, verður að telja tengdir vitnanna við aðalmálsefnið og væntanleg úrslit þess svo nánar, að eigi þykir hlýða, að þau hafi þess kost að staðfesta skýrslur sínar með eiði eða drengskaparheiti.

Því úrskurðast:

Vitnunum Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni skal synjað þess að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti skýrslur sínar, sem fram komu í merkjadóminum 4. október 1952.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 46/1951. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Agnari Bogasyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í málinu, þar á meðal skýrslur rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og endurrit úr lögregluþingbók Reykjavíkur af prófum þeim, sem fram fóru út af láti manns þess, sem lögreglan í Reykjavík fann meðvitundarlausan á gangstétt fram-

an við Eimskipafélagshúsið aðfaranótt 15. september 1950 og um ræðir í héraðsdómi.

Leitt er í ljós með framangreindri rannsókn, að lögreglumenn þeir, er fluttu hinn meðvitundarlausa mann á lögreglustöðina, huguðu að því, áður en þeir hreyfðu við honum, hvort á honum sæjust nokkrir áverkar, og gátu þeir ekki orðið þess varir. Er á lögreglustöðina kom, athugaði varðstjóri sá, er var á verði, höfuð hins meðvitundarlausa manns og sá þar enga áverka, enda munu þeir ekki hafa verið sýnilegir samkvæmt því, er læknisrannsókn leiddi síðar í ljós. Hins vegar virtist maðurinn sofa djúpum svefni, og áfengislykt lagði úr vitum hans. Höfðu lögreglumennirnir því talsverða ástæðu til að ætla, að um ölvunarsvefn væri að ræða. En þegar þess er gætt, hvernig ástatt var um mann þenna, er hann fannst, og að eigi varð vart neinnar meðvitundar með honum, hvorki á leiðinni á lögreglustöðina né þegar þangað kom, verður að telja, að rétt hefði verið að kveðja þegar í stað til lækni, er framkvæmdi rannsókn á honum. Verður að meta ákærða það til nokkurrar afsökunar, að því er varðar ummæli þau, er greinir í 4. tölulið í héraðsdómi, að þetta var látið undir höfuð leggjast.

Að öðru leyti en nú hefur verið greint, hafa hinar gífuryrtu aðdróttanir ákærða í garð lögreglustjórans og lögreglunnar í Reykjavík á engan hátt verið réttlættar. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 4500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 1500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Bogason, sæti 4500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 1500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. nóvember 1950.

Ár 1950, mánudaginn 13. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4296/1950: Ákæruvaldið gegn Agnari Bogasyni, sem dómtekið var 3. sama mánaðar.

Málið er höfðað gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, til heimilis í Tjarnargötu 39 hér í bæ, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 241. gr. sömu laga, til refsingar, ómerkingar ummæla, greiðslu birtingarkostnaðar dóms og sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 10. ágúst 1921 í Reykjavík.

Hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1949 2/11 Sátt: 75 króna sekt fyrir ökuhraða.

1949 13/12 Dómur á bæjarþingi: 300 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 234. gr. hegningalaga.

1950 8/6 Dómur aukaréttar: 1000 króna sekt fyrir brot gegn 108. gr. hegningalaga.

Málavextir eru þessir:

Ákærði er ritstjóri og ábyrgðarmaður Mánudagsblaðsins, er kemur út hér í bæ. Í 38. tölublaði 3. árgangs blaðsins, er út kom 2. október s.l., birtist nafnlaus grein með fyrirsögninni: „Lögreglan í Reykjavík varhugaverðasta almannahættan". Ákærði kveðst hafa ritað greinina. Tilefnið virðist vera, að aðfaranótt 15. september s.l. fann lögreglan meðvitundarlausan mann skammt frá lögreglustöðinni. Lögreglan taldi manninn sofa svefni ofurölvaðs manns og lét hann í fangageymslu, enda sáust engir áverkar og vinþef lagði úr vitum mannsins. Morguninn eftir tókst eigi að vekja manninn. Læknir var sóttur til mannsins um hádegisbilið. Ákvað læknir að flytja manninn á sjúkrahús, og þar lézt hann hinn 18. september síðdegis án þess að komast til meðvitundar. Maðurinn reyndist höfuðkúpubrotinn. Birtist frásögn af atburði þessum í blöðum bæjarins 28. september s.l., byggð á skýrslu rannsóknarlögreglunnar, sbr. lögregluréttarskjal nr. 5. Í fyrrnefndri grein Mánudagsblaðsins var margt sagt um lögregluna í Reykjavík og lögreglustjórann, er hann taldi eigi unnt að láta óátalið, og leiddi það til málarekstrar þessa. Lögreglustjóri taldi greinina í heild mjög ærumeiðandi fyrir sig og lögregluna. Hann krafðist

ómerkingar á eftirfarandi ummælum, er hann jafnframt taldi ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir:

1. „Lögreglan í Reykjavík varhugaverðasta almannahættan".
2. „Hörmulegt dæmi um vanrækslu lögreglustjóra".
3. „Skýrsla þessi rak eins og endahnútinn á þau stórhneyksli, sem skeð hafa hjá götulögreglunni hér í Reykjavík undanfarin ár".
4. „Án nokkurra frekari aðgerða er manni þessum stungið í kjallarann, og þar er hann látinn dúsa, þar til tvær grímur renna á lögreglumennina, því þeir geta ekki vakið hann".
5. „Skýrsla sú, sem rannsóknarlögreglan gaf út um þetta mál, er eitt hið fáheyrðasta plagg, sem enn hefur verið samið, og um leið eitthvert skýrasta dæmi um framkomu reykvísku götulögreglunnar gagnvart samborgurum sínum og röggsemdarleysi núverandi lögreglustjóra".
6. „Hún sannar það, sem almenningur reyndar veit, að lögreglan gerir engan mun á, hver í hlut á, þegar hún fremur mannrán sín hér að næturlagi — hvort um þekktan misyndismann er að ræða, slagsmálamann eða alkunnan ribbalda, sem ekki er tjónkandi við á annan hátt en byrgja hann inni í kjallaranum, eða hvort um sé að ræða mann, sem drukkið hefur vín ríkiseinkasölunnar og verið barinn eða aðeins fallið á steingötur bæjarins og slasað sig".
7. „Ef svo á að halda áfram, að dómsmálaráðuneytið haldi hendi yfir þeim, sem hvað eftir annað hafa sýnt sig með öllu óhæfa að gegna embætti lögreglustjórans og hafa hemil á liði sínu, þá hlýtur að draga að því, að lögreglan í Reykjavík verður ein varhugaverðasta almannahættan í þessum bæ."
8. „Maður sá, sem hér hefur orðið sárgrætilegt dæmi um hið svívirðilega embættisbrot lögreglustjórans, er lögreglunni ekki kunnur að neinu vansæmandi með víni eða án."
9. „Það er nú svo komið, að mönnum, sem hætt er við yfirliði eða einhverju viðlíka, er beinlínis hættulegt að vera á götum úti, ef lögregluþjónn er einhvers staðar í grennd við þá. Hver veit nema þeir vakni í kjallaranum og sleppi ekki, fyrr en þeir hafa greitt brennivínssektir, ef þeir lifa þá dvölina af?"
10. „Skýrslan sjálf, eins og hún er úr garði gerð, er nógu mikil sönnun á því, hvernig lögreglustjórinn hefur reynzt í embætti sínu."
11. „— þá yrði bæjarbúum eflaust ljúft að greiða það sem tryggingu á öryggi sínu fyrir lögreglunni sjálfri."
12. „Hann hefur of lengi haldið hlífiskildi yfir lögreglustjóra, og það skal hann jafnframt vita, að hver blóðdropi, sem fellur í varðstofu lögreglunnar, hlýtur að lokum að lita hendur hans sjálfs sem æðsta valds og yfirboðara í lögreglumálum Íslands."
13. „Honum ber skylda til þess að víkja lögreglustjóra úr embætti, því að lögreglustjóri segir því aldrei lausu af sjálfsdáðum."
14. „Blóð samborgara ráðherrans hrópar upp til hans.".

Þegar hin einstöku ummæli eru athuguð, bæði sjálfstætt og í því sam-

bandi, sem þau standa í greininni, er það ljóst, að þau miða öll að því að ófrægja störf lögreglunnar og lögreglustjóra. Eru þau eigi réttlætt af hálfu ákærða. Verður að telja þau meiðandi og móðgandi fyrir lögregluna og lögreglustjóra. Varða þau því ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af því, að hér er um ítrekað brot af hálfu ákærða að ræða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 2500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo ber með lögjöfnun frá 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja öll ummælin.

Kostnað af birtingu dóms þessa ber samkvæmt sömu heimild að dæma ákærða til að greiða lögreglustjóra. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 100.00. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Framangreind ummæli undir nr. 1—14 skulu vera ómerk.

Ákærði, Agnar Bogason, greiði kr. 2500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði lögreglustjóranum í Reykjavík kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 74/1952. **Theódór Nóason og Tage Ammendrup**
gegn
Guðjóni Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Theódór Nóason og Tage Ammendrup, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 91/1952. **H/f Miðnes**
gegn
Guðlaugi Oddssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h/f Miðnes, er eigi lætur sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 102/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Magnúsi Kristjánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi lætur sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 183/1951. **Sigurjón Sigurðsson**
gegn
Ólafi H. Stefánssyni.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1951 til þingfestingar í febrúar 1952. Áfrýjandi hefur síðan fjórum sinnum fengið frest í málinu, en ekki hefur hann enn hafizt handa um neinar aðgerðir vegna áfrýjunarinnar. Hefur hann nú beðið um frest í málinu, m. a. til að leiða sem vitni hafnsögumenn hér í Reykjavík. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt frávísunar málsins frá Hæstarétti og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda. Að svo vöxnu máli, og þar sem ágrip dómsgerða hefur enn eigi borizt, ber að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast kr. 600.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Sigurjón Sigurðsson, greiði stefnda, Ólafi H. Stefánssyni, ómaksbætur, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Kærumálið nr. 23/1952.

Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins
gegn
Borgarfelli h/f og Jóni G. Maríassyni.

Máli vísað frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 112/1935.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. október 1952, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 6.

s. m., þar sem varnaraðilja Jóni G. Maríassyni, sem borið hafði vætti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja Borgarfelli h/f, var ákveðin vitnaþóknun að fjárhæð kr. 25.00.

Krefst sóknaraðili þess aðallega, að varnaraðilja Jóni G. Maríassyni verði engin þóknun dæmd, en til vara, að þóknun hans verði ákveðin kr. 0,50. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar af varnaraðilja Jóni G. Maríassyni eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja Borgarfelli h/f hafa ekki borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili Jón G. Maríasson hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann rökstyður kröfu sína um vitnaþóknun. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar.

Þar sem umrædd vitnaþóknun hefur af héraðsdómara verið ákveðin aðeins kr. 25.00, brestur sóknaraðilja, sem krefst lækkunar þeirrar fjárhæðar, heimild til að bera ákvörðun þóknunarinnar undir Hæstarétt, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 112/1935. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fyrir bersýnilega tilefnislausa kæru máls þessa ber að víta umboðsmann sóknaraðilja, Magnús hæstaréttarlögmann Thorlacius.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þ. m., hefur Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 13. maí s.l., gegn Borgarfelli h/f hér í bænum til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 93.491.25, með 6% ársvöxtum af kr. 3.473.25 frá 14. ágúst 1951 til 22. s. m., af kr. 49.173.25 frá þeim degi til 5. nóvember 1951 og af kr. 93.491.25 frá þeim degi til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 382.20 í afsagnarkostnað og stimpilgjald og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Með vitnastefnu, útgefinni 27. f. m. og birtri sama dag, stefndi umboðs-

maður stefnanda, Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius, Jóni G. Maríassyni, bankastjóra Landsbanka Íslands, til þess að sækja þing í máli þessu sem vitni, en þinghaldið skyldi fram fara í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 þann 2. þ. m. kl. 14.

Jón G. Maríasson sótti þing samkvæmt vitnastefnunni. Kom hann fyrir dóm og fullnægði vitnaskyldu sinni.

Krafðist hann þóknunar fyrir ómak og tímatöf, er hann hefði beðið við að þurfa að koma fyrir dóm í máli þessu.

Umboðsmaður stefnanda neitaði að greiða nokkra þóknun til vitnisins og bar því við, að það hefði getað sparað sér og öðrum ómak og tímatöf af vitnaleiðslunni með því að gefa vottorð um þau atriði, sem það var spurt um. Slíkt vottorð hafi vitnið hins vegar neitað að gefa.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Telja verður, að samkvæmt ákvæðum 135. gr. laga nr. 85 frá 1936 eigi vitnið rétt á þóknun fyrir þingsókn sína. Yfirheyrsla vitnisins og bið í því sambandi mun hafa tekið rúma hálfa klukkustund. Með hliðsjón af því og öðru, er hér skiptir máli, þykir hæfileg þóknun til þess kr. 25.00, sem stefnanda ber að greiða.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Stefnandi, Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins, greiði vitninu Jóni G. Maríassyni kr. 25.00 innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Kærumálið nr. 24/1952.

Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, Vestmannaeyjum,

gegn

Vestmannaeyjakaupstað og Jóni Hjaltasyni.

Hrundið kröfu um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hjaltason, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 15. október þ. á., sem hingað barst 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í

fógetadómi Vestmannaeyja 15. október þ. á., þar sem synjað var kröfu sóknaraðilja um, að fógeti víki sæti í máli varnaraðiljans Vestmannaeyjakaupstaðar gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti neina greinargerð í kærumáli þessu, en ætla verður, að hann kæri úrskurð fógeta í því skyni, að krafa hans um, að fógeti víki sæti, verði tekin til greina.

Af hálfu varnaraðiljans Vestmannaeyjakaupstaðar er krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðilinn Jón Hjaltason hefur hvorki sent Hæstarétti greinargerð né kröfur í kærumálinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðiljanum Vestmannaeyjakaupstað kr. 500.00 í kærumálskostnað, en að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Sýnilegt er, að kæra þessi er í því einu skyni gerð að tefja fógetadómsmálið að óþörfu. Ber því samkvæmt 3. tl. 1. málsgr. 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 14/1948, að dæma fyrirsvarsmanni sóknaraðilja, Jóhanni Sigfússyni framkvæmdarstjóra, er kærði mál þetta, 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda, Vestmannaeyjum, greiði varnaraðilja Vestmannaeyjakaupstað kr. 500.00 í kærumálskostnað.

Jóhann Sigfússon greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 4 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 15. október 1952.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði réttarins, uppkveðnum 8. október s.l., var heimilað lögtak á ábyrgð gerðarbeiðanda, bæjarsjóðs Vestmanna-

eyja, hjá gerðarþola, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, til tryggingar og síðar lúkningar útsvarseftirstöðvum 1952, kr. 263.685.00, auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi réttargerðir til fullnustu, ef til kæmi. Var lögtaksúrskurðinum þegar áfrýjað til Hæstaréttar af gerðarþola, en gerðarbeiðandi krafðist allt að einu framkvæmdar lögtaksins. Með úrskurði réttarins 10. október s.l. var framkvæmd gerðarinnar heimiluð á ábyrgð gerðarbeiðanda. Þá varð enn ágreiningur um, í hverju lögtak skyldi fram fara, og hinn 13. október s.l. var úrskurðað, að lögtak færi fram í fiski gerðarþola, nema hann vildi eða gæti bent á aðra lausafjármuni til lögtaks. Sama dag, er fógeti var mættur í skrifstofu gerðarþola til að framkvæma lögtakið samkvæmt úrskurðinum, gerði framkvæmdarstjóri gerðarþola, Jóhann Sigfússon, þær réttarkröfur, að fógeti, Jón Hjaltason lögfræðingur, fulltrúi bæjarfógeta í lögtaksmálum fyrir bæjarsjóð Vestmannaeyja, sem farið hefur með mál þetta frá upphafi, viki sæti sem fógeti við framkvæmd lögtaksins. Færði hann þau rök fyrir kröfu sinni, að hann teldi, að ekki gæti farið saman, að fógeti hefði á hendi innheimtu fyrir bæjarsjóð Vestmannaeyja með vísun til rskj. nr. 1 í málinu og framkvæmd á lögtökum sem fógeti. Taldi, að í máli þessu kæmi fógeti bæði fram sem kröfuhafi og dómari. Gerði gerðarþoli þá kröfu, að fógeti úrskurðaði um hæfni sína eða vanhæfni, og var atriðið tekið undir úrskurð þá í réttinum.

Samkvæmt rskj. nr. 7 er Jón Hjaltason lögfræðingur löggiltur fulltrúi í forföllum og á ábyrgð bæjarfógetans í Vestmannaeyjum til að framkvæma lögtök og aðrar fógetagerðir og kveða upp úrskurði í sambandi við téðar dómsathafnir.

Rétturinn lítur svo á, að fulltrúinn geti verið hæfur sem fógeti til meðferðar málsins og framkvæmdar lögtaksins, þótt hann sé starfsmaður hjá bænum, m. a. við innheimtu útsvara, og þiggi laun af bæjarsjóði, enda hefur langur praxís í Reykjavík og víðar staðfest þá skoðun. Enda má hér öldungis jafna til þess, er bæjarfógetar og sýslumenn krefja inn skatta og önnur gjöld til ríkisins með lögtaki, þótt séu starfsmenn ríkisins og þiggi laun af ríkissjóði. Veldur ekki vanhæfi þeirra þessi sýslan þeirra, þótt þeir síðar þurfi að úrskurða eða kveða upp dóma í sambandi við kröfur þessar. Rskj. nr. 1 í málinu er greiðsluáskorun til gerðarþola og jafnframt fyrirkall til lögtaks á ákveðnum tíma, sem á engan hátt getur gert fógeta vanhæfan við framkvæmd lögtaksins. Og það verður ekki á það fallizt, að fulltrúi sá, er fer með fógetavald í máli þessu, sé kröfuhafi, fremur en bæjarfógetar og sýslumenn séu kröfuhafar í lögtaksmálum út af sköttum til ríkissjóðs, enda hefur hann ekki haft önnur afskipti af málinu en þau, sem samrýmast fógetastarfinu.

Mál þetta hefur verið flutt munnlega fyrir fógetaréttinum, áður en fyrsti úrskurður var kveðinn upp í því, og kom þá engin krafa um, að fógeti viki sæti, og verður einnig að telja, að krafan um, að fógeti viki sæti, hefði orðið að koma fram, áður en munnlegur málflutningur hófst þá.

Samkvæmt framansögðu verður krafa gerðarþola ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarþola, að Jón Hjaltason fulltrúi víki sæti sem fógeti við framkvæmd lögtaksins, skal ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1952.

Nr. 69/1950. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)
gegn
Björgvini Árnasyni og
Þorgrími Starra Björgvinssyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómarinn í máli þessu, Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, ritaði hinn 4. febrúar 1949 Björgvini Árnasyni, er síðar var ákærður í máli þessu, bréf, þar sem sýslumaður kemst m. a. svo að orði: „Hitt hefur svo sannazt enn betur en áður var upplýst, að bæði sonur yðar, Þorgrímur, og þér hafið veitt silung ólöglega og brotið gildandi veiðisamþykkt, enda hef ég játningu sonar yðar um þetta afbrot í bréfi til mín, og mun ég vísa því máli bæði til veiðimálastjóra og til dómsmálaráðuneytisins, og tel ég víst, að fyrirskipuð verði gegn yður og honum málshöfðun.“ Í bréfi, dags. 29. apríl 1949, tilkynnir sami sýslumaður Björgvini Árnasyni þá ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, að rannsakað skuli ætlað brot ákærðu gegn lögum nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði og refsiábyrgð komið fram gegn þeim. Kveðst sýslumaður höfða mál gegn ákærðu, er snjóa leysi, og bætir síðan við: „Að vísu getur það mál orðið býsna alvarlegt, þar sem um ítrekað brot er að ræða.“ Í framangreindum ummælum lét sýslumaður í ljós ótvíræða skoðun um sekt ákærðu, áður en fullkomin rannsókn í málinu hafði fram farið og það dæmt. Verður því ekki talið, að hann hafi haft svo hlutlausa afstöðu til sakborninga og sakarefnis, að honum hafi verið rétt að rannsaka og dæma málið. Bar sýslumanni því að víkja sæti í málinu. Verður af þessum sökum að ómerkja hinn áfrýjaða

dóm og próf málsins frá útgáfu stefnu á hendur ákærðu hinn 12. ágúst 1949.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti á hendur ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, kr. 250.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og próf málsins frá útgáfu stefnu hinn 12. ágúst 1949 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, kr. 250.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 4. febrúar 1950.

Mál það, sem hér liggur fyrir, dómtekið í gær, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim feðgum Björgvini Árnasyni og Þorgrími Starra Björgvinssyni, báðum til heimilis í Garði í Skútustaðahreppi, fyrir brot gegn lögum nr. 112 9. október 1941 um lax- og silungsveiði. Kærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa áður hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir lagabrot.

Hin nánari atvik málsins eru þessi: Þegar á árinu 1946 var grunur fallinn á a. m. k. ákærða Björgvin Árnason, bónda í Garði í Mývatnssveit, að hann væri brotlegur orðinn við V. kafla laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði, og fór því hreppstjóri Skútustaðahrepps ásamt tveimur tilkvöddum vottum hinn 17. desember 1946 að Garði til þess að grennslast eftir því, hvað hæft væri í þessum grun eða orðrómi um veiðibrot Björgvins.

Þar sem hreppstjóri og þeir menn tveir, er hann kvaddi sér til aðstoðar, þóttust þess vísir að afstaðinni rannsókn, að um veiðibrot gegn ofannefndum lögum væri að ræða, sendi hreppstjóri sama dag kæru til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu. Ætlaði valdsmaður að taka fyrir málið á manntalsþingi 1947, en sökum viðtals við héraðslækninn á Breiðumýri var frá þessu horfið vegna heilsufars kærða Björgvins Árnasonar, en

síðar um haustið áminnti lögreglustjóri hann mjög alvarlega um að óhlýðnast ekki veiðilöggjöfinni.

Svona stóðu sakir, þar til sýslumanni barst ítrekuð kæra hreppstjóra Skútustaðahrepps um veiðibrot hinna kærðu í máli þessu, dags. 11. desember 1848, sem lögð er fram í málinu „in originali" við réttarrannsókn 26. ágúst árið sem leið, og fram tekið, að síðla kvölds föstudaginn 3. desember 1948 hafi hann ásamt „tæpum 20 mönnum" farið til þess að rannsaka hraunborg norðan undir hólum þeim, sem bærinn Garður stendur sunnan undir, en þarna var álitið, að kærðu geymdu hinn ólöglega veidda silung, og kom þá í ljós, að þarna voru 60—70 silungar, og „virtist allt vera riðsilungur og sumt nýveitt", og enn fremur segir í kærunni: „Ekki verður annað álitið en Björgvin bóndi í Garði *og það félagsbú* eigi þenna silung" og „útilokað, að hann hafi verið veiddur á öngul".

Með sama pósti og sýslumanni barst kæra hreppstjórans, kom til hans kæra frá Björgvini Árnasyni í Garði, dags. 21. desember 1948, þar sem hann ber á 16 tilgreinda menn í Mývatnssveit, þar á meðal hreppstjórann, að þeir hafi *frá sér* stolið þetta umrædda kvöld, 3. desember 1948, 16 böndum af silungi úr hraunborginni, sem hann nefnir „silungsbyrgi".

Um þetta kærumál, sem strax var rannsakað, sbr. réttarskjal nr. 5, framl. í lögreglurétti 26. ágúst 1948 og fylgir skjölum þessa máls „in originali", er skemmst að segja, að það var á engum rökum reist, og varð kærandinn að undangenginni stefnu og sáttafundi að afturkalla opinberlega þjófsáburðinn og biðja á honum afsökunar.

Þessi ranga kæra er nú réttarskjal nr. 8 í máli þessu og fylgir „in originali", lagt fram í lögreglurétti í gær, og er hún fullkomin játning ákærða Björgvins Árnasonar um það, að hann hafi átt a. m. k. 16 bönd eða 32 silunga af þeim, sem í byrginu voru og ólöglega veiddir.

Ekki er ein báran stök úr Garði með þessum jóla- eða nýárspósti 1948, því kærði Þorgrímur Starri hafði tekið sig til og skrifað sýslumanni um bæði silungshvarfið og hina ólöglegu veiði, sem hann viðstöðulaust játar á sig, en hann gerir meira, hann viðurkennir og í upphafi þessa bréfs, sem er dags. 21. des. 1948, sök föður síns um „ófrjálsan" silung og ekki síður í niðurlagi bréfsins, þar sem hann kemst svo að orði: „Eru það nú tilmæli mín til yðar, sýslumaður, að reynt verði að láta bæði þessi mál niður falla."

Dálagleg tilmæli til valdsmannsins, sem á að gæta laga og réttar. Samkvæmt þeim ætti hann að gera nokkurs konar „skuldajöfnuð" á tveimur afbrotum. Því miður gefa þessi orð tilefni til þess að ætla, að hinn ósanni áburður um þjófnað í bréfi Björgvins hafi verið tilbúinn til þess að draga úr sök hans um veiðibrot og fá það mál hafið.

Kærði Þorgrímur Starri hefur endurtekið játningu sína um veiðibrot fyrir lögreglurétti Þingeyjarsýslu 26. ágúst s.l. og sömuleiðis kannazt við að hafa skrifað tilgreint bréf 21. des. 1948 og er því sannur að sök.

Einnig hefur Björgvin Árnason viðurkennt kæru sína 21. des. 1948, bæði í þessu máli og með því opinberlega að afturkalla hana að afstöðnum sáttafundi 26/10 1949 að Reynihlíð, og er þá líka sannur að sök.

Þá hafa og vitni þau, sem leidd hafa verið í máli þessu, staðfest sök hinna kærðu um veiðibrot.

Vísast loks til þeirrar staðreyndar, að félagsbú er í Garði milli feðganna Björgvins Árnasonar og Þorgríms S. Björgvinssonar og að Þorgrímur var ógiftur í sambýli með foreldrum sínum, þegar þetta mál var höfðað, og feðgarnir því samsekir um ólöglega silungsveiði, sem þeir í félagsskap hafa stundað.

Verjandi hefur fært umbjóðendum sínum til málsbótar, að þeir missi talsverðar tekjur og hlunnindi af jörðinni Garði, ef veiðin sé af þeim tekin, og er það að vísu rétt að nokkru leyti, en til þess að öðlast lagfæringu á þessu bar að fara aðrar leiðir en kærðu fóru. Með veiðibrotum sínum, hótunum um áframhaldandi veiðibrot, óhæfilegri og ósæmilegri framkomu kærða Björgvins Árnasonar fyrir rétti, sem var með þeim hætti, að hún er refsiverð, hvenær sem valdsmaður ákveður að láta hann svara til saka, hafa kærðu með öllu fyrirgert, að þeir verði látnir sleppa með lægstu sekt í máli þessu.

Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, verður að telja fullsannað, að kærðu í máli þessu, Björgvin Árnason og Þorgrímur S. Björgvinsson, hafi gerzt brotlegir við 22. gr. laga nr. 112 9. okt. 1941 um lax- og silungsveiði, og þykir því rétt, að þeir samkvæmt 89. gr., a, og 94. gr. sömu laga greiði sekt í sýslusjóð Suður-Þingeyjarsýslu.

Refsing Björgvins þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 300 króna sekt, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing Þorgríms Starra þykir og hæfilega ákveðin 300 króna sekt, og komi í stað hennar 15 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Svo greiði kærðu „in solidum" allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 250 krónur, til hins skipaða verjanda í héraði, hæstaréttarlögmanns Einars Ásmundssonar, Reykjavík. Rekstur málsins í héraði hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði í máli þessu, Björgvin Árnason, til heimilis í Garði í Skútustaðahreppi, greiði 300 króna sekt í sýslusjóð Suður-Þingeyjarsýslu, og komi í stað sektarinnar 15 daga varðhald, sé hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Kærði Þorgrímur Starri Björgvinsson, og til heimilis í Garði í Skútustaðahreppi, greiði 300 króna sekt í sýslusjóð Suður-Þingeyjarsýslu, og komi í stað sektarinnar 15 daga varðhald, sé hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærðu, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin kr. 250.00 málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í héraði, hrl. Einars Ásmundssonar, Reykjavík.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1952.

Nr. 8/1951. **Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason**
(Magnús Thorlacius)
gegn
Kristjáni Gíslasyni og Elíasi Steinssyni
(Egill Sigurgeirsson).

Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1951, gera þær dómkröfur, *aðallega* að stefndu verði in solidum dæmt að greiða þeim kr. 78.231.98 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags, en *til vara* að stefndu verði in solidum dæmt að greiða þeim kr. 29.231.98 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 78.231.98 frá 19. nóvember 1949 til 14. júní 1952, en af kr. 29.231.98 frá þeim degi til greiðsludags svo og að skila aftur veðskuldabréfi því, er í málinu greinir og nú er að eftirstöðvum kr. 49.000.00. Þá krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda in solidum eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón Guðmundsson, Bergur Eydal Vilhjálmsson og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason, greiði in solidum stefndu, Kristjáni Gíslasyni og Elíasi Steinssyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. október 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hafa Jón veitingamaður Guðmundsson, Þingvöllum, Bergur Eydal Vilhjálmsson verkamaður, Kleppsvegi 102, og Kristmundur Þorbjörn Bjarnason verkamaður, Vífilsgötu 15, báðir hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. desember 1949, gegn Kristjáni veitingamanni Gíslasyni, Hafnargötu 31 í Keflavík, og Elíasi Steinssyni verzlunarmanni, Kárastíg 14 hér í bænum. Hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum gert að greiða þeim kr. 78.231.98 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati dómara. Við munnlegan flutning málsins gerðu stefndu *varakröfu* á þá lund, að ef fallizt yrði á, að stefnendum væri heimil riftun síðargreinds kaupsamnings, þá yrði stefndu heimilt að skila aftur skuldabréfi því, er þeir tóku við sem hluta af efndum samningsins, og að þeim verði þá einungis gert að greiða í peningum mismuninn á eftirstöðvum skuldabréfs þessa, sem nú eru kr. 63.000.00, og kaupverðsins samkvæmt nefndum samningi.

Til réttargæzlu hafa stefnendur stefnt Einari veitingamanni Eiríkssyni, Marargötu 2 hér í bæ, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum, og hann hefur engar kröfur haft uppi í málinu.

Tildrög málsins eru þessi: Haustið 1949 var veitingastofan „Hvoll" við Hafnarstræti hér í bænum í eigu stefndu og réttargæzlustefnda. Hafði réttargæzlustefndi persónulega á leigu hjá húseigendum húsnæði veitingastofunnar og á veitingaleyfi hans var hún rekin, en annars virðist rekstur-inn að mestu eða öllu leyti hafa verið í höndum stefndu Kristjáns og Elíasar. Eignarhluti réttargæzlustefnda í fyrirtækinu taldist kr. 5000.00, en eignarhlutar stefndu Kristjáns og Elíasar virðast hafa verið taldir samanlagt 65 þúsund krónur. Vildu stefndu selja sinn hluta í fyrirtækinu, og komust stefnendur á snoðir um það. Kynntu þeir sér áhöld og umbúnað veitingastofunnar og gerðu hinn 11. október 1949 tilboð um kaup á henni fyrir kr. 80.000.00, er greiðast skyldu með mánaðarlegum afborgunum. Í tilboðinu eru m. a. settir fram þeir skilmálar, að húsaleiga yrði óbreytt, og að engar hömlur yrðu á að reka í húsnæðinu veitingar, eins og verið hafði. Einnig er þar gert ráð fyrir, að samin sé skrá um allt, sem stofunni fylgi og fylgja beri og þar sé notað til veitinga, að meðtöldum húsgögnum. Tveimur dögum eftir að tilboð þetta var gert eða 13. október, komu málsaðiljar saman í skrifstofu nafngreinds lögfræðings hér í bænum, og var þar samið og undirritað afsal fyrir veitingastofunni til handa stefnendum. Í afsalinu segir m. a. svo: „Við undirritaðir, Kristján Gíslason og Elías Steinsson, seljum hér með og afsölum til þeirra Bergs Vilhjálmssonar og Kristmundar Bjarnasonar okkar eignarhluta í Veitingastofunni Hvoli, Hafnarstræti, með húsgögnum öllum og áhöldum, að undanskildum 11 stólum og 4 borðum, er Hótel Selfoss á. .... Hafa kaupendur skoðað og kynnt sér hið selda. .... Kaupendur vita um, að Einar Eiríksson hefur leigurétt húsnæðisins á sínu nafni og að húsaleigan er

nú kr. 1208.00 á mánuði og sömuleiðis, að Einar Eiríksson er talinn eiga 5000.00 króna hlut í veitingastofunni."

Af andvirðinu voru kr. 10.000.00 greiddar í peningum, en eftirstöðvarnar, kr. 70.000.00, með skuldabréfi, sem greiðast átti með jöfnum missirislegum afborgunum á næstu tíu árum, bar 5% ársvexti og var tryggt með 4. veðrétti í húseign í Skerjafirði. Mun Jón Guðmundsson, stefnandi máls þessa, hafa verið eigandi bréfsins, og við afhendingu þess til stefndu tók hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess. Stefndu hófu að reka veitingastofuna frá 14. október að telja. Mun Jón Guðmundsson þó lítil eða engin afskipti hafa haft af daglegum rekstri hennar. Hinn 23. október ritaði einn stefnenda, Jón Guðmundsson, „Athugasemdir við samningana um Hvol" og afhenti það bréf í skrifstofu lögfræðings þess, sem verið hafði með stefndu við samningsgerðina. Er efni athugasemda þessara í meginatriðum það, að réttargæzlustefndi telji, að ekki hafi verið heimilt að gera neina samninga um veitingastofuna, nema hann væri hafður í ráðum, og telji sig eiga kr. 5000.00 í veitingastofunni. Í öðru lagi telur Jón, að vanti útvarpstæki og peningakassa, sem átt hafi að fylgja í kaupunum. Í þriðja lagi, að stofan fullnægi ekki kröfum heilbrigðiseftirlitsins, til að þar megi reka veitingar, og muni það því láta loka veitingastofunni, og í fjórða lagi sé rafmagnseldavél ekki í lagi. Í lok bréfsins segir svo: „Ef ekki verður bætt úr ágöllum þessum, hljótum við að leita réttar okkar." Einhvern tíma eftir að þetta bréf kom fram, báru stefnendurnir Bergur og Kristmundur fram munnlegar kvartanir við fyrrgreindan lögfræðing, og virðast þær hafa gengið í sömu átt og kvartanir Jóns Guðmundssonar. Kvörtunum þessum sinntu stefndu ekki og töldu sér það óskylt. Munu þeir hafa tilkynnt Bergi og Kristmundi það, er þeir báru fram kvartanir sínar, en eigi verður séð, að þeir hafi svarað bréfi Jóns neinu. Tildrög þess, að stefnendur telja, að heilbrigðiseftirlitið muni láta loka veitingastofunni, eru þau, sem hér greinir: Borgarlæknir og starfsmenn hans hafa stöðugt eftirlit með því, að veitingastaðir uppfylli sett skilyrði um hreinlæti og heilsusamlegan umbúnað húsakynna. Hinn 7. júlí 1949 hafði eftirlitsmaður frá borgarlækni lagt fyrir stefndu að gera ýmsar umbætur á húsnæði veitingastofunnar, m. a. að útbúa forsvaranleg salerni og setja upp tvöfalda laug úr stáli til uppþvotta. Ítrekaðir frestir voru veittir til að fullnægja þessum skilyrðum. Áður en veitingastofan var seld stefnendum, var eftirlitsmaður borgarlæknis þar seinast á ferð hinn 7. október. Virðist þá hafa verið búið að framkvæma verulegan hluta þeirra úrbóta, sem krafizt hafði verið, því í skýrslu eftirlitsmannsins þann dag stendur einungis: „Umbætur, sem Kristján Gíslason lofar að gera fyrir 16. þ. m.: 1) Hreinsa vel allan kjallarann og kalka, 2) mála salerni, ef málning reynist fáanleg, 3) útrýma flugum." Hér er ekki minnzt á uppþvottalaugina, sem krafizt var 7. júlí. Hafði hún þó ekki verið sett upp. Hinn 17. október segir eftirlitsmaður, sem skoðaði veitingastofuna, svo í skýrslu sinni: „Ekkert hefur verið gert af þeim umbótum, sem lofað var 7. þ. m., en eigendaskipti urðu að veitingastofunni 15. þ. m., og er hún nú rekin af Bergi Vilhjálmssyni og Kristmundi Bjarnasyni. Ekki vissu eigendur um

þær kröfur, sem gerðar höfðu verið um standsetningu. Hinir nýju eigendur lofa að gera kjallarann í stand fyrir 22. þ. m. og mála salerni, ef hægt er að fá málningu." Hinn 25. október er enn bókuð í skýrslu eftirlitsmannsins athugasemd um, að verið sé að vinna að þeim endurbótum, sem lofað hafði verið 17. þessa mánaðar. Loks er eftirlitsmaður á ferð í veitingastofunni hinn 17. nóvember. Er þá krafizt ýmissa umbóta, sem ekki hafði verið minnzt á áður, t. d. dúklagningar á eldhúsgólf og endurnýjunar á nær öllu leirtaui, sem gera þurfi, svo fljótt sem tök séu á. Enn fremur kemur þá aftur fram krafa um tvöfalda uppþvottalaug. Þegar eftirlitsmaður kemur að veitingastofunni 29. nóvember, er hún lokuð. Voru stefnendur þá hættir veitingarekstri þar og virðast ekki hafa stundað hann upp frá því. Ekki er ljóst, hvaða dag stefnendur hættu að reka veitingastofuna, en það virðist hafa verið nálægt mánaðamótum nóvember og desember. Húsaleigu greiddu þeir réttargæzlustefnda fyrir 1½ mánuð eða fram til 1. desember. Hinn 19. nóvember 1949 ritar lögmaður stefnenda stefndu Kristjáni og Elíasi bréf, þar sem hann tilkynnir þeim, að stefnendur rifti kaupin á veitingastofunni af þeim ástæðum, er tilgreindar verða hér á eftir sem grundvöllur að kröfugerð stefnenda í málinu. Bréfum þessum svöruðu stefndu bréflega 16. desember. Mótmæltu þeir riftun kaupanna og vísuðu á bug þeim ástæðum, sem stefnendur höfðu fært fyrir þeim.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á eftirtöldum ástæðum:

1. Þeir telja, að við kaupin hafi þeir verið duldir þess, að umbúnaður veitingastofunnar fullnægði ekki kröfum heilbrigðiseftirlitsins, en slíkt varði stöðvun rekstrarins, ef ekki sé um það bætt í tíma. Vísa þeir til kauptilboðs síns frá 11. október um, að það hafi verið skilyrði frá þeirra hálfu, að engar hömlur væru á að reka veitingastofuna, eins og verið hafði.

Stefndu halda því fram, að stefnendum hafi, áður en kaupin gerðust, verið kunnugt um, hverjar endurbætur þurfti að gera til að fullnægja skilyrðum heilbrigðiseftirlitsins, og hafi þeir ætlað að sjá um þær sjálfir. Þeir mótmæla því, að stefnendur hafi sett það skilyrði við kaupin, að áframhaldandi rekstur veitingastofunnar væri tryggður, enda er því mótmælt af þeirra hálfu, að kaupin hafi verið gerð á grundvelli tilboðsins frá 11. október óbreyttu, heldur hafi verið um sjálfstæða samningsgerð að ræða, þar sem öll atriði hafi verið rædd ýtarlega af samningsaðiljum. Benda stefndu í þessu sambandi á, að greiðsluháttur kaupverðsins hafi verið allt annar og þeim óhagstæðari samkvæmt kaupsamningnum en tilboðinu. Þeir hafi tekið skuldabréf til alllangs tíma upp í hluta kaupverðsins og þannig raunverulega gefið lengri gjaldfrest en tilboðið gerði ráð fyrir, þar eð skuldabréfið hafi ekki verið seljanlegt nema með miklum afföllum. Loks benda stefndu á, að veitingastofunni hafi aldrei verið lokað að opinberri tilhlutan, og að ekki sé líklegt, að slíkt hefði nokkurn tíma verið gert vegna þeirra galla, sem á henni þóttu vera, þegar kaupin gerðust. Því er ekki mótmælt, að veitingastofan hafi, að því er umbúnað hús-

næðis varðar, verið í sama ástandi, þegar stefnendur tóku við henni, og hún var í, er þeir skoðuðu hana næst áður en sala fór fram.

Að því er séð verður af skýrslum heilbrigðisnefndar (borgarlæknis), virtist þrennt hafa verið ógert við veitingastofuna, þegar stefnendur tóku við henni, af því, sem borgarlæknir hafði fyrirskipað, þ. e. að hreinsa og kalka kjallara, mála salerni og setja upp tvöfalda uppþvottalaug. Stefnendur telja, að þeim hafi orðið kunnugt um fyrirmæli borgarlæknis, daginn eftir að kaupin gerðust, og þá viðurkenna þeir að hafa sagt stefndu, að þeir mundu sjá um lagfæringu á kjallaranum. Gagnvart heilbrigðiseftirlitinu lofuðu þeir síðar að mála salernið. Þegar þess er gætt, að stefnendur gerðu engan fyrirvara um riftun kaupanna, er þeir fyrst telja sig hafa fengið vitneskju um þetta atriði, en hófu að bæta úr göllunum og héldu rekstrinum áfram, verður að telja, að þeir geti þegar af þessari ástæðu ekki síðar haft uppi kröfu af þessum ástæðum, enda var hér um slíka annmarka að ræða, sem auðvelt var að ráða bót á og virðast teljast til venjulegs viðhalds húsnæðisins.

2. Stefnendur halda því fram, að stefndu hafi ábyrgzt þeim, að veitingastofuna mætti reka framvegis í leiguhúsnæði því, er hún hafði, og á veitingaleyfi réttargæzlustefnda. Telja þeir, að réttargæzlustefndi hafi ekki viljað viðurkenna þenna rétt þeirra, og sé það fullkomin ástæða til riftunar á kaupunum.

Stefndu mótmæla því, að réttargæzlustefndi hafi vísað stefnendum úr húsnæðinu eða synjað þeim að reka veitingastofuna á sínu veitingaleyfi. Þeir mótmæla því einnig, að þeir hafi tekið ábyrgð á, að stofan fengist rekin áfram á veitingaleyfi réttargæzlustefnda, en hins vegar hafi þeir sagt stefnendum, að þeir teldu líklegt, að svo yrði.

Réttargæzlustefndi hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi ekkert haft við það að athuga, að veitingastofan væri rekin áfram í húsnæðinu, eftir að stefnendur keyptu hana, og að hún væri rekin á hans veitingaleyfi, en hins vegar hafi hann færzt undan að gefa stefnendum skriflega viðurkenningu fyrir, að þeir fengju að reka veitingastofuna áfram á þessum stað. Réttargæzlustefndi tók fyrirvaralaust við leigu þeirri, er stefndu buðu fram, og engar sönnur eru að því færðar, að hann hafi neitað heimild þeirra til að reka veitingastofuna áfram í húsnæðinu, en hann var, sem áður greinir, meðeigandi stefnenda að henni. Að því er varðar veitingaleyfið, var stefnendum aldrei meinað að reka veitingastofuna á leyfi réttargæzlustefnda, og engar sönnur hafa verið færðar að því gegn framburði hans, að hömlur hafi verið á, að svo yrði í framtíðinni. Þegar af þessum ástæðum leiðir, að stefnendur hafa ekki fært sönnur að því, að stefndu hafi ekki staðið við gerða samninga, að því er þessi atriði varðar.

3. Nafn veitingastofunnar er ekki skrásett í firmaskrá, og skýra stefnendur svo frá, að það fáist ekki skráð þar. Þeir telja þýðingarmikið atriði fyrir rekstur eins og þann, sem hér um ræðir, að firmanafn geti haldizt óbreytt, og kveða sig hafa gengið út frá því við kaupin, að það væri tryggt, enda hafi ekki verið á annað minnzt.

Stefndu skýra svo frá, að firmanafnið hafi ekki borið á góma við samningsgerðir málsaðilja. Mótmæla þeir því, að í kaupunum hafi nafn veitingastofunnar verið selt sem skráð firmanafn, enda hefði það ekki skipt verulegu máli fyrir stefnendur, hvort nafnið var skráð eða ekki.

Stefnendur létu ekki í ljós, er kaupin gerðust, að þeir legðu áherzlu á, að nafn fyrirtækisins væri skráð. Um þetta hefðu þeir getað fullvissað sig fyrirhafnarlítið með því að leita upplýsinga hjá firmaskrá Reykjavíkur. Þegar þessa er gætt, verður ekki talið, að stefndu hafi mátt vera það ljóst, að stefnendur lögðu áherzlu á, að skráð firmanafn fylgdi með í kaupunum, og verður því ekki talið, að hér sé um vanefndir að ræða, enda þótt veitingastofan væri í kaupunum nefnd því nafni, sem hún hafði gengið undir fram til þess, að þau gerðust.

Loks telja stefnendur, að þeir hafi ekki fengið afhenta alla þá muni, sem samkvæmt samningum áttu að fylgja veitingastofunni.

Við samprófanir aðilja hér fyrir dómi hefur komið í ljós, að stefnendur hafa fengið alla þessa muni nema peningakassa og tvo potta.

Ósannað er gegn andmælum stefndu, að peningakassi hafi átt að fylgja í kaupunum, en vöntun pottanna verður eigi talin svo veruleg vanefnd, að varðað geti riftun kaupa þeirra, er málið snýst um.

Samkvæmt framanrituðu ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Kristján Gíslason og Elías Steinsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnenda, Jóns Guðmundssonar, Bergs Vilhjálmssonar og Kristmundar Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1952.

Nr. 146/1951. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi Blomsterberg (Magnús Thorlacius).

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Samkvæmt rökum þeim, sem greind eru í forsendum hins

áfrýjaða dóms, sem eigi hefur verið áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvaldsins, þykir eiga að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Ástvaldur Magnús Guðmundur Blomsterberg, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. maí 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 22. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af fulltrúa sakadómara Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2558/1951: Ákæruvaldið gegn Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi Blomsterberg, sem dómtekið var samdægurs.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn kærða, Andrési Ástvaldi Magnúsi Guðmundi Blomsterberg smið, til heimilis að Sindra á Seltjarnarnesi, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33/1935 og bifreiðalögum nr. 23/1941 til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. júní 1918 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1935 4/11 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1937 13/4 Sátt: 30 króna sekt fyrir að stýra bifhjóli án þess að hafa öðlazt ökuskírteini.

1937 11/12 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1939 21/6 Sátt: 20 króna sekt fyrir bifreiðaárekstur.
1939 5/10 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1940 7/6 Sátt: 10 króna sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1940 10/8 Undir rannsókn út af meintri ölvun við bifreiðarakstur. Sannað þótti, að um sök væri ekki að ræða.
1940 17/8 Sátt: 15 króna sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1940 22/11 Undir rannsókn út af ökuóhappi, skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingarfélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1941 21/7 Sátt: 30 króna sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1941 21/10 Sátt: 50 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23/1941, 22. gr., 1. mgr.
1942 19/3 Sátt: 30 króna sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1942 11/9 Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1943 26/6 Dómur sama réttar: 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 12. kafla hegningarlaganna, áfengislögum og lögreglusamþykkt.
1943 23/11 Sátt: 300 króna sekt fyrir brot á verðlagsákvæðum.
1944 26/3 Sátt: 100 króna sekt fyrir ölvun o. fl.
1945 17/4 Sátt: 250 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
1947 12/10 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1948 23/1 Sátt: 40 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði og ljósleysi á bifreið.
1949 26/10 Sátt: 50 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 26/10 Sátt: 150 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1941 23/2 Sátt í Hafnarfirði: 50 króna sekt fyrir ölvun og ósvífni við lögregluna.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. apríl 1950 um kl. 3.00 ók Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn lögreglubifreiðinni R 2810 út á Seltjarnarnes. Með honum í bifreiðinni var Sigurjón Maríasson, Hringbraut 91, bifreiðarstjóri hjá strætisvögnunum. Er þeir höfðu farið nokkuð út á Seltjarnarnes, sneru þeir við. Á heimleið urðu þeir varir við bifreiðina R 3453, er stóð á veginum hjá vestari afleggjaranum, er liggur upp í Lambastaðatún. Bifreið þessi hafði eigi staðið þarna, er þeir óku þarna um skömmu áður. Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn fór að huga að ofangreindri bifreið. Undir stýri sat kærði í máli þessu, Andrés Ástvaldur Magnús Guðmundur Blomsterberg. Magnúsi virtist maður þessi ölvaður. Hann neitaði að hafa ekið bifreiðinni, en kvað mann að nafni Geir hafa gert það og hefði hann farið inn

í nálægt hús. Magnús ók bifreið kærða heim til hans, en síðan var farið með kærða á lögreglustöðina. Við yfirheyrslu hjá varðstjóra sagði Andrés hið sama. Kvaðst hann hafa verið að drekka uppi í bæ í bifreiðinni, er fyrrgreindur Geir hefði komið til sín, og hefði Geir, sem fyrr greinir, ekið fyrir sig bifreiðinni. Farið var með kærða Andrés í fangageymslu lögreglunnar.

Fyrir rétti daginn eftir skýrði kærði þannig frá atvikum, að hann hefði um kl. 23 þann 29. apríl 1950 hitt mann að nafni Geir, sem kærði kannast við, en veit engin nánari deili á. Varð það að ráði, að kærði fékk mann þenna til að aka bifreiðinni R 3453 fyrir sig, en kærði hafði lagt bifreiðinni hjá afgreiðslustöð Esso hér í bæ. Kærði kveðst, er Geir hóf akturinn, hafa tekið að neyta af spiritusblöndu, er hann hafði keypt af manni, sem hann ekki þekkir. Ók nú Geir kærða um bæinn um nóttina, en laust fyrir kl. 3 héldu þeir út á Seltjarnarnes og staðnæmdust við afleggjarann, sem liggur upp í Lambastaðatún. Fór margnefndur Geir á brott í hús þar hjá, en kærði var einn eftir í bifreiðinni. Eigi hefur kærði getað bent á, í hvaða hús Geir fór. Nokkru síðar kom lögreglubifreiðin á vettvang, sem fyrr greinir, og þar sem kærði var með áfengisáhrifum þarna í bifreiðinni, var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöðina. Kærði kveðst hafa bent lögregluþjóninum að fara í hús þar í nágrenninu og hafa tal af Geir, en hann hafi svarað eitthvað á þá leið, að þeir mundu gera sínar ráðstafanir. Kærði hefur við síðari meðferð málsins haldið fast við það, að nefndur Geir hafi ekið bifreiðinni í umrætt skipti. Kvað hann Geir hafa unnið í Vélsmiðjunni Héðni eftir nýár 1946. Dómarinn lét athuga þetta og var lagt fram vottorð frá Héðni um, að eftir nákvæma eftirgrennslan væri ekki hægt að sjá, að þar hefði neinn Geir unnið eftir nýár 1946. Dómarinn hefur margskorað á kærða, að reyna að hafa upp á ofangreindum manni, en það hefur kærði ekki getað, þótt nú sé um ár liðið frá því, er atvik það, er hér greinir, átti sér stað. Dómarinn fór með kærða á stað þann, sem hann var handtekinn á, tveimur dögum síðar og bað kærða að benda á hús það, er Geir hefði farið inn í um nóttina, en það gat kærði eigi. Stefán Thorarensen lögregluþjónn fór í næstu hús og grennslaðist eftir manni þessum, en enginn af þeim, sem Stefán átti tal við, hafði orðið var við mannaferðir aðfaranótt 30. apríl s.l.

Vitnið Magnús Aðalsteinsson lögregluþjónn hefur borið fyrir rétti, að kærði Andrés hafi setið undir stýri í bifreiðinni, er komið var að honum, en byrjað, eftir að hann fór að tala við hann, að færa sig til og setið um það bil fyrir miðju, milli framsætanna, er vitnið sagði honum að flytja sig alveg yfir, en vitnið settist sjálft undir stýri og ók bifreið kærða heim til hans. Kærði gat um föðurnafn nefnds Geirs, sem fyrr greinir, en vitnið setti það eigi á sig. Kærði gat eigi sagt til um, í hvaða hús nefndur Geir hefði farið, en í húsi því, sem bifreið hans stóð gegn, voru margar íbúðir, svo að vitnið sá eigi ástæðu til að leita margnefnds manns þarna um nóttina. Vitnið Sigurjón Maríasson kveður kærða hafa snúið sér við, er lögreglubifreiðin nálgaðist, eins og til að láta lítið á sér bera. Kærði sat undir stýri, er komið var að bifreiðinni. Var hann greinilega ölvaður.

Hann neitaði að hafa ekið, en kvað einhvern Geir hafa gert það og nefndi föðurnafn hans, en það setti vitnið ekki á sig.

Þegar virt eru þau atvik í máli þessu, *að* vitnin Magnús Aðalsteinsson og Sigurjón Maríasson bera, að kærði Andrés hafi setið undir stýri í bifreiðinni R 3453, er þau komu að henni, *að* vitnið Magnús ber, að kærði hafi reynt að færa sig undan stýrinu, á meðan það átti tal við hann, *að* vitnið Sigurjón ber, að kærði hafi snúið sér við, eins og til að láta lítið á sér bera, er vitnin nálguðust bifreiðina, *að* kærði hefur enga frekari grein getað gert fyrir Geir þeim, sem hann kvað hafa ekið bifreiðinni, en nú er rúmt ár liðið, frá því fyrrgreint atvik átti sér stað, þykir nægilega sannað með hliðsjón af hegningarvottorði kærða þrátt fyrir neitun hans, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni, en kærði var samkvæmt eigin játningu og vitnaframburði með áfengisáhrifum. Með því að aka bifreið með áfengisáhrifum hefur kærði gerzt brotlegur gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Þykir refsing hans samkvæmt 2. gr. laga nr. 6/1951 hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta kærða ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 250.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á máli þessu, sakir þess hve erfiðlega hefur gengið að ná til kærða.

Dómsorð:

Kærði, Andrés Ástvaldur Magnús Guðmundur Blomsterberg, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 250.00, til skipaðs talsmanns síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1952.

Nr. 145/1951. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Victor Allen Buschini (Lárus Fjeldsted).

Ákæra um botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Páll Þorbjarnarson skipstjóri og Sigfús Scheving skipstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er stjórnendur varðskipsins Óðins mældu við dufl það, er út var sett kl. 9.10 hinn 28. ágúst 1951, og reyndist staður þessi 0,4 sjómílur innan landhelgislínu, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma.

Varðskipið Óðinn hafði á áðurgreindum tíma hafið eftirför að tveimur togurum, sem grunaðir voru um að vera að togveiðum í landhelgi. Reyndust togarar þessir vera Red Lancer L.O. 442 og togari sá, er ákærði stjórnaði, St. Just L.O. 434. Togaði Red Lancer nær landi, en St. Just nokkru utar. Samkvæmt samhljóða, eiðfestum framburði 4 skipverja á varðskipinu Óðni var duflið sett út í kjölfar togara. En eins og aðstöðu við eftirförina og töku togaranna var háttað og þar sem ekki er fram komin nægilega örugg vitneskja um siglingu togarans St. Just á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykir óvarlegt að telja nægjanlega sannað, að duflið hafi verið sett út í kjölfar togarans St. Just, sem var fjær landi, eins og fyrr greinir. Og þar sem sök ákærða er ekki sönnuð með öðrum hætti, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Victor Allen Buschini, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 1. september 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu 30. f. m., á hendur Victor Allen Buschini, skipstjóra á togaranum St. Just L.O. 434 frá London, til heimilis 117 Beachroad, Fleetwood, fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum með því að hafa verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislínu undan Múlakvísl að morgni þess 28. fyrra mánaðar á togaranum St. Just L.O. 434 til refsingar og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 sbr. lög nr. 5/1951 um breytingu á þeirri lagagrein, sbr. og lög nr. 4/1924, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Victor Allen Buschini, er fæddur 27. ágúst 1907 í Englandi og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot hér á landi.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru málsatvik eftirfarandi:

Að morgni þess 28. ágúst s.l. var varðskipið Óðinn í eftirlitsferð austur með landi. Er varðskipið var statt út af Portlandi, sáust tveir togarar framundan á stjórnborða, báðir stefndu austur með landi og virtust vera mjög nærri hvor öðrum. Hélt varðskipið nú austur með og stefndi nokkuð fyrir ofan togarana. Er komið var á móts við þá, þótti varðskipsmönnum sýnt, að þeir væru í landhelgi.

Kl. 0905 var snúið út og stefnt á togarana og um leið gerð eftirfarandi staðarákvörðun af I. stýrimanni og skipstjóra:

Portlandsviti
> 41° 38′
Hatta
> 82° 00′
Hjörleifshöfði

Síðan hélt varðskipið með fullri ferð að togurunum.

Kl. 0908 sneru báðir togararnir út um. Kl. 0910 setti varðskipið út bauju í kjölvatn togarans. Kl. 0915 skaut varðskipið lausu skoti að togaranum St. Just, sem var litið eitt utar og vestar en hinn togarinn. Nam St. Just strax staðar, og fóru I. stýrimaður og I. háseti af varðskipinu um borð í hann. Togarinn var með stjórnborðsvörpu sína í sjó.

Síðan hélt varðskipið að hinum togaranum, sem var Red Lancer L.O. 442, og voru 2 menn settir um borð í hann. Kl. var þá 0926.

Kl. 0930 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á milli togaranna:

Portlandsviti

> 37° 28′

Hatta

> 74° 49′

Hjörleifshöfði

Dýpi 58 metrar.

Staðarákvörðun þessi var framkvæmd af skipstjóra varðskipsins og II. stýrimanni.

Síðan var haldið að baujunni og þar gerð eftirfarandi staðarákvörðun, sem einnig var framkvæmd af skipstjóra varðskipsins og II. stýrimanni:

Portlandsviti

> 37° 58′

Hatta

> 75° 10′

Hjörleifshöfði

Dýpi 58 metrar.

Gefur það stað skipsins 0,4 sjómílur innan landhelgislínu.

Síðan var skipstjórinn á St. Just, kærði í máli þessu, tekinn um borð í varðskipið og skýrt frá, að hann hefði verið í landhelgi. Kvaðst hann alls ekki hafa ætlað sér að vera í landhelgi og benti á, að hann hefði séð varðskipið löngu áður en það kom að honum og hefði því haft nægan tíma til þess að athafna sig, hefði hann álitið sig vera í landhelgi.

Hann var þá látinn mæla og lesa á sextantinn hornin, er gerð voru við baujuna, og kvað hann þau rétt. Einnig fylgdist hann með, er þau voru sett út í kortið. Síðan var honum bent á staðarákvörðun, er gerð var hjá skipi hans kl. 0930, og rengdi hann ekki þá staðarákvörðun heldur, en viðurkenndi samt ekki að hafa verið í landhelgi.

Eftir þetta var haldið að hinum togaranum, Red Lancer, og skipstjórinn á því skipi tekinn um borð í varðskipið. Hélt hann því einnig fram, að skip sitt hefði ekki verið í landhelgi. Red Lancer var með radartæki, en St. Just ekki. Skipstjórinn á Red Lancer óskaði því næst eftir að fá að fara um borð í skip sitt og gera þar nánari athuganir. Var honum leyft það, og fór I. stýrimaður varðskipsins með honum. Eftir eigin ósk sinni fór ákærði einnig með þeim. Gerðu þeir síðan athuganir sínar um borð í togaranum, en svo illa tókst til, að togarinn fékk bauju varðskipsins í skrúfuna, og slitnaði hún af, en þá notuðu þeir bauju, sem togarinn (Red Lancer) hafði sett út og var nokkru utar. Að því loknu komu þeir um borð í varðskipið og höfðu loftskeytamanninn á Red Lancer með sér. Loftskeytamaðurinn vildi sanna, að togarinn hefði verið utan landhelgi, og kvaðst hafa stillt radarinn á 3 sjómílur við baujuna og ekki séð land. Töldu varðskipsmennirnir, að þetta gæti vel staðizt, því bæði væri baujan röskar 3 sjómílur frá næsta landi og svo sæjust sandarnir í radarnum ekki, nema undir vissum skilyrðum. Í öðru lagi kvaðst loftskeytamaðurinn hafa séð land í radarnum með sömu stillingu eftir að hafa siglt 1 sjómílu til lands frá baujunni og vildi þar með halda fram, að baujan væri 4 sjómílur frá landi.

Til þess að athuga þetta nánar fór skipherra varðskipsins ásamt skipstjórum togaranna og loftskeytamanninum um borð í Red Lancer. Var loftskeytamaðurinn látinn taka fjarlægðir frá bauju, bæði að vesturbrún Hjörleifshöfða og austurbrún Reynisfjalls. Reyndist fjarlægðin til Reynisfjalls 4½ sjómíla og stefna NVN ¾ N og fjarlægðin til Hjörleifshöfða 5¾ sjómílur og stefnan ANA. Þessar staðarákvarðanir, sem framkvæmdar voru með radar, gáfu stað skipsins innan landhelgislínunnar. Eftir þetta var Red Lancer látinn halda upp að landi, og er siglt hafði verið á aðra mílu frá baujunni, fóru fjöllin að sjást í radarnum, en alls ekki sandarnir.

Eftir þetta var gerð tilraun til þess að ná í enskt eftirlitsskip og einnig í hafrannsóknarskipið Scotía, en þær tilraunir urðu árangurslausar. Var svo haldið af stað til Vestmannaeyja kl. 1615 og komið þangað kl. 2040.

Veður var gott, austan gola, smáskúrir fyrri part dagsins, en bjart seinni partinn, sjór 1—2.

Skipstjórinn á Red Lancer var í sakadómi Vestmannaeyja 30. f. m. dæmdur fyrir togveiðar í landhelgi.

Framanrituð skýrsla varðskipsins var staðfest fyrir dóminum af skipherranum og I. og II. stýrimanni varðskipsins.

Ákærði hefur algerlega neitað hér fyrir dóminum að hafa verið í landhelgi í umrætt skipti, og hafi hann því alls ekki gerzt sekur um brot á landhelgislögum. Kvaðst hann hafa séð til varðskipsins, ca 2 tímum áður en það kom á staðinn, og ekki hreyft sig til, því hann hafi talið sig örugglega utan landhelgislínunnar. Kveðst hann hafa togað fram með landinu samsíða togaranum Red Lancer og ávallt um ½ sjómílu utar. Af þessu sé ljóst, að hann hafi verið utan línunnar samkvæmt mælingum varðskipsins sjálfs, þar sem varðskipið hafi talið Red Lancer aðeins 0,4 sjómílu innan línunnar. Ýmsar athugasemdir gerði hann við skýrslu varðskipsins. Kvaðst hann aldrei hafa samþykkt sextantmælingar varðskipsins, enda hafi hann ekki notað sextant í síðastliðin 10 ár. Þá kveður hann, að radarmælingarnar um borð í Red Lancer, er hann fór þangað ásamt skipherra varðskipsins, hafi sýnt fjarlægðina til Hjörleifshöfða 6 sjómílur eða að minnsta kosti 5⁹⁄₁₀ sjómílur. Skipherra varðskipsins hafi hins vegar ekki viljað viðurkenna fjarlægðina þetta mikla, heldur aðeins 5¾ sjómílur. Radarmælingarnar hafi einnig sýnt fjarlægðina til Reynisfjalls 5 sjómílur, en ekki 4½, eins og segir í skýrslu varðskipsins. Þá taldi hann, að stefnurnar til Reynisfjalls og Hjörleifshöfða hafi þeir ekki tekið um borð í Red Lancer, heldur fyrst, er þeir komu um borð aftur í St. Just og voru staddir við bauju varðskipsins. Miðanirnar framkvæmdi hann sjálfur ásamt I. stýrimanni varðskipsins, og hafi hann snúið skipinu í áttina að Hjörleifshöfða og haft baujuna og það hæsta á Hjörleifshöfða yfir eitt. Jafnframt hafi hann tekið stefnurnar með hendinni og lesið um leið á kompásinn. Miðunaráhöld kvaðst hann engin hafa haft um borð. Miðanirnar hafi sýnt Hjörleifshöfða í stefnunni ANA, en Reynisfjall í stefnunni NV ½—¾ V. Á þeim stað, er togarinn var, er hann hætti að toga, hafi dýpið verið 45 faðmar samkvæmt dýptarmæli togarans, og

hafi I. stýrimaður varðskipsins og háseti, sem komu um borð, samþykkt þann álestur. Þá tók hann fram, að hann hefði siglt í 4 mínútur, eftir að varðskipsmennirnir komu um borð, til þess að komast að baujunni, og sýni þetta, að hann hafi verið í allmikilli fjarlægð frá henni. Þá hélt hann því fram, að þegar hann kom um borð í varðskipið, hafi skipherrann sýnt sér blað, og voru tölurnar 0908 og 0919 ritaðar á það. Hafi fyrri talan átt að tákna tímann, þegar varðskipið lét út baujuna, en síðari talan átt að tákna tímann, er varðskipsmennirnir komu um borð. Taldi hann þetta sýna ljóslega, að töluverð fjarlægð hefði verið á milli baujunnar og skips síns, þar sem hann kveðst strax hafa numið staðar, er varðskipið skaut. Hann kvað það algerlega ósatt, að baujunni, sem varðskipið setti út, hafi verið kastað í kjölvatn togara síns. Kvaðst hann aldrei hafa togað þar, heldur mun utar, og hafi hann ekki farið grynnra en á 42 faðma dýpi. Þá taldi hann, að tímaákvarðanirnar í skýrslu varðskipsins, hvenær varðskipið sneri í áttina til togara hans, hvenær það kastaði út baujunni og hvenær það lagðist við togarann, sýni berlega, að skip sitt hafi verið djúpt undan, því varðskipið gangi með allt að 10 mílna hraða, en togari sinn hafi verið á venjulegri togferð, ca 3 sm, og numið strax staðar, er fyrsta skotinu var skotið frá varðskipinu.

John Donald Riat, I. stýrimaður á St. Just, kvaðst hafa verið niðri í lest skipsins, er hann heyrði skot varðskipsins. Var hann þá búinn að vera þar um ½ tíma. Kvaðst hann hafa séð til ferða varðskipsins, áður en hann fór niður. Var togarinn þá að toga, og gizkaði hann á, að togarinn hefði verið búinn að toga í eina klukkustund, er varðskipið kom. Kvað hann St. Just hafa togað í sömu átt og Red Lancer, en um ¼—½ sjómílu utar. Um staðarákvarðanir togarans vissi hann ekkert.

Oswald Finnie, I. vélstjóri á St. Just, kvaðst hafa verið á verði að morgni þess 28. f. m. Var togarinn þá að toga, en hversu lengi hann var að því, vissi hann ekki. Kvaðst hann hafa heyrt skotið frá varðskipinu, og var kl. þá rúmlega 10 (enskur tími). Var vélin þá á fullri ferð, en strax á eftir var símað niður í vélarrúm, að vélin skyldi stöðvuð, og var það gert. Stuttu síðar heyrði hann annað skot. Nokkru á eftir heyrði hann, að eitthvað straukst fram með skipshliðinni. Stuttu síðar var hringt á fulla ferð, en rétt á eftir var hringt og gefið til kynna, að varpan yrði dregin inn. Þegar búið var að slá úr blökkinni, var hringt á stopp.

Edward Robson, loftskeytamaður á Red Lancer, kvað stöðugar staðarákvarðanir hafa verið gerðar um borð í Red Lancer, meðan þeir voru að toga. Kvaðst hann jafnan hafa haft auga með ströndinni, þar sem stytzt var til lands. Einnig hefði hann fylgzt með radarnum, og tók hann fram, að mögulegt hefði verið að sjá sandana í radarnum. Þá tók hann fram, að þegar skipherra varðskipsins kom um borð í Red Lancer ásamt skipstjóranum á St. Just, hafi radarinn sýnt fjarlægðina til Hjörleifshöfða rétt undir sex sjómílum, en 4½ sjómílu til Reynisfjalls. Þá voru þeir við baujuna, sem Red Lancer setti út. Um stefnumiðanir vissi hann ekki. Hann kvað togarana hafa togað í sömu átt, og hafi St. Just verið utar, en hversu langt bil var á milli þeirra, kvaðst hann ekki geta sagt um.

Thomas Ball, stýrimaður á Red Lancer, kvaðst hafa séð, að togarinn St. Just hafi togað utar en Red Lancer, og gizkar á, að fjarlægðin á milli þeirra hafi verið um 800—1000 yards. En hann kvaðst hafa verið niðri í káetu, er hann heyrði skot varðskipsins, og hafði þá verið þar í ca 20 mínútur.

Robert Sillis, loftskeytamaðurinn á St. Just, kvaðst hafa verið í brú togarans, er varðskipið lagði að skipinu. Var þá vélin ekki í gangi, og hafði hún verið stöðvuð, er varðskipið skaut fyrra skotinu. Er I. stýrimaður varðskipsins og hásetinn af varðskipinu gengu upp stigann upp í brúna, hafi verið hringt á fulla ferð. Hann kvað St. Just hafa togað ca $^6/_{10}$—$^8/_{10}$ sjómílu utar en Red Lancer. Dýpið hafi verið 45 faðmar, áður en þeir sneru togaranum út, en það hafi þeir mælt, er þeir heyrðu skotið frá varðskipinu.

Skipherrann á varðskipinu, Gunnar V. Gíslason, gerði margar athugasemdir við framburð ákærða. Sagði hann, að það væri rangt, að hann hefði ákveðið fjarlægðina til Hjörleifshöfða 5¾ sjómílur. Þetta hefðu skipstjóri og loftskeytamaðurinn á Red Lancer gert, er hann hefði bent þeim á, að fjarlægðin væri ekki fullar 6 sjómílur. Fjarlægðin til Reynisfjalls hefði verið 4½ sjómíla á radarnum, og hefðu allir verið sammála um það. Er þessar athuganir voru gerðar, hafi þeir verið við baujuna, er Red Lancer setti út, en hún hafi verið utar en bauja varðskipsins.

Um fjarlægðina milli togaranna kvaðst hann ekki geta sagt, fyrr en varðskipið var komið rétt að þeim. Hafi fjarlægðin þá verið um ⅓ sjómílu á milli þeirra í aust- og vestlæga stefnu, en St. Just þó utar en Red Lancer. Kvaðst hann gera ráð fyrir, að fjarlægðin til baujunnar frá togaranum, er þeir voru komnir um borð í hann, hafi verið um $^3/_{10}$ úr sjómílu, en 1 sjómíla, þegar búið var að draga vörpuna inn.

Hann fullyrti, að baujunni hafi verið kastað út, er varðskipið var komið í kjölvatn beggja togaranna. Hafi fyrst verið komið í kjölvatn togarans Red Lancer's, en er einnig var komið í kjölvatn St. Just's, hafi baujunni verið kastað út.

Hann skýrði svo frá, að er baujan hafði verið sett út, hafi fyrst verið tekin stefna á Red Lancer og gerð tilraun til að koma þar mönnum um borð, en síðan hafi verið horfið frá því og tekin stefna til St. Just. Er varðskipið nálgaðist togarann, var hægt á ferðinni og síðan stöðvað. Í fyrstu atrennu tókst ekki að koma mönnunum um borð. Varð því að snúa skipinu eða bakka og leggja að togaranum aftur, til þess að koma mönnunum um borð. Er því var lokið, hafi klukkan verið 0919. Vegna þessara tafa taldi skipherrann, að eðlilega hefði liðið nokkur tími, frá því að baujan var sett út, og þangað til mennirnir voru settir um borð í togarann.

Eyjólfur Hafstein, I. stýrimaður á varðskipinu, kvaðst hafa gert staðarákvarðanir með skipstjóra, eins og segir í skýrslu varðskipsins. Hann kveðst hafa sótt báða skipstjórana á togurunum og komið með þá um borð í varðskipið. Hafi þeim báðum verið sýndar staðarákvarðanir varðskipsins, staðirnir, sem miðað var við, og hornamælingarnar til þeirra, og hafi mælingarnar reynzt réttar og verið færðar út í sjókort að skip-

stjóranum ásjáandi. Kvaðst hann fyrst hafa komið um borð í St. Just og Helgi Hallvarðsson háseti með honum. Var þá klukkan 0919. Var þá togarinn á fullri togferð út frá landi, að því er honum virtist. Kvaðst hann hafa séð, að togvírarnir voru strekktir, er hann kom um borð, og er hann kom upp í brúna, hafi vélsíminn sýnt fulla ferð. Nokkru eftir að hann kom um borð, kvaðst hann hafa spurt ákærða um dýpið, og hafi hann sagt það vera 45 faðma. Kveðst hann síðan hafa litið á dýptarmælinn, og hafi honum virzt dýpið vera 45 faðmar. Gizkaði hann á, að fjarlægðin til baujunnar hafi þá verið um ½ sjómíla. Hann kvað sterkan vesturstraum hafa verið þarna. Hann kvaðst engar kompásmiðanir hafa gert um borð í St. Just, en hins vegar varð hann þess var, að ákærði var að framkvæma einhverjar kompásmiðanir með hendinni, en vissi ekki, hverjar þær voru. Þó kvað hann vel geta verið, að hann hafi handmiðað eftir kompásnum stefnuna til Reynisfjalls og Hjörleifshöfða, en hann hafi ekkert lagt upp úr slíkum miðunum, því þær séu svo ónákvæmar, og hafi hann hvorki lagt þær á minnið né skrifað þær niður. Hann kvað sér hafa virzt, er að var komið, að togararnir hafi togað sem næst samsíða, og hafi St. Just verið eilítið utar og vestar. Gizkaði hann á, að fjarlægðin milli togaranna hafi verið um það bil 100 faðmar. Hann fullyrti, að bauju varðskipsins hefði verið varpað út í kjölvatn beggja togaranna, og hafi þeir báðir augsýnilega farið yfir þann stað, þar sem baujunni var kastað.

Guðni Pálsson, II. stýrimaður varðskipsins, kvaðst hafa framkvæmt þær staðarákvarðanir með skipherra, sem ræðir um í skýrslunni. Skyggni var gott, og miðunarpunktar sáust vel. Kvað hann fullkomlega öruggt, að staðarákvarðanirnar hafi verið réttar. Hann fullyrti, að bauju varðskipsins hefði verið varpað út í kjölvatn beggja togaranna. Hafi fyrst verið siglt yfir kjölvatn Red Lancer's, sem var austlægari og heldur nær landi, og síðan í kjölvatn St. Just's, og þar var baujunni kastað út. Hann taldi, að St. Just hefði verið 100—150 faðma á eftir Red Lancer og örlítið utar, á að gizka 50 faðma, enda hafi skrúfuvötnin komið hér um bil saman.

Helgi Hallvarðsson, háseti á varðskipinu, kvaðst hafa komið um borð í St. Just ásamt I. stýrimanni. Ekki vissi hann, hvað klukkan var, er þeir komu um borð. Kvaðst hann hafa farið upp í stjórnklefa togarans, og skömmu eftir að hann kom þangað, tók hann eftir því, að ákærði hafi hringt á stopp, en áður hafi vélsíminn staðið á fullri ferð. Hann kveðst hafa heyrt ákærða segja, að dýpið væri 45 faðmar, og leit hann sjálfur á dýptarmælinn og sá, að þetta lét nærri. Um fjarlægðina milli togaranna kvaðst hann ekkert geta sagt, og ekki kvaðst hann heldur geta sagt um, hvort baujunni hafi verið kastað út í kjölvatn togaranna.

Kristinn Sigurðsson, viðvaningur á varðskipinu, kvaðst hafa útbúið baujuna, sem kastað var út frá varðskipinu. Kvaðst hann hafa tekið eftir, að baujunni var kastað út, er kjölvatn beggja togaranna kom saman. Að öðru leyti veitti það togurunum enga sérstaka athygli, enda hafi hann verið upptekinn við vinnu sína á þilfari.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hefur ákærði ekki haft uppi neinar athugasemdir við staðarákvarðanir varðskipsins við baujuna, og

þykir því bera að leggja þær til grundvallar, eins og þær eru. Ákærði hefur rengt, að baujan hafi verið sett niður í kjölvatn togara síns, og haldið því fram, að það, sem varðskipsmenn töldu kjölvatn togarans St. Just's, hafi verið straumvatn frá vörpu Red Lancer's, eftir að hann þverbeygði. En varðskipsmenn hafa harðlega mótmælt þessu og talið öruggt, að um kjölvatn togarans St. Just's hafi verið að ræða. Hefur skipherra varðskipsins, I. og II. stýrimaður og viðvaningur á varðskipinu staðfest þetta með eiði.

Skipherra varðskipsins virðist hafa nægjanlega gert grein fyrir þeim tíma, er leið frá því, að baujan var sett út, og þangað til komið var að togaranum, og þær líkur, sem ákærði hefur talið sig leiða að því, að togari sinn hafi verið utan landhelgi, er hann byggir á tímaákvörðun varðskipsins, eru það veikar og byggðar á ágizkunum, að ekki þykir fært að leggja neitt upp úr þeim. Samkvæmt þessu verður að telja sannað, að togarinn St. Just hafi togað yfir þann stað, er baujan var sett á, og hefur ákærði þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Togarinn St. Just er að stærð samkvæmt mælingabréfi 498,16 brúttó rúmlestir.

Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir sams konar brot, og með því að gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með tilvísun til 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, kr. 74.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er hann skal greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæta ella varðhaldi í 8 mánuði.

Þá skal og allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í St. Just L. O. 434 gerð upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo skal og ákærði greiða allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi.

Dómsorð:

Ákærði, Victor Allen Buschini, greiði kr. 74.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í St. Just L.O. 434 eru gerð upptæk, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 11/1952. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ingjaldi Kjartanssyni (Kristján Guðlaugsson)
og
Guðmundi Jónssyni (Sigurður Ólason).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við sölu þá, sem í málinu greinir, hafa ákærðu brotið gegn tilkynningu Viðskiptanefndar um hámarksálagningu nr. 37 frá 31. desember 1947, og varðar brot þeirra við þau refsiákvæði, sem segir í héraðsdómi. Þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað hvorrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnað í héraði staðfestast.

Hvor ákærðu greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 800.00. Allan annan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1400.00, greiði ákærðu in solidum.

Kristján Guðlaugsson hæstaréttarlögmaður hefur réttlætt drátt þann, sem varð af hans hendi við ritun varnar fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Ákærðu, Ingjaldur Kjartansson og Guðmundur Jónsson, sæti hvor um sig 2500 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 20 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði Ingjaldur Kjartansson greiði verjanda sínum

fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanni Kristjáni Guðlaugssyni, kr. 800.00 í málflutningslaun. Ákærði Guðmundur Jónsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sigurði E. Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 800.00 í málflutningslaun. Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 26. október 1951.

Ár 1951, föstudaginn 26. október, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans Einari Ingimundarsyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur lögfræðingi, meðdómara í verðlagsdómi Reykjavíkur, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3692—93/1951: Ákæruvaldið gegn Ingjaldi Kjartanssyni og Guðmundi Jónssyni, sem tekið var til dóms þann 28. fyrra mánaðar og síðan að aflokinni framhaldsrannsókn þann 12. þessa mánaðar.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn þeim ákærðu Ingjaldi Kjartanssyni rakara, Laugavegi 58B, og Guðmundi Jónssyni framkvæmdarstjóra, Snekkjuvogi 21, fyrir brot á lögum nr. 35/1950 um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, sbr. reglugerð nr. 82/1947 um verðlagseftirlit o. fl., til refsingar og upptöku eigna.

Báðir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Ingjaldur er fæddur 30. september 1919 í Reykjavík, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1934 31/12 Sátt: 5 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
1947 11/9 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ökuhraða bifreiðar.
1948 14/11 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1949 14/10 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1950 11/8 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði Guðmundur er fæddur 22. desember 1920 að Efri-Skútu á Siglufirði, og hefur hann, svo vitað sé, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Á Siglufirði:

1940 23/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir óspektir og mótþróa við lögregluna.

Á Akureyri:

1945 25/8 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð nr. 49/1936.

Í Reykjavík:

1948 10/12 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1949 10/10 Dómur: 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.
1950 20/6 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Vorið 1949 flutti heildverzlun Gísla Jónssonar & Co inn litla dráttarvél, 8.2 hestöfl, ásamt korndælu, mótor til að knýja það áhald með og tilheyrandi hjólaútbúnaði með dælunni. Var hér um sýnishorn að ræða, bæði hvað snerti dráttarvélina og hin tækin. Fyrrnefnd heildverzlun leitaði umsagnar ráðunauts Búnaðarfélags Íslands um þessa dráttarvél, en hann taldi hana of afllitla til notkunar hér á landi, og var því vélin ásamt fylgitækjum sínum ekki seld að svo stöddu, en geymd í geymsluskála nefndrar heildverzlunar á Seltjarnarnesi.

Einhvern tíma sumarið 1950 var ákærði Ingjaldur á ferð með Haraldi Gíslasyni námsmanni, Ægisgötu 10, og kom í geymsluskálann, sem dráttarvélin og fylgitæki hennar voru geymd í. Sá þá ákærði Ingjaldur dráttarvélina og spurði Harald, sem er sonur Gísla Jónssonar alþingismanns, en hann á heildverzlunina, sem við hann er kennd, hvort dráttarvélin og tækin með henni væru til sölu, og tók Haraldur að sér að aðstoða ákærða Ingjald við að fá þetta keypt. Haraldur kveðst, þegar kaup á þessari dráttarvél bárust í tal, hafa látið þess getið við ákærða Ingjald, að fróðir menn væru búnir að úrskurða, að tækin væru svo afllítil, að þau væru ekki hentug fyrir meiri háttar landbúnaðarstörf, heldur fremur fyrir gróðrarstöðvar og þess háttar. Síðan kynnti Haraldur sér það hjá Guðmundi Gíslasyni, framkvæmdarstjóra heildverzlunar Gísla Jónssonar & Co, hvað tækin kostuðu, og sagði ákærða Ingjaldi frá því. Eftir að ákærði Ingjaldur tók að hugleiða að kaupa tækin, sem hér ræðir um, kveðst Haraldur Gíslason hafa gert sér ferð með honum út að skálanum, sem tækin voru geymd í, sýnt ákærða Ingjaldi þau, og hafi þeir Haraldur og ákærði Ingjaldur síðan sett dráttarvélina í gang svo og mótorinn, sem fylgdi henni, og ekið dráttarvélinni eitthvað um nágrennið. Eftir því sem næst verður komizt, hafa þessi samskipti þeirra Haralds Gíslasonar og ákærða Ingjalds út af umræddum tækjum átt sér stað milli 20. og 30. ágúst 1950. Ákærði Ingjaldur hefur tekið fram, að hann hafi ekki haft neinn ákveðinn mann í huga, sem hann hugðist selja eða útvega dráttarvélina og tækin, sem hér ræðir um, heldur hafi hann gert ráð fyrir, að hann myndi geta selt einhverjum mönnum í sveit tækin. Eftir að ákærði Ingjaldur tók að hugsa um að kaupa tækin, fór hann þó inn í verzlunina Von hér í bæ og nefndi það a. m. k. við afgreiðslumanninn þar, hvort ekki myndi Gunnar Sigurðsson kaupmaður, sem einnig á og rekur bú að Gunnarshólma í Kópavogshreppi, vilja kaupa þessi tæki. Heldur þó Gunnar Sigurðsson því fram, að ákærði Ingjaldur hafi orðað þetta við hann sjálfan, en ákærði Ingjaldur neitar því, að svo hafi verið, heldur kveðst hann aðeins hafa haft orð á þessu við afgreiðslumanninn í verzluninni, Jón að nafni. Ekki verður séð, að ákærða Ingjaldi hafi verið veittur neinn ádráttur um, að Gunnar Sigurðsson kaupmaður keypti margnefnd

tæki, og kveðst ákærði Ingjaldur meira að segja aldrei hafa rætt þetta mál við hann sjálfan, eins og fyrr segir.

Einhvern tíma í ágústmánuði 1950, eftir að ákærði Ingjaldur fékk áhuga á að kaupa dráttarvélina og fylgitæki hennar, bað ákærði Ingjaldur ákærða Guðmund, sem er kunningi hans, um að selja fyrir sig dráttarvélina og fylgitæki hennar. Ber þeim ákærðu Ingjaldi og Guðmundi saman um, að ákærði Ingjaldur hafi þá látið þess getið við ákærða Guðmund, að bæði dráttarvélin og fyrrnefnd fylgitæki hennar væru notuð, en ekki hafi hann minnzt á, hvers vegna hann hafi keypt þessa hluti eða vildi nú selja þá. Einnig segir ákærði Guðmundur, að ákærði Ingjaldur hafi, er hann fól honum sölu á umræddum tækjum, látið þess getið, að hann vildi fá kr. 13.000.00 eða 13.500.00 fyrir öll tækin. Þessu hefur ákærði Ingjaldur hins vegar eindregið mótmælt, og kveðst hann, er hann fól ákærða Guðmundi sölu þessara hluta, alls ekki hafa minnzt á neina fjárupphæð, sem hann vildi fá fyrir þá, og hafa ákærðu, hvor um sig, haldið fast við þessa framburði sína. Leið nú nokkur tími, og var dráttarvélin og fylgitæki hennar, sem ákærði Guðmundur hafði tekið að sér að selja, eftir sem áður geymd í geymsluskála heildverzlunar Gísla Jónssonar. Þegar ákærði Ingjaldur fól ákærða Guðmundi að selja fyrir sig umrædd tæki, mun hann hafa látið þess getið við hann (ákærða Guðmund), að hann vissi til, að Gunnar kaupmaður í Von vildi e. t. v. kaupa þessi tæki. Þetta kveðst ákærði Ingjaldur hafa sagt til að reyna að flýta fyrir sölu á tækjunum, en ekki af því, að það hefði við nein rök að styðjast.

Um hádegisbilið þann 30. ágúst 1950 hitti Sigurður Benediktsson listaverkakaupmaður, Borgarholti við Engjaveg, ákærða Guðmund. Spurði þá ákærði Guðmundur Sigurð, hvort hann vildi kaupa af sér dráttarvél ásamt fylgitækjum. Kvaðst Sigurður ekki hafa neinn áhuga á að kaupa slík tæki fyrir sjálfan sig, en hins vegar vissi hann til, að Þorgrím Einarsson garðyrkjumann, Smyrilsvegi 22, vantaði litla dráttarvél til að nota við garðyrkjustöð sína, en Þorgrímur er kunningi Sigurðar. Tjáði Sigurður því ákærða Guðmundi, að til mála gæti komið, að hann vissi um kaupanda að dráttarvélinni. Segir Sigurður ákærða Guðmund þá hafa sagt sér, að ákveða þyrfti það fyrir kl. 3 þenna sama dag, hvort úr þessum kaupum yrði, því að ella mundi Gunnar kaupmaður í Von kaupa þessi tæki. Ekki kveðst ákærði Guðmundur muna eftir því, að hann hafi sett Sigurði Benediktssyni þenna ákveðna frest til ákvörðunar um kaup á umræddum tækjum, en vill þó ekki fullyrða, að svo kunni ekki að hafa verið. Segir ákærði Guðmundur, að hafi svo verið, að hann hafi tiltekið þenna frest til ákvörðunar um kaupin, þá muni hann hafa „slegið þessu fram", m. a. til að flýta fyrir væntanlegum kaupum Sigurðar á dráttarvélinni og fylgitækjum hennar. Sigurður Benediktsson segir ákærða Guðmund hafa sagt sér, er þeir ræddu um dráttarvélarkaupin, að hún og tækin, sem fylgdu henni, væru alveg ný og ónotuð. Ekki kannast ákærði Guðmundur við að hafa sagt Sigurði þetta, en kveðst annars ekki muna samtal þeirra Sigurðar um dráttarvélina orði til orðs. Eftir þetta samtal þeirra Sigurðar Benediktssonar og ákærða Guðmundar símaði Sigurður til Þorgríms Ein-

arssonar og tjáði honum, að hann myndi geta útvegað honum litla dráttarvél með fyrrnefndum fylgitækjum á kr. 22.000.00, en það verð hafði ákærði Guðmundur tilgreint á þessum tækjum. Jafnframt lét Sigurður þess getið við Þorgrím, að hann yrði að vera búinn að ákveða það fyrir kl. 3 þenna dag, hvort hann vildi kaupa tækin eða ekki. Segir Sigurður Þorgrím þegar hafa látið á sér skilja, að hann myndi sennilega vilja kaupa þessi tæki. Eftir samtalið við Þorgrím setti Sigurður sig í samband við ákærða Guðmund og bað hann um að halda fyrir sig dráttarvélinni og fylgitækjum hennar, því að hann hefði kaupanda að þessum hlutum. Þegar hér var komið, mun ákærði Guðmundur hafa sett sig í samband við ákærða Ingjald og sagt honum frá væntanlegri sölu dráttarvélarinnar og fylgitækja hennar, en Ingjaldur mun síðan hafa haft samband við Harald Gíslason, sem fyrr er nefndur, og lét hann síðan flytja tækin á vörubifreið úr skálanum, sem þau höfðu verið geymd í, að skrifstofu heildverzlunar Gísla Jónssonar & Co á Ægisgötu 10. Síðan setti Sigurður Benediktsson sig í samband við ákærða Guðmund, og fóru þeir síðan báðir vestur að skrifstofu heildverzlunar Gísla Jónssonar & Co á Ægisgötu 10, en þar var þá fyrir vörubifreið, og stóð á palli hennar umrædd dráttarvél og fylgitæki hennar. Þarna var staddur Haraldur Gíslason, og segir Sigurður Benediktsson sér hafa skilizt á öllu, að hann væri að einhverju leyti viðriðinn söluna á þessum tækjum, enda segir Sigurður ákærða Guðmund hafa verið búinn að segja sér það áður, að hann (ákærði Guðmundur) væri að selja þessi tæki fyrir Gísla Jónsson. Fóru þeir nú allir, Sigurður Benediktsson, ákærði Guðmundur og Haraldur Gíslason, heim til Þorgríms Einarssonar að Smyrilsvegi 22 með dráttarvélina og fylgitæki hennar. Segir Sigurður þetta hafa verið gert eftir kröfu sinni, því að hann hafi neitað að greiða tækin, fyrr en raunverulegur kaupandi þeirra væri búinn að sjá þau. Annars hefur Sigurður tekið fram, að sér hafi virzt sem einhver hula væri yfir sölu þessara tækja af hálfu þeirra, sem voru að selja þau, því að svo hafi virzt sem þeim væri áhugamál, að kaupandinn sæi ekki tækin, fyrr en kaupin væru ákveðin.

Þegar heim til Þorgríms Einarssonar var komið með dráttarvélina og fylgitæki hennar, varð það úr, að hann (Þorgrímur) keypti tækin öll, og voru þau síðan afhent honum, en Sigurður Benediktsson fór að skrifstofu heildverzlunar Gísla Jónssonar, hitti þar ákærða Guðmund og greiddi honum nú kr. 22.000.00, eins og upp var sett, fyrir dráttarvélina og öll fylgitæki hennar, en áður hafði Sigurður tekið við þessari fjárupphæð af Þorgrími Einarssyni. Fullnaðarkvittun fyrir þessari greiðslu fékk Sigurður hjá ákærða Guðmundi, daginn eftir að afhending tækjanna fór fram, og er hún dagsett 30. ágúst 1950, eða sama dag og tækin voru afhent og greidd.

Afhenti síðan ákærði Guðmundur ákærða Ingjaldi kr. 13.000.00 af andvirði hinnar seldu dráttarvélar og fylgitækja hennar, fremur en kr. 13.500.00, en um þetta atriði ber þeim ákærða Guðmundi og Ingjaldi ekki fyllilega saman. Stakk síðan ákærði Guðmundur því af andvirði tækjanna, sem afgangs var, þ. e. kr. 9000.00 fremur en kr. 8500.00, í eigin vasa, en

ákærði Ingjaldur greiddi dráttarvélina og fylgitæki hennar á skrifstofu Gísla Jónssonar & Co með kr. 7118.91 að meðtöldum söluskatti sama dag og Þorgrímur Einarsson keypti þessi tæki fyrir milligöngu Sigurðar Benediktssonar, og var þetta verð það, sem selja mátti vélina á. Virðist því ágóðahlutur ákærða Ingjalds af sölu tækjanna hafa numið kr. 5881.09, en hlutur ákærða Guðmundar kr. 9000.00, eins og fyrr segir. — Ekki er vitað til, að ákærði Ingjaldur hafi greitt Haraldi Gíslasyni neitt fyrir að útvega sér margnefnda dráttarvél og fylgitæki hennar, en upplýst er, að ákærði Guðmundur greiddi Sigurði Benediktssyni kr. 200.00 fyrir að útvega honum kaupanda að umræddum tækjum. Þeir Þorgrímur Einarsson og Sigurður Benediktsson hafa jafnan haldið því fram við rannsókn málsins, að dráttarvélin og tilheyrandi tæki með henni hafi verið ný og ónotuð með öllu, þegar Þorgrímur keypti hana. Hins vegar hefur Haraldur Gíslason og þó sérstaklega ákærði Ingjaldur haldið því eindregið fram, að a. m. k. dráttarvélin hafi verið eitthvað notuð. Vegna þessa var þeim Pálma Einarssyni landnámsstjóra, Rauðarárstíg 36, og Árna G. Eylands, fulltrúa í atvinnumálaráðuneytinu, falið að skoða og láta uppi álit sitt um, hvort dráttarvélin, sem hér ræðir um, og fylgitæki hennar væru ný og ónotuð, þar sem tæki þessi voru geymd hjá Þorgrími Einarssyni, núverandi eiganda þeirra.

Í álitsgerð sinni segja fyrrnefndir menn, að það sé álit þeirra, að vélarnar og tækin, sem hér ræðir um, sé allt nýtt og ónotað, þótt sjá megi á áferð málningar og því um líku, að hlutirnir séu ekki alveg nýkomnir frá verksmiðju.

Um slit og önnur merki notkunar sé hvergi að ræða.

Þegar eftir að Þorgrímur Einarsson keypti dráttarvélina og tækin, sem með henni fylgdu, gerðist hann óánægður með kaupin, þar eð hann kveðst hafa séð fram á, að þessi tæki voru ekki nálægt því 22000 króna virði, eins og hann hafði greitt fyrir þau, og auk þess hafi dráttarvélin ekki verið hagkvæm til þeirra nota, sem Þorgrímur hugðist hafa af henni.

Kveðst hann því hafa reynt að selja vélina og tækin, sem fylgdu henni, á sama verði og hann keypti hana, en enginn hafi viljað kaupa. Síðan sneri Þorgrímur sér til ákærða Guðmundar og kveðst hafa beðið hann um að taka vélina aftur og endurgreiða sér hana eða að endurgreiða sér það, sem hann taldi vera fram yfir rétt verð hennar og tækjanna, sem fylgdu henni, en Þorgrímur telur, að hlutir þessir séu ekki nema 10000 króna virði. Hvorugt af þessu segir hann ákærða Guðmund hafa viljað, eða öllu heldur hafi hann ekki anzað málaleitan sinni. Sneri Þorgrímur sér síðan til verðgæzlunnar með beiðni um, að hún aðstoðaði sig við að fá einhverja leiðréttingu mála sinna. Beiddist verðgæzlustjóri síðan rannsóknar á máli þessu með bréfi, dags. 7. desember s.l.

Ákærði Guðmundur hefur tekið fram út af þessu, að hann hafi ekki tekið í mál að endurgreiða nokkurn hluta kaupverðs umræddra tækja eða að öðrum kosti að taka við þeim aftur, bæði vegna þess að langur tími var þá liðinn, frá því að Þorgrímur hafði keypt tækin, svo og vegna þess að Þorgrímur gæti sjálfum sér kennt um að kaupa tækin á þessu verði.

Hins vegar kveðst ákærði Guðmundur hafa boðizt til að reyna að selja tækin fyrir Þorgrím, en ekki hafi hann virzt hafa áhuga á því, því að hann hafi umsvifalaust snúið sér til skrifstofu verðgæzlustjóra og kvartað þar undan hinu háa verði, sem hann hafði keypt tækin á.

Samkvæmt áliti þeirra Pálma Einarssonar og Árna G. Eylands, sem getið er um hér að framan, verður að telja nægilega sannað, að dráttarvélin, sem hér ræðir um, svo og tæki þau, sem henni fylgdu, hafi verið ný og ónotuð, þegar þeir ákærðu seldu þessa hluti, og hafi því um sölu þeirra gilt ákvæði tilkynningar verðlagsstjóra nr. 31 16. ágúst 1950 um hámarksverð á nokkrum vörutegundum, en samkvæmt þessari tilkynningu er aðeins heimiluð ein álagning á þessa hluti.

Rétt verð samkvæmt fyrrnefndri tilkynningu á dráttarvélinni og tækjunum, sem fylgdu henni, mun hafa verið kr. 7118.91 að söluskatti meðtöldum, en á þessu verði seldi Gísli Jónsson & Co ákærða Ingjaldi dráttarvélina og fylgitæki hennar. Allt annað verð, sem hærra var en þessari upphæð nam, á fyrrnefndum hlutum verður því að telja rangt og óleyfilegt samkvæmt þágildandi verðlagsákvæðum, og telst því ljóst, að með því að selja hluti þessa á rúmlega þreföldu verði, miðað við leyft hámarksverð, hafi báðir ákærðu, Ingjaldur Kjartansson með því að láta selja hlutina og veita móttöku miklu hærri upphæð fyrir þá en hann vissi, að leyfilegu hámarksverði á þeim nam, og ákærði Guðmundur Jónsson með því að framkvæma söluna fyrir hann, gerzt brotlegir við 1. mgr. 4. gr. sbr. 3. mgr. 19. gr. laga nr. 35 27. apríl 1950 um verðlag o. fl., sbr. 2. mgr. 17. gr. sbr. 2. mgr. 39. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um verðlagseftirlit o. fl. Þykir refsing þeirra eftir atvikum og með tilliti til þess hagnaðar, sem þeir höfðu af sölu margnefndra hluta, hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, greiði ákærðu hana ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í sambandi við tildæmda refsingu ákærða Ingjalds þykir rétt að geta þess, að við ákvörðun refsingarinnar er einnig höfð hliðsjón af því, að ekki verður annað séð en að ákærði Ingjaldur hafi keypt dráttarvélina og fylgitæki hennar í þeim tilgangi einum að selja hana, en virðist alls engin not hafa ætlað að hafa af henni sjálfur. Þykir þetta ekki gera hlut ákærða Ingjalds neinu betri en ákærða Guðmundar í máli þessu, þótt ákærði Guðmundur ákvæði verðið svo hátt, sem raun bar vitni, og framkvæmdi söluna.

Þorgrímur Einarsson hefur krafizt þess, að ákærðu endurgreiði honum það af söluverði dráttarvélarinnar og fylgitækja hennar, sem kynni að reynast fram yfir leyfilegt verð hennar og féll í hlut ákærðu, eftir að Þorgrímur greiddi þessa hluti.

Báðir hafa hinir ákærðu lýst yfir því, að þeir féllust ekki á að endurgreiða Þorgrími neitt af þessum hagnaði þeirra. Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt um rétt verð dráttarvélarinnar og fylgitækja hennar, þ. e. að það hafi verið kr. 7118.91 og að allt annað verð, sem hærra var en þessari upphæð nam, hafi því verið rangt og óleyfilegt, þykir rétt og sjálfsagt, að ákærðu endurgreiði kaupanda hlutanna, Þor-

grími Einarssyni, þann hagnað, sem þeir höfðu af sölunni og telja verður samkvæmt framansögðu hafa verið ólöglegan. Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt um rétt verð hlutanna og það verð, sem ákærði Guðmundur Jónsson seldi Þorgrími Einarssyni þá á, hefur hagnaður ákærðu af sölu þeirra verið kr. 14.881.09, og þykir samkvæmt þeirri niðurstöðu, sem þegar er fengin, bera að dæma þá ákærðu in solidum til að greiða Þorgrími Einarssyni þessa upphæð innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Ingjaldur og Guðmundur, greiði hvor skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Guðlaugssyni hrl. og Þorvarði K. Þorsteinssyni hdl., kr. 400.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði þeir ákærðu in solidum.

Á máli þessu hefur orðið talsverður dráttur. Stafar hann af því, að skipuðum verjendum ákærðu, þó aðallega Kristjáni Guðlaugssyni hrl., voru veittir ítrekaðir framlengdir frestir til að skila vörnum sínum. Dróst það í um 4 mánuði fram yfir upphaflega ákveðinn tíma, að verjendurnir skiluðu vörnum sínum, og afsökuðu þeir þenna drátt með önnum sínum og töku sumarleyfis og Kristján auk þess með veikindaforföllum sínum síðari hluta sumars.

Ekki þykir þessi dráttur verjendanna vera nægilega réttlættur og ber að víta þá fyrir hann, sérstaklega Kristján Guðlaugsson hrl., sem telst bera frekari ábyrgð á drættinum.

Dómsorð:

Ákærðu, Ingjaldur Kjartansson og Guðmundur Jónsson, greiði hvor 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og afpláni þeir hvor sektina með varðhaldi í 40 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum Þorgrími Einarssyni, Smyrilsvegi 22 hér í bæ, kr. 14.881.09 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Guðlaugssyni hrl. og Þorvarði K. Þorsteinssyni hdl., kr. 400.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 84/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Önnu Jónsdóttur f. h.
dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda. Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýjanda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Anna Jónsdóttir f. h. dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, máls-

kostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m. og endurupptekið í dag og lagt að nýju í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna af Önnu Jónsdóttur, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar með stefnu, útgefinni 21. maí 1951, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta, að fjárhæð kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur sjóveðréttur í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur hvorki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að sonur hennar Sigurður A. Gíslason hafi verið skipverji á m/s Helga Ve. 333, eign stefnda, er það fórst við Faxasker hinn 7. janúar 1950, og hafi hann farizt þar með skipinu. Glötuðust þá allar eigur hans, er hann hafði með sér í skipinu. Telur stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. janúar 1945, sem settar eru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi Sigurðar A. Gíslasonar fébætur fyrir eignir hans, sem fórust með skipinu, er nemi ofangreindri fjárhæð.

M/s Helgi Ve. 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114,75 rúmlestir brúttó, en 60,34 rúmlestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða dánarbúinu kr. 1600.00 í bætur fyrir eignatjón við slysið, að viðbættri verðlagsuppbót. Kauplagsvísitalan í janúar 1950 var 300, og nema því bæturnar kr. 4800.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Svo þykir og rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Samkv. 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febrúar 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Önnu Jónsdóttur f. h. dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 85/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h.
dánarbús Hálfdánar B. Brynjólfssonar
(Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda. Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýjanda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Anna S. Þorsteinsdóttir f. h. dánarbús Hálfdánar B. Brynjólfssonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. þ. m. og endurupptekið í dag og að nýju lagt í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna af Önnu S. Þorsteinsdóttur, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Hálfdánar B. Brynjólfssonar með stefnu, útgefinni 21. þ. m., birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðaveg 20, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta samkvæmt reglum nr. 13/1945, að upphæð kr. 4800.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur lögveðréttur í vátryggingarfé m/s Helga, eign stefnda, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur ekki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir kröfum sínum:

Eiginmaður hennar, Hálfdán B. Brynjólfsson, var skipstjóri á m/s Helga, eign stefnda, en skip þetta fórst og hann með því 7. janúar 1950 við Faxasker í Vestmannaeyjum. Glötuðust þá allar eigur Hálfdánar heitins, er hann hafði með sér í skipinu. Kveður stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. janúar 1945, sem settar eru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem eiganda og útgerðarmanni m/s Helga að greiða dánarbúi Hálfdánar heitins fébætur fyrir eignir hans, er fórust við fyrrgreint sjóslys. M/s Helgi var 114.75 rúmlestir brúttó, en 60.34 rúmlestir nettó, og nemi því bæturnar kr. 1600.00, að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt 2. sbr. 4. gr. nefndra reglna. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands hafi kauplagsvísitalan numið 300 í janúar 1950. Nemi því heildarupphæð bótanna kr. 4800.00 og fylgi þeim lögveðréttur í vátryggingarfé skips samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febr. 1936.

Alkunnugt má telja, að m/s Helgi Ve. 333 fórst með allri áhöfn hinn 7. janúar 1950. Stærð skipsins var 114,75 rúmlestir brúttó, en 60,34 nettó. Kauplagsvísitalan nam 300, er skipið fórst. Samkvæmt þessu er ljóst, að dánarbú Hálfdánar B. Brynjólfssonar, er fórst með skipinu, á samkvæmt ofangreindum ákvæðum rétt til þeirrar upphæðar úr hendi stefnda, sem

krafizt er í máli þessu. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina og ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h. dánarbús Hálfdánar B. Brynjólfssonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 86/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Huldu Hallgrímsdóttur f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar

tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda. Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýjanda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Hulda Hallgrímsdóttir f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m. og endurupptekið í dag og að nýju lagt í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna af Huldu Hallgrímsdóttur, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar vélstjóra með stefnu, útgefinni 21. maí 1951, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta, að fjárhæð kr. 5100.00, með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur lögveðréttur í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333, eign stefnda, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur ekki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að maður hennar, Gústaf Runólfsson vélstjóri, hafi farizt með m/s Helga, eign stefnda, við Faxasker 7. janúar 1950, og hafi hann þá verið vélstjóri á skipinu. Glötuðust þá allar eigur Gústafs heitins, er hann hafði með sér í skipinu. Telur stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. jan. 1945, sem settar eru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem

eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi hans fébætur fyrir eignir hans, er fórust við sjóslysið.

M/s Helgi Ve. 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114,75 rúmlestir brúttó og 60,34 rúmlestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða dánarbúinu kr. 1700.00 í bætur fyrir eignatjón við sjóslysið, að viðbættri verðlagsuppbót. Kauplagsvísitalan í janúar 1950 var 300, og nema því bæturnar kr. 5100.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Svo þykir og rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 850.00 í málskostnað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febr. 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Huldu Hallgrímsdóttur f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar, kr. 5100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1952.

Nr. 84/1952. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Guðna Ragnari Þorgrímssyni
(Ragnar Ólafsson)
og
Júlíusi Magga Magnús (Sigurgeir Sigurjónsson).

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur Hæstaréttar.

Háttsemi ákærða Guðna Ragnars Þorgrímssonar, sem lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, varðar við refsiboð þau, sem þar eru talin. Þykir refsing ákærða af héraðsdómara

hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 bera að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 mánuði.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús hefur lýst því, að hann hafi, er slysið varð, ekið yfir gatnamótin með 25—30 km hraða, og benda atvik málsins, einkum hversu árekstursinn var harður, til þess, að hraði bifreiðar hans hafi sízt verið minni. Hefur ákærði því gerzt sekur um brot gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Er refsing hans þar hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 3 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Hvor hinna ákærðu greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 600.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki gert grein fyrir því, hvers vegna skaðabótakrafa sú, er höfð var uppi í málinu, var ekki tekin til frekari meðferðar, sbr. 145. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson greiði málflutn-

ingslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1952.

Ár 1952, föstudaginn 18. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1139—40/1952: Ákæruvaldið gegn Guðna Ragnari Þorgrímssyni og Júlíusi Magga Magnús, en mál þetta var dómtekið 1. þ. m.

Í máli þessu er Guðni Ragnar Þorgrímsson verkamaður, Mávahlíð 43, ákærður fyrir að hafa brotið 3. mgr. 23. gr., 4. og 5. sbr. 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 5. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941, 1. mgr. 28. gr. og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, 219. sbr. 218. gr. laga nr. 19/1940 og fyrirmæli um aðalbrautir, sett samkvæmt 7. gr. umferðarlaga, með því að aka bílnum R 3139 um kl. 8.10 30. maí f. á. norður Lönguhlíð og út í gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar of hratt og ógætilega og án þess að virða umferðarrétt bílsins R 308, er var ekið vestur Miklubraut, sem er aðalbraut, á þessum tíma út í nefnd gatnamót, með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bílanna og þeir skemmdust talsvert, og ökumaður bílsins R 308 hlaut töluverð meiðsli. Þá er ákærði og talinn hafa ekið bílnum í umrætt skipti haldinn slíkri þreytu og sljóleika vegna mikillar vinnu næstu daga á undan og svefnleysis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bílnum.

Júlíus Maggi Magnús forstjóri, Hæðargarði 26, er ákærður fyrir að hafa brotið gegn 4. og 5. sbr. 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur með því að aka bílnum R 308 í framangreint skipti vestur Miklubraut og út í gatnamót Miklubrautar og Lönguhlíðar of hratt og ógætilega með þeim afleiðingum, að hann varð meðvaldur að árekstri þeim, er áður getur.

Hinir ákærðu ákærast báðir til refsingar og greiðslu skaðabóta og málskostnaðar og Guðni Ragnar auk þess til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Guðni Ragnar fæddur 20. júní 1925 og Júlíus Maggi 20. febr. 1921. Þeir hafa sætt refsingum, sem hér segir:

Ákærði Júlíus Maggi Magnús:

1940 5/11 Áminning fyrir að sinna ekki umferðarmerki lögreglu.
1942 1/5 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik og að flytja vín af veitingastað. Fellt niður.
1942 5/5 Sátt: 100 króna skaðabætur fyrir líkamsmeiðingu.
1948 5/7 Sátt: 50 króna sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1948 21/12 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1949 22/2 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1949 23/11 Sátt: 50 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1950 3/5 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1950 15/7 Dómur: 12 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir ölvun við akstur bifreiðar.

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson:

1951 24/5 Sátt: 50 króna sekt fyrir brot á 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 30. maí f. á. um kl. 8 f. h. ók ákærði Júlíus Maggi Magnús bifreið sinni R 308, sem er 4 manna fólksbifreið af gerðinni Ford, árg. 1936, vestur Miklubraut og var einn í bifreiðinni. Er hann kom að mótum Lönguhlíðar og Miklubrautar, var bifreiðin R 3139, sem er 6 manna fólksbifreið, Chrysler, árg. 1934, að koma að gatnamótunum sunnan Lönguhlíð. Ákærði Guðni Ragnar stýrði þessari bifreið. Bar honum að nema staðar við gatnamótin, meðan R 308 færi fram hjá, þar sem Miklabraut er aðalbraut. Í stað þess ók hann bifreið sinni út í gatnamótin í veg fyrir R 308, og varð nú árekstur milli bifreiðanna, þannig að framendi R 308 lenti á hægri hlið R 3139. Báðar bifreiðarnar urðu fyrir miklum skemmdum. Brotnaði framstuðari R 308 af, vatnskassahlíf og vatnskassi eyðilögðust, framaurbretti beygluðust, vélarhúshlífar dældúðust og gengu aftur, en R 3139 beyglaðist mikið hægra megin.

Ákærði Júlíus Maggi kveðst hafa ekið með hóflegum hraða og dregið úr hraðanum, er hann nálgaðist gatnamótin. Þá kveðst hann hafa séð R 3139 koma sunnan Lönguhlíð, og hafi hún virzt á hóflegum hraða, og segir Júlíus, að sér hafi virzt dregið úr hraða hennar, er hún nálgaðist gatnamótin, og jafnframt hafi ökumaðurinn litið við, og taldi Júlíus þá, að hann sæi til ferða R 308. Kveðst Júlíus því hafa stigið á ný á benzíngjöfina og beint athygli sinni frá R 3139 og hugað að annarri umferð. Þá hafi hann orðið var við, að R 3139 var ekið í veg fyrir R 308, og hafi nú engum togum skipt, að orðið hafi árekstur. Ekki kveðst hann hafa getað gert sér grein fyrir, hvort honum vannst tími til að hemla, áður en áreksturinn varð, en eftir slysið hafi lögreglan bent sér á örstutt hemlaför eftir bifreiðina, og af því megi sjá, að hann hafi hemlað.

Ákærði Guðni Ragnar kveðst hafa ekið fremur hægt, eða innan við 30 km hraða, miðað við klukkustund, norður Lönguhlíð. Hann játar, að

hann hafi ekki sýnt næga aðgæzlu við gatnamótin, og hafi orsökin verið sú, að er hann nálgaðist gatnamótin, hafi hann heyrt eitthvert skrölt aftur í bifreiðinni og þá litið aftur til að gæta að, hvað um væri að vera, en ekki stöðvað bifreiðina, og hafi hún því runnið inn á gatnamótin, án þess að hann tæki eftir R 308, fyrr en í óefni var komið. Kveðst hann hafa séð R 308 svo seint, að hann hafi ekkert getað gert til að afstýra árekstri.

Ákærði Guðni Ragnar kveðst hafa verið dálitið þreyttur og syfjaður, enda hafi hann næstu daga á undan unnið lengi frameftir, en vaknað snemma á morgnum. Einnig hafi hann verið nýstiginn upp úr veikindum. Ekki kveðst hann þó hafa verið neitt verulega miður sín.

Við áreksturinn kastaðist Júlíus Maggi fram og rak hnéð í stýrislæsingu bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að hnéskel hans brotnaði. Samkvæmt vottorði Landsspítalans voru gipsumbúðir settar um fótinn, og voru þær fyrst teknar af hinn 4. júlí, og var hnéð þá ekki jafngott.

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson stöðvaði eigi bifreið sína við nefnd gatnamót, eins og honum bar, með því að Miklabraut er aðalbraut. Hefur hann þannig unnið til refsingar samkvæmt 14. gr. umferðarlaga. Honum bar að stöðva bifreið sína, ef hann þurfti að athuga aftur í hana, en það gerði hann ekki, heldur lét bifreiðina renna áfram án þess að sýna nokkra aðgát. Þessi háttsemi varðar við 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941. Eigi þykir upplýst, að ökuhraði bifreiðar hans hafi út af fyrir sig verið ólöglega mikill. Eigi þykir heldur gerlegt að slá því föstu, að ástand hans hafi verið slíkt, sem um ræðir í 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, enda telur hann sjálfur, að hann hafi ekki verið verulega miður sín, og ekki telja lögregluþjónar þeir, er á staðinn komu eftir áreksturinn, að neitt hafi verið athugavert að sjá við ástand ákærða. Leiðir þetta til þess, að ákærði Guðni Ragnar verður sýknaður af ákæru um brot á 23. og 26. gr. laga nr. 23/1941 og 46. gr. lögreglusamþykktar.

Gáleysi ákærða Guðna Ragnars leiddi til þess, að meðákærði hlaut mikil meiðsli. Hefur ákærði Guðni Ragnar því brotið 219. gr. sbr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða Guðna Ragnars hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún varðhaldi 8 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir ástæða til að svipta hann ökuleyfi bifreiðarstjóra.

Ákærði Júlíus Maggi þykir ekki hafa sýnt svo mikla aðgæzlu sem skyldi. Bar honum, enda þótt hann ætti umferðarréttinn, að gæta vel að umferð, er hann ók yfir gatnamótin, en það virðist hann ekki hafa gert, enda er svo að sjá, að hann hafi verið búinn að missa algerlega sjónar á R 3139, áður en áreksturinn varð, enda þótt hún væri þá á leið í veg fyrir bifreið hans. Það, hve áreksturinn var harður, bendir til þess, að hraða R 308 hafi ekki verið nægilega í hóf stillt. Þykir þessi ákærði því hafa brotið ákvæði þau, er í ákæru greinir. Aðalorsökina að árekstrinum verður þó að telja gáleysi ákærða Guðna Ragnars, er áður er rakið. Þykir refsing ákærða Júlíusar Magga hæfilega ákveðin 200 króna sekt

til ríkissjóðs, og afplánist hún 3 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Bótakröfum hefur ekki verið komið að í málinu.

Dæma ber hina ákærðu til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 8 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 3 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. nóvember 1952.

Nr. 161/1950. **Kirkjusandur h/f** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
(Einar B. Guðmundsson).

Miðlun vaxta- og geymslukostnaðar hraðfrysts fisks í frystihúsum innan félagssamtaka Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Eigandi frystihúss bundinn af samþykktum á fundum sölusamtakanna um þetta efni.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1950. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að stefnda verði dæmt skylt að greiða áfrýjanda eftirstöðvar af andvirði hraðfrysts fisks, sem stefndi seldi vegna áfrýjanda á árinu 1947, en stefndi hefur haldið eftirstöðvum þessum til lúkningar geymslu- og vaxtagjaldi því, sem í málinu greinir.

Varakrafa: Að dæmt verði, að stefnda sé heimilt að halda eftir af nefndu andvirði fé einungis til lúkningar umræddu vaxtagjaldi.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kirkjusandur h/f, greiði stefnda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Kirkjusandur h/f hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. júní 1949, gegn Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 11.350.89, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í hinum munnlega málflutningi varð að samkomulagi með umboðsmönnum aðilja að skipta máli þessu þannig, að nú skyldi aðeins dæmt um greiðsluskyldu stefnda, og samþykkti dómarinn þá málsmeðferð.

Gerði stefnandi nú þær dómkröfur, *aðallega* að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvar þær af andvirði hraðfrysts fisks, sem stefndi seldi af framleiðslu stefnanda á árinu 1947, en hefur haldið eftir til greiðslu svonefnds vaxta- og geymslugjalds, en til *vara* að stefnda verði aðeins heimilað að halda eftir af nefndu andvirði fé til vaxtajöfnunar. Í báðum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er stofnuð snemma á árinu 1942 og tilkynnt til firmaskrár Reykjavíkur 4. september þ. á. Samkvæmt 2. gr. félagslaganna er tilgangur félagsins sá að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, leita eftir nýjum mörkuðum fyrir slíkar afurðir og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsum. Enn fremur annast innkaup á ýmsum nauðsynjum til rekstrar hraðfrystihúsa. Félagsmenn geta þeir einir orðið, sem reka hraðfrystihús annaðhvort sem eigendur eða leigutakar. Þeir, sem vilja sækja um inngöngu í

félagið, skulu senda félagsstjórn skriflega umsókn, og samþykki stjórnin að taka inngöngubeiðnina til greina, öðlast umsækjandi full félagsréttindi, strax og hann hefur undirritað skuldbindingu um að hlýða lögum og samþykktum félagsins og greitt fyrsta hluta inntökugjalds. Í 4. gr. er inntökugjaldið ákveðið kr. 500.00 fyrir hvert hraðfrystihús, sem umsækjandi rekur og óskar að gerast félagsmaður fyrir, og auk þess 3‰ af andvirði seldra afurða á vegum félagsins á fyrsta heila starfsári hraðfrystihússins. Í 6. gr. er sagt, að félagsmenn séu skyldir að hlýða lögum félagsins og löglegum samþykktum þess. Samkvæmt ákvæðum 7. gr. ber félagsmönnum að afhenda félaginu alla framleiðslu frystihúsa sinna til sölumeðferðar, jafnóðum og hún er fullbúin, og er þeim eigi heimilt að selja hana sjálfir eða fela öðrum sölu hennar. Í 7. gr. segir enn fremur, að félagsstjórninni beri að annast um sölu afurða frystihúsa félagsmanna sinna og skuli á allan hátt haga sölumeðferð og afskipun þannig, að gætt sé sem bezt hagsmuna félagsmanna. Þá segir enn fremur, að skylt sé að greiða sama verð til félagsmanna fyrir alla framleiðslu sömu tegundar og jafna að gæðum og tilbúna til sölu á sama tíma eða á tímabili, sem félagsfundur eða félagsstjórn ákveða. Greiðsla á andvirði afurðanna til félagsmanna skal jafnan fara fram, svo fljótt sem frekast er hægt. Þá er ákveðið í 10. gr., að til að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi þess skuli félagsstjórnin halda eftir 1% af fobverði seldra afurða hraðfrystihúsa félagsmanna, og auk þess sé heimilt að leggja allt að 15% á verð þeirra nauðsynja, sem félagið selji félagsmönnum. Í 11. gr. segir, að ef rekstrarhagnaður verði, geti aðalfundur ákveðið að leggja skuli 25% af honum í varasjóð, en að öðru leyti skiptist slíkt fé milli félagsmanna í hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers eins og færist á sérstakan reikning hvers félaga. Slíkar fjárhæðir skulu standa sem lán til félagsins, þar til aðalfundur gerir aðrar ráðstafanir. Verji félagið fé til markaðsleita eða framleiðslutilrauna, skal vera heimilt að greiða slíkan kostnað af innstæðum þessum, hlutfallslega eftir innstæðufjárhæð félagsmanna, ef ekki er til fé í félagssjóði eða varasjóði til að standast slíkan kostnað. Um aðalfundi segir í 12. gr., að þá skuli halda árlega, en aukafundi, þegar stjórn félagsins telur nauðsyn á eða báðir endurskoðendur eða ⅕ hluti atkvæðamagns óskar. Þá segir í sömu grein, að aðalfundur fari með æðsta vald í öllum félagsmálum og fundir séu lögmætir, þegar meiri hluti félagsmanna mæti. Afl atkvæða ráði yfirleitt á fundum. Í 18. gr. er ákveðið, að lögum félagsins verði ekki breytt nema á aðalfundi og séu að minnsta kosti ⅔ atkvæða samþykkir breytingunni. Ef lagabreytingar hafi ekki verið tilkynntar í fundarboði, fái þær þó aðeins gildi, ef ¾ atkvæðamagns fundarmanna samþykki þær. Þeim ákvæðum, sem bundin eru í stofnsamningi félagsins, verði þó aðeins breytt með samþykki allra félagsmanna.

Meginhluti þeirra, er hraðfrystihús reka hér á landi, gerðust brátt félagar í samtökum þessum.

Þann 14. nóvember 1946 var haldinn aukafundur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ekki er annað fram komið en að fundur þessi hafi verið lögmætur. Á fundi þessum kom fram svohljóðandi tillaga frá stjórn fé-

lagsins: „Undanfarið hefur skapazt mikið misrétti milli hinna ýmsu húsa vegna ójafnrar afskipunar á framleiðslu þeirra. Aukafundur S. H. samþykkir því að reyna að ná jöfnuði í þessum efnum og auðvelda um leið framkvæmd flutninganna án þess að skapa misrétti milli frystihúsanna með því að greiða 3 aura pr. kg fyrir vaxta- og geymslukostnaði. — Geymslugjaldið sé reiknað frá 1. degi næsta mánaðar eftir framleiðslu fisksins samkvæmt vottorðum matsmanna."

Um tillögur þessar urðu allmiklar umræður. Kom þá fram svohljóðandi miðlunartillaga: „Aukafundur S. H. samþykkir, að meginreglan við afskipun fisksins frá hraðfrystihúsunum skuli vera sú, af afskipun verði sem jöfnust.

Fari svo, að ekki verði unnt að framfylgja þessum ákvæðum, skulu þau frystihús, sem orðið hafa afskipt við afskipun, fá greitt geymslugjald, 5 aura pr. kg á mánuði.

Gjald þetta skal reiknast út eftir á í árslok og greiðast af þeim frystihúsum, sem fengið hafa fljótari afskipun en þeim ber samkvæmt reglum S. H."

Við tillögu þessa kom fram sú breytingartillaga, að gjaldið skyldi aðeins vera 4 aurar og skiptast í tvennt, 2¾ eyris fyrir geymslu og 1¼ eyris fyrir vöxtum. Breytingartillaga þessi var samþykkt með samhljóða atkvæðum, og miðlunartillagan þannig breytt einnig samþykkt með samhljóða atkvæðum. Á þessum tíma var stefnandi ekki félagi í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en fyrirsvarsmaður hans virðist hafa setið að einhverju leyti á fundi þeim, sem að framan getur. Hins vegar virðist stefnandi hafa gengið í félagið um áramótin 1946 og 1947.

Næst var haldinn aukafundur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna dagana 24. til 27. febrúar 1947. Lét stefnandi sækja fund þenna, sem virðist hafa verið lögmætur. Á fundi þessum kom fram svohljóðandi tillaga varðandi þessi mál:

„Fundurinn samþykkir, að sömu ákvæði um geymslugjald og vaxta, sem samþykkt voru á síðasta aukafundi um framleiðslu þessa árs, skuli gilda um þær birgðir, sem óseldar voru um síðustu áramót." Tillaga þessi var samþykkt með samhljóða atkvæðum. Þá var einnig samþykkt svohljóðandi tillaga með samhljóða atkvæðum: „Fundurinn samþykkir, að S. H. skuli leggja fyrir næsta aðalfund skýrslu um, hvað hverju frystihúsi hefði borið á árinu 1946 í geymslugjald og borið að greiða, ef miðað er við samþykkt síðasta aukafundar."

Aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna fyrir árið 1947 var haldinn dagana 11. til 13. júní 1947. Fundur þessi virðist hafa verið lögmætur, og lét stefnandi sækja fund þenna. Á fundi þessum var lesin upp tillaga sú, sem samþykkt hafði verið um vaxta- og geymslugjald á aukafundinum þann 14. nóvember 1946 og að framan er rakin. Enn fremur var lesin upp tillaga sú, sem fram kom á aukafundinum 24.—27. febrúar 1947 um að leggja skyldi fyrir aðalfundinn skýrslu um geymslugjald á árinu 1946 og að framan er rakin. Voru tillögur þessar bornar undir atkvæði og samþykktar með samhljóða atkvæðum. Hins vegar kom ekki fram á fundi

þessum tillaga sú, sem samþykkt var á aðalfundinum 24.—27. febrúar 1947 um, að vaxta- og geymslugjaldsreglurnar, sem samþykktar voru á fundinum 14. nóvember 1946, skyldu gilda um þær birgðir, sem voru óseldar um áramótin 1946 til 1947. Þá var samþykkt á fundi þessum, að verð þess fisks, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna seldi fyrir félagsmenn, skyldi gert upp að fullu strax eftir afskipun að frádregnum 2% umboðslaunum og 3% rekstrarláni, sem félagið skyldi halda eftir. Rekstrarlánið skyldi greitt við reikningslok framleiðsluárs. Á fundi þessum var einnig samþykkt sú breyting á 10. gr. laga félagsins, að félagsstjórnin hefði heimild til að halda eftir 2% af fobsöluverði afurða félagsmanna til þess að standast straum af kostnaði við starfsemi félagsins.

Fyrrnefndum 3% af andvirði hraðfrysta fisksins var síðan haldið eftir, er gert var upp við frystihúsin á árinu 1947, og virðist hafa verið fært á svonefndan geymslu- og vaxtareikning.

Á aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í desember 1947 kom fram fyrirspurn til stjórnar félagsins um, hvernig væri varið þeim 5%, sem haldið væri eftir af andvirði hraðfrysts fisks, sem félagið seldi. Skýrði formaður félagsins frá því, að 2% gengju til starfsemi félagsins, en 3% ættu að fara til þess að jafna misræmi það, sem orðið hefði milli húsanna í sambandi við afskipanir, þar eð ekki hefði verið hægt að hafa afskipanir jafnar frá öllum. Á þessum sama fundi kom einnig fram fyrirspurn um, hvernig væri með uppgjör á þeim 3%, sem greidd hefðu verið inn á geymslu- og vaxtareikning.

Á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem haldinn var 16.—19. júní 1948, voru þessi mál enn til umræðu. Ekki er annað fram komið en að fundur þessi hafi verið lögmætur, og var hann sóttur af fyrirsvarsmanni stefnanda, sem meðal annars átti sæti í fjárhagsnefnd, en hún fjallaði um mál þessi. Á fundi þessum kom fram svohljóðandi tillaga: „Aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 16.—18. júní 1948 samþykkir verðútreikninga þá um geymslugjald, sem liggja fyrir fundinum, snertandi framleiðslu ársins 1946, sem var í birgðum 1. janúar 1947, og alla framleiðslu ársins 1947, sem var afskipað á tímabilinu 1947 til 1. júní 1948, enda eru þeir (verðútreikningarnir) byggðir á samþykktum á aukafundum S. H. 14. nóvember 1946 og 24. febrúar 1947 og samkvæmt aðalfundi S. H. í júní 1947.“ Tillaga þessi var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn fjórum. Þá var enn fremur samþykkt samhljóða svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir, að sá heilfrysti fiskur, sem frystur var í ársbyrjun 1947 og seldur var til Ítalíu, komi ekki inn í geymslu- og vaxtaútreikninginn.“

Er tillögur þessar höfðu verið afgreiddar, urðu umræður um það, hvort samþykktir þetta varðandi frá aðalfundinum 1947 næðu einungis til framleiðslu ársins 1947 eða hvort þær hefðu gildi framvegis. Meðal annarra taldi fyrirsvarsmaður stefnanda á fundi þessum, að samþykktin næði aðeins til ársins 1947. Í umræðum þessum kom fram meðal annarra þessi tillaga: „Fundurinn samþykkir að fella niður samþykkt aðalfundar S. H. 1947 um geymslugjald á fiski, en samþykkir, að vaxtagreiðslur skuli reikn-

ast út og greiðast á sama hátt og samþykkt liggur fyrir um." Tillaga þessi var samþykkt með 18 atkvæðum gegn 14 að viðhöfðu nafnakalli.

Eins og að framan getur, hafði stefndi haldið eftir 3% af andvirði hraðfrysts fisks, sem seldur var á árinu 1947. Þann 2. apríl 1948 ritaði stefnandi stefnda bréf og krafðist þess, að stefndi endurgreiddi fé þetta að fullu, og tók fram, að hér hefði aðeins verið um skyndilán að ræða til stefnda. Með bréfi, sem aðiljar eru sammála um, að ritað hafi verið 23. júní 1948, mótmælti stefnandi því, að stefndi greiddi nokkurt fé frá honum til vaxta- og geymslukostnaðar á árinu.

Stefndi reiknaði út umrætt geymslu- og vaxtagjald fyrir árið 1947 og hve mikið hver skyldi greiða eða fá greitt. Stefnandi var einn þeirra aðilja, sem skyldi greiða nokkurt fé í þessu skyni. Er stefndi innti af hendi fyrrgreind 3% af andvirði selds fisks á árinu 1947, er haldið hafði verið eftir, dró hann frá það fé, sem hann taldi stefnanda eiga að greiða í geymslu- og vaxtagjald.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að umrætt geymslu- og vaxtagjald sé ólöglega á lagt. Fundir félagsmanna hafi ekki heimild til að ráðstafa fé félagsmanna á þann hátt, sem þar hafi verið gert. Í 4. gr. félagslaganna séu talin upp þau gjöld, sem umsækjandi verði að greiða til að geta orðið félagsmaður. Í 10. gr. laganna séu svo tæmandi upptaldar þær fjárhagsbyrðar, sem einstakir félagar taki á sig til að standast straum af starfsemi félagsins. Með lagabreytingunni á aðalfundinum 1947 hafi hundraðshluti sá, sem stefndi hafi heimild til að halda eftir af andvirði seldra afurða hraðfrystihúsa félagsmanna, verið hækkaður um 1%. Hér séu tæmandi upptaldar þær fjárkvaðir, sem hægt sé að leggja á félagsmenn að þessu leyti, nema þá með lagabreytingum. Hefur stefnandi í þessu sambandi bent á, að þegar í upphafi við stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafi verið ljóst, að ekki var unnt að afskipa fiskinum jafnört frá öllum félagsmönnum. Þrátt fyrir þetta hafi ekki verið sett nein ákvæði í lög félagsins um, að þeir, sem örari afskipun fengju, skyldu greiða fé til þeirra, sem seinna losnuðu við sína framleiðslu. Það sé auk þess algerlega óvíst, að þeir séu nokkuð betur settir, sem fá hina öru afskipun á framleiðsluvöru sinni. Þau 3% af andvirði hraðfrysts fisks félagsmanna, sem samþykkt hafi verið á aðalfundinum 1947, að félagið mætti halda eftir, hafi samkvæmt samþykktinni verið hreint rekstrarlán hinna einstöku félagsmanna til félagsins, enda skýlaust tekið fram, að það skyldi endurgreiðast við reikningslok framleiðsluárs. Félagsstjórnin hafi því ekki haft heimild til að taka af því fé til að greiða með margnefnt geymslu- og vaxtagjald og sé skyldug að standa hinum einstöku félagsmönnum skil á því að fullu. Stefnandi kveðst ætíð hafa verið á móti því, að geymslu- og vaxtagjaldið væri lagt á, og ætíð látið fyrirsvarsmenn sína greiða atkvæði gegn tillögum í þá átt. Hefur stefnandi bent á, að mesta misræmi og ruglingur hafi verið á samþykktunum um gjald þetta, og auk þess hafi verið samþykkt á aðalfundinum 1948 að leggja það ekki á vöruflokk, sem eitt hraðfrystihús hafði framleitt að mestu.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að þó svo verði álitið, að fyrrgreint geymslu- og vaxtagjald verði talið löglega á lagt, þá hafi geymslugjaldið verið fellt niður á aðalfundinum 1948, og komi því aðeins vaxtagjaldið til greina.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samþykktir þær, sem gerðar hafa verið á fundum félagsins um geymslu- og vaxtagjaldið, séu fyllilega lögmætar og félagsmenn, þar á meðal stefnandi, við þær bundnir, enda þótt fyrirsvarsmaður hans kunni að hafa verið á móti þeim. Hér sé um að ræða almennan þátt í starfrækslu stefnda, sem almennum félagsfundum sé rétt að gera ákvarðanir um. Auk þess eigi samþykktirnar beina stoð í 3. mgr. 7. gr. Þá hefur verið á það bent af hálfu stefnda, að fyrirsvarsmaður stefnanda hafi verið á aukafundinum 14. nóvember 1946, er fyrst var gerð ályktun um þessi efni. Stefnandi hafi samt gerzt félagi í hinu stefnda félagi um áramótin 1946 og 1947 og látið sækja alla félagsfundi síðan, þar sem rætt var um mál þau, er hér skipta máli, án þess þó að hafa uppi andmæli gegn lögmæti samþykkta þessara fyrr en á árinu 1948. Samþykkt rekstrarlánsins á aðalfundinum 1947 hafi meðal annars verið gerð til þess að skapa stefnda heimild til að halda eftir af andvirði fisksins og jafna síðan niður geymslu- og vaxtagjaldinu. Þau hraðfrystihús, sem fengið hafi óeðlilega hraða afskipun, séu því skyldug að taka þátt í greiðslu geymslu- og vaxtagjaldsins til þeirra, sem afskipt hafi orðið í þessu efni, og sé eðlilegt, að greiðslan sé tekin af nefndu rekstrarláni.

Að því er varðar varakröfu stefnanda, þá hefur stefndi algerlega mótmælt því, að tillaga sú, sem stefnandi vísar til, breyti nokkru um þessi gjöld, að því er varðar árið 1947, heldur eigi hún eingöngu við, hvernig þessu skuli haga á árinu 1948. Hefur stefndi í þessu sambandi bent á, að áður á sama fundi hafi verið samþykktir verðútreikningar stjórnarinnar á geymslugjaldi, varðandi framleiðslu ársins 1947.

Svo sem áður er rakið, fer aðalfundur hins stefnda félags með æðsta vald í öllum málum þess, en sérhver félagsmaður er skyldugur að hlýða lögum félagsins og löglegum fundarsamþykktum þess. Þegar virt eru lög stefnda, sérstaklega ákvæði 3. mgr. 7. gr., er ljóst, að markmið félagsins er meðal annars að haga sölumeðferð og afskipun hraðfrysts fisks félagsmanna þannig, að gætt sé sem bezt hagsmuna þeirra og þeir fái innbyrðis sem jafnast verð fyrir vöruna. Illmögulegt er, að afskipun verði ávallt jafn ör hjá öllum hraðfrystihúsum, sem rétt eiga á afskipun á hverjum tíma, nema með óhæfilegum kostnaði. Þegar þessa er gætt, verður að telja stefnda heimilt að rétta eftir föngum misræmi í þessu efni og leggja í því skyni gjald á suma félagsmenn. Telja verður ákvarðanir um þetta efni þess eðlis, að þær geti lögmætur aðalfundur tekið, án þess að gætt sé reglnanna um lagabreytingar. Eins og áður getur, var ákvörðunin um geymslu- og vaxtagjaldið fyrst gerð á aukafundi stefnda 14. nóvember 1946, en þann fund sat fyrirsvarsmaður stefnanda, að því er virðist sem áheyrnarfulltrúi. Tillaga sú, sem þar var samþykkt um þetta efni, var síðan aftur borin undir atkvæði á aðalfundi stefnda í júnímánuði 1947, en þann fund lét stefnandi sækja, og var þar samþykkt með samhljóða

atkvæðum. Aðalfundur þessi var lögmætur, enda hefur hinu gagnstæða ekki verið haldið fram. Það verður því að telja, að álagning gjalds þessa hafi verið lögmæt og félagsmenn alla bundna við samþykktir þessar, einnig þá, sem kunna að hafa verið þessu mótfallnir. Stefnandi, sem gekk í hið stefnda félag um áramótin 1946 og 1947, er því við samþykktir þessar bundinn.

Að því er varðar gerðir aðalfundar stefnda, sem haldinn var í júní 1948, í þessum málum, þá er ljóst af afgreiðsluröð og umræðum, að tillaga sú, sem samþykkt var um að fella niður geymslugjaldið, á ekki við árið 1947, heldur hvað gera skuli í framtíðinni. Verður því varakrafa stefnanda ekki á þessu byggð.

Þau 3% af andvirði hraðfrysts fisks, sem stefnda var heimilað að halda eftir samkvæmt samþykkt aðalfundar 1947, voru að vísu rekstrarlán til stefnda, sem hann skyldi endurgreiða við reikningslok framleiðsluárs. Stjórn stefnda hafði verið falið að reikna út geymslu- og vaxtagjaldið, og þeir útreikningar hans höfðu verið samþykktir á aðalfundinum 1948, og telja verður í hlutarins eðli, að stefndi sæi um innheimtu og greiðslu gjaldsins. Samkvæmt útreikningum þessum bar stefnanda að inna af hendi fé til lúkningar geymslu- og vaxtagjaldinu, og var stefnda þá heimilt að taka það af nefndu rekstrarláni, sem stefnandi hafði veitt.

Samkvæmt framangreindu ber því að sýkna stefnda af bæði aðal- og varakröfu stefnanda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kirkjusands h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. nóvember 1952.

Nr. 133/1951. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**
(Hermann Jónsson)
gegn
Lárusi Jóhannessyni (Sjálfur).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Hæstaréttarlögmanni dæmt óskylt að greiða söluskatt samkvæmt lögum nr. 100/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1951. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda fyrir söluskatti árið 1949, kr. 2707.41, ásamt dráttarvöxtum, lögtaks- og uppboðskostnaði. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að úrskurður fógeta verði staðfestur, en *til vara*, að lögtak verði heimilað fyrir kr. 712.14, og til *þrautavara* fyrir kr. 1062.21. Þá krefst stefndi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þau störf stefnda, sem í málinu greinir, verða eigi, svo öruggt sé, talin sala á þjónustu í merkingu 22. gr. laga nr. 100/1948. Skýringu þessari til stuðnings eru ákvæði fyrri laga um veltuskatt og söluskatt svo og það, sem vitað er um meðferð frumvarps til laga nr. 100/1948 á Alþingi. Þykir því bera að staðfesta úrskurð fógeta um synjun lögtaks.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs,

greiði stefnda, Lárusi Jóhannessyni, kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. júní 1951.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 29. f. m., hefur gerðarbeiðandinn, tollstjórinn í Reykjavík, krafizt þess, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Lárusi Jóhannessyni, fyrir söluskatti fyrir árið 1949 að upphæð kr. 3230.00, en undir rekstri málsins hefur hann lækkað kröfuna niður í kr. 2707.41. Eru réttarkröfur hans þær, að hið umbeðna lögtak fari fram fyrir hinni síðargreindu upphæð auk dráttarvaxta frá gjalddaga til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Gerðarþoli hefur mótmælt skattkröfu þessari og gert þær réttarkröfur, *aðallega* að synjað verði um framkvæmd hins umbeðna lögtaks, en til *vara*, að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 712.14. Þá krefst hann og í báðum tilfellum málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Við endanlega ákvörðun söluskatts fyrir árið 1949 var gerðarþola gert að greiða söluskatt, 3% af heildartekjum hans, kr. 107.691.49, samkvæmt framtali hans til tekjuskatts, eða kr. 3230.00, en hann hafði ekki talið fram til söluskatts sérstaklega, þar eð hann taldi sig ekki söluskattsskyldan. Neitaði gerðarþoli greiðslu þessa skatts og krafðist úrskurðar fógetaréttar um réttmæti hans.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því fram, að gerðarþoli sé söluskattsskyldur af uppgefnum tekjum sínum, kr. 106.848.49, þegar frá hefur verið dregið þingfararkaup, kr. 13.601.25, og setudómaralaun, kr. 3000.00, eða af kr. 90.247.24, er skattleggja beri með 3%, og verði skatturinn því kr. 2707.41. Telur hann, að skattskyldan byggist á 22. gr. laga nr. 100/1948. Í upphafi greinarinnar segi, að söluskatt skuli greiða af sölu skattskyldra atvinnufyrirtækja. Gerðarþoli reki málflutningsskrifstofu, er án efa sé skattskylt atvinnufyrirtæki í merkingu laganna. Í framhaldi greinarinnar segi, að skattskyldan taki jafnt til sölu á vörum sem vinnu og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, en störf málaflutningsmanna falli tvímælalaust undir skattskylda vinnu og þjónustu samkvæmt lagaákvæði þessu, enda séu slík vinna og þjónusta hvergi í lögunum undanþegin söluskatti.

Andmælum gerðarþola gegn framgangi lögtaksins mótmælir hann í heild með þessum rökfærslum:

Undanþáguákvæðið í 1. tl. B-liðs 23. gr. laga nr. 100/1948 beri að skilja þannig, að aðeins söluverð þeirra verðmæta, er þar eru talin, sé undanþegið söluskatti, en ekki þóknun fyrir vinnu eða þjónustu, sem málafærslumenn eða aðrir láti í té við að annast slíka sölu eða aðstoða við hana.

Lög nr. 128/1947 og lög nr. 100/1948 séu ekki samhljóða lögum nr. 62/1945 og um margt ólík, t. d. sé ekki tekið upp í hin fyrrnefndu lög, að eigin vinna sé ekki söluskattsskyld, og liggi næst að álykta, að það sé

með vilja gert, þannig að eigin vinna geti nú verið söluskattsskyld, þótt hún hafi verið undanþegin veltuskatti.

Hvergi sé minnzt á það í dýrtíðarlögunum né greinargerðunum fyrir frumvörpum þeirra, að með þeim sé fyrst og fremst verið að skattleggja verzlun og iðnað, öðrum atvinnurekstri fremur, heldur sé orðalag laganna mjög rúmt, þar sem skattlögð sé hvers konar vinna og þjónusta. Andleg vinna sé heldur hvergi í lögunum undanþegin söluskatti, enda sé slíkt hugtak næsta óljóst og erfitt að ákvarða, hvað undir það falli.

Þá sé það ekkert sérstakt fyrir málaflutningsmenn, að laun, greidd starfsmönnum þeirra, færist á kostnaðarlið. Starfsmenn málaflutningsmanna, jafnt löglærðir fulltrúar sem aðrir, séu nauðsynlegur liður í atvinnurekstri þeirra, er skapi þeim tækifæri til að afla meiri tekna en ella, og megi því segja, að vinna starfsmannanna sé seld með álagningu.

Opinberir sýslunarmenn séu hvergi í lögunum undanþegnir söluskatti.

Ekkert sé því til fyrirstöðu, að málaflutningsmenn megi bæta söluskatti við málsvarnarlaun fyrir varnir í opinberum málum né heldur bæta honum við þóknun fyrir önnur störf, sem ákveðin eru í gjaldskrá, fremur en verzlanir megi bæta söluskatti við verð vöru, sem háð er verðlagsákvæðum.

Loks sé það vafalaust, að málaflutningsmenn séu söluskattsskyldir um 3% samkvæmt B-lið 22. gr. laga nr. 100/1948, þar sem A-liður sömu greinar taki aðeins til smásölu, rekinnar með verzlunarleyfi samkvæmt lögum um verzlunaratvinnu nr. 52/1925. Hafi það atriði áður verið úrskurðað af fógetadómi.

Gerðarþoli styður aðalkröfu sína með þeim rökfærslum, að löggjafinn hafi aldrei ætlazt til þess, að málafærslumenn væru söluskattsskyldir. Sé það ljóst, ef athugað sé, hvernig til séu komin þau lög, er hafi að geyma ákvæðin um söluskatt, þ. e. lög nr. 100/1948, en þau séu byggð á lögum nr. 128/1947, sem aftur á móti séu sniðin eftir lögum um veltuskatt nr. 62/1945. Við skýringu á söluskattsákvæðum laga nr. 100/1948 verði því að leita til beggja hinna fyrri laga. Við athugun á 1. og 2. gr. veltuskattslaganna sé ljóst, að löggjafarvaldið hafi þar fyrst og fremst verið að skattleggja tvær af aðalatvinnugreinum landsmanna, verzlun og iðnað. Þessi ákvæði veltuskattslaganna hafi síðar verið tekin upp í VII. kafla laga nr. 128/1947 með nokkrum breytingum formlegs eðlis og nafni skattsins breytt í söluskattur, sem undirstriki betur en fyrr, að skattinum sé ætlað að ná til þeirra, sem hafa eitthvað að selja, annað en vinnu þeirra sjálfra. Söluskattur hafi þó verið lagður á málafærslumenn fyrir árið 1948, en ríkisskattanefnd hafi þó fellt hann niður eftir fram komna kæru. Þessum lögum hafi svo verið breytt með lögum nr. 100/1948, en um eðlisbreytingar hafi þó ekki verið að ræða. Sú mikilvæga breyting hafi þó verið gerð á lögunum, að nú sé heimilt að velta skattinum yfir á aðra, þ. e. bæta honum við verð vöru eða þjónustu.

Enn fremur megi benda á eftirfarandi:

Skrifstofa málafærslumanns sé ekki atvinnufyrirtæki í merkingu laga

þessara. Það sé lagakvöð málafærslumanna að hafa opna skrifstofu, þar sem þeir starfa, en öðrum fyrirtækjum sé slíkt í sjálfsvald sett.

Önnur fyrirtæki, einkum iðnfyrirtæki, sem lögunum sé einkum ætlað að ná til, hafi ágóða af vinnu starfsmanna sinna og leggi á hana. Öðru máli gegni um starfsmenn á skrifstofum málafærslumanna, laun þeirra séu hreinir kostnaðarliðir, og starf þeirra á skrifstofunum sé aðeins fólgið í því að létta málafærslumönnunum störf þeirra, en það sé persónuleg vinna þeirra sjálfra, sem gefi tekjurnar, sem ekki beri að skattleggja með söluskatti fremur en vinnu annarra manna, sem vinni andlega vinnu. Svipuðu máli gegni um lækna, en á þá sé ekki lagður söluskattur, og meira að segja séu tannlæknar nú undanþegnir söluskattsgreiðslu, en þeir séu þó nánast handverksmenn.

Málafærslumenn séu opinberir sýslunarmenn og skyldugir til að flytja opinber mál fyrir það verð, sem dómstólum þóknist að ákveða, og sé slíkt ósamrýmanlegt söluskattsálagningu. Enn fremur vinni málaflutningsmenn önnur störf sín samkvæmt gjaldskrám, og sé því óframbærilegt að bæta söluskatti ofan á reikning þeirra til viðskiptamanna þeirra. Þar með sé burt fallið það undirstöðuatriði að geta velt skattinum yfir á aðra.

Til stuðnings varakröfu sinni færir gerðarþoli fram eftirfarandi:

Samkvæmt framlögðum rekstrarreikningi og sundurliðun tekna eru starfstekjur hans, sem umkrafinn skattur hefur verið lagður á, kr. 106.848.49, er sundurliðast þannig:

1. Þingfararkaup	kr.	13.601.25
2. Setudómaralaun	—	3.000.00
3. Fasteignasala	—	19.600.00
4. Þóknun fyrir sölu verðbréfa	—	24.740.00
5. Varnir í opinberum málum	—	2.800.00
6. Þóknun fyrir aðstoð við búskipti	—	17.000.00
7. Innheimtulaun	—	3.749.42
8. Þóknun fyrir aðstoð	—	21.005.32
9. Umsjón með skuldabréfaútdrætti ..	—	1.352.50
	Kr.	106.848.49

Af þessum liðum eru 1.—2. liður ósöluskattsskyldir samkvæmt viðurkenningu umboðsmanns gerðarbeiðanda, og 3.—4. liður samkvæmt B-lið 23. gr. laga nr. 100/1948. 5. liður er einnig söluskattsfrjáls, þar sem um er að ræða tildæmda þóknun fyrir persónulega, andlega vinnu. Af 6. lið er meirihlutinn, kr. 10.000.00, þóknun fyrir skipti á ákveðnu búi í ákvæðisvinnu fyrir kr. 25.000.00, er skiptist á 2 ár, og var aðalverkið sala húseignar, en önnur þóknun hefði ekki farið fram úr kr. 5000.00. Af upphæð þessa liðs falla því kr. 7500.00 undir fasteignasölu, sem er ósöluskattsskyld, sbr. það, sem áður er sagt um 3. lið. Eftir verða þá af þessum lið kr. 9500.00 og auk þess liðirnir 7—9 eða kr. 35.607.24, og er varakrafan, að aðeins beri að greiða söluskatt af þeirri upphæð, og þá aðeins 2% eða kr. 712.14.

Úrslit aðalsynjunarkröfu gerðarþola þykja að áliti réttarins velta á

því, hvernig skilja beri 22. gr. laga nr. 100/1948, en í henni segir, að söluskattsskyldan taki jafnt yfir sölu á vörum sem hvers konar þjónustu. Í greininni sjálfri eða annars staðar í lögunum er hins vegar hvergi að finna skýrgreiningu á þessum hugtökum. Í athugasemdum við frumvarp að lögunum er heldur enga slíka skýrgreiningu að finna, en í þeim segir þó, að 20.—27. gr. laganna komi í stað VII. kafla laga nr. 128/1947, en 22. gr. laga nr. 100/1948 samsvarar 41. sbr. 42. gr. laga nr. 128/1947. Orðalag 22. gr. er þó nokkuð breytt frá fyrri lögunum, m. a. felld niður upptalning söluskattsskyldrar vinnu, en þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við þær breytingar í greinargerð með frumvarpi til laganna, virðist réttinum, að ekki muni hafa verið tilætlun löggjafans að gera eðlisbreytingar frá fyrri lögum, a. m. k. ekki til fækkunar á vöru-, vinnu- og þjónustuflokkum, sem undanþegnir eru greiðslu söluskatts. Til þess bendir orðalagið í greinargerð með frumvarpi laganna: „Nokkuð fleira er undanþegið skattinum en var í lögum, er giltu 1948".

Rétturinn lítur svo á, að 22. gr. laga nr. 100/1948 verði að skýra með hliðsjón af tilsvarandi ákvæðum laga nr. 128/1947. En í 41. gr. þeirra laga segir: „Söluskattur greiðist hins vegar af andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), af andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), af greiðslum til verktaka, flutningsgjöldum og afgreiðslugjöldum, heildartekjum prentsmiðja, bókaútgefenda, þvottahúsa, fatapressna, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, af sölu klæðskeraverkstæða og saumastofa, af matsölu og sölu veitinga- og gistihúsa, af aðgangseyri að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt af heildartekjum þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu". Ákvæði þetta skilur rétturinn þannig, að með því sé fyrst og fremst verið að skattleggja heildartekjur verzlunar- og iðnaðarmanna, en ekki þeirra, er selja andlega vinnu. Og nú er því svo háttað um störf málaflutningsmanna, að þau verða að teljast persónuleg, andleg vinna þeirra sjálfra, en þóknun fyrir þessi störf er ýmist ákveðin af dómstólum eða fastri gjaldskrá, og er álagning söluskatts ofan á þá þóknun ekki samrýmanleg tilgangi laganna að áliti réttarins. Og þótt starfsfólk málafærslumanns aðstoði hann á ýmsan hátt við störf hans, þá telur rétturinn ekki, að vinna þess sé seld með álagningu í skilningi umræddslagaákvæðis.

Samkvæmt þeim skilningi, er hér hefur verið slegið föstum, telur rétturinn, að málafærslumenn séu ekki söluskattsskyldir af venjulegum atvinnutekjum sínum.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. nóvember 1952.

Nr. 59/1951. **Þrotabú Byggingafélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Guðrúnu Þorgrímsdóttur og Tómasi Tómassyni (Sveinbjörn Jónsson)
og
Guðrún Þorgrímsdóttir og Tómas Tómasson (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Þrotabúi Byggingafélagsins Smiðs h/f og Kristjáni Erlendssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og
Kaupvangi h/f (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1951. Krefjast þeir þess, að þeir verði dæmdir sýknir af kröfum gagnáfrýjenda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. maí 1951. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjendur og Kaupvangur h/f verði dæmd fébótaskyld in solidum gagnvart gagnáfrýjendum út af láti Tómasar Tómassonar, Bröttugötu 6, svo og að sömu aðiljum verði dæmt að greiða þeim málskostnað in solidum í þessum hluta málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi, Kaupvangur h/f, hefur krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að öryggisútbúnaði þeim, sem hafður var við viðgerð á þaki Mjólkurfélagshússins

við Tryggvagötu, hafi verið mjög áfátt og að aðaláfrýjendur séu fébótaskyldir gagnvart gagnáfrýjendum báðum af þeim sökum. En þar sem ljóst þykir, að Tómas Tómasson, sem fyrir slysinu varð, hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu, er hann fór til starfans á þaki hússins án þess að kvarta undan öryggisskortinum, þá þykir rétt, að aðaláfrýjendum verði gert skylt að greiða 4/5 hluta tjónsins. Hins vegar ber með skírskotun til raka héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um sýknu Kaupvangs h/f.

Gagnáfrýjendur hafa haft gjafsókn í málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5200.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 200.00, en talsmaður gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 5000.00. Málskostnaður falli niður, að því er varðar stefnda Kaupvang h/f.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupvangur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Guðrúnar Þorgrímsdóttur og Tómasar Tómassonar, og falli málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður, að því er þessa aðilja varðar.

Aðaláfrýjendur, þrotabú Byggingafélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson, eru fébótaskyldir in solidum gagnvart gagnáfrýjendum, að því er varðar 4/5 hluta tjóns þeirra vegna fráfalls Tómasar Tómassonar, Bröttugötu 6.

Aðaláfrýjendur greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5200.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 200.00 og talsmaður gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Guðrún Þorgrímsdóttir, Bröttugötu 6 hér í bæ, að fengnu gjafsóknarleyfi 7. október 1949 höfðað fyrir

sína hönd og sonar síns, Tómasar Tómassonar stúdents, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. desember 1949, gegn h/f Kaupvangi, Byggingafélaginu Smið h/f, sem nú er in liquidatione, og Kristjáni Erlendssyni trésmíðameistara, öllum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 126.630.00, auk 6% ársvaxta frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir ósk lögmanna aðilja og ákvörðun dómsins var málinu skipt, sbr. ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, og var það flutt munnlega um skaðabótaskyldu stefndu hinn 4. þ. m.

Hafa stefnendur í þessum þætti málsins krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir fébótaskyldir vegna fráfalls Tómasar Tómassonar trésmíðameistara, eiginmanns stefnandi Guðrúnar og föður stefnanda Tómasar, hinn 11. október 1948. Þá hafa stefnendur krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu hafa krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra í þessum hluta málsins eftir mati dómsins. Þá hafa stefndu Byggingafélagið Smiður h/f og Kristján Erlendsson krafizt þess til vara, að full fébótaábyrgð verði ekki lögð á þá.

Málavextir eru þessir: Haustið 1948 stóð yfir mikil viðgerð á þaki svonefnds Mjólkurfélagshúss hér í bænum, en hús þetta er eign stefnda h/f Kaupvangs. Er hús þetta þrjár hæðir fyrir ofan götu og víða með bröttu þaki. Hafði stefndi Byggingafélagið Smiður h/f tekið að sér að framkvæma viðgerðina, og var stefndi Kristján Erlendsson verkstjóri við hana. Viðgerð á þakinu var framkvæmd þannig, að fyrir var tekinn nokkur hluti þess í einu og þakskífan rifin burtu og það timbur, sem fjarlægja þurfti vegna skemmda. Síðan var framkvæmd fullnaðarviðgerð á þessum hluta. Til öryggis fyrir þá, sem unnu að viðgerðinni á þakinu, og vegfarendur voru notaðir hlerar, er gerðir höfðu verið úr þremur 1×5 þumlunga borðum, negldum saman með þverslám. Voru 2 göt boruð í hvorn enda hleranna og sums staðar í þá miðja, í götin dreginn nýr kaðall og hlerarnir síðan reistir á rönd lóðrétt í þakrennu hússins. Böndin voru fest inn um kvisti og þakglugga. Náði umbúnaður þessi aðeins út fyrir það svæði á þakinu, sem tekið var fyrir til viðgerðar hverju sinni. Þá kemur fram, að í einstökum tilvikum notuðu þeir, sem á þakinu unnu, til frekara öryggis um sig bönd, sem voru örugglega fest, en eigi verður séð, að gengið hafi verið eftir því almennt, að menn hefðu um sig bönd, er þeir væru að vinna, þar sem þakið var bratt.

Um kl. 14 hinn 4. október 1948 heyrðu menn, er staddir voru á skrifstofu í norðvesturhorni Mjólkurfélagshússins á þriðju hæð, einhver köll fyrir utan. Varð einum þeirra þá litið út um glugga skrifstofunnar, sem snýr út að Tryggvagötu, og sá hann, hvar Tómas Tómasson trésmíðameistari, Bröttugötu 6, er var einn af starfsmönnum við viðgerðina á þakinu, hékk í þakrennu hússins þannig, að hann hafði náð tökum á rennunni með báðum höndum fyrir aftan bak, og snéri hann frá húsinu. Hékk Tómas ofan við og móts við þriðja gluggann vestan frá á norðurhlið hússins, en glugginn er bæði hár og breiður. Einn þeirra manna, er í skrifstofunni voru, hljóp

þegar upp í gluggakistuna, sem er svo breið, að auðvelt er að standa uppi í henni. Tókst honum samstundis að taka efri rúðu gluggans af hjörum, og með því að seilast síðan út um gluggann náði hann taki á annarri buxnaskálm Tómasar. En svo að segja um leið og maðurinn náði takinu, missti eða sleppti Tómas tökum þeim, sem hann hafði á þakrennunni, og féll niður. Missti maðurinn þá einnig af taki því, er hann hafði náð á buxnaskálm Tómasar, og féll Tómas því alla leið niður á gangstéttina. Við fallið meiddist Tómas mjög, og var hann þegar fluttur í Landsspítalann. Þar andaðist hann af afleiðingum slyssins hinn 11. október 1948. Segir svo um meiðsl þau, er Tómas heitinn hlaut við slysið, og dánarorsökina í skýrslu um réttarkrufningu, er fram fór á líki hans 13. október: „Mikil brot voru á báðum fótum, hælbein brotið hægra megin, en sköflungur og sperrileggur vinstra megin og lærbeinið einnig brotið vinstra megin. Brotin á fótunum hafa verið opin og infection komizt í þau. Af þessum miklu meiðslum hefur sjúklingurinn fengið lost (shock), en það, sem aðallega virðist hafa leitt hann til bana, eru æðastíflur víðsvegar um líkamann, einkum í lungum og heila, af fitu, sem borizt hefur í blóðið frá mergnum úr beinbrotunum."

Er slysið varð, var viðgerðinni þannig komið, að síðast hafði þakskífan verið rifin af sneiðingi, sem er á norðvesturhorni þaksins, og af nokkru svæði, næst fyrir austan þenna sneiðing á norðurhliðinni. Hafði Tómas heitinn daginn áður unnið við að rífa þakskífuna af því svæði, en morgun þess dags, sem slysið varð, hafði verið lokið við að rífa þakskífuna af því svæði, sem tekið hafði verið fyrir til viðgerðar austan sneiðingsins. Náðu öryggishlerar þeir, sem áður er getið um, aðeins austur fyrir þann hluta þaksins, sem þakskífan hafði verið rifin af. Fast austan við vestasta kvistinn á norðurhlið þaksins lá stigi, er náði frá mæni nokkuð niður fyrir mitt þakið. Hafði stiginn verið notaður, er verið var að rífa þakskífuna á svæðinu austan við sneiðinginn, og verið látinn þarna, er því var lokið. Náðu öryggishlerarnir, að því er virðist, tæplega austur á móts við vesturhlið stigans, eins og frá honum var gengið á þakinu. Tómas heitinn féll fram af þakbrúninni og náði tökum á þakrennunni rétt austan við öryggishleraútbúnaðinn, og í þakrennunni við enda öryggishlerans fannst síðar hamar hans og rifjárn. Fyrri hluta dagsins hafði gengið á með hryðjum, og var þakið sleipt af bleytu, er slysið varð.

Stefnendur halda því fram og reisa á því dómkröfur sínar, að umrætt slys hafi orðið vegna vantandi og gallaðs öryggisútbúnaðar við framkvæmd viðgerðarinnar á þakinu svo og vegna ófullnægjandi eftirlits með verkinu. Telja þau, að stefndi Kaupvangur h/f sem eigandi Mjólkurfélagshússins, stefndi Byggingafélagið Smiður, sem tók að sér viðgerðina og sá um hana, og stefndi Kristján Erlendsson sem verkstjóri við framkvæmd verksins beri solidariska ábyrgð gagnvart þeim á afleiðingum slyssins og séu því bótaskyldir fyrir allt það tjón, sem þau hafi beðið við fráfall Tómasar heitins, að svo miklu leyti sem slíkt tjón geti orðið bætt með fé.

Stefnandi Guðrún kveðst hafa verið algerlega á framfæri manns síns,

Tómasar heitins trésmíðameistara, og hefði að sjálfsögðu orðið það áfram, ef hans hefði notið við. Hún kveðst hafa verið 64 ára að aldri, er málið var höfðað, og hafa mörg undanfarandi ár verið heilsuveil, þótt hún hafi klæðzt og gegnt húsmóðurstörfum eftir mætti. Þá sé efnahagur hennar ekki þannig, að hún geti séð fyrir sér sjálf.

Stefnandi Tómas kveðst hafa verið í 6. bekk Hins almenna menntaskóla, þegar faðir hans féll frá, og hafi faðir hans kostað hann að öllu leyti til náms. Hann kveðst nú stunda hagfræði- og félagsfræðinám í Bandaríkjunum og þurfa því á styrk að halda frá öðrum, þar til því námi sé lokið. Telur hann, að faðir sinn mundi hafa styrkt sig til framhaldsnáms, hefði hann lifað, en vegna dauða hans hafi hann farið á mis við slíkan styrk.

Stefndi Kaupvangur h/f reisir í fyrsta lagi kröfu sína um sýknu á því, að hann hafi fengið viðurkennt byggingafélag til þess að framkvæma og sjá um áðurgreinda viðgerð. Hafi framkvæmd viðgerðarinnar á allan hátt verið í höndum stefnda Byggingafélagsins Smiðs og á ábyrgð hans. Telur stefndi Kaupvangur það ekki hafa verið á valdi sínu að segja viðgerðarmanni fyrir verkum, að því er öryggisaðbúnað og eftirlit með viðgerðinni varðaði, enda verði slíks ekki krafizt af húseigendum, þótt þeir láti fara fram viðgerð á húsum sínum. Þá reisa allir hinir stefndu kröfur sínar um sýknu af kröfum stefnanda Tómasar Tómassonar á því, að hann eigi ekki aðild í máli þessu. Tómas hafi verið orðinn 19 ára, er faðir hans dó, en bótakrafa hans sé byggð á 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Telja stefndu, að í því ákvæði sé það skilyrði sett, að stefnandi slíks máls, sem þar ræðir um, hafi misst framfæranda, en framfærandi í þessu sambandi sé sá, er ábyrgð beri á framfærslu og uppeldi skylduómaga síns, enda sé skylduómaginn framfærslustyrks þurfi. Samkvæmt 3. gr. framfærslulaga nr. 80 frá 1947 sé foreldrum skylt að ala upp börn sín til 16 ára aldurs þeirra. Þetta sé aðalreglan. Að vísu beri foreldrum samkvæmt 6. gr. sömu laga að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Í þessu ákvæði felist aðeins það, að foreldrum beri að annast það, að börn þeirra verði ekki sveitarstyrksþurfar, en í því liggi ekki, að föður beri skylda til að kosta börn sín um tvítugt til náms eða annars. Hafi Tómas heitinn því ekki verið framfærandi sonar síns í þeim skilningi 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna.

Enn reisa stefndu kröfu sína um sýknu á því, að öryggisútbúnaður sá, er settur var upp vegna viðgerðarinnar og lýst er hér að framan, hafi verið fullnægjandi og eftirliti með verkinu hafi í engu verið ábótavant. Stefndi Kristján, sem hafði verkstjórn viðgerðarinnar á hendi, sé þaulvanur öllu, sem að slíkum verkum lýtur, og hann hafi áminnt þá, sem að viðgerðinni unnu, mjög ákveðið í því efni að fara varlega á þakinu. Halda stefndu því fram, að Tómas heitinn hafi ekki verið í erindum vegna starfs síns við viðgerðina, er hann fór upp á þakið hinn 4. október og slysið varð. Hann hafi haft fyrirmæli um það frá stefnda Kristjáni að vinna inni á þakloftinu þenna morgun við að klæða innan sperrur, og því verki hafi ekki verið lokið, er hann fór upp á þakið eftir hádegi og féll niður af því. Telja

stefndu, að slysið hafi verið því að kenna, að Tómas heitinn muni hafa hagað sér óvarlega á þakinu, sennilega farið út fyrir það svæði, sem öryggisútbúnaðurinn náði til, en Tómasi, sem var vanur trésmíðameistari, hafi hlotið að vera ljóst, að við ferðir á þakinu bar að sýna fyllstu aðgæzlu.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að Tómas heitinn hafi með því að sýna ekki fulla aðgætni orðið meðvaldur að slysinu.

Stefnendur hafa mótmælt öllum framangreindum varnarástæðum stefndu.

Starfsemi stefnda Byggingafélagsins Smiðs h/f, sem tók að sér umrædda viðgerð fyrir stefnda Kaupvang h/f, var einkum smíði og viðgerðir á húsum, og hafði byggingafélagið í þjónustu sinni til þess að vinna að þessum verkefnum og sjá um þau marga iðnlærða smiði. Féll viðgerðin á þakinu alveg undir starfssvið Smiðs h/f. Var stefnda h/f Kaupvangi því rétt að treysta því, að byggingafélagið hefði allan öryggisútbúnað og eftirlit vegna viðgerðarinnar í fullkomnu lagi, og hafði ekki ástæðu til að skipta sér af þessum atriðum í sambandi við viðgerðina. Verður því að telja, að skortur á fullnægjandi öryggisútbúnaði og eftirliti við framkvæmd viðgerðarinnar hafi ekki verið á ábyrgð stefnda Kaupvangs, og ber þegar af þessari ástæðu að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Það er óvéfengt, að Tómas heitinn hafi kostað son sinn til náms í Menntaskólanum og að Tómas mundi hafa styrkt hann til framhaldsnáms eftir stúdentspróf, enda er það eðlileg afstaða föður til sonar, sem leggur út í langt og dýrt nám. Í síðasta málslið 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna segir, að dæma megi bætur einnig fyrir röskun á stöðu eða högum. Það er ljóst, að fráfall Tómasar heitins hefur raskað högum sonar hans. Þykir hann því geta átt rétt til nokkurra fébóta, ef um skaðabótaskyldu er að ræða af hálfu stefndu Smiðs og Kristjáns. Hefur því krafa þeirra um sýknu vegna aðildarskorts Tómasar yngra ekki við rök að styðjast.

Í álitsgerð sérfróðra manna, er kvaddir voru af sakadómaranum í Reykjavík til þess að skoða umbúnað þann, er settur hafði verið upp vegna viðgerðarinnar, segir, að þeir líti svo á, að útbúnaðurinn sé nægilega sterkur og í mörgum tilvikum, er framkvæmdar hafi verið svipaðar viðgerðir, hafi ekki verið til staðar útbúnaður betri en þessi til varnaðar vegfarendum og verkafólki. Hins vegar telja þeir, að sé um slíka stórviðgerð að ræða og það á fjölförnum stað, þá væri æskilegt að reisa vinnupalla með þéttklæddum efsta palli og handriði svo frá gengið, að slysahætta væri sem minnst fyrir vegfarendur og verkafólk. Í 22. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur segir m. a. á þá leið, að pallar, stoðir og annar útbúnaður þess konar, sem notaður sé við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skuli vera nægilega traustur, og á slíkum pöllum utanverðum eigi að vera a. m. k. 20 cm há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Svo sem áður er sagt, náðu öryggishlerar þeir, sem áður um getur, aðeins út fyrir svæði það, sem tekið hafði verið fyrir til viðgerðar, er slysið varð. Ekkert handrið eða reipi var upp af öryggis-

hlerunum. Þá var stigi sá, sem áður er greint frá, austar á þakinu en öryggishlerarnir náðu. Telja verður, að útbúnaður sá, sem notaður var vegna viðgerðarinnar, hafi verið ófullnægjandi til öryggis verkafólki, sem á þakinu vann, og vegfarendum, þar sem handrið eða reipi vantaði á umbúnaðinn og hann náði ekki nægilega langt út fyrir nauðsynlegt athafnasvæði. Bera stefndi Byggingafélagið Smiður h/f sem verktaki og stefndi Kristján Erlendsson, starfsmaður hans, er hafði umsjón með gerð öryggisbúnaðarins, ábyrgð á hinum ófullnægjandi umbúnaði og eru bótaskyldir solidariskt vegna tjóns, sem af honum kann að hafa hlotizt.

Tómas heitinn var starfsmaður stefnda Byggingafélagsins Smiðs h/f við viðgerðina. Hann hafði, svo sem áður er sagt, unnið að því að klæða innan á sperrur á þakloftinu að morgni dags þess, er slysið varð. Samkvæmt framburði vitnis, er vann með Tómasi heitnum inni á þakloftinu, hafði Tómas lokið þessu verki, er hann kl. 13.30 fór út á þakið um gat á sneiðingnum á norðvesturhorninu. Daginn áður hafði Tómas, eins og áður segir, unnið við það að rífa skífu af þakinu austan sneiðingsins, en ekki hafði um kvöldið verið lokið við að rífa skífuna af þeim hluta þaksins, er tekinn hafði verið fyrir, en því var lokið morguninn eftir. Er sennilegt, að Tómas hafi farið út á þakið í því skyni að halda áfram að rífa skífuna af þakinu, þar sem frá hafði verið horfið daginn áður, enda benda og rifjárn hans og hamar, sem fundust í þakrennunni við enda öryggishlerans, til þess. Var ferð Tómasar heitins út á þakið því í eðlilegu sambandi við vinnu hans við viðgerðina. Ekkert sást til ferða Tómasar heitins á þakinu, eftir að hann var þangað kominn um kl. 13.30, og er því eigi sýnt, að um nokkra óvarkárni af hans hálfu hafi verið að ræða. Telja verður, að fall hans fram af þakbrúninni og meiðsli þau, sem af því hlutust, er síðan leiddu hann til bana, megi að öllu leyti rekja til hins ófullnægjandi öryggisútbúnaðar. Ber því í þessum þætti málsins að dæma stefndu Byggingafélagið Smið h/f og Kristján Erlendsson fébótaskylda solidariskt gagnvart stefnendum vegna fráfalls Tómasar.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar, að því er þessa aðilja varðar, verður tekin í væntanlegum dómi um fjárhæð fébótanna.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Gústaf E. Pálssyni verkfræðingi og Birni Rögnvaldssyni byggingameistara.

Dómsorð:

Stefndi h/f Kaupvangur á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Guðrúnar Þorgrímsdóttur og Tómasar Tómassonar, í máli þessu, og falli málskostnaður niður, að því er þessa aðilja varðar.

Stefndu Byggingafélagið Smiður h/f in liquidatione og Kristján Erlendsson eru fébótaskyldir solidariskt gagnvart stefnendum vegna fráfalls Tómasar Tómassonar trésmíðameistara, Bröttugötu 6.

Mánudaginn 17. nóvember 1952.

Kærumálið nr. 25/1952.

Guðmundur Tómasson og
Gaston Ásmundsson
gegn
Byggingasamvinnufélaginu Garði.

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, og samdómsmennirnir Ásgeir Valdemarsson og Jónas Snæbjörnsson hafa kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 24. október þ. á., er barst Hæstarétti 7. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært úrskurð bæjarþings Akureyrar 24. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með úrskurði þessum var sóknaraðiljum synjað um framhaldsfrest í málinu.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en engin greinargerð hefur borizt frá þeim.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafizt, fellur hann niður.

Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður kærði mál þetta af hendi sóknaraðilja. Fyrir hina bersýnilega tilefnislausu kæru ber samkvæmt lögjöfnun frá 2. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 að dæma honum 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Björn Halldórsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 24. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 21. október 1952, hafa aðalstefnendur, þeir Guðmundur Tómasson og Gaston Ásmundsson, byggingarmeistarar á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. maí 1948, á hendur aðalstefnda, Byggingasamvinnufélaginu Garði, og gera þá kröfu, að þeir fái dæmdar úr hendi aðalstefnda eftirstöðvar launa, kr. 3629.69, auk vaxta og málskostnaðar samkvæmt verksamningi um bygging á tveimur íbúðarhúsum. Aðalstefndi höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnendum með gagnstefnu, útgefinni 15. september 1948, og krafðist þess, að gagnstefndu yrðu dæmdir til að greiða kr. 15.232.58 auk vaxta og málskostnaðar vegna vanefnda á verksamningi. Dómur var lagður á mál þetta í héraði þann 15. nóvember 1949, en með dómi Hæstaréttar 19. desember 1951 var málinu heimvísað, með því að bæjarþingsdómarinn hafði ekki kvatt til kunnáttumenn um húsagerð til þess að dæma málið með sér, en það var talið nauðsynlegt vegna þess, hvernig málinu var háttað.

Málið var tekið upp fyrir bæjarþinginu að nýju þann 12. marz 1952, og voru þá lögð fram öll skjöl, er áður höfðu komið fram. Hefur síðan farið fram gagnaöflun, og með framhaldsgagnstefnu 15. maí s.l. krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndu verði dæmdir til greiðslu á kr. 450.42 umfram þá upphæð, sem áður var krafizt, þannig að krafa gagnstefnanda verður alls kr. 15.683.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Við fyrirtöku málsins þann 16. apríl s.l. voru lögð fram nokkur skjöl, þeirra á meðal vottorð Jóns Hafliðasonar í Reykjavík, er umboðsmaður aðalstefnenda lagði fram. Málinu var þá frestað til 21. maí, og var þá lögð fram framhaldsgagnstefna og reikningur. Næsta þinghald í málinu var 16. júní. Mótmælti umboðsmaður aðalstefnda þá m. a. fyrrgreindu vottorði Jóns Hafliðasonar sem röngu og óstaðfestu. Óskaði umboðsmaður aðalstefnenda þá eftir fresti til þess m. a. að fá nefnt vottorð staðfest, og var málinu þá frestað til gagnaöflunar fram yfir þingleyfi til 6. september s.l. Fór þá fram vitnaleiðsla. Síðan voru þinghöld í málinu 20. september, 8. október og að lokum 21. október s.l. Óskaði umboðsmaður aðalstefnenda þá enn eftir fresti til gagnaöflunar til laugardagsins 15. nóvember n. k. og skýrði svo frá, að vitnastefna hefði verið gefin út í Reykjavík til 5. nóvember n. k. og mundi Jón Hafliðason þá koma fyrir dóm og stefna hefði þegar verið birt umboðsmanni aðalstefnda til þinghalds þessa, en hann hefði færzt undan að sækja dómþing óstefndur.

Umboðsmaður aðalstefnda lýsti því hins vegar yfir, að hann teldi gagnaöflun lokið af sinni hálfu, og mótmælti því, að frekari frestur yrði veittur,

enda hefðu þegar verið nægilega rúmir frestir til þess að afla allra gagna. Var ágreiningsmál þetta tekið til úrskurðar.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið greint, hafa aðalstefnendur haft fresti frá 16. júní s.l. til þess að afla staðfestingar á vottorði því, sem ræðir um. Þess er þó að gæta, að í júlí og ágústmánuði er þingleyfi, en þrátt fyrir það verður að telja, að aðalstefnendur hafi þegar haft nægilegan frest í þessu skyni. Er því ekki heimild fyrir hendi til þess að fresta málinu frekar af þessum sökum samkvæmt 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1952.

Nr. 126/1951. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Herbert Spencer (Lárus Fjeldsted).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um botnvörpuveiðabrot. Ólöglegur umbúnaður veiðarfæra.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, og samdómsmennirnir Sveinlaugur Helgason og Þorgeir Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er varðskipsmenn mældu við dufl varðskipsins hinn 14. júlí 1951, og reyndist hann 0,3—0,4 sm innan landhelgislínu, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma. Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í forsendum hins áfrýjaða dóms, er sannað, að skip ákærða hefur verið í landhelgi með ólöglegum umbúnaði veiðarfæra. Ásigkomulag veiðarfæra togarans og fisks í vörpu hans, sem lýst er í héraðsdómi, bendir og mjög til þess, að ákærði hafi verið þar að veiðum. Fyrir

því þykir þó eigi fram komin örugg sönnun, þar sem enginn varðskipsmanna virðist hafa séð togarann draga vörpuna eða innbyrða hana.

Brot ákærða varðar við 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951. Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 4/1924, núverandi gullgengi krónunnar, sem ekki hefur breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, og öllum atvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 25000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Herbert Spencer, greiði 25000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 16. júlí 1951.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákæruvaldsins hálfu gegn Herbert Spencer, skipstjóra á enska togaranum „Loch Torridon" H 165 frá Hull, til refsingar fyrir ætlað brot hans á 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum svo og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara, sbr. 3. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 4/1924, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Sú varakrafa er uppi höfð í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 4/1924, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 11. apríl 1912.

Hann hefur ekki, svo vitað sé, áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Síðastliðinn laugardag, þann 14. þ. m., var varðskipið „Sæbjörg" á eftirlitsferð norður við Langanes á suðurleið. Kl. 1030 var siglt mjög nærri Langanestá suður fyrir nesið. Er komið var fyrir nestána, sást togari grunsamlega nálægt landi og sneri út um. Varðskipið stýrði þá beint á togarann í stefnu suður að vestri eftir áttavita. Ratsjá varðskipsins var þá sett í gang, og kom þá í ljós, að togarinn var innan landhelgislínu. Kl. 1042 setti togarinn á ferð og hélt því sem næst í suður. Varðskipið setti þá upp stöðvunarmerki með merkjaflaggi, og skotið var tveimur aðvörunarskotum. Kl. 1045 stöðvaði togarinn og sneri til stjórnborða. Sást þá, að togarinn var að hífa upp trollið og menn voru við vinnu á þilfari og gufu lagði upp af togvindunum. Kl. 1054 var stöðvað hjá togaranum, sem reyndist vera togarinn Loch Torridon H 165 frá Hull, sem ákærði er skipstjóri á. Bauja var látin út rétt utan við togarann og eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Gunnólfsvíkurfjall
$> 23° 00'$
Kumblbrún
$> 79° 26'$
Langanesviti

Dýpi við baujuna mældist 59 metrar. Ratsjá varðskipsins sýndi þá stytztu fjarlægð frá landi 2.7 sm. Eftir því sem greinir í skýrslu skipherrans á varðskipinu, gefa athuganir þessar stað togarans 0.3 sm innan við landhelgislínu. Enn fremur segir í skýrslu skipherra, að rétt áður en komið var að togaranum, hafi hlerarnir verið komnir í gálgana, en hafi hangið utan borðs, og hluti af vörpunni hafi hangið á borðstokk skipsins. Þegar 2. stýrimaður og bátsmaður komu um borð í togarann, sáu þeir, að trollið hafði verið tekið inn í flýti, óleyst hafi verið frá pokanum og í honum hafi verið ca 10 körfur af lifandi fiski.

Framanrituð atvikalýsing er tekin úr skýrslu skipherrans á varðskipinu.

Ákærði, Herbert Spencer, heldur því fram, að hann hafi alls ekki verið að veiðum, þegar varðskipið kom að honum. Segist ekki hafa fiskað síðustu 45 mínúturnar, áður en hann heyrði aðvörunarskot varðskipsins. Þenna tíma kveðst hann hafa verið að búa skipið til heimferðar, og viðgerð hafi farið fram á vélinni. Hann neitar því, að fiskur hafi verið lifandi í pokanum. Segist alls ekki hafa verið að taka vörpuna inn, en aðeins verið að flytja veiðarfærin til innan borðs. Hann neitar því algerlega að hafa verið að veiðum innan landhelgislínu. Hann telur staðarákvörðun varðskipsins ranga og telur sig hafa verið 3.2 sm suður af Langanestá, dýpi 36 faðmar. Hins vegar viðurkennir hann, að hlerar hafi verið utan borðs.

Samkvæmt eiðfestum framburði 1. og 2. stýrimanns er skýrsla skipherra varðskipsins rétt og sannleikanum samkvæm. Hvorugur þeirra telur sig hafa séð greinilega, að varpan hafi verið „hífuð" upp úr sjónum. Garðar Pálsson 1. stýrimaður segir vörpuna hafa verið á þeirri hlið, er frá

sneri, en samt hafi það verið greinilegt, að vörpuna var verið að innbyrða, vegna þess að hlerarnir hafi verið utan borðs og nokkuð af vörpunni, þegar varðskipið kom að togaranum. Garðar Haukdal Ágústsson 2. stýrimaður segir heldur engan efa á því, að verið var að taka inn vörpuna, segir togarann hafa snúið á vörpuna til þess að fá hana „klára", hlerar hafi verið utan borðs og talsvert af vörpunni, enn fremur hafi „bobbingar" verið utan borðs og fiskur í pokanum, þegar vitnið kom um borð. Samkvæmt eiðfestum framburði bátsmannsins, Guðna Jóhanns Andréssonar, voru hlerar hangandi í keðjunum utan borðs og kúlurnar „hífðar" upp í gálgarúllur utan borðs eða beint upp af borðstokknum. Pokinn verið ófráleystur, vængir og „bússum" allt „hífað" inn á dekk, þegar hann kom um borð í togarann ásamt 2. stýrimanni. Báðir bera þeir það 2. stýrimaður og bátsmaður, að fiskur hafi spriklað í pokanum, þegar þeir komu um borð.

Báðir 1. og 2. stýrimaður segjast hafa fylgzt nákvæmlega með öllum mælingum og athugunum, sem staðarákvörðun skipherra er byggð á, og telja staðarákvörðunina örugglega rétta.

Samkvæmt vottorði 1. vélstjóra á togaranum, Eirik William Mudd, virðist togarinn hafa verið stopp vegna vélaviðgerðar eftir enskum tíma frá kl. 1000 til 1045, en það svarar til kl. 0900 til 0945 eftir íslenzkum tíma, og virðist þetta ekki koma heim við frásögn ákærða um vélaviðgerðina, sem hann telur hafa farið fram, 45 mínútum áður en aðvörunarskotin heyrðust kl. 1045 eftir íslenzkum tíma, þ. e. kl. 1145 eftir brezkum tíma. Þá má geta þess, að ákærði telur sig hafa verið 3.2 sm suður af Langanestá, og virðist réttinum sá staður vera heldur innan við landhelgislínu.

Með skírskotun til skýrslu skipherrans á varðskipinu „Sæbjörgu" og eiðfests framburðar 1. stýrimanns, 2. stýrimanns og bátsmanns á varðskipinu er að áliti dómsins ekki varhugavert að telja framkomnar fullar sönnur fyrir því, að ákærði, Herbert Spencer, hafi á skipi sínu, „Loch Torridon" H 165, verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi.

Með þessum fiskveiðum í landhelgi hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 4/1924.

Þar eð skip ákærða, togarinn „Loch Torridon" H 165, er samkvæmt mælibréfi 413.08 rúmlestir brúttó, er sú refsing, er ákærði hefur tilunnið, með hliðsjón af gullgildi íslenzku krónunnar í dag, 100 seðlakrónur jafngilda 13.533 gullkrónum, hæfilega ákveðin 75000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri að meðtöldum dragstrengjum svo og allur afli innanborðs í togaranum „Loch Torridon" H 165 vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Herbert Spencer, greiði 75000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Öll veiðarfæri að meðtöldum dragstrengjum og allur afli innanborðs í togaranum „Loch Torridon" H 165 séu upptæk og andvirðið renni í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1952.

Nr. 127/1951. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Henry Pyson (Gunnar J. Möller).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ákæra um botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur framkvæmt athugun á mælingum þeim, sem stjórnendur varðskipsins gerðu við dufl það, er sett var út við togara ákærða kl. 0307 hinn 23. júní 1951. Er niðurstaðan af athugun þessari sú, að tökustaður togarans verður ekki ákveðinn með öruggri vissu.

Samkvæmt þessu og þar sem ekki er fram komin nægilega örugg vissa um siglingu togara ákærða á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykir óvarlegt að telja sannað, að ákærði hafi verið að togveiðum í landhelgi, eins og hún var í framkvæmd á þeim tíma, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Henry Pyson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar og Gunnars J. Möllers hæstaréttarlögmanna, kr. 2000.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 25. júní 1951.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Henry Pyson, skipstjóra á belgíska togaranum Hoop op Zegen 0.238, til heimilis að Peter Benoit str. 37 í Ostende í Belgíu, fyrir meint brot á lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi til refsingar og upptöku afla og veiðarfæra, þar á meðal dragstrengja, og til greiðslu sakarkostnaðar, áfallins og áfallandi.

Kærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. júlí 1912, hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Tildrög máls þessa eru samkvæmt skýrslu skipherrans á Ægi, framburði vitna og kærða sjálfs svo sem hér segir:

Laugardaginn 23. júní var varðskipið Ægir á eftirlitsferð vestur með landi. Austan Ingólfshöfða sást þá togari, er stefndi út frá landi. Var réttvísandi stefna Ægis þá 240°, og var Ingólfshöfði, miðaður í ratsjá, í réttvísandi 260° og fjarlægð hans 6,0 sm.

Kl. 0225 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð með ratsjá af skipherranum á Ægi og þriðja stýrimanni:

Ingólfshöfði í réttvísandi 265°,
fjarlægð 5.0 sm.
Togarinn í stefnu Ægis réttvísandi 240°,
fjarlægð 3.8 sm.

Gefur þessi athugun stað togarans 0.9 sm innan landhelgislínu. Kl. 0234 var sett upp stöðvunarmerki og síðan skotið lausaskoti kl. 0237, en togarinn hélt áfram ferð sinni. Var síðan skotið með kúlu frá varðskipinu kl. 0239, 0242 og 0243, en togarinn hélt áfram ferð sinni.

Enn var skotið lausaskoti kl. 0244 og blásið í flautuna.

Var varðskipið þá komið langs með hlið togarans, og var kallað hvað eftir annað yfir til hans að nema staðar, og gerði hann það þá loks kl. 0246, enda hafði varðskipið sveigt í áttina fyrir togarann.

Togari þessi reyndist vera belgískí togarinn Hoop op Zegen 0.238 frá Ostende, skipstjóri kærði í máli þessu. Var togarinn með stjórnborðsvörpu sína í sjó. Var kærði sóttur um borð í togarann. Kl. 0307 var sett út bauja við hlið togarans, sem lá fyrir vörpunni, en vírar og varpa togarans var

innan við baujuna. Fjarlægðin frá Ingólfshöfða reyndist samkvæmt ratsjánni 3.4 sm. Dýpi var 71 metri. Þokuloft var, og var ekki hægt að gera hornmælingar, og var ákveðið að bíða, þar til er létti til.

Skipstjóra togarans var skýrt frá því, hvar skip hans var statt, og eins því, að hann hefði togað innan landhelgislínunnar, sbr. staðarákvörðun varðskipsins kl. 0225, er hann var 0.9 sm innan landhelgislínu, og hefði síðan togað í 26 mínútur út frá landi.

Kl. 1230 á laugardaginn var veðrið bjart, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun af skipherra og I. stýrimanni:

Ingólfshöfði (vitinn)

$> 32° 43'$

Salthöfði

$> 25° 25'$

Rákartindur

Dýpið var 71 metri. Gefur þetta stað baujunnar 0.4 sm utan landhelgislínu, og kemur það heim við ratsjármælinguna.

Kærði var viðstaddur þessar mælingar.

Var nú skipstjóri togarans fluttur um borð, vörður settur í skipið og því boðið að fylgjast með til Vestmannaeyja, og var lagt af stað kl. 1310.

Kærði kannast við að hafa verið að toga á þessum stöðum, þá er varðskipið kom að honum, en heldur því fram, að hann hafi verið að toga utan við landhelgislínuna. Kveðst hann hafa togað í norðaustlæga átt (NA til A) og snúið við, er Ingólfshöfði var í NNW. Hafi dýpi þá verið 48 faðmar. Eftir að hann sneri, hafi hann togað í 5 mínútur í suður og síðan 10 mínútur í SSW, en þá hafi varðskipið stöðvað hann. Kveðst hann hafa togað eftir dýpinu og stefnunni á Ingólfshöfða, og telur hann sig vissan um að hafa ekki farið inn í landhelgi. Kveður kærði tímann, frá því er hann sneri, vera 15—20 mínútur. Kærði kveðst ekki hafa séð varðskipið, fyrr en hann hefði snúið til SSW, og ekki vitað, að það væri varðskip, fyrr en hann heyrði skotin. Telur hann sig hafa haldið, að varðskipið hefði átt við annað skip en sig, þar sem hann taldi sig utan landhelgi.

Enn fremur heldur kærði fram, að hann hafi ekki séð, er kúlurnar komu í sjóinn, og telur, að hann hafi litið svo á, að varðskipið hafi aðeins ætlað að tala við sig, en ekki stöðva sig, enda ítrekar kærði, að hann hafi talið sig utan landhelgi.

Kærði kveðst hafa snúið við frá NA til A í suður, þegar klukka sín, sem á að vera einum klukkutíma á undan Greenwich meðaltíma, hafi verið 0315, og hafi varðskipið stöðvað hann, er klukkan var 0335, en tekur jafnframt fram, að klukka sín sé ekki áreiðanleg.

Kærði telur sig hafa heyrt 3 skot frá varðskipinu, og hafi klukka sín verið 0325, er hann heyrði fyrsta skotið. Heldur kærði fram, að skip hans gangi einungis 1¾ mílu, er það togar. Hefur kærði haldið fast við þenna framburð sinn.

Stýrimaður togarans, Pierre Corveleyn, hefur komið fyrir rétt. Er framburður hans í samræmi við framburð kærða um, hvernig togarinn hafi togað. Heldur hann fram, að togarinn hafi snúið kl. 0315 eftir klukk-

unni í brú hans, sem hann telur ekki áreiðanlega, til S, og hafi liðið um 20 mínútur frá þeim tíma, þar til varðskipið stöðvaði þá.

Frá varðskipinu hafa verið leiddir sem vitni I., II. og III. stýrimaður, bátsmaður, sem jafnframt er skytta, og háseti sá, er við stýrið var.

Vitnið Jón Strandberg III. stýrimaður var á verði, er fyrst sást til togarans kl. 0220. Framkvæmdi hann ásamt skipherra mælingar þær, er gerðar voru kl. 0220 og 0225, og hefur hann staðfest skýrslu skipherra, að því er þær varðar. Vitni þetta kveðst hafa séð togarann allan tímann, frá því er hann fyrst kom auga á hann kl. 0220 þar til kl. 0246 eða í 26 mínútur, og hafi hann aldrei snúið á þeim tíma. Hafi bakborðshlið ávallt snúið að varðskipinu, og stefna togarans hafi verið frá landi, sem næst þvert á stefnu varðskipsins. Telur vitnið útilokað annað en að skipstjórnarmönnum togarans hafi verið það ljóst, að stöðvunarmerkjum og aðvörunarskotum varðskipsins væri beint til þeirra, enda ekki um önnur skip að ræða, sem Ægir gæti átt við.

Vitnið *Jón Kristinsson,* háseti á Ægi, var við stýrið, er fyrst var komið auga á togarann kl. 0220. Hefur þetta vitni borið, að það hafi alltaf, þar til er togarinn var stöðvaður kl. 0246, haft auga á honum, en á þeim 26 mínútum hafi hann aldrei snúið, heldur togað beint út frá landi. Hafi vitnið séð togarann, þar sem það stóð við stýrið, og fylgzt vel með honum allan tímann, enda hafi skipherra boðið sér að stefna á togarann.

Vitnið *Hannes Friðsteinsson* I. stýrimaður hefur staðfest skýrslu skipherrans, að því er snertir mælingar þær, er gerðar voru við duflið, bæði radarmælinguna um nóttina og hornmælinguna, sem gerð var kl. 1230. Vitni þetta kom upp á þilfar um kl. 0240 og hefur að öllu leyti staðfest skýrslu skipherra um það, sem gerðist eftir þetta.

Vitni þetta hefur sérstaklega bent á, að skipstjóri togarans hafi auðsjáanlega þrjózkazt við að stöðva togarann þrátt fyrir stöðvunarmerki og aðvörunarskot, og telur það engum vafa undirorpið, að skipstjóra togarans hafi verið kunnugt um, að hann hafi verið eltur af varðskipinu, en þrjózkazt samt við að stöðva.

Þetta vitni hefur enn fremur staðfest að hafa farið yfir útsetningar skipherra í kortið á réttarskjali nr. 2, og séu þær réttar.

Vitnið *Hjörleifur Ólafsson,* II. stýrimaður á Ægi, kom upp á stjórnpall, rétt áður en byrjað var að skjóta. Hefur þetta vitni borið það, að skip kærða hafi togað áfram óbreytta stefnu, eftir að hann kom upp, þrátt fyrir aðvörunarskot og stöðvunarmerki. Tekur vitnið fram, að útilokað sé annað en að skipstjórnarmönnum togarans hljóti að hafa verið það ljóst, að varðskipið elti hann, enda var ekki um annað skip að ræða, sem varðskipið gæti átt við.

Vitnið *Kjartan Benjamínsson,* bátsmaður og skytta á Ægi, ber það, að það hafi verið vakið kl. 0220 og hafi nokkru síðar komið að fallbyssunni. Hafi togarinn haldið óbreyttri stefnu allan þann tíma, er það sá til hans, þar til er hann stöðvaði. Bendir vitnið á, að útilokað sé annað en að skipstjórnarmenn togarans hljóti að hafa orðið varir við, er kúla fallbyss-

unnar kom í sjóinn fyrir framan togarann, hafi þeir á annað borð verið á verði.

Öll framangreind 5 vitni, sem eru skipverjar á varðskipinu Ægi, hafa unnið eið að framburði sínum, en ekki þótti rétt að láta stýrimann togarans vinna eið að sínum framburði, þegar af þeirri ástæðu, að laun hans eru greidd með aflahlut, og hefur hann því fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

Skipherrann á varðskipinu hefur staðfest skýrslu sína fyrir réttinum og unnið eið að framburði sínum. Hefur hann bent á, að framburður kærða um hraða togarans sé mjög ósennilegur, enda hafi hraði hans samkvæmt mælingum varðskipsins, er hann togaði frá landi, verið ca 3 mílur á klukkustund.

Enda þótt kærði hafi haldið fast við framburð sinn um, hvernig hann hafi togað, áður en hann var stöðvaður, hefur hann viðurkennt, að hann hafi togað þær 26 mínútur, er liðu, frá því varðskipið kom auga á hann, þar til hann var stöðvaður, og heldur ekki hefur kærði véfengt staðarákvörðun þá, sem gerð var við duflið kl. 1230.

Hins vegar hefur kærði ávallt haldið fast við það, að hann hafi alls ekki togað inni í landhelginni.

Þrátt fyrir þessa neitun kærða þykir verða að leggja skýrslur varðskipsmannanna, sem staðfestar eru með eiði af skipherra varðskipsins og 5 skipverjum þess, til grundvallar. Samkvæmt þeim hefur skip kærða verið að toga innan landhelginnar kl. 0225, er ratsjármælingin var gerð af skipherra og III. stýrimanni Ægis, er mældi skipið vera 0.9 sm innan landhelgi, og verður að telja sannað, að skip kærða hafi síðan togað frá þeim stað út úr landhelginni, þar til er það var stöðvað 0.4 sm utan landhelginnar.

Hefur kærði þannig gerzt brotlegur við lög nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Við ákvörðun refsingar fyrir brot kærða þykir rétt að taka tillit til þess, að kærði hlýddi ekki stöðvunarmerkjum og aðvörunarskotum varðskipsins, og ekki þykir rétt að taka afsakanir kærða um, að hann hafi haldið, að varðskipið hafi átt við annað eða önnur skip, til greina.

Stærð skips hins kærða er samkvæmt upplýsingum hans, sem ber saman við leiðarbók skipsins, er lá frammi í réttinum, 132.5 brúttó smálestir.

Gullgengi íslenzkrar krónu er í dag kr. 13.533, þannig að 100 gullkrónur eru jafnar 738.95 seðlakrónum.

Þykir refsing hins kærða með skírskotun til framanritaðs og hliðsjón af 3. grein laga nr. 5 18. maí 1920 sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 sbr. enn fremur lög nr. 4 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin kr. 8500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2½ mánaðar varðhald í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru um borð í

skipinu Hoop op Zegen 0.238, skulu upptæk ger og andvirði þeirra renna í Landhelgissjóð Íslands.

Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Henry Pyson, greiði 8500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2½ mánaðar varðhald í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Hoop op Zegen 0.238, skulu upptæk ger og andvirði þeirra renna í Landhelgissjóð Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. nóvember 1952.

Kærumálið nr. 26/1952.

Daníel Þorsteinsson & Co. h/f

gegn

Slysavarnafélagi Íslands.

Setudómari próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Frestun máls.

Úrskurður Hæstaréttar.

Með kæru 5. nóvember 1952, er barst Hæstarétti 15. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 30. f. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið bæjarþingsmálinu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni í dag, til þingfestingar í desembermánuði n. k. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framanskráðu.

Föstudaginn 21. nóvember 1952.

Nr. 27/1952. **Jón Kristjánsson** (Einar Arnórsson)
gegn
Helga Benedikssyni og gagnsök
(Sigurður Ólason).

Setudómari próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Krafa um skaðabætur vegna vanefnda á námssamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1952. Krefst hann staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms, öðrum en málskostnaðar, svo og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 15. marz 1952. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara* sýknu að svo stöddu. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Líta verður svo á, að gagnáfrýjandi hafi verið bundinn við námssamning þann, sem í málinu greinir, og heimilt hafi verið að bera kröfur vegna vanefnda á þeim samningi undir gerðardóm samkvæmt ákvæðum laga nr. 100/1938. Ekki verður talið samkvæmt gögnum máls þessa, að skipun gerðardómsins eða dráttur sá, sem varð á meðferð málsins fyrir gerðardóminum, eigi að valda ógildi úrskurðar dómsins.

Við ákvörðun fébóta til handa aðaláfrýjanda bar gerðardómsmönnum að ætlast á um það fjártjón, er aðaláfrýjandi beið af því að verða að hætta námi hjá gagnáfrýjanda og afla sér námsvistar annars staðar. Bar þá og að líta til þeirra kjara, sem ætla mátti, að aðaláfrýjandi yrði að sæta annars staðar í sömu iðngrein það, sem eftir var námstímans, samanborið við þau kjör, sem aðaláfrýjandi hafði hjá gagnáfrýjanda. Einnig bar við það að miða, að aðaláfrýjandi hefði hafizt handa um að afla sér annarrar námsvistar innan hæfilegs tíma, talið frá 31. október 1947, er Snæbjörn Bjarnason trésmíðameistari hætti störfum hjá gagnáfrýjanda og aðaláfrýjandi mátti sjá, að gagnáfrýjandi stóð eigi við námssamninginn. Aðaláfrýjandi hélt hins vegar áfram störfum hjá gagnáfrýjanda, þar til um mánaðamótin júní—júlí 1949, og er ósannað, að kvartað hafi verið af hans hendi undan vanefndum gagnáfrýjanda fyrr en síðari hluta vetrar 1949. Þá er og ósannað, að aðaláfrýjandi hafi leitað eftir annarri námsvist fyrr en einhvern tíma sumars sama ár og þá aðeins hjá einu iðnfyrirtæki, að því er virðist.

Gerðardómsmenn hafa ekki tekið neitt tillit til framangreindra atriða við ákvörðun fébóta til handa aðaláfrýjanda og hafa miðað bæturnar við námskostnað og námskjör í annarri iðngrein. Þeir hafa því ekki að þessu leyti gætt löglegra sjónarmiða við ákvörðun bótanna, og er á valdi dómstóla að meta úrskurð gerðardóms ógildan, þegar svo er ástatt. Málsástæður þessar hafa að vísu ekki verið hafðar uppi af hálfu gagnáfrýjanda í flutningi málsins, en samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir þó rétt að byggja úrlausn málsins á þeim. Ber því að fella úrskurð gerðardómsins úr gildi.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um greiðslu sjúkrabóta, sjúkrasamlagsiðgjalda og gjalda til almannatrygginga svo og vexti af þeim fjárhæðum, með þeirri leiðréttingu reikningsskekkju, að sjúkrabætur lækka í kr. 5282.86, enda hafa kröfur þessar ekki sætt sérstökum andmælum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Úrskurður gerðardóms þess, er í málinu greinir, er úr gildi felldur.

Gagnáfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Kristjánssyni, kr. 6146.86 með 5% ársvöxtum af kr. 5282.86 frá 1. september 1947 til 1. júlí 1949 og af kr. 6146.86 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. febrúar 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., var höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Kristjáni Kristóferssyni f. h. Jóns Kristjánssonar með stefnu, útgefinni 20. júní 1950, birtri 21. s. m., á hendur Helga Benediktssyni, kaupmanni hér í bæ. Voru stefnukröfur þær, að stefndi greiddi skaðabætur, vexti og málskostnað samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950, að fjárhæð kr. 45.000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað og enn fremur greiðslu á sjúkrabótum, kr. 10491.68 með 5% ársvöxtum frá 1. maí 1947 til greiðsludags, til greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda fyrir tímabilið 1. nóvember 1946 til 1. júlí 1949, kr. 432.00, og til greiðslu gjalda til almannatrygginga árin 1947—1949, að báðum árum meðtöldum, kr. 1070.00. Af tveimur síðast töldum fjárhæðum var krafizt 5% ársvaxta frá 1. júlí 1949 til greiðsludags. Þá var og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína um sjúkrabætur í kr. 5482.86 og kröfu um tryggingariðgjöld samkvæmt 108. gr. laga nr. 50/1946 í kr. 432.00.

Stefndi hefur látið mæta í málinu og gerir þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins, og til vara, að hann, þ. e. stefndi, yrði sýknaður að svo stöddu.

Sáttatilraun í málinu reyndist árangurslaus.

Í máli þessu var kveðinn upp dómur í bæjarþingi Vestmannaeyja 2. desember 1950, en með dómi Hæstaréttar 21. nóvember 1951 var héraðsdómurinn ómerktur og málsmeðferð frá 29. júní 1950, og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Samkvæmt fyrirkalli, dags. 30. nóvember s.l., birtu 4. desember s.l., var málið tekið fyrir að nýju á bæjarþingi Vestmannaeyja 6. desember s.l., og lágu þá fyrir skjöl málsins, sem til voru 29. júní 1950, en frá þeim tíma var málsmeðferðin ómerkt.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, er hér segir:

Hinn 1. nóvember 1946 var gerður námssamningur milli stefnda sem

lærimeistara og stefnanda, Jóns Kristjánssonar, um nám í húsasmíði. Var samningurinn undirritaður af stefnda ásamt Snæbirni Bjarnasyni trésmíðameistara, sem þá var í þjónustu stefnda og skyldi sjá um kennsluna, og enn fremur af Jóni Kristjánssyni sem nemanda og föður hans, Kristjáni Kristóferssyni, sem fjárhaldsmanni sonar síns Jóns. Var samningurinn áritaður samþykki iðnfulltrúanna í Reykjavík 25. nóvember 1946 og af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 31. janúar 1947, sem jafnframt vottar það, að samningurinn sé samkvæmt gildandi iðnlöggjöf.

Í samningnum er tekið fram, að stefndi skyldi greiða í kaup venjulegt tímakaup verkamanns í Vestmannaeyjum.

Nemandi skyldi sjálfur kosta fæði og húsnæði svo og iðnskólanám sitt og prófkostnað og leggja sér til handverkfæri. Að öðru leyti virðist samningurinn ekki frábrugðinn venjulegum námssamningum.

Sama dag og samningurinn var undirritaður byrjaði stefnandi að vinna hjá stefnda og vann hjá honum til 26. s. m., en þá veiktist hann og var óvinnufær til 12. ágúst 1947, að undanskildum 4 dögum í janúar 1947. Frá 12. ágúst 1947 til 31. október s. á. vinnur stefnandi áfram undir handleiðslu Snæbjarnar Bjarnasonar, en þann dag fór Snæbjörn úr þjónustu stefnda, en stefnandi vann áfram hjá stefnda án handleiðslu eða tilsagnar trésmíðameistara þar til í lok júnímánaðar 1949. Taldi stefnandi þá, að með því að kennslan væri stórlega vanrækt, væri námssamningurinn vanefndur, og fór faðir stefnanda þá á fund stefnda út af þessu. Til nokkurs árekstrar kom á milli þeirra, er þeir fundust 1. júlí 1949, og kemur þeim ekki saman um, hvað skeð hafi.

Stefnandi hóf síðan nám í annarri iðn og virðist hafa gert námssamning að nýju 1. ágúst 1949.

Stefnandi taldi sig eiga skaðabótakröfu á hendur stefnda vegna vanefnda hans á námssamningnum. Óskaði hann þess með bréfi 14. október 1949, að gerðardómur yrði skipaður samkvæmt 19. gr. laga um iðnnám til þess að dæma um bætur vegna ólöglegrar riftunar og vanefnda stefnda á námssamningnum. Í bréfi 1. nóvember 1949 tilnefnir stefnandi Jón Eiríksson skattstjóra í dóminn, og 4. nóvember 1949 tilnefndi stefndi Jóhannes Elíasson, fulltrúa í Stjórnarráðinu, í dóminn af sinni hálfu.

Dómurinn kom saman 14. marz 1950.

Af dómurum voru mættir Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta, sem formaður dómsins og Jón Eiríksson skattstjóri. Jóhannes Elíasson var ekki mættur, og er bókað í þessari fyrstu setu dómsins, að búizt hafi verið við honum allan síðastliðinn mánuð, en nú væri hann kominn til Danmerkur.

Stefndi, Helgi Benediktsson, mætti og mótmælti fyrirtöku gerðardómsmálsins, vegna þess að það væri ekki lengur dómtækt vegna vangeymslu um fyrirtekt samkvæmt 19. gr. iðnnámslaga. Krafðist hann þess einnig, að Jón Eiríksson viki úr dóminum vegna afskipta hans af undirbúningi málsins. Málið var tekið fyrir að nýju 22. marz, og var Jóhannes Elíasson enn ekki mættur og málinu frestað. Kom dómur saman að nýju 27. marz, og voru þá allir dómararnir mættir. Í þeirri setu dómsins vék Jón Eiríks-

son sæti, en málinu frestað til 4. apríl. Var málið þá tekið fyrir af formanni dómsins einum, og lýsti Kristján Kristófersson þar yfir, að hann tilnefndi Gunnar Pálsson lögfræðing í dóminn af sinni hálfu í stað Jóns Eiríkssonar. Upplýst var, að Jóhannes Eliasson hafði komið til Vestmannaeyja daginn áður, en farið aftur, þar sem sýnt þótti, að hinn nýi dómari, Gunnar Pálsson, myndi ekki mæta að svo stöddu. Var málinu frestað, en tekið fyrir aftur að nýju 21. apríl og 5. maí af dómsformanni einum, þar eð hinir gerðardómsmennirnir mættu ekki. Loks 25. maí var málið tekið fyrir að öllum gerðardómsmönnum viðstöddum.

Kom þá til ágreinings innan dómsins um það, hvort hann sjálfur skyldi úrskurða um það, hvort halda bæri málinu áfram fyrir gerðardóminum, þar eð stefndi taldi óhæfilegan drátt hafa orðið á meðferð málsins fyrir dóminum, eða hvort héraðsdómari einn ætti um það úrskurðarvald.

Meiri hluti gerðardómsins úrskurðaði, að meðferð málsins skyldi haldið áfram.

Minni hlutinn var á þeirri skoðun, að úrskurðarvald um réttarfarsatriði heyrði ekki undir gerðardóminn, heldur héraðsdómara einan.

Þann dag hætti Jóhannes Eliasson störfum í dóminum og taldi stefnda hafa með bréfi svipt sig umboði til að starfa áfram í dóminum, en stefndi neitaði að tilnefna annan í hans stað.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, Gunnar Þorsteinsson, hafði þá tekið við formannsstörfum í dóminum, og fóru þeir, hann og Gunnar Pálsson, einir með gerðardómsmálið eftir þetta. Var málið tekið undir úrskurð 27. maí, og úrskurður kveðinn upp 8. júní 1950. Samkvæmt úrskurðinum var talið, að stefndi hefði vanefnt námssamninginn stórkostlega. Var honum gert að greiða kr. 45.000.00 í bætur ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað til stefnanda og auk þess kr. 1500.00 í þóknun til Jóhannesar Eliassonar.

Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í gerðardóminum.

Þykir rétt að taka þenna hluta stefnukröfunnar til athugunar sérstaklega.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfu þessari og borið fram margar ástæður fyrir sýknukröfu sinni, og skulu þær nú athugaðar:

Í fyrsta lagi krefst stefndi sýknu vegna þess, að ágreiningsefnið heyri ekki undir gerðardóm, og færir til þær ástæður, að námssamningur sá, sem gerður hafi verið, hafi aldrei verið löglegur námssamningur í merkingu iðnnámslaganna, og þó svo væri, þá sé ágreiningurinn ekki út af vanefndum, heldur sliti á samningnum, sbr. 17. gr. laga nr. 100/1938, og komi slíkur ágreiningur ekki undir gerðardóm samkvæmt 19. gr. sömu laga.

Rétturinn verður að líta svo á, að hér sé um iðnnámssamning að ræða í merkingu iðnnámslaganna. Að vísu var stefndi ekki meistari í iðn þeirri, sem námssamningurinn var gerður um, en það þykir mega skilja 2. gr. laganna svo, að iðnrekendur megi taka nemendur til náms, hafi þeir í þjónustu sinni meistara í iðninni. Það er viðurkennt, að stefndi

hefur gert iðnnámssamninga við fleiri nemendur, enda hefur hann rekið umfangsmikinn atvinnurekstur mörg undanfarin ár. Skiptir hér ekki máli í þessu sambandi, hvort hann hefur iðjuleyfi eða ekki. Námssamningurinn var staðfestur sem löglegur af lögreglustjóra og áritaður af iðnfulltrúum, og verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Þá er á það að líta, hvort um slit samkvæmt 17. gr. iðnnámslaganna sé að ræða, og málið heyri því ekki undir gerðardóm af þeim ástæðum. Stefndi hefur að vísu haldið því fram, en því er mótmælt af stefnanda, að þeir hafi verið búnir að koma sér saman um slit á námssamningnum. Bendir hann og á, að nemandinn hafi haldið því fram, að faðir sinn hafi farið á fund stefnda til þess að fá námssamningnum „slitið". Það virðist þó ljóst, að samkomulag hefur ekki orðið um slit á samningnum samkvæmt 17. gr. laga nr. 100/1938, eða a. m. k. yrði stefndi að sanna, að slíkt samkomulag hefði orðið. Með því að slík sönnun liggur ekki fyrir, verður að líta svo á, að málið sé höfðað vegna vanefnda á samningnum og heyri því undir gerðardóm samkvæmt 19. gr. margnefndra laga. Verður því sýknukrafa stefnda af þessari ástæðu ekki tekin til greina.

Í öðru lagi hefur stefndi krafizt sýknu á þeim grundvelli, að meðferð gerðardómsins hafi verið í verulegum atriðum ólögleg. Færir hann til þessar ástæður:

1. Stefndi telur, að hvorki Gunnar Pálsson né Gunnar Þorsteinsson hefðu átt að taka sæti í gerðardóminum, þar sem aðstaða þeirra hvorugs hafi objektivt séð verið hlutlaus gagnvart sér.

Gunnar Pálsson er skipaður dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá út af rannsókn á ýmsum meintum brotum stefnda gegn innflutnings- og gjaldeyrislögum. Hefur sú rannsókn staðið yfir langan tíma. Ekki verður séð, að hann hafi á neinn hátt komið svo fram í þessari rannsókn, svo kunnugt sé, að ætla megi, að hann sé ekki fullkomlega óvilhallur í garð stefnda. Hafa engar þær ástæður verið fram færðar, sem benda á annað.

Gunnar Þorsteinsson var bæjarfógeti í Vestmannaeyjum og hafði því afskipti af málaferlum stefnda, bæði að því er snerti brot hans á lögreglusamþykkt, og sem fógeti hafði hann innheimtu á opinberum gjöldum hjá stefnda. Ekki verður á neinn hátt séð, að hann hafi hagað störfum sínum þannig, að unnt sé að halda því fram, að hann hafi sýnt stefnda óvildarhug.

Verður því rétturinn að telja, að báðum þessum gerðardómsmönnum hafi verið rétt að taka þátt í dómstörfum í gerðardóminum.

2. Stefndi telur, að meðferð gerðardómsins hafi verið ólögleg að því leyti, að málinu hafi verið frestað langt fram yfir það, sem löglegt var og heimilt.

Það er að sönnu rétt, að langur tími leið, frá því að til gerðardómsins var stofnað og þar til málið var tekið fyrir í fyrsta sinn. Enn fremur er það rétt, að málinu var frestað samtals 6 sinnum, og liðu tveir mánuðir frá fyrirtekt og þar til málið var tekið undir úrskurð. Hefur í úrskurði gerðardómsins verið gerð nánari grein fyrir ástæðum til þessa dráttar, og þykir verða að leggja frásögn hans til grundvallar. Telur gerðardómur-

inn, að um lögleg forföll hafi verið að ræða. Stefndi lítur hins vegar svo á, að ákvæði 19. gr. iðnnámslaganna skeri hér algerlega úr, og undir engum kringumstæðum megi frestir vera fleiri eða lengri en þar er til tekið. Á þessa skoðun stefnda getur rétturinn ekki fallizt. Mál þetta er umfangsmikið og snerist um háar fjárkröfur. Báðir hinir tilnefndu meðdómsmenn voru búsettir utan lögsagnarumdæmisins, svo að varla var fyrirsjáanlegt, að ljúka mætti málinu innan þeirra þröngu tímatakmarka, sem 19. gr. iðnnámslaganna setur. Hins vegar virðist réttinum dráttur-inn hafa verið langur, en þykir þó ekki rétt, að hann varði ómerkingu gerðardómsins.

3. Þá telur stefndi, að gerðardómurinn hafi farið út fyrir valdsvið sitt með því að dæma bætur fyrir hugsanlegt óorðið tjón og með því að úrskurða stefnda til málskostnaðargreiðslu.

Á þetta verður ekki fallizt. Í slíkum málum virðist einsætt, að mjög oft þarf einmitt að taka tillit til óorðins tjóns. Engin takmörk eru heldur sett valdsviði gerðardómsins, og þyrfti skýr ákvæði til þess að þrengja valdsvið hans þannig. Hvað viðvíkur ákvæði gerðardómsins um málskostnað gegnir svipuðu máli. Mun hvort tveggja hafa tíðkazt, að málskostnaður væri tildæmdur og ekki, og telur rétturinn slíkt ekki geta valdið ómerkingu gerðardómsins.

Svo sem að framan segir, telur rétturinn, að sýknukrafa stefnda vegna meðferðar gerðardómsins á málinu skuli ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi hefur stefndi krafizt sýknu af þeim ástæðum, að enginn sjálfstæður, efnalegur grundvöllur sé fyrir kröfum stefnanda, þar á meðal ekki fyrir sjúkrabótum etc.

Á þetta verður heldur ekki fallizt. Grundvöllur undir kröfu stefnanda er gerðardómurinn, sem að framan getur. Er kröfugerð stefnanda í samræmi við úrskurð dómsins. Verða því kröfur stefnanda samkvæmt úrskurði gerðardómsins teknar til greina.

Varðandi kröfu um sjúkrabætur, sem stefnandi hefur undir rekstri málsins lækkað niður í kr. 5482.86 og síðan upplýst með vottorði Loftleiða h/f, að þær eigi enn fremur að lækka um kr. 160.00 og verða því kr. 5322.86, vísar stefnandi til 12. gr. iðnnámslaganna, en þar segir, að auk læknishjálpar og hjúkrunar skuli meistari greiða annan framfærslukostnað nemanda. Stefndi hefur mótmælt kröfu þessari, en ekki fjárhæð hennar, og verður hún því tekin til greina að fullu, þar sem hún virðist ekki óhófleg.

Krafa vegna greiðslu sjúkrasamlagsgjalda, sem í stefnu voru talin kr. 432.00 og kvittanir lagðar fram fyrir, verður einnig tekin til greina, með því að meistara ber að greiða slík gjöld, sbr. 12. gr., 2. mgr., laga nr. 100/1938.

Krafa vegna iðgjalda til almannatrygginga var gerð í stefnu, að fjárhæð kr. 1070.00. Undir rekstri málsins, í greinargerð stefnanda á réttarskjali 14 um veikindakostnað stefnanda, virðist krafa þessi færð niður í kr. 432.00. Krafa þessi um iðgjöldin samkvæmt 107. gr. laga um almannatryggingar er gerð samkvæmt 108. gr. sömu laga, sem segir, að meistari

skuli inna þau af hendi fyrir nemendur sína. Ber að taka þenna kröfulið til greina.

Af fjárhæðum þessum er krafizt 5% ársvaxta, af sjúkrabótum frá 1. maí 1947 og af sjúkrasamlags- og tryggingargjöldum frá 1. júlí 1949, hvort tveggja til greiðsludags.

Þykir rétt að taka vaxtakröfuna til greina, en þó aðeins frá 1. september 1947, að því er sjúkrabæturnar varðar.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda gerðardómskröfuna, kr. 45.000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950.

Enn fremur greiði stefndi stefnanda kr. 5322.86 + 432.00 + 432.00, samtals kr. 6186.86, með 5% ársvöxtum, af kr. 5322.86 frá 1. sept. 1947 til 1. júlí 1949 og af kr. 6186.86 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að verjandi málsins, Sigurður E. Ólason hæstaréttarlögmaður, hefur lagt fram í máli þessu ýmis skjöl með mjög ósæmilegum rithætti. Eru og sum þeirra málinu næsta óviðkomandi, og þykir þetta því vítaverðara, að þau eru lögð hér fram, eftir að Hæstiréttur hefur í frávísunardómi sínum fundið að rithætti þeirra. Þykir þó ekki næg ástæða til að sekta hann fyrir framlagninguna.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Kristjáni Kristóferssyni f. h. Jóns Kristjánssonar, kr. 45.000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 14. október 1949 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað, allt samkvæmt gerðardómi, uppkveðnum 8. júní 1950.

Enn fremur greiði stefndi stefnanda kr. 6186.86 með 5% ársvöxtum, af kr. 5322.86 frá 1. sept. 1947—1. júlí 1949 og af kr. 6186.86 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. nóvember 1952.

Nr. 128/1951. **Ákæruvaldið** (Bergur Jónsson hdl.)
gegn
Guðmundi Sívertsen (Einar B. Guðmundsson),
Árna Magnúsi Guðmundssyni (Einar Arnórsson)
og
Arnóri Kristjáni Hjálmarssyni
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 4. mgr. 42. gr. laga nr. 32/1929 og 219. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Hinir ákærðu eru allir sóttir til sakar fyrir brot á ákvæðum laga um loftferðir nr. 32/1929, „sbr. flugsamgöngureglur samkvæmt þeim". Þá eru hinir ákærðu Guðmundur Sívertsen og Árni Magnús Guðmundsson einnig ákærðir fyrir brot á ákvæðum XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki tekur ákæran til XVIII. kafla sömu laga.

Að því er varðar ákæru fyrir brot á öðrum flugsamgöngureglum en þeim, sem felast í lögum nr. 32/1929 sjálfum, þá er hvorki greint í málshöfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins né í málshöfðunartilkynningu eða stefnu héraðsdómara, við hvaða reglur þar sé átt. Er ákæran að þessu leyti svo óákveðin, að ekki kemur til athugunar, hvort ákærðu kunni að hafa gerzt sekir um brot á einhverjum slíkum reglum.

Ákærði Guðmundur Sívertsen var flugleiðsögumaður í flugvélinni Geysi hingað til lands hinn 14. september 1950. Sannað þykir af prófum málsins, að mistök hans um staðarákvarðanir, sem lýst er í héraðsdómi, hafi verið meginorsök þess, að flugvélinni var stýrt af réttri leið með þeim afleiðingum, að hún fórst á Vatnajökli. Hlutu tveir af áhöfn flugvélarinnar allmikil meiðsli í flugslysi þessu, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi. Varðar brot ákærða Guðmundar við 4. mgr. 42. gr. laga nr. 32/1929 og 219. gr. laga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði.

Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu atvinnuréttinda, að því er hann varðar.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson var flugstjóri flugvélarinnar í þessari ferð hennar. Telja verður, eins og í héraðsdómi greinir, að honum hafi borið að fylgjast betur en hann gerði með staðsetningum og leiðarreikningi flugvélarinnar og fullvissa sig um, eftir að flugvélin tók að nálgast landið, að hún væri örugglega ofar öllum fjöllum. Með því að gæta ekki skyldu sinnar um þetta hefur hann orðið samvaldur að slysinu. Varðar brot hans við 4. mgr. 42. gr. laga nr. 32/1929 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Arnór Kristján Hjálmarsson var flugumferðarstjóri á Reykjavíkurflugvelli, þegar slysið varð. Samkvæmt fyrirmælum um framkvæmd starfa hans bar honum að vísu að leggja fyrir flugvélina Geysi að hækka flug sitt, fyrr en hann gerði. En þar sem hann gat ekki vænzt þess, að flugvélin væri komin eins langt af réttri leið og raun varð á, þykir ekki vera svo náið orsakasamband milli þessarar vangæzlu hans og ófara flugvélarinnar, að honum verði að lögum gefin sök á slysinu. Og með því að framangreind vangæzla hans varðar ekki við nein ákvæði laga nr. 32/1929 og hann er ekki saksóttur fyrir brot í opinberu starfi, þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu hans.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærðu Guðmundur Sívertsen og Árni Magnús Guðmundsson greiði hvor um sig málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 3000.00.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Arnórs Kristjáns Hjálmarssonar fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 4000.00, greiði ríkissjóður að ⅓ hluta og ákærðu Guðmundur Sívertsen og Árni Magnús Guðmundsson að ⅓ hluta hvor.

Dómsorð:

Ákærði Arnór Kristján Hjálmarsson á að vera sýkn í máli þessu.

Ákærði Guðmundur Sívertsen sæti varðhaldi 4 mánuði. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu hans.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson greiði kr. 4000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði Guðmundur Sívertsen greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Arnórs Kristjáns Hjálmarssonar í Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Bergs Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4000.00, greiði ríkissjóður að ⅓ hluta og ákærðu Guðmundur Sívertsen og Árni Magnús Guðmundsson að ⅓ hluta hvor.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. júní 1951.

Ár 1951, laugardaginn 16. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2265—2267/1951: Ákæruvaldið gegn Árna Magnúsi

Guðmundssyni, Guðmundi Sívertsen og Arnóri Kristjáni Hjálmarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Árna Magnúsi Guðmundssyni flugstjóra, Hofteigi 23, og Guðmundi Sívertsen flugleiðsögumanni, Marbakka á Seltjarnarnesi, fyrir brot gegn lögum nr. 32 14. júní 1929 um loftferðir, sbr. flugsamgöngureglur samkvæmt þeim, og fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, allt jafnframt með hliðsjón af VII. kafla hegningarlaganna, svo og gegn Arnóri Kristjáni Hjálmarssyni, flugumferðarstjóra á Reykjavíkurflugvelli, fyrir brot gegn lögum nr. 32 14. júní 1929 um loftferðir, sbr. flugsamgöngureglur samkvæmt þeim, sbr. jafnframt VII. kafla hegningarlaganna.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. ágúst 1916 á Ísafirði, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1946 10/10 Kærður fyrir meint áfengis- og bifreiðalagabrot. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.

1948 28/2 Sátt: 700 króna sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 106. gr. hegningarlaganna og 78. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Ákærði Guðmundur Sívertsen er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. febrúar 1919 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1940 29/4 Áminning fyrir illyrði við lögregluna.

1941 23/9 Sátt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1949 17/7 Dómur: 10 daga varðhald og sviptur réttindum til að öðlast ökuleyfi í 6 mánuði fyrir ölvun við akstur bifreiðar og akstur án réttinda.

Ákærði Arnór Kristján Hjálmarsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 30. marz 1922 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1936 24/11 Áminning fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.

1942 29/1 Sátt: 100 króna sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 22. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941.

1947 6/6 Sátt: 50 króna sekt fyrir óleyfilegt bifreiðarstæði.

Að kvöldi fimmtudagsins 14. september síðastliðins fórst flugvélin TF-RVC Geysir, eign Loftleiða h/f hér í bæ, á Vatnajökli á leið með farm frá Luxemburg til New York með fyrirhugaðri viðkomu í Reykjavík. Farþegar voru engir, en áhöfn flugvélarinnar var þessi:

1. Flugstjóri ákærði Árni Magnús Guðmundsson.
2. Aðstoðarflugmaður Dagfinnur Stefánsson, Eskihlíð 12, fæddur 22. nóvember 1925.
3. Flugleiðsögumaður ákærði Guðmundur Sívertsen.
4. Loftskeytamaður Bolli Gunnarsson, Flókagötu 6, fæddur 1. júlí 1918.
5. Vélamaður Einar Runólfsson, Veltusundi 1, fæddur 13. apríl 1927.
6. Flugþerna Ingigerður Karlsdóttir, Bárugötu 35, fædd 21. júní 1927.

Í slysinu varð áhöfnin eftir atvikum fyrir furðulitlum meiðslum og

verður vikið nánar að þeim síðar. Flugvélin var af Skymastergerð, fjögurra hreyfla, hámarkstala þeirra, sem hafa mátti innanborðs, þar með talin áhöfn, var 53, smíðuð var hún í Bandaríkjum Norður-Ameríku árið 1946, en keypt hingað til lands 1948. Síðan var hún notuð til farþega- og vöruflutninga fyrir Loftleiðir h/f, en einnig leigð ýmsum öðrum flugfélögum um lengri eða skemmri tíma, og í hinni síðustu ferð hennar hafði bandaríska flugfélagið Seaboard & Western hana á leigu. Þegar flugvélin fór í ferð þessa, var hún í lögmætu ástandi og áhöfnin með tilskildum atvinnuréttindum.

Lagt var af stað af Reykjavíkurflugvelli aðfaranótt 14. september kl. 3 og flogið til London með farþega. Þaðan var flogið til Luxemburg, og annaðist Seaboard & Western afgreiðslu flugvélarinnar þar. Þar voru sæti losuð úr vélinni og tekinn í hana farmur, sem var eign ýmissa erlendra aðilja, en hann var einkum samkvæmt upplýsingum Loftleiða h/f vefnaðarvara, leðurvörur, úr og klukkur, postulínsvörur, ýmiss konar einkavarningur ferðamanna, vélahlutar, 18 lifandi hundar, gervisteinar, myndavélar, ilmvötn, vírar, ýmsar efnisvörur og eitt lík. Alls var farmurinn um 12 þúsund ensk pund að þyngd.

Í upphafi vátryggðu Loftleiðir h/f flugvélina fyrir 230 þúsund Bandaríkjadollara, en um áramótin 1949—1950 var tryggingin lækkuð í 200 þúsund Bandaríkjadollara, og fyrir það fé var hún vátryggð, þegar hún fórst. Í síðustu ferð flugvélarinnar hafði hún nægilegt eldsneyti, og eigi hefur það fram komið, að nein tæki hennar, mælitæki eða annað, hafi bilað í ferðinni fram að slysi.

Aðfaranótt 13. september var ákærði Árni Magnús á Ísafirði hjá foreldrum sínum og kveðst hafa sofið þar eðlilegan svefn. Um hádegi hins 13. fékk hann símskeyti frá Loftleiðum h/f um, að hann ætti á næsta miðnætti að leggja af stað af Reykjavíkurflugvelli til Ameríku. Um fjögurleytið þenna dag kom hann til Reykjavíkur sem farþegi í flugvél.

Um kvöldið varð sú breyting á áætluninni, að ákærði skyldi fljúga Geysi um nóttina héðan til Luxemburg og hingað aftur, og þegar hann lagði af stað í ferð þessa, hafði hann ekkert sofið frá því nóttina áður. Á heimleiðinni virðist hann hafa blundað lítið eitt, en að öðru leyti neytti hann ekki svefns frá því að morgni 13. september og fram að slysi.

Ákærði Guðmundur kveðst hafa sofið eðlilegum svefni aðfaranótt 13. september. Að kvöldi þess dags lá hann fyrir í tvær til þrjár klukkustundir, en eftir það neytti hann ekki svefns fram að slysi.

Ferðin til Luxemburg gekk vel og var komið þangað um hádegi. Þar mataðist áhöfnin og beið síðan þar til lokið var að láta farminn í flugvélina. Viðgerð fór þar eigi fram á vélinni né neinum tækjum í henni, þar sem hennar virtist engin þörf. Í Luxemburg er eigi veðurstofa, og fékk flugvélin ekkert veðurkort þar, en veðurlýsing var fengin frá Brüssel, aðallega um vinda og skýjamagn á ýmsum hlutum flugleiðarinnar heim, svo og vindaspá, sem ákærði Guðmundur segir að hafi reynzt röng að mestu leyti, og hafi gefizt tækifæri til að samprófa það á fyrri hluta leiðarinnar.

Kl. 16.30 lagði flugvélin af stað frá Luxemburg áleiðis til Reykjavíkur, og var áætlaður komutími þangað kl. 1 næstu nótt. Flogið var yfir Amsterdam og síðan norður yfir endilangan Norðursjó, og voru góð flugskilyrði á þeirri leið. Ákærði Árni Magnús var við stjórn flugvélarinnar á byrjun heimferðarinnar eða í á að gizka 1½ klukkustund, en þá tók aðstoðarflugmaðurinn við stjórninni og hafði hana á hendi þar til á að gizka hálfri klukkustund fyrir slysið, að ákærði tók við henni aftur. Þegar aðstoðarflugmaðurinn tók við stjórninni, lagðist ákærði Árni Magnús til hvíldar og sofnaði aðeins. Hann vissi aðeins af því, þegar flogið var yfir North Ronaldsey, og sá vitann þar. Hann lagðist þá aftur til hvíldar, en fór á fætur, þegar flugvélin átti að vera yfir Færeyjum, og eftir það tók hann enga hvíld fram að slysinu.

Allt virðist hafa verið með felldu um stefnu flugvélarinnar til North Ronaldsey, og öruggt má telja, að yfir þá ey hafi verið flogið eða hinar nálægustu eyjar, sbr. síðar. Yfir Norðursjónum gerði ákærði Guðmundur staðarákvörðun með consol, og var hún í samræmi við hina áætluðu flugleið. Skilyrði til staðarákvarðana með consol voru að sögn ákærða Guðmundar sæmileg framan af, en versnuðu, eftir því sem norðar dró. Ekki man þessi ákærði, hvar á leiðinni skilyrðin til mælinga með þessum tækjum urðu svo slæm, að tækjanna urðu engin not, og eigi man hann, hvort þetta var, áður en talið var, að farið væri framhjá Færeyjum eða ekki, en hann fullyrðir, að það hafi verið löngu fyrir slysið. Á leiðinni norður yfir Norðursjóinn notaði ákærði Guðmundur radióhæðarmælinn og loftþyngdarhæðarmælinn, sem báðir voru stilltir á standard þrýsting, til samanburðar, en með því má reikna út driftina. Þann útreikning segir hann hafa reynzt skakkan að nokkru leyti, og telur hann það hafa stafað af skekkju annars hvors hæðarmælisins, en eigi veit hann hvors. Hafði hann orðið var þessa sama fyrirbæris á flugi áður, en hann telur það oftast standa yfir einungis skamma stund og lagast svo af sjálfu sér. Í þetta sinn segir hann skekkjuna hafa verið um 5°, en eigi man hann, hvort hann bar mælana af þessu tilefni saman við mælana hjá flugmönnunum. Á leiðinni frá Færeyjum til Íslands notaði hann þessa sömu mæla til driftarákvörðunar, en treysti þeim ekki vegna þeirrar skekkju, sem hann hafði orðið var við yfir Norðursjónum.

Á leiðinni til North Ronaldsey voru lorantæki flugvélarinnar eigi notuð, og sextantmiðanir engar gerðar á allri heimleiðinni.

Kl. 17.38 eða fáeinum mínútum eftir að vélin var yfir Amsterdam sendi loftskeytamaðurinn að beiðni ákærða Árna Magnúsar skeyti til flugstöðvarinnar í Prestwick og óskaði eftir áætlun veðurstofunnar þar um hnattstöðu lægðarmiðju suðaustur af Íslandi kl. 18.00. Sjö mínútum síðar barst flugvélinni svar við þessu skeyti frá Prestwick, og segir þar, að lægðarmiðjan kl. 18.00 sé 61.00 N 10.00 W. Þetta skeyti fékk loftskeytamaðurinn ákærða Árna Magnúsi, sem strax fékk ákærða Guðmundi það, og athuguðu þeir það í sameiningu. Eru loftskeytamaðurinn og ákærði Árni Magnús á einu máli um þetta og muna það gjörla. Ákærði Guðmundur kvaðst í upphafi eigi minnast þessa, en síðar kvað hann sig ráma

í þetta og sé þessi gangur málanna í samræmi við starfsvenjur í flugvélinni.

Við North Ronaldsey var breytt um stefnu og skyldi stefnt á Færeyjar. Á þeirri leið var loraninn ekki notaður, en nokkrum radiómiðunum kveðst ákærði Guðmundur hafa náð. Voru það miðanir frá nálægum annars flokks stöðvum svo sem North Ronaldsey, Butt of Lewis og Suleskerry. Eigi kveðst hann vera viss um driftina milli North Ronaldsey og Færeyja, en driftarútreikningur hans byggðist aðallega á staðarákvörðun hans við North Ronaldsey og radiómiðunum, sem hann tók á þessari leið. Eigi segir hann vinda á þessum stöðum hafa verið mjög sterka og eigi man hann, hverrar áttar þeir voru.

Á þessum stöðum kveðst aðstoðarflugmaðurinn hafa tekið miðanir á vita á Hjaltlandseyjum og Orkneyjum og hafi þær reynzt skýrar og góðar, en eigi hafði hann neina samvinnu við ákærða Guðmund um miðanir þessar né skýrði honum frá þeim. Hins vegar fékk ákærði Guðmundur flugmönnunum við og við miða með upplýsingum um stefnuna, vind o. fl.

Þegar komið var norður um Færeyjar, var orðið dimmt, en suður af þeim kl. 20.30 kveðst ákærði Guðmundur hafa náð staðarákvörðun eftir einni radiómiðun og einum vita, sem merkt er B á kortinu, lögregluréttarskjali nr. 9, og var hnattstaðan þá samkvæmt áliti hans 60° 05′ N og 03° 48′ W.

Enginn af áhöfn flugvélarinnar sá Færeyjar, en þegar ákærði Árni Magnús taldi, að komið væri norður að Færeyjum, leit hann eitt sinn út um gluggann hægra megin í stjórnklefanum og sá þá skáhallt niður undan til hægri ljós, sem virtist haga sér þannig, að það væri frá snúningsvita. Ljós þetta sá hann mjög skamma stund og ekki svo greinilega, að hann þori að fullyrða, að það hafi verið frá vita, en hann áleit strax, að svo væri, og hefur álitið síðan. Hann sagði ákærða Guðmundi strax frá ljósi þessu og að það mundi vera frá vita, og benti ákærði Guðmundur þá á kortinu á vita á suðvesturhluta Færeyja. Fékk ákærði Árni Magnús þá strax þá hugmynd, að þetta hefði verið ljós frá vitanum á Myggenes.

Kl. 21.30 gerði ákærði Guðmundur staðarákvörðun með loranmiðun, og er sá staður merktur A í lögregluréttarskjali nr. 9 og er 62° 44′ N og 09° 42′ W. Í skeyti frá flugvélinni kl. 22.00 skeikar örlitlu um þessa staðarákvörðun, og er hún þar talin 62° 38′ N og 09° 30′ W. Samkvæmt þessu áætlaði ákærði Guðmundur komutímann til Vestmannaeyja kl. 22.50.

Eftir þessa staðarákvörðun gerði ákærði Guðmundur tilraunir til staðarákvarðana með því að nota loranstöðina I L 5 og radióvitann í Vestmannaeyjum, og virtust honum þær styðja það, að vélin væri á réttri leið. Sýndi radiókompásnálin Vestmannaeyjar því sem næst beint framundan, en nálin flökti jafnt til beggja hliða, miðað við stefnu vélarinnar, og staðnæmdist öðru hverju á stefnu hennar. Hann reyndi að miða radióvitann á Vestra-Horni, en án árangurs. Ekki reyndi hann að miða útvarpsstöðina í Reykjavík með radiókompásnum. Á síðari hluta leiðarinnar var ákærði stöðugt við starf sitt og að reyna að ná miðunum, en bæði hann og ákærði Árni Magnús voru nokkuð öruggir um leiðina vegna miðan-

anna frá radióvitanum í Vestmannaeyjum. Radióhæðarmælirinn var alltaf í gangi og leit ákærði Guðmundur á hann öðru hverju og gaf hann ekki til kynna, að flugvélin væri á öðrum slóðum en hann bjóst við. Lítilli stundu fyrir slysið hafði hann gert staðarákvörðun, sem kom heim við stöð I L 5 og radióvitann í Vestmannaeyjum, en flughraðinn, miðað við jörð, var þá að hans áliti orðinn grunsamlega lítill. Þessa staðarákvörðun hafði hann fengið loftskeytamanninum í hendur, og var loftskeytamaðurinn að undirbúa sendingu hennar, þegar slysið varð. Er óvíst, hver staðarákvörðun þessi var, en ákærði taldi hana sýna, að flugvélin væri yfir hafi á áætlaðri leið hennar eða því sem næst. Samkvæmt staðarákvörðunum sínum gaf ákærði Guðmundur flugmönnunum upp skriflega, í hvaða stefnu skyldi fljúga, og voru miðarnir með stefnuákvörðunum festir með klemmu til vinstri við flugmannssætið. Þegar ákærði Árni Magnús tók við stjórn flugvélarinnar af aðstoðarflugmanninum skömmu fyrir slysið, sá hann á miðanum, að stefnan skyldi vera 313°, og var þeirri stefnu haldið eftir það, en eigi man hann, hver stefnan var næst á undan. Ákærði Guðmundur skýrði honum frá því, að hraðinn, miðað við jörð, hefði minnkað, en hann taldi komutímann til Vestmannaeyja mundu verða mjög svipaðan og áætlað hafði verið. Þegar ákærði Árni Magnús tók við stýrinu, hafði nýlega verið flogið inn í ský, og eftir það var flogið í skýjum fram að slysi. Ísing á vængi var aðeins byrjuð, þegar hann tók við stýri, og jókst jafnt og þétt eftir það, og einmitt í því er slysið varð, voru aðstoðarflugmaðurinn og vélamaðurinn að setja ísvarnartækin í gang að fyrirlagi hans. Loft var nokkuð ókyrrt og sérstaklega mikið upp- og niðurstreymi á víxl. Skömmu eftir að talið var, að flogið hefði verið framhjá Færeyjum, reyndi hann að hlusta á útvarpsstöðina í Reykjavík og taka miðanir af henni og Vestmannaeyjavitanum, og hélt hann þessum tilraunum áfram fram að slysi, án þess að þær bæru neinn jákvæðan árangur. Öðru hvoru heyrði hann þó mjög óljóst til útvarpsstöðvarinnar í Reykjavík, en styrkleikinn var aldrei nægur til að halda radiókompásnálinni stöðugri. Samt virtist hún öðru hverju sýna stöðina framundan. Annar radiókompásinn var stilltur á Vestmannaeyjavitann, og mátti öðru hvoru aðeins greina kallmerki hans. Álítur ákærði Árni Magnús, að mikil úrkoma í lofti (static) hafi valdið því, að radiókompásarnir sýndu ekki gleggri merki. Radióhæðarmælirinn var hjá ákærða Guðmundi, og gat flugmaður séð hann úr sæti sínu með því að líta aftur fyrir sig. Ákærði Árni Magnús vissi, að mælirinn var í gangi í ferðinni, en eigi minnist hann þess að hafa gefið honum gætur, eftir að hann settist við stýri. Flugvélinni var flogið samkvæmt standardhæðarmælasetningu (29.92) í átta þúsund feta hæð, en þegar slysið varð, sýndi sá hæðarmælir 7500—7600 feta hæð, og mun sú lækkun aðallega hafa stafað af ísingu. Vegna ísingarinnar hafði ákærði Árni Magnús skömmu fyrir slysið aukið við afl hreyflanna og stillt blöndunga þeirra á sterka blöndu (auto rich). Frá því hann settist við stýri næst fyrir slysið, sá hann hvorki haf, land né himin, fyrr en slysið varð. Snjókoman smájókst, og síðustu mínúturnar var blindhríð, svo ákærði gat ekki greint jökulbreiðuna. Eigi telur hann þetta veður hafa komið

sér á óvart á réttri leið flugvélarinnar til Vestmannaeyja, því að hann hafði áður í norðaustanátt tekið eftir því, að skýja- og snjókomubelti lægi til suðvesturs frá Austfjörðum.

Síðustu stundirnar fyrir slysið voru allir karlmennirnir í flugvélinni í stjórnklefanum, en flugþernan lá í hvílunni í klefa rétt aftan við stjórnklefann. Úti var norðaustan stórhríð og náttmyrkur og hlóðst ísing á vélina. Ekkert sást fram fyrir flugvélina. Vissi svo áhöfnin ekki fyrr til en flugvélin skall á jökulbreiðuna. Má telja víst, að vinstri vængurinn hafi fyrst rekizt í, og brotnaði hann af, vélin kastaðist áfram og stöðvaðist á hvolfi um 150 metra frá vængnum, og hafði bolurinn brotnað aftan við stjórnklefann og lá fremsti hlutinn á hliðinni. Karlmennirnir komust allir út um glugga á stjórnklefanum, og var flugþernunni hjálpað út um gat, sem brotnað hafði á flugvélina. Hreyflar flugvélarinnar brotnuðu allir, stýri ónýttust, bolurinn rifnaði og brotnaði, og virðist flugvélin hafa gereyðilagzt. Nokkuð af farminum hentist úr vélinni á víð og dreif út í snjóinn, en meiri hluti hans mun þó hafa verið eftir í flakinu. Áhöfn flugvélarinnar bjó nú um sig í flakinu, sem bezt hún gat, og dvaldi á slysstaðnum næstu sjö daga. Matur var mjög lítill, en til skjóls var gripið til vefnaðarvöru úr farminum. Í slysinu eyðilögðust aðalloftskeytatæki flugvélarinnar, en mjög erfitt var að komast að loftskeytatæki því, sem í flugvélinni var og nota skyldi í neyðartilfellum. Mánudagsmorguninn 18. september tókst þó að ná því, og heyrðust þann dag skeyti frá áhöfn flugvélarinnar. Var það varðskipið Ægir, sem lá fyrir austan land, sem fyrstur heyrði skeytin. Strax og kunnugt varð, að flugvélinni hefði hlekkzt á, voru gerðar mjög víðtækar leitarráðstafanir bæði á landi, sjó og í lofti, og var þeim haldið áfram, og á mánudaginn 18. september sást flak flugvélarinnar úr flugvélinni Vestfirðingi. Var þann dag kastað vistum, klæðnaði og fleiri nauðsynjum niður til áhafnarinnar. Áformað var að bjarga áhöfninni með amerískri björgunarflugvél á skíðum, og lenti hún hjá flakinu síðdegis næsta dag. Henni tókst eigi að hefja sig til flugs af jöklinum og varð þar innlyksa. Miðvikudaginn 20. september kom björgunarleiðangur frá Akureyri að flakinu, og fylgdi hann áhöfnum Geysis og björgunarflugvélarinnar niður af jöklinum. Fimmtudagsmorguninn 21. september voru áhafnirnar sóttar í tveimur flugvélum á sandana norðan jökulsins og fluttar til Reykjavíkur, og komu þær á flugvöllinn hér þann dag um kl. 11 árdegis. Með björgunarflugvélinni fór austur á jökul Sigurður Jónsson, skrifstofustjóri flugmálastjóra, og kom aftur hinn 21. september með áhöfnum flugvélanna.

Í slysinu hlaut áhöfn flugvélarinnar meiðsli, svo sem nú verður rakið: Ákærði Árni Magnús skaddaðist á nefi, hlaut skakkt og sárt nef, marbletti á nefi og undir báðum augum. Tvær gerfitennur í efra gómi brotnuðu. Meiðsli þessi munu brátt hafa batnað.

Aðstoðarflugmaðurinn og flugþernan hlutu mest meiðsli áhafnarinnar, og hefur dr. med. Snorri Hallgrímsson gefið vottorð um þau. Við slysið mun aðstoðarflugmaðurinn, Dagfinnur Stefánsson, hafa fengið mikið högg á andlitið, og við það klofnaði efri vörin hægra megin upp að nös og

hægri nefvængur skaddaðist, og álítur hann sig hafa verið meðvitundarlausan í tvo sólarhringa á eftir. Hægra efra augnalok varð máttlaust og hékk niður, svo aðstoðarflugmaðurinn sá ekki með auganu fyrst í stað. Röntgenmyndir af andlitsbeinum sýndu brot á efri kjálka hægra megin og blæðingu inn í kjálkaholu.

Hinn 8. desember s.l. upplýsti aðstoðarflugmaðurinn í læknisskoðun, að hann hefði ekki önnur óþægindi en nokkurn dofa hægra megin í efri vör og öðru hvoru sársaukastingi framan til í hægri efri kjálka og að þessa stingi legði fram í framtennur hægra megin. Við skoðun þann dag kom í ljós máttleysi í hægra augnaloki, þannig að eigi var unnt að opna augað nema vel til hálfs. Þegar litið var beint fram, opnaðist augað það mikið, að um það bil ¾ sjáaldursins sáust. Hægra megin á efri vör var ör frá nös og niður á vararauðuna. Í örinu var áberandi samdráttur, sem orsakaði áberandi vik í vararauðuna. Hægri nefvængur var lítið eitt aflagaður af örum og færður lítið eitt út á við. Tilfinninga- og snertiskyn var minnkað í efri vörinni hægra megin við örið, út undir munnvik. Telur læknirinn þörf á frekari skurðaðgerð á efri vörinni til þess að bæta útlitið.

Úlfar læknir Þórðarson skoðaði flugþernuna Ingigerði Karlsdóttur eftir komu hennar til Reykjavíkur af jöklinum. Hafði hún þá skrámur og mar á báðum framhandleggjum, stór mör í vöðvum á báðum kálfum, brák á brjóstbeini og fyrsta og öðru rifi vinstra megin, en aðalmeiðslin voru þó brot á áttunda og níunda hryggjarlið. Auk þess taldi læknirinn hana sennilega hafa fengið vægan heilahristing við slysið. Fyrstu dagana eftir slysið kenndi hún mikils sársauka og gat ekki rétt úr sér. Eftir heimkomuna lá hún rúmföst í mánaðartíma. Hinn 8. desember segir dr. med. Snorri Hallgrímsson svo í vottorði um hana, að þrautir í bringu og öxl hafi horfið eftir nokkurn tíma, en hún hafi haft verk í mjóbaki allt frá slysinu. Þessi óþægindi hafi þó farið allverulega minnkandi síðustu vikurnar, en vegna þeirra hafi hún þó eigi treyst sér til vinnu fram að þessum tíma.

Við skoðun þenna dag fannst ekkert athugavert nema við hrygginn. Áberandi útsveigja á svæðinu frá miðju brjóstbaki og niður fyrir mitt mjóbak. Hryggurinn áberandi stirður og sársauki við hreyfingar, en engin bein eymsli við þrýsting eða bang.

Loftskeytamaðurinn meiddist ekkert í slysinu og vélamaðurinn og ákærði Guðmundur mjög lítið.

Nefnd sú, sem flugráð stofnaði til rannsóknar flugslysa, var dómaranum til aðstoðar við rannsókn máls þessa, en í henni voru Sigurður Jónsson, skrifstofustjóri flugmálastjóra, Þorsteinn Jónsson flugstjóri og Jón Pálsson flugvélavirki. Að tilhlutan dómarans samdi nefndin álitsgerð um slysið, aðdraganda þess og orsakir, og er meginmál hennar á þessa leið:

„Nefndin hefur á fundum sínum reynt að vinna úr þeim fáu gögnum, sem fyrir hendi eru, varðandi leiðsögu flugvélarinnar frá Luxemburg og þar til hún lendir á Vatnajökli. Gögn þessi eru næsta fátækleg, en þó hefur verið hægt með aðstoð þeirra og við yfirheyrslur að mynda sér skoðun um, hvernig á því stóð, að flugvélin var þetta langt af leið og svona illa tókst til.

Nefndin hefur komizt að eftirfarandi niðurstöðu, varðandi orsakir og tildrög slyssins:

Allt frá því að flugvélin flýgur yfir Amsterdam, virðist vera um að ræða samfellda röð af siglingaskekkjum, sem skulu raktar hér nánar.

Kl. 18.36 sendir flugvélin frá sér staðarákvörðunarskeyti og segist þá vera (kl. 18.35) N 55° 20′ og A 01° 02′ (91 sjóm. réttvísandi 78° frá Newcastle). Einn þeirra smámiða, sem leiðsögumaðurinn notar til þess að tilkynna flugstjóra stefnur og stefnubreytingar á (rskj. nr. 10 B), gefur til kynna, að hann eigi við þá stefnu, sem fyrst var flogið frá Amsterdam. Byggist þetta á því, að hér er um að ræða réttvísandi stefnu til North Ronaldseyjar, en yfir þá eyju var ætlunin að fljúga. Misvísun, sem notuð er á þessum miða, er 8° W og er í samræmi við misvísun þá, sem er á þessum slóðum. Með því að reikna með þeirri stefnu, sem flugvélinni var stýrt samkv. þessum smámiða (328° réttvísandi), og þeim vindi, sem raunverulega var á þessum slóðum á sama tíma (230° 45 hnútar), er staða flugvélarinnar kl. 18.35 N 55° 32′ og A 03° 17′.

Virðist því enginn vafi á, að staðarákvörðun sú, sem flugvélin gaf upp kl. 18.36, sé röng, því út frá henni reiknast leiðsögumanninum vindur suðaustlægur um 40 hnúta, en í raun og veru var vindur á þessum slóðum suð-vestlægur um 45 hnúta.

Aðspurður kveðst leiðsögumaður flugvélarinnar hafa fengið staðarákvörðun sína (kl. 18.35) með CONSOL miðunum frá Stavangri og Bushmills á Írlandi. Við athugun á miðun frá Stavangri á báðar þessar fyrrnefndu stöðvar kemur í ljós, að merkjasamstæður þær, sem miðanirnar byggjast á, eru svo líkar á báðum staðarákvörðununum, að í þeim lélegu hlustunarskilyrðum, sem fyrir voru samkvæmt sögn leiðsögumannsins, eru líkindi til, að um misheyrn hafi verið að ræða. Hins vegar miðast báðir fyrrnefndir staðir nokkurn veginn eins frá Bushmills. Styrkir þetta mjög þá skoðun, að flugvélin hafi verið á síðarnefndum stað kl. 18.35.

Við staðarákvörðun sína kl. 18.35 reiknast leiðsögumanninum til, að vindur sé SA-lægur. Út frá þessu breytir hann um stefnu og reiknar nú með plus 5° fyrir afdrift (rskj. 100). Í raun og veru, eins og fyrr er getið, var vindur SV-lægur, og hefði hann því átt að reikna með mínus drift. Líklegt þykir þó, að skömmu síðar hafi hann með aðstoð einhverra radiomiðana komizt að raun um, að flugvélinni var stefnt um of til norðurs, en hann man ekki eftir því, og enginn smámiði er nú til, sem gefur til kynna stefnubreytingu því til leiðréttingar. Hins vegar hefur leiðsögumaðurinn skýrt svo frá, að fleiri smámiðar hafi verið ritaðir, og geti því vantað miða þann, sem notaður kann að hafa verið um þetta leyti.

Flugstjóri flugvélarinnar lét loftskeytamanninn senda fyrirspurn til Prestwick um hnattstöðu lægðarmiðjunnar á milli Íslands og Skotlands, en svarskeytið komst ekki í hendur leiðsögumannsins, eða hann man ekki til þess.

Aðspurðir ítreka leiðsögumaður og aðstoðarflugmaður, sem þá var við stjórn flugvélarinnar, það álit sitt, að flogið hafi verið yfir North Ronaldseyju, en geta þó ekki með öruggri vissu staðhæft, að svo hafi verið og að

það hafi ekki verið önnur eyja á þessum slóðum, en ef svo hefði verið, þá taldi leiðsögumaðurinn líklegustu eyjuna hafa verið Fair Island.

Kl. 20.30 segist flugvélin vera stödd á N 60° 05′ og W 03° 48′ (staðsett á rskj. nr. 11). Hér er um að ræða „staðarákvörðun, gerða eftir einni radíómiðun frá einum vita" (single radio bearing position line), eins og tekið er fram í skeyti frá TF-RVC. Þykir því ástæða til að véfengja nákvæmni þessarar staðarákvörðunar. Á þessum slóðum er fjöldi radíó-vita, sem með lítilli fyrirhöfn er hægt að miða og sem að sögn aðstoðarflugmannsins heyrðust ágætlega. Einnig eru á þessum slóðum góð skilyrði til CONSOL og LORAN miðana, og auk þess var stjörnubjart og hægt að nota sextant. Með tilvísun til þess, að flugvélin hafði að sögn leiðsögumannsins og aðstoðarflugmannsins nýverið flogið yfir North Ronaldsey, þá veittist hér ágætt tækifæri til þess að ákveða stöðu flugvélarinnar með öryggi og einnig vindátt og vindhraða, en í skeyti flugvélarinnar segir: „Vindur 240° 40 hnútar, nákvæmni óviss". Um það leyti, sem staðarákvörðun þessi var gerð, var vindur raunverulega 10° suðlægari og 15 hnútum sterkari heldur en leiðsögumanninum reiknaðist vera. Styrkir það þá skoðun, að flugvélin hafi þá þegar verið komin norðar og austar en fyrirhugaður ferill hennar var.

Hér virðist leiðsögumaður flugvélarinnar ekki hafa sýnt nægilega alúð og nákvæmni við starf sitt með því að notfæra sér ekki hina ýmsu möguleika, sem eru fyrir hendi á þessum slóðum og á margvíslegan hátt er hægt að nota til öruggra staðarákvarðana.

Í þessu síðasta staðarákvörðunarskeyti er gert ráð fyrir, að floginn verði ferill, sem sé réttvísandi 321°, og röskri ½ klst. síðar er samkvæmt frásögn leiðsögumannsins gerð LORAN staðarákvörðun, og er flugvélin staðsett á þeim stað, sem merktur er X á rskj. nr. 11 (ca 12 mílur SV af Trangisvaag). Nú er LORAN kerfinu þannig háttað á þessum slóðum, að LORAN-móttökutækið í flugvélinni mundi sýna nákvæmlega sömu merki (sama aflestur), þótt flugvélin væri ca 35 sjómílur NA af Trangisvaag (merkt Y á rskj. 11), eða nánar tiltekið 47 sjómílur NA af þeim stað, er leiðsögumaðurinn staðsetur flugvélina.

Kl. 21.30 segist flugvélin vera stödd á N 62° 38′ og W 09° 30′, sem er staðsett á rskj. nr. 11. Staðarákvörðun þessi er sögð gerð með LORAN miðunum, vindur er sagður 140° 40 hnútar (ákvarðað með öryggi). Frá þessari staðarákvörðun er áætlað að fljúga feril, sem er 278° réttvísandi og reynist vera stefna 6 mílur suður af Vestmannaeyjum. Kl. 22.23 sendi flugvélin skeyti um breyttan áætlaðan komutíma yfir Vestmannaeyjar og til Reykjavíkur, og er þetta það síðasta, sem heyrist frá henni.

Eins og síðar upplýsist, rekst flugvélin á Bárðarbungu í Vatnajökli kl. ca 22.50 eða fyrr, því kl. 22.52, þegar reynt er að ná sambandi við hana, svarar hún ekki.

Á lausablaði A, rskj. 10, er rituð stýrð kompásstefna 313°, sem flugmaður og leiðsögumaður staðfesta, að hafi verið stýrð frá því kl. 21.30 og þar til slysið varð. Með því að styðjast við þessa stefnu og þá vinda, sem raunverulega voru í hinum einstöku veðurspársvæðum samkvæmt upp-

lýsingum frá Veðurstofunni í Reykjavík (rskj. nr. 12), hefur ferill flugvélarinnar verið rakinn til baka frá slysstaðnum og áætluðum slystíma kl. 22.50, og fæst með því staður, sem er N 63° 35′ og W 07° 25′, kl. 21.30 (merkt á rskj. nr. 11). Sökum þess að ómögulegt er að ákveða mjög nákvæmlega, hvernig vindar hafi verið á hverjum stað, getur einhverju skeikað um stað „A". Ef svo er, þá er hann að öllum líkindum vestar en sýnt er.

Ef bætt er einu merki (100 micro-sekúndum) við það, sem leiðsögumaðurinn hefur lesið á LORAN-tækið frá stöð IL6 kl. 21.30 (þ. e. a. s. hafi hann lesið skakkt á tækið), fæst staðarákvörðun, sem er N 63° 26′ og W 08° 39′ (merkt B í rskj. nr. 11). Samkvæmt frásögn leiðsögumannsins voru móttökuskilyrði frá LORAN-stöðvum ekki sem bezt og mun verri frá fyrrnefndri stöð, en í slæmum móttökuskilyrðum er erfitt að lesa rétt á tækið, sökum þess að merkin eru þá mjög ókyrr. Með tilliti til framangreinds þykir ástæða til að halda, að flugvélin hafi verið einhvers staðar nálægt stað „B" (rskj. 11), vegna þess að „B" er ekki langt frá ferli flugvélarinnar frá „A" og á slysstaðinn.

Þess ber þó að gæta, að staður „A" er fundinn með því að áætla slystímann kl. 22.50, en margt bendir til, að slysið hafi skeð nokkrum mínútum fyrir þann tíma, en fyrir hverja mínútu, sem slysið skeður fyrr, færist „A" nær „B" um 3,4 sjómílur. Á rskj. nr. 11 er dreginn hringur, sem sker „A" og „B", og þykir sannað, að flugvélin hafi verið innan þessa hrings kl. 21.30.

Í staðarákvörðunarskeyti flugvélarinnar reiknast leiðsögumanninum vindur vera 140° 40 hnútar, en í raun og veru var vindur á þessu svæði um það bil 210° 65 hnútar. Ef athugaðir eru vindar þeir, sem raunverulega voru á flugleiðinni frá staðarákvörðun kl. 20.30 og til kl. 21.30, sést, að þeir voru yfirleitt vestlægari og mun sterkari heldur en leiðsögumaðurinn gerði ráð fyrir. Styður þetta enn það álit, að flugvélin hafi á allri leiðinni verið austar og norðar heldur en staðarákvörðunarskeytin gefa í skyn, og er þá líklegast, að ljós það, sem flugstjórinn sá hægra megin við stefnu flugvélarinnar nálægt Færeyjum, hafi verið skip. Lítill vafi er þá orðinn á, að LORAN staðarákvörðunin við Færeyjar eigi við stað þann, sem merktur er „Y" á rskj. 11.

Af því, sem að framan greinir, er augljóst, að leiðsögumaður flugvélarinnar hefur ekki gætt starfs síns sem skyldi á allri heimleiðinni. Staðarákvarðanir þær, er hann gerir, styðjast aðeins við eitt staðsetningarkerfi í hvert sinn, þó að fleiri kerfi og aðferðir hafi verið fyrir hendi. Virðist svo sem leiðsögumaðurinn hafi verið allt of öruggur um staðsetningu flugvélarinnar og þar af leiðandi ekki gert samanburðarathuganir, sem áreiðanlega hefðu sýnt, að flugvélin var komin langt af leið. Að vísu hefur leiðsögumaðurinn skýrt frá því, að móttökuskilyrði fyrir CONSOL-miðanir hafi verið léleg á radio-kompásmóttakarann, en hann gerði engar tilraunir til þess að ná þessum miðunum á móttakara loftskeytamannsins, sem er bæði sterkari og betri.

Jafnframt má benda á, að of fáar tilraunir voru gerðar til þess að ná

radio-miðun frá radio-vitanum á Vestra-Horni, en vafasömum og daufum merkjum frá Vestmannaeyjum treyst til þess að ákveða stefnuna eftir. Hér þurfti að sjálfsögðu að gæta sérstakrar varúðar, vegna þess að flugvélin nálgaðist landið úr mjög austlægri stefnu (einnig miðað við staðarákvörðun leiðsögumannsins sjálfs kl. 21.30) og jöklarnir á suðurlandi ekki ýkja langt frá hinni fyrirhuguðu flugleið. Er næsta ótrúlegt, að ekki hafi heyrzt í vitanum á Vestra-Horni milli kl. 22.20 og 22.25 (á þeim tíma sendir vitinn), en þá var flugvélin um það bil 25 mílur frá honum.

Leiðsögumanninum bar einnig að gæta vel að radióhæðarmælinum um þessar mundir vegna nálægðar landsins, enda hefði hann þá strax orðið var við, þegar flugvélin flaug inn yfir ströndina, en svo virðist, sem hvorki hann né nokkur annar af áhöfninni hafi gefið mælinum gaum.

Einnig verður að átelja, að leiðsögumaðurinn færði enga siglingadagbók, en gerði alla útreikninga sína á lausamiðum. Hefði hins vegar slík sjálfsögð dagbók verið færð, hefði það orðið til mikils gagns, meðal annars við rannsókn þessa máls. Sömuleiðis er kort það, sem hann samkvæmt eigin sögn notaði við leiðsögn flugvélarinnar, í mælikvarða 1:3.000.000 á 60° N (Mercator) fremur óheppilegt til þess að gera á því nákvæman leiðarútreikning.

Þetta var fyrsta flugferð leiðsögumannsins til meginlandsins í 8—9 mánuði og einnig aðeins önnur flugferð hans sem leiðsögumanns á þessu tímabili.

Hér þykir rétt að benda á, að áhöfnin á flugvélinni hafði ekki notið venjulegrar hvíldar í a. m. k. hálfan annan sólarhring, þegar flugvélin fór að nálgast landið. Sjálfsagt hefur þreyta og svefnleysi gert vart við sig hjá áhöfninni á allri heimleiðinni, og hefur það að verulegu leyti átt sinn þátt í þeim siglingaskekkjum, sem að framan eru taldar, og að leiðsögumaðurinn sýndi ekki nægjanlega alúð og nákvæmni við starf sitt. Flugstjóranum bar einnig að fylgjast betur með staðsetningu og leiðarreikningi flugvélarinnar, og þegar tók að nálgast landið, átti hann að fullvissa sig um, að flugvélin væri á hverjum tíma í nægjanlegri hæð til þess að vera örugglega ofar öllum fjöllum, sérstaklega með tilliti til þess, hversu norðarlega fyrirhugaður ferill flugvélarinnar var, og ekki síst vegna þess, hversu mikill munur var á flughæð samkvæmt standard loftþrýstingi og raunverulegum loftþrýstingi. Hér virðist flugstjóranum alls ekki hafa komið til hugar, að flugvélin gæti verið af réttri leið, en þar sem slíkt er ávallt mögulegt, ekki síst þar sem hér var um algert blindflug að ræða, átti hann sjálfur öryggisins vegna að stilla annan hæðarmæli flugvélarinnar á regional QNH, því samkvæmt leiðarreikningi leiðsögumannsins átti flugvélin ekki eftir nema um það bil 20 mín. flug til Vestmannaeyja, þegar slysið skeði, og komin mjög nálægt suðurlandshálendinu.

Þegar slysið vildi til eða skömmu áður, sýndi loftþyngdarhæðarmælir flugvélarinnar samkvæmt sögn flugstjóra aðeins 7500—7600 fet, miðað við standard loftþrýsting. Hæðartap þetta (frá 8000 fetum, sem flugvélinni bar að fljúga í) hefur aðallega stafað af ísingu á flugvélinni og ókyrru

lofti, en í slíkum skilyrðum er venjulega erfitt að halda stöðugri flughæð. 7500 fet, sýnd á hæðarmæli, sem stilltur er á standard loftþrýsting, jafngilti á slystímanum um 6354 fetum (1 millibar = 30 fet). Bárðarbunga er 6523 fet á hæð samkvæmt mælingu Steinþórs Sigurðssonar, en flak flugvélarinnar er í um það bil 6200 feta hæð, eftir því sem næst verður komizt. Loftþyngdarmismunurinn á milli standard og regional hæðamælisstillinga á þessum tíma jafngildir 1506 fetum.

Í „NOTAM" Ísland 1—4/1950 15. marz 1.11.1.2. „koma loftfara" er ákveðið, að loftfar skuli fá fyrirmæli frá flugstjórnarmiðstöð um að stilla hæðarmæli sinn í samræmi við QNH gildi flugstjórnarsvæðis, áður en það fer yfir takmörk aðflugssviðs eða þegar það er a. m. k. í 50 sjómílna fjarlægð frá ströndinni.

Þessari reglu mun þó ekki ávallt hafa verið framfylgt, sérstaklega hvað viðkemur íslenzkum flugvélum, þar sem flugumferðarstjórnin gerir ráð fyrir, að íslenzkir millilandaflugmenn séu vel kunnugir öllum staðháttum á aðflugsleiðum hérlendis. En enginn efi leikur á, að ef fyrr hefði verið búið að fyrirskipa flugvélinni að fljúga í 8000 feta hæð, miðað við regional hæðamælisstillingu, og þeirri fyrirskipan verið framfylgt, mundi sú flughæð hafa reynzt nægjanleg. Sú niðurstaða, sem nefndin hefur komizt að við rannsókn þessa, er, að frumorsök slyssins hafi verið siglingaskekkja.

Í öðru lagi verður meðverkandi ástæða slyssins að teljast sú, hversu seint flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík sendi flugvélinni fyrirskipun um að breyta um hæðamælisstillingu."

Þess skal getið, að eftir að nefndin samdi álitsgerð þessa, skýrði ákærði Guðmundur svo frá, að hann teldi sig hafa séð veðurskeyti frá Prestwick.

Án þess að afstaða sé tekin til þess, hvort álitsgerð nefndarinnar hafi að öllu leyti við rök að styðjast, en því er í ýmsum atriðum andmælt af verjendum hinna ákærðu, er ljóst, að störfum ákærða Guðmundar hefur á heimleiðinni, a. m. k. eftir að komið var norður um Færeyjar, verið mjög ábótavant og að skekkjur hans í staðarákvörðunum og þar af leiðandi í flugleiðsögunni voru meginorsök ófara flugvélarinnar.

Ummæli nefndarinnar um vanrækslu ákærða Árna Magnúsar á öryggiseftirliti með flugi vélarinnar, eins og á stóð, verður með tilliti til hinnar miklu ábyrgðar, sem á flugstjóra hvílir, að telja á rökum reist, og hefur sú vanræksla orðið meðorsök ófaranna.

Á því leikur enginn efi, að ásetningur beggja þessara ákærðu var sá, að stýra flugvélinni heilli til ákvörðunarstaðar, og voru því mistök þeirra af gáleysi unnin.

Samkvæmt 24. gr. loftferðalaganna nr. 32 14. júní 1929 skal loftferðum á Íslandi hagað eftir þeim reglum, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur til að forðast árekstur loftfara eða koma í veg fyrir önnur slys, meðan á loftferð stendur, og er svo ákveðið, að flugliðum hvers loftfars beri að haga sér eftir þessum reglum, hverjum í sínu starfi. Enn fremur er svo ákveðið, að meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefi ekki út reglugerð um þessi efni, beri að nota samgöngureglur þær, sem gilda í alþjóðaviðskiptum um loftferðir.

Þar sem reglugerð þessi hefur eigi enn verið sett, kemur til álita, hvort ákærðu Árni Magnús og Guðmundur hafi gerzt brotlegir við samgöngureglur þær, sem gilda í alþjóðaviðskiptum um loftferðir. Í alþjóðareglum um loftferðir er svo ákveðið, að flugstjóri hvers loftfars sé ábyrgur fyrir flugi þess og hafi skipunarvald í því (I.C.A.O., Annex 2,3.1.1.), og í 18. gr. loftferðalaganna er ákveðið, að flugstjóri hafi skipunarvald í loftfari gagnvart flugliði og farþegum. Í I.C.A.O., Annex 6, 3.5.1., eru ákvæði um, að flugstjórinn sé, meðan á flugi stendur, ábyrgur fyrir öryggi loftfars og þeirra, sem innanborðs eru. Hlýtur í þessu að felast, að honum beri skylda til að gæta, svo sem framast er unnt, varúðar og samvizkusemi í starfi sínu og allra þeirra aðstæðna við flugið, sem öryggið byggist á.

Þessa gætti ákærði Árni Magnús eigi sem skyldi, eins og fram kemur í álitsgerð nefndarinnar, og þykir það eigi geta firrt hann refsiábyrgð, að hann treysti útreikningum og leiðsögn ákærða Guðmundar. Hefur ákærði Árni Magnús því gerzt brotlegur við alþjóðaflugreglurnar að þessu leyti, og varðar það brot hans við 24. sbr. 41. gr. loftferðalaganna nr. 32 14. júní 1929.

Eigi þykir ljóst, að vanræksla ákærða Guðmundar í starfi sínu falli undir neitt ákvæði loftferðalaganna né alþjóðaflugreglnanna.

Hins vegar þykir hún og sömuleiðis atferli ákærða Árna Magnúsar vera svo vaxin með tilliti til þeirra líkamsmeiðinga, sem af slysinu hlutust, að varði við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Arnór Kristján Hjálmarsson kom á vörð í flugturninn á Reykjavíkurflugvelli kl. 19.30 hinn 14. september s.l. og átti að vera þar á verði til kl. 7.30 næsta dag, en var þar miklu lengur vegna þess ástands, sem skapaðist við hvarf flugvélarinnar. Eftir komu ákærða á vörð barst honum öðru hverju skeyti frá flugvélinni um ferðir hennar, og var eðlilegt skeytasamband við hana til kl. 22.25 hinn 14. september. Þá barst skeyti frá henni, þar sem gerð er breyting á áætluðum komutíma til Reykjavíkur, sem svarar 40 mínútum fyrr en áður var áætlað. Er áætlaður komutími til Reykjavíkur frá kl. 23.30, en áætlað að verða yfir Vestmannaeyjum kl. 23.10. Samkvæmt skeyti frá flugvélinni kl. 21.30 var flughæðin 8000 fet í standardhæðarmælasetningu, og af leið þeirri, sem flugvélin var á samkvæmt skeytum hennar, taldi ákærði, að hún væri á öruggri leið og að ekkert þyrfti um hana að óttast. Kl. 22.52 sendi ákærði flugvélinni fyrirmæli um að hækka flugið í 8000 fet eftir regional QNH 2844 tommum eða um 1480 fet. Þegar þetta skeyti var sent, taldi ákærði, að flugvélin væri að minnsta kosti 10 sjómílur frá strönd landsins, því að um það bil átti hún að vera samkvæmt áður uppgefnum áætlunum. Skeyti þetta barst ekki flugvélinni, þar sem hún mun hafa farizt örskömmu áður en það var sent.

Í rannsókn málsins hefur Alfreð Elíasson, flugstjóri Loftleiða h/f, haldið því fram, að flugvélin hafi rekizt á jökulinn, vegna þess að hæðarmælir hennar hafi ekki verið rétt stilltur, en orsök þess hafi verið sú, að fyrirskipun flugumferðarstjórnarinnar um að breyta hæðarmælisstillingu hafi ekki verið gefin á réttum tíma, eða um 30 mínútum of seint,

en fyrirmæli um þetta sé flugumferðarstjórninni skylt að gefa hverri flugvél í aðflugi að landinu, þegar hún sé í a. m. k. 50 sjómílna fjarlægð frá ströndinni, sbr. NOTAM 1—4/1950, en þar segir svo: „Loftför í úthafsflugi skulu fá fyrirmæli frá flugstjórnarmiðstöð um að stilla hæðarmæla sína í samræmi við QNH gildi flugstjórnarsvæðis, áður en loftfarið fer yfir takmörk aðflugssviðs, eða þegar það er a. m. k. í 50 sjómílna fjarlægð frá ströndinni."

Ákærði hefur skýrt svo frá, að eigi hafi verið farið stranglega eftir þeirri reglu og mjög hafi það verið breytilegt eftir flughæð flugvéla og flugumferðinni, hvenær hverri vél hafi verið sent regional QNH. Um þessi efni liggja fyrir álitsgerðir flugmálastjóra, dagsett 13. október s.l., og flugvallastjóra, dags. 31. maí s.l. Af álitsgerð flugvallastjóra sést, að NOTAM er sama og Notices to Air Men eða tilkynningar til flugmanna og fjalla um ýmis efni, varðandi flug á Íslandi. Er mestur hluti þeirra upplýsingar um alls konar leiðsögutæki, radiostöðvar og því um líkt og flugvelli. Einnig eru í tilkynningum þessum skráðar ýmsar almennar flugreglur og leiðbeiningar, sem birtar eru annars staðar, enda er þá vitnað í viðkomandi heimild.

Báðir þessir aðiljar skýra svo frá, að þegar flugöryggisþjónustan setti reglur þær um aðflug, sem áður eru nefndar (NOTAM 1—4/1950), hafi hún ekki litið svo á, að telja bæri fyrirmæli þau, sem þar um ræðir, bókstaflega bindandi við hvert einstakt flug, heldur sem almennan leiðarvísi um það, hvernig flugumferðarstjórninni bæri að haga sér í þessum málum. Í þessu sambandi er lögð á það áherzla, að í reglunum sé ekki fyrirskipað, þar sem talað sé um takmörk aðflugsstjórnarsvæðis eða 50 mílna fjarlægð frá strönd, að velja beri hverju sinni þau þessara takmarka, er flugvélin fer yfir, eins og glögglega komi einnig fram í ensku útgáfunni af reglunum.

Segir svo, að flugöryggisþjónustan hafi því m. a. lagt í vald umferðarstjórnarinnar að meta hverju sinni, hvort nauðsynlegt sé eða heppilegt að taka tillit til 50 mílna fjarlægðarinnar frá strönd, þegar flugvélar nálgast landið skáhallt á ströndina, og komi hér margt til greina, m. a. hæð flugvélarinnar, nálægð og hæð fjalla, önnur flugumferð og ekki sízt upplýsingar frá flugvélinni sjálfri um það, hve örugga hún telji sig vera um nákvæmni staðsetningar og flugleiðir. Við þær aðstæður, sem voru við slys Geysis, kveðst flugmálastjóri eigi fá séð, að flugumferðarstjórnin hafi á nokkurn hátt brotið settar reglur.

Af þessu er ljóst, að flugumferðarstjórunum í flugturninum hefur í framkvæmdinni verið nokkuð í sjálfsvald sett eftir öllum aðstæðum, hvenær þeir senda flugvélum í aðflugi af hafi regional QNH, og hafi 50 sjómílna markið verið skilið sem leiðbeining, en eigi sem bindandi ákvæði. Eðlilegt var, að ákærði Arnór Kristján Hjálmarsson hefði á þessu sama skilning og flugöryggisþjónustan yfirleitt og hagaði starfi sínu samkvæmt því, og verður því eigi séð, að hann hafi með afskiptum sínum eða afskiptaleysi af flugi Geysis gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem mál er höfðað gegn honum fyrir brot á, og ber því að sýkna hann.

Eftir atvikum þykir refsing ákærða Árna Magnúsar hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða Guðmundar hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með tilliti til 50. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184 1. nóvember 1949 þykir rétt samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta ákærða Árna Magnús flugmannsréttindum í 6 mánuði og ákærða Guðmund flugleiðsögumannsréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Málsvarnarlaun hdl. Baldvins Jónssonar, skipaðs verjanda ákærða Arnórs Kristjáns, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Árni Magnús greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Ákærði Guðmundur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 1000.00.

Allan annan málskostnað skulu ákærðu Árni Magnús og Guðmundur greiða in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Arnór Kristján Hjálmarsson skal vera sýkn í máli þessu.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson greiði kr. 2000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Sívertsen greiði kr. 3000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson skal sviptur flugmannsréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Sívertsen skal ævilangt sviptur flugleiðsögumannsréttindum frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun hdl. Baldvins Jónssonar, skipaðs verjanda ákærða Arnórs Kristjáns Hjálmarssonar, kr. 600.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Árni Magnús Guðmundsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Ákærði Guðmundur Sívertsen greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, kr. 1000.00.

Allan annan málskostnað greiði ákærðu Árni Magnús Guðmundsson og Guðmundur Sívertsen in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1952.

Nr. 176/1951. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder
(Egill Sigurgeirsson).

Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Námssamningur. Ákæra um brot gegn 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði réð sem lærimeistari Einar Olgeirsson, sem fæddur er 2. desember 1934, til náms í framreiðslu í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík frá 16. ágúst 1950 að telja, og gerði forráðamaður Sjálfstæðishússins námssamning við Einar hinn 27. september 1950. Var sá námssamningur staðfestur af Iðnfræðsluráði hinn 16. október 1950. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 46/1949 um iðnfræðslu er unglingum ekki heimilt að hefja iðnnám yngri en 16 ára, en þó er rétt með sérstöku samþykki Iðnfræðsluráðs í hvert sinn að veita nemendum í léttum iðngreinum undanþágu í þessu efni, enda sé umsækjandi orðinn fullra 15 ára. Með því að Einar Olgeirsson var orðinn fullra 15 ára, er ákærði réð hann til námsins, og Iðnfræðsluráð hefur staðfest námssamninginn, er ákærða vítalaus ráðning Einars til námsins, og geta ákvæði 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 engu breytt í þessu efni. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og leggja allan kostnað af sökinni bæði í héraði, að því er ákærða varðar, og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni bæði í héraði, að því er ákærða varðar, og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir héraðsdómi, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 600.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. september 1951.

Ár 1951, mánudaginn 17. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3236—3237/1951: Ákæruvaldið gegn ... Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder, sem tekið var til dóms þann 5. sama mánaðar.

Málið er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ... Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder yfirþjóni, Lindargötu 62 hér í bæ, fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930.

...

Ákærði Vilhjálmur er fæddur 1. júní 1916 í Hainau í Þýzkalandi. Hann var áminntur í lögreglurétti Reykjavíkur þann 4. september 1950 fyrir vöntun á skrásetningarmerki bifreiðar, en hefur annars ekki, svo vitað sé, sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

...

II.

...

Við rannsókn ... kom það í ljós, að Einar Olgeirsson, ungþjónn í Sjálfstæðishúsinu, Langholtsvegi 181, starfaði sem nemi í nefndu samkomuhúsi, þótt ekki hefði hann náð 16 ára aldri.

Var þetta atriði tekið til rannsóknar sérstaklega að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins. Hefur Einar skýrt svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi tekið að starfa sem veitingaþjónsnemi í Sjálfstæðishúsinu þann 15. ágúst 1950 og hafi þá ákærði Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder ráðið sig til þess starfs. Ekki segir þó Einar hafa verið gerðan við sig námssamning sem nema í þessu starfi, fyrr en eftir að hann var orðinn fullra 16 ára, eða eftir 2. desember s.l. (Einar er fæddur 2. desember 1934), en þá hafi sá tími, sem hann hafði þegar unnið í Sjálfstæðishúsinu (þ. e. frá 15. ágúst til 2. desember 1950), verið talinn með sem námstími, þannig að í námssamningnum sé námstíminn talinn hafa hafizt 15. ágúst 1950.

Einar Olgeirsson kveðst annars hafa gefið sig fram við ákærða Schröder samkvæmt auglýsingu eftir ungþjóni í Sjálfstæðishúsið í dagblöðum bæj-

arins í ágústmánuði 1950. Segir hann fleiri en sig hafa sótt um þetta starf, en hann hlotið það.

Einar Olgeirsson hefur tekið fram, að Iðnfræðsluráð hafi samþykkt námssamning sinn við Sjálfstæðishúsið, eftir að hann var gerður.

Ákærða Vilhjálmi Hans Alfreð Schröder ber að mestu saman við Einar Olgeirsson um gerð námssamningsins við Einar og tildrögin að því, að hann var gerður. Hefur ákærði Schröder annars skýrt svo frá, að í ágústmánuði í fyrrasumar (1950) hafi vantað veitingaþjónsnema í Sjálfstæðishúsið, þar sem ákærði er yfirþjónn, og hafi hann því auglýst eftir manni til þessa starfs. Samkvæmt þeirri auglýsingu segir ákærði Schröder nokkra unglinga hafa gefið sig fram og hafi Einar Olgeirsson verið meðal þeirra. Segir hann sér hafa litizt bezt á Einar af umsækjendunum og því ráðið hann til starfsins til reynslu. Ákærði Schröder kveðst hafa spurt Einar um aldur hans, er hann réð hann, og hafi sér því verið ljóst frá upphafi, að hann var ekki nema 15 ára gamall, þegar hann réðst í þjónustu Sjálfstæðishússins, en ákveðið hafi verið frá upphafi, að fyrstu 3 mánuðirnir af starfstímanum yrðu til reynslu. Ákærði Schröder hefur tekið fram eins og Einar Olgeirsson, að námssamningur hafi ekki verið gerður við Einar, fyrr en eftir að hann var orðinn fullra 16 ára að aldri, og hafi samningur þessi síðan verið samþykktur af Iðnráði Reykjavíkur. Í námssamningnum hafi starfstími Einars hins vegar verið talinn hefjast, þegar hann hóf starf sitt sem ungþjónn í Sjálfstæðishúsinu eða í ágústmánuði 1950, þannig að þar hafi reynslutíminn verið talinn með námstímanum.

Ákærði Schröder hefur tekið fram, að að vísu hafi sér verið ljóst, er hann réð Einar Olgeirsson sem ungþjón og gerði síðan við hann námssamning, að ekki væri heimilt samkvæmt lögreglusamþykkt Reykjavíkur að ráða ungling innan 16 ára aldurs til slíkra starfa, en kveðst hafa gengið út frá, að ekki skipti máli um aldurinn í þessu tilfelli, þar eð svo lítið hafi vantað á nægilegan aldur Einars, og auk þess hafi Iðnráð Reykjavíkur samþykkt námssamninginn við hann (Einar), þar sem starfstími hans var talinn hefjast, áður en hann náði 16 ára aldri.

III.

...

Augljóst telst, að með því að ráða ungling (Einar Olgeirsson) sem starfsmann í veitingahús, þar sem iðulega eru haldnar dansskemmtanir, áður en hann hafði náð 16 ára aldri, hafi ákærði Vilhjálmur Alfreð Schröder gerzt brotlegur við 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur n. 2/1930.

Þykir refsing hans samkvæmt 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1948, hæfilega ákveðin 500 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hina ákærðu ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Harðar Ólafssonar héraðs-

dómslögmanns, kr. 500.00, þannig að ákærði Vilhjálmur greiði ⅔ hluta kostnaðarins, ...

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið, en skipaður verjandi ákærðu fékk framlengdan frest til að skila vörn sinni.

Dómsorð:

...

Ákærði Vilhjálmur Hans Alfreð Schröder greiði 500 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns, kr. 500.00, þannig að ákærði Vilhjálmur greiði ⅔ hluta sakarkostnaðarins, ...

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1952.

Nr. 16/1952. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Pétri Rúðrik Rósant Valentý Kárasyni
(Jón N. Sigurðsson).

Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem eigi hefur verið áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvaldsins, ber að staðfesta hann að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Pétur Rúðrik Rósant Valentýr Kárason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. marz 1951.

Ár 1951, miðvikudaginn 28. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Einari Péturssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2614/1951: Ákæruvaldið gegn Pétri Rúðrik Valentý Kárasyni, sem tekið var til dóms 1. sama mánaðar.

Málið er af hálfu ákæruvaldsins höfðað gegn kærða Pétri Rúðrik Valentý Kárasyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Undralandi hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögunum nr. 33/1935, bifreiðalögum nr. 23/1941 og umferðarlögum nr. 24/1941 til refsingar, ökuleyfismissis og málskostnaðargreiðslu.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. júlí 1922 í Reykjavík. Hann sættist 1/4 1946 í lögreglurétti Reykjavíkur á að greiða 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri, en hefur ella ekki, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu.

Með játningu kærða og því öðru, sem fram er komið í málinu, er sannað, að kærði ók bifreiðinni R 5500 með áfengisáhrifum austan úr sveitum áleiðis til Reykjavíkur að kvöldi 19. september s.l. Með því atferli sínu hefur kærði gerzt brotlegur við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Það er og sannað með játningu kærða og vitnaframburði, að hann ók bifreiðinni óörugglega og um síðir út af vegi. Þykir það varða við 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Refsing kærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og lögum nr. 6/1951 hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta kærða ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Harðar Ólafssonar hdl., kr. 200.00.

Dómsorð:

Kærði, Pétur Rúðrik Rósant Valentýr Kárason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.
Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Harðar Ólafssonar hdl., kr. 200.00.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. nóvember 1952.

Nr. 141/1950. **Skarphéðinn Kristbergsson**
gegn
Ara Arasyni, Birni Jónssyni og Einari B. Ingvarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Skarphéðinn Kristbergsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. nóvember 1952.

Nr. 60/1950. **Hörður Guðmundsson**
gegn
Sigríði og Gunnari Egilsson.

Mál hafið. Ómaksbætur dæmdar.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess óskað af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefndu var krafizt ómaksbóta.

Með tilliti til þess, að stefndu hafa 11 sinnum látið sækja dómþing í máli þessu, þykja ómaksbætur þeim til handa hæfilega ákveðnar kr. 550.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Hörður Guðmundsson, greiði stefndu, Sigríði og Gunnari Egilsson, kr. 550.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. nóvember 1952.

Nr. 158/1951. **Þorsteinn Löve**
gegn
Einari Bjarnasyni.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1951 til þingfestingar í desember s. á. Áfrýjandi hefur síðan þrisvar sinnum fengið frest, en ekki hefur hann aðhafzt annað í málinu en það, að hann kveðst hinn 7. október s.l. hafa beðið um dómsgerðir málsins í héraði, sem hann hafi enn eigi fengið. Hann hefur nú beðið um frest í málinu. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt frávísunar málsins frá Hæstarétti.

Að svo vöxnu máli, þykir rétt að vísa málinu frá Hæstarétti samkvæmt kröfu stefnda. Stefndi hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, og fellur hann því niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Föstudaginn 28. nóvember 1952.

Nr. 82/1951. **Anna Jónsdóttir** (Magnús Thorlacius)
gegn
Sigríði Pétursdóttur (Sigurður Ólason).

Fjármál hjóna. Konu dæmt heimilt að rifta sölu fasteignar, sem eiginmaður hennar hafði selt án samþykkis hennar, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951. Krefst hún þess *aðallega*, að ógilt verði dæmt afsal, útgefið 6. september 1950 af eiginmanni áfrýjanda, Guðjóni Þórðarsyni, til handa stefnda um efri og neðri hæð húseignarinnar nr. 34 við Víðimel í Reykjavík ásamt lóðarréttindum og mannvirkjum, eins og nánar greinir í afsalinu, en hið selda er talið 4/5 hlutar nefndrar fasteignar. *Til vara* krefst áfrýjandi þess, að afsalið verði dæmt ógilt gegn greiðslu úr hennar hendi til stefnda, þó ekki hærri en kr. 245.000.00. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara*, að afsalinu verði aðeins hrundið, að því er tekur til efri íbúðarhæðar hússins. Svo krefst hún og þess, að verði afsalið dæmt ógilt, þá komi á móti endurgreiðsla afsalsverðs auk vaxta og kostnaðar innan þess tíma, sem dómurinn ákveður. Loks krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Eiginmanni áfrýjanda, Guðjóni Þórðarsyni, var stefnt fyrir Hæstarétt til réttargæzlu í málinu, en hann lézt, áður en málið var flutt í Hæstarétti.

Áfrýjandi og Guðjón Þórðarson gengu í hjónaband árið 1925. Hinn 1. september 1945 eignuðust þau húsið nr. 34 við Víðimel, og var það þinglesið á nafn Guðjóns. Húsið er tvær hæðir og kjallari. Hinn 3. júní 1946 afsalaði Guðjón tilteknum manni íbúð í kjallara hússins, og var hún talin taka til 1/5

hluta af verðmæti fasteignarinnar. Kveðst áfrýjandi hafa verið samþykk þeirri sölu.

Aðiljar telja, að á árunum 1947 eða 1948 hafi Guðjón gert kaupsamning við stefnda um neðri hæð hússins, og kaupverð hafi verið ákveðið kr. 85.000.00. Afsal var aldrei gefið út samkvæmt þeim kaupsamningi, og ekki var hann þinglesinn.

Hinn 6. sept. 1950 afsalaði Guðjón síðan til stefnda öllum eignarhluta sínum í fasteigninni, þ. e. 4/5 hlutum hennar. Í afsalinu er kaupverð ekki greint, en það er komið fram í málinu, að kaupverð neðri hæðar samkvæmt fyrrgreindum kaupsamningi, kr. 85.000.00, var látið haldast, en kaupverð efri hæðar ákveðið kr. 160.000.00. Nam því kaupverð alls kr. 245.000.00. Stefndi tók að sér að greiða veðskuldir þær, er á eigninni hvíldu, að 4/5 hlutum, samtals kr. 78.821.62. Guðjóni var áskilinn leiguréttur á efri hæð hússins til 1. október 1952 gegn húsaleigu, er ákveðin var kr. 400.00 á mánuði. Voru kr. 13.200.00 af kaupverðinu taldar goldnar með því, að stefndi kvittaði fyrir húsaleigu Guðjóns tímabilið 1. janúar 1950 til 1. október 1952. Að öðru leyti virðist kaupverðið hafa verið greitt þannig, að bróðir stefnda, sem var milligöngumaður um kaupin, kvittaði skuldir, er Guðjón hafði komizt í við hann á undanförnum árum.

Það er ágreiningslaust í málinu, að bróðir stefnda, sem var umboðsmaður hennar við kaupin, var kunnugt um, að Guðjón var kvæntur áfrýjanda, er kaup fóru fram, og að þau hjónin bjuggu á eigninni, en með samningsgerðinni gat stefndi eigi öðlazt frekari rétt en umboðsmaðurinn hefði fengið, ef hann hefði gert samninginn í eigin nafni. Ekki hefur verið hnekkt í málinu þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að salan hafi ekki verið undir hana borin og að hún hafi aldrei samþykkt hana. Eftir að málinu var áfrýjað til Hæstaréttar hafa komið fram skýrslur vitna, er styrkja þá frásögn áfrýjanda, að henni hafi ekki orðið kunnugt um söluna fyrr en 22. september 1950. Samkvæmt þessu þykja vera fyrir hendi skilyrði til að rifta afsalinu eftir kröfu áfrýjanda samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 20/1923. Upphafsákvæði 1. mgr. 20. gr. verður að skilja svo, að riftunarheimildin taki til þess fasteignarhluta í heild, sem afsalað var. Riftunin skal bundin því skilyrði, að

áfrýjandi endurgreiði stefnda innan frests, sem þykir hæfilega ákveðinn 8 vikur frá uppsögu dóms þessa, gagngjald það, er af hálfu stefnda var innt af hendi fyrir hið selda. Eins og áður segir, var kaupverð ákveðið í heild kr. 245.000.00, en frá þeirri fjárhæð ber að draga þann hluta, sem svarar til fyrirframgreiddrar húsaleigu Guðjóns, kr. 13.200.00. Umboðsmaður áfrýjanda hefur að vísu ekki sérstaklega fært í tal, að fjárhæð þessi sé frá dregin, en eftir kröfugerð áfrýjanda þykir rétt að ákveða endurgreiðslufjárhæðina samkvæmt gögnum málsins, sbr. og 113. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu ákveðst endurgreiðslufjárhæðin kr. 231.800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. september 1950 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Önnu Jónsdóttur, er heimilt að rifta afsali um 4/5 hluta fasteignarinnar nr. 34 við Víðimel í Reykjavík, er út var gefið af Guðjóni Þórðarsyni til handa stefnda, Sigríði Pétursdóttur, dags. 6. september 1950, innan 8 vikna frá uppsögu dóms þessa gegn því að greiða stefnda kr. 231.800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. september 1950 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1951.

Mál þetta, er tekið var til dóms 20. þ. m., hefur Anna Jónsdóttir, Víðimel 34 hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1950, gegn Sigríði Pétursdóttur, Grenimel 7 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *aðallega* að síðargreindu afsali verði hrundið, en *til vara* að því verði hrundið gegn greiðslu fjárhæðar að mati dómarans, þó eigi hærri en kr. 245.000.00. Í báðum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* að aðeins verði hrundið í nefndu afsali afsali á efri hæð gegn greiðslu kaupverðs auk vaxta og kostn-

aðar við söluna. Jafnframt krafðist stefndi málskostnaðar í báðum tilvikum.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 6. september 1950, seldi og afsalaði Guðjón Þórðarson, eiginmaður stefnanda, stefnda neðri og efri hæð húseignarinnar nr. 34 við Víðimel ásamt geymslum og þvottahúsi í kjallara, lóðarréttindum að ⅘ hlutum og mannvirkjum á lóðinni ásamt bifreiðarskýli. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað um löggerning þenna fyrr en 22. september 1950 né veitt samþykki sitt til hans, og hafi löggerningurinn því verið óheimill samkvæmt 20. gr. laga nr. 20 frá 1923. Telur stefnandi, að stefnda og umboðsmanni hennar við löggerning þenna hafi verið eða átt að vera ljóst, að eiginmanni stefnanda var óheimilt að gera löggerninginn án samþykkis hennar, enda sé orðin föst venja í slíkum tilvikum að krefjast áritunar eiginkonu á afsal. Beri því að hrinda afsalinu samkvæmt ákvæðum 3. mgr. fyrrnefndrar lagagreinar.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hvorki sér né umboðsmanni sínum við löggerninginn hafi verið kunnugt um, að eiginmaður stefnanda hafi ekki haft samþykki hennar til afsalsins. Þá hljóti og stefnanda að hafa verið kunnugt um, að fjárhagur félagsbús hennar og eiginmanns hennar hafi verið það þröngur, að þeim hafi eigi verið kleift lengur að halda eigninni og að að því myndi reka, að þau yrðu að selja hana.

Það er upp komið í máli þessu, að stefndi hafði engin afskipti af framangreindum kaupum, heldur var bróðir hennar umboðsmaður hennar að öllu leyti. Hefur hann skýrt svo frá, að fyrir 3—4 árum hafi hann fyrst fengið afsal eða gert kaupsamning fyrir stefnda við eiginmann stefnanda um neðri hæð hússins. Hafi eiginmaður stefnanda getið þess þá, að raunverulega væri Guðni nokkur Guðmundsson eigandi hæðarinnar, þar eð samningur hefði áður verið við hann gerður. En þar eð Guðni þessi gæti ekki haft not af henni sökum húsaleigulaganna, þá vildi hann losna við íbúðina. Eiginmaður stefnanda hafi ekki viljað, að afsal þetta eða kaupsamningur væri skráð í veðmálabækur, og hafi því nýtt afsal verið gert á hverju ári síðan, en í janúarmánuði 1950 hafi hins vegar allri húseigninni verið afsalað til stefnda. Hinn 6. september s. á. hafi enn verið gert nýtt afsal fyrir allri húseigninni, þar eð þá hafi eiginmaður stefnanda verið búinn að vera skráður eigandi eignarinnar í 5 ár. Eiginmaður stefnanda hefur neitað því að hafa gert kaupsamning við nefndan Guðna Guðmundsson. Hins vegar kveðst hann hafa gert kaupsamning við stefnda fyrst árið 1947 eða 1948 um neðri hæð hússins. Hafi hann þá verið í fjárþröng og skuldað bróður stefnda fé, en sú skuld hafi verið látin ganga upp í kaupverð hæðarinnar. Þegar efri hæð hússins hafi verið seld, hafi hann enn verið orðinn skuldugur bróður stefnda, og hafi sú skuld á sama hátt verið látin ganga upp í kaupverðið. Ekki kveðst hann hafa skýrt stefnanda frá löggerningi þessum, og hann kveður bróður stefnda hafa vitað um, að stefnanda var ókunnugt um afsal það, er gert var 6. september 1950. Kveður hann samkomulag hafa verið um að láta engan vita um það afsal og láta ekki færa það í veðmálabækur, því fyrir sér hafi

vakað að útvega fé það, er hann hafi skuldað bróður stefnda, og láta kaupin ganga til baka. Bróðir stefnda hefur hins vegar neitað því, að nokkuð samkomulag hafi verið með þeim um þetta efni, og ekki hafi borið á góma, hvort stefnandi vissi um söluna, en um það hafi sér ekki verið kunnugt. Þá hefur nefndur Guðni Guðmundsson borið fyrir dómi, að hann hafi gert kaupsamning við eiginmann stefnanda um neðri hæð hússins, en sá samningur ekki verið bindandi fyrir aðiljana, ef þeir kæmust að betri kjörum annars staðar. Loks hefur Þormóður Ögmundsson lögfræðingur borið fyrir dómi, að hann hafi gert kaupsamning við Guðna Guðmundsson fyrir eiginmann stefnanda um neðri hæð hússins. En síðari hluta ársins 1946 hafi Guðni ekki viljað eiga hæðina lengur, og kveðst hann þá hafa leitað að nýjum kaupanda. Stefndi hafi þá viljað kaupa, og hafi eiginmaður stefnanda og bróðir stefnda þá gert kaupsamning, þar eð svo hafi verið um samið milli eiginmanns stefnanda og Guðna, að hann afsalaði hæðinni, ef Guðni óskaði að selja hana. Þegar allt þetta er virt, verður ekki séð, að neitt sé komið upp í máli þessu, er bendi til, að stefnda eða bróður hennar hafi verið eða átt að vera ljóst, að eiginmanni stefnanda væri óheimilt að afsala húseigninni. Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð frá borgarfógeta Reykjavíkur þess efnis, að ekki sé grennslast eftir, hvort sá, er afsal undirriti, sé í hjónabandi eða ekki, og að sjaldgæft muni vera, að hjón undirriti bæði afsal, þótt fasteign sé félagseign þeirra. Verður því ekki talið, að skilyrði 2. mgr. nefndrar lagagreinar séu fyrir hendi til þess að hrinda afsali eiginmanns stefnanda.

Sýknukrafa stefnda verður því tekin til greina, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Sigríður Pétursdóttir, er sýkn af kröfum stefnanda, Önnu Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 2. desember 1952.

Nr. 70/1952. **Forlagið Hlaðbúð** (Ragnar Jónsson)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson).

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 100/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1952, krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi lét selja bækur sínar það ár, er hér skiptir máli, að mestu leyti í umsýslusölu í smásöluverzlunum, en að nokkru leyti seldi hann, sem hefur smásöluleyfi, bækur beint til kaupenda frá skrifstofu sinni. Þessi sala áfrýjanda verður að teljast smásala í skilningi 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 100/1948, og er áfrýjanda því óskylt að greiða frekari söluskatt af bóksölu sinni árið 1950 en hann hefur þegar gert. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, forlaginu Hlaðbúð, kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. apríl 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 9. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Hlaðbúð, Laugavegi 8, fyrir vangoldnum söluskatti fyrir árið 1950, að upphæð kr. 6632.00 að eftirstöðvum, en undir rekstri málsins hefur gerðarþoli greitt kr. 3671.00, og lækkar lögtakskrafan við það niður í kr. 2961.00. Eru réttarkröfur gerðarbeiðanda þær, að lögtak verði leyft fyrir þeirri upphæð auk dráttarvaxta frá gjalddaga til greiðsludags og að honum verði úrskurðaður ríflegur málskostnaður að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt skattkröfu þessari og gerir þær réttarkröfur *aðallega*, að synjað verði um framkvæmd hins umbeðna lögtaks, en *til vara*, að enda þótt talið verði, að umbjóðanda sínum beri að greiða 3% af heildarsölu sinni gegnum bóksala eða samtals af kr. 277.568.60, þá beri honum ekki að greiða nema 2% söluskatt af sölu sinni til áskrifenda og beint frá skrifstofu sinni eða af samtals kr. 23.520.60, og til *þrautavara*, að honum beri einungis að greiða 2% söluskatt af beinni sölu frá skrifstofu sinni, kr. 12.655.60, þótt sala í gegnum bóksala og áskriftasala, samtals kr. 283.433.55, yrði talin skattskyld um 3%.

Þá krefst hann og ríflegs málskostnaðar til handa umbjóðanda sínum að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Þar sem gerðarþoli taldi ekki sérstaklega fram til söluskatts fyrir árið 1950, áætlaði Skattstofan honum söluskatt, sem hér segir:

1.	Fyrir fyrri árshelming	kr. 3000.00
2.	Fyrir þriðja ársfjórðung	— 1500.00
3.	Fyrir fjórða ársfjórðung	— 2250.00
		Kr. 6750.00

Við þenna áætlaða söluskatt bætti svo Skattstofan síðar kr. 2132.00, og verður þá álagður söluskattur gerðarþola alls kr. 8882.00 eða 3% af heildarsölu gerðarþola samkvæmt framtali hans til tekjuskatts fyrir sama ár. Þessa skattálagningu taldi gerðarþoli ranga og krafðist því úrskurðar fógetaréttar um málið.

Almennir lögtaksúrskurðir fyrir hinum umkröfðu skattreikningum voru uppkveðnir 20. október og 9. desember 1950 og 7. febrúar 1951 og birtir í dagblöðum bæjarins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því fram, að hin umdeilda skattálagning, eins og hún endanlega var ákveðin, sé rétt og í fullu samræmi við III. kafla laga nr. 100/1948, og bendir á máli sínu til stuðnings, að samkvæmt 22. gr. nefndra laga skuli greiða 2% söluskatt af smásölu, en 3% af annarri sölu. Smásala sé í skilningi laganna verzlun, rekin með smásöluverzlunarleyfi, sem bókaútgáfa og bókagerð eigi ekkert skylt við. Sá skilningur sé í samræmi við dómsniðurstöður Hæstaréttar frá 31. október s.l. í máli Matstofu Austurbæjar gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, þar sem staðfestur sé áðurgreindur skilningur fógetaréttar á hugtakinu smásala. Bókaútgáfa hljóti því að falla undir b-lið 22. gr.

áðurnefndra laga og skattleggjast með 3%. Þetta sé og ljóst við samanburð á fyrri söluskattsákvæðum í VII. kafla laga nr. 128/1947, en III. kafli fyrrgreindra laga sé framlenging á þeim ákvæðum, svo sem glöggt sé af því, að í athugasemdum við frumvarpið að hinum nýrri lögum sé beinlínis sagt, að 20.—27. gr. laganna komi í stað VII. kafla hinna eldri laga. Það verði því að skýra hin yngri lög í samræmi við hin eldri, en í 41. gr. hinna eldri laga sé beint tekið fram, að söluskatt skuli greiða af heildartekjum prentsmiðja og bókaútgefenda, en í 42. gr. sömu laga sé gerður greinarmunur á smásölu og sölu iðju- og iðnfyrirtækja og hljóti bókaútgáfa að falla undir hin síðarnefndu hugtök, þar sem um sé að ræða sölu á framleiðslu. Bókaútgáfa falli þannig ótvírætt undir b-lið 22. gr. laga nr. 100/1948 og skattleggist með 3%, en ekki undir a-lið sömu greinar, sem sé undantekningarákvæði, er skýra verði þröngt. Dómur Hæstaréttar í máli Jóns St. Arnórssonar gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs frá 1. júní s.l. sé og í samræmi við þenna skilning, þar sem í forsendum hans sé gengið út frá því, að bókaútgefendur greiði 3% af heildartekjum þeim, er þeir hafa af sölu útgáfubóka sinna, og það hafi bókaútgefendur látið sér lynda, sem bezt sé ljóst af því, að enginn þeirra hafi sér vitanlega kært yfir slíkri skattálagningu til viðkomandi skattyfirvalda.

Gegn varakröfu gerðarþola heldur umboðsmaður gerðarbeiðanda fram eftirfarandi: Sala og afgreiðsla bóka til áskrifenda sé uppfylling loforðs samkvæmt tilboðasöfnun, er ekki verði heimfært undir smásöluhugtakið í skilningi a-liðs 22. gr. laga nr. 100/1948 og hljóti því að falla undir b-lið sömu greinar. Ekki geti heldur sú sala á þókum, er fram hefur farið út af skrifstofu gerðarþola, fallið undir margnefnt smásöluhugtak, enda þótt smásöluleyfi sé fyrir hendi, þar eð gerðarþoli hafi ekki opna sölubúð, en það skipti meginmáli í þessu sambandi. Hið síðastgreinda nægi einnig til mótmæla þrautavarakröfu gerðarþola.

Loks heldur umboðsmaður gerðarbeiðanda því fram, að krafa hans um ríflegan málskostnað sé fyllilega réttmæt, þar sem um prófmál sé að ræða. Skipti ekki máli í því sambandi dráttur sá, er orðið hefur á, að mál þetta væri tekið fyrir til úrlausnar í fógetarétti, því að réttlætanleg forföll hafi verið fyrir hendi, svo sem það, að beðið hafi verið eftir dómi Hæstaréttar í prófmáli bóksala, athuganir á breytingum á söluskattsákvæðum, sem enn sé ólokið, veikindaforföll o. fl. Loks séu aðgerðir gerðarbeiðanda til innheimtu á yngri söluskatti gerðarþola með öllu óviðkomandi þessu máli, þar sem um framkvæmd yngri lagaákvæða sé að ræða.

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fram til stuðnings aðalkröfu sinni, að aðeins beri að greiða 2% söluskatt af allri veltu gerðarþola, kr. 296.089.55, eða kr. 5921.00, sem hann hefur nú greitt. Bendir hann á í því sambandi, að enda þótt bókagerð megi að nokkru heimfæra undir iðnframleiðslu og hljóti því margir af þeim, er að henni vinna, að greiða söluskatt af veltu sinni eins og annarri iðnþjónustu, svo sem prentarar og bókbindarar, þá verði ekki allir, er að bókagerð vinna, heimfærðir

undir sama flokk. Forlagsstarfsemi sé í því fólgin að koma rituðu máli og myndum fyrir almenningssjónir í bókaformi. Forleggjarinn kaupi handrit, prentun, bókband og prófarkalestur á bókina, en söluskattskyldan falli ekki á forleggjarann, fyrr en hann selji aftur það, sem hann hefur keypt, og þá eftir því með hverjum hætti selt sé. Í þessu tilfelli velti úrslit málsins á því, hvort gerðarþoli hafi selt bækur sínar í smásölu og beri því að greiða 2% af veltu sinni samkvæmt a-lið 22. gr. laga nr. 100/1948 eða sala þeirra falli undir b-lið sömu greinar og 3% söluskatt. Nú sé því þannig háttað um gerðarþola, að sala á bókum hans fari aðallega fram í smásölu fyrir milligöngu fastráðinna umboðsmanna, sem afgreiði bækurnar í smásöluverzlunum sínum, sem reknar séu á smásöluverzlunarleyfum. Gerðarþoli sé félagi í Bóksalafélagi Íslands, stéttarfélagi forleggjara, er gert hafi ráðningarsamning við þessa umboðsmenn sína, og eftir þeim ráðningarsamningi beri að skýra samband forleggjara og bóksala og sölu bókanna. Hafi það verið gert í áðurnefndum dómi Hæstaréttar í prófmáli Jóns St. Arnórssonar gegn tollstjóranum í Reykjavík. Samkvæmt þeim dómi sé það ótvírætt, að forleggjarinn selji búðarkaupanda bókina fyrir milligöngu starfsmanns síns, bóksalans, er aðeins sé sölumaður forleggjarans. Af þessum dómi leiði, að bóksala forleggjara í gegnum bókabúðir sé smásala. Í dóminum sé hins vegar ekki sagt, að bókaútgefendum beri réttilega að greiða 3% af heildartekjum sínum af bóksölu, heldur sé einungis gengið þar út frá því sem vitað var, að skattyfirvöld hafi gert þeim að greiða 3% og ýmsir þeirra hafi greitt þann skatt, meðan beðið var eftir prófmáli um réttmæti þessarar álagningar. Sjálfur hafi gerðarþoli mótmælt slíkri skattálagningu við skattyfirvöld. Þá staðhæfir hann, að gerðarþoli hafi aldrei lagt nema 2% söluskatt á bækur sínar, enda aldrei talið, að honum bæri að greiða hærri söluskatt samkvæmt núgildandi lagaákvæðum, en að því leyti sem lagaákvæðin séu ógreinileg um þetta atriði, beri að skýra þau í hag skattþegna, svo sem vafa í refsimáli beri að skýra í hag sakborningi, og af lögum nr. 128/1947 verði ekki leiddar vafalausar skýringar á lögum nr. 100/1948, sem séu ný og breytt lög frá hinum eldri. Loks megi benda á það, hvílíkt misræmi það væri, ef greiða ætti 2% af hluta af bókaverðinu og 3% af afganginum, og sé naumast hægt að hugsa sér, að slíkt hafi vakað fyrir löggjafanum.

Til stuðnings varakröfu sinni heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að sala gerðarþola á bókum beint til áskrifenda og út af skrifstofu hans verði engan veginn heimfærð undir annað en smásölu, er skattleggja beri samkv. a-lið 22. gr. laga nr. 100/1948 með 2%, því að forlagið sé rekið á smásöluleyfi, útgefnu 23. desember 1944 til handa stofnanda þess og annars núverandi eiganda. Þessi sala færi fram með þeim hætti, að menn fái keypta bók og bók út af skrifstofu forlagsins eða gerist áskrifendur að bókum, sem forlagið afgreiðir sjálft heima hjá áskrifendum eða sendir þeim í pósti gegn greiðslu við móttöku. Verði slík sala ekki með nokkrum rökum heimfærð undir annað en smásölu.

Þrautavarakröfu sína styður umboðsmaður gerðarþola að nokkru leyti

sömu rökum og varakröfuna, þ. e. að seld er bók og bók út af skrifstofu forlagsins gegn staðgreiðslu í skjóli smásöluverzlunarleyfis, og verði það ekki kallað annað en venjuleg smásala, enda þótt gerðarþoli hafi ekki opna sölubúð.

Loks rökstyður umboðsmaður gerðarþola kröfu sína um ríflegan málskostnað þannig, að um prófmál sé að ræða, og einnig með því, að mál þetta hafi þegar bakað sér ómak og óþægindi með þeim drætti, er orðið hafi á því, að málið yrði tekið fyrir til úrlausnar í fógetarétti, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sínar til þess að fá því til vegar komið. Dráttur þessi hafi og óbeint orðið orsök þess, að gerðarþoli hafi orðið fyrir vansæmandi innheimtuaðferð á nýrri söluskatti.

Ákvæðin um söluskatt er að finna í III. kafla laga nr. 100/1948, og í 22. gr. laganna segir, hversu söluskatt skuli á leggja. Er þar greint milli tvenns konar sölu, smásölu samkvæmt a-lið greinarinnar, er greiða skal af 2%, og annarrar sölu samkvæmt b-lið, sem greiða skal af 3%. Sjálf gefa lögin enga skýringu á þessum hugtökum, en í áður tilvitnuðum dómi Hæstaréttar frá 31. október s.l. staðfestir Hæstiréttur skilning fógetaréttar á orðinu smásala í skilningi 22. gr. laga nr. 100/1948, þ. e. að þar sé átt við verzlun, er rekin sé með smásöluverzlunarleyfi. Af sölu slíkra verzlana ber því að greiða 2% söluskatt, en af annarri sölu 3%. Nú er það skoðun réttarins, að bókaútgáfa sé eðli sínu samkvæmt sérstök og sjálfstæð atvinnugrein, framleiðsla vöru, sem ekki verði heimfærð undir hugtakið smásölu í þeirri merkingu, sem hér um ræðir, og hafi í för með sér söluskattskyldu sem hver önnur iðja eða iðnaður. Telur rétturinn, að ekki skipti það máli í þessu sambandi, þótt útgáfubækur viðkomandi bókaútgáfu séu seldar í venjulegum bókaverzlunum, sem reknar eru með smásöluverzlunarleyfi, né heldur þótt viðkomandi bókaútgáfa hafi slíkt verzlunarleyfi, nema að því leyti sem hún kynni að reka eigin bókabúð, og þá aðeins að því, er „umsýslulaun" bókabúðarinnar varðar, því að áður tilvitnaður dómur Hæstaréttar frá 1. júní s.l. tekur að skoðun réttarins aðeins til skattlagningar þeirra, en segir ekkert um söluskattskyldu bókaútgefenda, annað en það, sem vitað var, að þeim hafi verið gert að greiða 3% af heildartekjum þeirra af sölu bóka, en ekkert af eða á um réttmæti þeirrar álagningar.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið rakið, telur rétturinn, að bóksala gerðarþola falli undir b-lið 22. gr. laga nr. 100/1948 og sé því söluskattskyld um 3%. Og af því leiðir þegar að leyfa verður framkvæmd hins umbeðna lögtaks fyrir kr. 2961.00.

Varðandi kröfur málsaðilja um málskostnað, telur rétturinn, að þar sem um prófmál er að ræða, sem báðir aðiljar hafa hagsmuni af að fá úr skorið, sé rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 2961.00.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 2. desember 1952.

Kærumálið nr. 29/1952.

Kristinn Gíslason
gegn
Gústaf A. Ágústssyni.

Kröfu um frávísun hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. nóvember 1952, er barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 17. s. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að máli varnaraðilja gegn honum yrði vísað frá bæjarþinginu. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, að umræddu máli verði vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður kærði mál þetta til Hæstaréttar. Ber að víta hann fyrir hina bersýnilega tilefnislausu kæru.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kristinn Gíslason, greiði varnaraðilja, Gústaf A. Ágústssyni, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Gústaf A. Ágústsson, Laugateigi 37 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 30. september s.l., gegn Kristni Gíslasyni kennara, Hofteigi 52 hér í bæ, til

greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 342.12, með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfu þessa.

Stefnandi skýrir svo frá málsatvikum, að á árunum 1947 og 1948 hafi hann látið gera steingirðingu um lóð sína nr. 37 við Laugateig hér í bænum. Norðurhlið girðingar þessarar, sem sé 26 metra löng, skilji lóð þessa frá lóðunum nr. 50 og nr. 52 við Hofteig, en stefndi sé eigandi hinnar síðartöldu lóðar. Dómkvaddir menn hafi metið kostnaðarverð girðingar þessarar kr. 5930.00. Stefnda beri að greiða að hálfu 3/26 hluta þessa kostnaðar eða kr. 342.12.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því, að mál þetta sé ranglega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem það samkvæmt efni sínu snúist um þau atriði, sem merkjadómur Reykjavíkur eigi að fjalla um.

Stefnandi hefur hins vegar talið, að hér sé aðeins um venjulegt skuldamál að ræða, sem reka beri fyrir bæjarþingi, en ekki merkjadómi Reykjavíkur.

—

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, snýst það eingöngu um heimtu stefnanda á fé úr hendi stefnda vegna kostnaðar af girðingu þeirri, sem hann hefur látið reisa á lóðamörkum þeirra. Ekki verður talið, að hér sé um slík málsefni að ræða, sem merkjadómi beri að fjalla um samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 35 frá 1914, sbr. ákvæði III. kafla laga nr. 41 frá 1919. Með vísan til þessa verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í máli þessu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hin fram komna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 2. desember 1952.

Kærumálið nr. 30/1952.

Borgarfell h/f

gegn

Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóvember 1952, sem barst Hæstarétti 25. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 17. s. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um frest í máli varnaraðilja gegn honum. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að veittur verði frestur sá, sem synjað var um. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar af varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Víta ber Kristján Eiríksson héraðsdómslögmann fyrir bersýnilega tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Borgarfell h/f, greiði varnaraðilja, Sölunefnd innflutningsréttinda bátaútvegsins, kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., hefur Sverrir Júlíusson f. h. Sölunefndar innflutningsréttinda bátaútvegsins höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 13. maí s.l., gegn Borgarfelli h/f hér í bænum til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 93.491.25, með 6% ársvöxtum af kr. 3473.25 frá 14.

ágúst 1951 til 22. s. m., af kr. 49.173.25 frá þeim degi til 5. nóvember 1951 og af kr. 93.491.25 frá þeim degi til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 382.20 í afsagnarkostnað og stimpilgjald og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Kröfu þessa kveður stefnandi vera samkvæmt þremur eigin víxlum. Víxli að fjárhæð kr. 3473.25, útgefnum af stefnda 14. júní 1951 til greiðslu 1. september 1951. Víxli að fjárhæð kr. 45.700.00, útgefnum af stefnda 22. júní 1951 til greiðslu 1. september 1951. Víxli að fjárhæð kr. 44.318.00, útgefnum af stefnda 5. september 1951 til greiðslu við sýningu, en víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls 6. maí s.l. Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að skjöl þau, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, séu ekki víxlar og njóti ekki réttar sem slíkir. Hefur stefndi því haft uppi varnir varðandi fjárskipti þau, er liggja að baki skjölum þessum.

Mál þetta var þingfest 12. júní s.l., og kom þá fram af hendi stefnanda stefna, sáttakæra, skjöl þau, er hann byggir kröfur sínar á, og greinargerð. Stefndi fékk þá frest til að rita greinargerð til 19. s. m., og þann dag kom fram greinargerð af hans hendi. Umboðsmenn aðilja fengu þá sameiginlegan frest til öflunar gagna til 26. s. m., og síðan hefur þessi frestur verið framlengdur fjórum sinnum til 13. þ. m. Á þessu tímabili hafa engin gögn komið fram af hendi stefnda. Á bæjarþingi þann 13. þ. m. lagði umboðsmaður stefnda fram eftirrit bréfs, er hann hafði ritað fyrirtæki einu hér í bænum þann 4. þ. m., og óskaði hann þar eftir ýmsum upplýsingum frá fyrirtækinu, varðandi atriði, sem hann virðist byggja á kröfur sínar í sambandi við fjárskipti þeirra aðilja. Óskaði hann síðan eftir tveggja vikna framhaldsfresti til að afla gagna þeirra, er í bréfi þessu greindi.

Af hálfu stefnanda var fresti þessum mótmælt og talið, að stefndi hefði þegar haft nægan tíma til að afla gagna þessara.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Hér að framan hefur verið rakin saga máls þessa hér fyrir bæjarþinginu. Þegar virtir eru frestir þeir, sem aðiljar hafa þegar haft til gagnaöflunar, þá verður að telja, að stefndi hafi þegar haft nægan tíma til að afla gagna um þau atriði, sem hann telur sig nú þurfa að afla gagna um. Samkvæmt því og með vísan til ákvæða 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 þykir ekki unnt gegn andmælum stefnanda að veita stefnda frekari frest til að afla gagna þessara.

Verður því frestbeiðni þessari synjað.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Þriðjudaginn 2. desember 1952.

Kærumálið nr. 31/1952.

Tunnuverksmiðjur ríkisins

gegn

Birni Magnússyni og Ágústi Ásgrímssyni.

Staðfestingar vættis synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóvember þ. á., sem hingað barst 27. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Akureyrar 14. nóvember þ. á. í máli varnaraðiljans Björns Magnússonar gegn sóknaraðilja, þar sem synjað var kröfu um staðfestingu vættis varnaraðiljans Ágústs Ásgrímssonar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Ágústi heimilað að staðfesta vætti sitt.

Varnaraðilinn Björn Magnússon krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Af hálfu varnaraðiljans Ágústs Ásgrímssonar hefur hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljanum Birni Magnússyni kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður hefur staðið að kæru máls þessa, sem er algerlega að ófyrirsynju. Ber að víta þetta.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Tunnuverksmiðjur ríkisins, greiði varnaraðilja Birni Magnússyni kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 14. nóvember 1952.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 10. þ. m., hefur stefnandi, Björn Magnússon verkamaður, Aðalstræti 4 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. febrúar s.l., á hendur stefnda, Tunnuverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, og eru dómkröfur hans í málinu þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, kr. 190.000.00, auk 5% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að þann 12. marz 1948 slasaðist stefnandi, er hann var við vinnu sína við stjórn sögunarvélar í tunnuverksmiðju á Akureyri, eign stefnda. Hefur hann skýrt þannig frá, að þegar hann setti sögunarvélina í gang, hafi hjólreimar hennar verið slakar, og tók hann því að smyrja þær. Hjólreim lenti á hægri fæti hans, og við það kastaðist hann til, svo að hnífarnir á vélinni náðu í treyjuermi hans og hægri handleggur hans lenti á sög, sem vélin knýr, og handleggurinn skarst nær því sundur. Öryggishlíf, sem að jafnaði var yfir söginni, var ekki á vélinni, er slysið varð, og hafði ekki verið um skeið. Heldur stefnandi því fram, að hefði hlíf þessi verið á vélinni, séu líkur til, að ekki hefði orðið slys. Hlífin hafði verið sett á vélina að fyrirmælum vélaeftirlitsmanns ríkisins.

Nokkur vitni hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um mál þetta. Eitt þessara vitna er Ágúst Ásgrímsson, verkstjóri verksmiðjunnar. Kom hann síðast fyrir dóm þann 7. þ. m. Skýrði hann frá, hvers vegna hlífin hafði verið sett á vélina og að hún hefði verið til tafar, og þess vegna hefði hún ekki ávallt verið notuð. Hann skýrði og frá því, með hverjum hætti hann teldi sennilegt, að slysið hefði viljað til, og var það á annan veg en stefnandi hafði frá skýrt. Í lögregluannsókn um slys þetta, er fram fór 1948, hafði vitni þetta einnig skýrt svo frá, að það teldi engar líkur til þess, að öryggishlífin hefði varnað slysi, þótt hún hefði verið á vélinni.

Umboðsmaður sóknaraðilja máls þessa mótmælti því, að vitni þetta yrði látið staðfesta vætti sitt, sökum þess að málið varðaði vitnið siðferðilega og e. t. v. lagalega. Var ágreiningur málsaðilja um þetta tekinn til úrskurðar sérstaklega, að undangengnum munnlegum málflutningi.

Vitnið var verkstjóri í verksmiðjunni, eins og fyrr greindi. Hann réði því, hvort fyrrnefnd öryggishlíf var notuð eða ekki, og á honum hvíldi nokkur ábyrgð um öryggisútbúnað í verksmiðjunni og að fylgt væri þeim fyrirmælum, er vélaeftirlitsmenn settu þar um. Þykir því afstaða vitnis þessa til málsins vera slík, að varhugavert megi teljast, að hann staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að synja kröfu varnaraðilja um það, að vitnið staðfesti vætti sitt.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Kröfu varnaraðilja um, að vitnið Ágúst Ásgrímsson staðfesti vætti sitt, er synjað.

Miðvikudaginn 3. desember 1952.

Kærumálið nr. 28/1952.

Ágúst Jónsson

gegn

Vilhjálmi Pálssyni og Unnsteini Beck.

Staðfesting vættis.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. nóvember þ. á., sem hingað barst 21. s.m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 17. nóvember þ. á., en með úrskurði þessum var vitninu Unnsteini Beck heimilað að staðfesta vætti sitt með eiði. Krefst sóknaraðili þess, að framangreindur úrskurður verði felldur úr gildi og að nefndu vitni verði synjað þess að staðfesta framburð sinn. Þá krefst hann þess, að orðin „óvandaðra málfærslumanna" í greinargerð af hálfu varnaraðiljans Vilhjálms Pálssonar hér fyrir dómi verði dæmd dauð og ómerk og að umboðsmaður hans, Ragnar Ólafsson hæstaréttarlögmaður, verði sektaður fyrir þau. Loks krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Vilhjálmur Pálsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar. Af hálfu varnaraðiljans Unnsteins Becks hafa engar kröfur verið gerðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðiljanum Vilhjálmi Pálssyni kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Orðin „óvandaðra málfærslumanna" verða eigi skilin svo, að þar sé átt við umboðsmann sóknaraðilja, Magnús hæstaréttarlögmann Thorlacius, og verður því krafa um ómerkingu ummæla þessara og sekt fyrir þau ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ágúst Jónsson, greiði varnaraðiljanum Vilhjálmi Pálssyni kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1952.

Með áfrýjunarstefnu, útgefinni 22. nóvember 1950, hefur Ágúst Jónsson rafvirkjameistari, Barónsstíg 53 hér í bæ, skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 1. nóvember sama ár, í máli, sem Vilhjálmur Pálsson bifreiðarstjóri, Urðarbraut 1 í Smálöndum, hafði höfðað gegn honum til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 7214.93 auk 6% ársvaxta frá 5. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi. Dómur bæjarþingsins um dómkröfuna var á þá leið, að stefndi, Ágúst Jónsson, skyldi greiða stefnanda, Vilhjálmi Pálssyni, kr. 3675.65 með 6% ársvöxtum af þeirri upphæð, svo sem krafizt var, auk málskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þær kröfur, að dóminum verði með eða án heimvísunar og með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna, mótmæla og krafna hrundið og breytt þannig, að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Kröfur áfrýjanda í héraði voru sýkna og málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Nú hefur áfrýjandi krafizt þess fyrir Hæstarétti, að hinn áfrýjaði dómur og munnlegur flutningur málsins 23. október 1950 verði ómerktir og málinu vísað heim í hérað til munnlegs flutnings að nýju og að stefnda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Kröfur þessar byggir áfrýjandi meðal annars á því, að við hinn munnlega flutning málsins hafi dómarinn, sem setti dómþingið, Unnsteinn Beck, þáverandi fulltrúi borgardómara, og sem hlýddi á frumræðu umboðsmanns stefnanda og nokkuð af frumræðu umboðsmanns stefnda, vikið af þinginu, meðan hinn síðarnefndi var að tala, og eigi bókað og undirritað í þingbókina, að hann viki af bæjarþinginu. Síðan hafi Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, sem fram að þessu hafði gegnt dómritara- og þingvottsstörfum í þinghaldi þessu, setzt í dómarasæti, hlýtt á málflutninginn til loka hans og síðan dæmt málið. Hafi hann ekki í upphafi bókað dómaraskiptin, heldur strikað út úr bókinni nafn Unnsteins Becks og ritað sitt nafn í staðinn. Síðar hafi hann séð sig um hönd, skafið sitt nafn út, sett punkta undir nafn hins upphaflega dómara og skotið inn með örsmáu letri klausu um dómaraskiptin, en hún hafi lent á skökkum stað.

Áfrýjandi hefur stefnt borgardómaranum, Einari Arnalds, og báðum nefndum fulltrúum til réttargæzlu í hæstaréttarmálinu.

Um dómaraskiptin við munnlega málflutninginn og um bókunina hafa báðir fulltrúarnir gefið vottorð, og sömuleiðis hefur lögmaður stefnanda, hdl. Áki Jakobsson, sem flutti málið munnlega, gefið vottorð varðandi dómaraskiptin.

Lögmaður stefnda í hæstaréttarmálinu, hrl. Ragnar Ólafsson, fór vegna

ástæðna áfrýjanda fyrir ómerkingunni fram á, að nefndir fulltrúar og hdl. Áki Jakobsson yrðu leiddir sem vitni um þá atburði, sem áðurnefnd vottorð þeirra fjölluðu um. Bogardómari vék sæti í málinu, og var síðan Valdimar Stefánsson sakadómari skipaður til að fara með málið sem setuborgardómari, og hefur hann kveðið upp úrskurð þenna.

Unnsteinn Beck, fyrrverandi fulltrúi borgardómara, hefur komið hér fyrir bæjarþingið sem vitni og skýrt frá dómaraskiptunum, og er skýrsla hans í aðalatriðum á þessa leið: Þegar munnlegur flutningur framangreinds máls átti að fara fram á bæjarþinginu, var vitninu og Jóni Bjarnasyni fulltrúa falið að hlýða á flutninginn. Nokkru áður en málflutningurinn átti að hefjast, kenndi vitnið lasleika, en taldi sig þó nógu friskt til að gegna störfum. Við upphaf málflutningsins sat vitnið í dómarasæti, en Jón Bjarnason annaðist dómritun. Þegar umboðsmaður stefnanda, hdl. Áki Jakobsson, hafði flutt nokkurn hluta frumræðu sinnar, treysti vitnið sér ekki til að sitja lengur í dóminum, vegna þess hve lasleiki þess hafði ágerzt. Tjáði vitnið Jóni Bjarnasyni þetta og bað hann að taka við störfum af sér, sem hann gerði, og hvarf vitnið síðan úr dómsalnum. Meðan vitnið heyrði til, gerði hvorugur málflytjandinn athugasemd við þessa breytingu á skipun dómsins. Eigi undirritaði vitnið þingbókina, þegar það vék af bæjarþinginu, og er því eigi kunnugt um annað dæmi þess, að fráfarandi dómari hafi eigi undirritað þingbókina, þegar dómaraskipti hafa orðið í þinghaldi. Ástæðuna til þess, að vitnið undirritaði ekki þingbókina, segir það hafa verið þá, að atvik hafi gerzt með svo skjótum hætti, að hann hafi ekki gefið sér tíma til þess. Virðist afskiptum vitnisins af máli þessu fyrir bæjarþinginu þar með hafa verið lokið.

Hrl. Magnús Thorlacius, umboðsmaður vitnastefnda, lögmaður stefnda við munnlega málflutninginn og lögmaður áfrýjanda í hæstaréttarmálinu, hefur skýrt svo frá sem vitni, að dómaraskiptin hafi orðið, eftir að lögmaður stefnanda hafði lokið fyrri ræðu sinni og meðan hann sjálfur var að flytja fyrri ræðu sína. Hins vegar hafa vitnin Jón Bjarnason og Áki Jakobsson borið hið sama og vitnið Unnsteinn Beck um, hvert málflutningnum hafi verið komið, þegar dómaraskiptin urðu.

Umboðsmaður vitnastefnda hefur mótmælt framburði vitnisins Unnsteins Becks sem röngum og óstaðfestum, og hefur umboðsmaður vitnastefnanda, hrl. Ragnar Ólafsson, óskað þess, að vitnið staðfesti framburð sinn með eiði. Umboðsmaður vitnastefnda hefur mótmælt eiðvinningunni með þeim rökum, að vitnið sé um of viðriðið málið, eins og það horfi við fyrir Hæstarétti. Umboðsmaður vitnastefnanda hefur mótmælt því, að vitnið sé nokkuð viðriðið málið fyrir Hæstarétti.

Liggur því hér fyrir að úrskurða, hvort vitninu skuli heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði.

Eigi verður séð, að aðgerðum vitnisins við munnlega málflutninginn, sem að framan hafa verið raktar, hafi verið þannig farið að því eigi að valda, að það eigi ekki að fá tækifæri til að staðfesta framburð sinn með eiði. Verður því niðurstaðan sú, að vitninu skuli heimilt að gera það.

Því úrskurðast:

Vitninu Unnsteini Beck skal heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði.

Föstudaginn 5. desember 1952.

Nr. 83/1952. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðmundi Óskari Jónssyni
(Ragnar Ólafsson).

Ákæra um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940 og bifreiðalögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Við þann kafla Sundlaugavegar, sem ákærði ók, áður en slysið varð, eru engin hús, og ekki verður séð, að ákærði hafi í umrætt skipti mátt af öðrum sökum búast við óvæntri umferð inn á akbrautina. Er ákærði nálgaðist húsið Víðivelli, sá hann fullorðinn mann á göngu nokkru vestar á veginum, og hélt hann sig á nyrðri vegarbrún. Þegar ákærði sá manninn, gaf hann hljóðmerki, og hélt maðurinn óbreyttri stefnu eftir það, þar til bifreið ákærða átti skammt ófarið til hans, en þá beygði maðurinn þvert suður yfir veginn og varð í þeim svifum fyrir bifreið ákærða, sem gaf enn hljóðmerki og gerði tilraun til að hemla bifreiðina.

Þegar litið er til þess, að ákærði gaf þannig með fyrirvara til kynna för sína, að hann mátti gera ráð fyrir því, að vegfarandinn hefði heyrt hljóðmerkið og ákærði gat eigi búizt við slíkum viðbrögðum af hálfu fullorðins manns, sem raun bar vitni, þykir eigi verða talið, að ákærði hafi sýnt þá vangæzlu í akstri, að varði við 1. málsgr. 27. gr. laga nr. 23/1941. Eins og aðstæðum var háttað samkvæmt framansögðu og þegar litið er til þess, að áreksturinn virðist ekki hafa verið harður, þykir heldur ekki verða staðhæft, að hraði bifreiðar ákærða hafi verið þannig, að ákærði hafi gerzt sekur við 5. málsgr.

26. gr. sömu laga. Þá ber einnig að sýkna ákærða af ákæru um brot á 219. gr. laga nr. 19/1940, enda voru og meiðsli þau, er vegfarandinn hlaut, eigi svo mikil, sem lýst er í 218. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af sökinni á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, kr. 300.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Óskar Jónsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var flughálka á veginum, þar sem slys það varð, sem mál þetta er risið af. Þrátt fyrir hina miklu hálku ók ákærði á um 25 km hraða, miðað við klukkustund. Verður að fallast á þá skoðun héraðsdómara, að slíkur hraði hafi verið allt of mikill, miðað við aðstæður. Hefur ákærði því gerzt sekur við 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar voru meiðsli hins slasaða manns ekki slík, sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af broti á 219. gr. þeirra laga.

Refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna í héraðsdómi, en greiðslufrestur sektar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Óskar Jónsson, greiði kr. 300.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1952.

Ár 1952, laugardaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1124/1952: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Óskari Jónssyni, sem dómtekið var 16. apríl s.l.

Málið er höfðað gegn Guðmundi Óskari Jónssyni bílstjóra, til heimilis að Hjallavegi 27 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að hafa hinn 24. desember 1951 ekið bifreið sinni R 3034 vestur Sundlaugaveg með of miklum hraða, miðað við aðstæður, þar sem hálka var á veginum, og án nægjanlegrar aðgæzlu og með því orðið meðvaldur að árekstri bifreiðarinnar R 3034 og Stefáns Stefánssonar, sjúklings á Kleppi, sem stökk út á akbrautina, er ákærði nálgaðist í bifreið sinni.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 38. gr. bifreiðalaga, til réttindasviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 21. janúar 1918 á Gunnlaugsstöðum í Stafholtstungum. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1943 1/9 Reykjavík. Sátt: 300 króna sekt fyrir að veita bílstjóra áfengi við bifreiðarakstur.
1945 25/11 Reykjavík. Sátt: 20 króna sekt fyrir ljósleysi á bifreið.
1947 29/9 Reykjavík. Sátt: 20 króna sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1950 22/6 Reykjavík. Sátt: 50 króna sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 14.30 mánudaginn 24. desember 1951 ók ákærði bifreið sinni R 3034, sem er 6 manna leigubifreið, vestur Sundlaugaveg hér í bæ. Veður var bjart, snjór á jörðu og flughálka á veginum. Ákærði hafði snjókeðjur á báðum afturhjólum. Ákærði ók á 20—30 km hraða, á að gizka. Rétt austan

við húsið Víðivelli við Sundlaugaveg sá ákærði mann á gangi vestur veginn. Maður þessi gekk eftir nyrðri jaðri götunnar. Ákærði gaf þegar hljóðmerki til að gera manninum aðvart um, að bifreið sín nálgaðist, því að hann vissi, hversu vegurinn var háll. Ákærði sá og í þessum svifum sendiferðabifreið, er stóð móts við húsið Víðivelli á norðurjaðri götunnar, og snéri bifreiðin í austur. Gangandi maðurinn var þá rétt framan við sendiferðabílinn. Er ákærði átti eftir um 2 bíllengdir að manninum, gekk maðurinn allt í einu þvert suður yfir götuna. Ákærði gaf hljóðmerki og hemlaði, en sökum hálkunnar rann bíllinn áfram, og varð maðurinn fyrir miðjum framenda bílsins. Við höggið kastaðist maðurinn frá bílnum til vinstri og féll niður við syðri brún vegarins í um 5 metra fjarlægð frá sjálfum slysstaðnum. Ákærði mun þá hafa létt á hemlum og lagt á bílinn til hægri frá manninum, og stöðvaðist bíllinn tæpa 20 metra frá slysstaðnum. Er ákærði kom að manninum, var hann meðvitundarlaus, en hann raknaði við nokkru síðar og stóð hjálparlaust á fætur. Ákærði segir manninn hafa gengið eðlilega fyrir slysið.

Í sendiferðabifreiðinni var Sigurbjörn Einar Einarsson, til heimilis á Víðivöllum við Sundlaugaveg, 32 ára að aldri. Hann hefur skýrt frá aðdragandanum að slysi þessu og slysinu sjálfu mjög á sama veg og ákærði. Hann heyrði ákærða gefa hljóðmerki, nokkru áður en að manninum kom, og er um 5 metrar voru á milli bílsins og mannsins, gekk maðurinn mjög skyndilega þvert út á götuna og varð fyrir bílnum með þeim hætti, sem áður greinir. Sigurbjörn Einar segir manninn hafa gengið nokkuð reikult, eins og hann væri óákveðinn í því, hvort hann ætlaði yfir veginn eða að halda áfram stefnunni vestur veginn.

Maður sá, sem fyrir slysi þessu varð, heitir Stefán Stefánsson. Er hann sjúklingur á geðveikraspítalanum á Kleppi. Hann hefur sjálfur ekkert getað skýrt frá slysi þessu. Þórður Möller læknir hefur gefið svohljóðandi vottorð um meiðsli Stefáns, dags. 11. janúar s.l.:

„Þann 24/12 síðastliðinn nokkru eftir hádegi kom sjúkrabifreið hingað að spítalanum með slasaðan mann. Var það Stefán Stefánsson, sjúklingur hér á spítalanum. Var mér tjáð, að hann hefði orðið fyrir bifreið á leiðinni inn í bæ. Stefán var með fullri meðvitund, en gat þó ekki gert neina verulega grein fyrir því, hvað skeð hefði, nema að hann hefði orðið fyrir bifreið. Hann gat svo gengið sjálfur inn á spítalann með litlum eða engum stuðningi, en var samt dálítið óstyrkur.

Meiðsli voru ekki mikil sjáanleg á sjúklingnum, um það bil 3 cm skurður yfir utanverðri vinstri augnabrún, sem tekinn var saman með tveimur sporum; smáskrámur voru nokkrar í andlitinu að auki. Sömuleiðis var hann marinn á vinstra fæti, en óbrotinn, og sömuleiðis nokkuð marinn á hægri síðu; kveinkaði hann sér mjög við snertingu þar, svo að settar voru til vonar og vara umbúðir, eins og um rifbrot væri að ræða. Nokkur missmíði voru finnanleg, en gátu stafað af gömlu meiðsli þar á síðunni."

Röntgenmynd var aldrei tekin af meiðslum Stefáns. Það er því allt á huldu um, hvort Stefán rifbrotnaði í slysi þessu, því að læknir sá, sem fyrr er nefndur, kvaðst ekki geta fullyrt neitt um þetta.

Aðrir en þeir, er nú hafa verið greindir, eru eigi til frásagnar um slys þetta.

Ljóst er af framanskráðri atvikalýsingu, að meginorsök slyssins er hið óeðlilega viðbragð Stefáns, er hann gekk skyndilega í veg fyrir R 3034 án þess að huga nokkuð að umferðinni. Ákærði þykir þó eiga nokkra sök með því að aka of hratt, miðað við allar aðstæður. Hann segist sjálfur hafa ekið á 20—30 km hraða. Það, hversu Stefán kastaðist langt frá bílnum og hversu bíllinn stöðvaðist á löngu færi, þykir og benda ótvírætt til of hraðs aksturs, eins og færinu var farið. Ákærði þykir því ekki hafa sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn umrætt skipti og þar með gerzt meðvaldur að slysinu, og þar sem meiðsli Stefáns reyndust alvarlegs eðlis, hefur ákærði með akstri sínum brotið gegn lagagreinum þeim, er í ákæruskjali getur. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og samkvæmt 219. gr. sömu laga og 38. gr. bifreiðalaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 300.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykir ástæða til að svipta ákærða ökuréttindum.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ragnars Ólafssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Óskar Jónsson, greiði kr. 300.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., að upphæð kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1952.

Nr. 134/1952. **Ákæruvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Þorgrími Viðari Jóhannessyni
(Sigurður Ólason).

Manndráp af gáleysi. Brot gegn 215. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefði átt að gefa hljóðmerki, er hann nálgaðist bifreið þá, sem flutti verkamennina, og gæta ýtrustu varkárni í

akstri sínum, enda mátti hann vænta þess, að menn kæmu frá bifreiðinni inn á veginn. Þetta gerði ákærði ekki. Þvert á móti benda verksummerki, svo sem spjöll á bifreið ákærða, til mikils hraða bifreiðarinnar. Hefur ákærði því með gálausum akstri orðið samvaldur að slysinu. Af gögnum málsins er hins vegar ljóst, að orsök slyssins verður að miklu leyti rakin til hegðunar Ingimars heitins Jónssonar.

Brot ákærða varðar við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 75 daga. Þá ber og að svipta hann ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgrímur Viðar Jóhannesson, sæti varðhaldi 75 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. febrúar s.l., er höfðað fyrir sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af ákæruvaldinu samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 7. janúar 1952, gegn Þorgrími Viðari Jóhannessyni verkamanni, til heimilis að Eyðhúsum, Miklaholtshreppi, Hnappadalssýslu, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir meint brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. greinar bifreiðalaga nr. 23 frá 16. júní 1941 og 3. mgr. 3. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 16. júní 1941, sbr. 38. gr. og 39. gr. nefndra bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaganna.

Ákærði, Þorgrímur Viðar Jóhannesson, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. nóvember 1931, hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 17 miðvikudaginn 14. nóvember s.l. var bifreiðinni R 4470, sem

er vörubifreið með skýli á palli, ekið í vestlæga átt um Suðurlandsbraut. Í pallskýlinu voru nokkrir verkamenn Hitaveitunnar, sem verið var að flytja frá vinnustað, og meðal þeirra var Ingimar Jónsson verkamaður, til heimilis að Ferjuvogi 19, Reykjavík, 66 ára að aldri. Þegar komið var á móts við Ferjuvog, var nefnd bifreið stöðvuð á syðra jaðri brautarinnar til þess að hleypa greindum Ingimar Jónssyni út úr henni. Þar fór hann af bifreiðinni um dyr, sem eru á aftanverðu skýlinu. Síðan gaf hann til kynna, að óhætt væri að aka bifreiðinni af stað. Um þetta leyti bar að bifreiðina R 1763, og var henni ekið í gagnstæða átt við greinda bifreið, en í þeim svifum að bifreiðarnar runnu fram hjá hvor annarri, skeði það, að Ingimar Jónsson varð fyrir bifreiðinni R 1763 og beið þegar bana.

Ekill bifreiðarinnar R 4470, sem þegar hafði ekið bifreið sinni af stað, varð slyssins var og stöðvaði bifreið sína. Fór hann út ásamt nokkrum af þeim verkamönnum, sem með honum voru, og lá þá Ingimar Jónsson hreyfingarlaus á syðri jaðri brautarinnar, þó nokkuð fyrir austan stað þann, sem staðar var numið á, en bifreiðin R 1763 hafði verið stöðvuð nokkuð fyrir austan Ingimar á norðurjaðri brautarinnar. Ekill bifreiðarinar R 1763, sem er ákærði í máli þessu, fór þegar einnig út úr sinni bifreið og hitti þarna vinnufélaga Ingimars. Viðurkenndi hann tafarlaust, að Ingimar hefði orðið fyrir bifreið sinni.

Á norðurhelmingi brautarinnar sást svartur blettur, sbr. ljósmynd, og var hann það eina, sem gefið gat til kynna, á hvaða stað árekturinn varð, en skammt austan við blett þenna um miðja brautina, sást blóðrák, er endaði í blóðpolli við líkið.

Lögreglunni var strax gert aðvart um slys þetta, og kom hún þegar á vettvang. Sá hún um, að vegsummerkin öll héldust óbreytt, þar til rannsókn á slysstað var lokið. Axel Helgason rannsóknarlögregluþjónn tók ljósmyndir af bifreiðunum og slysstað, og hafa þær verið lagðar fram í máli þessu, sbr. rskj. nr. 7 og 8. Enn fremur gerði hann afstöðumynd af staðnum, sem einnig hefur verið lögð fram, sbr. dómskj. nr. 5. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Hörður Jónsson og Gestur Ólafsson komu á slysstað og reyndu þar í akstri bifreiðina R 1763. Óku þeir henni með 20 mílna hraða, og stöðvaðist hún þá á 5 metra vegalengd við það, að fullu átaki var beitt á fóthemil. Greinileg og jöfn hemlaför voru eftir öll hjólin. Vegurinn, sem bifreiðin var reynd á, var malbikaður og færi þurrt. Handhemill bifreiðarinnar reyndist óvirkur, en stýrisútbúnaður, ljós og flauta voru í lagi. Rúður allar hreinar og heilar. Bifreiðin er Chevrolet-fólksbifreið, smíðuð 1940 og með stýri í vinstri hlið.

Lík Ingimars Jónssonar var þegar í stað flutt á Landsspítalann, og þann 16. nóvember s.l. framkvæmdi Níels Dungal prófessor réttarkrufningu og skoðun á líkinu, og er ályktun hans svohljóðandi: „Við líkskoðun og krufningu sást hrufl víðsvegar, einkum á andliti og höndum, og vinstri fótleggur var brotinn. Mikið brot var á kúpubotni, og hafði mænan kubbazt sundur rétt neðan við heilann. Enn fremur var litli heilinn marinn að neðan. Þá var hryggsúlan þverbrotin um mótin milli 1. og 2. lendaliðs. Liðhlaup fannst á hægri öxl.

Sýnilegt er, að skemmdin á mænunni rétt undir heila hefur valdið dauða samstundis, enda sáralitlar blæðingar frá meiðslunum."

Vitni og ákærði lýsa málavöxtum, eins og nú skal rakið:

Vitnið Einar Ásgrímsson lögregluþjónn í Reykjavík, 38 ára að aldri, kveðst hafa farið til þess að sinna máli þessu, en þegar hann kom á slysstaðinn, var búið að breiða yfir mann þann, sem fyrir árekstrinum varð. Virtist hann látinn, þar sem hann lá á syðri helmingi götunnar, en mikið blóð hafði runnið frá honum. Litlu síðar kom sjúkrabifreið á staðinn og flutti líkið á Landsspítalann. Menn frá rannsóknarlögreglunni komu á vettvang og framkvæmdu mælingar, en bifreiðin R 1763 var athuguð af bifreiðaeftirlitsmönnum. Skemmdir bifreiðarinnar kveður vitni þetta hafa verið þær, að hægra frambretti hennar var allmikið beyglað.

Í skýrslu þessa vitnis er tekið fram, að bifreiðinni R 1763 hafi verið stjórnað af Þorgrími Viðari Jóhannessyni, fæddum 6. nóvember 1931, og að ökuskírteini hans sé útgefið þann 8/11 1949.

Yfirborð götunnar segir vitnið, að sé malbikað, fast og slétt, en að hemlaför hafi ekki verið sjáanleg. Rökkvað var og slæm raflýsing, en veður bjart og færð þurr.

Vitni þetta staðfestir afstöðumynd á rskj. nr. 5 sem rétta.

Vitnið Kristmundur Jóhannes Sigurðsson rannsóknarlögregluþjónn, Reykjavík, 39 ára að aldri, kveður sig hafa farið á slysstað, eftir að tilkynnt hafði verið um slysið frá lögreglustöðinni. Þá var klukkan 17.10. Með vitni þessu voru þeir Njörður Snæhólm og Axel Helgason, rannsóknarlögregluþjónar.

Þegar vitni þetta kom á slysstað, voru þar fyrir 3 lögregluþjónar ásamt bifreiðastjórum bifreiðanna R 4470 og R 1763 og verkamönnum þeim, sem voru í bifreiðinni R 4470.

Engu hafði verið breytt, frá því að slysið skeði, að því undanskildu að Ingimar Jónsson hafði verið fluttur á burtu. Veður var bjart og þurrt og vegurinn sléttur og þurr og engar tálmanir á honum.

Á malborna veginum sunnan við suðurhlið malbikuðu brautarinnar stóð bifreiðin R 4470. Á malbikuðu brautinni nokkru austar og sömu megin var stór blóðpollur, sem endaði í smátjörn við markalínu malbiks og malar. Rétt austan við blóðpollinn og innar á götunni voru brot úr gervitanngarði og tvær gervitennur. Ennþá austar og á malborna veginum norðan við aðalbrautina stóð bifreiðin R 1763. Nokkra metra vestan við stóra blóðpollinn á norðurhluta malbikuðu brautarinnar var svolítill svartur blettur á götunni, en frá honum að stóra blóðpollinum lá svolítil óslitin rák af blóði. Þessi svarti blettur var hið eina sjáanlega, sem gefið gæti til kynna, hvar Ingimar var staddur, er hann varð fyrir bifreiðinni.

Við athugun á bifreiðinni R 1763 sá vitnið, að hægra frambretti hennar var dældað að framan og að minni dæld var á því aftanverðu, og virtist hún einnig vera ný. Utanvert á brettinu milli greindra dælda voru blóðslettur, sem virtust byrja að framan og liggja aftur eftir.

Samkvæmt beiðni komu bílaeftirlitsmenn á staðinn og skoðuðu bifreiðina

R 1763. Hemlar hennar reyndust í góðu ásigkomulagi. Axel Helgason gerði mælinguna af slysstað og tók myndir.

Þá tekur vitni þetta fram, að ekill bifreiðarinnar R 1763 hafi ekki talið sig sjá til ferða Ingimars, fyrr en Ingimar varð fyrir hægra frambretti bifreiðar hans, og að hann hafi hemlað, um leið og árekstur inn varð. Ekki kveðst þó vitnið hafa séð hemlaför á götunni.

Að beiðni vitnisins sýndi ekill bifreiðarinnar R 4470 stað þann, er hún var fyrst stöðvuð á. Vitnið staðfestir uppdráttinn á dómskj. nr. 5 sem réttan og tekur fram, að bifreiðin R 4470 sé á uppdrættinum sýnd á þeim stað, er Ingimar fór af henni.

Framburður ákærða:

Um kl. 17 hinn 14. nóvember s.l. ók ákærði bifreiðinni R 1763 austur Suðurlandsbraut. Hann var vel fyrir kallaður, hvorki vansofinn, þreyttur eða í þungum hugsunum og var ekki reykjandi. Og aldrei hefur hann neytt áfengis. Ók hann með lægri ljósunum, og lýstu þau götuna vel fram undan, en þó fremur stutt. Ekkert var á götunni, sem truflaði athygli ákærða, og beindi hann henni óskiptri að veginum framundan. Rétt austan við gatnamót Suðurlandsbrautar og Þvottalaugavegar hafði hann tekið 3 drengi upp í bifreið sína og ekið síðan aftur á stað. Þá er hann var staddur á móts við íþróttahúsið Hálogaland, sá hann, að hraðamælir bifreiðarinnar sýndi 26 mílna hraða, miðað við klukkustund, en eftir það jók hann ekki hraða bifreiðarinnar.

Þá er ákærði hafði ekið skammt austur fyrir íþróttasvæðið við Hálogaland, sá hann vörubifreið standa á suðurjaðri brautarinnar, og sneri hún í vesturátt. Enga mannaferð sá hann við bifreið þessa og ók því hiklaust áfram eftir sínum vinstri brautarjaðri. En þá er bifreið hans var stödd á hlið við áður nefnda vörubifreið, varð maður fyrir hægra frambretti bílsins, og lenti brettið á vinstri hlið hans. Ákærða sýndist maður þessi falla þegar frá brettinu og á götuna, og hvarf hann honum sjónum. Strax og slysið varð, hemlaði ákærði, en létti síðan á hemlunum og stöðvaði ekki bifreið sína fyrr en nokkurn spöl frá slysstað. Þegar ákærði hafði stöðvað bifreið sína, fór hann út úr henni, og lá þá hinn slasaði maður þversum á suðurjaðri götunnar og sneri höfuð hans í suður. Var hann hreyfingarlaus, og virtist ákærða frekar, að hann væri látinn. Blóðslettur sá ákærði skáhallt austur eftir götunni frá þeim stað, sem maðurinn varð fyrir bifreiðinni, og þangað sem hann lá.

Ekki getur ákærði skýrt, hvernig á því stendur, að hann hemlaði ekki fullkomlega og stöðvaði bifreiðina, strax þegar slysið átti sér stað, því að ekki fannst honum, að fát hefði komið á sig, og hemla bifreiðarinnar kveður hann hafa verið mjög góða, og ekki kveður hann sig heldur geta gert grein fyrir því, hvernig maðurinn barst frá árekstrarstað og þangað sem hann lá að lokum.

Þegar eftir slysið komu menn út úr bifreiðinni R 4470, og sögðu þeir ákærða, að maður sá, er fyrir slysinu varð, hefði verið rétt nýfarinn út úr pallskýli bifreiðarinnar.

Afstöðumyndina á rskj. nr. 5 kveður ákærði rétta.

Vitnið Kristján Breiðfjörð Finnbogason, bifreiðarstjóri, Mávahlíð 35, Reykjavík, 26 ára að aldri, ekur bifreiðinni R 4470 fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, en þá bifreið kveður það hafa gluggalaust skýli á palli, svo að einungis verði séð út um dyr aftur úr skýlinu.

Þann 14. nóvember s.l., kl. 16.50, stöðvaði vitnið bifreið sína sunnanvert við steinsteypta veginn á Suðurlandsbraut móts við Ferjuvog. Voru þá 9 verkamenn í skýli bifreiðarinnar, en þessa menn var vitnið að flytja frá vinnustað í Reykjahlíð, en á greindum stað er vani að nema staðar til þess að hleypa Ingimar Jónssyni af bifreiðinni, því hann bjó við Ferjuvog.

Meðan bifreið vitnisins stóð kyrr, lét það einungis loga á biðljósum bifreiðarinnar, en þegar kallað var til þess, vissi það, að Ingimar var farinn af bifreiðinni, og kveikti það þá á lægri ljósunum og ók af stað. Þegar af stað var haldið, veitti vitnið því athygli, að bifreið var ekið á móti því, en ekki virtist því, að þeirri bifreið væri ekið með neitt óeðlilegum hraða, miðað við þann hraða, sem þarna er notaður, og gizkar það á, að fjarlægðin milli bifreiðanna hafi verið um 40—50 metrar. Bifreiðinni, sem á móti vitninu kom, var ekið með ljósum. Síðan mættust bifreiðarnar, en rétt á eftir að bifreiðinni R 1763 hafði verið ekið fram með bifreiðinni R 4470, heyrði vitnið hljóð, sem það hélt að væri í hemlum, en telur, að það hafi einnig getað myndazt við það, að mjög snögglega hafi verið lagt á bifreiðarstýri. Þá þegar stöðvaði vitnið bifreið sína og kveður hana þá hafa verið um 10—15 metra frá þeim stað, sem Ingimar fór af henni á. Vitnið fór þá út úr bifreið sinni og sá, að Ingimar lá á hliðinni þó nokkuð langt fyrir aftan bifreiðina R 4470. Ingimar var þá hreyfingarlaus. Bifreiðin R 1763 stóð þá svolítið austan við Ingimar. Þegar vitnið kom til Ingimars, var ákærði að koma út úr bifreið sinni.

Vitni þetta kveðst hafa tekið eftir svörtum bletti milli miðlínu götunnar og norðurjaðars hennar og segir, að blettur þessi hafi verið fyrsta sjáanlega merki þess, hvar bifreiðin R 1763 var stödd, þá er hún lenti á Ingimar Jónssyni. Hemlaför sá það engin.

Ekki kveður vitni þetta, að bifreiðin R 1763 hafi þarna verið að mæta neinum öðrum bílum, því að úr austurátt hafi enginn bíll komið, fyrr en talsverðri stundu eftir að slysið átti sér stað, og að stjórnandi þeirrar bifreiðar hafi hringt til lögreglunnar.

Þegar að slysið skeði, kveður vitnið, að það hafi verið það bjart, að hægt hafi verið að aka ljóslaust, án þess að það kæmi að sök, og að vel hafi sézt til, er ekið var með ljósum. Þá fullyrðir vitnið, að Ingimar Jónsson hafi verið vel hress og ekki átt erfitt með gang.

Afstöðumyndina á réttarskjali nr. 5 kveður vitnið vera rétta.

Vitnið Jón Jónsson verkamaður, Grettisgötu 36, Reykjavík, fæddur 14/11 1882, var í framsæti bifreiðarinnar R 4470, þegar slysið átti sér stað, en vinnufélaga sína kveður það hafa verið í skýli bifreiðarinnar. Einn þeirra var Ingimar Jónsson. Það var siður þeirra, bæði þegar ekið var til og frá vinnustað, að nema staðar við Ferjuvog vegna Ingimars. Var þá bifreiðinni alltaf ekið á brautarjaðar og hún þar stöðvuð. Í umrætt skipti hafði vitni þetta sofnað, en vaknaði við það, að bílstjórinn tók í það og tjáði

því, að slys hefði átt sér stað. Fór vitnið þá út úr bifreiðinni og gekk til Ingimars, þar sem hann lá á syðri helmingi malbikuðu brautarinnar. Það blæddi mikið úr Ingimar, og taldi vitnið hann dáinn. Vitnið sá þess merki á veginum, að Ingimar hafði dregizt eftir honum, áður en hann stöðvaðist, og sá merki um þetta á norðurhelmingi götunnar og telur það benda til þess, að Ingimar hafi verið kominn yfir miðja götu, er slysið skeði.

Afstöðumyndina á réttarskjali nr. 5 kveður vitnið vera rétta, eftir því sem það getur bezt vitað.

Vitnið Gunnlaugur Jón Guðmundsson, Bergstaðastræti 35, Reykjavík, fæddur 24. maí 1894, var í farþegaskýli bifreiðarinnar R 4470, er slysið varð. Það lýsir ferðalagi þeirra vinnufélaga og akstri bifreiðarinnar R 4470 á sama hátt og að framan greinir. Eftir að bifreiðin R 4470 hafði færzt aðeins áfram, heyrði vitnið öskra í hemlum, og var þá R 4470 stöðvuð. Vitnið fór síðan út úr bifreiðinni, og lýsir það legu Ingimars á sama hátt og áður er gert. Það kveðst strax hafa séð, að Ingimar var dáinn. Vegsummerki athugaði vitnið ekki. Það hafði verið að vinna með Ingimar, áður en þeir fóru frá vinnustað, og fékk það ekki annað séð en að Ingimar væri í alla staði eðlilega á sig kominn.

Vitnið kveður uppdráttinn á réttarskjali nr. 5 réttan, eftir því sem það bezt veit.

Vitnið Sigurður Eiríksson verkamaður, Sólvallagötu 56, Reykjavík, fæddur 20/11 1893, var í skýli bifreiðarinnar R 4470, er slysið átti sér stað. Það lýsir ferðalagi þeirra félaga og bifreiðarinnar R 4470 á sama hátt og áður er gert. Einnig staðfestir það, að Ingimar fór úr bifreiðinni R 4470, þar sem hún nam staðar við Ferjuvog. Þegar Ingimar var farinn, var bifreiðinni R 4470 ekið af stað, en rétt í því heyrði vitnið hemlahljóð, og þá rétt um leið var bifreiðin R 4470 stöðvuð. Vitni þetta fór ekki út úr bifreiðinni.

Vitnið Sveinn Kristjánsson verkamaður, Njálsgötu 50, Reykjavík, fæddur 7/4 1929, var farþegi í skýli bifreiðarinnar R 4470. Það lýsir ferðalagi þeirra á sama hátt og áður er gert. Þegar Ingimar var kominn út, kallaði hann til bílstjórans, að hann mætti aka af stað. Þegar þeir höfðu ekið af stað, heyrði vitnið hátt hljóð, er líktist hemlahljóði, og var þá bifreiðin R 4470 strax stöðvuð, og telur vitnið, að þá hafi verið búið að aka henni um nokkra metra. Því virtist sjón og heyrn Ingimars vera óskert. Það staðfestir afstöðumynd á dómskjali nr. 5 sem rétta, eftir því sem það bezt veit.

Vitnið Jón Rafnsson verkamaður, Skólavörðuholti, bragga nr. 4, fæddur 4/7 1885, var í skýli bifreiðarinnar R 4470. Vitni þetta fór ekki út úr bifreiðinni R 4470, er slysið skeði, en það segir, að það hafi sem sagt engum togum skipt, að bifreiðinni R 4470 var ekið af stað og það heyrði urghljóð, og var þá bifreiðin R 4470 stöðvuð að nýju. Það kveður Ingimar Jónsson hafa verið prýðilega ernan. Sjón og heyrn virtust óskert. Þenna dag var hann hress.

Vitnið Júlíus Lárusson verkamaður, Þrastargötu 4, Reykjavík, 60 ára að aldri, var í skýli bifreiðarinnar R 4470, þegar greint slys átti sér stað. Það segir, að þegar Ingimar hafi verið búinn að yfirgefa bifreiðina, hafi rétt aðeins verið ekið af stað, þegar vitnið heyrði urghljóð, sem líktist

bremsuhljóði. Það getur ekkert sagt um þá vegalengd, sem bifreiðinni hafði verið ekið, áður en hún var stöðvuð að nýju. Það tók eftir flekknum, sem var á nyrðri helmingi götunnar, og telur, að þar hafi bíllinn fyrst lent á Ingimar. Það staðhæfir, að öll vegsummerki hafi verið óröskuð, þegar lögreglan kom á vettvang.

Uppdráttinn á dómskjali nr. 5 kveður vitnið réttan, eftir því sem það bezt veit.

Vitnið Björn Þorkelsson, Laugarteigi 37, Reykjavík, 26 ára að aldri, var farþegi í skýli bifreiðarinnar R 4470, er slysið átti sér stað. Það segir, að þegar Ingimar hafi verið farinn út, hafi aftur verið ekið af stað. Telur vitnið, að búið hafi verið að aka bifreiðinni R 4470 um eina 8 metra, er það heyrði högg og ýskurhljóð. Virtist vitninu, að það hafi fyrr heyrt höggið en ýskurhljóðið, en hljóð þetta líktist mest bremsuhljóði eða hljóði, sem orsakast af því, að snögglega er á bíl lagt. Um leið og vitnið heyrði greint hljóð, var bifreiðin R 4470 stöðvuð og það hljóp út. Lá Ingimar þá á syðri vegarbrún með höfuðið, þar sem stóri blóðflekkurinn byrjar. Ekkert heyrðist þá í honum. Vitnið tók eftir blettinum, sem var á götunni rétt norðan við miðju hennar, en það var eini flekkurinn, sem þarna var og gat gefið til kynna, hvar Ingimar var staddur, er bifreiðin lenti á honum, en frá bletti þessum og að blóðpollinum var rák svipuð því, að eitthvað hefði dregizt eftir veginum. Ekkert virtist vitni þessu athugavert við ekil bifreiðarinnar R 1763. Þá staðhæfir vitni þetta, að báðir bílarnir og vegsummerki öll hafi verið alveg eins og þau voru strax eftir slysið, þegar lögregluþjónarnir komu á vettvang.

Uppdráttinn á dómskjali nr. 5 staðfestir vitnið sem réttan, eftir því sem það getur bezt séð.

Vitnið, sem þekkti Ingimar Jónsson vel, kveður hann hafa verið hressan, með góða heyrn og sjón, og að við göngulag hans hafi ekkert verið að athuga.

Vitnið Karl Karlsson, Bárugötu 35, Reykjavík, 15 ára að aldri, var í skýli bifreiðarinnar R 4470, er greint slys átti sér stað. Vitni þetta telur, að búið hafi verið að aka bifreiðinni R 4470 um 10 metra, þegar það heyrði bremsuhljóð og smell. Það tók eftir farinu á veginum milli miðlínu hans og nyrðri vegarbrúnar, og virtist því það vera eini bletturinn þarna, sem gefið gat til kynna, hvar Ingimar var staddur, þá er bifreiðin lenti á honum. Einnig sá það, að rákir lágu frá þessum bletti að blóðpollinum.

Vitnið staðfestir afstöðumyndina á rskj. nr. 5, en segir, að þó sé bifreiðin R 4470 ef til vill staðsett of vestarlega, miðað við depilinn „a".

Vitnið Þorgrímur Vilhjálmur Karlsson, Langholtsvegi 132, Reykjavík, 10 ára að aldri, sat í bifreiðinni R 1763, er umrætt slys átti sér stað, og staðfestir það framburð ákærða um, hvar og hvenær það kom í bifreið hans. Það segir, að bifreiðinni R 1763 hafi ekki verið ekið hratt og að hún hafi verið með ljósum og að vel hafi sézt á veginn framundan. Þá kveður vitni þetta, að bifreiðinni hafi verið ekið vel á vinstra kanti. Það sá ekki Ingimar, áður en hann varð fyrir bifreiðinni, enda horfði það ekki fram á veginn, en það leit upp, um leið og bílstjórinn hemlaði, og sá það á hendi á

manni framundan, eins og verið væri að gefa bílstjóranum merki um að nema staðar. Síðan heyrði það háan skell, og bíllinn rann eitthvað áfram, áður en hann var stöðvaður. Vitnið sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar og segir, að bílstjórinn hafi ekkert talað við þá félagana. Virtist því hann hafa allan hugann við aksturinn.

Vitnið Jón Eldon Logason, til heimilis að Langholtsvegi 144, 9 ára að aldri, staðfestir framburð ákærða um, hvar og hvenær það kom í bifreiðina R 1763. Kveður það bílstjórann hafa ekið varlega og alveg eftir vinstra jaðri malbikuðu brautarinnar. Bíllinn var með ljósum, og lýstu þau vel fram undan, en þó ekki langt. Við fyrstu yfirheyrslu kvaðst vitni þetta hafa séð Ingimar á norðurleið yfir brautina og að bifreiðin R 1763 hafi þá átt nokkra metra ófarna að honum, en síðar meir fellur það frá þessari staðhæfingu og kveðst þá ekki hafa séð til ferða Ingimars, fyrr en það sér á hendi og heyrði rétt á eftir mikinn smell, og var bifreiðin þá hemluð rétt á eftir. Vitnið gat ekki gert grein fyrir ósamræmi því, er var í framburði þess.

Vitnið Jón Sören Jónsson, Karfavogi 13, Reykjavík, 10 ára að aldri, staðfestir framburð ákærða um, hvar og hvenær það kom í bifreið hans, en kveður bifreiðina R 1763 hafa verið ekið heldur hraðar, eftir að þeir komu í hana en áður. Henni var ekið með ljósum vinstra megin á veginum. Rétt áður en bíllinn lenti á manninum (hálfri til einni sekúndu áður), sá vitnið hann, og var hann þá kominn yfir miðja götuna. Sýndist vitninu maðurinn síðan ganga eitt eða tvö skref áfram, og þá lenti bíllinn á honum. Heyrðist þá talsvert hár skellur, en manninn sá vitnið ekki framar að öðru leyti en því, að því sýndist hann rétta upp hendina, um leið og bíllinn ók á hann. Vitni þetta kveður það öruggt, að bílstjórinn hemlaði, áður en slysið varð. Það sat vinstra megin í aftursæti bifreiðarinnar R 1763 og segist allan tímann hafa fylgzt vel með veginum fram undan bílnum og fullyrðir, að ekillinn hafi ekkert við þá félagana talað og að hann hafi horft fram á veginn.

Samkvæmt því sem atvikum er að framan lýst ásamt ljósmyndum, uppdrætti og framburði vitna má telja upplýst, að Ingimar Jónsson yfirgaf bifreiðina R 4470 í umrætt skipti og hélt síðan í norðurátt áleiðis yfir Suðurlandsbraut, en þá bar þar að bifreiðina R 1763, sem ekið var af ákærða í máli þessu í austlæga átt með um 40 km hraða, miðað við klukkustund, og að hægra frambretti þeirrar bifreiðar lenti á Ingimar Jónssyni með þeim afleiðingum, að hann beið þegar bana. Ekki hægði ákærði á hraða bifreiðar sinnar, um leið og bílarnir mættust, og veitti Ingimar Jónssyni ekki athygli, fyrr en um leið og áreksturinn átti sér stað, og þá fyrst hemlaði hann, en beitti þó hemilinn ekki fullu átaki. Með skírskotun til þessa og alls framanritaðs þykir ákærði með gáleysi sínu vera valdur að dauðaslysi því, sem hér um ræðir, og með framkomu sinni og afleiðingum hennar gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940. Þá hefur hann með sama hætti gerzt brotlegur við 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 16. júní 1941 sbr.

38. gr. þeirra laga og auk þess einnig við 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 16. júní 1941 sbr. 14. gr. þeirra laga. Refsing ákærða þykir samkvæmt framanrituðu hæfilega ákveðin 5 mánaða varðhald.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærða ber að dæma til þess að greiða allan sakarkostnað.

Hinrik Jónsson sýslumaður kvað upp dóm þenna.

Dómsuppsaga hefur dregizt sökum embættisanna og veikinda.

Dómsorð:

Ákærði, Þorgrímur Viðar Jóhannesson, sæti 5 mánaða varðhaldi. Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað af máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1952.

Nr. 5/1952: **Rafveita Akureyrar** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Antoni Ólasyni og
þrotabúi Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f
(Enginn).

Krafa um endurgjald fyrir rafmagn nýtur ekki forgangs í þrotabúi samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar þ. á. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að krafa hans í þrotabúi Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f, kr. 7562.64, verði látin njóta forgangs í skuldaröð samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefndu hefur enginn komið fyrir Hæstarétt í máli þessu. Hefur bæjarfógetinn á Akureyri f. h. stefnda þrotabús

Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f fallið frá stefnu í málinu, en stefnda Antoni Ólasyni verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Fjárhæð sú, sem krafizt er í máli þessu, er endurgjald fyrir selt rafmagn. Er hér um að tefla kaup og sölu verðmætis, enda þótt opinber aðili eigi þar hlut að máli og salan færi fram samkvæmt lögum, sem þar að lúta. Nýtur greiðslan því ekki forgangs í þrotabúi samkvæmt b-lið 83. gr. laga nr. 3/1878. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessari niðurstöðu og þar sem stefndu hafa ekki komið fyrir Hæstarétt, á málskostnaður hér fyrir dómi að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 10. desember 1951.

Bú Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f var tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota með úrskurði skiptaréttar þann 10. maí s.l. Á skiptafundi í nefndu þrotabúi þann 14. f. m. var lagt fram frumvarp til úthlutunargerðar í búinu. Umboðsmaður sóknaraðilja í máli þessu, Antons Ólasonar verkamanns, Akureyri, bar fram mótmæli gegn því, að krafa varnaraðilja, Rafveitu Akureyrar, kr. 7.562.64, yrði talin forgangskrafa samkvæmt 83. gr., b-lið, skiptalaganna frá 1878, en þannig hafði kröfu þessari verið raðað í úthlutunargerðinni. Umboðsmaður varnaraðilja vildi ekki una því, að krafa þessi yrði talin almenn krafa. Hefur mál út af ágreiningi þessum síðan verið rekið sem sérstakt skiptaréttarmál og var að undangengnum munnlegum málflutningi tekið til úrskurðar þann 7. þ. m.

Krafa varnaraðilja er fyrir selda raforku til h/f Sindra í febrúar—maí þ. á. Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að krafa þessi sé ekki skattur eða gjald til hins opinbera, heldur söluverð orku, sem félaginu var látin í té til ljósa og iðnaðarframleiðslu. Gjald fyrir raforku fellur í gjalddaga mánaðarlega, en varnaraðili hafi vanrækt að loka fyrir rafstrauminn, þegar vanskil urðu með greiðslu fyrir raforkuna, og megi því sjálfum sér um kenna, að skuld safnaðist fyrir hjá félaginu. Krefst hann þess, að skuld þessi verði talin almenn krafa í þrotabúi félagsins. Þá krefst hann og málskostnaðar sér til handa.

Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðilja og krefst þess, að þeim

verði hrundið með úrskurði skiptaréttarins og úthlutunargerðinni verði ekki breytt að þessu leyti. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Varnarástæðu sína byggir hann á því, að kröfuhafi sé stofnun, er sé eign Akureyrarkaupstaðar og rekin til þess að fullnægja almenningsþörf á raforku, en ekki í atvinnuskyni. Gjald fyrir raforku sé ákveðið í gjaldskrá, er ráðherra hefur staðfest, og það hafi lögtaksrétt, sbr. 62. gr. laga nr. 15/1923, það sé gjald til sveitarfélags fyrir starfsemi, sem ekki er rekin í gróðaskyni, heldur til almenningsnota, og falli því undir ákvæði 83. gr., b-liðs 3. töluliðs, skiptalaganna.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort söluverð raforku telst skattur eða gjald til sveitarfélags í merkingu fyrrnefndrar skiptalagagreinar. Skattur verður það ekki talið samkvæmt þeirri merkingu, er í því orði felst fyrr eða síðar. Gjald til sveitarfélags telst eftir merkingu skiptalaganna það, sem jafna má til gjalda til sveitarfélaga, er tíðkuðust á þeim tíma, er skiptalögin voru sett. Á þeim tíma var ekki um að ræða sölu á raforku né sölu af hálfu sveitarfélaga, er til slíks mætti jafna. Enda þótt rafveitur sveitarfélaga séu fyrirtæki til almenningsheilla, er á það að líta, að mönnum ber ekki skylda til að kaupa raforku, og raforkusala er viðskiptalegs eðlis öðrum þræði. Hefði því þurft sérstök lagafyrirmæli þar um, ef andvirði raforku ætti að njóta forréttinda í gjaldþrotabúi. Þykir því verða að fallast á kröfu sóknaraðilja í máli þessu, þannig að krafa varnaraðilja teljist almenn krafa í búinu. Eftir atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Því úrskurðast:

Krafa varnaraðilja, Rafveitu Akureyrar, kr. 7.562.64, í þrotabú Kolsýruverksmiðjunnar Sindra h/f telst almenn krafa, og breytist úthlutunargerðin í samræmi við það.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. desember 1952.

Nr. 98/1951. **Kjartan Jónsson og þrotabú Magnúsar Thorbergs** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Guðmundi Þórðarsyni og Sigurjóni Þórðarsyni og gagnsök (Magnús Thorlacius).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Kaup og sala.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1951 og gera þessar dómkröfur:

A. Um málatilbúnað.

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði sjálfkrafa ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi og aðaláfrýjendum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að vísað verði frá Hæstarétti kröfu gagnáfrýjenda um, að aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að annast greiðslu skuldar samkvæmt síðar greindum dómi í máli Sigurðar Baldvinssonar gegn gagnáfrýjendum, upp kveðnum 6. júní 1952, og fari þá um málskostnað svo sem síðar segir.

B. Um efni máls.

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendur verði dæmdir sýknir af öllum kröfum gagnáfrýjenda og að aðaláfrýjendum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að skuldajafnað verði við kröfu gagnáfrýjenda, að fjárhæð kr. 88.560.00, gagnkröfum aðaláfrýjenda, að fjárhæð kr. 51.890.54, ársvextir af mismuninum verði ákveðnir 4½% og málskostnaður látinn falla niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 17. ágúst 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Gera þeir þær dóm-

kröfur, *að* aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða þeim in solidum kr. 88.560.00 með 5½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags, *að* aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að taka að sér in solidum að greiða skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 42.440.00, ásamt 3% ársvöxtum, *að* aðaláfrýjendum verði dæmt skylt að annast in solidum greiðslu á skuld gagnáfrýjenda samkvæmt dómi, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 6. júní 1952 í málinu nr. 721/1950: Sigurður Baldvinsson gegn Sigurjóni Þórðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni, en dómskuldin er kr. 4876.50 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og kr. 800.00 málskostnaður.

Loks krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. Um kröfur gagnáfrýjenda á hendur aðaláfrýjendum.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, sömdu aðiljar í janúar 1949 með sér, að gagnáfrýjendur seldu aðaláfrýjendum v/b Njál R.E. 99, en vélbát þenna, sem smíðaður var fyrir síðustu aldamót, höfðu gagnáfrýjendur keypt hinn 7. janúar 1948 af Sigurði Baldvinssyni, útgerðarmanni í Ólafsfirði. Aðiljar urðu ásáttir um, að aðaláfrýjendur skyldu greiða kr. 200.000.00 fyrir vélbátinn. Kaupverðið skyldi innt þannig af höndum: Aðaláfrýjendur skyldu taka að sér greiðslu víxilskuldar við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, að fjárhæð kr. 60.000.00, sem hvíldi með 1. veðrétti á v/b Njáli, svo og skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, sem hvíldi með 2. veðrétti á vélbátnum. Þá skyldu aðaláfrýjendur gefa út handa gagnáfrýjendum skuldabréf, að fjárhæð kr. 88.560.00, sem bera skyldi 4½% ársvexti, tryggt skyldi með 3. veðrétti í téðum vélbát og greiðast með kr. 7.380.00 afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. júní 1949. Loks skyldu aðaláfrýjendur greiða gagnáfrýjendum kr. 9000.00 í peningum við samningsgerð. Létu nú aðiljar semja uppkast að afsalsbréfi fyrir vélbátnum með téðu efni svo og uppkast að skuldabréfi aðaláfrýjenda fyrir nefndum kr. 88.560.00, en ekki varð úr, að aðiljar undirrituðu skjöl þessi, og telur lögfræðingur, sem aðstoðaði við samn-

ingsgerð, ástæðuna fyrir því þá, að tilætlunin hafi verið að senda veðskuldabréfið til Magnúsar Thorbergs til undirskriftar, en hann var þá í Vestmannaeyjum. Af hendi aðaláfrýjenda var samt hin áskilda greiðsla á kr. 9000.00 innt af hendi, og v/b Njáll, sem verið hafði í dráttarbraut, var tekinn þaðan og afhentur aðaláfrýjendum. Mun þetta hafa gerzt rétt eftir miðjan janúarmánuð. Aðaláfrýjendur höfðu vélbátinn síðan í förum til flutnings milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, en hinn 18. febrúar 1949 kom skyndilega leki að honum í Faxaflóa. Varð honum bjargað til Keflavíkur og komið til viðgerðar í Dráttarbraut Keflavíkur. Virðist þeirri viðgerð hafa verið lokið í byrjun apríl 1949. Kostnað af viðgerðinni, sem talinn er hafa numið rúmum 47 þúsund krónum, kveðast aðaláfrýjendur hafa greitt með kr. 19.725.20, en Sjóvátryggingarfélag Íslands hafi greitt viðgerðina að öðru leyti. Er viðgerð var lokið, tóku aðaláfrýjendur vélbátinn aftur til notkunar. Höfðu þeir hann í förum þangað til seint í nóvember s. á.

Svo sem sagt var, tóku aðaláfrýjendur við v/b Njáli samkvæmt hinu óundirritaða afsali. Við kaupin var aðaláfrýjanda Kjartani Jónssyni ljóst, að víxilskuldin við Útibú Landsbankans á Akureyri var í vanskilum. Bæði hann og gagnáfrýjandinn Sigurjón Þórðarson, sem sömdu um kaupin, virðast hafa gert ráð fyrir, að Útibú Landsbankans á Akureyri eða Landsbankinn myndi veita áframhaldandi lán út á 1. veðrétt, en ekki er sannað í málinu, að gagnáfrýjendur hafi tekið á sig skuldbinding um, að slíkt framhaldslán fengist. Með því nú að ekki var staðið í skilum með greiðslu víxilláns þessa, höfðaði Útibú Landsbankans mál gegn gagnáfrýjendum og Sigurði Baldvinssyni útgerðarmanni, Ólafsfirði, sem selt hafði gagnáfrýjendum v/b Njál og var ásamt gagnáfrýjendum víxilskuldari að kröfu útibúsins. Voru gagnáfrýjendur og Sigurður Baldvinsson dæmdir in solidum til greiðslu víxilsins og 1. veðréttur í v/b Njáli dæmdur gildur fyrir dómskuldinni. Tilkynntu gagnáfrýjendur aðaláfrýjendum þessi málalok, að því er þá varðaði, með bréfi 18. ágúst 1949 og áskildu sér rétt til framheimtu á hendur þeim. Útibú Landsbankans lét síðan ganga að v/b Njáli til lúkningar dómskuld-

inni, og var hann seldur á uppboði hinn 19. desember 1949. Aðaláfrýjandinn Kjartan Jónsson varð hæstbjóðandi á uppboðinu. Bauð hann kr. 63.000.00, og fékk hann uppboðsafsal fyrir vélbátnum hinn 9. janúar 1950 gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar. En með því að dómkrafa útibúsins með vöxtum og kostnaði nam hærri fjárhæð en fékkst fyrir vélbátinn á uppboðinu, varð Sigurður Baldvinsson að greiða útibúinu afganginn, sem ekki varð greiddur af uppboðsandvirðinu. Sigurður Baldvinsson höfðaði síðan mál gegn gagnáfrýjendum til framheimtu þeirrar skuldar, með því að þeir höfðu tekizt á hendur gegnt honum að annast greiðslu veðlána þeirra, sem á v/b Njáli hvíldu. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952, voru gagnáfrýjendur dæmdir til þess að greiða Sigurði kr. 4876.50 með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað. Gagnáfrýjendur krefjast þess síðan m. a. í máli þessu, að aðaláfrýjendur annist greiðslu þessarar dómskuldar fyrir þá, þar sem aðaláfrýjendur hafi tekizt á hendur að sjá um greiðslu víxilskuldarinnar til Útibús Landsbankans, en dómskuldin er eftirstöðvar af þeirri kröfu.

Aðaláfrýjendur neita öllum kröfum gagnáfrýjenda. Halda aðaláfrýjendur því fram, að þeir hafi ekki keypt v/b Njál af gagnáfrýjendum. Uppkast hafi að vísu verið gert að afsali um vélbátinn svo og að skuldabréfi, er aðaláfrýjendur skyldu gefa út, en skjöl þessi hafi ekki verið undirrituð. Mikilvæg forsenda fyrir kaupunum hafi brostið, er víxillánið við Útibú Landsbankans á Akureyri fékkst ekki framlengt, en gagnáfrýjendur hafi átt að tryggja það. Þá hafi leyndir lestir komið fram í v/b Njáli, er gert var við hann í Dráttarbraut Keflavíkur, og réttlæti þeir riftun kaupsins, ef talið yrði, að það hefði fram farið. Loks geti gagnáfrýjendur ekki fullnægt kaupsamningi, ef hann telst á kominn, þar sem v/b Njáll hafi verið seldur á uppboði.

Svo sem sagt var, tóku aðaláfrýjendur við v/b Njáli samkvæmt óundirrituðu heimildarskjali og inntu jafnframt af hendi peningagreiðslu þá, sem áskilin var í uppkasti að kaupsamningi. Aðaláfrýjandinn Kjartan Jónsson vissi þá, að víxilskuldin við Útibú Landsbankans, Akureyri, var gjaldkræf.

Ósannað er, að gagnáfrýjendur hafi ábyrgzt aðaláfrýjendum að annast öflun framhaldsláns gegn 1. veðrétti í v/b Njáli. Aðaláfrýjendur höfðu v/b Njál síðan í förum til flutninga, unz leki kom að honum 18. febrúar 1949. Þeir komu honum þá til viðgerðar í Dráttarbraut Keflavíkur, og er viðgerð var lokið í byrjun apríl 1949, tóku þeir hann aftur til sinna nota og gerðu hann út, þangað til síðla í nóvember sama ár. Með þessu hátterni sínu hafa aðaláfrýjendur skuldbundið sig til að standa við kaup v/b Njáls og hafa fyrirgert þeim rétti til riftunar á kaupunum, sem þeir kunna að hafa haft. Vitneskja aðaláfrýjenda um, að lánið við Útibú Landsbankans var gjaldkræft, er kaup gerðust, svo og framangreind hegðun aðaláfrýjenda leiða og til þess, að þeir geta ekki lagt á gagnáfrýjendur ábyrgð á því, að v/b Njáll var seldur á uppboði. Kröfur þær, sem aðaláfrýjendur reisa á þessu, hvort heldur þær varða form máls eða efni, verða því ekki til greina teknar.

Dómkrafa Sigurðar Baldvinssonar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952, er, svo sem áður segir, eftirstöðvar af víxilláni því, sem hvíldi á v/b Njáli með 1. veðrétti og aðaláfrýjendur tóku að sér ásamt kostnaði. Er hún því ekki ný krafa í máli þessu, og verður henni ekki vísað frá dómi.

Verður samkvæmt því, sem nú var sagt, að taka til greina þá kröfu gagnáfrýjenda, að aðaláfrýjendum beri að standa þeim skil á kaupverði v/b Njáls R.E. 99, að frádregnum þeim hluta þess, sem galzt með uppboðsandvirði bátsins, svo og framgreiða gagnáfrýjendum þann kostnað, sem þeir hafa haft af vanskilum aðaláfrýjenda. Leiðir af þessu, að taka ber til greina kröfur þær, sem gagnáfrýjendur hafa gert hér fyrir dómi á hendur aðaláfrýjendum, þó með þeim breytingum, sem hér greinir:

Aðiljar sömdu svo, að aðaláfrýjendur skyldu greiða vexti af lánum þeim, sem hvíldu á v/b Njáli frá þeim tíma, er vélbáturinn var afhentur, en það gerðist 18. janúar 1949. Í dómkröfu Sigurðar Baldvinssonar á hendur gagnáfrýjendum fyrir eftirstöðvum 1. veðréttarlánsins á v/b Njáli, eru innifaldir 6% ársvextir af láni þessu frá 25. október 1948 til 18. janúar 1949. Nema vextir þessir kr. 830.00. Aðaláfrýjendur

bera ekki ábyrgð á vöxtum þessum, þar sem þeir féllu á fyrir afhendingartíma vélbátsins. Dragast þeir því frá þeim hluta dómkröfunnar, sem aðaláfrýjendur eiga að standa gagnáfrýjendum skil á. Bera aðaláfrýjendur þannig ábyrgð gegnt gagnáfrýjendum á kr. 4046.50 af dómkröfunni í máli Sigurðar Baldvinssonar gegn gagnáfrýjendum ásamt 6% ársvöxtum af þessari fjárhæð frá 3. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 800.00 málskostnaði í því máli.

Ástæður þær, sem nú voru raktar, leiða og til þess, að aðaláfrýjendur bera ábyrgð á láni því, að fjárhæð kr. 42.440.00, sem hvíldi með 2. veðrétti á v/b Njáli, ásamt 3% ársvöxtum frá 18. janúar 1949.

Samkvæmt því, sem sagt hefur verið, ber að dæma aðaláfrýjendur til að standa gagnáfrýjendum skil á eftirstöðvum af kaupverði v/b Njáls, svo sem hér segir:

1. Aðaláfrýjendum ber in solidum að greiða gagnáfrýjendum fjárhæð þá, sem þeir áttu að gefa skuldabréf fyrir, að fjárhæð kr. 88.560.00, sem öll féll í gjalddaga vegna vanskila, ásamt 5½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags.

2. Aðaláfrýjendum er skylt að taka að sér in solidum greiðslu skuldar við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 42.440.00, ásamt 3% ársvöxtum frá 18. janúar 1949.

3. Aðaláfrýjendum skal vera skylt að annast in solidum greiðslu dómskuldar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952 í málinu nr. 721/1950: Sigurður Baldvinsson gegn Sigurjóni Þórðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni, að fjárhæð kr. 4876.50 ÷ kr. 830.00, eða kr. 4046.50, með 6% ársvöxtum af fjárhæð þessari frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og málskostnað í því máli, kr. 800.00.

II. Um skuldajafnaðarkröfur aðaláfrýjenda.

Aðaláfrýjendur hafa borið fram tvær kröfur til skuldajafnaðar, kr. 29.690.54 + 22.200.00, eða alls kr. 51.890.54.

1. Aðaláfrýjendur telja, að gagnáfrýjendur beri ábyrgð á göllum þeim, sem fram komu á v/b Njáli, er gert var við hann í Dráttarbraut Keflavíkur, þar sem hér hafi verið um leynandi lesti að tefla. Kveða þeir viðgerðina hafa kostað yfir

kr. 47.000.00. Hafi Sjóvátryggingarfélag Íslands greitt meirihluta viðgerðarkostnaðar, en þeir sjálfir kr. 19725.20. Auk þess hafi þeir orðið að greiða að nokkru kaup skipverja v/b Njáls, meðan á viðgerð stóð, eða kr. 9.965.34. Samtals nema fjárhæðir þessar kr. 29.690.54, er aðaláfrýjendur kveða gagnáfrýjendur eiga að endurgreiða þeim. Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla skipaskoðunarmanns um galla á v/b Njáli, áður en viðgerðin fór fram. En hvorki verður ráðið með öruggri vissu af henni né öðrum gögnum málsins, hvort viðgerðin stafar einungis af leyndum göllum, sem gagnáfrýjendur ættu að bera ábyrgð á, eða öðrum göllum, sem aðaláfrýjendur máttu sjá við skoðun eða gera ráð fyrir í gömlum bát, enda hafa hvorki kunnáttumenn verið nefndir til að kveða upp álit sitt um þetta efni né menn þeir, sem gerðu við v/b Njál, um það spurðir. Er því ekki hægt að meta, að hve miklu leyti gagnáfrýjendur eiga að bera ábyrgð á viðgerðarkostnaði. Ekki verður heldur kveðið á um það, að hve miklu leyti gagnáfrýjendur bera ábyrgð á kaupgreiðslum til skipverja v/b Njáls, meðan á viðgerð hans stóð, þar sem ósannað er, hversu langur tími kann að hafa farið til viðgerðar á leynanda löstum, sem gagnáfrýjendur ættu að bera ábyrgð á. Verður því, að svo komnu, ekki lagður dómur á þessa gagnkröfu. Ber því að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms um hana og vísa henni frá héraðsdómi.

2. Eftir að mál þetta hafði verið tekið til munnlegs flutnings í héraði, báru aðaláfrýjendur fram aðra gagnkröfu, að fjárhæð kr. 22.200.00. Kveða þeir þessa fjárhæð vera leigugreiðslu fyrir skip, sem þeir hafi orðið að taka á leigu til að gegna hlutverki v/b Njáls, meðan hann var í viðgerð. Það er hvort tveggja, að krafa þessi er of seint fram borin í máli þessu og að ófullnægjandi skýrslur eru fyrir hendi um hana. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um hana og vísa henni einnig frá héraðsdómi.

III. Niðurlag.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, ber að taka kröfur gagnáfrýjenda í málinu til greina, en vísa gagnkröfum aðaláfrýjenda frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjendum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 9000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um gagnkröfu þá, sem greinir í II 1 að framan, eiga að vera ómerk, og vísast þeirri gagnkröfu frá héraðsdómi.

Gagnkröfu þeirri, sem greinir í II 2 að framan, vísast frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjendur, Kjartan Jónsson og þrotabú Magnúsar Thorbergs, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Guðmundi Þórðarsyni og Sigurjóni Þórðarsyni, kr. 88560.00 með 5½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags. Aðaláfrýjendur eru skyldir að taka að sér in solidum greiðslu skuldar við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 42.440.00, auk 3% ársvaxta frá 18. janúar 1949. Aðaláfrýjendum er skylt að annast greiðslu skuldar in solidum samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 6. júní 1952 í málinu nr. 721/1950: Sigurður Baldvinsson gegn Sigurjóni Þórðarsyni og Guðmundi Þórðarsyni, að fjárhæð kr. 4046.50, með 6% ársvöxtum frá 3. apríl 1950 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað í því máli.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum in solidum málskostnað í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 9000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hafa Guðmundur Þórðarson, Hverfisgötu 48, Hafnarfirði, og Sigurjón Þórðarson, Vífilsgötu 21 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnum, útgefnum 17. og 27. september

1949, gegn Kjartani Jónssyni, Blönduhlíð 5 hér í bænum, og Magnúsi Thorberg, Vestmannaeyjum.

Gera stefnendur þær dómkröfur, *að* stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim kr. 88.560.00 með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags, *að* þeim verði in solidum dæmt skylt að taka að sér að greiða skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, sem hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með I. veðrétti, upphaflega að fjárhæð kr. 60.000.00, auk vaxta og kostnaðar, *að* þeim verði in solidum dæmt skylt að taka að sér að greiða skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, sem hvíldi með II. veðrétti á nefndum báti, að fjárhæð kr. 42.440.00, auk vaxta og loks, *að* þeim verði in solidum dæmt að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda í málinu og stefnendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins.

Til vara hafa stefndu krafizt þess, að kr. 51.890.54 verði skuldajafnað við kr. 88.560.00 og þeir verði sýknaðir að svo stöddu af að greiða kr. 37.997.86.

Til þrautavara krefjast stefndu, að kr. 51.890.54 verði skuldajafnað við kr. 63.360.69 og þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 11.470.15, en sýknaðir að svo stöddu af greiðslu á kr. 29.520.00.

Þá hafa stefndu til frekari þrautavara krafizt þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 17.084.70 og sýknaðir að svo stöddu af að greiða kr. 73.800.00.

Loks hafa stefndu til allra ýtrustu þrautavara krafizt þess, að þeir verði aðeins dæmdir til þess að greiða kr. 67.342.50 og sýknaðir að svo stöddu af greiðslu á kr. 29.520.00.

Stefndu hafa enn fremur krafizt þess í sambandi við hverja einstaka varakröfu, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að í janúarmánuði 1949 fóru fram samningaumleitanir milli stefnenda og stefndu um kaup á v/b Njáli R.E. 99. Bátur þessi var þá eign stefnenda, og var hann, er samningaumleitanirnar fóru fram, í þurrkví hér í Reykjavík. Leitaði stefnandi Sigurjón til nafngreinds lögfræðings um aðstoð til að semja afsal fyrir bátnum, og samdi lögfræðingurinn uppkast að því samkvæmt þeim upplýsingum, sem Sigurjón gaf um söluskilmála. Skömmu síðar, eða að því er virðist hinn 21. janúar, komu málsaðiljarnir Sigurjón og Kjartan, sem hvor um sig höfðu heimild frá samaðilja sínum til þess að semja um kaupin, til lögfræðings þessa, og kynntu þeir sér þar báðir uppkastið að afsalsbréfinu svo og uppkast að veðskuldabréfi, sem stefndu áttu samkvæmt afsalsbréfinu að gefa út fyrir hluta af kaupverðinu. Segir í uppkastinu að afsalinu, að báturinn seljist í því ástandi, sem hann sé í, og að kaupendum sé kunnugt um ástand hans. Samkvæmt uppkastinu var kaupverð bátsins ákveðið kr. 200.000.00, og átti það að greiðast þannig:

1. Kaupendur skyldu taka að sér skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, sem hvíldi með I. veðrétti á bátnum og var að fjárhæð kr. 60.000.00. 2. Þeir skyldu og taka að sér greiðslu á skuld við Fiskveiðasjóð

Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, sem hvíldi með II. veðrétti á bátnum. 3. Þá skyldu kaupendur gefa út til seljenda handhafaskuldabréf, að fjárhæð kr. 88.560.00, er tryggt yrði með III. veðrétti í bátnum næst á eftir framangreindum veðskuldum. Samkvæmt uppkasti að skuldabréfinu skyldu stefndu greiða skuldina samkvæmt því þannig: Hinn 1. júní 1949 kr. 7380.00 og síðan sömu fjárhæð hinn 1. september, 1. desember, 1. marz og 1. júní ár hvert, unz skuldinni væri að fullu lokið. Í vexti af skuldinni, eins og hún yrði á hverjum tíma, átti að greiða 4½% frá útgáfudegi bréfsins að telja, en uppkastið að skuldabréfinu er dagsett 21. janúar 1949. 4. Loks áttu kr. 9000.00 að greiðast í peningum. Eigi varð úr því, að stefnendur undirrituðu afsal fyrir bátnum eða stefndu veðskuldabréf þess efnis, sem að framan er rakið. Stefndu greiddu þó um þetta leyti stefnendum fjárhæð þá, er greiðast átti í peningum, og var báturinn þá tekinn úr þurrkvínni og fenginn stefndu til afnota. Notuðu þeir síðan bátinn til flutninga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur þar til 18. febrúar 1949, en þann dag kom snögglega leki að bátnum, er hann var staddur hér í Faxaflóa á leið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur í slæmu veðri. Bátnum var bjargað til Keflavíkur, og var hann tekinn þar upp í dráttarbraut og gert við hann. Kostnaðinn við viðgerð þessa greiddi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f að hluta, en að öðru leyti munu stefndu hafa greitt viðgerðarkostnaðinn. Eftir að viðgerðinni lauk verður ekki séð, að málsaðiljar hafi notað bátinn. En hinn 19. desember 1949 var hann seldur á opinberu uppboði til lúkningar I. veðréttarskuld þeirri, er að framan greinir. Hæstbjóðandi á uppboðinu varð stefndi Kjartan, er bauð kr. 63.000.00, og fékk hann uppboðsafsal fyrir bátnum hinn 9. janúar 1950.

Stefnendur halda því fram og reisa á því dómkröfur sínar, að endanlegur kaupsamningur hafi komizt á milli þeirra og stefndu um v/b Njál R.E. 99 þess efnis, sem í uppköstunum að afsalinu og veðskuldabréfinu segir og rakið hefur verið í stórum dráttum hér að framan. Stefndu hafi vanefnt kaupsamninginn, og sé mál þetta því höfðað til efnda á þeim skyldum, sem stefndu hafi tekið á sig með honum.

Stefndu reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að endanlegur kaupsamningur hafi ekki komizt á milli þeirra og stefnenda um áðurgreindan bát. Halda þeir því fram, að stefnendur hafi tekið að sér að fá I. veðréttarlánið við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri framlengt eða flutt til aðalbankans hér í Reykjavík, en lán þetta var í vanskilum, er samningaumleitanirnar fóru fram. Þetta hafi stefnendum ekki tekizt og hafi þá ekkert orðið úr kaupunum. Telja stefndu, að það, að stefnendur undirrituðu ekki afsal fyrir bátnum, svo og það, að þeir sjálfir gáfu ekki út stefnendum til handa veðskuldabréf það, sem ráð hafði verið fyrir gert, bera þess glöggt vitni, að kaupin hafi strandað.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að það hafi verið veruleg forsenda fyrir kaupunum af þeirra hálfu, að I. veðréttarlánið fengist framlengt, og stefnendum hafi hlotið að vera það ljóst. Fengist lánið ekki framlengt, jafngilti það 60.000 krónum meiri útborgun í sambandi við bátskaupin fyrir þá. Slíkt hefði verið þeim um megn, og að minnsta

kosti hefðu kaupkjörin þá orðið verulega öðruvísi en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Telja stefndu, að á þessum grundvelli hafi þeim verið heimilt að ganga frá kaupunum.

Þá reisa stefndu kröfu sína um sýknu í þriðja lagi á því, að komið hafi fram leyndir gallar á bátnum, er hann var tekinn í þurrkví í Keflavík eftir björgunina 8. febrúar. Stefnendur hafi sem seljendur borið ábyrgð á göllunum, en þeir hafi verið svo verulegir, að stefndu telja sér heimilt að rifta kaupunum vegna þeirra.

Loks reisa stefndu í fjórða lagi sýknukröfuna á því, að þar sem báturinn hafi verið seldur á nauðungaruppboði og uppboðsafsal gefið fyrir honum, þá hafi stefnendur misst öll umráð bátsins og geti því ekki fullnægt kaupsamningnum af sinni hálfu.

Stefndu hafa í sambandi við allar varakröfur sínar vísað á bug kröfum stefnenda um, að þeim verði dæmt skylt að taka að sér áðurgreindar skuldir, sem á bátnum hvíldu með I. og II. veðrétti. Telja þeir, að ekki sé unnt að dæma þá til að taka að sér skuldir við þriðja mann án samþykkis skuldareiganda, enda hafi og I. veðréttarskuldin fengizt greidd af uppboðsandvirði bátsins og II. veðréttarskuldin fallið niður við nauðungaruppboðið á honum, þar sem ekki hafi verið boðið upp í hana. Sérstaklega mótmæla stefndu sem þeim óviðkomandi kostnaði við innheimtu eftirstöðva I. veðréttarskuldarinnar hjá stefnendum.

Auk þess, sem greint er hér að framan, reisa stefndu fyrstu varakröfu sína á því, að þeir eigi rétt á að skuldajafna fjárhæð veðskuldabréfs þess, sem þeir skyldu gefa út, kr. 88.560.00, kostnaði við viðgerð á þeim leyndu göllum, er komið hafi í ljós, að verið hafi á bátnum, er kaupin fóru fram. Telja þeir þenna kostnað hafa numið kr. 29.690.54. Þá halda stefndu því fram, að vegna viðgerðarinnar á bátnum hafi þeir orðið að leigja annað skip til að annast flutninga, sem þeir hafi tekið að sér milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Í leigu eftir það skip hafi þeir greitt kr. 22.200.00. Telja þeir sig einnig eiga rétt á að skuldajafna leigunni við áðurgreinda fjárhæð væntanlegs veðskuldabréfs. Enn halda stefndu því fram og miða þessa varakröfu við það, að ekki hafi verið gjaldkræft af skuldabréfsskuldinni, þegar málið var höfðað, nema tvær afborgana- og vaxtagreiðslur.

Þrautavarakröfu sína reisa stefndu á sömu ástæðum og fyrstu varakröfuna, en miða hana við það, að gjaldkræft verði talið áfallnar afborganir og vextir á þeim degi, er málið var dómtekið.

Frekari þrautavarakröfu sína reisa stefndu á sömu ástæðum og fyrstu varakröfuna að öðru leyti en því, að hún er við það miðuð, að krafa þeirra um skuldajöfnuð verði ekki tekin til greina.

Þá er allra ýtrasta þrautavarakrafa stefndu reist á sömu ástæðum og þrautavarakrafan að því fráskildu, að skuldajöfnuður verði ekki heimilaður.

Loks mótmæla stefndu, að þeir verði dæmdir til að greiða hærri vexti en 4½% á þeim grundvelli, að um þá vaxtahæð hafi verið samið af væntanlegri skuldabréfsskuld.

Stefnendur hafa mótmælt öllum framangreindum kröfum stefndu og varnarástæðum og haldið fast við áðurgreindar kröfur sínar.

Verða nú varnarástæður stefndu teknar til athugunar í þeirri röð, sem þær eru raktar hér að framan, og fyrst athugaðar í einu lagi 1. og 2. sýknuástæða þeirra.

Lögfræðingur sá, sem stefnandi Sigurjón leitaði til í sambandi við sölu bátsins, hefur borið það sem vitni í málinu, að þeir Sigurjón og Kjartan hafi komið saman til hans út af bátskaupunum. Kveðst hann í það skipti hafa lesið fyrir þeim áðurgreind uppköst að afsali fyrir bátnum og veðskuldabréfi, og hafi þeir verið algerlega sammála um efni beggja þessara skjala. Segir lögfræðingurinn, að þarna hafi orðið fullkomin samningsgerð að öllu leyti í samræmi við efni uppkastanna, en það hefur verið rakið allýtarlega hér að framan. Þá hefur lögfræðingurinn enn fremur borið það, að þegar samningar voru komnir á milli þeirra Sigurjóns og Kjartans, en óvéfengt er, að þeir hafi, svo sem áður er sagt, haft heimild samaðilja sinna til þess að gera út um kaupin, þá hafi afsalið og veðskuldabréfið ekki verið tilbúin til undirskriftar, þar eð þau höfðu ekki verið hreinskrifuð. Undirritanir skjala þessara hafi þá borizt í tal, og hafi Kjartan viljað undirrita fyrir stefndu báða. Kveðst lögfræðingurinn af því tilefni hafa sagt á þá leið við Sigurjón, hvort ekki væri skemmtilegra fyrir hann að fá veðskuldabréfið undirritað af stefnda Magnúsi persónulega, og jafnframt bent á, hvort ekki væri hægt að senda Magnúsi skjalið til Vestmannaeyja til undirskriftar. Hafi þeir báðir Sigurjón og Kjartan fallizt á þessa uppástungu. Í málinu kemur fram, að stefndu var kunnugt um það, að I. veðréttarskuldin við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri var í vanskilum, þegar samningaumleitanir um bátskaupin fóru fram og áðurgreindar umræður um þau hjá lögfræðingnum áttu sér stað. Ósannað er gegn eindregnum mótmælum stefnenda, að þeir hafi tekið að sér að fá lán þetta framlengt eða flutt til Landsbankans hér, og ekki verður séð, að stefndi Kjartan hafi gert nokkurn fyrirvara varðandi skuld þessa við umræðurnar hjá lögfræðingnum. Þá greiddu stefndu, eins og áður hefur verið sagt, kr. 9000.00 upp í kaupverð bátsins og tóku jafnframt við honum og notuðu hann um mánaðar skeið. Að öllu þessu athuguðu verður að fallast á það hjá stefnendum, að endanlegur samningur hafi komizt á milli þeirra og stefndu um kaup á bátnum þess efnis, sem segir í fyrrgreindum uppköstum að afsali og veðskuldabréfi, og hafi það verið á ábyrgð og áhættu stefndu, að I. veðréttarlánið fengist framlengt eða flutt. Hafa því umræddar sýknuástæður stefndu ekki við rök að styðjast.

Stefnendur hafa mótmælt því, að nokkrir leyndir gallar hafi verið á bátnum, er kaupin gerðust. Jafnframt halda þeir því fram, að þó svo hefði verið, þá bæru þeir ekki ábyrgð á göllunum, þar sem stefndu hafi keypt bátinn í því ástandi, sem hann var í, er kaupin fóru fram. Þá mótmæla stefnendur riftunarkröfu stefndu vegna slíkra galla sem allt of seint fram kominni og vísa þeim mótmælum til stuðnings til 52. gr. laga nr. 39 frá 1922.

Í skýrslu skipaskoðunarmanns, sem skoðaði v/b Njál, eftir að hann

hafði verið tekinn upp í þurrkví í Keflavík, segir m. a., að kjölsían hafi verið tekin úr til þess að sjá, hvernig frágangur á böndum við kjölinn væri. Hafi þá komið í ljós, að böndin náðu ekki niður á kjöl, og kjölboltar voru svo ryðgaðir milli kjalar og bands, að þeir voru ónýtir. Til þess að geta gert við þetta hafi auk kjölsíunnar þurft að rífa næstu planka fyrir ofan báðum megin, svo að hægt væri að jafna böndin að neðan og fella stykki milli þeirra og kjalar og bolta síðan með nýjum kjölboltum. Einnig hafi komið í ljós, að samskeytin á kjöl og kjölsvíni hafi verið hvort upp að öðru, en til að endurbæta það hafi þurft að setja hliðarkjölsvín yfir samskeyti á aðalkjölsvíninu. Hefur skipaskoðunarmaðurinn staðfest skýrsluna fyrir dómi og borið það, að hann telji gallana við kjölinn munu hafa stafað af elli, sumir boltarnir hafi verið tærðir upp af ryði, en aðrir næstum því. Þá hefur hann og borið, að þessa galla hafi ekki verið hægt að sjá nema að rífa kjölsíuna upp. Telja verður nægilega sannað með vætti skipaskoðunarmannsins, að gallar þeir, sem lýst er hér að framan, hafi verið á bátnum, er kaupin gerðust. Ekki verður séð, að aðiljum hafi verið kunnugt um gallana á þeim tíma, og þeir voru þess eðlis, að ekki var unnt að uppgötva þá við venjulega skoðun. Ber því að telja þá leynda galla, sem stefnendur sem seljendur bátsins eigi að bera ábyrgð á gagnvart stefndu. Gera verður ráð fyrir, að stefndu hafi orðið kunnugt um gallana skömmu eftir 18. febrúar 1949, er báturinn hafði verið tekinn til viðgerðar í Keflavík, en krafa um riftun á kaupunum vegna þeirra er fyrst sett fram af hálfu stefndu í bréfi lögmanns þeirra til lögmanns stefnenda, dags. 9. nóvember 1949. Verður því að fallast á það hjá stefnendum, að riftunarkrafa stefndu sé of seint fram komin, og hefur því umrædd sýknuástæða stefndu þegar af þessum sökum ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt samningi þeim, sem komst á milli aðiljanna um kaup á bátnum, tóku stefndu að sér skuld þá, sem á bátnum hvíldi með I. veðrétti til Útibús Landsbankans á Akureyri. Báturinn var seldur á nauðungaruppboði til lúkningar þeirri skuld, og mega því stefndu sjálfum sér nauðungarsöluna kenna. Síðast talin sýknuástæða stefndu hefur þá ekki heldur við rök að styðjast.

Kemur þá næst til athugunar fyrsta varakrafa stefndu.

Með kaupsamningnum um oftnefndan bát tóku stefndu að sér gagnvart stefnendum að greiða skuldir þær, sem áður greinir og hvíldu á bátnum með I. og II. veðrétti. Hvorar tveggja skuldir þessar voru við lánsstofnanir, og hlaut stefndu því að vera ljóst, að vextir ættu að greiðast af þeim. Verður því að telja, að stefndu hafi jafnframt höfuðstólum skuldanna tekið að sér að greiða af þeim umsamda vexti. Hins vegar má fallast á það hjá stefndu, að þeim sé óviðkomandi kostnaður við innheimtu I. veðréttarskuldarinnar hjá stefnendum.

Telja verður, að samkomulag aðilja máls þessa um það, að stefndu tækju að sér umræddar skuldir, skipti ekki máli fyrir skuldareigendur, þar sem þeir gátu eftir sem áður haldið sér að hinum upprunalegu skuldurum um greiðslu skuldanna. Ber því samkvæmt framansögðu að taka til greina kröfur stefnenda um að dæma stefndu skylt in solidum að taka

að sér fyrrgreindar skuldir, er hvíldu á v/b Njáli með I. og II. veðrétti, þegar kaupin gerðust, auk vaxta af þeim, en rétt þykir, að frá I. veðréttarskuldinni dragist uppboðsandvirði bátsins, kr. 63.000.00, þar sem sú skuld hlýtur að hafa lokizt við nauðungaruppboðið, að svo miklu leyti sem uppboðsandvirðið hrökk til.

Stefnendur hafa mótmælt báðum skuldajafnaðarkröfum stefndu sem of seint fram komnum. Þá hafa þeir, að því er viðgerðarkostnaðinn varðar, mótmælt því, að nokkrir gallar hafi komið fram á bátnum, er þeir bæru ábyrgð á, en úr því ágreiningsatriði hefur verið skorið hér að framan í sambandi við eina sýknuástæðu stefndu. Enn hafa þeir mótmælt reikningum þeim, sem stefndu hafa lagt fram um kostnað vegna viðgerðarinnar. Loks hafa stefnendur mótmælt, að stefndu hafi tekið skip á leigu vegna viðgerðarinnar á v/b Njáli eða greitt skipsleigu þá, er þeir krefjast, að komi til skuldajafnaðar.

Stefndu komu fyrst fram með kröfu um skuldajöfnuð á skipsleigunni í þinghaldi 30. janúar s.l. Hafði þá málið áður verið tekið fyrir til munnlegs flutnings um efni þess, án þess að slíkri kröfu væri hreyft. Þykir því verða að fallast á það hjá stefnendum, að krafa þessi sé of seint komin fram. Kemur hún þegar af þessari ástæðu ekki til álita, enda verður heldur ekki séð, að hún hafi við nægileg rök að styðjast.

Hins vegar kemur fram í bréfi frá lögmanni stefndu til lögmanns stefnenda, dags. 31. ágúst 1949, og síðar í greinargerð lögmanns stefndu, að stefndu telja sig eiga rétt á endurgreiðslu á viðgerðarkostnaðinum úr hendi stefnenda, og í greinargerðinni áskilja stefndu sér að skuldajafna honum við kröfu stefnenda. Er því krafa stefndu um skuldajöfnuð viðgerðarkostnaðarins við kröfu stefnenda í málinu nægilega snemma fram komin.

Samkvæmt reikningum, sem stefndu hafa lagt fram um þann kostnað vegna viðgerðarinnar, er þeir krefjast að komi til skuldajafnaðar, sundurliðast kostnaðurinn svo:

1.	Viðgerð og afréttíng á vél, þar með talin rétting á skrúfuás, nýjar fóðringar á skrúfuás, rétting á skrúfublöðum og fleiri viðgerðir á vél og dælum, að meðtalinni vinnu, vélanotkun og efni	kr. 5.873.78
2.	Kostnaður við að setja 2 nýja planka í byrðing, byrðingur boltaður og hampþéttaður, bikaður og málaður, að meðtalinni vinnu og efni	— 2.220.52
3.	Helmingur kostnaðar við að rífa 2 neðstu byrðingsplankana beggja megin að framan, fella bönd á kjöl, bolta kjölás, skipta um kjalbolta, setja og bolta 2 hliðarkjalbök, byrða upp að nýju, hampþétta og bika, að meðtalinni vinnu og efni	— 10.446.90
4.	Helmingur slippsleigu í 44 daga, setningargjalds og ljósagjalds	— 1.184.00
5.	Helmingur kaups, er greiða þurfti skipverjum á bátnum, meðan á viðgerðinni stóð	— 9.965.34
	Samtals	**kr. 29.690.54**

Ljóst er, að fjárhæðin undir 1. lið er ekki kostnaður við viðgerð á göllum þeim, sem stefnendur eru taldir bera ábyrgð á samkvæmt framansögðu. Verður því krafa stefndu um skuldajöfnuð þessarar fjárhæðar ekki tekin til greina. Þá er ekki sýnt, að viðgerðin undir 2. lið hafi verið nauðsynleg vegna áðurgreindra galla, og kemur þá fjárhæðin undir þeim lið heldur ekki til skuldajafnaðar.

Eftir því sem viðgerðinni undir 3. lið er lýst, verður að telja, að í henni sé innifalin viðgerð á þeim göllum, sem stefnendur eru taldir bera ábyrgð á, og þar sem kostnaðurinn við viðgerðina getur ekki talizt ósanngjarn, verður fjárhæðin undir þessum lið tekin til greina til skuldajafnaðar.

Víst er, að taka hefði þurft bátinn upp í slipp til að framkvæma á honum eingöngu viðgerð á áðurgreindum göllum. Verður kostnaður sá, sem stefndu gera kröfu til undir 4. lið í sambandi við slíkar ráðstafanir, ekki talinn ósanngjarn, og verður hann því einnig tekinn til greina til skuldajafnaðar.

Fjárhæðin undir 5. lið er helmingur kaups og fæðis skipstjóra og stýrimanns á v/b Njáli í 53 daga, kaups og fæðis I. og II. vélstjóra á bátnum í 30 daga og kaups og fæðis tveggja háseta í 7 daga. Helming kaups og fæðis þessara manna hefur vátryggjandi bátsins, Sjóvátryggingarfélag Íslands, greitt. Þykir rétt að heimila stefndu að skuldajafna fjárhæðinni undir þessum lið, þar sem hinir leyndu gallar komu fram, meðan báturinn var í starfi, og telja má mjög sennilegt, að stefndu hafi þurft að greiða ekki lægri fjárhæð í kaup til fastráðinna skipverja, meðan á viðgerð gallanna stóð.

Samkvæmt framansögðu verða þá teknar til greina til skuldajafnaðar kr. 10.446.90, kr. 1.184.00 og kr. 9.965.34 = kr. 21.596.24.

Loks hafa stefnendur mótmælt kröfu stefndu um sýknu að svo stöddu á þeim grundvelli, að fjárhæð sú, sem stefndu skyldu gefa út skuldabréf fyrir við kaupin, hafi öll verið fallin í gjalddaga, þegar málið var höfðað vegna vanskila stefndu.

Stefndu greiddu hvorki afborganir né vexti af umræddri skuld, svo sem um hafði verið samið. Þá var v/b Njáll, sem þeir áttu að setja að veði fyrir skuldinni, seldur á nauðungaruppboði, svo að stefnendur fengu enga tryggingu fyrir henni. Fallast verður á það hjá stefnendum, að skuldin hafi öll verið fallin í gjalddaga vegna greindra vanefnda stefndu, er til málssóknar kom. Hefur því krafa þeirra um sýknu að svo stöddu ekki við rök að styðjast. Ber að dæma stefndu in solidum til að greiða fjárhæð skuldarinnar, kr. 88.560.00, að frádregnum kr. 21.596.24 = kr. 66.963.76, en með aðeins 4½% ársvöxtum, þar eð um þá vaxtahæð var samið.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefndu greiði in solidum stefnendum kr. 6.500.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Jóni Kristóferssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Kjartani Jónssyni og Magnúsi Thorberg, er in solidum skylt að taka að sér gagnvart stefnendum, Guðmundi Þórðarsyni og Sigurjóni Þórðarsyni, skuld við Útibú Landsbanka Íslands á Akureyri, upphaflega að fjárhæð kr. 60.000.00, er hvíldi á v/b Njáli R.E. 99 með I. veðrétti ásamt umsömdum vöxtum, allt að frádregnum kr. 63.000.00.

Þá er stefndu in solidum skylt að taka að sér gagnvart stefnendum skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, að fjárhæð kr. 42.440.00, ásamt umsömdum vöxtum, er hvíldi á bátnum með II. veðrétti.

Loks greiði stefndu in solidum stefnendum kr. 66.963.76 með 4½% ársvöxtum frá 1. febrúar 1949 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. desember 1952.

Nr. 117/1952. **Guðmar Ingiber Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Annelise Guðmundsson (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Lögtaksmál til heimtu meðlags.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí þ. á. og fengið gjafsóknarleyfi, dags. 9. þ. m. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Loks krefst málflutningsmaður áfrýjanda þess, að honum verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði, hvernig sem málið fer.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og

málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir að lögskilnaður varð með aðiljum máls þessa samkvæmt leyfisbréfi, dags. 11. júlí 1951, hefur áfrýjandi gengið í hjónaband af nýju. Hefur hann á framfæri eiginkonu sína ásamt barni þeirra, sem talið er eins árs að aldri. Þá ber áfrýjanda samkvæmt greindu leyfisbréfi til skilnaðar við stefnda að greiða meðalmeðlag með tveimur börnum þeirra, fæddum á árunum 1948 og 1949. Hefur stefndi forræði barnanna, og dveljast þau með henni í Kaupmannahöfn. Samkvæmt því, sem fram er komið í málflutningi hér fyrir dómi, á áfrýjandi, auk þeirra barna, sem hér voru talin, fjögur börn innan 16 ára aldurs, sem honum ber að greiða meðlag með.

Áfrýjandi er starfsmaður ríkisins, og námu laun hans árið 1951 kr. 27.588.60, en þar frá dregst lífeyrissjóðsgjald, kr. 1103.54. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem segir í hinum áfrýjaða úrskurði um hag áfrýjanda, og með hliðsjón af því, að rétt er, að meðlagsgreiðslur gangi fyrir útsvarsgreiðslum til bæjarsjóðs, þykir mega ákveða, að taka skuli hjá ríkissjóði af launum áfrýjanda kr. 300.00 mánaðarlega, unz fullnægt er lögtakskröfu þeirri, sem í málinu greinir, eða annað kann að verða ákveðið með dómi vegna breyttra ástæðna. Svo ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1000.00. Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Taka skal hjá ríkisféhirði af launum áfrýjanda, Guðmars Ingibers Guðmundssonar, kr. 300.00 mánaðarlega, unz lögtakskröfu stefnda í máli þessu, kr. 19.124.32, er fullnægt, eða annað kann að verða ákveðið með dómi vegna breyttra ástæðna.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað í héraði staðfestist.

Áfrýjandi, Guðmar Ingiber Guðmundsson, greiði stefnda, Annelise Guðmundsson, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00. Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 17. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Annelise Guðmundsson, Ryesgade 41 G, Kaupmannahöfn, krafizt lögtaks hjá Guðmari Ingiber Guðmundssyni, Njálsgötu 12 hér í bænum, til tryggingar meðlagsskuld, að fjárhæð kr. 19.124.32, með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1951 til greiðsludags og kr. 24.28 fyrir birtingu auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur lýst því yfir, að hann sé algerlega eignalaus og geti því ekki vísað á neitt til lögtaks.

Gerðarbeiðandi krafðist þá þess, að lögtakið færi fram í launum gerðarþola, en því mótmælti gerðarþoli, þar sem laun sín nægðu ekki sér til framfærslu og fjölskyldu sinni. Hins vegar hefur hann ekki mótmælt réttmæti lögtakskröfunnar.

Þá hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Aðiljar máls þessa fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 2. júlí 1949 og leyfi til algers skilnaðar 11. júlí 1951 með þeim skilmálum, að konan fékk forræði barna þeirra tveggja, en manninum bar að greiða henni meðalmeðlag með þeim til 16 ára aldurs. Enn fremur átti hann samkvæmt leyfisbréfinu til skilnaðar að borði og sæng að greiða konunni barnsfararkostnað vegna barns þess, er þá var enn ófætt, svo og meðlag með konunni sjálfri, á meðan skilnaður að borði og sæng stæði. Ofangreind meðlagsskuld er eftirstöðvar meðlaga samkvæmt báðum þessum leyfisbréfum til 30. janúar s.l.

Gerðarþoli er starfsmaður ríkisins og tekur laun sín hjá ríkisféhirði. Ekki liggur fyrir, hver laun hans hafa verið hina síðustu mánuði, en í vottorði, sem lagt hefur verið fram sem rskj. nr. 6, segir, að laun hans fyrir tímabilið janúar—apríl 1952 hafi numið kr. 9.432.00 eða til jafnaðar hvern þessara mánaða kr. 2.358.00. Á þessu tímabili virðist hafa verið dregið af launum þessum, áður en hann fékk þau til ráðstöfunar, kr. 406.00 til greiðslu lífeyrissjóðsgjalds, kr. 150.00 vegna sjúkrasamlags, kr. 670.00 vegna útsvars og kr. 1125.00, sem mun vera framfærsluskuld til Reykjavíkurbæjar. Eftirstöðvar launanna verða því kr. 7.081.00 eða kr. 1.770.25 á hvern mánuð umrætt tímabil. Sjálfur telur gerðarþoli þær tekjur, sem hann hafi til frjálsra umráða, rúmlega kr. 1.800.00 á mánuði,

og virðist því mega byggja á, að laun hans séu a. m. k. ekki lægri nú en ofangreint vottorð gefur til kynna.

Gerðarþoli hefur skýrt svo frá, að hann búi í húsi móður sinnar á Njálsgötu 12 hér í bænum, og kveðst hafa þar á framfæri sínu konu og eitt barn, og er því ekki mótmælt. Eftir húsnæði sitt þarna greiðir hann enga húsaleigu í peningum, en annast í þess stað viðhald hússins. Kostnað af þessu kveður hann undanfarin tvö ár hafa numið h. u. b. kr. 700.00 samtals.

Réttinum er ekki kunnugt um tilveru neinna almennra skýrslna, er sýni, hver óhjákvæmilegur framfærslukostnaður álíka fjölskyldu og gerðarþola sé hér í bænum. Hins vegar er vitað, að gerðarþola er gert að greiða útsvar til Reykjavíkurbæjar, og enda þótt það út af fyrir sig verði ekki talin vera óræk sönnun fyrir gjaldfærni hans, þykir þó með tilliti til þeirra reglna, er gilda við álagningu útsvara, mega líta á það sem bendingu um, að hann sé um nokkuð aflögufær. Enn fremur hefur það komið fram, að gerðarþoli býr við óvenjulega hagstæð kjör, að því er varðar húsaleigu.

Þegar þetta hvort tveggja er virt, þykja mótmæli gerðarþola gegn lögtaki í væntanlegum launum hans ekki hafa við nægileg rök að styðjast, en með því að laun hans eru fremur lág, verður ekki talið fært vegna heimilisfólks hans, er framfærslu á að honum, að skerða þau um hærri upphæð en kr. 300.00 á mánuði. Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að ríkisféhirði beri að halda eftir og afhenda gerðarbeiðanda kr. 300.00 af hverjum mánaðarlaunum gerðarþola, og skulu greiðslur þessar hefjast 1. ágúst næstkomandi og haldast, þar til ofangreind lögtakskrafa er að fullu greidd.

Eftir atvikum þykir málskostnaður gerðarbeiðanda til handa hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því úrskurðast:

Fastsettar skulu af launum gerðarþola hjá ríkisféhirði kr. 300.00 mánaðarlega í fyrsta sinn 1. ágúst n.k. og síðan á hverjum gjalddaga launa hans, unz ofangreindri lögtakskröfu er fullnægt.

Gerðarþoli, Guðmar Ingiber Guðmundsson, Njálsgötu 12, greiði gerðarbeiðanda, Annelise Guðmundsson, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. desember 1952.

Nr. 103/1949. **Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Sigurgeiri Einarssyni (Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Höfundarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1949, krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum úr hendi stefnda að mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 2000.00, en til þrautavara kr. 5000.00, ásamt vöxtum, hvor krafan sem tekin verði til greina, en að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hafa verið lögð fram ýmis ný gögn í málinu.

Um bókina „Suður um höf".

Í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi viðurkennt, að búið sé að selja af þessari bók fyrir kr. 38.400.00. Útgáfukostnað telur hann hins vegar samtals kr. 40.448.27, en þar í eru innifaldar kr. 5000.00, er hann telur sig hafa greitt fyrir dreifingu bókarinnar og auglýsingar. Fjárhæð þessari hefur stefndi mótmælt sem mikils til of hárri, og hefur stefnandi engin gögn lagt fram til sönnunar fjárhæð þessa kostnaðarliðs. Er þess vegna ekki leitt í ljós, að hann hafi numið meiru en mismuninum á samtölu annarra kostnaðarliða, kr. 35.448.27, og framangreinds andvirðis seldra bóka. Verður því að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að höfundarlaunin fyrir þessa bók séu gjaldkræf.

Um bókina „Inkarnir í Perú".

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er varðar höfundarlaun stefnda fyrir þessa bók.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms þykir einnig mega staðfesta.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, greiði stefnda, Sigurgeiri Einarssyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1949.

Mál þetta, er dómtekið var 1. þ. m., hefur Sigurgeir Einarsson, Vesturgötu 28 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 9. september 1947, gegn Bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Hallveigarstíg 6 A hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 11.500.00, með 6% ársvöxtum frá birtingardegi sáttakæru til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* sýknu að svo stöddu, og málskostnaðar í báðum tilvikum, en til *þrautavara* lækkunar og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 29. des. 1941 gerðu aðiljar máls þessa með sér samning um útgáfu bókarinnar „Suður um höf", er stefnandi hafði ritað. Var svo í samningnum ákveðið, að stefndi skyldi greiða stefnanda „sanngjörn ritlaun", er hann hefði „fengið útgáfukostnaðinn af sölu bókarinnar". Nokkru síðar varð að samkomulagi milli aðiljanna, að stefndi gæfi út bókina „Inkarnir í Perú", en ekki virðist þar hafa verið sérstaklega samið um, hvenær ritlaun skyldu greidd. Stefnandi hefur reiknað sér kr. 5000.00 í ritlaun fyrir fyrri bókina, en kr. 6500.00 fyrir þá síðari, eða samtals kr. 11.500.00, og þar eð hann telur skuld þessa fallna í gjalddaga, hefur hann höfðað mál þetta og haft uppi framangreindar dómkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndi á því, að stefnanda hafi verið ljóst, er hann gerði samninginn árið 1941, að til þess gæti komið, ef bókin seldist ekki fyrir útgáfukostnaði, að hann fengi engin ritlaun. Þá beri samningurinn með sér, að greiðsla ritlauna sé aukaatriði, og hljóti því að vera um óverulega greiðslu að ræða, ef nokkur sé. Enn fremur hefur

stefndi litið svo á, að ákvæði samnings þessa taki einnig til síðari bókarinnar, enda hafi verið munnlega um það samið við stefnanda.

Guðjón Ó. Guðjónsson, eigandi hins stefnda firma, sem hefur komið fyrir dóm í málinu, hefur viðurkennt, að stefnanda beri kr. 5.000.00 í ritlaun fyrir hvora bók, og sé hann reiðubúinn að greiða þau, er hann hafi fengið greiddan útgáfukostnaðinn. Þegar af þessari ástæðu er ekki unnt að taka aðalkröfu stefnda um sýknu til greina.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu byggir stefndi á því, að samkvæmt samningi aðilja frá 1941 eigi ekki að greiða ritlaun af bókinni „Suður um höf", fyrr en selt hafi verið fyrir útgáfukostnaði hennar. Hefur stefndi lagt fram yfirlit um útgáfukostnað bókarinnar, en samkvæmt því telur hann, að rúmar 14 þúsund krónur skorti á, að hann hafi fengizt greiddur að fullu. Er yfirlit þetta miðað við 31. desember 1947. Eins og að framan getur, hefur stefndi litið svo á, að ákvæði þessa samnings taki einnig til útgáfu bókarinnar „Inkarnir í Perú", en þar telur hann, að líka vanti mikið á, að selt hafi verið fyrir útgáfukostnaði. Samkvæmt þessu hefur stefndi talið, að ritlaun stefnanda séu eigi fallin í gjalddaga.

Af hálfu stefnanda hefur ýmsum kostnaðarliðum í fyrrnefndu yfirliti verið mótmælt, svo sem dreifingar- og auglýsingakostnaði, að fjárhæð kr. 5.000.00, og þóknun, vöxtum og vinnu, samtals að fjárhæð kr. 5.120.00. Þá hefur stefnandi og mótmælt, að enn hafi ekki selzt fyrir útgáfukostnaði bókarinnar „Suður um höf". Þá er þess og að gæta, að stefndi hefur ekki leitt í ljós, hve mörg eintök af bókinni hafi selzt á árinu 1948, þótt ráða megi af dskj. nr. 28, að honum hafi verið um það atriði kunnugt. Þegar þetta allt er virt svo og það, að stefnandi hefur í greinargerð sinni skorað á stefnda að leggja fram óyggjandi gögn um útgáfukostnað og sölu bókarinnar, verður ekki talið, að stefndi hafi fært nægilega sönnur á þá staðhæfingu, að ekki hafi enn selzt fyrir útgáfukostnaðinum. Að því er varðar bókina „Inkarnir í Perú", hefur stefnandi borið fyrir dómi, að ekki hafi verið minnzt á greiðslu ritlauna, er samið var um útgáfu hennar, og að aldrei hafi komið til orða, að þar ætti að gilda samningur aðiljanna frá árinu 1941. Hins vegar kveðst hann hafa gert ráð fyrir að fá nokkur ritlaun greidd strax.

Gegn þessum andmælum stefnanda hefur stefndi ekki sannað, að samningurinn frá 1941 hafi átt að gilda um útgáfu bókarinnar „Inkarnir í Perú". Varakrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Þrautavarakröfu sína byggir stefndi á því, að þar eð ritin séu jafnstór, beri stefnanda sama greiðsla fyrir þau bæði. Þá hefur stefndi og talið, að handrit stefnanda af bókinni „Inkarnir í Perú" hafi verið þannig úr garði gert, að ekki hafi verið viðlit að prenta það. Hafi stefndi þurft að láta lagfæra handritið, og hafi það kostað kr. 3.000.00, og beri að draga þann kostnað frá ritlaunum stefnanda.

Eins og að framan getur, hefur Guðjón Ó. Guðjónsson borið fyrir dómi, að stefnanda beri kr. 5.000.00 í ritlaun fyrir hvora bók. Krafa stefnanda um ritlaun fyrir bókina „Suður um höf" verður því tekin til greina að

fullu. Krafa stefnda um frádrátt á ritlaunum vegna lagfæringar handrits stefnanda þykir ekki fá samrýmzt framangreindri viðurkenningu, og verður þeirri kröfu því ekki sinnt. Að ósk stefnda voru dómkvaddir tveir menn til þess að meta hæfileg ritlaun til handa stefnanda fyrir bækurnar. Í matsgerðinni, sem dagsett er 5. apríl 1948, telja þeir kr. 500.00 hæfileg ritlaun fyrir hverja lesmálsörk. Með hliðsjón af mati þessu þykir ritlaunakröfu stefnanda fyrir bókina „Inkarnir í Perú", sem aðiljar telja vera 19 lesmálsarkir, svo í hóf stillt, að taka beri hana að fullu til greina.

Úrslit þessa máls verða þá þau, að taka ber kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, og þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 1800.00.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, greiði stefnanda, Sigurgeiri Einarssyni, kr. 11.500.00 með 6% ársvöxtum frá 6. september 1947 til greiðsludags og kr. 1800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1952.

Nr. 134/1949. **Hrímfaxi h/f og Sviði h/f** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Síldarverksmiðjum ríkisins
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ármann Snævarr og próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1949, krefjast þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 274.239.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags. Til vara krefjast þeir þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 177.280.04, en til þrautavara kr. 101.056.96, hvort tveggja ásamt vöxtum, eins og áður greinir. Loks krefjast þeir máls-

kostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur stefndi greitt áfrýjendum fjárhæð þá, sem þeim var þar dæmd, og veittu áfrýjendur henni móttöku með áskilnaði um áfrýjun dómsins. Þá hafa báðir aðiljar lagt fram nokkur ný gögn í málinu hér fyrir dómi.

Aðilja greinir m. a. á um það, hvort samkomulag þeirra um síldarflutninga þá, sem mál þetta er risið af, hafi komizt á fyrir milligöngu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem annaðist afgreiðslu flutningaskipanna fyrir stefnda, og þá með þeim skilmálum í samningi stefnda og Landssambandsins, dags. 11. nóvember 1947, sem raktir eru í héraðsdómi, eða með beinum viðræðum milli aðilja þessa máls. Er þetta atriði ósannað í málinu. En hvort sem verið hefur, verður að gera ráð fyrir, að áfrýjendum hafi verið kunnir skilmálar þessir og að þeir giltu um flutningana yfirleitt, enda var einn af stjórnendum Hrímfaxa h/f einnig í stjórn Landssambandsins. En Hrímfaxi h/f annaðist útgerð skipsins f. h. áfrýjenda. Þar eð áfrýjendur hafa ekki sýnt fram á, að um annað hafi verið samið sérstaklega milli þeirra og stefnda, verður að leggja skilmála þessa til grundvallar um skipti aðilja. Leiðir af þessu, að stefnda var rétt að reikna hvert mál síldar 150 lítra, svo sem segir í framangreindum samningi, en ekki 135 kg, eins og áfrýjendur halda fram.

Áfrýjendur halda því annars vegar fram, að þeir eigi kröfu til meira farmgjalds en stefndi hefur reiknað þeim. Þar eð þeir reisa kröfu þessa á því, að farmgjaldið beri að miða við 135 kg mál, á hún samkvæmt framansögðu eigi við rök að styðjast, enda hafa þeir eigi haldið því fram, að e/s Hrímfaxi hafi skilað til Siglufjarðar meira magni en stefndi telur, miðað við 150 lítra mál. Ber því að sýkna stefnda af kröfu áfrýjenda um greiðslu farmgjalds umfram það, sem stefndi hefur þegar innt af hendi.

Þá halda áfrýjendur því fram, að raunveruleg rýrnun síldar þeirrar, sem e/s Hrímfaxi flutti til Siglufjarðar, hafi ekki

verið eins mikil og talið er í reikningi stefnda, og að þeim beri ekki að greiða stefnda endurgjald fyrir meiri rýrnun en varð í raun og veru. Er það eðlilegur skilningur á áðurgreindum samningi, og verður því við það að miða.

Mismun þann, sem talinn er hafa verið á magni því, er mælt var í e/s Hrímfaxa í Reykjavík og mældist upp úr skipinu á Siglufirði, telja áfrýjendur að nokkru leyti stafa af mismunandi aðferðum við mælingu í skipið og úr því. En í 7 síðustu ferðum skipsins og að nokkru leyti í 3 fyrri ferðum þess var vegið í skipið í Reykjavík, og þá miðað við, að 135 kg færu í hvert mál síldar, en mælt upp úr því á Siglufirði og miðað við 150 l mál. Telja áfrýjendur sig hafa beðið halla af þessu. Því til stuðnings skírskota þeir til skoðunargerðar þeirrar, sem fram fór á Siglufirði 14. desember 1947 og frá er skýrt í héraðsdómi. En meðalþungi hvers síldarmáls í þeim 6 mælikerum, sem þá var vegið úr, reyndist 148,67 kg. Reisa áfrýjendur aðalkröfu sína um þenna þátt málsins á því, að leggja beri þessa þyngd til grundvallar um hvert mál síldar, sem mælt var úr e/s Hrímfaxa, á meðan hann var í umræddum síldarflutningum. En svo sem segir í héraðsdómi, er eigi unnt að fallast á þetta, þar eð skoðunargerðin náði einungis til örfárra síldarmála úr einum farmi skipsins. Verður aðalkrafa áfrýjenda því ekki tekin til greina, að því er varðar rýrnun síldarinnar.

Varakröfu sína reisa áfrýjendur á því, að rýrnun á því síldarmagni, sem fermt var í e/s Hrímfaxa í Reykjavík, beri að miða við meðalrýrnun síldar hjá öllum flutningaskipunum í þeim ferðum, þegar vegið var úr þeim á Siglufirði. Er hún talin 5,6%. Á þetta sjónarmið verður ekki fallizt, þegar sakir þess að ekki verður ætlað, að sömu ástæður liggi til grundvallar rýrnun síldarinnar hjá öllum flutningaskipunum. Verður varakrafan því ekki heldur tekin til greina.

Þrautavarakrafa áfrýjenda er studd þeim rökum, að mismunandi aðferðir við ákvörðun síldarmagns við fermingu í Reykjavík og affermingu á Siglufirði hafi valdið því, að rýrnun síldarinnar hafi verið reiknuð meiri en reynzt mundi hafa, ef sama aðferð hefði verið notuð á báðum stöðum. Miða þeir fjárhæð þrautavarakröfunnar við mismuninn á meðaltali

rýrnunar hjá flutningaskipunum yfirleitt, annars vegar þegar mælt var úr þeim á Siglufirði og hins vegar þegar vegið var úr þeim. En samkvæmt reikningi kunnáttumanns var rýrnunin yfirleitt miklu minni, þegar vegið var úr skipunum. Svo sem um varakröfuna greinir, þykir ekki unnt að miða rýrnun þeirrar síldar, er e/s Hrímfaxi flutti, við rýrnun hjá hinum flutningaskipunum. En sé samanburður gerður á ferðum e/s Hrímfaxa sjálfs, kemur í ljós, að meðalrýrnun hefur samkvæmt reikningi kunnáttumanns verið 10,3%, þegar síldin var mæld bæði við fermingu og affermingu, en 12,3%, eða nærri 20% meiri rýrnun, þegar vegið var í skipið í Reykjavík, en mælt úr því á Siglufirði. Bendir þetta ásamt skoðunargerð þeirri, sem áður greinir, ákveðið í þá átt, að áfrýjendur hafi beðið halla af því, þegar síldin var vegin við fermingu, en mæld, er affermt var. Í sömu átt bendir það, að rýrnun er talin minnst, eða 6,7%, í 2. ferð skipsins, en þá var mælt í það í Reykjavík, en vegið úr því á Siglufirði. Þá ber og á það að líta, að leitt er í ljós, svo sem áður segir, að rýrnunin virðist miklu minni hjá flutningaskipunum yfirleitt, þegar vegið var úr þeim en þegar mælt var úr þeim. Þykir því sýnt, að áfrýjendur hafi beðið halla af því, þegar vegið var í e/s Hrímfaxa í Reykjavík, en mælt úr honum á Siglufirði. Þegar þess er enn fremur gætt, að ákvæði flutningssamningsins um, að farmflytjendur skyldu greiða fullu verði þá rýrnun, sem yrði á síldinni í flutningunum, er bæði óvenjulegt og óeðlilegt, þykja áfrýjendur eiga rétt til nokkurrar greiðslu úr hendi stefnda sökum þess, að rýrnun á síldinni hafi verið ofreiknuð.

Um fjárhæð greiðslunnar þykir aðallega verða að styðjast við mismun þann, er taldist á rýrnun hjá e/s Hrímfaxa, annars vegar í þeim ferðum, þegar vegið var í skipið, en mælt úr því, og hins vegar þeim ferðum, þegar mælt var á báðum stöðum. Samkvæmt því þykir fjárhæð greiðslunnar hæfilega ákveðin kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum samtals kr. 5000.00 upp í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði áfrýjendum, Hrímfaxa h/f og Sviða h/f, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags og samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hafa hlutafélögin Hrímfaxi og Sviði í Hafnarfirði höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Siglufjarðar með stefnu, útgefinni 22. júní 1948, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Hinn 18. september s.l. var málið flutt fyrir sjó- og verzlunardóm Reykjavíkur með samkomulagi málsaðilja. Í stefnu hafa stefnendur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 288.746.54 auk 6% ársvaxta frá 22. marz 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins gerðu stefnendur þá varakröfu, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða kr. 191.786.94 og til þrautavara kr. 115.563.86 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í stefnukröfu greinir.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 14.506.90 án vaxta. Þá krefst hann þess, að stefnendur verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins. Loks mótmælir hann sérstaklega, að vextir af hinni viðurkenndu fjárhæð verði reiknaðir nema frá stefnudegi.

Málavextir eru þeir, að þegar hin mikla síldveiði hófst í Hvalfirði fyrri hluta vetrar 1947, þótti rétt, að hafizt yrði handa um að koma síldinni norður til Siglufjarðar til bræðslu, til þess að nýting síldaraflans yrði sem bezt. Gerðu stjórnir Síldarverksmiðja ríkisins og Landssambands íslenzkra útvegsmanna þá með sér samning þess efnis, að L.Í.Ú. tæki að sér að sjá um síldarflutninga frá Reykjavík á vegum stefnda gegn ákveðinni þóknun fyrir afgreiðslustörfin. Í 3. grein samnings þessa er svo ákveðið, að stefndi greiði 18 krónur í flutningsgjald fyrir hvert mál, þ. e. 150 lítra, mælt í affermingarhöfn. Rýrnun, sem verða kynni á síldinni við flutningana, skyldi greiðast af farmflytjendum til stefnda, og er sú skýring gefin á rýrnun í samningnum, að með henni sé átt við mismun á málatölu síldarfarms samkvæmt mælingu í skip í Reykjavík og upp úr því á Siglufirði. Samkvæmt samningi átti stefndi að greiða veiðiskipum kr. 32.00 fyrir mál, þ. e. 150 lítra, komið í flutningaskip, og rýrnun hjá flutningaskipum átti að greiðast sama verði. Um miðjan nóvember 1947 var flutningsgjaldið hækkað í kr. 20.00 fyrir mál, en greiðsluskylda rýrnunar hjá farmflytjendum átti að haldast óbreytt. Eitt af þeim skipum, sem ráðið var til síldarflutninga, var e/s Hrímfaxi, eign stefnenda. Virðast tildrög til þess hafa verið þau, að hringt hafi verið í framkvæmdarstjóra stefnenda af hálfu L.Í.Ú. og þess farið á leit, að skipið tæki að sér síldarflutninga

til Siglufjarðar. Skip þetta var á þessum tíma aðgerðarlaust, og ákvað því útgerðarstjórn þess að taka þátt í síldarflutningunum.

Voru samningar um þá munnlegir, og um mörg atriði í sambandi við flutningana ekki rætt sérstaklega. Hófst ferming e/s Hrímfaxa hér í Reykjavík 6. nóvember 1947, og lagði skipið af stað í fyrstu ferð sína til Siglufjarðar 8. s. m. og kom þangað og byrjaði affermingu 12. s. m. Að aflokinni affermingu kom í ljós, að rýrnun farmsins nam 14.8%, en í þetta skipti virðist hafa verið mælt í og úr skipinu, en ekki vegið. Vegna þessarar miklu rýrnunar taldi útgerðarstjórn skipsins, að eitthvað væri bogið við mælingu síldarinnar á Siglufirði, sérstaklega vegna þess að minni rýrnun var á síld þeirra skipa, sem losuðu síld á bifreiðar og fengu hana vegna. Í næstu ferð skipsins var rýrnun þess ekki nema 6.7% og var þá vegið upp úr því á Siglufirði. Alls fór skipið 14 ferðir með síld, og var aldrei vegið úr því á Siglufirði nema í þetta eina skipti, en þá hafði verið mælt í skipið í Reykjavík. Í 4 ferðum var mælt í skipið í Reykjavík að öllu leyti og ýmist mælt eða vegið í 3 ferðum, en í öll hin skiptin vegið í Reykjavík. Hinn 9. desember 1947 ritaði framkvæmdarstjóri stefnenda stefnda bréf, þar sem farið er fram á, að farmflytjandi sé losaður við að greiða rýrnun á síld þeirri, sem flutt sé til Siglufjarðar. Byggja þeir kröfu þessa á því, að þótt síldin missi nokkuð vatn á leiðinni og léttist af þeim sökum, þá verði ekkert verðmætistap fyrir stefnda, svo og, að það sé vitað, að mæliker stefnda mæli meira en 135 kg, og sé því losuð raunverulega meiri síld en ef vegið væri úr skipunum. Þessu bréfi svaraði stefndi engu. Samkvæmt skoðunargerð, framkvæmdri 14. desember 1947, hafa 2 dómkvaddir menn vegið úr 6 mælikerum af síld, er e/s Hrímfaxi hafði flutt í 3. ferð sinni til Siglufjarðar. Segja matsmennirnir, að síldin, sem vegin var, hafi verið tekin ofarlega og neðarlega úr stórlest skipsins. Nemur meðalþungi hvers mælikers 297.33 kg síldar eða hvers síldarmáls 148.67 kg. Það er óumdeilt, að e/s Hrímfaxi fermdi í Reykjavík 63193.47 mál síldar til flutnings til Siglufjarðar. Stefnendur halda því nú fram og byggja á því aðaldómkröfu sína í stefnu, að þeir eigi rétt til flutningsgjalds og að rýrnun verði miðuð við mál síldar, að þyngd 135 kg. Vísa þeir í því efni til laga um vigt á síld nr. 36 frá 1930 og tilskipunar nr. 1 frá 1925. Krefjast stefnendur, að síldarmagnið og flutningsgjöldin verði miðuð við niðurstöðu ofangreindrar skoðunargerðar, en eftir henni telja þeir rýrnun síldar þeirrar, er þeir fluttu, vera réttilega talda 1722.96 mál. Eigi þeir því rétt til flutningsgjalds fyrir 4193.60 mál, sem greitt hafi verið með kr. 18.00 fyrir málið, og fyrir 57277.51 mál, er greitt hafi verið með kr. 20.00 fyrir málið, eða samtals kr. 1.221.036.00. Rýrnunin hafi numið kr. 55.115.52. Nemi því flutningsgjaldið kr. 1.165.919.48. Upp í þessi flutningsgjöld kveða stefnendur, að stefndi hafi greitt í reikningum og peningum kr. 877.172.94, og standi því dómkrafan eftir.

Varakröfuna reisa stefnendur á sömu rökum og aðalkröfuna í málinu að því viðbættu, að í stað niðurstöðu matsgerðarinnar er byggt á meðalrýrnun hjá síldarflutningaskipum í þeim ferðum, sem síldin var vegin úr þeim á Siglufirði. Hafa stefnendur þessu til stuðnings látið fara fram

útreikning sérfræðinga á meðalrýrnun síldarmagns hjá þeim skipum, sem vegið var úr á Siglufirði. Nemur meðalrýrnun þeirra eftir gögnum þeim, sem liggja fyrir, 5.6%, og miðast varakrafa stefnenda við mismuninn á því og þeirri rýrnun, sem stefndi telur hafa orðið hjá stefnendum. Í þessari kröfugerð er þó önnur flutningsferð e/s Hrímfaxa reiknuð með sama hætti, sem stefndi gerir í reikningsuppgjöri, svo sem og er gert í aðalkröfugerð málsins, enda var, eins og áður er sagt, vegið úr skipinu á Siglufirði í þessari ferð.

Loks reisa stefnendur þrautavarakröfu sína á því, að farmflytjandi eigi undir engum kringumstæðum að greiða nema raunverulega rýrnun, en með hvorri aðferðinni, sem notuð sé, mælingu eða vog, verði rýrnun ekki reiknuð rétt, nema sama aðferð sé notuð við mælingu við fermingu og affermingu.

Stefndi hefur mótmælt því, að vara- og þrautavarakrafa stefnenda komist að í málinu, þar sem ástæðna til þeirra sé ekki getið í stefnu eða greinargerð. En ljóst virðist liggja fyrir, að kröfur þessar eru byggðar á sömu ástæðu og aðaldómkrafa stefnenda, þeirri, að mælt hafi verið úr skipi stefnenda á Siglufirði með öðrum hætti en rétt var. Verður því að telja, að þessar kröfur geti komizt að í máli þessu.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnendur eins og aðrir flytjendur síldar séu bundnir við ákvæði 3. gr. áðurgreinds samnings milli stefnda og L.Í.Ú. Í þessu samningsákvæði sé skýrt tekið fram, að miða skuli flutningsgjald fyrir eitt mál síldar við 150 lítra. Telur stefndi, að stefnendum hafi verið kunnugt um þessi kjör, er þeir tóku að sér síldarflutninga, enda séu þeir meðlimir í L.Í.Ú. Þá hefði þeim verið frjálst að hætta við síldarflutninga, ef þeir hefðu ekki viljað sætta sig við sömu kjör og aðrir síldarflytjendur. Enn telur stefndi og leggur á það áherzlu, að lög um vigt á síld, sem áður eru greind, eigi ekki við um þau viðskipti, er hér skipta máli. Samkvæmt 1. málsgr. 1. gr. laganna sé svo ákveðið, að öll síld, sem seld sé bræðsluverksmiðjum, skuli vegin, ef seljandi óski þess. Hér hafi ekki verið um sölu að ræða, heldur flutning. Þá sé ákvæði í 3. málsgr. sömu greinar um, að eitt mæliker skuli rúma 135 kg af síld, miðað við sumarsíld, veidda fyrir Norðurlandi. Kunnugt sé, að sú síld sé mun feitari en Hvalfjarðarsíldin hafi verið, og eðlisþyngd norðansíldarinnar því að sama skapi minni.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að vara- og þrautavarakrafa stefnenda séu á rökum reistar. Telur hann, að ekki sé hægt að byggja útreikninga á grundvallartölum þeim, sem útreikningarnir byggist á. Oft hafi verið vegið og mælt í sama skip og úr því, ferðir þessar hafi tekið misjafnlega langan tíma, skipin hafi verið misjafnlega stór og lent í ýmsum veðrum, en sérstaklega þrjú síðastgreind atriði geti haft áhrif á rýrnun síldarinnar.

Það verður að fallast á það hjá stefnda, að ákvæði 1. greinar laga nr. 36 frá 1930 eigi ekki við um málefni það, sem hér um ræðir, og ekki verði lögjafnað frá ákvæðum þessum til þess. Þá verður að gera ráð fyrir því, að stefnendum hafi verið kunnug kjör þau, sem um síldarflutningana

norður giltu og síldarflytjendur almennt virðast hafa sætt, en stefnendur eru meðlimir í L.Í.Ú., og gátu stefnendur þess vegna ekki búizt við, að þeir sættu betri kjörum en aðrir flytjendur síldar. Loks verður ekki talið, að rýrnunarprósenta e/s Hrímfaxa við síldarflutningana sé svo há, borið saman við önnur skip, en um rýrnunarprósentuna yfirleitt virðast liggja fyrir tæmandi upplýsingar, að rangri mælingu síldar sé til að dreifa. Þá er og þess að gæta, að ekki verður byggt á skoðunargerð þeirri, er fram fór á Siglufirði og áður er um getið, þar sem aðeins var þar vegið úr 6 mælikerum eða 12 málum síldar úr einum farmi e/s Hrímfaxa, en, eins og áður er getið, var síldarmagn það, sem skipið tók til flutnings, rúmlega 63 þúsund mál síldar. Ber því aðeins að dæma stefnendum hina viðurkenndu upphæð, kr. 14.506.90, ásamt 6% ársvöxtum frá kröfudegi, 22. marz 1948, til greiðsludags svo og málskostnað, þar sem fjárhæð þessi hefur ekki verið boðin fram skilyrðislaust. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 1550.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóni A. Péturssyni forstjóra og Sveini S. Einarssyni verkfræðingi.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og þar sem málið er allviðamikið, hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnendum, Hrímfaxa h/f og Sviða h/f, kr. 14.506.90 með 6% ársvöxtum frá 22. marz 1948 til greiðsludags og kr. 1550.00 í málskostnað innan 15 daga frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1952.

Nr. 168/1952. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
Stefáni Valgeirssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Stefáni Valgeirssyni, er sótt hefur dómþingið og krafizt ómaksbóta, kr. 125.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.